Lagafrumvörp felld.

1. Kynnisferðir sveitafólks.

Á 9. fundi í Ed., 6. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks (stjfrv., A. 34).

Á 14. fundi í Ed., 9. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. Þetta er ekki nýtt mál, það var hér til umræðu á síðasta þingi og var þá vikið frá þessari d. með rökst. dagskrá. Hefur það síðan verið athugað af rn., og hefur m. a. verið leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands, og í samræmi við till. stj. Búnaðarfélags Íslands hefur svo verið samið frv. það, er nú liggur hér fyrir. Ég tel víst, að Alþ. telji rétt og sjálfsagt, að framlög til kynnisferða sveitafólks verði lögfest, og vænti ég, að þetta frv. geti orðið til þess, að málið fái fljóta afgreiðslu frá þinginu.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn.

Eiríkur Einarsson: Hæstv. ráðh. hefur lagt til, að þessu máli verði vísað til landbn. Ég geri ráð fyrir, að svo verði gert, en mér finnst ekki ástæðulaust að láta þegar í stað í ljós skoðun sína um þetta málefni í höfuðatriðunum.

Þó að þetta sé stjórnarfrv. nú, þá er kunnugt, að málið var að hrökklast milli d. í fyrra og endaði eins og öllum hv. þm. er kunnugt. Ég gerði till. um það á einu stigi málsins, og gekk hún út á það, að leitað væri álits sýslunefnda úti á landsbyggðinni, á hvern hátt sveitafólkinu hugnaðist bezt, að komið væri til móts við það á sama hátt og nú er gert um orlof og frí fólks í kaupstöðum. Hver er sínum hnútum kunnugastur, og ef slíkt álit fengist utan af landsbyggðinni, þá tel ég það miklu öruggari grundvöll en jafnvel þótt eins góður aðili og Búnaðarfélag Íslands láti skoðun sína í ljós, kannske án þess að hafa kynnt sér málið nógu nákvæmlega. Ég veit, að hæstv. ráðh. og stj. Búnaðarfélags Íslands meina ekki nema gott með þessu. En ég álít, að rétt hefði verið að fá álit sveitafólksins sjálfs, hvort það vilji fá þetta til kynnisferða eða einhvers annars.

Þá er annað, sem gerir mig sérstaklega myrkfælinn við frv. eins og það liggur fyrir. Í frv. er gert ráð fyrir, að framlagið eigi að fá með álagi á verð mjólkur og kjöts. Ég held, að nú sé alveg á sérstakan hátt óráðlegt að leggja hærra álag á þennan varning en varan sjálf og viðskipti með hana gera óhjákvæmilegt. Öllum er kunnugt, að þörf sveitafólksins fyrir að fá sem fyllst verð fyrir kjöt- og mjólkurvörur er mikil, og það getur komið svo, áður en nokkurn varir, að þörf kaupstaðabúa fyrir að fá þessar vörur heldur ódýrari en dýrari verði einnig mikil. Þess vegna finnst mér, að Alþ. eigi að forðast alla álagningu á þessar vörur fram yfir það, sem nauðsyn krefur.

Ég þykist einnig vita, að úti um landsbyggðina sé nokkuð margt fólk, er á að verða þessa styrks aðnjótandi, sem mundi hugsa sig tvisvar um, áður en það kysi þetta álag á framleiðsluvörur sínar, þó að það eigi að verða til þess, að það eigi kost á að fara í útreiðartúr að sumri til, þó að ég geri á engan hátt lítið úr, að fólk fái tækifæri til að hreyfa sig frá daglegu striti. Það er bæði þetta og eins hitt, hin nauðsynlega undirbygging, að fólkið sjálft fái að láta í ljós álit sitt, sem gerir mig hvort um sig og sameiginlega myrkfælinn við þetta frv. eins og það liggur fyrir, þrátt fyrir góðan tilgang og réttmætan að ýmsu öðru leyti.

Ég tel að svo komnu máli ekki ástæðu til að segja fleira, en vildi strax láta þessa skoðun mína í ljós.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun að sjálfsögðu greiða því atkv., að þetta frv. fari til umr. og n., en áður en það fer þangað, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort ætlunin er, að þetta álag komi sem viðbótarhækkun á útsöluverð þessara vara, þ. e. a. s., hvort hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, ef þetta frv. verður samþ., að hækka þurfi útsöluverð á mjólk og kjöti sem þessu gjaldi nemur. Ég býst við, að því verði svarað, að þetta skipti ekki miklu máli, af því að þetta gjald sé svo lítið. Það er rétt, ½% sýnist ekki ýkjamikið. Mér skilst þó, að þetta muni nema nokkrum hundruðum þúsunda króna eftir þeirri umsetningu, sem nú er. Hitt skiptir ekki minna máli, að verði frv. samþ., er trúlegt, að leitazt verði eftir að fá gjaldið hækkað með tilliti til, að það sýni sig, að tekjurnar reynist ekki nógar til þess, sem þær eru ætlaðar, og þá er hætt við, að það skipti mjög verulegu máli, hvort gert er ráð fyrir, að framleiðendur taki þetta af sínum hluta, eða hvort neytendur eiga að borga það. Þetta þætti mér æskilegt að fá upplýst.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Út af þessari fyrirspurn vil ég taka fram, að ég ætla, að rétt sé að gera ráð fyrir því, að framkvæmd þessa atriðis verði nokkuð á valdi þeirra n., sem verðleggja kjöt og mjólk, og þessar n. muni þurfa á sínum tíma að taka ákvarðanir um þetta við verðlagningu sína á þessar vörur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég var einn af flm. þessa máls á síðasta þingi. Varð ég þá var við, að reynt var að gera mjög lítið úr málinu meðal andstæðinga þess, það talið mikið hégómamál o. s. frv. Af þeim ástæðum hef ég geymt að kynna mér, ekki eingöngu málið sjálft, heldur einnig, hvernig sá hluti landsmanna, sem ég hef umboð fyrir, lítur á málið í heild, og vil ég þá um leið svara hv. 2. þm. Árn., að ég tel það skyldu hvers þm., sem fer með umboð fyrir sveitakjördæmi, að grennslast nokkuð eftir því milli þinga, hvernig kjósendur þeirra líta á málið í heild. Ég hef m. a. rætt þetta mál á ekki færri en 13 fundum í mínu kjördæmi, og hefur málið vakið þar mjög mikla athygli. Þar hefur það verið talið, sem það og er, ákaflega mikilsvert í raun og veru og mikið menningarmál, ef því er þannig fyrir komið, að að því verði þau not, sem þörf er á. Það er mjög mikilsvert menningarlega, ef hægt er að koma hér á kynnisferðum milli stétta og ekki hvað sízt milli þeirra, sem búa nú á afskekktum stöðum í þessu landi. Það yrði til að jafna ákaflega mikið deilur, sem eru milli kaupstaðafólksins annars vegar og sveitafólks hins vegar, deilur, sem mikið hefur verið gert til að auka, en ekki minnka. Þess vegna er það frá mínu sjónarmiði ákaflega mikilsvert, ef það sveitafólk og þeir bændur, sem búa við léleg skilyrði í afskekktum héruðum, fá tækifæri til að sjá, hvað lengra stéttarbræður þeirra eru komnir í búnaðarháttum í þéttbyggðustu héruðum landsins. Ég held líka, að það væri gott fyrir aðra að kynnast þessum afskekktu héruðum, þótt ekki væri nema fyrir þá, sem eiga að gera út um, hvort þeir, sem þar búa við hin erfiðustu skilyrði, eiga að fá þær umbætur, sem þeim eru allra nauðsynlegastar til þess að geta lifað þar menningarlífi.

Ég geri mig ekki ánægðan með frv. eins og það er og mun bera fram brtt. um, að ríkissjóður leggi ávallt fram a. m. k. eins mikið fé og aflast með þessu frv., ef að l. verður.

Í þessu frv. er farið inn á allt annað en á þinginu í fyrra. Hér er lagður skattur á bændur, ekki heimild til þess, heldur skylda, að leggja hann á. Sá hlutinn, sem lagður er á vöru, sem fer út úr landinu, er þó a. m. k. alltaf greiddur af bændum, og sá hluti, sem lagður er á vöru, sem neytt er í landinu, verður það í raun og veru líka, vegna þess að þess er skammt að bíða, að ekki verður hægt að setja hærra verð á vöruna en neytendur vilja greiða fyrir hana, svo að raunverulega verður þetta allt lagt á bændur. Og þetta fé fer í allt aðra átt en til var ætlazt með því frv., sem fyrst var lagt fram hér á þingi.

Ég vildi ekki láta hjá líða nú við 1. umr. að geta þessa, en sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum að sinni um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9:1 atkv.

Á 34. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 18. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 34, n. 154 og 177, 165).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, og voru að nokkru skiptar skoðanir í n. um málið. En þó varð niðurstaðan sú, að meiri hl. n. varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. með nokkrum breyt., sem sjá má á þskj. 154, og eru það meira orðabreyt. en verulegar efnisbreyt.

Eins og frv. þetta ber með sér, þá hefur hæstv. ríkisstj. snúið sér til forsvarsmanna landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og leitað umsagnar hennar um þessi atriði, sem frv. byggist á. Og leggur stjórn Búnaðarfélagsins til, að frv. í þessa átt verði lagt fyrir Alþ., og byggir það á því, að síðasta Alþ. hafi verið á þeirri skoðun og samþ., að sams konar löggjöf væri flutt hér á þingi og samþ. Þess vegna er þetta ósk eða vilji, sem bændastéttin eða umboðsmenn hennar ýmsir hafa flutt um það, að bændur megi ráðstafa litlum hluta af andvirði vara sinna í ákveðnum tilgangi. Og fer þetta í svipaða átt og það, sem samþ. var á síðasta þingi, að töluvert gjald væri lagt á útveginn með útflutningsgjaldi til þess að leggja til hliðar til ráðstöfunar í þessu sama skyni. Hér er ekki farið fram á fjárframlag úr ríkissjóði eða framlag, sem skiptir máli fyrir neinn annan en þá stétt, sem óskar eftir að fá þessa lögfestingu, bændastéttina. Þetta er í raun og veru lítil fjárupphæð. Það hefur heyrzt, að tryggja þyrfti betur, að ekki yrði lögð kvöð á neytendur með þessum ráðstöfunum, þannig að þetta gjald yrði álag á þá. Og brtt. n. miðar að því að skera úr um það, að hér geti ekki átt sér stað álag á neytendur varanna, heldur sé þetta gjald tekið af vörunum þannig, að framleiðendur verði að borga brúsann. Enn fremur var talið heppilegra af n. hálfu, að það væru ekki búnaðarfélög sveitanna, sem útbýttu síðast þessu fé, heldur gerðu búnaðarsamböndin það, og væri með því meira fé til umráða og gæti skipzt á þennan hátt betur niður, þannig að það væru ekki allt of litlar fjárupphæðir, sem hvert búnaðarfélag fengi í hvert skipti, heldur væri það látið í stærri skömmtum til þeirra svæða, þar sem menn hefðu tækifæri í hvert skipti til þess að fara þessar orlofsferðir. Enn fremur vakti fyrir mér og að ég held, meiri hl. n., að sú skipting, sem hér er ekki nákvæmlega ákveðin í l., heldur er reglugerðarákvæði, mundi fara fram með tilliti til þess, hvað fram færi á hverju sambandssvæði, þegar skipt væri milli sambandanna. Þetta er aðallega efnisbreyt. till. Einn nm. vildi ekki vera okkur hinum samferða í þessu máli. Hann vildi láta vísa málinu heim aftur til frekari athugunar og umsagnar í sveitum landsins. Aftur á móti tel ég tæplega ástæðu til þess,

þar sem umboðsmenn bænda eru í raun og veru búnir að segja álit sitt um þetta mál á búnaðarþingi og fyrir munn Búnaðarfélags Íslands.

Ég veit, að það er nokkur fjárhæð, sem þarna kemur til skipta, og ég býst við, eftir því verði, sem er á mjólk og kjöti nú, að hún muni verða hátt á annað hundrað þús. kr. En þegar fram í sækir, má búast við, að upphæðin verði miklu lægri árlega en það. Og vafasamt getur orðið, hvort þessi l. ná svo fljótt gildi, að þessa árs framleiðsla komi undir þau. Það verður þá búið a. m. k. að selja mikinn hluta af mjólkurframleiðslu þessa árs, en að það sé rétt, að það, sem selt er af framleiðslu ársins, þegar l. öðlast gildi, komi hér undir, tel ég vafasamt.

Hér liggja einnig fyrir brtt. við frv. frá hv. þm. Barð. (GJ), en n. hefur ekki tekið afstöðu til þeirra sameiginlega. Þar er um töluverðar efnisbreyt. að ræða, og virðast mér þær brtt. þannig að efni og þó sérstaklega að sniði, að ekki sé fært að taka þær inn í frv. með því að samþ. þær. Vil ég yfirleitt mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt. einum, sem n. hefur lagt til á þskj. 154.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. landbn. hefur getið um, hef ég ekki getað orðið sammála meiri hl. n. um afgreiðslu þessa máls, en á þskj. 177 legg ég til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Þetta kynnisferðamál hefur verið fyrr á ferð en nú á þessu þingi. Það lá fyrir hæstv. Alþ. í fyrra og sætti þá mjög vafningamikilli meðferð á hinu háa Alþ., sem sýndi og sannaði, að það var a. m. k. eins mikið af tilviljun og af ráðnum hug, að þetta frv. var þá nokkurn tíma í heiminn fætt. Eins og ég get um í nál. mínu, þá kom fram á síðasta þingi orlofsfrv., sem var samþ. sem l., og var frv. um kynnisferðir sveitafólks þá sem nokkurs konar fylgifiskur þeirra samþykkta, af réttlætistilfinningu að vísu, er það var lagt til, að sveitafólkið fengi orlofsfé í samræmi við orlofsfé, sem verkamönnum og öðrum starfsmönnum í kaupstöðum var þá tryggt með orlofsl. Um þennan vilja er ekki að segja nema hið bezta. Ég er á sama máli, að samræmi eigi að ná í þessu efni milli framlaga til orlofsferða á réttan og skynsamlegan hátt. En ég get ómögulega fundið það út úr þessu frv., að þessu sé fylgt á eftir eins og vera þyrfti með frv. Í fyrsta lagi er þá á það að minnast, sem fyrir mér tók af öll tvímæli um það, að ekki bæri að samþ. þetta frv., og er það greiðsluaðferðin, — að taka þetta fé af afurðaverðinu. Þessari aðferð er ég algerlega mótfallinn. Ég tel ekki gerlegt, að þetta fé sé veitt öðruvísi en sem ríkissjóðsframlag. Þessa stefnu, að klípa utan úr því verði — í landi skriffinnskunnar og skjalanna — og með þessu að auka á skriffinnskuna í landinu, álít ég ekki heppilega. Og ef brtt. hv. meiri hl. n. yrði samþ., þá yrði ágreiningur um það, hvort verið væri þar að narta meir í verð það, sem bændur fá, heldur en bæta við verð vörunnar til neytendanna, þrátt fyrir orð hv. frsm. meiri hl. n. um þetta efni. En hvort sem þetta er tekið af framleiðendum eða neytendum, þá er ég sannfærður um, að þar sé þó aldrei um annað að ræða en kák eitt. Ég álít, hvort sem um kjötverð eða mjólkurverð er þarna að ræða, þá eigi ekki að taka neitt af því, sem bændur fá fyrir þær vörur, því að þótt mönnum þyki verðlag þessara vara nú hátt, þá er ekki sagt, að það verði það ævinlega. Og komið getur sá tími, að hvort sem eru framleiðendur eða neytendur, þá þurfi þeir á öllu sínu að halda, án þess að nokkuð sé nartað utan úr því til skemmtiferða. Og meðan menn hafa nokkru meiri peningaráð almennt en verið hefur, þá verður þetta gjald líka á aðra hönd dálítið brosleg yfirhugulsemi af hálfu hins háa Alþ., einkum þegar þess er gætt, að á sama tíma sem hér á að fara að narta utan úr því verði, sem bændur fá nú fyrir afurðir sínar, þá er með ærnum kostnaði verið að bæta upp verð á þessum vörum með framlögum úr ríkissjóði, og tel ég slíkt sízt eftir, þótt gert sé. Ég fæ ekki skilið, að það sé rétt að verja þessu fé til hópferða eða útreiða, eins og frv. ætlast til, að gert verði.

Hv. frsm. meiri hl. n. gat um það, að það væru nú umboðsmenn eða forráðamenn bændanna sjálfra, sem hefðu lagt þetta til. Það er nú rétt hjá honum eða rétt ekki, eftir því, hvernig á þetta er litið. Það var búnaðarþingið, sem lagði það til og stjórn Búnaðarfélagsins, en ég hygg, að það sé ekki búið að grennslast um þetta innan búnaðarfélaga úti um land eða meðal sýslunefnda. Ég hygg, að þetta mál hafi komið fram landsmönnum til sveita að óvörum af hálfu búnaðarþingsins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands, eftir að orlofsfrv. var komið fram hér á Alþ. Búnaðarþing og stjórn Búnaðarfélags Íslands fundu þessa köllun hjá sér til að bera fram þetta frv., lengra hygg ég, að þetta nái ekki. Þetta er gert af góðum vilja, en málið bar ekki rétt að hér á hæstv. Alþ., eins og ég hef lauslega minnzt á. Vil ég því, að málinu verði vísað til hæstv. ríkisstj. í því skyni, að hún gangist fyrir að leita meðal almennings fyrir sér um þetta mál, þ. e., hvernig fólkið í sveitunum hugsar í þessum efnum og hvað það vill láta í þessu máli gera, hvort því geðjist yfirleitt að því, að það sé verið að taka þetta af vöruverði þess til þess að löggjafinn ákveði, að það skuli skemmta sér fyrir það. Ég tel ekki víst, að það sé ginnkeypt til þess. Sumir kalla þetta tíkallsfrv. Það er sagt, að það muni koma 10 kr. að meðaltali í hlut hvers manns, sem á að njóta þessa fjár til skemmtiferða, þegar því sé skipt, en ég skal ekki dæma um það. Mér finnst eðlilegt, og ég tek það fram í skilgreiningu minni fyrir dagskrártill., að það sé athugað hvort fólkinu í sveitunum geðjast að þessu og hvort því mundi ekki geðjast alveg eins að því, að það fái þetta fé á þann hátt greitt, að það fari til menningar fátæku sveitafólki, svo sem til utanfarar til frekari menningar eða því líks, ef það væri eitthvað menningarlegra við það. Og ég hygg, að þessa fjár mundi með því betur sjá einhvern stað. Mundi slíkt fyrirkomulag vera miklu skapfelldara mér heldur en það, sem frv. gerir ráð fyrir. Annars veit ég, að fyrir þeim, sem barizt hafa fyrir frv., vakir ekki

nema gott eitt. Og að því leyti er ég þeim sammála, að þegar orlofslögin eru komin á, álít ég rétt, að sveitafólkið fái líka eitthvað hliðstætt sér til hagræðis. En ég álít, að það mál eigi að fá frekari undirbúning, þannig að það sé frekar athugað en enn þá hefur gert verið, hvað sveitafólkið vill sjálft um þetta.

Ég legg til, að sú rökst. dagskrá, sem ég hef flutt, verði samþ. Vil ég þó láta þess getið, að ef frv., eins og það liggur fyrir, verður samþ., þá er það sýnilegt, að með ákvæðum þess væri fólki nokkuð mismunað, því að þær vörur, sem taka á gjald þetta af, eru þannig, að þetta fé kæmi í misstóra hluti til landsmanna, eftir því, hvar er á landinu og hvernig hagar til, því að þessar vörur eru tiltölulega miklu meira framleiddar í sumum byggðarlögum en öðrum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef á þskj. 165 borið fram róttækar brtt. við þetta frv. Mér þykir leitt, að tveir hv. þm. eru hér ekki viðstaddir, sem ég vildi mjög gjarnan, að heyrðu mál mitt, en þeir voru flm. að frv. um þetta efni í fyrra, hv. þm. Str. (HermJ) og hv. 3. landsk. þm. (HG). Ég hefði viljað beina til þeirra nokkrum orðum út af þessu máli. Eins og hv. þm. muna, var frv. um þetta efni borið fram hér í þessari hv. d. á alveg þveröfugum grundvelli við það, sem það er komið fram á nú. Og satt að segja á ég ákaflega erfitt með að skilja, að þeir fjórir menn, sem stóðu að frv. eins og það var þá borið fram, geti fellt sig við að samþ. frv. í því formi, sem það nú er í hér. Vil ég leyfa mér í því sambandi að benda á, að hv. 3. landsk. þm. lét sér í fyrra ekki nægja að fylgja frv. í þessa átt með 50 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði til þessara hluta, heldur bar hann fram í n. till. um að hækka það framlag upp í 100 þús. kr. Og hv. 5. þm. Reykv. (BrB) bar þá einnig fram brtt. um að hækka stórkostlega þetta fjárframlag úr ríkissjóði. Og þegar það frv. kom aftur frá hv. Nd., eftir að það hafði farið úr þessari hv. d. þangað, þá lýstu þessir menn yfir og fleiri hér í þessari hv. d., að frv. hefði tekið þeim breyt., sem hefði ekki verið ætlazt til, og þeir mundu ekki geta sætt sig við að samþ. frv. eins og það kæmi þá aftur til Ed., enda urðu það lok þessa máls hér þá, að málið var ekki afgreitt. Og þess vegna varð ég ekki lítið undrandi, þegar ríkisstj. tók þetta frv. upp alveg í því formi, sem það var, þegar það kom frá hv. Nd., og ég gat um, vitandi, að það gat ekki fengið samþ. þessarar hv. d. á síðasta þingi í þeirri mynd. Eg vænti þess því, að þeir hv. þm., sem stóðu að þessu máli í fyrra, standi einnig utan um það nú og komi því í það horf, sem þeir ætluðust til þá.

Ég hef miðað brtt. mínar við það, að ná mætti samkomulagi milli beggja þd. um málið, þannig að nokkru leyti væri þetta gjald lagt á vöruna, en að jafnmiklu leyti á ríkissjóð, eins og ætlazt var til í upphafi. Vænti ég þess, að þessar brtt. nái bæði samþykki þessarar hv. d. og einnig hv. Nd.

Út af þessu vildi ég svo í sambandi við það, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. sagði, að n. hefði ekki tekið afstöðu til þessara brtt. á þskj. 165, segja það, að mér hefði þótt eðlilegt, að þegar þessar brtt. komu fram, þá hefði n. rætt efni þeirra rækilega á fundi og tekið afstöðu til þeirra. Þess vegna óska ég, að þessari umr. verði nú frestað og málið verði látið ganga aftur til landbn., til þess að hægt verði að sjá, hvort ekki er unnt að sameina hv. nm. á þeim grundvelli, sem í brtt. felst. Þar að auki þætti mér leitt, ef málið kæmi til atkvgr. hér í hv. þd. að fjarverandi hv. 1. flm. frv. þessa í fyrra, hv. þm. Str., þannig að hann gæti ekki fengið tækifæri til að ræða þetta mál og greiða atkv. um það, því að það var hann, sem bar þetta frv. fram hér á þingi á síðasta vori.

Í brtt. mínum óska ég hér eftir, að í stað ½% í 1. gr. komi: ¼%, og kemur það til af tvennu, að ég álít, að álagningin á kjöt og mjólkurverð eigi ekki að vera meiri til þessara hluta. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Árn. (EE) sagði, að samkv. frv. er þetta gjald ekki lagt á nærri alla mjólkur- og kjötframleiðslu í landinu, heldur aðeins á mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, og svo aðra mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af, og hins vegar á það kjöt eitt, sem selt er á innlendum markaði. Ég legg til í brtt., að gjaldið lækki, sem tekið er af verði þessara vara, en gjaldið verði síðan tekið af allri vörunni, hvert sem hún er seld, allri slíkri vöru, sem hægt er að ná til. Ég hef lagt til, að þetta gjald verði lækkað um helming, með það fyrir augum, að ég ætlast til, að ríkissjóður leggi fram jafna upphæð á móti til þessara hluta. Þetta er það lengsta, sem ég get gengið til móts við hv. þm. í þessu máli. Ég vænti, að við hv. 3. landsk. verðum sammála um þetta, og ég sé ekki, hvað hefur komið honum til að skrifa undir þetta nál., sem hér liggur fyrir, og hvarfla frá skoðun sinni um málið, sem hann hafði á síðasta þingi.

Með 2. brtt. minni á þskj. 165 legg ég til, að breytt verði ákvæði a-liðar 3. gr. frv. þannig, að gjaldið til ferðasjóðs skuli ekki aðeins lagt á alla þá mjólk og þær mjólkurvörur, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, heldur líka á þá mjólk, sem seld er í heildsölu frá bændum. Það er þegar komið á á nokkrum stöðum á landinu, að bændur safna mjólk sinni saman til þess að selja hana í heildsölu til mjólkurbúða eða brauðbúða, og af þeirri mjólk má vitanlega eins taka þetta gjald og þeirri mjólk, sem kemur frá viðurkenndum mjólkurbúum eða samlögum. Og í sama tölul. brtt. minnar legg ég til, að þetta gjald verði lagt á allt kjöt, sem selt er á innlendum eða erlendum markaði.

Þá hef ég í 3. tölul. brtt. lagt til, að innheimtunni á þessum gjöldum verði breytt frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., þannig að gjöld til ferðasjóðs skuli innheimt á sama hátt og tekjur ríkissjóðs, sem er t. d. á sama hátt og þegar greitt er verðjöfnunargjaldið af vörunni. Og ég legg til, að þegar þetta gjald er lagt fram, þá verði einnig lögð fram úr ríkissjóði jafnhá upphæð í ferðasjóðinn.

Það, sem svo er meginbreyt., sem fram á er

farið með brtt., er, að ég vil, að stofnaður sé ferðasjóður. Með því að fara þessa leið, sem til er tekin í frv., er þetta svo ákaflega laust í böndunum, að búast má við, að þegar harðnar í ári, þá annaðhvort falli niður áhuginn á að halda uppi þessum greiðslum eða hann mundi stórkostlega minnka. Ef hins vegar 20% af þessu fé er árlega tekið og lagt til hliðar í ferðasjóð, þá er hér sjóðmyndun, sem stendur á bak við þessa hugmynd, sem gæti orðið til þess, að framhald yrði fremur á framkvæmdum þess, sem hér er stefnt að.

Ég hef allt aðra skoðun um þetta mál en hv. 2. þm. Árn., nefnilega þá, að hér sé um mjög mikið menningarmál að ræða. Ég tala aldrei um þetta mál með þeirri tíkalls-fyrirlitningu, sem menn hafa reynt að skapa um málið. Það er mikið menningaratriði, að hægt sé að skipuleggja hópferðir sveitafólks um landið til kynnisferða, — ekki til skemmtiferða, eins og sumir menn hafa hugsað sér þetta, heldur hreint og beint til kynnisferða, — til þess að fólk geti fengið áhuga á nýjum málum og séð nýjar eða áður óþekktar búnaðaraðferðir. Ég hef alveg nýlega dæmi um það, að menn hafa komið utan af landi og séð hér á Suðurlandi búnaðaraðferðir, sem þeir hafa orðið undrandi yfir, af því að þeir hafa ekki áður þekkt neitt slíkt, svo sem t. d., hve mikið vélar eru hér notaðar við búskap. Slíkar kynnisferðir, sem ég vil, að sveitafólkið fari, eru allt annað en það, að menn fari í ferð til að skemmta sér, með „svarta dauða" í öðrum vasanum og eitthvað annað í hinum. En það lá ekki í orðum hv. 2. þm. Árn. annað en að hann áliti, að hér ætti að vera um einhverjar skemmti- eða „rall"-ferðir að ræða. Allt annað liggur á bak við hjá mér viðvíkjandi þessu máli. Í öðrum löndum eru slíkar kynnisferðir farnar í stórum stíl, og þar eru sjóðir stofnaðir þeim til styrktar, sem skipta milljónum og eru meðal þess, sem telja má aðalundirstöður undir þjóðfélagsskipun í þeim löndum. Þess vegna hef ég líka lagt til, að 20% af þessu fé verði lagt í sjóð og síðan minnkað framlag ríkissjóðs árlega sem svarar vaxtatekjum ferðasjóðsins, þangað til þær eru orðnar jafnmiklar eða meiri en framlagið frá bændum. Það má segja, að þetta taki nokkuð langan tíma. En við skulum bara líta til baka og sjá, hvernig það hefur verið með Söfnunarsjóð Íslands. Menn hafa tæpast gert sér í fyrstu vonir um, að hann yrði stór þáttur í fjármálalífi þjóðarinnar, en ég held, að menn líti öðrum augum á hann nú en þegar hann var stofnaður fyrir um eða meira en hálfri öld. En að ég er því fylgjandi, að þetta skuli vera greitt úr ríkissjóði, er vegna þess, að ég lít svo á, eins og kom hér fram við umr. um þetta mál á síðasta þingi, að það séu ekki bændur sjálfir, sem eigi að greiða þetta, fremur en verkalýðurinn á að greiða sitt orlofsfé. Og sé farið inn á þá braut að samþ. frv. í þeirri mynd, sem hv. landbn. leggur til, að gert verði, þá sé ég ekki annað en það sé alveg óhjákvæmilegt að breyta orlofsl. í það horf, að svo eða svo stór hluti af þeim framlögum, sem þar er um að ræða, eða jafnvel allt það fé sé tekið af sjálfu verkafólkinu. Ég segi þetta ekki til þess að halda fram, að ég óski, að þetta sé gert, heldur ber ég þetta tvennt saman.

Í sambandi við það, að ég legg til, að ríkissjóður greiði þetta fé að nokkru leyti, vil ég segja það, að hann greiðir einnig beint og óbeint fé til þess að fullnægja ákvæðum orlofsl. Það gerir hann í fyrsta lagi á þann hátt að greiða orlofsfé í þeim tilfellum, að hann er vinnuveitandi launþeganna, og í öðru lagi á þann hátt, þótt óbeinlínis sé, að því leyti, sem orlofsfé er dregið frá skattskyldum tekjum, sem á þessum tíma er ekki lítið fé alls.

Ég álít rangt að samþ. þetta frv. án þess að tala við þá aðila fyrst, sem eigi að borga þetta fé, sveitafólkið. Ég hef oft haft ástæðu til að ræða þetta mál á fundum í Barðastrandarsýslu, og ég get sagt það, að það var ekki einn einasti maður, sem vildi ekki frv. í því formi, sem það var í í fyrra. Ég get því ekki verið með því eins og það er nú. Ég vil mælast til þess, að þessari umr. verði frestað og að landbn. taki frv. aftur til athugunar. Hún gæti leyft flm. frv. frá því í fyrra að vera á fundi með sér til þess að komast að samkomulagi um, að málið fengi þá afgreiðslu, sem sómasamleg væri.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Út af því, sem hæstv. forseti sagði, þá finnst mér bezt að byrja á byrjuninni, og finnst þá réttast, áður en lagt er verk í að starfa að breyt. á frv., að sjá, hvernig fer um hina rökst. dagskrá. Ef hún nær fram að ganga, er óþarft að leggja í það meira verk. Þess vegna skal ég lýsa yfir því fyrir mig og meðnm. mína, að við viljum gjarna taka til athugunar milli 2. og 3. umr. till. hv. þm. Barð., ef hann vill taka þær aftur til 3. umr.

Hv. frsm. minni hl. n. var að reifa forsögu málsins hér á þ., en ég ætla ekki að fara að taka það fyrir hér.

Þá var það, sem hv. 2. þm. Árn. kom með. Hann vildi, að allt féð væri ríkisframlag, af því að það lægi svo mikil skriffinnska í því að leggja þetta á vörur. Ég segi fyrir mig, að mér þykir nóg um, hversu alltaf hefur klingt á bændastéttinni, að hún væri að betla um fé. Ef hún vill leggja það til, eins og ráð er fyrir gert í frv., því þá ekki að leyfa henni það? Það árar vel núna, það er rétt. Því þá ekki að láta fólk leggja þetta fé í sjóði fyrir samböndin til næstu ára? Þá safnast sjóðir, — sá munurinn frá því, sem hv. þm. Barð. vildi, — og féð verður geymt í samböndunum sjálfum, en ekki í samsulli á einum stað. Þá verður líka hægra að grípa til þess.

Um það, að ekki hafi verið ráðgazt um þetta við bændur, þá er það að segja, að bændur á búnaðarþingi hafa lagt til eindregið, að þessu yrði þannig fyrir komið.

Um það að fara að breyta þessu í utanfararefða skólastyrki, þá er langt frá því, að hægt væri að kalla það kynnisferðir.

Hv. 2. þm. Árn. hélt því fram, að afnot af sjóðunum kæmu misjafnt niður. En ég benti á, að þeirri reglu mætti fylgja að láta þá uppskera mest, sem mest legðu fram. Ef farið væri að fella við frv. brtt. hv. þm. Barð., yrði það

afkáralegt. Eftir því mundi brtt. hans á a-lið 3. gr. ekki ná þeim tilgangi, sem hann ætlast til, því að greiðslan yrði af verðjöfnunarskyldri vöru. Aftur á móti er það, — það eru þau ósköp um kjötsölu, — ef taka á gjald af öllu kjöti, sem selt er, að þá verður það erfitt í vöfum og ómögulegt í framkvæmd. Ég veit ekki, hvert ætti að skila því gjaldi t. d., sem tekið er af hangikjöti, ef farið er með það til Rvíkur, — hvort heldur það ætti að ganga til ríkissjóðs eða Búnaðarfél. Þetta þarf allt lagfæringar við hjá hv. þm.

Þá er líka í brtt. þessa hv. þm. farið á víxl með það, hver á að greiða framlagið, hvort það er sá, sem selur eða kaupir vöruna. Þessi atriði þarf sem sagt í mörgu að laga.

Nei, ég held það sé heppilegast að hafa þá aðferð, sem ég stakk upp á. Sú breyt., sem mér finnst helzt geta komið til greina, er, að ríkissj. greiði hálft tillagið. Þá þyrfti að breyta 1. gr. þannig, að færa niður gjaldið um helming. Með því kæmi sama heildartalan. Þetta getur komið til mála að gera, ef það lítur út fyrir, að frv. verði fellt ella.

Þá vill hv. þm. Barð. leggja allt féð undir stjórn Búnaðarfélagsins. Það getur verið rétt og í samræmi við meðferð á öðru orlofsfé. En mér finnst það betur geymt hjá búnaðarsamböndunum. Ég er ekki hissa á landbn., en ég er hissa á hv. þm. Barð., sem er þm. fyrir hérað, þar sem búa rausnarmenn og ríkir, að hann skuli halda fram, að þeir geti ekki greitt það, sem munar á gjaldinu eins og það yrði samkv. frv. og eins og það yrði samkv. brtt. hans.

Ég tek það fram, að ég óska, að hv. þm. Barð. taki till. sína aftur til 3. umr., og milli 2. og 3. umr. getur landbn. athugað, hvað hægt er að aðhafast í málinu, — en að nú sé skorið úr um dagskrána, en ekki farið að taka fram í 2. umr., svo að henni verði ekki lokið.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Ég ætla ekki að segja margt, en að gefnu tilefni frá tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, stend ég á fætur.

Hv. frsm. meiri hl. landbn. var að tala um þennan tón, sem kvæði við, að alltaf væri verið að betla fyrir bændur.

Nú á víst að kveða við annan tón. Hinn hv. þm. gerir það og gerir það ekki.

Greiðslurnar koma misjafnt niður á héruð, og eins og kom fram af tilviljun hjá frsm. meiri hl. landbn., er gert ráð fyrir, að þær verði ekki stórar í kjördæmi hv. þm. Barð.

En þegar málið skýrist í því horfi, sem það nú er í, án þess að ég segi, hvor þessara hv. þm. hefur réttara fyrir sér, — þá sést, að þetta gjald, sem nú er áætlað að sé upp undir 200 þús. kr., er ekki svo smávægilegt. Frá sjónarmiði bænda finnst mér sanngjarnt, að þeir fái að segja, hvað þeir vilja, — fólkið, sem féð á að greiða, þarf fyrir fram, en ekki eftir á að vita, að það á að greiða það.

Haraldur Guðmundsson: Og því virðist mér með öllu ástæðulaust að meina lagasetningu um þetta efni, þegar ágreiningurinn er úr sögunni um það, að kaupendur vörunnar eigi að greiða gjaldið, en meiri hl. n. hefur orðið sammála um, að framleiðendur greiði það.

Segja mætti að vísu, að úr því að vilji bænda er fyrir hendi, þá ættu heimildarlög að nægja. En það er nú svo, að þetta verður tryggara í framkvæmdinni ef það er lögboðið, og er ég því sammála meiri hluta n. um, að þetta verði að l.

Áætlað er, að féð nemi á 3. hundrað þúsund kr. Ég hygg, að það sé óákveðið enn þá, hvernig þetta verður í framkvæmdinni og nægur tími sé að taka til athugunar, hvort ástæða sé til frekari fjáröflunar. Fyrst þarf að móta þessa starfsemi, áður en lengra er haldið.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 22. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Landbn. hefur komið saman og athugað þetta mál að nokkru, og sá hún sér ekki fært að breyta frv. frá því, sem hún hefur áður lagt til með brtt. sínum á þskj. 154. Meiri hluti n. óskar því eftir, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem þar eru gerðar.

Ég ætla ekki að fara að byrja umræður um þetta mál, en þeim hefur áður verið frestað. En ég vil geta þess af minni hálfu, að ég geri ráð fyrir, að ég og e. t. v. fleiri flytji brtt. fyrir 3. umr., einkum við 6. gr., þannig að gjaldið verði með reglugerðarákvæðum látið ná einnig til kjöts og mjólkur, sem ekki er verðjöfnunarskylt. En að svo stöddu sáum við ekki ástæðu til að hverfa frá brtt. okkar, en óskum eftir, að þær verði samþ. og rökst. dagskr. felld.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Ég vil hér ekki endurtaka neitt, sem ég hef sagt í sambandi við till. mínar um afgreiðslu þessa máls, en ber fram þá ósk við hv. forseta, að hún verði ekki borin undir atkvæði, og tek ég hana aftur til 3. umr.

Það liggja hér fyrir brtt. frá hv. þm. Barð. En af því að ég geri ráð fyrir, að hann fresti þeim til 3. umr., óska ég þess sama um dagskrártill. mína.

Einnig er hér svo fámennt í hv. d., að ég mundi vilja fresta atkvgr. um hana af þeirri ástæðu einni, þar eð ég tel meiri hluta dm. muni fylgja henni.

Gísli Jónsson: Ég hef átt tal um þetta mál við hv. form. landbn. og aðra nm., og með því að ekki er vonlaust um samkomulag fyrir þriðju umr., þá mun ég taka aftur brtt. mínar á þskj. 165 til þeirrar umr.

En úr því að ég stóð upp á annað borð, þá vil ég segja við hv. 3. landsk. í sambandi við, að hann bar dómgreind Barðstrendinga saman við kosningaúrslit þar, að ummæli mín um dómgreind þeirra sannast bezt með því, að flokkur hv. þm. hefur tapað á 3. hundrað atkvæðum í sýslunni síðan 1937. Sama dómgreindin hefur

einnig komið yfir Seyðfirðinga, og er ég hreint ekki að halda því fram, að Barðstrendingar séu einir færir um að greina milli þess, sem er rétt og rangt í lífinu.

Haraldur Guðmundsson: Við hv. þm. Barð. vil ég aðeins segja það, að ég uni því ekki illa, að val alþm. sé lagt sem mælikvarði á dómgreind kjósenda. En ég hygg það staðfest, sem ég sagði um dómgreind Barðstrendinga, með setu hans hér.

Hvað snertir flótta minn frá Seyðisfirði, þá sé ég enga ástæðu til að ræða það mál við hann. Væri fremur ástæða til að ræða það við annan, ef út í það færi.

Annars ætla ég, að ég hafi mátt una vel við kosningaúrslit, er ég bauð mig fram þar síðast.

ATKVGR.

Brtt. 165 tekin aftur til 3. umr., sömuleiðis rökst. dagskráin á þskj. 177.

Brtt. 154,1 samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, HG, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ.

BBen, BrB, EE, PM, StgrA greiddu ekki atkv.

5 þm. (HermJ, KA, LJóh, MJ, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Ég er andvígur þessu frv. í heild og tel, að það geri ekkert gagn. Og ég sé ekki, að þessi brtt. skipti meginatriði frv., og læt hana því afskiptalausa og greiði ekki atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7:2 atkv.
2. gr. samþ. með 7:1 atkv.

Brtt. 154,2 (ný 3. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 154,3 samþ. með 7 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 238, 165, 177, 245, 253).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 245 og 253. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Um frv. þetta, eins og það liggur fyrir ásamt brtt. við það var rætt svo við 2. umr., að ekki er ástæða til að fara nánar út í þau atriði. Landbn. hefur enn að nýju athugað brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 165, en það varð ekki að samkomulagi með n. og flm., að n. tæki þær upp.

En nú liggur fyrir brtt. frá okkur tveimur nm. á þskj. 245, og fer hún í þá átt, að ekki þurfi að breyta l., til þess að gjaldið geti verið tekið af fleiri vörum en talað er um í frv., þannig að gert sé að reglugerðarákvæði, hve vítt það nær, svo að heimild til rýmkunar sé fyrir hendi. Einnig verði sett reglugerð um geymslu sjóðsins, innheimtu gjaldsins og úthlutun fjárins.

Þeir, sem eru hlynntir frv., munu telja, að þessi brtt. muni vera til bóta. Enn fremur er brtt. frá hv. form. landbn. og hv. þm. Str., sem gengur út á það, að ríkið leggi fram á móti gjaldi af seldu kjöti. En um þessa brtt. er það að segja, að ég hafði ekki hugsað mér, að leitað yrði til ríkisins í þessu efni. Ég er því ekki búinn að ákveða, hvort ég greiði þessari till. atkv., þó að ég muni fremur gera það en stofna frv. í voða.

En, sem sagt, mæli ég fast með till. okkar hv. form. landbn. á þskj. 245. Vænti ég, að hinir nm. séu henni samþykkir, þótt við flyttum hana aðeins tveir. Að öðru leyti vísa ég til umræðna um þetta mál við 2. umr.

Páll Hermannsson: Eins og hv. frsm. landbn. gat um, þá hef ég leyft mér að bera fram brtt. ásamt hv. þm. Str. á þskj. 253. Þessi till. er auðskilin, og þarf því ekki að útskýra hana. Það er farið fram á það í till., að ríkið leggi ár hvert í ferðasjóð upphæð á móti framleiðendum, er nemi helmingi tekna sjóðsins annars staðar að næsta ár á undan. Ég hefði nú viljað gera grein fyrir því, hvers vegna við berum fram þessa till.

Mér er það minnistætt frá síðasta þingi, að mál þetta átti þá erfitt uppdráttar og fékk sjaldgæfa meðferð og afgreiðslu. Og eftir því, sem næst verður komizt, virtist ágreiningurinn stafa af því, að margir þm. vildu leggja gjaldið á innlendar vörur, sem seldar væru í landinu sjálfu, en aðrir vildu, að ríkið legði fram fé. Það var beinlínis ágreiningur um þetta á milli d., því að þessi hv. d. samþ. málið í því formi, að ríkið legði fram fé, en því var breytt þannig í hv. Nd., að fé til sjóðsins skyldi tekið af framleiðendum eða neytendum, — það var aldrei ljóst, hvort vera skyldi, — af kjöti eða mjólk.

Mér skilst, að þetta mál eigi enn erfitt uppdráttar. Mér sýndist af atkvgr. við 2. umr., að tvísýnt væri um það, og eins hefur mér skilizt það af viðræðum við suma hv. þm.

Okkur flm. þessarar till. kom þá saman um að miðla málum þannig að leggja til, að nokkur hluti fjárins kæmi frá ríkinu, en hinn hlutinn frá framleiðendum. Ýmis rök mæla og með því. Í brtt. á þskj. 165 frá hv. þm. Barð. er farið fram á, að gjaldið sé einnig lagt á vörur, sem fluttar eru út, þannig að gjaldið legðist á bændur yfirleitt. Í rauninni væri þetta eðlilegt, ef ekki stæði þannig sérstaklega á, að viðkomandi vörur, sem útfluttar eru, eru verðbættar með háum og frægum tölum. Það virðist því næsta hjákátlegt að leggja sérstakt gjald á þær vörur, sem ríkið heldur uppi verðinu á. Aftur segja aðrir, að ekki sé réttlátt, að gjaldið sé eingöngu lagt á þá, sem framleiða fyrir innlenda markaðinn, þar eð allir eigi hins vegar að eiga jafnan rétt til fjárins. Þetta framlag frá ríkinu gæti þá skoðazt sem það kæmi í stað þess gjalds, sem annars hefði átt að leggja á útfluttar vörur, ef öðruvísi hefði staðið á.

Í þessari till. okkar er farið fram á, að ríkið leggi fram fé á móti framleiðendum, og þannig tekið kemur till. okkar til móts við till. hv. þm. Barð. Í þriðja lagi mætir þessi till. okkar hv. þm. Str. till. okkar hv. frsm. landbn.

Ég get ekki fallizt á nál. minni hluta landbn., rökst. dagskrána. Mér skilst, að þar kenni hálfvegis misskilnings. Þar er t. d. sagt, að frv. þetta eigi ekki rætur sínar meðal sveitafólksins sjálfs. Það má vera, að sveitafólkið hafi ekki allt óskað eftir því, en það er vitað mál, að samvinnufélög

og önnur félög sveitafólks hafa á undanförnum árum lagt fram fjárupphæðir til hópferða, og væri vel gert að styrkja þá viðleitni. Þá segir í þessu nál., að vafasamt sé, hvaðan fé til sjóðsins sé tekið, og er talað um orðaleiki í því sambandi. Ég held, að enginn vafi leiki á því, að það séu framleiðendur, en ekki neytendur, sem leggja fram féð.

Á síðasta þingi voru samþ. l. um orlof. Afleiðingar þeirra l. hafa þegar sýnt sig í auknum ferðalögum kaupstaðabúa út um land. Ég er sízt að lasta það; það er fólkinu til góðs. En það þótti mér ljóst, er þessir hópar voru á ferð um hinar önnum hlöðnu sveitabyggðir, að gagnlegt væri að mæta sveitafólkinu á líkan hátt. Þótt margt af þessu fólki væri beztu gestir, þá er það nú svo og með öllu eðlilegt, að sveitafólkinu þætti sanngjarnt, að eitthvað væri einnig gert fyrir það. Og ég efast ekki um það, að húsmæður á sveitaheimilum þurfa fremur á því að halda að létta sér upp og sjá sig um heldur en flest annað fólk í þessu landi. Ég vil mælast til þess, að hv. d. vildi mæta þessu máli með skilningi og afgr. það. Það mun vel gert, og það mun draga dilk á eftir sér, ef það hvað eftir annað þyrfti að fá andstöðu að mæta sveitafólkinu líkt og mætt hefur verið óskum kaupstaðafólksins í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Ég get tekið undir það með hv. form. landbn., sem hér talaði síðast, að það sé mikilsvert að mæta sveitafólkinu í því að skilja þarfir þess í þessum efnum. En ég dreg í efa, að það sé gert fyrst og fremst með samþ. þessa frv. eins og það liggur fyrir. Ég held, að það skipti meira máli fyrir sveitafólkið, ef hv. alþm. bæru á hvaða tíma sem er gæfu til þess að þekkja þarfir þess og koma þar vel á móti, og þá verður að greina sundur höfuðþarfirnar og aukaatriðin. Það skiptir meira, hvenær sem er, að þess sé vandlega gætt og skipað þann veg málum, að sveitabóndinn fái vinnu sína borgaða með sannvirði, þ. e. a. s. afurðir sínar. Ef þarna er aldrei látið undan hvika, — ég á ekki við það, að það sé gert með offorsi, heldur með skilningi og athugað í mesta máta, — þá verð ég að bera það traust til sveitamanna, að þeir séu menn til þess að skreppa bæjarleið, ef þá langar til, á eigin kostnað. En þó að ég segi þetta, þá er ég ekki alls kostar á móti þeirri hugmynd, sem kemur fram í frv. að ýmsu leyti. Nei, það á sinn rétt á sér, en það er sótt eiginlega með offylgi. Það er afkvæmi orlofsl., þannig að eitthvað komi hliðstætt handa sveitafólkinu, og þá var fundið upp á þessu.

Því hefur verið mótmælt, að ég hafi haft á réttu að standa, þegar ég sagði, að þetta eigi ekki rætur meðal sveitafólksins sjálfs, en það er óbreytt skoðun mín enn. Það er sjálfsagt skírskotað til þess, að það var búnaðarþing með fulltrúa utan af landi og þá stj. Búnaðarfélags Íslands, sem náttúrlega starfa á búnaðarþinginu sem fulltrúar sveitafólksins, sem komu þessu af stað. En þó að þeir samþ. þetta, þegar á samkomu þeirra var komið, og á stjórnarfundum Búnaðarfélags Íslands, þá er hins vegar ekki sagt, að þeir hafi verið svo fundvísir á vilja sveitafólksins. Ég veit, að þetta er flutt af góðum vilja, en ég segi það enn: það á ekki rætur sínar hjá sveitafólki almennt. Ég er ekki svo kunnugur, hvort það metur svo mikið að fá þennan styrk til kynnisferða, og allra sízt, þegar þess er gætt, að allur eða a. m. k. mestur þessi styrkur er tekinn úr öðrum vasa þess og borgaður í hinn, eða ef við segjum svo við sveitamanninn, þegar búið er að færa til þennan pening: Þarna er peningurinn þinn, og þú átt að ríða út fyrir hann. — Ég býst ekki við, að þeir verði neitt sérlega hrifnir, þegar við kæmum svo heim til þeirra og segðum þeim, að við hefðum heldur en ekki gert þeim greiða, en þegar betur væri að gætt, væri hann þá aðeins þetta. Það getur verið, að ég sé svo blindur, að ég sjái ekki það víðsýni, sem vakir fyrir flm. frv., með öllum þeim brtt. og útflúri, sem komið er á það frá því í fyrra og til þessarar stundar, en það allt sýnir glögglega, hvað hv. Alþ. er reikandi í þessu máli. Ég ætla þó ekki að rekja sögu þess á fyrra þingi, og nú rekur hver brtt. aðra frá hv. þm. Fyrst átti gjaldið að vera einungis tekið af framleiðendum. Hv. þm. N.-M., formaður landbn., sagði, að ég hefði talið það hálfgerðan orðaleik, hvernig gjaldið ætti að taka, hvort það ætti að vera frá framleiðendum eða neytendum. En nú, þegar búið er að koma með brtt. einmitt um þetta, þá er fyrst tekið af skarið og sagt, að það skuli taka af framleiðendum. Svo að ég hafði ástæðu til þess að segja í þessum efnum það, sem ég sagði.

Það er gott og blessað, að fólki gefist kostur á að fara að heiman og geti séð, hvað fram fer í næstu héruðum og aflað sér víðsýnis, og er öðru nær en ég sé á móti því, en mér finnst, að hlutaðeigandi búnaðarfélög í sveitunum eigi að styðja slík ferðalög. En að lögskrá þetta með skyldueframlögum frá bændum sjálfum og aðeins varið til þessa, finnst mér ekki réttlátt. Ef á að lögfesta skyldueframlög af afurðaverðinu, þá finnst mér það ekki gerlegt á annan hátt en gera búnaðarsamböndunum sem frjálsast, til hvaða menningarbóta þeir verðu fénu, og eins og kemur fram í þeirri rökstuddu dagskrá, sem ég ber fram, að þar sé leitað umsagna sýslunefnda, aðalfunda búnaðarsambanda og kannske hreppsnefnda, til hvers fénu skuli varið. (**ÞÞ:** Og sóknarnefnda). Þó að það vilji nú oft svo til, að þeir, sem eru í sýslunefnd og búnaðarfélagsstj., eru einnig í skattan. og kannske í sóknarnefnd. Kannske hv. þm. Dal. sé þetta allt og líklega þá í hundahreinsunarnefnd. Mér finnst sanngjarnt að lofa fólkinu sjálfu að segja til um það, til hvers það vilji verja fénu, og er það þá nokkur fjarstæða að láta það ákveða, hvort á að verja þessu fé, sem ég álít, að eigi að koma beint frá ríkissjóði, til menningar ungu fólki eða til e. hvers annars. En ég álít, að það eigi að vísa þessu máli heim til frekari athugunar og undirbúnings, áður en öll lögbinding um slíkt á sér stað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki eyða miklum tíma til þess að ræða við hv. 2. þm. Árn. og hans þrönga sjónarmið í þessu

máli. Hann hefur aldrei séð út fyrir það, sem hestur getur hlaupið harðast á brokki, og alltaf fært rök fyrir sínu máli með því, að þessu fé ætti að verja til útreiðartúra.

Ég lít svo á, að hér sé um mjög mikið menningarmál að ræða, ef réttilega er stjórnað. Að málið fékk ekki strax fylgi meginþorra þm., stafar af því, að hér var deilt um það, hvort hér væri verið að styrkja framleiðendur eða launþega. Margir hv. þm. héldu því fram, að hér væri verið að styrkja framleiðendur. En við hv. þm. S.-M. álitum, að hér væri ekki um að ræða aðra en þá, sem tækju laun sín eftir að heita má lægsta mælikvarða í launagreiðslu, hvort sem þeir væru í hópi framleiðenda eða ekki. Ég vil þakka landbn. fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í það að reyna að samræma þær brtt., sem fram hafa komið, til þess að hægt sé að bjarga frv. í gegnum þessa hv. d. Ég mun gera mitt til þess að rjúfa ekki það samkomulag. Og ég get lýst yfir því, að þótt ég sé ekki ánægður með þá afgr. málsins, þá get ég tekið aftur mínar till. á þskj. 165, ef brtt. á þskj. 253 verður samþ. Verði hún aftur á móti felld, sé ég mér ekki annað fært en greiða atkv. á móti frv. í heild. Í brtt. á þskj. 245 hefur verið tekið töluvert mikið upp af því, sem er í brtt. minni, þó að það sé nokkuð í öðru formi. Og ég get vel fellt mig við, að þetta komi fram í reglugerðinni. Það má þá sveigja þetta nokkuð til, eftir því sem reynslan kennir mönnum, og mun ég ekki gera ágreining út af því. En mér skilst, að fyrir því fáist ekki fylgi, og mun ég ekki gera það að deiluatriði, ef frv. nær framgangi í því formi, sem það er í nú, með brtt. á þskj. 253.

Ég get ekki stillt mig um að minnast dálítið á ræðu hv. 1. þm. N.-M., þar sem hann hélt því fram, að það væri ekki eðlilegt að taka þetta gjald af útfluttu vörunni, því að það væri vitað og mikið rætt um og viðurkennt líka, að landssjóður styrkti mikið útflutning landbúnaðarins. Ég hefði nú getað hlustað á þetta frá annaðhvort þm. sósíalista eða einhverjum kaupstaðarþm., en ég á erfitt með að láta því ómótmælt, þegar slík ummæli koma frá formanni landbn. Og ég fullyrði, að hér sé ekki verið að greiða neinar uppbætur til þess að styrkja bændur, heldur eru þessar uppbætur greiddar til þess að halda niðri verðlaginu og dýrtíðinni í landinu. Þetta er augljóst mál, ef menn vilja nokkuð kynna sér það. Ég vil í sambandi við það, sem hv. þm. N.-M. sagði, að það væri alltaf verið að styrkja bændur, leyfa mér að benda á, að það var andstæðingum bænda hér á Alþ. að kenna, að búnaðarfélögin fóru inn á þessa braut. Það var búið að núa þeim því um nasir, að það væri verið að styrkja bændur með öllu móti. En hvað er hægt að benda á sambærilegt um styrk til annarra stétta? Ríkissjóður greiðir nú stórar fjárhæðir til að vátryggja sjómenn, og það er nauðsyn, sem ég tel ekki eftir. Og á s. l. ári hafa verið greiddar á 5. hundrað þús. kr. til þess að styrkja þessa menn, af því að þeir hafa ekki sjálfir verið færir um að bera þær tryggingar, ef um miklar upphæðir væri að ræða til þess að veita fjölskyldum þeirra öryggi. Hvaða fjárhæðir eru sambærilegar til bænda? Nýlega var verið að ræða um nokkurs konar fjárgreiðslur úr ríkissjóði til þess að skapa barnakennurum og embættismönnum ríkisins lífeyri og veita þeim meira öryggi. Þá hafa og verið veittir miklir styrkir til verkamannabústaða. Og ég get haldið þannig áfram. Og að síðustu vil ég bæta því við, að það hefur ekki litlu fé verið varið til þess að gera fjallvegi færa að sumarlagi bara til þess að ferðamenn, m. a. Reykvíkingar, gætu farið þar sínar nauðsynlegu skemmtiferðir upp um öll fjöll, m. a. til Hvítárvatns og upp um alla jökla. Og það hefur þótt nauðsynlegt að verja fé til þessa, og ég sé ekki eftir því. En hvernig geta menn haldið því fram, að það sé fjarstæða að verja einhverju fé til styrktar ferðasjóði? (**PM:** Kannske sveitafólkið megi ekki fara eftir þessum vegum líka?) Jú, en þeir hafa langmest verið lagðir fyrir kaupstaðafólkið, sem býr við þau skilyrði að verða að vera inni að kalla allt árið, og er það mest þörf fyrir þetta fólk að nota þessa vegi, eins og það er þörf fyrir sveitafólkið að nota aðra vegi í skemmtiferðum sínum sér til uppbyggingar.

Ég held, að búnaðarfélögin hafi aldrei þurft að svigna fyrir því, þó að haldið væri fram, að það væri búið að styrkja þessa stétt svo mikið, að það væri ekki sambærilegt við aðrar stéttir.

Ég mun svo ljúka máli mínu, og ég treysti mér ekki til að fylgja frv. úr hv. d. með atkv. mínu, nema samþ. verði brtt. á þskj. 253.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil segja hér aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 2. þm. Árn., en hann mun ekki vera hér inni nú. Hann gat um það í ræðu sinni, að sveitafólki væri enginn greiði gerður með þessum styrk til ferðalaga, eins og frv. fer fram á. En hann er ekki kunnugri því en ég, að sveitafólki er gerður mikill greiði með því að skipuleggja greiðslu til ferða þess, sem það langar mjög til þess að fara. Ég hef verið með í einni slíkri ferð af búnaðarsambandssvæði því, sem ég býr á, og ég vil segja það, að það hefur ekki verið farin skemmtilegri og tilkomulegri ferð af því svæði en sú ferð var. Það var þá af sérstökum ástæðum, að við gátum fengið styrk til fararinnar, en mundi ekki nægja nú, eins og ástæður eru. Því er það mjög nauðsynlegt að styðja þetta með ekki litlum fjárframlögum einmitt á þennan hátt, eins og hér er um að ræða.

Þá var það annað atriði, sem ég vildi minnast á. Það er, hvernig hin rökstudda dagskrá er orðuð, sem við eigum nú að greiða atkv. um. Þar er m. a. tekið fram, að ríkisstj. eigi að leita umsagna um þetta í sveitum landsins. Þetta er ákaflega óákveðið og erfitt að átta sig á þessu í dagskránni. En svo kemur hv. þm. með skýringar nú í ræðu sinni, hvernig ætti að leita þessa álits. Hann lýsti yfir, að það ætti að fara til búnaðarsambandanna, búnaðarfélaga, sýslunefnda, og svo bætti hann við: hreppsn. og skattanefnda og svo hinna svo kölluðu hundahreinsunarn., sem enginn kannast við í neinu héraði, nema ef vera skyldi í héraði hv. 2. þm. Árn. En þó að dregin sé frá síðasta n., þá verður þetta svo umfangsmikil athugun á vilja

sveitafólksins, að það er vafasamt, hvort fé yrði þá fyrir hendi, þegar slíkri athugun væri lokið. En þar sem engin skýring kemur frekar fram en leita eigi þessa álits með þessari rökstuddu dagskrá, þá finnst mér betra að fella frv. en samþ. dagskrána.

Páll Hermannsson: Ég held, að hv. þm. Barð. hafi misskilið mig. Ég talaði ekki um styrk til bænda, ég talaði um uppbætur á útfluttum vörum, sem að langmestu leyti er gert vegna alþjóðarhagnaðar. Og ég nefndi þetta aðeins í því skyni, að ekki væri ástæða til þess að leggja þetta á útfluttu vöruna, því að ef þeir stæðu eins að vígi, sem framleiða fyrir innlendan markað, eins og þeir, sem framleiða fyrir erlendan markað, til útflutnings, þá er þetta rétt hjá mér. En það mun nú hafa verið á þessu nokkur mismunur, því að framleiðendur, sem framleiða fyrir innlenda markaðinn, eru betur settir.

Ég held hv. 2. þm. Árn. (EE) hafi verið að gera að gamni sínu um málið og hafi ekki meint það, þegar hann talaði um, að þessar skemmtiferðir væru útreiðartúrar. Hann veit, að þetta er ekki hugsað þannig, heldur er hugmyndin sú, að það sé gagnlegt, að fólk lyfti sér upp, það fer ekki endranær svo margar ferðir úr héraði sér til fróðleiks og skemmtunar. Þegar sveitafólk sér kaupstaðabúana koma í sumarleyfum og veit, að þeir hafa 8 st. vinnutíma á dag, frí eftir hádegi á laugardögum og síðan hálfs mánaðar sumarleyfi, þá tekur það eftir þessu í önnum sínum, með 12 st. og allt upp í 15 st. vinnudag, og það hugsar um mismuninn. Það er ákaflega ánægjulegt, ef þjóðfélagið er þannig sett, að það getur borið sig vel, að vinnutími sé styttur svo mjög og orlof aukin. En það á ekki að stuðla að því, að hluti af landsfólkinu fari alveg á mis við þetta.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Það var misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M., að orð mín væru ekki í alvöru töluð, þótt ég minntist á útreiðartúra. Ég var búinn að taka fram, að ýmsir gætu haft talsvert gagn af þessu, þótt það færi mjög eftir aðstöðu manna, hvort þeir gætu það, og þeir færu þess helzt á mis, sem ríkasta hefðu þörfina, þar sem þeir eiga helzt aldrei heimangengt. Þeir, sem hafa uppkomin börn eða nokkuð margt fólk og stærra bú, geta notið þessa, einyrkjarnir sjaldan. En ráðin til þess, að allir geti notið þessa, eru ekki fundin, og að því leyti er útfærsla þessarar hugmyndar í frv. meira til að sýnast en vera.

Þegar hv. þm. Dal. (ÞÞ) talar um að vísa málinu til athugunar, m. a. í sóknarnefndum, er ég á öðru máli, þær hafa annað verksvið. (**ÞÞ:** Ég skaut því fram aðeins). Það er vafasamt, hvernig til tekst, þegar búnaðarfélög eiga að fara að útdeila þessu. Málið er svo vaxið, að varla er unnt að finna hið fyllsta réttlæti í skiptingu. Það getur vel verið, að suma menn langi til að hafa þetta eins og lummur í klút til útdeilingar. Eftir er að vita, hvort fólki er nokkuð um það gefið, að dregið sé af framleiðsluarði þess til að kosta ferðir þeirra, sem e. t. v. eru ekki mest þurfandi, eða hvort það vildi heldur nota þá peninga til annarra nýtra hluta.

Pétur Magnússon: Þótt ég sé hálffeiminn að lengja enn umr. um ekki merkilegra mál en þetta er, vil ég gera grein fyrir atkvæði mínu. Ég get ekki fylgt frv. Ástæðan er ekki sú, að ég sé því ekki samþykkur, að sveitafólk þyrfti ekki síður en kaupstaðabúar að kynnast landi sínu og þjóð og lyfta sér upp úr hversdagsönnum. En erfiðleikar, sem þar eru á framkvæmdum, liggja þessi árin í öllu öðru fremur en peningaleysi, sérstaklega í því, hve fólksfátt er víðast í sveitum. Það verður ekki bætt með smávegis tillögum, eins og hér er farið fram á. Sumir vilja leggja kostnaðinn á framleiðsluna, aðrir, og þeirra hugmynd sýnist hafa meiri byr, vilja láta ríkissjóð taka þátt í kostnaðinum. Ef aðeins er farin hin fyrri leið, sé ég ekki, hver nauður rekur löggjafarvaldið til að gerast forsjá manna í þessu efni. Á síðari árum hafa ýmis samtök framleiðenda, svo sem kaupfélög og e. t. v. búnaðarfélög, beitt sér fyrir kynnisferðum sveita milli, og hlýtur sú þróun að halda áfram án ríkisafskipta. En eigi þetta að byggjast á styrkveitingum úr ríkissjóði, sýnist mér það geta orðið til þess, að málið dragi nokkurn dilk eftir sér. Forsvarsmenn landbúnaðarins ættu að gera þær kröfur fyrir hönd bændastéttar, að hún þyrfti ekki á þessum smástyrkjum að halda til ferða sinna, eins og hv. 2. þm. Árn. veik að. Samkv. l. bera nú atvinnurekendur kostnað af orlofi verkamanna sinna. En ef harðnar í ári, er hætt við, að ekki verði til lengdar búið við þá tilhögun, að vinnuveitendur við sjóinn geri hvort tveggja, borgi verkamönnum sínum fullt kaup í orlofi og beri kostnað af orlofi sveitafólks með skattgreiðslum. Þá hlyti að verða fast eftir því leitað, að ríkissjóður tæki sama þátt í að kosta orlof verkamanna og bænda, og því segi ég, að samþ. þessa ákvæðis nú um greiðslu ríkissjóðs getur dregið þann dilk með sér, sem meir en lítið munar um, — að allt orlofsfé verði að lokum byrði ríkissjóðs, en það nemur nú hvorki meira né minna en 4% af kaupgreiðslum til verkamanna. Geta menn hugsað sér, hvílíka upphæð er þar um að ræða. Mér finnst fjárhagsþröng bænda í þessu efni minni nú en áður og undarlegt, að till. skuli koma fram nú. Ég mun greiða atkv. með dagskrártill. hv. 2. þm. Árn., þótt ég sé að ýmsu leyti ekki samþykkur grg. hans.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég varð dálítið undrandi yfir afstöðu hv. 8. landsk. (PM) og skildi ekki, hvað hann meinti, þegar hann talaði um, að ekki yrði unað við núverandi tilhögun á orlofi, þegar harðnaði í ári, — þá gætu atvinnurekendur ekki greitt þessi 4% af vinnulaunum í orlofsfé og ríkissjóður yrði að gera það, eða þau yrðu ekki greidd; virtist manni. Núverandi tilhögun er fyrst og fremst þannig til komin, að mjög margar stofnanir í Rvík og víðar fóru að veita sínu fólki þessi fríðindi, frí með fullum launum, og þótti það borga sig. Lögin um orlof hefðu sjálfsagt aldrei fengið eins

mikið fylgi og þau fengu, ef þetta hefði ekki verið komið áður. Atvinnurekendur voru búnir að setja þetta í samninga við verkamenn og sjómenn, áður en l. gengu í gildi. Þetta yrði ekki afnumið með neinu móti. Þess vegna getur þetta ekki orðið afgerandi fyrir þm. í málinu, sem fyrir liggur.

Pétur Magnússon: Hv. þm. Barð. hefði getað með góðum vilja skilið, hvað ég átti við. Ég var ekki að gera ráð fyrir afnámi orlofs, þótt harðnaði í ári, heldur kröfum um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði, í samræmi við það, sem nú er lagt til um orlof sveitafólks. Ég veit ekki, með hvaða rökum hann ætlar að standa móti því, ef þetta verður samþ., og erfitt verður við þessi mál að fást, ef slíkt ástand skapast, sem var hér fyrir stríðið.

Gísli Jónsson: Ég held, að hv. 8. landsk. (PM) hafi ekki fylgzt með því í fyrri ræðum mínum, að hér er verið að styrkja sérstakar stéttir úr ríkissjóði, hvort sem heitir, að atvinnurekendur eða ríkið greiði það, og þess vegna fylgi ég því, að bændur séu þannig styrktir. Allt að 90% orlofsfjárins við sjóinn kemur úr ríkissjóði eða sama sem, meðan skattal. eru eins og nú og orlofsféð frádráttarhæft frá skatttekjum. Auk þess er ríkissjóður stóratvinnurekandi og greiðir mikið orlofsfé.

Pétur Magnússon: Ég held, að hv. þm. Barð. hljóti að skilja, að þegar það ástand væri skapað, að atvinnurekendur við sjóinn berðust fyrir lífi sínu atvinnulega séð og tap væri á rekstri, greiddu þeir orlofsféð, en ekki ríkissjóður, því að þeir greiddu þá ekki eyri í tekjuskatt, hvað þá 90%. Þetta er því ákaflega lítil röksemd þess, að sama gildi um sveitir og sjávarpláss í þessu efni. Þá getur orðið erfitt að standa móti því, að orlofsféð greiðist úr ríkissjóði.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi minnast á tvær brtt., sem við hafa bætzt. Brtt. á þskj. 245 get ég fallizt á og tel eftir atvikum til bóta, að hún sé samþ., að fenginni skýringu hv. flm. á málinu. Hins vegar tel ég ekki ástæðu til að samþ. brtt. á þskj. 253. Ég minnist þess ekki, að þegar málið var til meðferðar á búnaðarþingi, væri nein krafa uppi um þetta. Ég held, að það sé fullkomlega rétt, sem hv. 2. þm. Árn. hélt fram, að ekki væri ástæða til að vera að píra í bændur svona smáupphæðum í viðbót við annað. Ég tel rétt, að reynslan sýni, hvernig þetta verður í framkvæmdinni, og að því búnu verði athugað, hvort rétt sé, að ríkissjóður leggi fé fram. Orlofslögin gera ekki ráð fyrir framlögum af hans hálfu. Um það hefur þó verið talað, að eðlilegt væri, að hann legði fram fé til að greiða fyrir, að mönnum yrðu æskileg not að orlofinu og eyddu því á heppilegan hátt. Ég tel rétt að athuga svipaðar fyrirgreiðslur fyrir orlofsferðum bænda, og kemur til mála, að ríkissjóður beri kostnað af þeim að því búnu. Meðan ekkert er séð um framkvæmdina, virðist mér ekkert geta réttlætt það að samþ. brtt. á þskj. 253 og vildi helzt á þessu stigi málsins ráða flm. til að taka hana aftur.

Páll Hermannsson: Mér þykir einkennilegt, ef hv. þd. getur ekki fallizt á að láta þriðjunginn af fé til kynnisferða sveitafólks koma úr ríkissjóði, fyrst ágreiningur sá, sem hún gerði um málið á síðasta þingi, var út af því einu að mega ekki láta það koma úr ríkissjóðnum allt.

Það er rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, að í dag mundi ekki fyrst og fremst stranda á fjárhagsörðugleikum í sambandi við þessar kynnisferðir. Þó grunar mig, að þar muni vera undantekningar frá. Ég hygg, að úti um sveitir muni finnast fólk, sem einmitt vegna fjárskorts veigrar sér við því að fara í slíkar ferðir, því að ferðalög eru dýr nú á tímum. Mig grunar einnig, að það muni reka að því, að menn geti ekki alltaf veitt sér annað eins og þeir hafa gert að undanförnu, og það getur því átt sér stað, að þessar orlofsferðir verði síðar örðugar fyrir almenning.

Þessar skemmtiferðir líta líka allt öðruvísi út í augum þeirra, sem sitja í bílunum, en hinna, sem eru áhorfendur. Þá verður einnig að minnast á vegina í þessu sambandi. Það vilja allir fara um vegina, og allir þykjast eiga rétt á því, en það mun þó nokkuð hafa borið á því, einkum í sumar, að þeim, sem í lúxusbílunum sátu, hafi fundizt, að vörubílarnir ættu helzt alls ekki að vera á vegunum nema þá á sérstökum tímum, því að þeir væru þar fyrir, meðan á sumarferðunum stæði. Og þó voru margir þessara vörubíla að vinna að því að gera við vegina.

ATKVGR.

Brtt. 165 teknar aftur.

Rökst. dagskráin frá minni hl. landbn., á þskj. 177, felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, StgrA.

nei: GJ, GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

1 þm. (KA) fjarstaddur.

Brtt. 253 samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ.

nei: GÍG, HG, MJ.

LJóh, EE, StgrA greiddu ekki atkv.

4 þm. (KA, PM, BBen, BrB) fjarstaddir.

Brtt. 245 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: GJ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

nei: BBen, EE, LJóh, MJ, PM.

GÍG, HG, KA, StgrA greiddu ekki atkv.

1 þm. (BrB) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 267).

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 54., 55. og 56. fundi í Nd., 25., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 2. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 267, n. 494).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og kunnugt er, er þetta mál þannig til komið, að í fyrra var flutt till. í Ed. um að leggja fram fé til kynnisferða sveitafólks, og skyldi það nema um 10 krónum á heimili.

Í þeirri mynd kom frv. frá Ed. og fór til landbn. Sú nefnd sneri því í það horf, að í stað framlags úr ríkissjóði skyldi leggja ákveðinn skatt á framleiðsluvörur landbúnaðarins, og skyldi sú upphæð nema ½%. Þannig var frv. samþykkt hér og sent Ed., og skal ég ekki fara út í það, af hvaða orsökum það dagaði uppi.

Í byrjun þessa þings var þetta frv. lagt fram af ríkisstj. í sömu mynd og það var samþykkt hér í d. á síðasta þingi.

Í meðferð Ed. var gerð sú breyt., að ríkissjóður skyldi leggja í ferðasjóð sveitafólks fjárhæð, sem næmi helmingi tekna sjóðsins annars staðar að næsta ár á undan.

Landbn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. vill færa það í sama horf og áður og leggur til, að 5. gr. á þskj. 267 falli niður. Hv. þm. Mýr. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Ég er þannig sinnaður, að mér er það ekki mikið kappsmál, hvort frv. nær fram að ganga eða ekki, en tel þó, að setja ætti lög um þetta efni.

Það eru sannarlega miklu meiri örðugleikar á því fyrir sveitafólk að komast heiman en bera kostnaðinn, enda hafa ýmis félög myndað samtök til stuðnings við kynnisferðir sveitafólks, bæði kaupfélög og búnaðarfélög.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið og vænti þess, að d. geti fallizt á að afgreiða það á þann hátt, sem meiri hl. landbn. leggur til, að fella 5. gr. frv. niður.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég gat ekki algerlega fylgzt með samnm. mínum, sem bera fram brtt. um að fella niður 5. gr., sem sett var inn í frv. í Ed. Ef frv. hefði komið án þessa liðs úr Ed., hefði ég fallizt á það í þeirri mynd. En með því að meðferð Ed. á málinu hefur frá fyrstu tíð verið ótrygg, vil ég ekki vera með í því að senda það þangað aftur. Frv. er stórgallað, en þó er hægara að bæta um það síðar, þegar búið er að koma þessu á. Ég tel eftir atvikum hyggilegast að samþ. frv. óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 494 (5. gr. falli niður) samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, GSv, JakM, JJós, JPálm, JS, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, EOl.

nei: IngJ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, JörB.

EystJ, BFB, PZ, SB, ÁÁ greiddu ekki atkv.

8 þm. (EmJ, GÞ, GG, GTh, ÓTh, PO, ÁkJ, BG) fjarstaddir.

6.—8. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 59. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 563).

Skúli Guðmundsson: Ég hef athugað þetta frv. og fæ ekki séð, hverjum væri gagn að því, að það verði að l., eins og það er nú orðið. Frv. er um það, að greiða skuli gjald, ½% af verði kjöts og innveginnar mjólkur til mjólkurbúa, og mynda af því „ferðasjóð sveitafólks". Í 3. gr. er ákvæði, sem sett var í frv. í Ed., að gjöld þessi sé óheimilt að telja til framleiðslu-, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið, svo að það verða eingöngu framleiðendur, sem þá byrði bera. Sýnist mér þó, að ekki hefði verið ósanngjarnt, að þessu gjaldi hefði verið bætt við útsöluverð. Það væri nokkuð í samræmi við það, að þeir, sem kaupa vinnu, verða að greiða orlofsfé. Önnur breyt. Ed. var sú að bæta inn í frv. nýrri 5. gr., þess efnis, að ríkissjóður legði árlega í ferðasjóðinn fjárhæð, sem næmi helmingi tekna sjóðsins annars staðar að næsta ár á undan. Þessi gr. var felld hér brott við 2. umr., svo að ekki hafa bændur þar fyrir neinu að gangast. Frv. er því nú aðeins um það að skylda þá til framlaga í sjóðinn. Þeir gætu sjálfir lagt þá byrði á sig, ef þeir vilja, en flestum öðrum stéttum þætti víst hart að þola slík afskipti ríkisvalds af því, hvað þær geri við tekjur sínar. Fyrst meiri hl. Alþ. vill ekki leggja fram nokkra upphæð í þessu skyni, þrátt fyrir þau stóru útgjöld, sem ríkissjóður ber af ferðalögum annarra stétta, sé ég ekki, að Alþ. sæmi að beita bændur nauðung í þessu máli. Ég legg til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, BG, BÁ, EmJ.

nei: PZ, SkG, SvbH, JakM, JJós, FJ, IngJ, JörB, LJós, PÞ, SB, ÁÁ, GSv, GTh greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÓTh, PO, SigfS, SÞ, ÞG, ÁkJ, EOl, EystJ, GÞ, GG, BFB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Sveinsson: Þar sem ég hef ekki fyrr né síðar orðið var við nokkurn áhuga á þessu máli hjá nokkrum bónda í sveit og allra sízt löngun í ölmusu í þessu skyni, greiði ég ekki atkv.

Frv. endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62., 63. og 65. fundi í Ed., 9., 10. og 13. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 563, 641).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er nú aftur komið frá Nd. og hefur tekið þar þeim breyt., að samþykktir þær, sem í þessari d. voru gerðar um framlög úr ríkissjóði, hafa verið felldar niður. Ég leyfi mér því hér með að taka upp breyt. á þskj. 641, sem fjallar um, að þetta ákvæði sé aftur sett inn í frv., svo að það verði eins og þessi hv. d. gekk frá því. Ég hygg, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þetta atriði, vegna þess að mikill meiri hl. d. féllst á, að þetta væri réttlátt, og get ég ekki verið frv. fylgjandi, nema það verði tekið inn aftur. Mér finnst það algerlega rangt að leggja þennan skatt á nokkurn hluta þjóðarinnar, til þess að bændastéttin um allt land verði hans aðnjótandi, eins og nú er gert ráð fyrir; en hins vegar finnst mér réttlátt, að ríkissjóður leggi fram ákveðið fé, eins og gert var ráð fyrir í frv., þegar það var hér síðast. Hin brtt. er þess efnis, að síðasta málsgr. 3. gr. falli niður, en sú gr. er á þessa leið:

„Gjöld þessi er óheimilt að telja til frádráttar tekjuskatti, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið."

Mér finnst eðlilegt, að þetta falli niður úr frv., og vænti þess, að það verði samþ. hér í hv. d.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Mér finnst, að meðferðin á þessu frv. nú á þessu þingi, borið saman við það, sem fram fór um það á fyrra þingi, ætti að vera nægileg til þess að sýna hv. þm., hvers konar málefni þetta er. Um þetta mál er allt á reiki, það flækist fram og aftur milli deildanna, og ómögulegt er að vita, hvað fyrir hv. þm. vakir um aðgerðir, sem lúta að þessu máli. Mér er einnig kunnugt um, að fjöldi bænda hefur skömm á því að vera að lögskipa þessi gjöld af afurðum þeirra til þess að fara í kynnisferðir fyrir, vegna þess að þeir vilja vera sjálfráðir um ferðir sínar.

Ég fyrir mitt leyti greiði því ákveðinn atkvæði móti þessu máli vegna þeirrar meðferðar, sem það í heild hefur fengið.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka upp umr. um þetta mál aftur, því að ég hef þegar gert ýtarlega grein fyrir skoðun minni á því, svo að það yrði aðeins endurtekning að ræða það hér nú. Meðferð málsins sannar hins vegar ekki, hvers konar málefni þetta er. En hvort bændur eigi að fá sumarfrí eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins, ætla ég ekki að taka umr. upp um að nýju. Það mun sýna sig, að það verður ekki hægt að koma á sumarfríi eða hópferðalögum fyrir bændastéttina, hvorki hér né annars staðar, en verði ekki gengið frá frv. eins og gengið var frá því hér í d., verður það fyrst og fremst undir bændum sjálfum komið, hvernig þeir koma þessu fyrir, og þeir eiga ekki að þurfa á aðstoð ríkisins að halda til þess að leggja skatt á sjálfa sig til fjáröflunar til þess að standa undir þessum ferðalögum.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get sagt það sama og þeir, sem hafa tekið hér til máls á undan mér, að engin þörf er á að eyða löngum tíma í umr. Ég vil aðeins taka það fram, að eins og frv. kemur nú frá hv. Nd., er það í líku formi og það var, er það var lagt fyrir þessa d. fyrst. Nokkur breyt. hefur verið á því gerð, sem ég tel til bóta, en hún er í því fólgin, að það má nú taka fleiri vöruteg-undir undir þessi gjöld. Ég vil einnig geta þess nú, sem ég tók einnig fram við fyrri umr. málsins, að það var búnaðarþing, sem féllst á það, að kynnisferðir þessar skyldu vera með þessu sniði, sem þær nú eru, og þó að nokkru hafi nú verið bætt við framlög ríkissjóðs í þessum tilgangi, féllst ég á það, til þess að frv. yrði ekki fellt í d. Landbn. hv. Nd. hefur nú tekið málið upp eins og það var áður, og með því að í þeirri n. eiga sæti einn búnaðarþingsmaður og formaður Búnaðarfélags Íslands, sé ég ekki ástæðu til þess að halda því fram, að afstaða bænda sé nokkuð breytt frá því í fyrra, enda hefur formaður búnaðarþingsins kveðið upp úr um þetta. (**BBen:** Á Búnaðarfélagið að ráða lagasetningu?) Formaður Búnaðarfélagsins og formaður búnaðarþingsins, en maður er vanur að taka mark á orðum þeirra og tillögum, hafa fylgzt með þessu máli og verið því fylgjandi. Eins og málum er nú komið, finnst mér annaðhvort eigi að kolfella frv. eða samþ. það í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir í, þar sem formaður landbn. Nd. og búnaðarþingsins óskar eftir, að þessi leið verði farin. Hún verður ríkissjóði að kostnaðarlausu, og það er tryggt, að þessi gjöld koma ekki fram á neytendum. Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 641,1 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, GJ, HermJ, IngP.

nei: ÞÞ, BrB, EE, HG, LJóh, MJ, PHerm, StgrA.

BBen greiddi ekki atkv.

4 þm. (GÍG, JJ, KA, PM) fjarstaddir.

Brtt. 641,2 felld með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, PHerm, BSt, GJ.

nei: HG, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen, BrB, EE, StgrA.

4 þm. (JJ, KA, PM, GÍG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Brynjólfur Bjarnason: Ég geri ráð fyrir því, að ef till. verður samþ., nái frv. ekki fram að ganga, og finnst mér þetta mál hafa dregizt nógu lengi, svo að tími sé kominn til að afgreiða það. Til þess því að flýta fyrir því, að málið verði afgr., segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Í sjálfu sér er ég ekki mótfallinn þessari till., sem fjallar um, að greiða eigi sveitafólki fé úr ríkissjóði, í stað þess að taka þetta fé af því sjálfu, en af þeirri ástæðu, að ég hef ekki álit á málefninu í heild, segi ég nei.

Frv. fellt með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, HG, PHerm.
nei: BBen, EE, GJ, LJóh, MJ.
BrB, BSt, HermJ, IngP, StgrA greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÍG, JJ, KA, PM) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að fellt hefur verið burt tillag frá ríkissjóði og hér um að ræða þvingunarlög á bændastéttina, get ég ekki fylgt frv. og segi því nei.

—o—

2. Kvikmyndasýningar.

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um rekstur kvikmyndahúsa (þmfrv., A. 88).

Á 23. fundi í Nd., 2. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Reykv. (StJSt), er fram komið vegna samþykktar, sem gerð var í bæjarstjórn Reykjavíkur 4. febr. þ. á., sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn samþykkir að taka í sínar hendur rekstur kvikmyndahúsanna Gamla Bíó og Nýja Bíó hér í bænum og felur borgarstjóra og bæjarráði að leita samninga við núverandi eigendur kvikmyndahúsanna um kaup á þeim. Náist ekki viðunandi samkomulag um þetta efni, felur bæjarstjórn borgarstjóra að fá lagaheimild til eignarnáms á næsta Alþingi."

Það er skemmst frá að segja, að þess samkomulags, sem um getur í samþykktinni, var leitað, en án árangurs. Og málum er því svo komið í þessu efni, að við, þessir tveir þm. Reykv., teljum bæði rétt og skylt að verða við áskorun bæjarstjórnar um að flytja hér á Alþ. frv. þetta til 1. til þess að gera bæjarstjórn kleift að framfylgja þessum yfirlýsta vilja sínum að taka rekstur kvikmyndahúsanna í sínar hendur. Að sjálfsögðu þótti okkur ekki rétt að takmarka þessa heimild við þau tvö helztu kvikmyndahús, sem eru hér í bænum, og þess vegna fannst okkur rétt, að þessi heimild yrði almenn og ekki aðeins fyrir Reykjavík, heldur líka önnur bæjarfélög og sveitarfélög. Og þótti okkur það því fremur rétt, þar sem frá Siglufirði hafa legið fyrir óskir um það fyrir skemmstu, að bæjarstjórnin þar mætti taka rekstur kvikmyndahússins þar í sínar hendur. En þegar farið var að ræða þetta mál, þótti rétt að setja nokkuð ákveðnari ákvæði um rekstur kvikmyndahúsa. Í l. er ekkert um það, hver veiti heimild til rekstrar kvikmyndahúsa, og mætti ætla, að hverjum einstaklingi væri frjálst að reka kvikmyndahús án þess að sækja um leyfi til þess. Þó hefur það verið í lögreglusamþykkt Reykjavíkur, að bæjarstjórn Reykjavíkur veiti heimild til kvikmyndahúsrekstrar innan síns lögsagnarumdæmis. Og sams konar ákvæði eru í lögreglusamþykktum fleiri bæja. Þessar samþykktir hafa fengið stjórnarráðssamþykki, og samkvæmt þeim hefur verið álitið, að engum væri heimilt að reka kvikmyndahús í viðkomandi bæjum nema með leyfi bæjarstjórnar. Og sú venja er á landinu yfirleitt, að sjálfsagt þykir að fá leyfi bæjar- og sveitarstj. til kvikmyndahúsrekstrar. En okkur flm. finnst sjálfsagt, að þetta sé bundið með l. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur lagt sætagjöld á kvikmyndahúsin, og þessi gjöld hafa verið greidd. En eigendur kvikmyndahúsanna hafa vefengt þennan rétt. Og því ber ekki að neita, að það getur orkað nokkuð tvímælis, eins og sakir standa, um leyfi til kvikmyndahúsrekstrar. Aftur á móti, ef frv. á þskj. 88 yrði að l., þá yrðu það bæjarstjórnir og hreppsnefndir, sem veittu þessi leyfi, og þá með þeim skilyrðum, sem þeim þættu eðlileg á hverjum tíma.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær almennu ástæður, sem mæla með því, að kvikmyndahús séu rekin af bæjar- og sveitarfélögum. Það getur verið mikið deilumál, enda er þetta frv. aðeins frv. að heimildarl., sem er fram borið samkvæmt því, sem ég tók fram, samkvæmt óskum bæjarstjórnar Reykjavíkur, og má segja líka að ósk bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar.

Óska ég, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að vekja hér almennar umr. um þetta mál, en vildi þó ekki láta hjá líða við 1. umr. að benda á tvö atriði til athugunar fyrir þá n., sem kemur til með að athuga málið.

Eins og hv. flm. sagði, má mjög um það deila, hvort rétt sé, að bæjar- og sveitarfélög reki kvikmyndahús eða ekki. Þetta hefur nú hvort tveggja átt sér stað. T. d. á Norðurlöndum hygg ég, að það sé aðeins Noregur, sem hefur þá reglu hjá sér, að kvikmyndahúsin eru aðeins rekin af bæjarfélögunum, en annars staðar á Norðurlöndum er þetta ekki haft þannig. Og skilst mér, að sá rekstur þess opinbera sé gagnvart almenningi, hvað uppeldi og menningu snertir, að fyrirkomulaginu ákaflega svipaður í Noregi og annars staðar á Norðurlöndum. Enda er öllum vitanlegt, sem vita, hvaða myndir eru sýndar, t. d. í höfuðborgum Norðurlanda, að það eru yfirleitt sömu myndirnar, sem þar eru sýndar alls staðar og þá hér um bil samtímis.

Ef það teldist eðlilegt, að bæjarfélög ræku kvikmyndahús, þá finnst mér eðlilegast, að bæirnir reki sín kvikmyndahús sjálfir, án þess að ásælast kvikmyndahús, sem hafa verið rekin áður. Þetta hefur Ísafjarðarkaupstaður gert og Akraneskaupstaður, og Hafnarfjarðarkaupstaður ætlar að gera þetta líka.

Ég vil líka taka það fram, að mér fyndist ekkert óeðlilegt, að inn í löggjöfina komi ákvæði um, að bæjarstjórnir veiti leyfi til kvikmyndahúsrekstrar.

En það, sem mér finnst í sambandi við þetta mál hér á Alþ. og það, sem á undan hefur gengið í þessu efni, þó vera aðalgallinn á þessu frv. og sá langstærsti, er það, að hér fer löggjafinn, ef frv. verður samþ., inn á það svið að setja ótímabundna eignarnámsheimild. Ef þetta frv. yrði samþ., þá gæti hvaða bær eða sveit á landinu,

þar sem kvikmyndahúsrekstur er, á hvaða tíma, sem er, með þessum tilskilda fyrirvara tekið kvikmyndahúsrekstur í sínar hendur og tekið hús og áhöld til þess eignarnámi. Það er ákaflega óeðlilegt, að svo sé gert, og ég hygg, að það sé eins dæmi, að eignarnámsheimild sé þannig ótímabundin, — því að ef menn hafa það í huga, að í stjórnarskránni stendur, að ekki megi taka eignarnámi eignir manna, nema almenningsþörf krefji, þá skilst mér, að ef leggja eigi nokkuð upp úr þessu ákvæði, þá sé það fokið út í veður og vind, ef Alþ. á að geta gefið um þessar eignir ótímabundna eignarnámsheimild. M. ö. o., það á ekki að vera á valdi Alþ. eftir þessu frv. að segja til um það, hvenær taka á þessar eignir eignarnámi, heldur á valdi bæjar- og sveitarstjórna einhvern tíma seinna að ákveða slíkt. Ég hygg, að hæstv. Alþ. hafi aldrei veitt slíka ótímabundna eignarnámsheimild eins og það mundi gera með þessu frv., ef samþ. yrði. Það er náttúrlega ljóst, hvort sem um rekstur kvikmyndahúsa eða annan rekstur er að ræða, þá legði ekki neinn í kostnað til að koma af stað slíkum rekstri, ef sá hinn sami gæti átt von á því, hvenær sem væri, að það, sem hann væri búinn að leggja í kostnað til að koma af stað, yrði tekið eignarnámi. Það væri allt annað, ef t. d. Alþ. samþ. nú, að innan eins árs mætti taka slíkar eignir eignarnámi og svo næði þessi lagaheimild ekki lengra. En það er varla rétt að hafa þessa eignarnámsheimild ótímabundna.

Annað atriði, sem ég vil benda á strax, er það, sem hv. flm. sagði, að það hefðu ekki náðst samningar um kaup á kvikmyndahúsunum hér í Reykjavík. Þetta er ekki rétt hjá hv. 1. flm. Það, sem gerðist í þessu máli, var, að bæjarstjórn sneri sér til eigenda kvikmyndahúsanna um kaup á þeim. Þá var látið fara fram mat á þeim. Þetta mat fór svo til bæjarstjórnar, eins og fylgiskjal í grg. frv. ber með sér, þar sem tekið er fram í samþ. till. frá borgarstjóra svolátandi: „Bæjarstjórnin telur ekki hagkvæmt að semja um kaup á kvikmyndahúsum h/f Nýja Bíó og h/f Gamla Bíó á þeim verðlagsgrundvelli, er greinir í bréfum félaganna til borgarstjóra 5. og 6. þ. m.“ Þetta var skrifað í maí s.l. Þetta þýðir það, að bæjarstjórnin taldi þá ekki hagkvæmt að kaupa eignirnar eftir mati. Ef um það á að vera að ræða, að eftir eignarnámsheimild byggist eignayfirfærslan á mati, þá hygg ég, að hvorki hv. flm. frv. né heldur bæjarstjórn muni halda fram, að menn eins og Einar Erlendsson, sem teiknaði húsin, og Ólafur Jónsson og Einar Einarsson byggingameistarar, sem byggðu húsin, hafi framkvæmt matið ósamvizkusamlega. Og ég er sanfærður um, að ef yfirmat hefði farið fram á þessum eignum, þá hefði það orðið ákaflega svipað. Og einmitt það, að bæjarstjórn telur ekki hagkvæmt að semja um kaup á eignunum, sýnir, að á þessum tímum, sem nú eru, þá er bæjarstjórninni ekki hagkvæmt að kaupa þessar eignir, ef reikna á með þessu matsverði. Þess vegna er líka farið inn á þá leið í frv. að hafa eignarnámsheimildina ótímabundna, sem er algert brot á öllum reglum, sem hæstv. Alþ. hefur sett um þessi efni.

Ég vona, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, vilji athuga þetta atriði mjög gaumgæfilega. Ég hygg, að enginn almennur grundvöllur sé fyrir því að hafa slíka eignarnámsheimild sem þessa ótímabundna. Bærinn getur vitanlega með einfaldri lagaheimild tekið kvikmyndahúsrekstur í sínar hendur. En að ásælast fasteignir manna, það er annað mál. Ég fæ ekki séð, að það sé nein ástæða fyrir Reykjavíkurbæ að taka eignarnámi þessar ákveðnu fasteignir. En það er hins vegar hægt að taka leyfið til rekstrar kvikmyndahúsa af núverandi leyfishöfum. Nú er Tjarnarbíó komið og bráðlega kemur kvikmyndahúsrekstur í þjóðleikhúsinu. Og þá finnst mér nokkuð langt gengið, með tilliti til ákvæða stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttarins, að taka þessi tvö kvikmyndahús út úr og taka þau eignarnámi, Nýja Bíó og Gamla Bíó. Og þar sem Reykjavíkurbær hefur um 20 millj. króna útgjöld, þá fæ ég ekki séð, að það muni neinu fyrir bæjarfélagið, þó að það ræki þessi tvö kvikmyndahús, þegar þessi hús verða að greiða skatta og skyldur, auk þess sem þau greiða sætagjöld. Þær smávægilegu upphæðir, sem afgangs væru, gætu aldrei skipt nokkru máli fyrir bæjarfélagið og almenning.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að deila um þessi mál. En ég vildi benda á þessi atriði, sem mér virðast gera það að verkum, að ekki komi til greina að samþ. frv. þetta í því formi, sem það nú er.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég er hv. 2. þm. Eyf. (GÞ) sammála um það, að það er ákaflega ástæðulítið að deila um þetta mál á þessu stigi. Það er óeðlilegt, að miklar umr. fari fram um málið fyrr en það hefur verið athugað í n.

Þó er eitt atriði í ræðu hans, sem ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar aths. við. Hann bendir réttilega á, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi leitað til kvikmyndahúseigendanna og óskað samninga um sölu á þessum eignum, kvikmyndahúsunum, og að það var látið fara fram mat á þeim og að bæjarstjórn hefur ekki talið hagkvæmt að gera kaupsamninga á grundvelli þess mats. Ég get ekki látið hjá líða að benda á, að þetta mat var framkvæmt af mönnum, sem eigendur kvikmyndahúsanna fengu til þess að meta eignir þessar. Þeir geta verið hinir mestu heiðursmenn og haft vel vit á því, sem þeir voru að gera. En mikill munur er á því, hvort þeir eru að vinna þarna í þjónustu eigenda kvikmyndahúsanna eða hvort um dómkvadda menn er að ræða í sambandi við eignarnámið. Ég álít því, að þetta mat mundi ekki segja sérstaklega mikið um það, hvort bærinn teldi hagkvæmt að kaupa þessar eignir eftir mati dómkvaddra manna.

Ég gekk ekki að því gruflandi, að í sambandi við þetta mál mundi verða sagt, að ákvæði frv. gengju full nærri ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er svo ákaflega oft, sem maður heyrir það sagt, að stjskr. sé að brenna eða brotna, ef setja á l., sem miðast til almenningsheilla, en kunna að einhverju leyti að vera óhagstæð einstökum mönnum. Nú er skilningur manna mjög mismunandi á því, hvað sé almenn nauðsyn í þess-

um sökum. Og ég geri ráð fyrir, að nútímamenn leggi þó nokkuð annan skilning í það orð en menn gerðu á þeim tíma, þegar stjskr. var samin og þetta ákvæði sett í hana.

Ég er hv. 2. þm. Eyf. sammála um það, að það er hvorki fjárhagsleg nauðsyn fyrir Reykjavíkurbæ að taka Gamla Bíó né Nýja Bíó eignarnámi. Hitt gæti vel verið, að það væri menningarleg nauðsyn, að það opinbera yfirleitt — bæjarfélög og sveitarfélög — tæki þennan rekstur í sínar hendur að meira leyti en nú er. Jafnframt mætti benda á, að fyrir ýmis sveitarfélög landsins gæti það verið tekjustofn að reka kvikmyndahús, þó að ég fallist á það, að fyrir Reykjavíkurbæ mundi rekstur þessara tveggja kvikmyndahúsa ekki vera neitt höfuðatriði.

Hv. 2. þm. Eyf. talaði um, að það væri miklu eðlilegra, að bæjarfélögin reistu sjálf sín kvikmyndahús. Um þetta get ég að vissu leyti verið honum sammála. Þar, sem slíkur rekstur er ekki hafinn, finnst mér bezt fara á því, að bæjarfélög og hreppsfélög reisi sín kvikmyndahús frá grunni. En hér í Reykjavík eru þegar komin þrjú kvikmyndahús og það fjórða á leiðinni að komast upp. Og ég tel vafasamt, að rétt sé að svo stöddu að stuðla að því, að fleiri kvikmyndahús komi hér upp. Það er því ekki nema um eina leið að gera að svo stöddu, ef Reykjavíkurbær á að reka þessar stofnanir, að hann yfirtaki þær eignir og sýningartæki, sem fyrir hendi eru til kvikmyndasýninga.

Skal ég svo láta útrætt um þetta mál að sinni.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í þessu, sem hv. 1. flm. sagði, sem ég vil athuga nokkuð. Hann vildi draga það í efa, að það væri byggjandi á þessu mati, sem gert var á eignunum og um hefur verið rætt, vegna þess að það hafi verið eigendur kvikmyndahúsanna sem létu framkvæma þetta mat. Það er rétt, að eigendur kvikmyndahúsanna létu það fara fram. En ég vil þó bæta nokkru við hér, sem hv. 1. flm. frv. ætti að vera kunnugt, en hann kannske hefur gleymt. Þessi hv. þm. situr í bæjarráði. En áður en þessir matsmenn voru útnefndir, sneri ég mér til bæjarráðs og spurði, hvort það vildi hafa íhlutun um val matsmannanna. Ég veit ekki, hvort hv. flm. er búinn að gleyma þessu. (**SigfS:** Þetta er rétt.) En bæjarráð kaus ekki að hafa þar íhlutun. En fyrir það urðu þessir menn fyrir valinu til þess að meta eignirnar, að Einar Erlendsson teiknaði húsin, en Ólafur Jónsson og Einar Eyjólfsson byggingameistarar byggðu húsin. Það voru því engir aðrir, sem gátu vitað betur en þeir um byggingu húsanna, hve mikið í þau var lagt og hvernig þau voru byggð. Auk þess var hægt að koma sér saman um yfirmat á húsunum. Ég held því, að þetta atriði hafi ekki verið til fyrirstöðu, heldur hitt, sem er vitanlegt, að hvorki einstaklingum né bæjarstjórn mundi detta í hug að kaupa kvikmyndahúsin með því verðlagi, sem nú er. Því að jafnvel þó að þau gætu staðið undir þessu kaupverði, meðan herliðið er hér, þá mundi allt annað verða uppi á teningnum, þegar hér fækkar hermönnum í landinu. Ég veit, að hv. 8. þm. Reykv., flm. frv., hugsar það mikið um hag bæjarins, að hann mundi aldrei greiða atkv. með því að kaupa húsin fyrir bæjarins hönd við núverandi verðlagi, jafnvel þótt það yrði eitthvað lægra eftir mati en það áminnzta mat ákvað.

Ég hef heyrt talað um, að það sé menningarleg nauðsyn, að bærinn reki kvikmyndahúsin. Þessi kenning var mikið uppi, þegar Tjarnarbíó var að fá leyfið til rekstrar síns. En mér er spurn, án þess að ég ætli að gera samanburð að neinu leyti: Er nokkur munur, að því er snertir þessa hlið málsins, hvað Tjarnarbíó við kemur annars vegar, og hins vegar, að því er snertir Nýja Bíó og Gamla Bíó? Það vita allir, að þessi kvikmyndahús hafa undir svo stóra aðila að sækja um myndir og val þeirra, að það er ekki fyrir smádrengi eins og okkur að ráða miklu um það efni. Í Noregi mun þetta atriði, menningarlega hliðin á málinu, hafa ráðið nokkru um það, að kvikmyndahúsin þar eru rekin af því opinbera. En þá er hins að gæta, að hér fá kvikmyndahúsin ekki aðrar myndir til að sýna en þær, sem sýndar eru líka í Noregi og Danmörk, því að Ameríka ræður því, hvaða kvikmyndir eru filmaðar, og hin amerísku kvikmyndafirmu hafa undirskrifstofur í Stokkhólmi, og þaðan eru kvikmyndir þær fengnar, sem yfirleitt eru sýndar á Norðurlöndum. Þar er því yfirstjórnin með því, hvaða kvikmyndir eru sýndar.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Aðeins fáein orð viðvíkjandi ummælum hv. 2. þm. Eyf.

Það er rétt, að borgarstjóri flutti bæjarráði þau tilmæli kvikmyndahúsaeigenda, að það tilnefndi eða féllist á menn til að meta þessar eignir. En það þýðir ekki það, að þeir, sem í bæjarráði sitja, vildu viðurkenna þær niðurstöður, sem matsnefndin, sem var látin meta eignirnar, kæmist að. — Auðvitað vildi bæjarráð, ef síðar yrði farið inn á þá braut að leita eignarnáms á þessum eignum, að það yrðu dómkvaddir menn, sem um þetta mat fjölluðu.

Gunnar Thoroddsen: Ég legg til, að þessu máli verði vísað til allshn. til meðferðar. Ég tel, að þetta sé ekki heilbrigðis- né sósíalistiskt mál. En það er nokkurn veginn föst regla, að mál, sem varða atvinnurekstur og fela í sér heimildir til eignarnáms, fari til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Fellt með 12:12 atkv. að vísa málinu til heilbr.- og félmn.

Frv. vísað til allshn. með 19:2 atkv.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 286 og 290).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Allshn. gat ekki orðið sammála um afgr. þessa máls. Eins og kunnugt er, eigum við enga löggjöf um rekstur kvikmyndahúsa. En það hefur verið venja, að ríkisstj. og bæjar- og sveitarfélög hafa veitt leyfi til opinberra sýninga, enda þótt óvíst sé, hvort þeir, er þá atvinnu stunda,

hafi þurft slíkt leyfi. Myndasýningar eru og háðar eftirliti hins opinbera, og eru myndirnar skoðaðar á undan sýningu, og þarf sérstakt leyfi til að sýna þær. Gjöld, sem lögð eru á kvikmyndahús, eru miðuð við sæti, og þó að ekki sé formleg heimild fyrir þessari skattaálögu, hefur þetta verið greitt af eigendum kvikmyndahúsanna. Ekki er hægt að mæla á móti því, að starfsemi kvikmyndahúsanna hefur mikla þýðingu fyrir þjóðfélagið og þau eru mikil menningartæki, og þess vegna hefur hið opinbera eftirlit með myndasýningum. Hins vegar er ekkert ákveðið um rekstur og tilhögun þessara stofnana, og má segja, að það sé nokkuð laust í reipunum. Og þó að þetta frv. yrði samþykkt, yrði ekki ráðin bót á þessu að öðru leyti en því, að rekstur er aðeins heimilaður bæjar- og sveitarfélögum, sem geta þó veitt leyfið öðrum um ákveðinn tíma. Í frv. er gert ráð fyrir, að taka megi kvikmyndahúsin eignarnámi ásamt tækjum til sýninga. En það geta verið skiptar skoðanir eins og í allshn. um það, hvort það sé æskilegt eða heppilegt, að bæjar- eða sveitarstjórnir hafi einar leyfi til kvikmyndasýninga. En menn leggja mikla áherzlu á það, sem er auðvitað mjög þýðingarmikið, að þetta séu mikil menningartæki og um leið mikill tekjustofn, þó að búast megi við, að það fari ekki alltaf saman. Ég efast mikið um, að betur mundi séð fyrir menningarlegri hlið þessa máls, þó að bæjar- eða sveitarstjórnum yrði einum veitt leyfi til að sýna kvikmyndir. Og hvað síðara atriðinu viðvíkur, er bæjar- og sveitarfélögum samkv. brtt. meiri hl. n. opin leið að hafa tekjur af þessari starfsemi. Og það er ekki heldur séð verr fyrir menningarlegri hlið þesarar starfsemi af meiri hl. n., því að með frjálsu fyrirkomulagi er meiri trygging fyrir, að séð verði betur fyrir þessari hlið málsins en ef einn aðili hefði einkarétt á kvikmyndasýningum.

Samkvæmt brtt. meiri hl. n. er gert ráð fyrir, að settur verði nokkur rammi um þessa starfsemi. Bæjar- eða sveitarfélög eiga að hafa rétt til að reka kvikmyndahús, en kennslumrh. getur þó veitt einstaklingum og félögum leyfi til kvikmyndasýninga, enda hafi hann áður leitað álits viðkomandi bæjar- eða sveitarfélaga. Með þessu er séð fyrir því, að leyfi verði ekki veitt til annarra en þeirra, er líklegir eru til að leysa þessi störf vel af hendi, því að bæjar- eða sveitarfélög segja sitt álit um umsækjandann, og má ekki veita öðrum leyfi en þeim, er fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til myndasýninga. Annað atriði frv., að veita bæjar- eða sveitarfélögum eignarnámsheimild að taka kvikmyndahús eignarnámi, getur meiri hl. n. ekki fallizt á. Og ég held, að tilefnið til slíkrar heimildar sé ekki nægilegt samkvæmt stjórnarskránni. Aðaltilefnið mun vera þau tvö kvikmyndahús, sem eru hér í Rvík. En ef á að fara að lögleiða, að einn aðili hafi einkarétt á slíkri starfsemi sem þessari, tel ég Alþingi komið út á mjög hættulega braut. Og þetta frv., ef samþykkt yrði, gildir ekki aðeins um Rvík, heldur um allt landið. Og svo á þetta einnig að gilda um ókomna framtíð, og þá er alveg óvíst, hvernig yrði ástatt um afkomu þessarar starfsemi. Ákvæði sem þetta er alveg nýtt í okkar löggjöf, og ég held, að bezt væri, að það kæmist ekki lengra en til þessarar umræðu, og vænti ég, að hæstv. deild samþykki ekki slíkt ákvæði.

Þá kem ég að því atriði, sem varð þess valdandi, að eignarnámsheimildin var sett inn í frv. Hér í Rvík eru nú starfandi þrjú kvikmyndahús, og í ráði mun vera, er Þjóðleikhúsið tekur til starfa, að það hafi kvikmyndasýningu á hendi jafnframt annarri starfsemi, því að halli mundi verða á rekstri hússins með þeim tekjum, er kæmu af leiksýningum. Nú býst ég við, þó að frv. yrði samþ., að bæjarstjórn Rvíkur stæði ekki í vegi fyrir því að veita leyfi til þessara sýninga.

Háskólinn hefur hér sýningarleyfi, og ég fjölyrði ekki frekar um hann. Við skulum ætla, að þar sem sú stofnun á í hlut, muni hún rækja hlutverk sitt, hvað menningarlegu hliðina snertir, og að þar verði ekki síður hugsað um að manna og mennta þjóðina en græða fé. Þá eru aðeins tvö kvikmyndahús eftir, sem einkarekstur er á. Þau leyfi voru á sínum tíma veitt til þeirra manna, sem standa að rekstri þeirra, og giltu um óákveðinn tíma. Ég skal ekkert um það segja, hvernig dómstólarnir litu á þetta mál, ef það yrði samþykkt, og hvernig fara kynni, ef þessir menn vildu ekki fúslega hætta rekstrinum. Um það ætla ég ekki að segja, en ekki er hægt að segja, að virðulega sé farið að við þá, sem slík leyfi hafa fengið, hafa byggt starfsemi sína á þessum atvinnurekstri, byggt myndarleg hús og aflað sér góðra tækja í þeirri trú fyrst og fremst, að þeir gætu haft það sem atvinnurekstur. Við skulum telja það fyrst. En í öðru lagi er það áreiðanlegt og hefur oft sýnt sig, að þeir hafa hug á að afla góðra mynda, sem væri gott og gagnlegt fyrir sýningargesti að sjá. En þó að það sé þannig, að það geti ekki talizt viðfelldið að beita þessari aðferð gagnvart þessum mönnum, getur það þó orðið enn þá hvimleiðara gagnvart öðrum mönnum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga. Ég veit til þess, að á nokkrum stöðum eru menn, sem nýlega hafa fengið leyfi bæjaryfirvaldanna til kvikmyndasýninga. Þeir hafa byggt hús, aflað góðra og dýrra sýningartækja og eru sumpart að komast af stað með þennan atvinnurekstur og sumpart nýlega komnir af stað. Svo á þetta að verða þannig, ef þetta verður samþykkt, að leyfið verði tekið af þeim, kannske strax, kannske seinna og kannske þegar verst gegnir fyrir þessa menn, og ef til vill verða þeir þá látnir sitji uppi með byggingar sínar og látið ráðast, að hvaða notum þær kæmu þeim. Nú staðhæfi ég ekki, að svona mundi fara, en ég staðhæfi, að svo stendur á um sum kvikmyndahús sem ég hef lýst, en reynslan ein getur skorið úr um, hvort svo færi. En úr því að möguleikar eru fyrir því, getur það líka orðið, og hví skyldi Alþingi leggja inn á þá braut að hætta á, að þannig sé farið að gagnvart þessum þegnum þjóðfélagsins?

Þá vík ég að þessum tveim kvikmyndahúsum, sem hér eru í Reykjavíkurbæ. Ég held, að ég megi segja, að eitthvað um 1100 sæti séu í báðum kvikmyndahúsunum og aðaltilefnið til þess,

að þetta frv. er borið fram í þessari mynd, mun vera það að láta bæinn fá umráðaréttinn yfir þessum sætum. Vilja menn nú halda því fram, að það hafi svo mikla þýðingu fyrir þessi 42—43 þús. manns í Reykjavík, hvort þessi 1100 sæti eru í höndum bæjarfélagsins eða einstakra manna, að almenningsheill velti á því? Er svo komið, að svo mikið velti á þessu, að bærinn þurfi endilega að taka þessi sæti? Vitanlega þarf hann ekki að taka kvikmyndahúsin af mönnunum til þess að mega sýna kvikmyndir. Það getur bæjarstjórn Reykjavíkur gert, hvenær sem hún vill og í hvað stórum stíl sem hún vill. Hún getur byggt stóra höll og sýnt þar allar kvikmyndir, sem hún vill, alla daga, ár og síð og alla tíð. Og ef menn telja þetta frv. svo mikils varðandi, er bænum þá virkilega fullnægt með því að fá að ráða yfir 1100 sætum? Stefnir hugur manna þá ekki hærra en svo í þessu máli, að þeir ætli að láta þessi 1100 sæti nægja? 43 þús. íbúar — 1100 sæti. Það finnst þeim svo mikils vert, að ákvæðum stjskr. um eignarnám sé fullkomlega fullnægt. Ekki dettur mér í hug, að þeir hafi flutt þetta á öðrum grundvelli. En ég vil, að þeir hugsi sig betur um, áður en þeir gera þá kröfu til Alþingis, að það verði við þessum óskum þeirra. Ég get varla búizt við, að þeir líti svo á, þegar þeir fara að hugsa sig um, að með því, að bærinn fái þessi 1100 sæti í sínar hendur, sé fullnægt ákvæðum stjskr. um eignarnám, þar sem sagt er, að taka megi eignarnámi, þegar almenningsheill krefst þess, enda komi fullt verð fyrir. Ég held, að það verði ákaflega erfitt fyrir þá þm., sem að þessu frv. standa, að telja almenningi trú um, að almenningsheill krefjist þess, að bærinn taki eignarnámi þessi hús til þess að ráða yfir þessum sætum. Öðrum atriðum, sem máli skipta og talað er um, er fullnægt með till. allshn. Og þeim er meira en fullnægt, því að frv. er breytt þannig, að það getur talizt sæmandi fyrir Alþingi að afgreiða það. En ég held, að einhverjir kynnu að líta svo á, ef frv. yrði afgreitt í þeim búningi, sem það var, að ekki væri þinginu sæmandi að ganga þannig frá þessu máli, enda hef ég áður að því vikið, hve óheppilegt það væri, ef slík almenn heimild væri gefin til eignarnáms eins og flutt er í frv., hvernig hægt væri að beita henni. Nú er því haldið fram, að þetta mál sé beinlínis flutt vegna Reykjavíkur og að það sé aðkallandi. En nú er mikill dýrleiki á öllu, og þessar byggingar, þótt þær yrðu teknar eignarnámi, hlytu að verða ákaflega dýrar, og mundi því rekstur kvikmyndahúsanna, ef bærinn tæki þessar byggingar eignarnámi, verða ákaflega dýr. Og ég held, að hver maður, sem vildi sjá hag sínum borgið, mundi skoða huga sinn, áður en hann legði í slíkt fyrirtæki nú á þessum tímum, þegar allt er í toppverði og byggingar gífurlega dýrar. Ég er hræddur um, að þótt ekki sé um stærri byggingar en þessar að ræða, mundi sú starfsemi ekki svara kostnaði, nema bæjarstjórnin hirti ekki svo mjög um, hvað sýningar kostuðu, og hefði gjaldið í hlutfalli við stofnkostnaðinn, en það yrði erfitt, ef það kvikmyndahús, sem eftir er, og þjóðleikhúsið hefðu allt annan taxta fyrir sýningar sínar. Það kynni þó að verða úrræðið hjá bænum að setja upp gjaldið, og mætti þá segja, að séð væri fyrir hag bæjarsjóðs, en eftir er hin hliðin, sem sé sú, sem snýr að almenningi og fjármunum hans, og þá er ég hræddur um, að nokkuð djúpt mundi þurfa að fara í vasa sýningargestanna til þess að standa straum af þessari starfsemi. Það kann að vera, að ég eigi ekki að vera að gera þetta að umtalsefni. Ég sá það einhvers staðar eða heyrði, að það væri undarlegt, þegar menn utan Reykjavíkur færu að blanda sér inn í það, sem bæinn snerti. Ef það er ekki á óviðurkvæmilegan hátt og ég sem þm. er sannfærður um, að ég geri bænum heldur gagn en ógagn, læt ég ekki gefa mér nein fyrirmæli um, hvað ég eigi að segja um slík mál og hvernig ég eigi að haga atkvæði mínu.

En það er eftir eitt atriði enn þá, sem ég tel verulegu máli skipta og ekki er fram tekið beinlínis, hvað snertir Reykjavíkurbæ, og það er, þegar eignarnámsheimild er ekki framkvæmd fyrr en síðar, þegar stjórnarvöldum bæjarins þætti standa vel á að komast yfir þessar eignir sem allra ódýrast. Og það skal ég játa, að vel gætu komið þeir tímar, að svona stofnanir gæfu ekki svo sérlega mikinn arð og því ekki ástæða til að selja þær svo gífurlega háu verði, og gæti þá farið svo, að eigandinn tæki miklu minna fé en annars. En er það þá virkilega svo, að stjórnarvöld bæjanna séu þannig skipuð, að þau sætti sig við slík vinnubrögð og telji sér það hæfa? Þar um verða menn náttúrlega að ráða, eftir því sem þeir hafa þykkju til, en fyrir fram hef ég ekki gert ráð fyrir slíku.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég held, að bezt sé fyrir því séð á þann hátt, sem meiri hl. allshn. leggur til. Ég skal geta þess um till., sem allshn. flytur, að dómsmrh. hafði málið til undirbúnings og eru þessar brtt. í höfuðatriðum eins og frv., sem hann hafði undirbúið. Hann hafði að vísu gert ráð fyrir, að heimild væri til staðar um eignarnámsheimild. Á það atriði hefur meiri hl. n. ekki fallizt. Við teljum, að um þessar stofnanir eigi — eins og aðrar stofnanir — að fara eftir viðurkenndum leiðum, en ekki, að Alþingi fari að brjóta gersamlega í bága við ríkjandi venjur, sem hér hafa gilt frá fyrstu tíð, og það í ekki stærra máli. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að ef stjórnarvöldum Reykjavíkurbæjar er áhugamál að koma þessum stofnunum á fót, þá geri þau það í stærri stíl en hægt er með þessum tveim kvikmyndahúsum. Þá mætti segja, að þetta hefði þýðingu fyrir Reykjavíkurbæ, fyrir menningu hans og önnur atriði, sem lagt er upp úr í sambandi við þetta, en alls ekki eins og er.

Ég veit svo ekki, hvort ég tek aftur til máls um þetta, nema af hálfu minni hl. gefist sérstakt tilefni.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Það lítur nú út fyrir, að þetta litla mál ætli að taka nokkuð langar umr., ef dæma má eftir því, hvað frsm. meiri hl. hefur þótt mikils við þurfa um að rökstyðja álit sitt. Ég minnist þess ekki, að ég hafi heyrt hann halda jafnlanga

ræðu nú um nokkuð langt skeið, jafnvel þótt það hafi verið um mál, sem hafa staðið hjarta hans nær en ætla mætti, að þeta mál standi, og á ég þar við mál, sem hann hefur sérstaklega beitt sér fyrir. En svo virðist sem honum þyki mikils við þurfa, því að ég hygg, að það hafi verið nær þrem stundarfjórðungum, sem hann varði til þess að verja till. þá, sem meiri hl. lagði fram.

Það er fljótséð, hvað það er, sem skilur á milli meiri hl. og minni hl., og ég ætla ekki að bæta gráu ofan á svart og verja jafnlöngum tíma og frsm. meiri hl. í þetta, því að margt af því, sem hann taldi til rökstuðnings fyrir till. sinni, tel ég ekki máli skipta. Í meiri hl. eru tveir sjálfstæðismenn, sem mér kemur ekki á óvart, en mér kom nokkuð á óvart, að slíkt álit skyldi koma frá fulltrúa Framsfl., af því að í öll þau ár, sem við framsóknarmenn og ég höfum starfað á þingi, hef ég ekki orðið var við, að Framsfl. beitti sér á móti eignarnámsheimildum, ef annaðhvort meiri hl. bæjarstjórna eða annar aðili jafnsterkur óskaði þeirra. Hér er því um einhver stefnuhvörf að ræða. Hvað langt þetta nær út í flokkinn, verður reynslan að skera úr, og skal ég ekki dæma um það að óreyndu, en ef dæma má eftir fortíðinni, á frsm. fáa fylgjendur í þeim flokki.

Það, sem um er deilt, er þetta: Á að leyfa — í þessu tilfelli Reykjavíkurbæ — eignarnám á fyrirtækjum þeim, sem hér um ræðir, eða ekki? Vitanlega gildir frv. einnig alla aðra bæi og hreppa, þar sem bíórekstri er haldið uppi af einstaklingum, því að ég held, að það liggi í hlutarins eðli, að ekki sé hægt að semja l. fyrir Reykjavíkurbæ einan. Ég held, að það hafi komið í ljós, að meiri hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur er fylgjandi þessari stefnu og að Alþingi verði við óskum um þessa heimild. Þetta mál er ekki nýtt. Alþfl. hefur frá sínum fyrsta tilveru tíma yfirleitt haft það á stefnuskrá sinni, að fyrirtæki eins og þessi skuli nota til almenningsheilla, í því augnamiði, eins og bent hefur verið á, að þau væru bæði fjárhagslegur tekjugrundvöllur fyrir bæinn og til þess að skapa fullkomið og öruggt menningartæki fyrir fólkið. Eins og kunnugt er, hefur Sósfl. tekið þessa stefnu upp, eins og sjá má á því, að fyrsti flm., sem einnig er bæjarfulltrúi, er úr þeim flokki.

Nú má um það deila, eins og kom fram í ræðu frsm., sem ætlar að fara að gerast nokkurs konar leiðbeinandi Reykjavíkur í fjármálum, hvort heppilegt sé, að þetta sé gert á tímum eins og þessum. En bæjarstjórnin lítur svo á, að sé hægt að fá réttlátt mat á þessar eignir, sé sjálfsagt að ráðast í það. En eins og kunnugt er, hefur bíóunum verið haldið í svo háu verði, að ekki hefur verið talið gerlegt að lúta því, og það er þessi leið, sem bæjarstjórnir, hreppsstjórnir og í mörgum tilfellum einstaklingar hafa orðið að fara, að láta meta í hvert skipti. Ég er á þeirri skoðun, að aldrei yrði hærra mat á þessum eignum en svo, að Reykjavíkurbær mætti vel við una með það fyrir augum að geta rekið þær með góðum árangri.

Ég get skilið fulltrúa Sjálfstfl. í n., að þeir álíti, að arðurinn af þessum rekstri eigi fremur að lenda í vasa einstakra manna en í vasa bæjarbúa, og um það er stefnumunurinn, en eins og ég drap á, hélt ég ekki, að frsm. mundi fylgja þessari stefnu. Nú er það svo, að ef talað er um bíórekstur almennt hér í bænum, er ef til vill hægt að yfirfylla þann markað. Það mun vera rétt, sem frsm. meiri hl. drap á, að hér muni vera hægt að reka fjögur bíó, en það eru ekki þessar 43 þúsundir, sem um er að ræða, heldur hefur bíórekstrinn á þrem síðast liðnum árum byggzt á hinum erlendu gestum, sem hér hafa verið, og þeim ferðamannastraum, sem hér er á öllum tímum árs. Þetta er það, sem stendur undir bíórekstrinum. Og eins og nú er háttað, veit ég, að bærinn mundi vel þola fjögur bíó, en við verðum að reikna með, að þeir tímar geti komið, að ekki verði alltaf sami gullstraumurinn á rekstri bíóanna og nú. Nú er ég að tala um þá tíma, þegar tekjur manna minnka og bænum veitir örðugt að afla tekna, en gjaldþegnum kemur illa að greiða þung gjöld. Það er almenn skoðun, að bíórekstur sé, ef ekki er offjölgað bíóum, einhver tryggasta tekjugrein bæjarfélaga, sem til er.

Við, sem viljum, að svo verði hér í Rvík, erum ekki einir um það stefnumál. Í grannlöndunum var víða stefnt að því fyrir ófriðinn, að bíóin yrðu rekin með almenningshag fyrir augum og hvað helzt rekin af bæjarfélögum. Á Norðurlöndum voru Norðmenn þar einna lengst komnir. Ekki hefur tekizt að ná til löggjafar þeirra um þau efni, en bæirnir höfðu þetta mjög á sínu valdi. Um hin Norðurlöndin er ég ekki jafnfróður. Þess var óskað, að einn úr n. kynnti sér löggjöf Norðurlanda, en lítið hafðist upp úr því og engar tillögur. Ég get ekki um það dæmt, hve myndir kvikmyndahúsanna hérna eru nærri því marki að veita þann menningarauka, sem unnt væri að fá með góðu myndavali. Að sjálfsögðu eru kvikmyndahúsin háð því, hve mikill meiri hluti mynda framleiddra í heiminum eru menningarlitlar, ef ekki beint spillandi fyrir hugsunarháttinn, og kitla bara einhverjar tilfinningar fólks.

Í n. hélt ég því fram, að hún ætti að segja já eða nei við þessu frv. En það þorði meiri hl. ekki, heldur var þetta þvælt og dregið á langinn, þangað til nýtt frv. barst eins og sending af himnum til meiri hl.; það kvað vera samið af hæstv. dómsmrh., og meiri hl. ákvað að flytja það, ekki sem nýtt frv., heldur sem brtt. um að þurrka út frv., sem fyrir liggur, og setja efni hins inn í staðinn. Mér finnst aðferðin óhæf.

Hv. frsm. lagði meginþunga á það í ræðu sinni, að d. ætti að gjalda varhug við „þessari hættulega stefnu“ að taka fyrirtæki eins og kvikmyndahúsin eignarnámi. Ég held, að hér sé verið að gera úlfalda úr mýflugunni. Þó að Alþingi leyfði eignarnám á bíóunum, sé ég engar líkur til, að eigendur þeirra mundu falla í duftið né verða öreigar. Þeir yrðu vel efnum búnir og ekkert níðingsverk á þeim framið, þótt bærinn tæki þennan rekstur að sér, nóg önnur verkefni fyrir framtak þeirra og þeir eflaust færir um önnur störf.

Samkv. brtt. á dómsmrh. að hafa æðsta ráð

um það, hvort mönnum sé leyfður kvikmyndahúsrekstur eða ekki, því að bæirnir gætu skapað sér einkarétt, ef þeir hefðu það vald og vildu beita því svo. En ekki er ástæða til að óttast það ofríki bæjanna í bráð. Í brtt. eru bæjunum ætlaðar lítilfjörlegar tekjur fyrir leyfisveitingu, og binda má leyfi því skilyrði, að greitt verði sætagjald í bæjar- eða sveitarsjóð. Þetta er engin ný réttarbót. Bæir hafa lagt á slíkt gjald, og ég ætla eigendum kvikmyndahúsanna það lögfræðivit, að þeir hefðu hrundið af sér gjaldinu, hefðu þeir getað. Við fórum ekkert út í það í n. að gagnrýna þetta himinsenda frv., núv. brtt. á þskj. 286. En sum ákvæði þess eru sýnilega of þröng. Samkv. því mega t. d. íþróttamenn ekki sýna íþróttamyndir án leyfis lögreglustjóra á staðnum, þar sem sýna skal. (**GÞ**: Ekki heldur nú.) Ekki hef ég orðið var við þau höft né gjöld lögð á slíkar sýningar, eins og gera má ráð fyrir eftir frv.

Það kemur oft fyrir, að eignir eru teknar eignarnámi í þágu hins opinbera, og varla hægt að tala hér um neina nýja stefnu. Um það, sem hv. frsm. tæpti á, hvort Reykjavíkurbær mundi ekki ætla sér að nota eignarnámsheimildina í bráð, get ég enga nýja vitneskju veitt. Meiri hl. sá, sem þess óskaði í bæjarstjórn Reykjavíkur, er tæpur, en standi hann óbreyttur, er það fullkomin meining hans að gera alvöru úr.

Hv. frsm. minntist á þjóðleikhúsið og kvikmyndahús háskólans. Ég efast ekki um það, að þegar þjóðleikhúsið er komið upp, verður það að fá leyfi til þeirrar starfrækslu, sem getur staðið undir rekstrarkostnaði þess. Háskólinn aflar sér tekna með sínu kvikmyndahúsi. Þetta styður þá meginhugsun minni hl. n., að kvikmyndahús eigi að vera opinber fyrirtæki og hagur af þeim að standa undir bæjarútgjöldum og kostnaði menningarstofnana, en einstaklingar eigi ekki að reka kvikmyndahúsin í Rvík né þar, sem bæirnir vilja hafa þetta fyrir sinn rekstur.

Mér var það dálítið undrunarefni, að hv. frsm., sem er í fl., sem vill að bæirnir reki kvikmyndahús, skyldi fara að berjast fyrir þessum brtt. Sem fulltrúa bænda má honum vera alveg sama um, þótt frv. gengi fram óbreytt, stefnan er ekki hættuleg. Mig uggir, að hann kunni að iðrast þess. Menningarþjóðir í kringum okkur eru að sveigjast óðum inn á þessa braut, sem minni hl. vill fara. Hugsunarhátturinn getur breytzt hér á fáum árum á þessu sviði og fleirum og stórbreytingar komið fyrr en nokkurn varir.

Eysteinn Jónsson: Ég ætla ekki að blanda mér í deilurnar um eignarnámsheimildina né frv., eins og það var borið fram. Atkvgr. sker bráðum úr þeim. En verði till. meiri hl. samþ., er þar atriði, sem ég get ekki sætt mig við og mun þá leitast við að fá breytt við 3. umr. Gert er ráð fyrir, að leyfi til kvikmyndahúsa sé veitt af ráðherra einum, raunar að fenginni umsögn bæjar- eða sveitarfélags. En í frv. er lagt til, að þetta sé algerlega á valdi sveitar- eða bæjarfélags. Mér finnst alveg nauðsynlegt að tryggja, að ný kvikmyndahús í einkaeign séu ekki sett á stofn án samþykkis bæjar- eða sveitarfélags. Það er hægt að hugsa sér, að ella yrðu reistar stofnanir, sem væru í mikilli óþökk þeirra bæja eða kauptúna, sem við þær ættu að búa, og slík leyfi á ekki að veita, en kynni að verða gert þrátt fyrir umsögn bæjanna. Í öðru lagi vil ég, að bæjum sé leyft að taka upp þá stefnu að hafa þennan rekstur í sínum höndum, en það er ekki unnt samkv. till. meiri hl. Með einu ráðherraleyfi mætti hindra það og eyðileggja viðleitni bæjarins. Ég vildi benda á þetta atriði strax og hef samið skrifl. brtt. um það, sem mér finnst helzt þurfa að leiðrétta í brtt. meiri hl. Býst ég þó við, að ástæðulaust sé að láta brtt. ganga til atkvæða fyrr en við 3. umr., eftir að atkvgr. hefur skorið úr milli meiri og minni hl. n., en að því búnu mætti reyna að ná samkomulagi um þetta efni.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég skal heita hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) því að vera nú stuttorður í svörum við hann, en hitt verður hann að fyrirgefa mér, þótt ég þurfi að drepa á ýmsar hliðar máls, þegar ég er frsm. þess og legg það fyrir hv. d. með eins gagngerum breytingum n. og hér er um að ræða.

Atriðið, sem hv. 2. þm. S.-M. drap á, er vert að athuga, en vel ber þess að gæta, að ef bæir eiga ætíð að ráða, hvort synja skuli um leyfi, gæti það þýtt sama sem einkaleyfi fyrir bæina, og það er dálítið annað og meira en það stefnumál Framsfl. að stuðla að því, að bæir geti rekið kvikmyndahús. En málið verður athugað.

Mér virtist hv. 4. þm. Reykv. ekki hnekkja þeim höfuðröksemdum, sem ég bar fram af hálfu meiri hl. Að undanskildum tveim atriðum í frv., einræði bæjanna um leyfisveitingar og eignarnámsheimildinni, er hægt að ná öllum tilgangi frv. á annan veg en minni hl. hugsar sér. Þetta hef ég sýnt fram á. Tekjum geta bæirnir náð af kvikmyndasýningunum. Eftirlit með myndum er hægt að hafa eins strangt og þurfa þykir, ekki er heimilt að sýna neina mynd án skoðunar fyrir fram. Frsm. minni hl. drap á, að eigendur kvikmyndahúsanna héldu þeim svo dýrum, að bærinn gæti ekki keypt án eignarnámsheimildar. Mér þætti óskynsamlegt, ef þeir hafa sett hærra verð á húsin en ætla má, að þau kostuðu nú, en ekki yrði hjá því komizt með eignarnámi að borga þau eins og nú mundi kosta að reisa þau, eða mjög nærri því. Ekki mundu matsmenn eiga að verða vilhallir. Hann lét í ljós ánægju yfir, að ekki færu eigendur kvikmyndahúsanna á vonarvöl, þótt þau yrðu af þeim tekin. Þeir mundu, hygg ég, engu eiga að tapa fjárhagslega. Annars er það aukaatriði, hvernig á hittist með einstaka eigendur, en hitt aðalatriði, hvort taka á upp þá stefnu, að enginn atvinnurekandi geti verið viss um, nema hið opinbera vilji taka eignarnámi fyrirtæki hans. Það atriði er ekki lítilvægt, hvað sem hv. frsm. minni hl. segir.

Þær menntaþjóðir, sem okkur eru skyldastar og næstar og líkastar á marga lund, hafa ekki farið leið minni hl., til dæmis Svíar, sem honum hefur stundum þótt gott að líkja eftir. Óhætt er að telja, að þeir muni kunna með þessi

mál að fara eins og farsælast er og bezt hentar þeim. Ég ætla, að Danir hafi eitthvað svipað hjá sér, og ég ætla, að hv. 4. þm. Reykv. minnist líka frændseminnar við þá þjóð. En um Norðmenn segir hv. 4 þm. Reykv., — ég hef ekki séð þá löggjöf —, að bæir þar í landi hafi einkarétt á bíórekstri. Þó að svo kunni að vera, veit ég ekki, hvort þeim ferst reksturinn betur en frændum þeirra í Svíþjóð og Danmörku.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði að lokum, að það væri meining meiri hl. bæjarstj. að taka bíóin strax. En þá er ég viss um, að hún kemst ekki hjá að borga bíóin það dýru verði, að sá atvinnurekstur sé dauðadæmdur, nema bærinn borgi með honum. Ég bjóst líka við, að hv. 4. þm. Reykv. hefði í huga, að sá meiri hl., sem kynni að knýja þetta fram, er ekki ráðandi í bænum. Það yrðu andstæðingar málsins, sem fengju það í sínar hendur. Það út af fyrir sig er ekki hyggilegt, en það er mál þeirra, en ekki mitt.

Hv. þm. lézt vera undrandi yfir því, að ég sem framsóknarmaður skyldi andmæla þessu máli. En Framsfl. hefur aldrei haldið því fram, að engum nema bæjunum væri frjálst að hafa kvikmyndasýningar. Það er misskilningur hjá hv. þm., en alveg í samræmi við stefnu flokksins það, sem ég held fram.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég skal vera fáorður. Í seinni ræðu hv. frsm. meiri hl. kom ekkert nýtt fram. Það er kunnugt, að bæjarráð hefur gert till. um sætagjaldið, en þó að það sé hækkað, er það svo, að þeir, sem reka bíóin, vilja tryggja sér ákveðinn hagnað.

Hv. þm. talaði um opinbert eftirlit, en margir, sem um þessi mál tala, hafa ekki orðið varir við þetta, svo að það er ekki mikið leggjandi upp úr því.

Þá er vert að athuga það, að bæði bíóhúsin eru gömul og í öðru tilfellinu hafa núverandi eigendur ekki byggt húsið, heldur keypt það fyrir verð, sem full ástæða er til að ætla, að búið sé að vinna upp með hagnaði. Hér er um gömul hús að ræða, og ég óttast ekki, að þau verði svo fjarska dýr af hálfu óhlutdrægrar matsnefndar.

Um það, að verið sé að fremja eitthvert ódæði og jafnvel brot á stjórnarskránni, svo að enginn sé óhultur í landinu, er ákaflega veigalítið að halda fram, a. m. k. á meðan Alþ. er ekki skipað verri mönnum en nú er.

Hv. þm. kom svo að tilhögun þessara mála á Norðurlöndum og fór alveg rétt með, að svo miklu leyti sem við höfum upplýsingar um það. Ég veit, að nokkrir bæir í Noregi og eins Oslo ráku bíóin fyrir stríð, en við höfum ekki löggjöfina um það. Það er rétt, að þeirri stefnu hefur ekki verið fylgt fram í Svíþjóð og Danmörku, enda höfum við Íslendingar í mörgum tilfellum gengið lengra í því að takmarka athafnafrelsi manna en Norðurlönd hafa talið sér nauðsynlegt. Og flokkur hv. frsm. meiri hl. hefur verið með í því, og það hefur verið ein höfuðádeila Sjálfstfl. á Alþfl. og Framsfl., hve þeir hafa viljað ganga langt.

Að síðustu nefndi hv. þm., að það væri hæpið fyrir meiri hl. að þvinga þetta fram, því að framkvæmdarvaldið væri ekki í hans höndum. Ég er á öðru máli. Mér dettur ekki í hug að væna framkvæmdarvald bæjarins um, að það geri ekki skyldu sína.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég get ekki verið alveg sammála síðustu ummælum hv. 4. þm. Reykv. Ég ber ekki svona geysimikið traust til núverandi bæjarstjórnar og borgarstjóra, að mér finnist ekki, að það gæti komið fyrir, að rekstur kvikmyndahúsanna færi ekki sem bezt úr hendi. En það er aukaatriði. Kvikmyndareksturinn verður ekki tekinn í hendur bæjarins, nema fyrir því sé meiri hl. bæjarstjórnar. Ef skapast meiri hl. í stærri málum í bæjarstjórn, hefur sá meiri hl. aðstöðu til að hafa áhrif á reksturinn.

Það hefur komið fram, að engin löggjöf er til hér um bíórekstur, og því hefur verið haldið fram, að það sé vafasamt, hvort hver og einn geti ekki tekið að reka kvikmyndahús. En það er alkunn staðreynd, að sú venja hefur skapazt, að sveitarstjórnirnar hafa veitt leyfi til kvikmyndahúsrekstrar, og nokkra viðurkenningu hefur þessi regla fengið í því, að Rvík hefur tekið inn í lögreglusamþykkt bæjarins, að bæjarstjórnin veitti þetta leyfi. Með frv., sem ég flutti ásamt hv. 4. þm. Reykv. er lagt til, að þessi venja verði gerð að l.

Þetta var annað af tveim meginatriðum frv. Hitt var það, að sveitarfélögum verði sköpuð aðstaða til þess að taka kvikmyndareksturinn í eigin hendur, einnig þar, sem þegar er búið að reisa kvikmyndahús, með því að sveitarstj. sé veitt heimild til að taka þau eignarnámi. Nú hefur meiri hl. allshn. komið fram með till. á þskj. 286, sem hann telur vera brtt. við frv. Þar er þó um nýtt frv. að ræða, og ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann telji sér fært að líta á þetta sem brtt., en að ekki sé um nýtt mál að ræða.

Undarlegast þykir mér það, að meiri hl. vill ekki fallast á að löggilda þá venju, að sveitarstj. veiti slíkt leyfi, heldur vill hann gera þá venju að engu og fela þetta vald ríkisstj. Ég hef ekki heyrt hjá hv. frsm. nein frambærileg rök fyrir þessu. Það er þó öllum ljóst, að sveitarstj. á hverjum stað eru sínum málum kunnugastar. Mér er óskiljanlegt, að nokkur maður, sem í alvöru vill hugsa þetta mál, geti komizt að þeirri niðurstöðu, að réttmætt sé að gera sveitarstj. nær áhrifalausar um þetta.

Um hitt meginatriðið, að skapa sveitarfélögum möguleika til að yfirtaka kvikmyndahúsin, sem nú eru starfandi, og reisa ný, var fyrir fram ljóst, að mikill ágreiningur mundi verða, a. m. k. við hv. 2. þm. Eyf., form. allshn. og einn af þeim, sem mynda meiri hl. að brtt. á þskj. 286.

Meginstefna flm. frv. er, að rétt sé, að sveitarfélögin reki kvikmyndahúsin, bæði sem tekjustofn og til þess að tryggja, að sýningarnar séu með þeim myndar- og menningarbrag, sem bezt má verða á hverjum tíma. Um þetta mál má óendanlega deila, og hygg ég, að þm. hafi fyrir fram ákveðna sannfæringu í málinu, svo að ég skal ekki eyða miklum tíma í að ræða um það.

Út af ræðu hv. 1. þm. Árn. vil ég segja það, að ég er sammála hv. 4. þm. Reykv. um, að hann talaði of lengi. Það er að vísu alltaf ánægjulegt að hlusta á hann og oft fróðlegt að sjá, þegar menn með aldrinum hafa hamskipti. Hv. þm. er gamall fulltrúi Alþýðufl. í Rvík. Nú er hann myndarbóndi í sveit, og er fróðlegt að heyra hann tala þannig, að maður heyrir rödd hv. 2. þm. Eyf. á bak við hvert orð. Ég skil það, að hv. 2. þm. Reykv. hefur af vissum ástæðum ekki kunnað við að ganga fram fyrir skjöldu í málinu, þó að hann hafi ekki álitið ástæðu til að víkja sæti í þeirri n., sem um málið fjallaði.

Hv. 1. þm. Árn. bar mikla og lofsverða umhyggju fyrir fjárhagsafkomu Rvíkur og annarra bæjar- og sveitarfél., sem í þetta kynnu að ráðast. Honum er það líka rétt og skylt sem þm. En ég vil benda honum á, að í okkar frv. felst ekkert nema heimild fyrir bæjar- og sveitarfélögin til eignarnáms, og við verðum að bera það traust til þeirra, að þau noti ekki heimildina, nema þau telji það hagkvæmt.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á, að Framsfl. hefði talið sig hlynntan bæjarrekstri á kvikmyndahúsum. Þetta kom hv. 1. þm. Árn. eitthvað illa, því að hann sagði, að enda þótt Framsfl. væri hlynntur því, að bæirnir rækju kvikmyndahús, þá hefði hann aldrei verið fylgjandi neinni einokun í þá átt. Slíkt liggur alls ekki fyrir í frv. Þar er um ekkert einkaleyfi að ræða. Bæjarfélögin eiga að fá vald til að veita leyfin eða reka húsin sjálf. Bæjarstjórnirnar geta útilokað alla aðra, en það er ekki hægt að tala um fullkominn einkarétt, enda hefur það komið greinilega fram í bæjarstjórn Rvíkur, að menn vilja gera mun á því, hvort um einstaklingsrekstur er að ræða eða stofnana, sem starfa að menningarmálum, og ég hygg, að flestar bæjarstjórnir mundu hallast að því að veita t. d. háskólanum eða þjóðleikhúsinu slíkt leyfi.

Að lokum vil ég aðeins ítreka fyrirspurn mína til hæstv. forseta um það, hvort hann sjái sér fært að telja till. á þskj. 286 brtt. við frv. á þskj. 88. Það sýnist fremur vera um nýtt frv. að ræða, að vísu um rekstur kvikmyndahúsa, en að öðru leyti óskylt frv., sem fyrir liggur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (JörB): Hv. 8. þm. Reykv. (SigfS) beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort ég teldi, að brtt. á þskj. 286 mundu geta átt við frv., sem fyrir liggur, og hvort það yrði sama málið, eftir að þær hefðu verið samþ. Vera kynni, að mér hefði sézt yfir þetta, þegar ég gerðist flm. að till., en nokkrar líkur virtust til, að mér hefði ekki sézt yfir að athuga það áður, — enda var svo. Þessar till. gera að vísu frv. víðtækara, ef þær ná samþykki, fellur þá sumt úr því niður, en annað breytist mjög og helzt þannig í frv. Ég hygg, að oft yrði torvelt að bera fram brtt. við mál, ef ekki mætti leggja til breytinga á þennan hátt. Ég hirði ekki að bera saman efnisatriði frv. og brtt., því að það er hverjum þm. ljóst.

ATKVGR.

Brtt. 286,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BFB, JörB.

nei: FJ, LJós, PZ, SigfS, SG, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 286,2 (ný 2. gr.) samþ. með 21:9 atkv.

— 286,3 (ný 3. gr.) samþ. með 19:7 atkv.

— 286,4 (ný 4. gr.) samþ. með 20:7 atkv.

— 286,5 a—d (nýjar gr., verða 5.—8. gr.) samþ. með 20:5 atkv.

— 286,6 (ný 5. gr., verður 9. gr.) samþ. með 18:2 atkv.

— 286,7 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:12 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um kvikmyndasýningar.

Á 46. og 47. fundi í Nd., 15. og 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 384, 391, 405, 427).

Emil Jónsson: Ég hef leyft mér að bera fram tvær brtt. á þskj. 391 við þetta frv.

Fyrri brtt. er í tveim liðum og gengur sá fyrri út á það, að til þess að leyfi fáist til kvikmyndasýninga, þurfi kennslumálaráðh. ekki aðeins að leita umsagnar bæjar- eða sveitarstjórnar, heldur þurfi hann að fá samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar. Ég sé nú á þskj. 427, sem verið var að útbýta rétt í þessu frá hv. meiri hl. allshn., að hún flytur hér brtt., sem fer í mjög svipaða átt, svo að ég ætla, að ekki þurfi mikið um þetta að ræða, enda er þetta svo sjálfsagt, að þess ætti ekki að þurfa.

Síðari hl. fyrri brtt. gengur út á, að 2. málsgr. 3. gr. frv. verði breytt á þá lund, að kvikmyndaleyfið skuli ekki einungis bundið við ákveðið kvikmyndahús, heldur skuli það einnig bundið við ákveðinn tíma, þó ekki lengri en 10 ár í senn. Mér finnst að mörgu leyti heppilegt og enda sjálfsagt, að þessi leyfi séu ekki veitt ótímabundið, þannig að sá, sem einu sinni hefur fengið þau, haldi réttinum um aldur og ævi, heldur skuli þau verða að endurnýjast að vissu árabili loknu, og þætti mér hæfilegt, að það árabil væri ákveðið eins og gert er ráð fyrir í brtt., í mesta lagi 10 ár, og gæti þá sá, sem leyfið fengi, miðað við að leggja ekki meira í kostnað en hann gæti unnið upp á þessu árabili.

Síðari brtt. mín fer fram á það, að þeir, sem hafa leyfi til starfrækslu kvikmyndahúsa nú, skuli leita endurnýjunar á leyfinu, þegar þessi l. ganga í gildi. Það kom fram hér í umr., að á því getur leikið nokkur vafi, hvort bæjarstjórnirnar hafi haft nokkurn rétt til þess að veita leyfi til kvikmyndasýninga, svo að það er rökrétt, að þeir, sem hafa fengið leyfi, leiti nú á ný leyfis hjá þeim aðila, sem gert er ráð fyrir, að veiti leyfið í framtíðinni.

Fleiri brtt. hef ég ekki borið fram við frv.,

þó að ég hefði óskað, að á því yrðu gerðar miklu víðtækari breyt. En eftir þeirri stefnu, sem meðferð málsins hefur tekið í þessari hv. d., hygg ég ekki horfa vænlega um, að þær brtt. yrðu samþykktar, sem ég hefði kosið að bera fram, auk þeirra, sem hér eru birtar, og verður því hér við að sitja. En mál hafa skipazt á þann undarlega hátt hér í þessari d., að í staðinn fyrir, að með frv. vakti það fyrir flm., að íhlutunarréttur bæjanna um þessa starfsemi yrði nokkuð aukinn frá því, sem var, og bæirnir gætu á þann hátt tryggt þann rekstur betur en ella, hefur sá tilgangur svo gersamlega snúizt við, að sá litli réttur, sem bæirnir hafa nú, er alveg frá þeim tekinn.

Ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir þessari meðferð málsins, einkum afstöðu þeirra, sem hafa a. m. k. stundum látið í veðri vaka, að þeir vildu, að bæirnir gætu haft meiri not af þessum rekstri en hingað til, fulltrúa Framsfl., sem léðu þessu máli fylgi á svo undarlegan hátt. En afstaða Sjálfstfl. er sjálfri sér samkvæm. Ég vænti, að þessar brtt., sem ég hef flutt til leiðréttingar á versta misréttinum, verði samþ. Það verður þá við það að sitja, þó að ekki náist aðrar og meiri breyt.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég ætla að segja örfá orð af hálfu meiri hl. allshn. Eins og þm. sjá, hefur meiri hl. flutt brtt. við frv. og þær brtt., sem fram hafa komið. Það er þá fyrst brtt. við brtt. hv. þm. Hafnf. á þskj. 391 a, um að leyfi samkv. 1. gr. megi því aðeins veita, að meiri hl. bæjarstj. samþ. Það ber ekkert á milli efnislega, en okkur þykir fara betur á, að brtt. sé orðuð eins og við leggjum til. Við getum fallizt á, að rétt sé, að meiri hl. bæjar- og sveitarstjórna ráði, hvort leyfi skuli veitt eða ekki. Aðrar brtt. hv. þm. getum við ekki fallizt á.

Þá flytur meiri hl. n. brtt. við 2. lið brtt. hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 405. Um fyrri brtt. á sama þskj. er það að segja, að hún ætti að vera óþörf, því að ég hygg, að það geti ekki valdið ágreiningi, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi fulla heimild til þess, hvenær sem þær vilja, að setja á stofn kvikmyndahús. En ef mönnum þykir betra að taka það fram, má það svo sem, þó að óþarft sé. Þær þurfa bara að uppfylla þau almennu skilyrði, sem þarf til þess að starfrækja slíkt hús. Það er hálf undarlegt að heyra því skotið inn af tveimur þm., að þetta sé ekki svona. Ég skal lesa greinina, með leyfi hæstv. forseta: „Nú vill bæjarstjórn eða sveitar reka kvikmyndahús fyrir hönd bæjar eða sveitar í bænum eða sveitinni, og skal það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara, eftir því sem við á.“ Almenn skilyrði eru húsakynni, varnir við brunahættu, hollustuhættir o. s. frv. En með brtt. hv. 2. þm. S.-M. er tekinn af allur vafi, ef mönnum finnst hann nokkur vera, og fyrst menn langar til að skilja þetta öðruvísi en það er sett fram, er sjálfsagt að samþ. hana.

Aðra brtt. hv. 2. þm. S.-M. getur meiri hl. ekki fallizt á. Samkv. brtt. hans eiga bæjar- og sveitarstjórnir að geta ákveðið aðgöngueyri upp á sitt eindæmi og sýningargjald, þ. e. það gjald, sem leyfishafi verður að greiða til bæjarstj., án íhlutunar. M. ö. o. yrðu bæjar- og sveitarstj. mjög einráðar um þessi atriði, og framkvæmdin gæti orðið sú, að sá, sem leyfi hefur, gæti ekki haldið starfseminni áfram. En þá er hreinna að hafa enga heimild til starfseminnar. Það yrði hægt að skapa þau kjör, sem ekki væri hægt að rísa undir. Ég vona, að hv. 2. þm. S.-M. sjái við nánari íhugun, að þetta er rétt, en hitt er sjálfsagt, að báðir aðilar geti borið sitt mál fram og að einhver úrskurði, ef um ágreining er að ræða. Ég ætla, að brtt. meiri hl. allshn. tryggi það með umorðun á 2. málsgr. Bæjarstj. getur gert till. um gjaldið, en báðir aðilar geta leitað til ráðh., sem úrskurðar. Þetta er miklu hyggilegri og betri afgreiðsla en ef annar hvor aðili ræður alveg. Samkv. frv. frá 2. umr. var ætlunin, að þeir, sem reksturinn hafa, greiddu slíkt gjald, en skýlaus skylda var það ekki. Nú höfum við orðað 3. og 4. málsgr. svo, að þetta er nú skylda, en ráðh. úrskurðar, ef um ágreining er að ræða.

Enn fremur berum við fram brtt. við 9. gr., um, að þeir, sem áður hafa fengið heimild til starfrækslu kvikmyndahúsa, verði að greiða gjald af sætum eða seldum aðgöngumiðum samkv. ákvæðum 3. gr. Nú leikur nokkur vafi á, hvort bíó þyrftu að greiða nokkurt gjald. Það hefur ekki beinlínis stoð í l. En okkur lízt langeðlilegast, að sú skylda sé lögð þeim á herðar eins og öðrum. Ég vænti, að hv. d. geti fallizt á það.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að brtt. hv. þm. Hafnf. Hann lét í ljós óánægju yfir því, hvernig tekizt hafi til um afgreiðslu málsins og afstöðu framsóknarmanna. Ég skil ekki, hvað hv. þm. þykir undarlegt við það, þó að framsóknarmenn vilji ekki hneppa alla starfsemi í landinu í einokunarfjötra. Við höfum látið í ljós, að við teldum rétt, að bæirnir starfræki kvikmyndahús, enda er þeim það frjálst, hvenær sem þeir vilja, en framsóknarmenn vilja enga algera einokun og að engum öðrum sé heimil starfsemin, og við getum vel verið þekktir fyrir að taka okkur Svía til fyrirmyndar í þessu eins og svo mörgu öðru.

Hv. þm. Hafnf. leggur til, að leyfi til starfrækslu kvikmyndahúss skuli ekki veitt nema til 10 ára í senn og ekki endurnýjað nema til 10 ára. Þetta gæti gilt um þá, sem hér eftir fengju leyfi. Öðru máli er að gegna um þá, sem hafa fengið slíkt leyfi áður og lagt mikið í kostnað. Það kann að vera, að það sé ekki talið gera neitt til, þó að þrengt sé að þeim, sem halda uppi starfsemi í þjóðfélaginu, en ég lít ekki svo á. Tíu ár eru enginn tími, ef lagt hefur verið í mikinn kostnað, og fáir mundu verða til að ganga að þeim kjörum, svo að þetta er kannske ráðið til að setja mönnum alveg stólinn fyrir dyrnar. Þetta er mjög óréttlátt, og er furðulegt, að slík till. skuli koma frá greindum og sanngjörnum þm., sem í öðru orðinu talar um kvikmyndir sem menningartæki, en vill svo búa svo um hnútana, að ekki geti orðið nein mynd á sýningunum.

Ég mun láta þetta nægja. Alþ. ætti ekki að láta það henda sig að gera þessa löggjöf svo úr

garði, að hún standist ekki fyrir dómstólum. Ákvæði l. mega ekki koma í bága við leyfi, sem áður hafa verið veitt, og er því mjög varhugavert að samþ. síðustu brtt. hv. þm. Hafnf. um, að þeim, sem áður hafa fengið leyfi óskorað, skuli nú allt í einu skammtað þetta 10 ára tímabil.

Eysteinn Jónsson: Ég tel æskilegt, að bæjar- og sveitarfélög reki yfirleitt kvikmyndahús. Ég vil því, þegar sett eru l. um kvikmyndasýningar, gera þau svo úr garði, að tryggt sé, að hvert bæjar- og sveitarfélag, sem vill reka kvikmyndahús, hafi tök á að gera það, án þess að eiga yfir höfði sér að vera truflað af öðrum. Hitt er allt annað mál, sem hér er mikið rætt, hvort gera skuli almennar ráðstafanir til þess að bæjar- og sveitarfélög geti tekið eignarnámi þau hús, sem þegar hefur verið gefið leyfi til að reka. Það er vandasamt atriði að taka afstöðu til þess. Við framsóknarmenn viljum ekki fylgja almennri heimild til slíks handa bæjar- og sveitarstj., af ástæðum, sem þegar eru greindar. Við vitum, að sú almenna eignarnámsheimild, sem flutt var, var miðuð við, að í bæjarstj. Rvíkur kom fram vilji um að ná bíóunum hér undir bæinn. Hins vegar er það vitað mál, að slík heimild hefði ekki verið notuð eins og sakir standa. Bæjaryfirvöldunum hefur þótt verðið, sem metið var, of hátt, og mundi ekkert eignarnám fara fram fyrst um sinn, svo að það hefði enga þýðingu fyrir Rvíkurbæ nú, hvort heimildin væri samþ. eða ekki. Hitt er annað mál, hvernig því yrði tekið, ef fyrir lægi, að eitthvert bæjarfélag vildi taka eignarnámi ákveðna eign innan ákveðins tíma.

Ég gerði þennan útúrdúr að gefnu tilefni í umr. um afstöðu okkar til hinnar almennu eignarnámsheimildar.

Ég vil nú víkja að brtt. mínum, sem eru gerðar til að tryggja bæjar- og sveitarfélögum vald á þessum málum framvegis, eftir því sem þau telja æskilegt fyrir sig.

I frv. er gert ráð fyrir, að kennslumálaráðh. veiti leyfi til starfrækslu kvikmyndahúsa. Ég gerði aths. við þetta við 1. umr. og lýsti yfir því, að ég mundi bera fram brtt. um, að ráðh. gæti ekki veitt slíkt leyfi, nema samþ. bæjar- og sveitarstj. kæmi til. Ég sé, að þetta hefur hlotið fylgi bæði hv. þm. Hafnf., sem flutti brtt. í sömu átt, og meiri hl. allshn., sem einnig flutti brtt. Ég sá þá ekki ástæðu til að flytja mína till.

Ég hef flutt brtt. við 2. gr., sem á að gera það skýlaust, að vilji bæjar- eða sveitarfélag reka kvikmyndahús f. h. bæjar- eða sveitarfélagsins, skuli leyfi til þess veitt. Frsm. meiri hl. allshn. gerði grein fyrir því, að þetta sama hefði vakað fyrir n., en mér fannst orðalagið ekki alveg skýlaust. Ég mun ekki fara nánar út í það, en af þessari ástæðu finnst mér það ekki geta verið lakara að samþ. brtt. mína um þetta efni, því að þá yrði það skýlaust, að samþ. hlutaðeigandi bæjaryfirvalda er nauðsynleg, til þess að aðrir geti tekið þetta að sér.

Þá hef ég leyft mér að flytja aðrar brtt., sem meiri hl. allshn. vildi ekki fella sig við, en hafa þó orðið til þess, að allshn. hefur bætt nokkuð úr þeim ákvæðum, sem till. mín fjallaði um, frá því, sem í frv. var. Eins og menn vita, hefur sá háttur verið upp tekinn, að bæjarstjórn hefur sett þau skilyrði fyrir leyfi til þess að reka kvikmyndahús, að greidd væru sætagjöld, sem eru eins konar skattur, sem kvikmyndahúseigendur eiga að greiða hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. En eins og frv. er orðað, finnst mér mætti skilja það svo, að þeir, sem hafa slík leyfi, þyrftu ekki framvegis að greiða sætagjöld, og það var eitt af því, sem vakti fyrir mér, þegar ég flutti þessa brtt., en þó ekki aðalatriðið. Ég sé nú, að meiri hl. allshn. vill gera það skýlaust, að þeir, sem áður hafa haft leyfi, verði að greiða gjöld af sætum, og tel ég það til bóta frá því, hvernig frv. var orðað. Þá vík ég að öðru atriði, sem ég get ekki gengið til samkomulags við meiri hl. allshn. um, og fjallar það um, hver skuli hafa vald til þess að ákveða sætagjald framvegis. Í frv. er sett það ákvæði, að ráðherra skuli ákveða sætagjald að fengnum till. beggja aðila, og þetta sama ákvæði er látið haldast í brtt. þeirri, sem nú er lögð fram til miðlunar. Þetta get ég ekki fallizt á, því að mér finnst eðlilegast, að hver bæjar- eða sveitarstjórn hafi það í hendi sér að taka ákvarðanir um það, hversu hátt sætagjald eigi að greiða á hverjum stað, og geta þær þá sett um það þá skilmála, sem þeim finnst eðlilegastir og hinir, sem hlut eiga að máli, ganga annaðhvort að eða frá. En að ráðherraúrskurð þurfi, finnst mér ekki koma til greina.

Því hefur verið haldið fram af frsm. meiri hl. allshn., að á þessu væri sá galli, að ef bæjar- eða sveitarstjórnunum væri veitt þetta vald, gætu þær misnotað það með því að setja þetta sætagjald hærra en góðu hófi gegndi, svo að þeir, sem reka kvikmyndahúsin, gætu ekki risið undir því. Það má alltaf halda því fram, að það gæti komið fyrir, að bæjarstjórnir misnoti vald sitt, en það sama má segja um svo margar framkvæmdir, sem einstökum n. eða yfirvöldum er gefið af Alþ. Það er algengt, að Alþ. veiti einstökum yfirvöldum, sýsluyfirvöldum eða yfirvöldum bæjar- og sveitarfélaga heimild til þess að leggja á skatt og til þess að framkvæma aðrar slíkar ráðstafanir, og er þá gert ráð fyrir því, að Alþ. treysti þessum aðilum til þess að fara með þetta vald þannig, að það verði ekki misnotað gagnvart þeim, sem hlut eiga að máli. Ég get því ekki séð, að það sé neitt sérstaklega hættulegt eða óeðlilegt við það að fela bæjar- eða sveitarstjórnum vald til þess að leggja þessi gjöld á, og vil ég því einnig benda á það, út af þessari samþ. meiri hl. allshn., að það er auðvitað eins hægt að hugsa sér, að þetta vald, sem þeir vilja fela ráðh., gæti orðið misnotað í framkvæmdinni af einhverjum þeirra. Ég geri ráð fyrir því, að meiri hl. vilji benda á það, að ef bæjarstjórnum yrði falið þetta vald, gætu þær jafnt misnotað það til þess að ryðja einka-kvikmyndahúseigendum úr vegi, sem sé með því að setja sætagjaldið of hátt.

Ég setti einnig í brtt. mína, að bæjarstjórnir gætu ákveðið hámarksverð aðgöngumiða. Ég skal taka það fram, að það getur orkað tví-

mælis að hafa þetta ákvæði svo einhliða, og hef ég því hugsað mér að ganga þar til móts við skoðun meiri hl. allshn. með því að flytja brtt. um að bæta við þennan lið, að samþ. ráðh. komi til um hámarksverð aðgöngumiða. Þetta skref til móts við skoðun meiri hl. gerði ég til þess að bægja burt þeim kvíða, sem komið hefur fram hjá honum, um, að hægt væri að misnota þetta vald. Þessa brtt. mun ég því flytja skriflega, og hljóðar hún þannig, með leyfi forseta: „enda samþykkir ráðherra hámarksverð aðgöngumiða".

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri og afhendi því forseta þessa skriflegu brtt. mína.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Af því að brtt. þær, sem komið hafa fram um þetta mál á þskj. 405 og 391, voru teknar til athugunar í allshn., og þar sem meiri hl. n. hefur borið fram nýjar brtt., þá finnst mér rétt, að af hálfu minni hl. komi fram það sjónarmið, sem skiptir máli milli okkar og meiri hl. Að vísu veit ég ekki, hvort hv. 1. þm. Árn og hv. 2. þm. Eyf. hafa borið þessa nýju brtt. undir hv. þm. Snæf., en hann var ekki við í n., þegar málið var þar rætt, en geri þó ráð fyrir, að svo hafi verið og að hann sé þeirra málstað fylgjandi. Þar sem nú hv. 1. þm. Árn. hefur talað hér af miklum áhuga fyrir málstað kvikmyndahúseigenda, þá finnst mér rétt að geta þess, að þessi skoðun hans, sem hann flytur hér, er ekki einróma álit allshn. Annars þarf ég ekki orðum í það að eyða, því að það var gert af hv. þm. Hafnf., að frv. því, er ég flutti hér ásamt hv. 8. þm. Reykv., var svo gersamlega umturnað, að þar stendur ekki steinn yfir steini, og í stað þess að auka rétt bæjar- eða sveitarstjórna yfir þessum atvinnurekstri hefur verið gerð tilraun til þess að minnka þann íhlutunarrétt, sem þær töldu sig hafa haft í þessum málum. Um almenn atriði þessa máls ætla ég ekki nú að fara út í, því að það mun hafa verið gert við 1. og 2. umr. þessa máls, en ég vil þó segja það, og mæli ég þar fyrir minni hl. allshn., sem er hv. 2. landsk. og ég, að við mælum eindregið með því, að brtt. á þskj. 391 og 405, en þær eru frá hv. þm. Hafnf. og hv. 2. þm. S.-M., verði samþ. Fyrir þessum brtt. þarf ég ekki að færa rök, þar sem flm. hafa þegar gert það sjálfir, og hef ég því fáu við að bæta. Ég vil þó aðeins geta þess, vegna þess að frsm. meiri hl. talaði mjög ákveðið gegn b-lið fyrri brtt. á þskj. 391, þar sem gert er ráð fyrir því, að leyfi til starfrækslu ákveðins kvikmyndahúss sé jafnan bundið við ákveðinn tíma, þó ekki lengra en 10 ár í senn, að þessi sami hv. þm. hefur sjálfur flutt brtt. við frv. um það, að ráðh., sem á að ákveða þetta leyfi, megi binda það við tiltekinn tíma, og er ekkert ákveðið, hvað sá tími má vera langur, og má sjá það á frv., eins og það var afgr. héðan eftir 2. umr., svo að samkvæmt því hefur ráðh. vald til þess að ákveða þennan tíma jafnvel skemur en 10 ár, ef til kemur. Ég álít því, að það sé ekki svo stórkostlegur eðlismunur á þessu og því, sem lagt er til af hálfu hv. þm. Hafnf., og eftir því sem ég veit bezt til, þá hefur það reynzt þannig erlendis, einmitt á þeim stöðum, sem hv. 1. þm. Árn. vísaði til, þar sem leyfi til kvikmyndahúsrekstrar eru bundin við ákveðið tímabil, að engin óþægindi hafa af hlotizt og að einstakir kvikmyndahúseigendur hafa ekki þurft undan að kvarta.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri, en vildi aðeins, að það kæmi greinilega fram, að minni hl. allshn. mælir með brtt. hv. þm. Hafnf. og hv. 2. þm. S.-M., sem báðir hafa gert grein fyrir af sinni hálfu. Ég mun ekki eyða mörgum orðum í brtt. hv. 2. þm. S.-M., en tel hana ekki til skaða og læt mér því í léttu rúmi liggja, hvort sú brtt. verður samþ. eða ekki. Aðalatriðið í þeirri brtt. er það, að bæjar- og sveitarfélög verði ekki svipt réttinum til þess að leggja á sætagjaldið, en það hefur tíðkazt í Reykjavík, höfuðborg Íslands, og bæjarstjórn hefur lagt slík gjöld á, án þess að hafa nokkra hönd í bagga um, hverjir rækju kvikmyndahúsin í borginni. Nokkur lagfæring mun þó fást á þessu, þar sem meiri hl. hefur fallizt á, að leyfi til kvikmyndahúsrekstrar sé bundið því skilyrði, að það sé í höndum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Um höfuðatriði málsins hirði ég ekki að ræða, en ég er fylgjandi því, að bæjar- og sveitarfélögin hafi þessa starfrækslu með höndum eftir því, sem þau kæra sig um, og eftir því, hvort þau eru þeirrar skoðunar, að rétt sé að reka þessa starfsemi. Og ef svo er, ættu þessi félög að geta haft hana með höndum, ef meiri hl. bæjar- eða sveitarfélaganna vill svo vera láta. Annars er þetta engin nýjung, því að eins og bent hefur verið á áður, var þetta þannig í Noregi, þar til landið var lagt undir erlent stórveldi, og hefur borið hinn ágætasta árangur, svo að engum hefur dottið í hug að amast við því. Ég vænti því, að leiðréttingar þessara tveggja hv. þm., sem þeir hafa gert tilraun til að gera á þessu frv., nái fram að ganga, og vil einnig vænta þess, að brtt. meiri hl. allshn., þó sérstaklega tvær þeirra, sem hann gerði við frv., verði felldar, því að það er mjög óeðlilegt að taka úr höndum bæjar- og sveitarstjórna öll völd um ákvarðanir sætagjalda, en fá það vald í hendur ráðherra, og er það áreiðanlegt, að þetta vald er engu tryggara í höndum ráðh. en hjá 15 manna bæjarstjórn hins íslenzka ríkis.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér hér með að gera örstutta aths. út af nokkrum atriðum, er fram komu í ræðu hv. 1. þm. Árn.

Hann mælti eindregið móti því fyrir hönd meiri hl. allshn., að leyfi til kvikmyndahúsrekstrar séu bundin við ákveðinn tíma, eins og gert er ráð fyrir í brtt. minni. Ég legg til, að þetta leyfi sé bundið við 10 ár, en þetta þótti honum mjög ósanngjarnt og sagði, að í þessu væri meiri ósanngirni en búast hefði mátt við í þessu máli. Ég verð nú að segja það, að ég varð mjög undrandi yfir þessu orðalagi hv. þm., eins og hv. 4. þm. Reykv. benti einnig á, því að þessi hv. þm. lagði einmitt til, að leyfi væri bundið við ákveðinn tíma, og var ekkert um það sagt í till. hans, hvort það ætti að vera til tveggja, tíu eða tuttugu ára. Ég setti tíu ár í mína till.,

en væri tilbúinn að binda þetta ákvæði við fimmtán ár, ef n. þætti það eitthvað betra. Ég mun svo ekki fara um þetta fleiri orðum, af því að hv. 4. þm. Reykv. skýrði mjög ýtarlega frá þessu. Hitt atriðið, sem hv. þm. Árn. gat ekki sætt sig við í till. minni, var það, að ég lagði til, að þeir, sem áður hafa fengið heimild til starfrækslu kvikmyndahúsa, skyldu þó leita endurnýjunar á heimildinni samkvæmt lögum þessum, og taldi hv. þm., að með þessu ákvæði væri brotið í bága við leyfi, sem áður hefðu verið veitt. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir, sérstaklega þar sem lýst var yfir því áður af þessum frsm. meiri hl. allshn., að öll þau leyfi, sem áður höfðu verið veitt, væru byggð á vafasömum grundvelli, svo að það væri annars mjög hæpið, hvort þessi leyfi væru nokkurs virði. Ef það er nú svo, að bæjarstjórnir hafa ekki haft nema vafasaman rétt til þess að veita þessi leyfi, er þá ekki eðlilegt og sanngjarnt, að þau verði endurnýjuð samkvæmt lögum þessum, þegar þau komast í gildi? Ég get því ekki skilið, hvað það er, sem er svo hættulegt eða ósanngjarnt í þessari till., með hliðsjón af því, sem þegar hefur verið frá skýrt. Ég leyfði mér að halda því fram, þegar ég mælti upphaflega fyrir till. minni, að mér hefði komið á óvart afstaða þessa hv. þm. og yfirleitt Framsfl. til þessa máls, af því að mér hefur skilizt, að hann væri því fylgjandi, að bæirnir hefðu þennan rekstur með höndum. Þetta þótti hv. þm. mjög ómaklega mælt, því að Framsfl. vildi stuðla að því, að bæirnir gætu rekið kvikmyndahúsin, en svo langt sem skynsamlegt er. Stuðningur hans til þessa máls nær því ekki lengra en það, sem honum kann að þykja á hverjum tíma skynsamlegt, og hann virðist í þessu tilfelli ná skammt, því að hann hefur í sinni fyrri till. beinlínis þjarmað svo að rétti bæjarfélaganna, að það væri hægt fyrir dómsmrh., sem færi með þessi mál á hverjum tíma, að ákveða, hversu mörg kvikmyndahús þærinn tæki að sér að reka, án þess að spyrja bæjarstjórn um leyfi.

Nú er vísast, að hv. þm. hafi séð, að honum bar að lagfæra þetta, eftir að ég hafði borið fram brtt. mína. Því er haldið fram, að bæjar- og sveitarfélög hafi vafasaman rétt til að leggja á sætagjöld. Þessa leið á að fara, skv. tillögum hv. 1. þm. Árn., til stuðnings við bæjarfélögin: Í fyrsta lagi að veita eins mörgum einstaklingum og félögum og dómsmrh. þóknast leyfi til rekstrar kvikmyndahúsa og í öðru lagi að taka rétt bæjanna til að leggja á sætagjald.

Þetta er stuðningur Framsfl. Afstaða þessa flokks er nú orðin nægilega skýr í þessu máli.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 450) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það voru aðeins örfá orð. Málið er ekki svo margbrotið, að ástæða sé til að lengja mjög mikið umr., því að við 2. umr. var það ýtarlega rætt.

Með hinni skrifl. brtt. hv. 2. þm. S.-M. tel ég bætt úr því atriði, sem athugaverðast var.

Ekki er hægt að ætlast til annars af ráðherra en að hann sé óvilhallur. Annars er hann ekki þeim vanda vaxinn, sem hann tekur að sér með sínu starfi.

Það er ráðin stór bót með hinni skrifl. brtt., þótt mér hefði þótt fara betur á því að fara þá leið, sem við leggjum til í allshn. Bæjar- og sveitarfélögum eru settar skorður við valdi þeirra, að því er snertir fjárnám. Það sæmir ekki, að ekki sé samræmi milli skyldna og réttinda þegnanna. Það veit ég, að hv. þm. Hafnf. viðurkennir fúslega, þegar hann athugar málið nánar.

Ég þarf ekki að svara hv. 4. þm. Reykv. Það er búið að svara honum áður. Honum þótti það óeðlilegt, að bæjarfélögin hefðu ekki óskorað vald í þessum efnum og ég held í öllum greinum. Hann ætti að hafa hliðsjón af stefnu flokksbræðra sinna í Danmörku og Svíþjóð. Held ég, að fullsæmandi væri að taka þessar mestu menningarþjóðir til fyrirmyndar. Þá færi efalaust margt betur hjá okkur en nú á sér stað. Hv. þm. Hafnf. virtist undrast, að ráðherra skyldi eiga að veita tímabundið leyfi til rekstrar kvikmyndahúsa. Hann þarf ekki að furða sig á því. Það er ekki ástæða til að veita leyfi um ótiltekinn tíma til þessarar starfrækslu. En við verðum að bera það mikið traust til þessa embættismanns, að við teljum málum okkar borgið undir hans umsjá. Hann hefur sína yfirboðara og á að svara til saka gagnvart sínum húsbændum. En það er eðlilegt, að úrskurðarvaldið sé einhvers staðar, — einhvers staðar verður það að vera, og ég tel því bezt borgið í höndum þess manns, sem á ekki að vera vilhallur í úrskurðum sínum. Hv. þm. veik að því, að ég hefði látið í ljós, að vafasamur væri réttur bæjar- og sveitarstjórna til sætagjaldaálagningar. Þetta er gömul venja. Þetta hefur verið leyft, og þess vegna er það orðið sem lög og því eðlilegt, að þetta standi. Um hitt atriðið, skattaálagninguna, gegnir öðru máli, það er annars eðlis, og þar eru strangar reglur eftir að fara. Hitt er annað mál, að aðilarnir geta samið þar um sín á milli. Þau ummæli mættu fylgja, að allt eigi að vera skynsamlegum takmörkunum háð. Ég lít ekki á það, hvað kann að henta í augnablikinu, heldur hef víðtækara sjónarmið fyrir augum.

Hv. þm. færði sínum ummælum til stuðnings, að ekkert væri í þessu frv., sem hindraði, að dómsmrh. gæti sett eins mörg bíó á laggirnar og honum þóknaðist. Hvers vegna gerir hv. þm. ráð fyrir þessu, jafn samvizkusamur, glöggskyggn og heilsteyptur maður? En engu er að kvíða í þessu efni. Mér finnst, að við verðum að gera ráð fyrir þeim mannkostum hjá þessum ráðherra, að slíkt geti ekki komið til mála. Þetta á við um öll okkar störf, og við verðum að gera ráð fyrir þeim mannkostum hjá þessum manni, að þeir skyldi hann til að gera óvéfengjanlega rétt.

Ég sé nú ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Það verður hver að hafa sína skoðun á þessu máli eins og öðrum. Menn verða að hafa sína skoðun á því, hversu frjálsmannlegt það er, að einstaklingurinn ráði engu, en hið opinbera öllu. Ég hef enga trú á þessu, og af því markast mitt sjónarmið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 405,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 427,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 391,1.a, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
— 427,2 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SvbH, JörB.

nei: BFB, LJós, PZ, SigfS, SG, STh, SkG, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ.

4 þm. (GG, GTh, PÞ, BG) fjarstaddir.

Brtt. 450 samþ. með 18:9 atkv.
— 405,2, svo breytt, samþ. með 18:9 atkv.
— 391,1.b felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, JJós, LJós, PZ.

nei: SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, GÞ, GSv, BFB, IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, PÞ, PO, JörB.

Brtt. 391,2 felld með 17:14 atkv.
— 427,3 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, fellt með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, SvbH, BÁ, EmJ, EystJ, BFB, JS, PZ, PÞ, PO, SkG, JörB.

nei: ÞG, ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, GÞ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ.

GSv, IngJ, JakM greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, GTh, BG) fjarstaddir.

—o—

3. Skipaafgreiðsla.

Á 20. fundi í Nd., 21. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu (þmfrv., A. 78).

Á 22. fundi í Nd., 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. landsk. að flytja þetta frv. á þskj. 78, um einkaleyfi fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til þess að taka í sínar hendur afgreiðslu skipa á viðkomandi stöðum.

Hv. þm. er það kunnugt, að þessum málum er nú þannig háttað, að einstakir menn eða verzlunarfélög í kaupstöðum og kauptúnum úti um land hafa nú afgreiðslu skipa þar með höndum. Þeir aðilar, sem þar annast þessi störf, fá greiðslu fyrir þau á þann hátt, að það er lagt ákveðið gjald á vörumagn það, sem er skipað upp eða út á viðkomandi stað. Á þennan hátt hafa þessir aðilar fengið aðstöðu til þess að leggja nokkurs konar toll á allar aðfluttar og útfluttar vörur og þar með skatt á íbúana, og mér er kunnugt um það, að á ýmsum stöðum hafa þessi gjöld verið allhá og því mikil tekjulind fyrir þá, sem hafa afgreiðsluna á hendi.

Frv. þetta, sem hér um ræðir, fer fram á einkaleyfisheimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til þess að annast afgreiðslu skipa. Það er álit okkar flm., að á þann hátt verði þessum málum haganlegast skipað fyrir íbúana, þannig að þá muni ekki tekin hærri gjöld fyrir afgreiðsluna en brýn þörf er á. Þetta fellur og vel saman við störf hafnarnefnda, en þær hafa víða eignazt bryggjur og hafnarhús, sem þær þurfa að láta annast um, og gæti það fallið vel saman við þetta starf. Auk þess er það sanngjarnt, ef tekjur verða af þessu, að þá renni þær til þeirra, sem hafa borið hitann og þungann við að koma upp og halda við hafnarmannvirkjum á viðkomandi stöðum. Mér er kunnugt um það, að á ýmsum stöðum hafa hafnarnefndirnar komizt yfir bryggjur og hús, en vegna þess að samningar hafa ekki tekizt við þau fyrirtæki, sem hafa skipaafgreiðsluna með höndum, þá hafa þessi mannvirki staðið ónotuð, en mannvirki einstaklinganna aftur á móti notuð. En reynslan er sú, að ef eitthvað ber út af, þá er þess þegar krafizt af bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að þær hlaupi í skarðið og komi upp hafnarmannvirkjum og haldi þeim við. Til þess að tryggja það, að bæjar- og sveitarstjórnir noti sér ekki þessa heimild í gróðaskyni, þá höfum við sett það ákvæði í frv., að ráðherra skuli staðfesta gjaldskrá á uppskipunar- og útskipunargjöldum á hverjum stað, og er það vitanlega stórum aukin trygging fyrir því, að gjöldin hækki ekki frá því, sem nú er.

Ég held, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi málsins, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég sé að vísu ekki ástæðu til þess á þessu stigi að hefja kappræður um þetta mál, en ég vildi beina því til þeirrar hv. n., sem kemur til með að fjalla um þetta frv., að viðeigandi væri, að hún leitaði einnig álits þeirra aðila, sem hv. flm. gat ekki um í ræðu sinni, en það eru skipafélögin, um það, hvernig þau líta á þá heimild, sem hér er lögð fram til samþykktar. Þótt hv. flm. líti aðeins á eina hlið málsins, þá er einnig til önnur hlið, en það er sú, sem snýr að skipafélögunum. Það eru ýmis viðskipti, sem félögin eiga við trúnaðarmenn sína úti á landi og þetta frv. fer fram á, að þau verði skylduð til að eiga við viðkomandi bæjarstjórnir eða hreppsnefndir.

Um hitt atriðið, sem virtist vera höfuðatriði hjá hv. flm., hverjir ráða yfir framskipun og uppskipun á vörum, er það að segja, að ég er ekki viss um, að almenningur væri víða sólginn í að skipta um afgreiðslumenn. Og ég veit ekki til þess, að það sé víða álitið, að þeir, sem fyrir þessu standa, geri sér það að sérstakri féþúfu, heldur hafi það aðeins eins og hverja aðra atvinnu, þannig að þeir hafi þóknun fyrir störf sín. Og það mun vera tekið tillit til þeirra tekna við niðurjöfnun eins og tekna af öðrum atvinnugreinum. Hitt, að þetta frv. feli í sér tryggingu fyrir því, að gjöldin fari ekki fram úr hófi, er ég ekki farinn að sjá. Ég held meira að segja, að það megi halda því fram með all-

sterkum rökum, að á meðan afgreiðslan er í höndum einstaklinga eða fyrirtækja, sem hafa ekki lögverndaðan rétt á henni, þá sé það miklu meira aðhald en ef bæjar- eða sveitarstjórnir ættu að fara að reka hana með einkarétti. Reynslan hefur líka sýnt, að ýmis gjöld, eins og t. d. vörugjöld til hafna, hafa þráfaldlega verið hækkuð af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnum, blátt áfram af því að bæjar- eða sveitarfélögin hafa þurft teknanna með. Ég hef ekki séð, að ráðherra hafi talið sér fært að standa á móti slíkum hækkunum. Ég vildi aðeins benda á þetta í sambandi við þann öryggisauka, sem hv. flm. taldi að því, að ráðherra væri látinn staðfesta gjaldskrána. Ég hef séð margar breytingar á vörugjaldskrám, og allar hafa þær verið til hækkunar, til aukinna tekna fyrir bæjarfélögin, og ráðuneytið hefur aldrei séð sér fært annað en fallast á þær hækkanir í öllum aðalatriðum. Hv. flm. veit líka, að það er erfitt fyrir ráðuneytið að standa á móti öruggum tekjuöflunarleiðum fyrir bæjarfélögin, þegar þau geta sýnt fram á, að þau hafi sterka þörf fyrir tekjuauka. Hér er um að ræða nýja leið til tekjuöflunar fyrir sveitar- og bæjarfélögin, sem er sams konar leið og að leggja á vörugjöld, en það er tekjuöflunarleið, sem oft hefur sætt mótspyrnu hér á Alþ. og það einmitt af flokki hv. flm. og öðrum skyldum flokkum.

Þetta vildi ég taka fram og beina því til þeirrar hv. n., sem um málið fjallar, og auk þess vil ég sérstaklega beina því til hennar, að hún leiti álits skipafélaganna.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Vestm. Hann vildi alveg sérstaklega biðja menn að gjalda varhuga við þessu frv., með þeim rökum, að með því væri verið að opna bæjarfélögunum sams konar tekjuöflunarleið og vörugjaldaleiðina. En eins og frv. ber glöggt með sér, þá á það alls ekki að vera tekjuöflunarleið, þar sem í því er sérstök grein til þess að hindra það, en það er ákvæðið um, að ráðherra skuli staðfesta gjaldskrárnar. En nú er þessu svo háttað, að afgreiðslumenn setja gjaldskrárnar sjálfir. Það er rétt, að ég og sá flokkur, sem ég fylgi, höfum talið það órétt að leggja á vörugjöld. Ég mun því ekki vera því mótfallinn, ef hv. þm. Vestm. getur bent á leið til þess að gera ákvæðin sterkari til þess að koma í veg fyrir það, að þetta verði notað sem tekjuöflunarleið. Nei, ég er viss um, að ef þetta frv. verður samþ. og gjaldskrárnar verða samþ. af ráðherra, þá munu þessi gjöld lækka til stórra muna, a. m. k. víða.

Þótt hv. þm. Vestm. benti á, að ráðherra hefði aldrei séð sér fært að neita að staðfesta hækkun á vörugjöldum, þá gegnir hér allt öðru máli, þar sem þetta á alls ekki að vera leið til tekjuöflunar, heldur á þetta að vera til hagsbóta fyrir íbúana og til þess að koma í veg fyrir það, að einstakir menn eða fyrirtæki hafi aðstöðu til þess að leggja skatt á íbúana, sem þurfa að fá vörur fluttar að og frá.

Ég hef ekkert á móti því, að sú n., sem mál þetta fær til meðferðar, leiti umsagna þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, sem eru skipafélögin og þá fyrst og fremst Skipaútgerð ríkisins, sem á hér stærstan hlut að máli. En ég álít alls ekki hægt að fara eingöngu eftir því, sem þessir aðilar óska eftir. Ég býst við, að skipafélögin vilji halda áfram að hafa sömu umboðsmenn fyrir sig við afgreiðslu skipanna úti um landið sem þau hafa nú. Það skiptir að vísu ekki mestu máli í þessu sambandi. Hitt skiptir mestu máli, hvort þessir umboðsmenn eiga að hafa vald til þess að skattleggja fólk óhæfilega eins og þeir nú hafa. Hitt er svo annað mál, hvort þessi skipafélög vilja hafa trúnaðarmenn á þessum stöðum til þess að gæta hagsmuna sinna í ýmsum efnum. Ég held, að þau geti komið því við án þess að annast uppskipun og útskipun varanna.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að kappræða um þetta mál við hv. flm., þó að margt gefi tilefni til fyrirspurna, og er það ekki vegna ræðu hans, heldur vegna þess, sem er í kringum þetta, taka báta o. s. frv., sem vert væri að minnast á. Ég efast ekki um þann góða tilgang, sem hv. flm. hefur með flutningi þessa máls. En ég býst við, að fleirum sé farið eins og mér, að þeir standi dálítið framandi gagnvart því, er haldið er fram, að þessi grein atvinnulífsins sé svo misnotuð hér á landi eins og ræða hv. flm. gaf tilefni til að álíta. En þó að tilgangur hans sé þessi að fá eitthvað ódýrari fram- og uppskipun fyrir umbjóðendur sína, þá er reynslan sú, að allir slíkir skattar, sem eru miðaðir við álagningu á vörur, hafa verið ákaflega illa séðir hér á Alþ., og það sækir alltaf í það horf, þegar bæjarstjórnir og sveitaryfirvöld hafa aðgang að þessum skattaálögum, að þessir aðilar verða að nota þær sér til tekjuauka. Og gleggst dæmi um það, hvernig þingið lítur á þetta, er það, að það litla vörugjald, sem ég hafði fengið samþ. hér á Alþ. fyrir Vestmannaeyjar og átti í mesta basli með að halda við, — ég fékk því aldrei framgengt á kreppuárunum nema fyrir eitt og eitt ár í senn, — það var alveg fellt úr gildi. Svo mótfallið hefur hæstv. Alþ. verið þessari tekjuöflunarleið, að þetta gjald á sér ekki stað lengur á þennan hátt. Og þó að tilgangur þessa hv. þm. með frv. sé góður, þá er hætt við, að 99% af líkum mæli með því, að í framkvæmdinni yrði að grípa til þessa sem tekjuöflunarleiðar, þegar færi kannske að minnka útsvarsgjaldþol þegnanna. Það kann að vera, að það verði ekki í dag og jafnvel ekki á morgun, en það gæti orðið hinn daginn. Og þá er hægurinn nærri fyrir bæjarfélög að hækka dálítið þessi fram- og uppskipunargjöld til þess að ná í tekjur og mjög eðlilegt, að til þess yrði gripið.

Við erum svo báðir sammála um það, hv. flm. og ég, að það sé sjálfsagt að leita til þeirra aðila til umsagnar, sem þurfa á afgreiðslu og fyrirgreiðslu vara að halda úti á landi. Eru það þá fyrst og fremst Ríkisskip og þá einnig Eimskipafélag Íslands. Og þar sem hv. flm. taldi Skipaútgerð ríkisins helzta aðilann, sem þetta kæmi við, þá vil ég segja, að Eimskipafélag Ís-

lands sé engu síður stór aðili í þessu sambandi. Við skulum gera báða þessa aðila réttháa og koma okkur saman um, að rétt sé að leita umsagnar þeirra beggja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 43. og 48. fundi í Nd., 10. og 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 78, n. 317 og 345).

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur ekki getað orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. leggur til, að það verði fellt, en minni hl. vill samþ. það með breyt., sem hann leggur til.

Allshn. sendi frv. til umsagnar Eimskipafél. Ísl. og Skipaútgerðar ríkisins, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar sem fskj. með nál. Get ég vísað til þess, sem þar segir. Báðir aðilar leggja á móti frv.

Meiri hl. telur ekki líklegt, að uppskipunargjald mundi lækka, þó að bæjar- og sveitarstjórnir tækju þessi mál í sínar hendur. Eins og kunnugt er, er aðalkostnaðurinn við upp- og framskipun laun verkamanna, og gjöld til þeirra eru ákveðin eftir föstum taxta, svo að enda þótt skipaafgreiðsla væri rekin af bæjarfélögum, mundi það ekki valda breyt., þar sem ekki er séð, að aðrir og minni kostnaðarliðir yrðu lækkaðir verulega. Ég vil líka benda á, að í l. um verðlag hefur viðskiptaráð og verðlagsstjóri vald til að hafa hemil á gjöldunum, ef telja mætti þau of há. Hreppsn. og bæjarstjórn geta þá beðið um úrskurð verðlagsstjóra.

Eins og kemur fram í álitum Eimskipafél. og Skipaútgerðarinnar, leggja þessir aðilar, sem hafa einir með flutninga að gera, áherzlu á að geta sjálfir ráðið, hverjir hafa á hendi afgreiðsluna. Þeir menn eru trúnaðarmenn skipafél., og margt fer um þeirra hendur og oft og tíðum stórar fjárupphæðir.

Það virðist engum vera hagur gerður með því, að löggjafinn heimili sveitarstjórnum að taka eignarnámi pakkhús og önnur áhöld, sem skipaafgreiðslumennirnir eiga líka til annarra þarfa en skipaafgreiðslu. Afgreiðslan er aukastarf, en hús og áhöld nauðsynleg til atvinnurekstrar, enda, eins og ég hef tekið fram, full heimild í l. til íhlutunar um upphæð gjaldanna.

Um leið og ég vísa til fskj. í nál., lýsi ég yfir því, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Þóroddur Guðmundsson): Hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir afstöðu meiri hl. n. til frv., en hann minntist ekki á till. minni hl. Eins og þdm. sjá, er mikill munur á frv. og till. minni hl. Í frv. er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnum og hreppsn. verði heimilað að taka í sínar hendur skipaafgreiðslu. En eins og frsm. meiri hl. gat um, hefur þetta verið borið undir skipafélög hér, sem leggja á móti frv. með þeirri aðalforsendu, að afgreiðslumennirnir séu trúnaðarmenn á hverjum stað, og vilji félögin því velja þá sjálf. Við í minni hl. höfum tekið tillit til þessa í afstöðu okkar og leggjum ekki til, að bæjarfélögin fái skilyrðislausa heimild til að taka afgreiðsluna í sínar hendur, heldur aðeins þar, sem bryggjur og vörugeymsluhús eru eign bæjarins. Það er mikill munur á þessu og því, sem upphaflega var í frv.

Þegar það er athugað, að víða hagar svo til, að byggð hafa verið dýr og vönduð mannvirki, sem eru leigð einstaklingum lágu verði, en þeir taka aftur gífurlega há gjöld af almenningi, þó að þeir sjálfir njóti lágrar leigu, kannske ekki nema tíunda hluta þess, sem er í Rvík, sjá menn, hvað það er óeðlilegt, að hreppsfélög byggi slík mannvirki, en einstaklingar geti rakað saman fé á þeim. Það er ekki um að ræða annað en að bæjarfélögin fái heimild til að starfrækja sín eigin mannvirki.

Stundum eiga afgreiðslumennirnir bryggjurnar, og það var á það bent af formanni n., að það væri hart að taka þær af þeim. Minni hl. viðurkenndi rök hans.

Það er eitt enn í þessu máli. Þar, sem eru til ófullkomin mannvirki og tæki til þessarar starfrækslu, en einstaklingarnir hafa ekki kraft eða vilja til að koma sér upp nýjum, hamlar það því hreppsfélögum eða bæjarfélögum til að koma sér upp tækjum. Þetta getur orðið til þess, að ekki verði úr framkvæmdum á viðkomandi stað, en ef bæjarstjórnirnar fá þessa heimild, verður það til að ýta undir hreppinn eða bæjarfélagið.

Ég held, að að athuguðu máli ættu jafnvel þeir, sem gátu ekki fallizt á frv., að geta samþ. miðlunartill. minni hl. Þeir hljóta að sjá, að búið er að sníða af frv. alla þá vankanta, sem þeir settu fyrir sig.

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Það er að vísu rétt, að það hefur nokkuð verið dregið úr frv. með brtt. minni hl., en ég hygg, að reynslan yrði sú, að á flestum stöðum eigi bæirnir einhver þau mannvirki, sem geti talizt nothæf til skipaafgreiðslu, og líka einn eða tvo uppskipunarbáta, sem hægt væri að telja uppskipunartæki.

Frsm. minni hl. talaði um afgreiðslumenn, sem sætu í mjög lágri leigu, en rökuðu saman fé. Af hverju snýr þá viðkomandi bæjarstjórn sér ekki til viðskiptaráðs og lætur lækka taxtana? Það er auðvelt að sjá til þess, að afgreiðslumennirnir fái ekki hærra en sæmilegt er. Hitt fór frsm. ekki inn á, sem er þó ekki minnsta atriðið, að skipafélögin vilja sjálf ráða trúnaðarmönnum sínum. Oft er um mikið verðmæti að ræða, sem skiptir háum upphæðum. Það kemur því niður á félögunum, ef starfið er illa rækt. Fyrir stríð var það og mikið atriði, að afgreiðslumennirnir gætu náð viðskiptum. Hér voru keppinautar bæði á meðal danskra og norskra skipafélaga. Það var því nauðsynlegt fyrir okkar félög að hafa duglega menn fyrir sig, sem gættu hagsmuna þeirra í hvívetna.

Frsm. minni hl. (Þóroddur Guðmundsson): Það er mikil umhyggjusemi, sem frsm. meiri hl.

sýnir skipafélögum og einstaklingum. Það er einkennilegt, að hans stóra hjarta skuli ekki líka ná til bæjarfélaga, sem hafa komið sér upp verðmiklum eignum. Er það ekki óréttlæti gagnvart þeim að fá ekki að hafa á hendi þá starfrækslu, sem fram fer í þeirra eigin húsum og á þeirra eigin bryggjum? Ég álít líka, að bæjarstjórnirnar séu alveg einfærar um að velja menn, sem eru þessum störfum vaxnir. Og ég vil endurtaka, að aðfinnslur frsm. meiri hl. eiga ekki lengur við, þegar minni hl. er búinn að ganga svo til móts við hann.

ATKVGR.
Brtt. 345,1 samþ. með 16:11 atkv.
1. gr., svo breytt, felld með 20:10 atkv.
Frv. þar með úr sögunni.

—o—

4. Verðlækkunarskattur.

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um verðlækkunarskatt (þmfrv., A. 491).

Á 55. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á sama fundi, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (StgrA): Ég féllst á það við hæstv. fjmrh. að gera tilraun til að hafa fund í þessari hv. d. síðdegis í dag og taka verðlækkunarskattinn til umræðu, þar eð hæstv. ríkisstj. þykir miklu skipta að fá að vita nú þegar um undirtektir þingsins í þessu máli, því að nú líður óðum að þingslitum.
Af þessum ástæðum hef ég boðað fund núna kl. 5, og sé ég mér ekki fært að hætta við hann, úr því að til hans er búið að boða.

Haraldur Guðmundsson: Ég verð því miður að lýsa því yfir, að ég get ekki komið á þennan fund. Ég hafði ekki búizt við honum og var búinn að ráðstafa þessum tíma.

Bjarni Benediktsson: Ég vil nú beina því til hæstv. forseta, að hann fresti þessum fundi. Auk sjálfstæðismanna er nú hv. 3. landsk. búinn að lýsa yfir, að hann geti ekki sótt þennan fund, og svo má e. t. v. fara um fleiri.
Það mundi lítið auka álit þingsins, ef hér væri boðað til fundar, sem farast yrði fyrir vegna þess, að þm. mættu ekki á honum, og væri það og til lítils gagns fyrir þetta mál, sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir, að afgr. verði sem fyrst.
Ef vitað hefði verið um þessa ákvörðun fyrr en raun hefur á orðið, þá hefði e. t. v. verið hægt að haga því svo til, að þm. hefðu getað mætt á þessum fundi.

Forseti (StgrA): Það lítur nú út fyrir, að ekki muni takast að ná saman fundi í þessari hv. d., og eru þá engar horfur á, að takast megi að ná þeim árangri, sem hæstv. ríkisstj. vildi ná með þessum fundi. Ég vil því afturkalla þessa fundarboðun að fengnum upplýsingum.

Á 56. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þó að grg. þessa frv. sé stutt, þá lít ég svo á, að hún segi í raun og veru það, sem segja þarf um þetta mál á þessu fyrsta stigi. Menn muna það, að þetta mál, verðlækkunarskatturinn, var rætt hér á síðasta þingi og um hann fjallað af tveimur þingnefndum eins og önnur ákvæði þáverandi dýrtíðarfrv. Málið er því hv. þm. mjög kunnugt. Þrátt fyrir þetta skal ég með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef gerzt flm. þessa frv., og geri ég ráð fyrir, að eitthvað svipaðar ástæður hafi valdið um hv. meðflm. minn að frv., þó að hann geti að vísu sjálfur sagt til þess.
Eins og allir vita, hefur þingið nú setið í nærri þrjá mánuði, og á þessu tímabili hefur ekkert verið aðhafzt í hinu svo kallaða dýrtíðarmáli. Þingið hefur engar nýjar ráðstafanir gert til þess að standa á móti dýrtíðinni eða reyna að fá hana lækkaða. Hæstv. ríkisstj. hefur að vísu skipað nýja samninganefnd eða réttara sagt fengið framleiðendur og neytendur til þess að nefna til menn í þá n. Og hugsanlegt er, að eitthvað það komi upp úr starfi þeirrar n., sem beinlínis verði til þess að lækka dýrtíðina í landinu. En enn er það ekki orðið. Dýrtíðarl. frá síðasta þingi hefur ekki verið breytt, að því er ráðstafanir gegn sjálfri dýrtíðinni varðar. Og eina ráðstöfun þeirra l., sem hægt er að segja, að sé gegn dýrtíðinni í landinu, eru heimildir þeirra laga til þess að greiða niður verðlag með fjárframlögum úr ríkissjóði. Það er að vísu annað mjög þýðingarmikið atriði í þeim l. um ákveðið hlutfall milli kaupgjalds og verðlags innan lands, ef samkomulag fengist milli stéttanna, samkomulag, sem hefur nú náðst, sem betur fer. En þó að það væri gott að ná því samkomulagi, er ekki hægt að sjá, að það hafi orðið beinlínis til þess að lækka verðlagið í landinu. Það er því alveg auðsætt, að verja þarf til þess fé úr ríkissjóði, ef halda á áfram að verjast því, að nýtt dýrtíðarflóð flæði yfir landið, — því að það er alveg sýnt, að a. m. k. þingið gerir ekki nú aðrar raunhæfar ráðstafanir í því efni.
Nú hefur mér virzt það, að fjárl. mundu verða fullhlaðin af útgjöldum. Og svo kemur fleira til greina. Ég nefndi það atriði, sem er í dýrtíðarl. frá í fyrra, um samkomulagið milli framleiðenda og neytenda og að það hefur náðst. Ef standa á við þetta samkomulag, þá kostar það líka fé og það töluvert fé. Að þessa samkomulags var leitað, var fyrir atbeina ríkisvaldsins samkvæmt l. Og ég lít svo á, að það sé tvímælalaus skylda ríkisins að sjá um það, að þetta samkomulag geti haldizt, m. ö. o., að bændur landsins fái það verð fyrir afurðir sín-

ar yfirleitt, sem ákveðið er í samkomulagi sex manna n. En ef þetta á að geta orðið, þá kostar það án efa töluvert mikið fé. Ég álít því, að þrátt fyrir það að búizt væri við eftir 2. umr. fjárl., að nokkur tekjuafgangur yrði á fjárl. og að setja mætti inn á fjárl. nýjar tekjur, — sem raunar hafa verið samþ. í l. frá Alþ., en voru ekki áætlaðar í fjárl., — þá muni samt sem áður vanta fé, ef gera á þetta hvort tveggja, sem ég hef talað um, að halda dýrtíðinni í skefjum á svipaðan hátt og gert hefur verið, — og það virðist vera það eina, sem hægt er að gera í því efni, því að ef gera á eitthvað raunhæft í málinu, þá eru það alltaf heilir hópar manna og heilar stéttir, sem rísa upp og mótmæla, enn sem komið er, — og ef að hinu leytinu á að standa við það samkomulag, er ég hef áður talað um. Ég álít því, að þingið geti ekki skilizt svo við þessi mál, að það gefi ekki stj. meiri möguleika til ráðstafana í þessum efnum en hún hefur nú, — ekki sízt sökum þess, að það virðist standa til að taka hina almennu heimild dýrtíðarl. fyrir stj. að greiða niður verðlagið burt úr l. Af þessum ástæðum er það, að ég hef gerzt flm. þessa frv. Ég áleit það vera skyldu einhverra þm. að gerast til þess. Og það, sem ég álít almenna þingmannsskyldu, get ég alveg eins tekið á mig eins og að ætla einhverjum öðrum það.

Þó að ég fullyrði það og haldi því ákveðið fram, að það sé ekki forsvaranlegt fyrir þingið að skiljast svo við þessi mál, að það gefi ekki ríkisstj. meiri möguleika en nú er til þess að inna skyldur ríkisins af hendi í þessu efni, þá vitanlega fullyrði ég ekkert um það út af fyrir sig, að þetta verði bezt og heppilegast gert með því að framlengja þennan verðlækkunarskatt, sem hér er lagt til. Það kann vel að vera, að aðrar leiðir gætu verið til í þessu efni. En þessi verðlækkunarskattur var nú í dýrtíðarl., sem samþ. voru á síðasta þingi og áttu þá að vísu ekki að gilda nema fyrir eitt ár. Og hann var samþ. að heita mátti af öllu Alþ., ef ég man rétt. Nú mun það vera sagt, að því hafi verið lofað, að þessi skattur skyldi ekki verða framlengdur, eins og svo margir bráðabirgðaskattar hafa verið. Og þetta mun rétt vera, að það mun hafa verið talið, að hann yrði ekki framlengdur. En á hinn bóginn er á það að líta, að það er í dýrtíðarmálunum nú alveg nákvæmlega sama ástand og var, þegar skatturinn var í fyrstu samþ. Og þar af leiðandi virðist mér, að hafi það verið rétt að samþ. þennan skatt á síðasta þingi, þá sé rétt að framlengja hann nú um eitt ár. Ég hygg, að flestir hv. þm. hafi litið svo á í vor, þegar gengið var frá dýrtíðarl., að það væri með því ekki gert annað en það að ganga frá bráðabirgðaskipulagi. Menn gerðu yfirleitt ráð fyrir því, að þessi mál öll yrðu tekin til endurskoðunar á því þingi, sem nú stendur yfir. Og þá var það náttúrlega mjög eðlilegt, að þessi verðlækkunarskattur væri ekki látinn gilda nema um eitt ár. En nú hefur engin slík endurskoðun farið fram, sem allir töldu víst, að gerð yrði, og eins og ég sagði áðan, sama ástand er nú í þessum efnum og þá var. Sé ég því ekki annað en það sé einmitt mjög eðlileg ráðstöfun að framlengja þessa tekjuöflunarleið um eitt ár enn, og finn ég ekki, að það komi í bága við það, sem talað hefur verið um, að þetta ætti að vera bráðabirgðaskattur. Ég er aftur á hinu, að það væri brigðmælgi, ef að stríðinu loknu eða þegar ástandið breyttist og ekki þykir lengur þörf þeirra ráðstafana, sem nú eru gerðar, þá væri farið að framlengja þennan skatt til almennra þarfa ríkisins. En hér er ekki um það að ræða að framlengja þennan skatt til almennra þarfa, heldur eingöngu til dýrtíðarráðstafana, m. ö. o. í sama skyni og hann var á lagður í fyrra. Og auðvitað er þessi skattur töluvert annars eðlis en aðrir skattar, þar sem hann gengur beinlínis til þess að lækka útgjöld þeirra manna m. a., sem greiða hann, að vísu einnig til þess að lækka útgjöld þeirra manna, sem hafa lægri tekjur en svo, að þeir greiði nokkuð af þessum skatti, en jafnframt allra landsmanna.

Á venjulegum tímum eða ef venjulega hefði verið ástatt, mundi það hafa verið talið sjálfsagt að vísa þessu máli til n. og þá að sjálfsögðu fjhn. En nú er svo ástatt, eins og hv. þdm. vita, að hv. formaður fjhn. er veikur, hv. 8. landsk. (PM), og eftir því sem mér hefur verið tjáð, er ekki von til þess, að hann verði fær til starfa nú fljótlega. En hins vegar er svo ástatt, að það er eða ætti a. m. k. að vera komið nálægt þinglokum, og því dugar ekki að tefja mál með því, að n., sem fær mál til meðferðar, geti ekki starfað. Ég hef nú sem skrifari þessarar n. gert tilraun til þess að fá n. á fund í gær og líka í morgun, en það hefur ekki lánazt. Ég tel því, þar sem svo mikilsverðu máli verður sennilega vísað til þessarar hv. n., fjhn., að nauðsyn sé á að gera ráðstafanir út af þessu, að formaðurinn er veikur. Ég vil skjóta því til Sjálfstfl. og bið hv. 1. þm. Reykv. að taka það til athugunar og flytja það, hvort flokknum sýnist ekki að setja mann í fjhn. í staðinn fyrir hv. 8. landsk., og yrði það þá annaðhvort þannig, að sá maður tæki við formannsstarfinu í n. til bráðabirgða, eða þá, að n. kysi sér formann til bráðabirgða. Að sjálfsögðu væri hægt að vinna nefndarstörf í fjhn., þó að ekki væru nema 4 menn í n., en vitanlega þarf að vera formaður í n., sem geti kallað n. saman og stýrt fundum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. að þessu frv., sem hér liggur fyrir, hefur fært fram grg. fyrir því, hvers vegna við flm. flytjum þetta mál fram nú. Og ég get sagt, að þar er ég í flestu honum samdóma, er hann sagði um það efni. Ég er ekki að flytja þetta fyrir það að ég hafi svo mikinn áhuga á því að leggja að nauðsynjalausu nýja skatta á þjóðina yfirleitt, en eins og hv. 1. flm. tók fram, er aðstaða öll þannig nú, að ég tel ekki forsvaranlegt að hreyfa ekki þessu máli hér í þinginu. Það er nú búið í þessari hv. d. að fella heimildina fyrir ríkisstj. til fjárgreiðslna til dýrtíðarráðstafana, og það má segja, að sú heimild sé komin á grafarbakkann í hv. Nd., þar sem búið er að samþ. við 2. umr. niðurfelling hennar. Og nú lítur svo út, að það er mjög vafasamt, hvort árangur verður af starfi landbúnaðarvísitölun., sem vann

að samkomulagi um vinnukaup og verðlag. Og vegna þess að nú er farið að nálgast þinglok, er það alveg nauðsynlegt að fara að athuga þessi mál, því að það hlýtur að taka nokkurn tíma að greiða þar úr, svo að vel megi fara, enda eru hér meðal hv. þm. ýmsar skoðanir um það, hvernig snúast eigi við í þessu dýrtíðarmáli. Sumir vilja framlengja verðlækkunarskattinn, aðrir vilja taka lán til þess að þurfa ekki að skattleggja þjóðina. Sumir vilja borga úr ríkissjóði til þess að reyna að halda dýrtíðinni í skefjum, aðrir eru, sem ekkert vilja gera í málinu, svo að það getur náttúrlega komið til mála, að hver höndin verði upp á móti annarri í þessu máli. Þess vegna er það, að það er mjög ábyrgðarlaust að hreyfa ekki einhverju viðkomandi þessu máli, þannig að það verði farið að vinna að því nú í þinginu og það rækilega. Við flm. þessa frv. kusum þann kostinn að koma þessu áleiðis þannig að leggja til að hafa þá sömu aðferð, sem höfð hefur verið til þessa á þessu ári, að taka einmitt upp verðlækkunarskattinn óbreyttan eins og hann hefur verið. Og hann virtist vera með fullkomnum vilja þingsins á lagður á síðasta þingi. Var þá sjálfsagt að kanna, hvort sama hugarfar væri nú hér á þinginu og var þá.

Ef sýnt er, að breyta þurfi þessu frv., er ég tilbúinn að athuga og vera með breyt. á því, sem nauðsynlegar reynast. T. d. finnst mér hugsanlegt, að rétt væri að láta skattinn ná lengra niður á tekjunum en verið hefur og einnig gætu kannske komið til greina breyt. á skattstiganum. Auðvitað fylgir maður því, sem maður telur sannast og réttast í málinu, því að eithvað verður að gera. Það er ekki hægt að hafa fullkomna óvissu í þessum málum eða eitthvað, sem verið væri að flaustra við. Þess vegna var það, sem við hv. 1. þm. Eyf. fluttum þetta frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax á þessu stigi málsins lýsa yfir því, að ég get ekki fylgt þessu frv. Ég var á móti því í fyrra, en Ed. gafst þá ekki tækifæri til að ræða málið. Það var þvingað hér í gegn, án þess að fjhn. gæfist tækifæri til að gera á því nauðsynlegar breyt. Í sambandi við það má benda flm. á, að ég bar þá fram brtt. við frv., og hann viðurkenndi, að það væri þeð eina raunverulega „pósitíva“, sem komið hefði fram í þá átt, en vegna þess, hve áliðið var þings, var ekki hægt að koma þeim breyt. við þá, annars var hætt við, að frv. mundi daga uppi, en ríkisstj. var áhugamál að fá það afgreitt. Ég veit, að hv. frsm. man eftir þessu. Og þegar þetta frv. fer í hv. fjhn., sem ég geri ráð fyrir, að verði, þá vil ég mælast til, að hún afli sér allra upplýsinga og athugi, hvort ekki er hægt að breyta því, ef það er nauðsynlegt, eins og haldið er fram, að afla nýrra tekna.

Ég get ekki fylgt þessu frv., vegna þess að ég tel ekki rétt að hafa þann hátt á að bregðast jafnan þeim loforðum, sem þjóðinni eru gefin. Það var sagt í fyrra, að verðlækkunarskatturinn ætti aðeins að gilda til eins árs. Ég efast um, að það hefði gengið í gegn þá, ef þá hefði verið sagt, að hann ætti að standa í tvö ár eða til stríðsloka. Það eru því engin rök, þegar frsm. heldur því fram, að það sé sjálfsagt að samþ. þetta frv. nú, af því að sams konar frv. var samþ. í fyrra. Þm. voru samþykkir því með því loforði, að það skyldi aðeins standa eitt ár, svo að ríkisstj. gæfist tækifæri til að undirbúa nýjar „pósitívar“ till. Nú er ekki hægt að sjá, að þær muni ætla að koma, meðan látið er í té fé til að valsa og galsa með. Ég veit ekki nema ráðlegast sé að setja hæstv. ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar og neyða hana til að hugsa eitthvað um dýrtíðarmálin. Ég vil líka benda á, að ríkisstj. var veitt heimild til að afla þessa fjár. Hún fékk leyfi til að hækka verð á tóbaki og brennivíni. Ég gerði þá fyrirspurn til hæstv. fjmrh. þá, hvort þetta ætti að vera aukagjald á þjóðinni og skatturinn haldast áfram. Svar hans var að vísu loðið, en ég gat þó ekki skilið það á þann veg, að þetta ætti að haldast. Ef svo hefði verið, þá efast ég um, að stj. hefði fengið heimild til að hækka tóbak og vín.

Ef þjóðin á öll að bera dýrtíðargjaldið, eins og látið hefur verið í veðri vaka, þá er engin meining að leggja það á lítinn hluta þjóðarinnar. En það er gert með þessu frv. Fjórir af hverjum fimm gjaldendum samkv. því eru í Reykjavík og langmestur hluti þeirra útgerðarmenn. Það er vert að athuga af þeim, sem eiga að skipta byrðinni jafnt á milli allra þegna þjóðfélagsins.

Þá vil ég benda á, að ekkert er gert upp um það, hvers vegna dýrtíðin er í landinu. Ég hlustaði hér á útvarpsumr. í gær, m. a. á hv. þm. Str., og fór fjarri því, að þar væri farið með rétt mál. Það er ekkert aukaatriði, hvort erlend þjóð rekur hér starf, sem veitir milljónir dagsverka í atvinnu. Það er ekkert aukaatriði, hvort hún greiðir 20 eða 55 milljónir af útlendu fé. Hv. þm. sýnist hafa skotizt yfir, að mikið af dýrtíðinni er greitt af erlendum þjóðum og að innstæður erlendis vaxa með degi hverjum. Vegna þess að svo mikið er greitt í leyndum greiðslum, er ekki sama, hvort það er greitt 80%—100% meira eða minna fé. Svo lengi sem þessar greiðslur vega ekki upp á móti innflutningnum er þetta vandamál. Þetta hefði hæstv. fjmrh. átt að geta gert sér ljóst, en það lítur út fyrir, að hann hafi ekki hugsað um annað en greiða dýrtíðina niður. Það er mikið rætt um, að þetta sé gert fyrir útgerðina. Ég sé ekki, hvað vinnst við þann skollaleik að taka mikið til að gefa minna. Ég veit ekki, hvort heppilegt er að búa árum saman við þetta án þess að athuga, hvort ekki sé hægt að finna traustari grundvöll. Og ef það, sem ég hef sagt, yrði til þess, að þessi heimild yðri felld, þá væri vel farið.

Ég vil játa, að þó að ég sé á móti þeim greiðslum, sem frv. gerir ráð fyrir, þá er ég ekki á móti því, að greiddar séu uppbætur til bænda. Það ætti ekki að blanda þeim málum saman. Ég lít svo á, að það þyrfti ekki neinar undirskriftir eða loforð. Því var lofað hér í fyrra, að bændum skyldi greitt fyrir afurðir sínar það, sem sex manna n. kæmist að niðurstöðu um, að þeir þyrftu að fá. (**LJóh:** Það er

herfilegur misskilningur.) Hitt er annað mál, hvernig á að afla fjár til að standa undir þeim greiðslum. Og eins og ég sagði áðan, þá hef ég sett fram „pósitívar" till. og get ekki sætt mig við aðrar ósanngjarnari og miklu verri. Verzlunarstéttin í landinu hefur þénað mest á dýrtíðinni. Hún á að bera byrðina af henni. Á hennar herðar á að leggja þá skatta, sem á eru lagðir til að halda dýrtíðinni niðri. Það er kannske ekki hægt að taka það allt á einu ári. Það má láta ríkissjóð taka dýrtíðarlán, sem svo sé greitt á vissu árabili, en setja svo skatt á verzlunarmenn í landinu til að greiða það með. Það er ekki bara, að þetta sé réttlátasta leiðin, heldur er hún auðveldasta leiðin til að leysa dýrtíðarmálin.

Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv., en ég mun fylgja því til n., og vænti ég, að hv. n. athugi þá till. mína, sem kom fram í fyrra, en þá vannst ekki tími til að athuga.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég leyfði mér fyrir nokkrum dögum að beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj., hvað liði ýmsum atriðum varðandi samkomulag sex manna n. Þessi hv. d. samþ. þáltill. um, að þessi athugun yrði framkvæmd, og að áliti okkar margra vantar grundvöll til að byggja á umr. um samkomulag sex manna n., á meðan niðurstöðurnar af hinni fyrirhuguðu athugun vantar — og þá um leið umr. um þá einu leið, sem fundin hefur verið til að leysa þessi mál. Hæstv. ráðh. var veikur, þegar ég bar þessa fyrirspurn fram, en nú er hann það ekki lengur, og þætti mér vænt um einmitt í sambandi við þessar umr. að fá hið umbeðna svar. Ég vildi leggja áherzlu á, að þessi atriði þurfa að liggja fyrir, svo að hægt sé að hafa hliðsjón af þeim við umr. málsins. Það er hvort tveggja, að þær geta verið til leiðbeiningar um það frv., sem hér liggur fyrir, og e. t. v. annað mál.

Þegar verðlækkunarskatturinn var samþ. s. l. vor, leit ég og aðrir á hann sem bráðabirgðaskatt, sem ætti að gilda í það eina skipti, og var fallizt á þetta sem bráðabirgðaráðstöfun, en ekki sem gildandi l. í landi, og lágu til þess ýmsar ástæður. Það er varðandi þennan skattstofn, sem hér er um að ræða, að gengið er ákaflega freklega á skattstofn bæjar- og sveitarfélaga. Það er kunnugt, að frá fornu fari hefur tekjum verið skipt þannig, að bæjar- og sveitarfélögin hafa haft að mestu leyti beina skatta, en ríkið óbeina. Nú hefur ríkið smám saman fært sig upp á skaftið og tekið beina skatta til sín, og var gengið sérstaklega langt í þá átt með tekjuskattsl. 1935 og bæjar- og sveitarfélögunum þar með gert erfiðara um innheimtu, enda varð fjárhagur margra þeirra erfiður og þeim erfiðara að standa undir þeim gjöldum, sem í þeirra hlut féllu. En þótt svo væri, þá hefur aldrei verið gengið eins langt í þá átt að skerða tekjulindir bæjar- og sveitarfélaga og með verðlækkunarskattinum. Það má segja, að beinir skattar til ríkisins séu orðnir hærri en til sveitarfélaganna, og er það gerbylting frá því, sem verið hefur. Áður var það svo, að tekjuskatturinn var aðeins örlítið brot af sköttum manna, en nú er hann orðinn hærri en aðrir skattar. Þetta er gerbylting á skattheimtu landsins. Og þótt fallizt væri á, að þetta væri gert í eitt skipti til bráðabirgða, þá er ekki hægt að fallast á, að það standi. Enda er eftirtektarvert, að þegar ríkið setti stríðsgróðaskattinn, þá var bæjar- og sveitarfélögum fenginn ákveðinn hluti hans, — helmingurinn var látinn renna til bæjar- og sveitarfélaga, og var þó minna en vera ætti, og nú sé ég, að komið er fram frv. í Nd. um, að bæjar- og sveitarfélögin fái 75% af þeim skatti. Varðandi þá skatta hefur löggjafarvaldið haft augun opin fyrir þessu sjónarmiði, en varðandi verðlækkunarskattinn ekki. Og ef hann á að verða áframhaldandi, þá er búið að kippa grundvellinum undan útsvarsálagningunni, og er þá ljóst, að aðstaða bæjar- og sveitarfélaga er að mörgu leyti verri en ríkisins til að afla tekna. Ríkið hefur fengið miklar tekjur af útflutningi og innflutningi, en bæjarfélögin hafa bara þetta og eiga nú að leggja gjöld sín bara á það, sem eftir er, og hæpið, að þau náist, þegar botninn dettur úr öllu saman.

Ég held því, að það sé frágangssök, jafnvel þó að fallizt sé á að halda áfram milligreiðslum til að halda niðri dýrtíðinni, — ég held það sé frágangssök, að þessi skattur verði til þess notaður.

En hér renna fleiri stoðir undir, eins og hv. þm. Barð. hefur vikið að, — m. a. sú, að ein höfuðástæðan fyrir því að halda greiðslunni áfram er, að sjávarútvegurinn mundi stöðvast ella. En nú eru það einmitt þeir, sem verða að greiða bróðurpartinn af þessum skatti. Þær upplýsingar liggja frammi fyrir þá, sem vilja kynna sér þær. Og það getur hv. d. séð, hvað það er fráleitt, að ríkið sé að verja fé til að hjálpa einum atvinnurekstri, en taka það fé síðan aftur af sama aðila. Það verður hæpinn gróði fyrir þá, sem góðs eiga að njóta af slíkum ráðstöfunum.

Hitt verð ég að viðurkenna, að það er úr vöndu að ráða með aðgerðir í verðlækkunarmálunum, og þá álít ég, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að það vanti gögn til þess, að menn geti áttað sig á, hvaða leiðir séu vænlegastar út úr þessum vanda. En það liggur í augum uppi, að samkomulagi verður að ná um niðurfærslu verðlags í landinu, eins og gleggst kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. í gær. Allt annað er í raun og veru aðeins bráðabirgðaráðstafanir til þess að koma í veg fyrir ástand, sem enginn trúir öðru en vandræði og illt hljótist af. Það var ljóst, að hæstv. ráðh. gerði sér grein fyrir því, að kominn er tími til að athuga, hvort ríkissjóður hefur efni á að halda áfram svo stórum greiðslum í þessu skyni, nema öruggt sé, að tilganginum verði náð. En það er skynsamlegt að koma í veg fyrir vanda með því að borga, ef ríkið hefur efni á því. En nú skilst mér, að komið sé að því, að það sé ekki hægt. Ef ríkið á að standa undir jafnstórkostlegum milligreiðslum og undanfarið ár, þá munu það verða um 20 millj. kr. árlega. Þá er spurningin, hvort ríkið hefur efni á að taka á sig 20 millj. króna halla, því að ljóst er, að ekki eru til peningar fyrir þessari upphæð. Það yrði þá að fara inn á þá leið að hækka skattana, og er það hæpið. Það er a. m. k. víst, að sé ekki hægt að finna aðra tekju-

stofna en nú eru kunnugir, þá er ekki hægt að fara þessa leið, því að með því móti væri ríkið að seilast inn á þá sjóði, sveitar- og bæjarsjóði, sem samkvæmt gildandi l. og landsrétti hafa verið ætlaðir til annarra og ákveðinna útgjalda. Og fari ríkið ekki aðrar fjáröflunarleiðir ár eftir ár, þá eykst vandinn stöðugt, og er þá komið út fyrir þau mörk, er setja verður.

Ég ásaka ríkisstj. engan veginn fyrir að reyna að borga niður dýrtíðina, því að ekki hefur verið bent á önnur happasælli bráðabirgðaúrræði. En þótt ég gæti fallizt á þetta, meðan nógar tekjur og sjóðir voru fyrir hendi, þá er það skilyrði ekki lengur fyrir hendi, um það ber þetta frv. öruggasta vitnið. Ríkið getur ekki lengur undir þessum greiðslum staðið og þarf að taka fé þaðan, er sízt skyldi. Auk þess kemur það til greina, sem hv. fjmrh. benti á í sinni ágætu ræðu í gærkvöld, að við mundum þegar vera komnir yfir öldutopp góðæranna. Þótt ríkið nái þessu fé enn þá inn í bili með því að taka fé af þeim, sem á að styrkja, sveitir og bæi, þá kemur sá tími, ef spádómur hv. fjmrh. reynist réttur, að þetta verður ekki heldur hægt eftir þessari leið, — því að þegar kreppan kemur, sem hann minntist á, þá verður það fyrsta afleiðing hennar, að hætta verður þessum milligreiðslum, og um leið rýkur vísitalan upp um hver veit hvað. Þetta verður þá undirbúningur okkar undir kreppuna.

Og ef við játum nú, að farið sé að halla undan fæti og nú þegar skorti fé til þessara fjárgreiðslna, verðum við þó að horfast í augu við, hve dýrtíðin er enn raunverulega há. Það er með mig eins og ríkisstj., að ég mundi hika við að telja rétt og fært að fella niður þessar milligreiðslur, þar sem ég m. a. ber ábyrgð á fjárhag Reykjavíkurbæjar og veit, að hver vísitöluhækkun þýðir aukin útgjöld fyrir bæinn, og ég hefði ástæðu til að horfa í það. En er ekki að því komið, að reynslan sýni, að ríkið hafi ekki handbært fé í þessu skyni og ekki sé hægt að ná í það nema ganga um leið svo á hlut annarra, þ. á m. hins opinbera, að seinni villan verði verri hinni fyrri?

Í vor fékkst sá skattur samþ., sem hér er nú til umr. að framlengja. Þá var mér og félögum mínum sagt, að hann ætti ekki að gilda nema þetta eina ár, og við féllumst á hann sem neyðarráðstöfun til bráðabirgða. Þá voru aðstæður allar þannig, að menn töldu, að hægt yrði að borga dýrtíðina niður í bili, en gerðu ráð fyrir, að þetta ástand yrði ekki til frambúðar eða nein framtíðarleið í þessu. Þá var miðað við að koma vísitölunni niður í 220 stig, jafnvel 210 stig, með þessum aðgerðum. En raunin hefur orðið sú, að vísitalan hefur síðan verið um 250—260 stig, og talað er um, að hún geti rokið upp í 280 stig í einu stökki. Þetta sýnir, út á hve hálar brautir hefur verið lagt, því að upphaflega var tilgangurinn með þessum ráðstöfunum sá að koma því til leiðar, að dýrtíðin kæmist niður í 220 stig. En nú er vísitalan í stað þess 260 stig, svo að það virðist óneitanlega benda í þá átt, að verið geti, að þessi milligjöf sé beinlínis til að rugla um of hið raunverulega ástand og ginna menn út af hinni einu réttu braut.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, vildi aðeins láta þessi sjónarmið koma fram. Ég tel, að þetta frv. geti ekki verið umræðugrundvöllur undir lausn þessara mála, eins og nú er komið. Hins vegar mundu það þykja hastarlegar aðfarir að láta það ekki fara lengra, svo að ég læt það hlutlaust.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. til mín viðvíkjandi þál., er hér var á ferðinni fyrir nokkru, um atriði í starfi sex manna n., þá skal ég upplýsa, að ég sendi þetta verkefni strax til hagstofunnar og hagstofustjóri tjáði mér fyrir fáum dögum, að þetta væri vel á veg komið, stæði aðeins á upplýsingum um eitt atriði. Skilst mér því, að innan skamms tíma sé von á áliti hagstofunnar um þetta. Aðrar upplýsingar get ég svo ekki gefið.

Viðvíkjandi því máli, sem hér liggur fyrir, vildi ég taka fram, að ég hef hugsað mér að blanda mér ekki í umræður þess að svo stöddu, en bíða, unz það kemur úr n. Ég tek aðeins fram, að vilji þingið halda dýrtíðinni í skefjum svipað og verið hefur og ætli það að greiða áfram uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, eins og virðist liggja fyrir, þá verður að skapa ríkinu auknar tekjur fram yfir það, sem nú er tiltækilegt. Eins og hv. þm. er kunnugt, er þegar búið að hlaða svo á fjárlfrv. það, sem nú bíður afgreiðslu, að litlar líkur eru til, að það gefi tekjuafgang.

Ég vildi aðeins láta þetta í ljós, en ræði þetta mál e. t. v. betur, er það kemur úr n.

Magnús Jónsson: Ég gæti í rauninni sparað mér að taka hér til máls, því að ég er mjög sammála því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér um þetta mál. Ég get sagt það strax og það eins, þótt ég eigi sæti í fjhn., að ég get ekki fylgt þessu máli. Þótt sams konar frv. og þetta hafi verið samþ. hér s. l. vor og þótt segja megi að þetta sé aðeins framlenging á því, þá er viðhorfið allt annað nú en þá. Þá var þessi skattur aðeins partur af víðtækri löggjöf. Við hv. þm. Barð. vítttum það, að það frv. kom ekki í þessa hv. d. fyrr en í þinglok, eftir að það hafði verið í glundroða í Nd. þingið út. Það var þá keyrt hér í gegn í skyndi og engin afstaða tekin til þessa skatts sérstaklega í frv., heldur aðeins fallizt á það í heild sem bráðabirgðalausn, þar eð annað hefði getað sett setningu sex manna n. og aðrar ráðstafanir frv. í hættu. Og einhverra tekna varð að afla, þar til þingið gæti tekið endanlegar ákvarðanir í þeim efnum.

Ég held, að það sé ekki hægt að líta á þennan skatt nema sem fyrirbæri til bráðabirgða, og ég leit aldrei á hann til frambúðar. Þessari tekjuöflun er valinn sá þrengsti hringur, sem verða má, þegar taka á fé til almennra ráðstafana, og kemur þyngst niður á þeim, sem alltaf eru nefndir, þegar talað er um nauðsyn þess að halda niðri vísitölunni vegna atvinnuveganna, en það eru smáútgerðarmenn. Ef vit á að vera í því að halda dýrtíðinni niðri með fjárframlögum, þá yrði að afla fjár til þess með sem allra almennustum gjöldum, þannig að lækkun á dýrtíðinni fengist fyrir lækkaðar kröfur allra jafnt.

En að taka fé í þessu skyni innan þröngra takmarka framlengir aðeins lítið eitt þá svikamyllu, sem dýrtíðin er. Það þarf sameiginlegt átak allrar þjóðarinnar til þess að einhver árangur fáist.

Ég tók svo eftir, en það getur verið, að mér hafi misheyrzt, ég tók svo eftir, þegar hækkun á álagningu á víni og tóbaki var hér til umr., að hv. fjmrh. liti svo á, að með þeirri tekjuöflun væri séð svo fyrir, að ekki þyrfti að framlengja verðlækkunarskattinn. Svo mikið er víst, að hv. ríkisstj. hefur ekki farið þess á leit, að þetta frv. væri flutt. Það er flutt af tveimur hv. þm., sem ég þykist vita, að séu ekki málpípur ríkisstj. öðrum fremur. Venjan er sú, er ríkisstj. vill koma frv. á framfæri, að þá fær hún einhverja n. til að flytja það. En hún bíður með afstöðu sína gagnvart þessu frv.

Ég tel, að afstaðan til þessa frv. sé óháð því, hvaða afstöðu menn kunna að taka til þess, að fé sé greitt úr ríkissjóði til þessa eða hins. Ég get tekið undir með hv. þm. Barð. um það, að afstaða mín til þessa frv. er óháð afstöðu minni til milligreiðslnanna yfirleitt. Í útvarpsræðu minni í gærkvöld benti ég á ýmsar fjáröflunarleiðir, sem fara mætti, ef halda ætti þessum greiðslum áfram. En það er mjög nauðsynlegt að skilja hér á milli uppbóta, sem greiddar eru á útfluttar landbúnaðarafurðir, og milligreiðslnanna hins vegar. Þetta eru gersamlega óskyldar greiðslur. Annað eru uppbætur til landbúnaðarins, nokkurs konar stríðsráðstafanir, af því að markaðir hafa farið forgörðum, og verð ég að segja, að ég tek afstöðu til þessara mála óháð dýrtíðinni í landinu sjálfu. Ég sé ekkert á móti því, að stríðsgróðamenn bæti upp það tjón, sem aðrir hafa liðið vegna stríðsins. Mér skilst, að ekki sé fé fyrir hendi í þessu skyni, heldur eigi að taka það sem hluta af milligreiðslunum. Nú bendi ég hv. flm. á, að það hefur alltaf verið reiptog og ágreiningur um það, hvað þessar milligreiðslur væru. Þær hafa verið kallaðar neytendastyrkir, styrkir til bænda o. s. frv. Ég vildi kalla það millistyrki til að halda niðri dýrtíðinni með sameiginlegu átaki. En þó að aldrei fáist úr þessu skorið, þá finnst mér augljóst mál, hvaðan þessu frv. er ætlað að afla tekna. Það má metast um, hver fái þær, en það er auðséð eftir þeim skattstiga, sem þessi skattur er tekinn eftir, að þessar tekjur koma frá neytendum. Það er verið að víxla fé milli neytenda og það eftir að lýst hefur verið yfir af bændum og fulltrúum þeirra, að þetta sé ekki gert í þágu bænda og að þeir vildu heldur fá verð afurða sinna beint frá neytendunum. Sumar vörur koma alls ekki á markaðinn, það borgar sig að halda þeim fyrir utan milligreiðslurnar, svo að mikill hörgull er á þeim. Annars er það nú svo og svo að verðuppbæta útfluttar afurðir, svo að verðið verði svo hátt á þeim, að hindri söluna innan lands. Þar sem bændur eru ekki heldur ginnkeyptir fyrir þessum aðförum, þá finnst mér ósamræmi í því, hvernig við högum þessu til, og ég tel mjög óheppilegt að afla fjár í þessu skyni á mjög takmörkuðu sviði.

Ég skal svo ekki fara út í það, sem hv. 6. þm. Reykv. tók hér alveg sérstaklega skýrt fram og ræður miklu um mitt atkv. líka, eins og t. d. það, hvað hér er gengið alveg geipilega inn á tekjumöguleika bæjanna, og eg vil segja sérstaklega Reykjavíkur, með þessu, þar sem þessi skattur tekur áreiðanlega svo að mörgum millj. skiptir frá tekjumöguleikum Reykjavíkur. Og það setur vitanlega sín spor á greiðslugetu bæjarbúa, þegar bærinn þarf að afla sér nauðsynlegra tekna með tiltölulega hliðstæðum skatti þeim, sem hér er um að ræða.

Eins og ég tók fram áðan, þá tel ég afstöðuna til þessa frv. út af fyrir sig ekki neitt svar við því, hvaða skoðun maður hefur almennt á milliborgunarleiðinni í dýrtíðarmálunum. Og ég skal því ekki fara út í almennar umr. um það efni. Hins vegar finnst mér ekki viðurhlutamikið, meðan hæstv. ríkisstj. leitar ekki sjálf heimildar til beinna skatta til þess að standa straum af þessum málum og þar sem hins vegar má búast við, að ekki verði langt að bíða næsta þings, sem þá gæti, ef það vildi, tekið ákvörðun í þessu máli, — mér finnst ekki viðurhlutamikið, þegar svona stendur á, að fella þetta frv. hér. Ég álasa ekki þeim hv. þm., sem bera þetta fram. Þeir sýna skoðun sína á því, hvernig þeim þykir eðlilegt að afla þessa fjár. Og ég er ekki hissa á því, að það hittist svo á, að það eru tveir hv. þm. fyrir sveitakjördæmi, sem bera þetta fram, því að þessi skattur mun yfirleitt ekki koma þar niður. Og það er þægilegt að afla tekna þannig, að ekki lendi á manni sjálfum eða þeim, sem manni eru næstir. Ég býst við, ef þetta frv. væri samþ., að það yrði ákaflega lítill skattur, sem með honum kæmi úr kjördæmi hv. 1. þm. Eyf. (BSt). En það er þá ekki nema eðlilegt, að við möldum eitthvað í móinn fyrir þá, sem eiga að borga þetta næstum því allt.

Ég sé á hinn bóginn ekki, að það komi þessu máli við, að það sé komið alllangt áleiðis frv. um það að fella niður þá almennu heimild, sem sumir álíta, að ríkisstj. hafi í dýrtíðarl. til að greiða niður verð, því að ég hef ekki heyrt neitt orð um það, að þeirri niðurfellingu eigi að fylgja það, að það eigi að neita ríkisstj. um heimildir til þessara greiðslna. Það er grundvallarskoðanamunur á því, hvort í þessu efni er nú um heimild að ræða í l., og hef ég og margir aðrir hv. þm. álitið, að réttara og þinglegra væri, að til kæmi alveg sérstök heimild frá Alþ., ef þessum milligreiðslum á að halda áfram.

Ég sé þess vegna ekki ástæðu til, að þetta frv. gangi fram. Og helzt ætti það ekki að ganga lengra. Maður getur sagt, að það sé kannske harkalegt að greiða atkv. á móti frv. til n., og ég hef ekki gert upp við mig, hvort ég vildi greiða atkv. með því til n. eða láta það hlutlaust, að það færi til 2. umr. og n. En að minni skoðun er það þýðingarlaust, af því að í sambandi við þetta frv. tek ég enga sérstaka afstöðu til dýrtíðarmálsins. Hvaða afstöðu sem ég hef til dýrtíðarmálsins, þá verð ég ekki með þessu frv., hvorki óbreyttu né breyttu á einhvern hátt, sem sé, að tekna sé aflað á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir.

Haraldur Guðmundsson: Í grg. þessa frv., sem er næsta stutt og laggóð, segir svo: „Brýna nauð-

syn ber til að framlengja ákvæði laga nr. 42, 1943, um verðlækkunarskatt, þau er í frv. þessu greinir, til þess að ríkissjóður geti innt af hendi framlög vegna dýrtíðarráðstafana 1944".

Nú vil ég aðeins vekja athygli á því, sem hv. þdm. er öllum kunnugt, að Alþ. hefur engar ályktanir gert, að því er ég veit til, um dýrtíðarráðstafanir á árinu 1944, nema ef menn vilja telja til slíkra tíðinda, að þessi hv. d. hefur afgreitt frá sér breyt. á dýrtíðarl., þar sem tekið er fram, að sú almenna heimild til niðurgreiðslna á verði á vörum, sem þar er að finna, skuli vera bundin því skilyrði, að Alþ. heimili að veita fé til þess. En slíka samþ. hefur, eins og ég sagði áðan, Alþ. ekki gert. Mér virðist því, að það væri að byrja á öfugum enda að byrja á því að samþ. þetta frv., án þess að á undan sé gengið að taka ákvarðanir um það, hvaða dýrtíðarráðstafanir skuli gera. Það hefur að vísu komið hér fram í umr., að um tvennar ráðstafanir væri að ræða, annað að halda áfram uppbótargreiðslum á innlendar afurðir, sem ríkisstj. hefur innt af hendi til þessa, og í öðru lagi þurfi einnig að greiða uppbætur á útflutningsverð landbúnaðarafurða. Ég vil taka undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að í umræðum um dýrtíðarmálin á síðasta þingi hafi öllum komið saman um það, að það væri fullkomlega útilokað, að hægt væri að kaupa dýrtíðina niður með fjárframlögum úr ríkissjóði til varanlegrar frambúðar, þó að bæði ég og fjölmargir aðrir væru á þeirri skoðun, að slíkt væri gerandi um ákveðinn stuttan tíma til þess að ná einhverjum sérstökum tilætluðum árangri. Og dýrtíðarl. í fyrra og verðlækkunarskatturinn, sem var einn liður í þeim, voru einmitt sett í þessu ákveðna skyni, sem sé til þess að greiða þær milligjafir, sem ríkisstj. var í þeim l. heimilað að greiða, þangað til niðurstöður sex manna n. væru kunnar orðnar. Enda var í öllum ákvæðum um verðlækkunarskattinn miðað við það, hvað það mundi kosta að halda verðinu innan vissra takmarka þetta tímabil, og hefur látið nokkuð nærri, að verðlækkunarskatturinn hafi hrokkið til þess og þess annars, sem honum var ætlað, við að greiða dýrtíðina niður.

Ég vil taka undir það, að þó að svo sé látið líta út sem þessi skattur komi aðallega á nokkuð háar miðlungstekjur, þá hlýtur hann að valda því, að aðrir skattar, útsvar fyrst og fremst, á lægri tekjur hljóta að hækka mjög verulega, ef þessi skattur verður samþ. Það er nú bannað með l. að leggja útsvar á þann hluta teknanna, sem er yfir 200 þús. kr. En á tekjur á bilinu milli 10 þús. kr. til 200 þús. kr. á þessi skattur að koma, og það er áætlað, að hann muni nema 8 millj. kr. Í mörgum tilfellum yrði því, ef þetta frv. væri samþ., eins hár skattur tiltölulega á þessu tekjubili og á tekjunum yfir 200 þús. kr., og væri þá í eðli sínu óeðlilegt í þeim tilfellum að leggja útsvar á menn á því tekjubili, meðan bannað er að leggja útsvar á tekjur yfir 200 þús. kr. Gæti þetta gengið svo langt, að bæjarfélögin hefðu ekki annað að leita um álagningu útsvara en leggja á þær tekjur, sem eru undir því marki, þar sem þessi skattur samkv. frv. hefst.

Ég sagði áðan, að Alþ. hefði engar ákvarðanir gert um dýrtíðarráðstafanir. Og ég vil bæta því við, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn þá farið fram á að fá fjárveitingu til dýrtíðarráðstafana til þess að lækka verðlag innan lands. Og má vera, að það valdi, að ekki er enn afgreitt það frv., sem ég nefndi áðan, um breyt. á dýrtíðarl., sem farið er fyrir nokkru frá þessari hv. d.

Alþfl. hefur ekki tekið afstöðu til þessa frv., en ég get sagt sem mína skoðun, að ég tel ekki rétt, að frv. verði samþ. Þess vegna mun ég ekki vera á móti því, að frv. fari til n. og fái þar athugun á eðlilegan hátt.

Ég skal ekki gera dýrtíðarmálið eða þær dýrtíðarráðstafanir, sem hafa verið framkvæmdar til þessa, að umræðuefni að þessu sinni. En ég get þó ekki komizt hjá því að drepa á eitt meginatriði í því efni. Að minni hyggju er það fullkomlega eðlilegt og réttmætt að greiða fé frá því opinbera til þess að lækka dýrtíðina, annaðhvort um ákveðið tímabil eða til þess að skapa framtíðaröryggi fyrir atvinnu og atvinnurekstur í landinu. Þegar hæstv. ríkisstj. á síðasta vori lagði fram frv. sitt um dýrtíðarráðstafanir, þá lét hún það fylgja með, að hún teldi, að það þyrfti þá þegar að ná því marki að lækka vísitöluna niður í það, sem vísitalan fyrir útlendar vörur hér á landi væri, sem var eitthvað á milli 210 og 220 stig, segjandi sem svo: Það eru sérstakar ástæður utan að komandi, sem hafa valdið þessari verðhækkun, en þeirri verðhækkun, sem umfram er, valda innlendar ástæður, sem við ættum að geta haft meira vald á. Ég álít og hef alltaf haldið því fram við umr. um þessi dýrtíðarmál, að það, sem miða ætti við, væri að koma vísitölunni það niður, að nokkurn veginn samsvaraði vísitölunni fyrir útlendar vörur hér. Með því ynnist það, að þegar verðlag lækkaði og flutningsgjöld, þá nýtur að fullu í vísitölulækkun hjá okkur þeirrar lækkunar. En það getur ekki orðið, ef vísitalan er af öðrum ástæðum langtum hærri en svarar til vísitölu erlendu varanna.

Niðurstaðan af löggjöfinni um dýrtíðarmálin í fyrra, eins og frá þeim var gengið, var augsýnileg. Ég hygg, að ríkisstj. hafi gert ráð fyrir, að eftir þeim mundi verða hægt að lækka vísitöluna niður í 236 stig. Ég vil ekki fullyrða þetta, en mig minnir það þó. Þetta lánaðist ekki. Og til þess er fyrst og fremst sú ástæða, að mjólk og kjöt var ekki lækkað jafnmikið og ráð var fyrir gert í dýrtíðarl., vegna þess að Búnaðarfélag Íslands vildi ekki fallast á svo mikla lækkun, þó að full endurgreiðsla úr ríkissjóði kæmi til. Hvað sem um þetta er, þá er víst, að niðurstaðan varð sú, að vísitalan komst ekki nema niður í 247 stig, og var það, að ég ætla, aðeins einn mánuð. Þegar svo ríkisstj. í upphafi framhalds þessa þings nú í haust ritaði flokkunum og óskaði samþykkis þeirra til þess að hækka álagningu á áfengi og tóbak, þá gerði hún ráð fyrir því, að með þeim tekjum, sem fengjust af tóbakshækkuninni og áfengishækkuninni, mundi nokkurn veginn tryggt, að hægt mundi vera að halda vísitölunni nálægt 250 stigum. En svo á meðan þessi mál eru í deiglunni hér á Alþ., þá hækkar vísitalan, ef ég man rétt, upp í 262 stig, þó að kjöt- og mjólkurverði væri

haldið niðri með þessum fjárgreiðslum. Ég ætla, að ég muni það einnig rétt, að ríkisstj. hafi þá gert ráð fyrir, að hækkun á verði kjöts og mjólkur, ef ekki væri verðbætt hér innan lands, mundi verða til 15 til 17 stiga hækkunar á vísitölunni, og ég hygg, að það hafi verið rétt út reiknað. Nú var að vísu mjólkin hækkuð um 5 aura, frá því sem áður var, og kjöt, að ég ætla, um 10 aura pr. kg., þannig að sú vísitölulækkun, sem keypt hefur verið með milligreiðslu, er því þessu minni en ella hefði verið. Vísitalan er nú, eins og ég sagði áðan, um 260 stig. Samkvæmt þessum útreikningi vísitölunnar, sem hæstv. ríkisstj. lét gera um áætlaða hækkun vísitölunnar, ef millígreiðslurnar væru ekki framkvæmdar, þá mætti nú gera ráð fyrir því, að vísitalan mundi hækka, ef þessar uppbótagreiðslur féllu niður, um nánast eitthvað innan við 15 stig, sennilega 13 til 14 stig, eða komast eitthvað yfir 270 stig. Það, sem mér því finnst þurfa að athuga í þessu sambandi, er þetta: Er það skynsamleg meðferð á peningum að verja 10 til 12 millj. kr. til þess að koma í veg fyrir 13, 14 eða 15 stiga hækkun á vísitölunni? Þetta munar hér um bil 6%, sem vísitalan yrði hærri, sé þessi útreikningur réttur, ef hætt væri þessum greiðslum. Fljótt á litið mundi þetta — frá sjónarmiði allra launtaka í landinu — virðast vera hið mesta óráð. Kaupgjald þeirra verður að krónutölu þessum 6% lægra, ef verðlaginu er haldið niðri, þó að þeir hafi sömu kaupgetu. En skatturinn, sem þeir þurfa að greiða ríkissjóði til þess að halda vísitölunni niðri og nema mun um 10 til 12 millj. kr., sem yrðu greiddar sem uppbætur á innanlandssölu, kemur fram sem aukin útgjöld og aukin byrði á þessa menn fyrst og fremst. Hins vegar skal ég játa það, að ef þessar ráðstafanir verða til þess, eins og ég sagði áðan, að tryggja áframhaldandi atvinnu og atvinnurekstur í landinu, þá er fullkomlega á það lítandi. En er það nokkur sérstök trygging í þessu efni að halda vísitölunni niðri í 260 stigum? Ég verð að segja, að svo er ekki, vegna þess að við erum í báðum tilfellum með vísitöluna svo langt fyrir ofan það, sem erlenda vísitalan er, að það munar svo litlu, hvort vísitalan er þessu lægri eða hærri.

Þetta, sem hér hefur verið sagt, lýtur að uppbótagreiðslum á vörur, sem seldar eru innan lands, sem ríkisstj. taldi sig hafa fengið rétt til með hækkun álagningar á áfengi og tóbak. Ætla mætti því, að ekki þyrfti þá sérstöku tekjuöflun til þeirra greiðslna, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að mæta þeim útgjöldum, þó að meiri hluti þingsins fallist á, að þessum uppbótagreiðslum sé haldið áfram. Þessi skattur, sem hér er um að ræða, er því bersýnilega eingöngu fyrirhugaður til þess að mæta uppbótagreiðslum á útfluttar landbúnaðarafurðir, enda hefur örlað á því talsvert víða hér í þessum umr. Ég tel, að það væri hið mesta óvit, ef nú ætti að ákveða uppbótagreiðslur á útflutningsvörur landbúnaðarins.

Hv. þm. Barð. hélt því fram, að bændur ættu að l. kröfu á því að fá það verð fyrir afurðir sínar, sem sex manna n. hefur ákveðið, hvort sem hægt er að selja þær hér innan lands eða ekki og hvort sem yfirleitt er hægt að selja þær eða ekki, svo framarlega sem þeir noti þær ekki sjálfir. Ég vil bara taka fram, að ég álít, að þetta sé ekki annað en fullyrðing, sem hefur ekki stoð í nokkurri löggjöf, enda væri það ranglæti gagnvart öllum öðrum stéttum þjóðfélagsins. Með þessari löggjöf er það ákveðið, að næðist samkomulag í n., eins og varð, þá skuli það verð, sem afurðir bænda eru seldar fyrir innan lands, samsvara því, að bændur fái heim til sín það verð, sem tilgreint er í áliti n., kr. 6,82 pr. kg. En sex manna n. hafði enga heimild til þess að gera nokkra ákvörðun um það að greiða uppbætur þannig, að tryggt væri, að sama verð kæmi til bænda fyrir landbúnaðarvörur, hvort sem þær væru seldar innan lands eða til útlanda eða væru kannske óseljanlegar, enda er ekki vafi á því, að þetta er viðurkennt, því að ég veit það með sanni, að það eru samtök meðal þm. um að láta Alþ. fallast á að greiða þessar uppbætur, en slík samtök væru vitanlega óþörf, ef lög fyrirskipuðu að inna af hendi slíkar greiðslur.

Ég skal ekki neitt ræða hér niðurstöður sex manna n. að öðru leyti en því að segja, að með því hlutfalli, sem samkv. niðurstöðum hennar er ákveðið milli kaupgjalds og afurðaverðs, þá virðist mér alveg útilokað, að unnt sé að koma dýrtíðinni það niður, sem ég hef alltaf talið og tel enn, að sé það mark, sem að beri að stefna, að lækka vísitöluna niður í það að vera nálægt því sem verðlag útlendu varanna er. Með því hlutfalli, sem fundið er nú fyrir kaupgjald og afurðaverð samkv. niðurstöðum sex manna n., er það ómögulegt, vegna þess að það mundi kosta eitt af tvennu, stórfelldan launaniðurskurð hjá öllum launþegum í landinu, — en það væri bæði ranglátt og óframkvæmanlegt, a. m. k. eins og nú stendur, — eða þá svo gífurlegar greiðslur úr ríkissjóði, að ómögulegt væri að afla fjár til þess.

Ég mun ekki setja mig gegn því, að frv. fari til 2. umr. Alþfl. hefur ekki tekið afstöðu til frv. enn. En ég tel ekki gerlegt að ljá þessu máli fylgi eða styðja að því, að það verði afgreitt hér.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er nú komið að lokum venjulegs fundartíma, og skal ég því mjög takmarka mál mitt. Og það vill nú svo til, að þó að hv. þdm. hafi talað á móti þessu frv., þá sé ég ekki ástæðu til þess að svara því miklu, því að ég hef nú verið sumum þeim atriðum, sem þeir hafa tekið fram, sammála. Önnur atriði í ræðum þeirra fannst mér ekki koma þessu máli svo mikið við. Umr. hafa nú orðið töluvert almennar, og væri þá tækifæri til að svara öðru frekar á síðari stigum málsins, ef frv. lifir svo lengi. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast á það, sem fram hefur komið hjá þessum hv. ræðumönnum, að það sé brigðmælgi, ef þetta frv. verður samþ. Ég man nú ekki eftir, að hæstv. Alþ. viðhefði svo ákveðið loforð um, að skatturinn yrði ekki framlengdur, nema á þann hátt, sem oft hefur verið, að hann var ákveðinn til eins árs, og þurfti því löggjöf á ný, til þess að hann gilti lengur. En

þetta hefur nú komið fyrir áður. Þó býst ég við, að landsmenn hafi yfirleitt litið svo á, að þetta væru ráðstafanir í dýrtíðarl., sem ættu ekki að gilda nema þetta ár og það verði því einhverjir skattþegnar, sem líti á það sem brigðmælgi, ef þetta verður samþ. En í hverju er brigðmælgin þá fólgin? Það hefur líka komið fram hjá þessum hv. þm., að þetta hafi verið bráðabirgðaráðstafanir, meðan verið væri að athuga málið í heild, meðan verið væri að reyna að koma sér niður á aðrar og frekari ráðstafanir í dýrtíðarmálunum. Ég held því, ef um brigðmælgi er að ræða, að það sé hjá okkur öllum, sem á Alþ. sitjum, í því efni að hafa ekki fyrr hafizt handa um að rannsaka þessi mál á ný og reyna að koma okkur saman eða a. m. k. fá einhvern meiri hluta fyrir ákveðnum aðgerðum, og hins vegar að nokkru leyti hjá þjóðinni og trúnaðarmönnum hennar, sem hafa torveldað það, að þetta gæti orðið.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að það var mjög óforsvaranlegt, hvernig þetta dýrtíðarmál á síðasta þingi var sent hingað til hv. Ed. daginn áður en ljúka átti störfum í deildinni. En ekki get ég nú viðurkennt það, að með því höfum við beinlínis verið þvingaðir til þess að samþ. frv., því að náttúrlega var okkur frjálst að fella það.

Það er stórt mál, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist hér á, þ. e. þá skiptingu, sem ætti að vera á opinberum gjöldum almennings til ríkis og bæja. Ég get fúslega viðurkennt það, að í þeim efnum ríkir hið mesta öngþveiti, og væri full þörf á að rannsaka það. Mér fyrir mitt leyti finnst, að það ætti ekki að vera nema einn einasti skattur, sem síðan væri skipt á milli ríkis og bæjar- og sveitarfélaga. En ég hygg, að það sé engin algild regla til enn sem komið er til þess að fara eftir í þessu efni og að þessi skattur sé ekki meira frávik en oft hafa verið gerð áður frá reglu, sem verið hefur, því að hún hefur engin verið til. Og beinir skattar til ríkisins hafa í raun og veru alltaf viðgengizt, a. m. k. síðan hér kom konungsstjórn, þó að þeir hafi verið lægri til forna en nú.

Ég hef ekki tíma til að ræða þetta frekar, og eru þó ýmis atriði hér, sem ég hefði viljað aðeins drepa á. En ég verð að sleppa því, af því að svo er áliðið fundartíma, ef menn vildu sættast á að láta atkvgr. fara nú fram og tefja ekki þessa umr. Ég hygg, að dagurinn á morgun verði tekinn til 3. umr. fjárl., og yrði þá þetta að bíða fram yfir helgi, ef ekki yrði afgreiðsla nú. Ég sem flm. ætla að láta umr. niður falla.

Út af þeim orðum, sem féllu hjá hv. 6. þm. Reykv., — og ég held einnig hjá 1. þm. Reykv., — að þeir byggjust við að greiða atkv. móti frv. við þessa 1. umr., vil ég segja, að mér finnst það alveg rétt af þeim, ef þeir eru alráðnir á móti málinu. Séu þeir það, er eðlilegt, að þeir vilji ekki, að það gangi til n., enda væri það þýðingarlaust, ef þd. væri ráðin í að fella það. Hitt er oft, að menn eru ekki þannig ráðnir á fyrsta stigi málsins, og þá er málum vísað í n., ef verða mætti um þau samkomulag við frekari athugun eða menn sjá þau síðar í nýju ljósi, svo að þeir geti betur um dæmt.

Ef frv. verður vísað til fjhn., vil ég minna Sjálfstfl. og hv. forseta á, að vegna veikinda formanns er n. ekki starfhæf sem stendur, og þyrfti úr því að bæta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞÞ, BSt, EE, GJ, GÍG, HG, HermJ.

nei: MJ, BBen, BrB, KA, LJóh, StgrA.

3 þm. (PM, IngP, JJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkvæði sínu:

Magnús Jónsson: Með tilvísun til röksemda hv. fyrri flm. (BSt) segi ég nei.

Bjarni Benediktsson: Með sömu grg. og hv. 1. þm. Reykv. segi ég nei.

Lárus Jóhannesson: Með sömu grg. og hv. 1. þm. Reykv. segi ég nei.

Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 57. og 58. fundi í Ed., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 491, n. 528 og 529).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var rætt hér allýtarlega við 1. umr. Get ég þess vegna að mjög verulegu leyti sparað mér mikil ræðuhöld, a. m. k. ef ekki gefst sérstakt tilefni til. — En fjhn. hefur klofnað um þetta mál, þannig að fjórir nm. leggja til, að frv. nái ekki fram að ganga. Hef ég litlu við það að bæta, sem stendur í nál. á þskj. 528 um það, og vil leyfa mér að láta nægja að vísa í það, ef ekki gefst frekara tilefni en í þeim umr., sem fóru fram við 1. umr. um málið. Þeir fjórir nm., sem eru á móti því, að frv. nái fram að ganga, eru það ekki allir af sömu ástæðum. Tveir af þessum hv. nm. telja tekjuöflun eitthvað svipaða þessari, sem hér er um að ræða, ekki ófæra leið, en þó sjálfsagt með nokkrum breyt. En aftur á móti eru tveir aðrir hv. nm. beinlínis á móti þeirri tekjuöflunaraðferð, sem hér er um að ræða. Það varð þess vegna ekki úr neinni samvinnu milli hv. minni hl. n. og þeirra manna úr meiri hl., sem út af fyrir sig lögðust ekki á móti tekjuöflunaraðferð svipaðri þessari, af þeirri eðlilegu ástæðu, að hv. flm. hafa lýst yfir því, að þeir hafi ekki beinlínis borið þetta frv. fram af því, að þeim hafi þótt þetta álitleg tekjuöflunaraðferð, heldur af því, að þeir telji tilganginn með tekjuöfluninni svo mikla nauðsyn, og vegna þess, að það sé ekki tiltæk önnur leið, sem þeim þá líki betur, til þess að afla tekna til þessara hluta. Þessir tveir nm. töldu hins vegar tilganginn ekki þann, sem þeir óskuðu, að hafður væri með þessari tekjuöflun. — Ég held því, að eftir að n. hefur afgreitt þetta mál, þá verði naumast hægt við það annað að gera en láta það ganga undir atkv. að svo komnu máli. Og ég vil fyrir hönd meiri hl. fjhn. leggja til, að frv. verði fellt.

Haraldur Guðmundsson: Eins og segir í nál. á þskj. 528, þá get ég ekki fallizt á að mæla með því, að frv. þetta verði samþ., fyrst og fremst vegna þess, að ég er alveg ósamþykkur því. sem sagt er í nál. hv. minni hl. fjhn., að beina lagaskyldu beri til þess að tryggja bændum það verð fyrir afurðir, einnig fyrir þær útfluttu afurðir, sem landbúnaðarvísitölun. ákvað. Ég er andvígur því, að ákvörðun sé um það tekin á þessu þingi, að fé verði lagt til þeirra uppbótagreiðslna, og mun ekki geta greitt því atkv. að afla fjár í því skyni. Ég benti á við 1. umr., að auk þessara ástæðna teldi ég verulegan galla á þessu frv. út af fyrir sig þá tekjuöflun, sem hér er farið fram á, og sérstaklega þann galla, að þó að þessi skattur komi, ef samþ. yrði, á sæmilega háar tekjur, þá hlyti hann óhjákvæmilega — að annarri löggjöf óbreyttri — að verða til þess, að útsvör á lægri tekjur mundu hækka. Hins vegar skal ég ekki neita því, að ég gæti hugsað mér að vera með þessum skatti, að vísu breyttum, og ég hafði orð á því í fjhn., ef tekjum af honum væri varið til eflingar sjávarútveginum, til þess að styðja hann til þess að smíða ný skip og þess háttar. En þetta fékk ekki undirtektir hv. annarra nm. Ég vil því hér með leggja fram skrifl. brtt., svo hljóðandi: „Við 2. gr. Greinin orðist svo: Tekjur samkv. 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð, sem verja skal til aukningar skipastólnum og eflingar sjávarútvegi eða á annan hátt samkvæmt ákvörðun Alþingis."

Ég skal geta þess, að verði þessi brtt. samþ., áskil ég mér rétt til þess að bera fram brtt. við 1. gr. frv., um skattálagninguna, en sé ekki ástæðu til þess, fyrr en ég sé, hvernig fer um þessa brtt. Verði þessi brtt. hins vegar felld, mun ég greiða atkv. á móti frv.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk. þm. (HG), svo hljóðandi: [sjá þskj. 559].

Það þarf tvöföld afbrigði fyrir þessari brtt. Hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hef ekki margt að segja í þessu máli frekar en tekið var fram við 1. umr. þess. Ég get að mestu leyti vísað til álits minni hl. fjhn. (BSt) og þess, sem þar er sagt. En það, sem ég vil minnast á hér, eru þau vonbrigði, sem ég hef orðið fyrir í þessu máli. Ég gerði að vísu ráð fyrir því við 1. umr., að þetta frv. mundi falla, en mér urðu það nokkur vonbrigði, að hv. fjhn. skyldi ekki, um leið og hún — eða meiri hl. hennar — snerist á móti frv. þessu, koma með einhverjar till. um breyt. á þessu frv., þannig að fundin væri þá tekjuöflunarleið í staðinn fyrir þetta. En það hefur algerlega brugðizt. Málið, sem þetta frv. átti að leysa, er því í þeim sama hnút og það áður var. Þetta frv. var borið fram til þess að þreifa fyrir sér um það, hvað hv. þm. vildu gera til þess að hefjast handa um þetta mál, áður en komið væri alveg að þinglokum.

Hv. meiri hl. fjhn. virðist ekki hafa verið á sama máli að öllu leyti, því að mér virðist n. vera að vissu leyti í fjórum pörtum í áliti á þessu máli. Tveir nm. eru á móti frv. í sjálfu sér. En þrír nm. virðast vera með því, einn ákveðið, sem er í minni hl. n., til þess að nota þetta fé til þess að vinna á móti dýrtíðinni. Annar kveðst vilja taka þetta fé og nota það til þess að færa niður dýrtíðina, en með öðrum hætti. En einn vill stefna þessu fé til sjávar. En sem sagt, það hefur ekki verið ráðið neitt fram úr því enn sem komið er, hvernig leysa á þá erfiðleika, sem dýrtíðin veldur, og stemma stigu fyrir hana, þ. e., hvernig eigi að afla fjár til þess. Og ég vildi gjarnan fá að heyra það frá hv. fjhn. þessarar d., hvort hún hefur ekki hafið neinn undirbúning undir það að standa á móti þeim erfiðleikum, sem dýrtíðin hefur í för með sér.

Ég tek það fram nú, eins og ég gerði við 1. umr., að okkur flm. frv. þótti þetta eðlilegasta leiðin til þeirra ráðstafana, sem bent er til með þessu frv., að samþ. þá sömu tekjuöflun, sem hv. þingheimur samþ. á síðasta þingi, þannig að sú tekjuöflun héldi áfram næsta ár til þess að standa á móti dýrtíðinni meo því fé, sem af þessu fengist. Það hefur orðið meiningamunur um þessa leið eins og allt annað, sem gert er í þessum efnum, en yfirleitt held ég, að sagt sé, að þessi skattur hafi ekki reynzt þannig, að ástæða væri til þess að hætta við hann, fyrr en búið væri þá að koma sér niður á annað betra. En að fella þetta frv. án þess að hafa fundið aðrar leiðir til tekjuöflunar í þessu skyni, það finnst mér vera mjög fljótráðið, vægast sagt.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hefði getað hugsað mér að samþ. þennan skatt, ef fénu hefði verið varið til aðkallandi verklegra framkvæmda, og þar á ég m. a. við, að því verði varið til þess að kaupa útlent efni í skip. Ég get þess vegna fallizt á þessa skrifl. brtt., sem fram er komin frá hv. 3. landsk. þm. (HG). Ef sú till. yrði samþ., gæti ég fylgt frv. til 3. umr. og séð til, hvort unnt yrði að gera breyt. á því, svo að samkomulag gæti orðið um samþykkt þess.

En það stendur í 2. gr. frv., að tekjum þeim, sem aflað er samkv. 1. gr., skuli varið til að standast kostnað við dýrtíðarráðstafanir. Nú kemur það hvergi fram í frv. eða grg. þess, hvers konar dýrtíðarráðstafanir hér er um að ræða og hvað vakir fyrir hv. flm. (ÞÞ: Það var tekið fram í framsögu málsins.) Ég skildi það ekki til fulls í framsögu málsins. En það kemur fram í nál. minni hl. fjhn., að hv. flm. hugsi sér að greiða með þessu fé uppbætur á landbúnaðarafurðir. Ég veit ekki, hvort þar er átt við útfluttar landbúnaðarafurðir eða þær, sem seldar eru á innlendum markaði. En það er æskilegt, að það komi skýrt fram, hvort heldur er. Ef tilgangur frv. væri sá að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum, sem seldar eru innan lands, þá fæ ég ekki skilið, hvaða nauðsyn er á því að bera þetta frv. fram, því að það er þegar búið að samþ. á þessu þingi frv. frá hæstv. ríkisstj. um hækkun á álagningu á áfengi og tóbak einmitt í þeim tilgangi að greiða niður land-

búnaðarafurðir, sem seldar eru á innlendum markaði. En um þetta voru nú mjög skiptar skoðanir, hvort yfirleitt bæri að halda áfram þessum niðurgreiðslum. En það hefur ekki verið borið undir Alþ. enn, hvort það vilji veita ríkisstj. heimild til þess að halda áfram þessum niðurgreiðslum. En yrði slík heimild veitt, þá væri sjálfsagt fé til þess nóg með þeirri tekjuöflun, sem ríkisstj. fékk samþ. í þeim l., sem ég nefndi, og út frá því sjónarmiði þá var alveg óþarft að bera þetta frv. fram, sem hér liggur fyrir. Það liggur í þessu ekki annað fyrir en fá úr því skorið, hvort Alþ. vill veita ríkisstj. þessa heimild til niðurgreiðslna eða ekki. Það er ekki enn búið að ráðstafa þessu fé í fjárl., og að mér skilst hefur hv. fjvn. ekki gert till. um ráðstöfun þessa fjár út frá þeim forsendum, að það væri ekki enn úr því skorið, hvort það væri vilji Alþ., að haldið skyldi áfram þessum niðurgreiðslum eða ekki. En ef um það væri að ræða að nota það fé, sem hér um ræðir, til þess að borga uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, þá get ég ekki fallizt á það. Það skiptir náttúrlega ekki máli, hvort þetta fé eða annað er notað til þess. En ég get ekki fallizt á þetta frv. í þeim tilgangi að greiða þessar uppbætur. Ekki svo að skilja, að ég telji mig með öllu andvígan því, að fé verði veitt úr ríkissjóði til þess að tryggja, að bændur hafi sambærileg kjör á við aðrar stéttir, heldur er ég á móti því, að bændur, sem þurfa þess alls ekki með að fá neinar sérstakar greiðslur sem uppbætur til þess að hafa sambærileg kjör á við aðrar stéttir, af því að þeir hafa hærri tekjur fyrir en aðrir vinnandi menn í landinu, — ég er á móti því, að þeir fái greiddar uppbætur á afurðir sínar. Ef um það væri að ræða að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, þá tel ég alveg óhjákvæmilegt að setja um það sérstök l. Og ég get með engu móti fallizt á neina fjárveitingu til þeirra hluta, nema því aðeins, að fyrir liggi um það l., þar sem kveðið er á um þær reglur, sem farið yrði eftir við greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og ég gæti fellt mig við. Hins vegar gæti ég líka hugsað mér, að þessu fé yrði varið til dýrtíðarráðstafana, ef um raunverulegar dýrtíðarráðstafanir væri þá að ræða, dýrtíðarráðstafanir, sem ég væri samþykkur. T. d. gæti ég hugsað mér skatt eins og þennan, enda þótt hann sé alltilfinnanlegur fyrir bæjarfélögin, til þess að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem yrði af því, að tollar á nauðsynjavörum væru lækkaðir í því skyni að færa niður dýrtíðina. En eins og þetta frv. er fram borið — til einhverra alveg óákveðinna dýrtíðarráðstafana, sem Alþ. hefur alls ekki fjallað um, — tel ég ekki ná nokkurri átt að samþ. það. Og verði hin skrifl. brtt. hv. 3. landsk. þm. ekki samþ., þá mun ég greiða atkv. á móti frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hygg nú, að hin skjóta og sundurlynda afgreiðsla þessa máls í hv. fjhn. stafi nokkuð af því, að hv. alþm. hafi ekki gert sér alveg ljóst enn þá, í hvaða sjálfheldu dýrtíðarmálin eru komin hér á Alþ. Í fyrra, þegar hér kom ný ríkisstj., þá setti hún fram frv. til dýrtíðarl., sem samþ. var hér á Alþ. Og þó að þau l. væru ekki eftir eigin óskum hæstv. ríkisstj., eins og hún setti frv. um þau fram í upphafi, þá tók hún a. m. k. á móti þeim dýrtíðarl. með þeirri skoðun, að hún væri fær um með þeim dýrtíðarl. að laga dýrtíðarmálin, til þess a. m. k. að þau kæmust í minna öngþveiti. Nú hefur aftur á móti sýnt sig, að þessi l. hafa sett dýrtíðarmálin í þá sjálfheldu, að nú virðist ógerningur að leysa þann hnút nema með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Ég vil fyrst benda á, að það er enn þá fullkomið ósamkomulag um það á Alþ., hvernig eigi að skilja mikilvæg ákvæði þessara l. Nokkur hluti þingsins, og þar á meðal er ég, lítur svo á, að samkv. dýrtíðarl. beri að greiða bændum uppbætur á útfluttar afurðir. Aðrir hv. þm. líta svo á, að þetta beri ekki að gera, það sé ekki uppbótaskylt neitt af þeim afurðum, sem fluttar eru út. Og áður en í raun og veru er hægt að afla nokkurra tekna til þessara mála, er nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, hvort samkv. dýrtíðarl. frá síðasta þingi í raun og veru er skylda að bæta upp þessar útfluttu landbúnaðarafurðir eða hvort ekki er skylda að gera það. Ég lít svo á, að jafnvel þó að dómur félli um það, að það væri ekki eftir þeim l. skylda að greiða þessar uppbætur, þá geti ekki undir neinum kringumstæðum komið annað til mála en gera það, vegna þess að verðið á landbúnaðarvörum innan lands á s. l. hausti (1943) var sett bókstaflega með þeim skilningi á l., að það væri skylda að bæta upp verðið á útfluttu landbúnaðarafurðunum. Ef á þeim tíma, þegar verðið var ákveðið á þessum vörum innan lands, hefði legið fyrir dómur um það, að ekki skyldi verðbæta útfluttu afurðirnar, þá hefði verðið á landbúnaðarafurðunum innan lands verið sett miklu hærra en gert var, bæði á kjöti og mjólk, og þar af leiðandi hefði milligjöf ríkissjóðs orðið miklu hærri, ef halda hefði átt vísitölunni niðri í því sama og nú er gert. Ber þá allt að sama brunni, að það er í raun og veru alveg sama, hvor leiðin farin er.

Þá komum við að hinu, hvort ekki er unnt að færa niður dýrtíðina með niðurskurði á vinnulaunum annars vegar og hins vegar verði landbúnaðarafurða, þannig að hlutfallið milli þessa tvenns sé það sama, eftir að niðurfærslan hefur átt sér stað. En þó að samkomulag fengist um þetta atriði, þá er vitanlegt, að ríkissjóður kemst ekki hjá þeim erfiðleikum að verða samt sem áður að greiða allar þær milljónir, sem liggja á milli þess, sem greitt er til bænda samkv. ákvörðun sex manna n., og útsöluverðs til kaupandans, til þess að halda dýrtíðinni niðri. Og ég hygg, að þeir hv. þm. séu margir, sem hafa ekki gert sér þetta ljóst, að ríkissjóður verður að greiða þetta svo lengi sem dýrtíðarl. frá í fyrra standa og allt til stríðsloka, eftir því sem ákveðið er í þeim l.

Það er því augljóslega rangt hjá hv. 1. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, um verðlækkunarskatt, sem hann hélt fram hér við 1. umr., að ástandið í dýrtíðarmálunum hefði ekkert breytzt frá því, sem var á síðasta þingi, þegar l. um dýrtíðarráðstafanir voru samþ. Ástandið hefur breytzt svo mikið, að þá var gert ráð fyr-

ir, að þessi skattur stæði um eitt ár, þangað til búið væri að koma löggjöf um dýrtíðarmálin í fast form. Nú er með úrskurði sex manna n. búið að koma þessu máli í það horf, að þetta er ekki eins árs skattur, heldur skattur, sem verður að reikna með, annaðhvort þangað til stríðinu er lokið eða einhverjir aðrir samningar gerðir eða önnur l. eru samþ. um þetta mál.

Mér er hins vegar ómögulegt að skilja, hvers vegna hv. flm. þessa frv. hafa farið af stað með þetta mál. Ríkisstj. bað um dýrtíðarl., og þau fékk hún. Hún fékk einnig þá heimild til þess að nota svo eða svo mikið fé til dýrtíðarráðstafana. Hún fékk enn fremur heimild til þess að taka upp undir 9 millj. kr. í hækkuðu verði á tóbaki og áfengi til þessara sömu ráðstafana. Og hún virðist ekki hafa óskað eftir neinu meira fé til þess að halda málinu gangandi. Ef það er það raunverulega í málinu, að hún þurfi meira fé til þessa, þá er það fyrst og fremst ríkisstj. sjálfrar að óska eftir því fé og einnig að tiltaka, í hvaða formi hún vill fá þá skatta á lagða, sem til þess þarf, að þetta fé náist inn, og í þriðja lagi að gera grein fyrir því, hvers vegna það fé, sem henni var heimilað, hefur ekki nægt og hvaða árangri hún hugsi sér að ná með þeim nýju tekjum, sem hún er að biðja um. Allt þetta virðist mér verða að liggja fyrir hv. þd., áður en samþ. eru l. um nokkrar nýjar tekjur vegna dýrtíðarráðstafana.

Hvað snertir þá brtt., sem fram hefur komið skrifl. frá hv. 3. landsk. þm. (HG), þá vil ég strax benda á, hvaða skrípaleik hér yfirleitt er verið að leika. Það er talað um að verja þessum skatti til þess að auka skipastólinn og greiða á annan hátt fyrir útveginum. Það er nú vitanlegt, að ef þetta frv. yrði samþ., þá væri verið að taka langmestan hluta af þessu fé, sem með verðlækkunarskattinum kæmi inn, frá útgerðinni. Og þar með væri verið að minnka möguleika hennar til þess að auka skipastólinn og til þess að vera áframhaldandi sjálfbjarga. Og svo á að gera þetta allt til þess að „auka skipastólinn", eins og þetta er orðað í skrifl. brtt., og til „eflingar sjávarútveginum". Mér finnast þessi vinnubrögð vera fyrir utan öll takmörk, og er undarlegt, að nokkrir menn, sem hafa snefil af viti á fjármálum, geti fylgt slíkri till. Ef þetta fé ætti að taka einhvers staðar annars staðar frá en frá sjávarútveginum, þá væri öðru máli að gegna, þó að til væri tekið, að það ætti að vera honum til eflingar. En langsamlega mestur hluti þessa fjár mundi verða tekinn af sjávarútveginum, ekki aðeins stórútgerðinni, heldur einnig smáútveginum, sem er kominn í það ástand, að honum veitir sannarlega ekki af sínu. Ég get því ekki verið með till., sem borin er fram þannig í málinu.

Mér hefði fundizt langeðlilegast, að á þessu stigi málsins hefðu hv. flm. frv. óskað eftir því, að umr. um það yrði frestað, til þess að m. a. fjhn. þessarar hv. d. gæti gert sér ljóst, í hvaða ástandi dýrtíðarmálin eru nú, og í samráði við ríkisstj. sett fram ákveðnar till. um það, hvernig úr þeirri flækju skuli greitt. Það væri betra en að ríkisstj. kæmi á hverjum tíma og bæði um alveg ný fjárframlög eftir alveg óhugsuðum eða mjög vanhugsuðum leiðum. Og ég vil beina því til hv. 2. flm. frv., hvort það væri ekki betri lausn á þessu máli en að láta nú ganga atkv. um það og láta samþ. eða fella frv., eftir því, hvaða afl er til hér í hv. d. í því efni. Því að það er ekki hægt að komast hjá því að taka það alvarlega, í hvaða sjálfheldu Alþ. er búið að koma þessum málum eftir beiðni ríkisstj., sjálfheldu, sem er miklu meiri en málið hefur nokkurn tíma verið í áður. Það er sjáanlegt, að í sex manna n. hafa vinnubrögðin verið þannig, að umboðsmenn launþega þar hafa ekki haft neina tilhneigingu til þess að standa á móti því, að framleiðendur fengju fyrir sínar afurðir eins og þeir óskuðu eftir. Og samkv. þessari reglu, sem þar var samþ., var mismunurinn, sem í því sambandi kom fram, þ. e. það, sem framleiðendur fengu minna fyrir sína vinnu en aðrar vinnandi stéttir, settur beint á ríkissjóðinn. Það eru því ekki launþegar og heldur ekki framleiðendur landbúnaðarafurða, sem bera þær byrðar, heldur ríkissjóður, sem verður að standa undir þessu. Umboðsmenn þessir hafa á sama tíma hugsað sér, að það kæmi aldrei til mála, að þeir greiddu atkv. um það á Alþ., að ríkissjóður tæki á sig þessa byrði, en að þetta mundi verða til þess, að bændur fengju hærra verð fyrir afurðirnar, það mundi svo hækka kaupgjaldið, svo hækkaði verðið til framleiðenda, og þannig hækkaði verðið aftur og svona héldi þetta áfram í sífellu. — Ég varð mjög glaður yfir því, að samkomulag hafði orðið í landbúnaðarvísitölunefnd. En þegar ég las skjöl um það samkomulag, þá sá ég, að dýrtíðarmálunum hafði aldrei fyrr verið komið í það öngþveiti, sem orðið var þá. Ég hygg því tíma til þess kominn að athuga þessi mál meira en að kasta fram lítt hugsuðum frv. um tekjuöflun, sem bæta ekki neitt úr því, sem úr þarf að bæta, til þess að leysa þann dróma, sem þessi mál eru komin í á hæstv. Alþ.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég held, að það sé ekki tími til þess að hafa langar umr. um dýrtíðarmálin almennt að þessu sinni. Við höfum nú um skeið búið við það bráðabirgðaástand í dýrtíðarmálunum að borga niður að nokkru leyti vöruverð til þess að geta haldið atvinnuvegunum á floti. Þó að slíkt sé að vísu engin lausn á dýrtíðarmálunum, þá held ég, að flestir séu ánægðir með þær ráðstafanir, meðan ekki er fundin lausn á dýrtíðarmálinu sjálfu, og ræði ég það ekki nánar.

En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er vitanlega komið fram í þeim tilgangi að afla tekna til þess að halda niðri verðlaginu. Og þegar rætt er um það hér í þessari hv. d., hvort ríkissj. muni skorta fé til þess að inna þessar greiðslur af hendi, þá held ég, að það sé öllum hv. þm. ljóst, nú þegar verið er að ljúka við afgreiðslu fjárl., að það muni skorta fé til þess að inna af höndum þessar greiðslur, sem við margir þm. höfum samþ., að ríkissjóður skyldi inna af hendi vegna ákvörðunar sex manna n. En Alþ. er hins vegar skylt að sjá ríkissjóði fyrir tekjum til þess að hann geti innt af höndum þær greiðslur. Það kemur fram í nál. minni hl., sem ég álít, að sé alveg rétt, að þessu fé sé raunverulega öllu

varið til þess að borga niður dýrtíðina, þó að hluti af því verði notaður til þess að borga uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, vegna þess, að ef ekki væru greiddar uppbætur á þær, þá þyrftu þær að hækka á innlendum markaði sem svarar því, hvað verðið er lægra á erlendum markaði. Sú hækkun á landbúnaðarvörum á innlendum markaði gæti orðið talsvert mikil, og þar með hlyti það að hækka dýrtíðina, því að ef bændur eiga að fá það verð, sem sex manna n. gerði ráð fyrir, liggur það í hlutarins eðli, að ekki er hægt að fara nema tvær leiðir. Annaðhvort verður að fara þá leið að setja verð á vörum á innlendum markaði samkvæmt því, sem sex manna n. hefur ákveðið, og greiða síðan uppbætur á þær vörur, sem fluttar eru úr landinu, eða þá hins vegar að setja verð á vörurnar, sem seldar eru á innlendum markaði mun hærra en það er nú. Þess vegna er það, að hvoru tveggja þessu fé er varið til þess að borga niður dýrtíðina, eins og það er almennt kallað. Það er frá mínu sjónarmiði svo, að ég tel, að þar sem fé vantar til þess að inna þessar greiðslur af hendi og þar sem því er varið í þeim tilgangi, sem ég hef lýst, þá tel ég það réttláta leið að afla þess fjár á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og með verðlækkunarskattinum er einmitt ætlazt til þess, að fyrst og fremst þeir, sem hæstar hafa tekjurnar, verði látnir borga þetta fé í ríkissjóðinn, til þess að honum verði fært að halda atvinnulífinu á floti og stefna að meiri jöfnuði í þjóðfélaginu en ella mundi. Ef svo fer, sem mér virðist horfa, að frv. verði fellt, þá vil ég einmitt benda hv. þm. á það, að ég tel, að sú tekjuöflunarleið, sem hér er farið fram á, sé sú réttlátasta tekjuöflunarleið, sem hægt er að fara. En verði sú leið felld, þá leiðir það af hlutarins eðli, að þeir, sem gjarnan vildu fylgja þessari leið, hljóta að fylgja öðrum tekjuöflunarleiðum, jafnvel þó að þær frá þeirra sjónarmiði væru ekki eins réttlátar og sú, sem hér liggur fyrir, því að þann kost mundum við ýmsir þm. kjósa fremur en að ekki sé staðið við þær skuldbindingar, sem við álítum, að Alþ. hafi gefið íslenzkum bændum með milligöngu sex manna n. og samkvæmt þeim l., sem Alþ. hefur samþ. Við munum virða það loforð Alþ. svo mikils og telja það svo alvarlega skuldbindingu, að við munum neyðast til þess að fara inn á tekjuöflunarleið, sem okkur væri ógeðfelld. Þetta tel ég rétt, að komi fram á þessu stigi málsins, áður en það kemst á það stig, sem getur leitt til þess, að það yrði að fara inn á óheppilegar leiðir til tekjuöflunar í þessu skyni. Og hv. þm. ættu að athuga það, að þeir hafa einmitt nú vald á þessu atriði, en ekki síðar. Viðvíkjandi þeim brtt., sem hér liggja fyrir, vil ég segja það, að það er vitað mál, í hvaða tilgangi á að verja þessu fé. Það er vitað, að frv. er komið fram til þess að afla tekna til þess að borga niður dýrtíðina á þann hátt, sem ég hef lýst, og það þá fyrst og fremst til þess að geta staðið við það að borga uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það væri mjög æskilegt, að hægt væri að ganga til atkv. um málið, og skal ég því vera stuttorður. Ég skal aðeins segja það út af fyrirspurn hv. þm. Dal. um það, hvort n. hafi nokkuð hugsað fyrir öðrum tekjuöflunarleiðum, ef þessi yrði ekki farin, að ég get upplýst hann um það, að n. hefur ekki á neinn hátt haft það með höndum, og verður það skiljanlegt, þegar nál. meiri hl. er lesið, sem sé það, að n. hefur ekki getað orðið sammála um það, að afla beri tekna í þessu skyni.

Um brtt. hv. 3. landsk. þarf ég ekki að ræða einmitt af þeim ástæðum, að ég hef ekki verið meðmæltur þessum skatti og lít á hann sem beina fjarstæðu, og þó teldi ég hann enn meiri fjarstæðu, ef ekki ætti að nota hann til þess, sem ákveðið er í 2. gr., heldur væri tilgangurinn sá þar að auki að fella niður niðurgreiðslur á dýrtíðinni. Það hefur verið rætt nokkuð á víð og dreif um dýrtíðarmálin, en út í það skal ég ekki fara. En á hinn bóginn vil ég segja það, að það getur orkað tvímælis, hvað mikils fjár þurfi að afla, þó að standa eigi við það, sem sex manna n. komst að, og maður fallist á það sem álit þeirrar n., að það hafi átt að tryggja bændum það verð, sem þeim er ákveðið, fyrir alla þeirra framleiðslu, þá er í rauninni ekki þörf á öðru en því að bæta upp útflutningskostnaðinn. Hitt er algert fyrirkomulagsatriði, hvort bændur taka það með, sem þeir eiga að fá, sem beint söluverð á þessum vörum eða hvort þeir taka nokkurn hluta þess með milligjöfum. Það, sem hér greinir á um, er því ekki það, hvort standa beri við skuldbindingar um það, að bændur eigi að fá þetta verð, — nei, um það er ekki að ræða, heldur er hér aðeins deilt um fyrirkomulag dýrtíðarmálanna í heild sinni.

Hvort það eigi að halda vísitölunni niðri, ætla ég ekki að fara út í, en ég vil aðeins segja það, að á meðan við höfum ekki náð meiri tökum á þessum málum en svo, að við höldum áfram að greiða vörurnar niður, tel ég þennan skatt ekki þá réttu aðferð, og eins og ég gat um við 1. umr., tel ég þurfa að afla þessara tekna á miklu víðtækari grundvelli en lagt er til með þessu frv. Hér er lagður skattur á tiltölulega lítinn hóp landsmanna, og í þeim hópi eru einmitt þeir menn, sem vísitölulækkunin kemur mest niður á. Ég held, að landsmenn þurfi að finna, hvar við erum staddir í þessum málum. Ég er hræddur um, að við leysum þessi mál seint, meðan fjöldi landsmanna getur sagt: Ég þarf ekki að standa undir þessu, þetta hlýtur að geta gengið svona áfram. Ég held, að það þurfi að koma byrðunum á sem allra flesta, til þess að sem flestir hafi tilfinningu fyrir því, að hér sé ekki allt með felldu.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira og mun ekki taka aftur til máls, nema frekara tilefni gefist til.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég álít heppilegt að geta lokið þessu máli í dag og skal því ekki tefja umr. Ég vil svara því, sem hv. þm. Barð. beindi til mín, hvort ég vildi ekki fara fram á, að umr. yrði frestað um málið og það aftur athugað af n. Ég sé enga ástæðu til þess að gera það, nema því aðeins, að hv. fjhn. láti í ljós

þann vilja sinn, að hún vildi taka málið fyrir aftur.

Hv. þm. Barð. gaf það í skyn, að hér væri um mjög vanhugsað tekjufrv. að ræða, en ég vil segja honum, að þetta frv. er bæði talsvert hugsað og einnig er reynsla komin fram um verðlækkunarskattinn. Hv. þm. verður að skilja það, að hér verður að koma ný tekjuöflun, ef ekki á að hætta öllum dýrtíðarráðstöfunum. Það er hins vegar kunnugt, að ekki er hægt að bæta miklum útgjöldum í fjárlögin. Ég vil segja það, að ég tel ómögulegt að hverfa frá uppbótastefnunni á kjöt, þar sem 'haustverðið nú og söluverðið hefur verið miðað við það, að uppbætur yrðu greiddar.

Ef staðið væri við ályktun sex manna n., yrði kjöt á innlendum markaði að vera miklu hærra en ella, ef ekki væru greiddar uppbætur á útflutt kjöt. Þess vegna get ég svarað hv. 5. þm. Reykv. því, að ég ætlast til þess, að þessar uppbætur nægi bæði á útflutt kjöt og eins til þess að borga niður landbúnaðarvörur á innlendum markaði. En hvernig sú skipting fer fram, hef ég aftur ekkert sagt um. En hitt er víst, að til þess þarf mikið fé, og það fé er ekki til á fjárl. þeim, sem nú liggur fyrir að samþ.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða till. hv. 3. þm. Reykv. Ég álít, að hún ætti ekki að koma til greina. Ég vildi svo mælast til þess, að þessu máli gæti orðið lokið á þessum fundi.

Gísli Jónsson: Okkur hv. þm. Dal. ber ekki svo mikið á milli um uppbæturnar, en í tilefni af því, sem hann sagði, að það væri fengin reynsla um verðlækkunarskattinn, vil ég segja það, að loforð stj. um það, að þessi skattur skyldi verða til þess að gera eignir þeirra manna, sem greiða skattinn, verðmætari, — þau hafa alveg brugðizt. Þessi skattur hefur verið notaður til þess að bæta lífskjör ákveðinna stétta í landinu. Ég er ekki á móti því, að lífskjör þeirra verði bætt, en ég tel ekki réttlátt, að það sé gert með því að leggja skatt á mjög þröngan hring manna í landinu, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram í sinni ræðu. Réttlætistilfinning þeirra manna er ekki mikil, sem telja, að þetta sé réttlátasti skatturinn af öllum sköttum, og það er alveg vafamál, hvort slíkir menn ættu að hafa atkvæðisrétt um það, hverjir ættu að greiða skatt.

Ég vil benda þeim mönnum, sem tala um, að þingið verði að efna loforð sín um uppbætur, á það, að þingið hefur gefið loforð um það, að l. um verðlækkunarskattinn skyldu ekki gilda nema eitt ár. Ég ætla að efna þau loforð, sem ég hef gefið í sambandi við uppbæturnar, en ég mun ekki heldur gleyma því loforði, sem ég hef gefið öðrum um það, að þessar skattabyrðar skyldu ekki standa lengur en þetta eina ár, eins og lofað var hér á síðasta þingi. Og ég vænti þess, að hv. þm. gleymi ekki því loforði, þegar gengið verður til atkv. um þetta mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HermJ, IngP, JJ, KA, PHerm, ÞÞ, BrB, StgrA.

nei: GJ, MJ, BBen.

5 þm. (GÍG, LJóh, PM, ÞSt, EE) fjarstaddir.

Brtt. 559 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, KA, BrB, StgrA.

nei: GJ, HermJ, IngP, JJ, MJ, PHerm, ÞÞ.

BBen greiddi ekki atkv.

5 þm. (GÍG, LJóh, PM, BSt, EE) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að ég lít svo á, ef þessi brtt. verður samþ., að fé þetta verði að langmestu leyti tekið frá útgerðinni og þetta þar af leiðandi mundi verða til erfiðleika fyrir hana við að auka flota sinn sjálf án íhlutunar ríkissjóðs, og með því að ég álít, ef till. yrði samþ., að með þessu væri torveldað fyrir ríkissjóð að ná tekjum til þess að standa við skuldbindingar sínar við bændur landsins, segi ég nei.

2. gr. samþ. með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞÞ, HermJ, IngP, JJ.

nei: BrB, HG, KA, StgrA.

MJ, BBen, GJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (LJóh, PM, BSt, EE, GÍG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Af því að búið er nú í svip að samþykkja 1. gr. frv. og ég á hinn bóginn amast ekki við því, að þessum styrk sé varið eins og ákveðið er í 2. gr., ef frv. á að samþykkja, en er á móti málinu í heild sinni, greiði ég ekki atkv.

Bjarni Benediktsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

3.—4. gr. felldar með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ.

nei: KA, BBen, BrB, GJ, HG.

MJ, StgrA greiddu ekki atkv.

5 þm. (LJóh, PM, BSt, EE, GÍG) fjarstaddir.

Frv. fellt með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ.

nei: GJ, HG, KA, MJ, BBen, BrB, StgrA.

5 þm. (EE, GÍG, LJóh, PM, BSt) fjarstaddir.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Erfðalög.

Á 1. fundi í Sþ., 8. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til erfðalaga (stjfrv. A. 44).

Á 13. fundi í Nd., 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta er í raun og veru einfalt mjög og gerð grein fyrir framkomu þess í aths. við það.

Erfðalög þau, sem nú eru í gildi, erfðatilskipun frá 1850, var til meðferðar á þingunum 1847 og 1849. Erfðatilskipunin frá 1850 var því sett með ráðum Alþingis. Þessi erfðatilskipun var óbreytt í 70 ár, og sýnir það sig því, að l. þessi hafa verið vel gerð og við hæfi þjóðarinnar. Aðeins gæti maður sagt, að á þessu tímabili hefði sú breyting orðið, að ríkisvaldið tók sinn rétt til erfða með því að auka erfðafjárskattinn, hækka hann og gera hann mismunandi, gera þannig mun á því, til hverra arfurinn félli. En á sjálfri erfðatilskipuninni var gerð fyrst breyt. með l. 1921, þar sem erfðaréttur óskilgetinna barna var víkkaður. Þar næst var gerð breyt. á erfðatilskipuninni með l. 1923, þegar erfðaréttur eftirlifandi maka var aukinn. Þrátt fyrir það að þessar breyt. hafa verið gerðar, virtist stj., að tími væri til kominn að gera enn breyt. sökum breytts viðhorfs í þjóðfélaginu, — hvernig ættir yfirleitt líta á skyldur sínar gagnvart meðlimum sínum, og enn fremur, að ættartilfinningin er í raun og veru heldur að sljóvgast. Tilfinningin fyrir framfærsluskyldunni, sem var rík í ættunum áður gagnvart meðlimum ættarinnar, hefur dofnað. Og lögin hafa ekki gert kröfur í jafnríkum mæli og áður, til þess að ættin framfærði meðlimi sína. Þá hafa og hinar sósíölu tryggingar, sem hefur vaxið svo mjög ásmegin síðustu árin, komið því til leiðar, að framfærsluskyldan er eiginlega horfin úr meðvitund manna nema innan mjög þröngra takmarka. En vegna þess að framfærsluskylda og erfðaréttur eru nátengd, þótti stj. nú rétt að stíga það skref, sem gert er með þessu lagafrv., þ. e. að takmarka rétt ættarinnar til erfða. Við, sem höfum fengizt við skiptamál um lengri eða skemmri tíma, höfum rekið okkur á það, hversu — ég vil segja herfilega — hefur farið um álitlegar fjárfúlgur, einmitt vegna þess, hvað þær dreifðust víða og margir áttu arftökurétt. Álitlegar fúlgur og eignir hafa skipzt og orðið að engu fyrir þessar sakir.

Þetta frv. breytir ekki erfðagrundvellinum, en takmarkar réttinn til erfða. Nú getur það verið álitamál, hver takmörkunin á að vera. En höfuðsjónarmiðið, sem vakir fyrir stj., er það, að frændsemiserfðarétturinn eigi að vera bara í eina línu, upp og niður, og ná til systkina, en þegar línan lengist niður á við eða um hliðarlínu er að ræða, þá skuli skera yfir. Systkinabörn eigi ekki rétt, þótt foreldrið eigi rétt. Þetta getur verið álitamál, og þetta fær n. og þingið nú til athugunar.

Í öðru lagi hefur verið víkkaður réttur á einu sviði. Óskilgetin börn fengu rýmkaðan erfðarétt 1921. En í 2. gr. þessara l. er rétturinn enn dálítið færður út. Það getur verið álitamál, hvort þetta sé rétt, en stj. virðist það nú. Annars er í aths. við þá gr. gerð grein fyrir þessu.

Enn fremur er í 3. gr. víkkaður réttur, og er það réttur kjörbarna. Hann var áður þannig, að kjörforeldrarnir gátu ekki látið kjörbörn fá meira en einn fjórða, ef þeir áttu niðja á lífi. I raun og veru á ekki frekar að takmarka rétt kjörbarna með l. heldur en það væru kynborin börn. En hins vegar er í gr. látinn haldast réttur kjörforeldra til að setja í upphafi takmörk fyrir því, hvað kjörbörn skuli erfa.

Þá vil ég taka fram, að réttur til að gera erfðaskrár er eiginlega alveg látinn halda sér eins og hann var. En ég vil í því sambandi benda sérstaklega á 19. gr. þessa frv., og gæti n. athugað, hvort ekki er ástæða til að rýmka réttinn til að gera erfðaskrá frá því, sem þar er. Annars skal ég ekki fara lengra inn á það.

Ef þetta frv. verður að lögum, má búast við því, að meira fé falli utan ættarerfðanna og falli því til hins opinbera meiri fúlgur en áður. Og þá er spurningin um það, hvernig er bezt farið með það fé. Út frá því sjónarmiði, að erfðir standa í nánu sambandi við framfærslu og uppeldi, þá hefur stj. þótt það réttast að stinga upp á því, að þeir arfar, sem falla til hins opinbera, féllu til sjóða, sem væri sérstaklega varið til framfærslu og uppeldis. Og fyrir því er gerð sú till., sem í 24. gr. segir.

Ég hirði ekki að eyða fleiri orðum að frv., en vænti þess, að n. sú, sem fær það til meðferðar, gefi stj. kost á að fylgjast með starfi sínu. Ég ætla, að réttast sé, að það sé allshn., og geri það að till. minni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda á, að hv. *forsrh.*, sem hafði ætlað að taka til máls, er fjarstaddur.

Vegna fjarveru hv. þm. Snæf., sem er frsm. í þessu máli, *álít ég réttast*, að umr. um málið verði frestað.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 44, n. 368).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Á öndverðu þingi flutti ríkisstj. frv. til erfðal., sem ætlazt er til, að komi í stað tilskipunar, sem gefin var út árið 1850 og er því orðin allt að því aldar gömul. Allshn. hefur haft frv. til meðferðar og hefur sent það lagad. háskólans til umsagnar. Fyrir nokkru barst umsögnin, þar sem d. taldi rétt, að fram færi frekari undirbúningur og n. lögfræðinga væri látin endurskoða erfðalöggjöfina ýtarlega og gera síðan till. um breyt. á henni eins fljótt og unnt er. Allshn. ræddi þetta mál síðar á fundi sínum og fékk til viðtals hæstv. félmrh. Niðurstaðan varð sú, að málið yrði afgreitt með svofelldri rökst. dagskrá:

„Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti fram fara gagngera endurskoðun erfðalöggjafarinnar og leggi þær niðurstöður fyrir Alþ. eins fljótt og unnt er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Ég vil í meginatriðum vísa til nál. og umsagnar lagad. háskólans, en þó þykir mér rétt að minnast nokkrum orðum á ástæðuna til þess, að n. taldi ekki fært að afgreiða frv. á þessu stigi.

Með þessu frv. er gerð róttæk breyt. á gildandi erfðal. Aðalbreyt. má telja þá, að rétturinn til arfs vegna skyldleika er takmarkaður við nánari ættingja en áður var. Samkvæmt núgildandi l. geta mjög fjarskyldir ættmenn eða útarfar komið til greina um úthlutun arfs, en eftir frv. er ætlazt til, að þetta verði takmarkað þannig, að erfðarétturinn gangi í beinan legg. N. er sammála um, að með þessu sé stefnt í rétta átt, en með núgildandi l. sé gengið of langt í því að veita fjarskyldum ættmennum erfðarétt. Hins vegar er n. ekki sammála um, að rétt sé að takmarka þetta eins mjög og gert er með frv., t. d. þannig, að bræðra- eða systrabörn séu svipt arfi, en þetta er eitt af meginatriðum í frv., og telur n., að það þurfi frekari athugunar við.

Annað atriði, sem frv. gerir breyt. á, er erfðaréttur kjörbarna gagnvart foreldrum og kjörforeldrum. Samkvæmt frv. á að slíta erfðatengsl kjörbarna og náttúrlegra foreldra, og orkar mjög tvímælis, hvort rétt er að ganga svo langt.

Þriðja breyt. er sú, að í stað þess, að arfur, sem enginn á löglegan rétt til, fellur nú allur til ríkissjóðs, skal aðeins 1/4 hluti arfsins falla í ríkissjóð, en hitt skiptist að jöfnu milli ellistyrktarsjóðs og sjóðs til uppeldis og menntunar ungmenna innan 18 ára aldurs í hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélagi. Þetta telur nefndin til bóta og er því fylgjandi, enda er augljóst, að eftir að erfðaréttur hefur verið takmarkaður, verða þær fúlgur hærri, sem talizt geta yfirgefinn arfur.

Ég hef nú drepið á helztu breyt., sem gert er ráð fyrir í frv., og sé ekki ástæðu til að gera það frekar að umræðuefni. En á hinn bóginn hefur bæði lagad. og allshn. virzt rétt, úr því að farið er að endurskoða erfðalöggjöfina, að *ýmislegt í orðalagi og efni hennar verði athugað nánar*. Ég vil benda á 12.—14. gr., sem eru teknar orðrétt úr gömlu erfðal. og eru ekki lengur í samræmi við breyttar réttarvenjur um fjárhag hjóna og afstöðu þeirra sín á milli. Sú gr. frv., sem fjallar um fyrir fram greiddan arf, þarf endurskoðunar við. Enn fremur er gr. um erfðaskráningu, sem tekin er upp úr gömlu erfðal., orðin úrelt. Það er nokkuð almennt álit manna, að þegar þeir hafa gert erfðaskrá sína og tilkvatt tvo votta til undirskrifta, þá sé allt í lagi og erfðaskráin fullgild, en samkvæmt núgildandi l. og ákvæðum frv. mundi hún samt yfirleitt ekki verða tekin gild, ef annar votturinn er látinn eða báðir eða þeir orðnir ófærir um að láta staðfestingu í té. Ég bendi á þetta sem atriði, er þarf endurskoðunar við. Ýmislegt annað gæti komið til greina, t. d. það, að notarius publicus staðfesti erfðaskrár manna. Þá má benda á eitt atriði enn. Í l. er svo ákveðið, að maður, sem á arfgenga niðja, geti ráðstafað 1/4 eigna, en 3/4 eru skylduarfur. Það væri athugandi, hvort ekki ætti að heimila að leggja hömlur á meðferð þessa skylduarfs, ef erfingja er ekki trúandi til að fara skynsamlega með arfinn.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en ég hef sem sagt bent á ýmis atriði í erfðal., sem þurfa frekari breyt. við. Hins vegar er erfitt fyrir n. að gera umfangsmiklar breyt. og er eðlilegt, að sérfróðir menn séu settir til að athuga þetta mál fyrir næsta þ. Þess vegna hefur n. samþ. að afgreiða málið með rökst. dagskrá, þar sem ríkisstj. er falið að láta fara fram gagngera endurskoðun erfðal.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Hv. frsm. allshn. hefur gert grein fyrir athugasemdum þeim og vandamálum, sem n. telur, að ekki hafi verið leyst með þessu frv. Þetta er eitt af þeim málum, sem ekki getur orðið flokksmál, þó að það sé í sjálfu sér mikilsvert. Það getur ekki orðið heit deila um svona mál, og er ekki heldur þess að vænta, að þm. almennt fái áhuga á slíku máli. Þess vegna er það, að þetta mál sem önnur slík þarf að vera vel undirbúið, bæði að efni og formi. Frv. þarf að vera aðgengilegt í höfuðdráttum, svo að Alþ. geti tekið það til fullkominnar meðferðar. Nú hefur hv. allshn. athugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að svo áfátt sé um undirbúning frv., að hún geti ekki lagt til, að það verði

látið ganga lengra, heldur verði því vísað til stj. að nýju. N. hefur að vísu getað fallizt í höfuðatriðum á það, sem frv. var aðallega ætlað að flytja, sem sé takmarkanir á erfðarétti skyldmenna, en það er líka eina atriðið viðvíkjandi erfðaréttinum, sem n. hefur tekið afstöðu til, því að hún getur þess aðeins, að þau séu skiptar skoðanir um það, hvað langt eigi að ganga, og hv. allshn. hefur næga ástæðu til að afgr. málið þannig, af því að hún hafði vísað málinu til umsagnar lagadeildar. Þessi vísan til laga- og hagfræðideildar var gerð að mínu ráði, og það sýnir sig svo, að allshn. hefur eiginlega í meginatriðum létt af sér erfiði með því að gera umsögn laga- og hagfræðideildar að sinni. Enda er umsögn eða nál. allshn. ekki nema sjö línur. En þessi umsögn laga- og hagfræðideildar, þótt hún sé merkileg í sjálfu sér, er þannig, að ég hefði óskað þess, að hún hefði verið dálítið meira leiðbeinandi en fram kemur og hefði tekið svolítið fastar á þessu til leiðbeiningar fyrir Alþ. Það er aðeins eitt atriði, sem ég kem síðar að, sem hún er alveg ákveðin um í umsögn sinni, en í öðrum atriðum er það svo, að það er allt saman álitamál um það, hvað gera skuli í þessum efnum, bæði sem frv. fer fram á að breyta, og eins í því, sem frv. fer ekki fram á að breyta í núverandi erfðalöggjöf. Ég hefði því óskað þess, en það er ekki nema ósk frá minni hálfu, að lagadeild hefði greint nánar frá, í hverju væru fólgnir agnúarnir á frv. Hún segir aðeins, að þetta sé álitamál, þetta orki tvímælis og það sé vart í samræmi við nútímann o. s. frv., en annars gefur hún bara bendingu um athugun, sem þurfi að fara fram, en segir ekkert um það, hvernig lagfæringin eigi að vera. Sem sagt, það er eins og lagadeildin geri ráð fyrir, að þetta frv. hafi alls ekki verið athugað eða undirbúið. En hitt skal ég fúslega játa, að það getur verið margt álitamál í þessu, hvernig erfðalöggjöfin eigi að vera gerð úr garði, og þó að skipuð sé n. þriggja lögfræðinga, þá geta þeir aldrei útilokað nein álitamál um það, hvernig erfðalöggjöfin eigi að vera í framtíðinni. En hitt er það, að ég hafði hugsað mér og hafði mælzt til þess í upphafi, þegar ég lagði frv. fram., að það þyrftu ekki að verða meiri breyt. á því frv., sem hér liggur fyrir, en þær, að n. og ég — með tilstyrk lagadeildar — gætum ráðið málinu til sæmilegra lykta. En þetta hefur ekki orðið, og er óþarfi að flytja langt mál um það. Ég skal benda á það, að það er aðeins eitt atriði, sem lagadeildin hefur verið alveg viss um, að gera ætti, og það er að skipa n. lögfræðinga í málið. Ég lét það uppi á þeim eina nefndarfundi allshn., sem ég kom á, að ég teldi það ekki vera vafalaust, að það ætti bara að vera n. lögfræðinga, því að þetta mál er frá mínu sjónarmiði ekki aðeins lögfræðilegt mál, það er þjóðhagsmál, og það er laga- og hagfræðideild, sem hefur afgr. málið hingað, og þess vegna hefði ég satt að segja kunnað betur við það, að hagfræðideild hefði látið rödd sína heyrast í þessu máli. En úr því, sem komið er, skal ég ekki frekar fjölyrða um málið, en stj. mun taka það til athugunar á ný eftir því, sem henni þykir tilefni til.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Ég þarf litlu að bæta við það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu. Ég skal þó aðeins, út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að umsögn lagadeildar hefði átt að vera meira leiðbeinandi fyrir þingið, taka það fram, að lagadeildin taldi ekki, að henni hefði verið falið að semja erfðalöggjöf, en hún leit svo á, að það þyrfti talsvert víðtæka breyt. á frv., til þess að hún gæti fellt sig við afgr. þess. Hún var spurð um það, hvort hún teldi rétt að afgr. málið nú, en hún leit svo á, að málið þyrfti frekari undirbúnings og ekki væri rétt að afgr. það á þessu þingi. Hins vegar lætur hún í ljós í umsögn sinni, hvaða atriði það eru, sem helzt þurfi að taka til athugunar. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri eitt, sem lagadeildin væri ákveðin í, og það væri, að nefnd lögfræðinga væri falið að endurskoða erfðalöggjöfina. Þetta er aðeins orðað þannig: „Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, telur deildin æskilegt, að nefnd lögfræðinga verði falið að endurskoða erfðalöggjöfina ýtarlega og gera síðan tillögur um breyt. á henni eins fljótt og unnt er". Hins vegar er allshn. þeirrar skoðunar eftir viðtal við hæstv. forsrh., að það geti verið full ástæða til þess, að aðrir menn en lögfræðingar ættu sæti í n. Þess vegna er hin rökst. dagskrá allshn. orðuð eins og hún er. Þar er hvorki talað um nefnd lögfræðinga né nokkra n., heldur er ríkisstj. aðeins falið að láta fram fara gagngera endurskoðun, eftir því, sem hún telur bezt henta. Hæstv. forsrh. virtist skilja þessa afgr. þannig, að við í allshn. teldum undirbúning þessa frv. svo áfátt, að ekki væri við hlítandi, en það er kannske fullsterkt að orði kveðið. Hæstv. forsrh. vildi taka það fram, að hann eða þeir, sem undirbjuggu þetta mál, hefðu litið svo á, að mörg ákvæði í hinni gömlu erfðatilskipun mættu standa óbreytt, ekki af neinu undirbúningsleysi, heldur af því, að þeir væru þeirrar skoðunar — eins og lagadeild —, að frekar þyrfti að breyta orðum en efni. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 368, frá allshn., samþ. með 15:4 atkv.

—o—

2. Minkaeldi o. fl.

Á 3. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:
Frv. til laga um bann gegn minkaeldi o. fl. (þmfrv., A. 7).

Á 7. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég get vísað til þeirrar grg., sem fylgir þessu frv., jafnframt því, sem ég skírskota til þess, sem fram hefur komið um þetta mál, síðan það var fyrst borið fram á Alþingi. Mér þykir ekki ástæða til að hefja neinar umræður um þetta á þessu stigi, en vil

aðeins gera að minni till., að málinu verði að lokinni umr. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 30. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 76 og 109).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar, bæði á síðasta þingi og eins nú, og leitað um það nokkurrar umsagnar. Umsögn frá Árna Friðrikssyni fiskifræðingi er birt í áliti minni hl., en umsögn frá Loðdýraræktarfélagi Íslands hefur ekki verið birt, en þaðan koma eindregin mótmæli gegn frv.

N. hefur ekki orðið sammála. Meiri hl. hefur lagt til, að frv. væri vísað frá með rökst. dagskrá, eins og segir í nál. Get ég í höfuðatriðunum vísað til nál. um ástæður og rök meiri hl., en vil þó árétta það nokkuð með fáeinum orðum um málið almennt.

Eins og hv. þm. vita, er efni þessa frv. það, að banna með öllu minkaeldi hér á landi og í öðru lagi að ákveða að veita verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka. Meiri hluti n. lítur þannig á, að þetta mál í heild sinni, sérstaklega loðdýraræktin, sé svo stórt atriði og mikið fjárhagsmál, að rétt sé að gera sér grein fyrir öllum rökum, sem að því hníga, hvers virði sú atvinnugrein getur orðið fyrir landsmenn, áður en horfið er að því að banna hana með lögum. Við lítum þannig á í meiri hl., að loðdýraræktin, refarækt og ekki síður minkarækt, geti, ef vel er á haldið, orðið ein af öflugustu atvinnugreinum landsmanna. Við vitum, að loðskinn eru alltaf í háu verði og mikið eftirspurð um heim allan og engin ástæða til að ætla, að það breytist í náinni framtíð. Skilyrði til að stunda þennan atvinnuveg eru misjafnlega góð. Ég held, að því verði ekki með rökum mótmælt, að óvíða í heiminum eru betri skilyrði til framleiðslu á grávöru en hér á landi. Fyrst og fremst er það, að til eldis loðdýra má nota hvers konar úrgangsfisk, sem annars væri einskis nýtur. Nota má hvers konar ruður og fiskúrgang frá hraðfrystihúsunum, sem væru annars einskis virði. Að þessu leyti standa Íslendingar betur að vígi en flestar aðrar þjóðir. Sama má segja um kjötframleiðsluna. Hrossakjöt er mjög gott til fóðurs loðdýra, og aðstaða til að framleiða ódýrt hrossakjöt er sömuleiðis betri hér á landi en í flestum nærliggjandi löndum, svo að undirstaðan undir þessa atvinnugrein er frekar góð á þessu landi. Auk þess verður að telja, að veðurfar lands okkar henti mjög vel fyrir uppeldi loðdýra, og rannsókn undanfarandi ára sýnir, þótt stutt sé, að Íslendingar hafa aðstöðu til að framleiða loðskinn, sem standa alls ekki að baki því, sem bezt gerist í nærliggjandi löndum. Það er mál þeirra manna, sem kunnugir eru, að Íslendingar séu nú komnir á svipað stig með refarækt og Norðmenn voru komnir fyrir stríð. Þeir höfðu stundað loðdýrarækt nokkru lengur en við og voru fyrir stríð ein af þeim þjóðum, sem framleiddu og fluttu út mesta og bezta grávöru. Eru engar líkur til annars en að við Íslendingar ættum að geta staðið a. m. k. jafnfætis Norðmönnum um framleiðslu og útflutning skinnavöru og þó að sumu leyti betur, þar sem við höfum betri aðstöðu um öflun á ódýru fóðri fyrir loðdýr.

Það er vafalaust, að þau óskaplegu átök, sem nú eru í heiminum, sérstaklega í mörgum þeim löndum, þar sem skinnaframleiðslan er mest, valda því, að þessi atvinnuvegur gengur þar mjög til þurrðar. Eru því líkur til, að eftir stríð getum við Íslendingar verið búnir að búa þannig í haginn fyrir þennan atvinnuveg, að við stöndum hvað bezt að vígi um markaði í heiminum.

Þó að ekki sé búið að stunda lengi minkaeldi hér á landi og það sé vafalaust mest á síðari árum og þótt það hafi verið gert af minna kappi en verið hefði á venjulegum tímum, vegna þess að skinnin hafa lítið hækkað, en kostnaðurinn margfaldazt, þá er samt sem áður svo komið, að á síðasta ári hafa verið flutt út minkaskinn fyrir röska milljón króna. Þetta sýnir og sannar, að það er hægt fyrir okkur Íslendinga að auka þessa atvinnugrein og þessa framleiðslu svo, að eftir fáein ár skipti milljónum og jafnvel tugum milljóna það verðmæti, sem við getum framleitt og flutt úr landi af þessari vöru.

Nú er því ekki að neita, að það hefur þegar borið á því, að minkar hafa gert nokkurn skaða og usla þar, sem mest er um þá lausa. Sérstaklega hefur það komið fyrir þar, sem minkar hafa komizt í hænsnabú að næturlagi. En ég hygg, að úr slíku tjóni mætti draga með því að auka eftirlit og ganga betur frá fuglabúrunum en gert hefur verið.

Um það hafa gengið ýmsar allýktar sögur, að minkar legðust á fisk og jafnvel lömb. Fyrir þessu eru engar sannanir, en hins vegar miklar líkur til, að þau dæmi um þetta, sem til hafa verið tínd, séu ekki af völdum minka, heldur tófu. Mér hefur verið sagt frá tilraunum, sem gerðar voru í Svíþjóð um það, hvort sauðfé stafaði hætta af minkum. Voru kindur með unglömbum hafðar inni í minkagirðingum, og kom í ljós, að þeir snertu ekki lömbin. Margir eru líka hræddir um, að fiskistofninum í ám og vötnum geti stafað hætta af villiminkum. Meiri hl. n. leyfir sér þó að efast um þetta, því að þótt ekki sé ástæða til að véfengja, að minkar veiði að einhverju leyti fisk sér til viðurværis, er það út af fyrir sig engin sönnun þess, að um stórtjón sé að ræða af þessum sökum. Aðaltjónið, að því er fiskiræktina snertir, stafar einmitt af ýmsum fuglum, sem leggjast á seiðin, svo sem fiskiönd, veiðibjalla, álftir o. fl. Eru ýmis dæmi um tjón í uppeldisstöðvum af völdum þessara fugla. Í Ameríku er jafnvel talið, að villiminkur sé heldur til bóta en hitt, að því er þetta snertir, þar eð hann bæti heldur veiðina í vötnum með því að leggjast á þá fugla, sem veiðinni spilla.

En hvort sem gert er mikið eða lítið úr þessum háska, getum við verið sammála um það, að leggja beri alla áherzlu á að útrýma villimink. Spurningin er þessi: Er nauðsyn að útrýma öllum aliminkum úr landinu til þess að hægt sé að eyða villiminknum. Meiri hl. n. vill, að það sé rannsakað til hlítar, hvort ekki er hægt að

halda villiminknum í skefjum, áður en til þess ráðs er gripið að banna með öllu minkaeldi, og teljum við, að hægt sé að rannsaka þetta til hlítar á tiltölulega stuttum tíma. En til þessa hafa litlar athuganir farið fram, að því er þetta snertir. Eitt atriðið er það, að hingað til hefur það verið talið ókleift að merkja minka, og hefur því ekki verið hægt að segja um það, hvort þeir minkar, sem náðst hafa, muni hafa verið nýsloppnir úr haldi eða ekki. En nú er oss tjáð, að fundnar séu aðferðir til að merkja aliminka, svo að ekki verði um villzt, þegar villiminkur er veiddur, hvort hann er sloppinn úr búri, og þá hvaðan. Þetta er geysi mikilsvert atriði, því að með þessu er hægt að fá leiðbeiningar um það, hve mikil brögð eru að því, að minkar sleppi úr búrum. Er þá hægt að koma fram ábyrgð á hendur mönnum, sem trassaskap sýna í þessu efni, t. d. með því að taka af þeim réttinn til minkaeldis. En eins og nú er ástatt, virðist mestar líkur til, að meginhluti villtra minka hér á landi sé af stofni þeirra, sem sluppu á árunum, áður en opinbert eftirlit hófst. Fyrstu árin, frá 1930 til 1936 eða 1937, var ekkert eftirlit með minkabúum hér á landi og þekking öll á þessum málum af skornum skammti. **Eðlilegt er,** að villiminkum fjölgaði, meðan þannig var ástatt. Það er t. d. eftirtektarvert, að rúmlega 200 villiminkar, sem veiddir hafa verið, eru allir af þeim stofni, sem fluttur var til landsins áður en eftirlit komst á, en hins vegar hafa engir veiðzt af þeim stofni, sem fluttur var inn síðar. Ef tekin yrði upp merking minka, mætti ganga úr skugga um það miklu betur en áður, hvort nokkur brögð eru að því, að minkar sleppi. Ef það skyldi reynast, að engin brögð séu að þessu, sjáum við í meiri hl. n. enga ástæðu til að banna minkaeldi í því skyni að útrýma þeim villiminkum, sem þegar eru fyrir. En ef það sannaðist hins vegar, að ókleift væri að útrýma villiminkum, væru menn engu bættari, þó að bannað væri að ala minka og hafa af því þær tekjur, sem auðið er. Þó að við teljum sjálfsagt, að allt sé gert, sem unnt er, til að koma í veg fyrir, að aliminkar sleppi úr gæzlu, og eyða villiminkum þeim, sem fyrir eru, getum við þó ekki fallizt á, að tímabært sé að banna með öllu minkaeldi. Við leggjum því til, að þetta frv. verði afgr. frá hv. d. með svofelldri rökst. dagskrá:

„Með því að d. telur ekki að fullu reynt, hvort ekki sé unnt að halda í skefjum eða útrýma villiminkum í landinu, án þess að minkaeldi sé með öllu bannað, með því:

1. að skerpa eftirlit og ráðstafanir um öryggi minkabúa og gæzlu þeirra,

2. að fyrirskipa merkingu á aliminkum og

3. að setja strangari refsiákvæði fyrir að sleppa þeim úr haldi, — og í því trausti, að slíkar ráðstafanir verði gerðar svo og auknar aðgerðir af hálfu ríkisins til útrýmingar villiminkum, telur d. ekki tímabært að samþ. frv. á þskj. 7, um bann gegn minkaeldi o. fl., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Eins og fram er tekið í nál. á þskj. 76, hef ég ekki fylgt meiri hl. landbn. að málum, en legg til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Máli mínu til rökstuðnings get ég að mestu látið mér nægja að vísa til grg. hv. þm. Borgf. fyrir frv., en til viðbótar vil ég þó segja örfá orð. Eins og gefur að skilja, úr því að ég gat ekki orðið hv. meðnm. mínum sammála, sýni ég ekki eins mikinn vinarhug í garð minkanna og þeir. Hv. frsm. meiri hl. hélt hér langa ræðu um það, hve miklar tekjur hafa mætti af loðdýrarækt. Ég held, að ekki hafi verið um neinar stórtekjur af slíku að ræða. Það kann að vera, að um nokkrar tekjur hafi verið að ræða fyrir einstaka menn, en hér er meira í húfi en þær tekjur, sem af þessum atvinnuvegi kann að mega hafa. Og í því sambandi verð ég að minna á það, að reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að lítil höpp hafa orðið að þeim áhuga, sem sumir menn hafa sýnt á því að flytja hingað ýmis dýr frá öðrum löndum og rækta þau hér. Slíkt hefur yfirleitt orðið þjóðinni til tjóns, en ekki gagns, og verðum við að hafa alvarlega gát á því, að ekki sé haldið áfram á þeirri hálu braut. Höfuðágreiningurinn í landbn. snerist um það, hvort tiltækilegt væri að útrýma villiminkum, meðan haldið væri áfram **að rækta þá í búrum, eins og gert hefur verið.** Ég álít, að ekki sé til nein trygging fyrir því, að ekki sleppi meira og minna af þessum dýrum hér eftir sem hingað til, meðan ræktun þeirra er leyfð. Að vísu er það rétt, sem hv. frsm. meiri hl. tók fram, að nokkur tími leið, frá því er byrjað var að flytja inn þessi dýr og þar til er eftirlit með ræktun þeirra og vörzlu var hafið, en hitt er líka víst, að síðan eftirlitið hófst, hefur talsvert af dýrunum sloppið, og ekki er heldur hægt að færa sannanir fyrir, að þau hafi öll náðst aftur, enda þótt áhugasamur ráðunautur hafi haft eftirlitið með höndum. Mér dettur ekki í hug að ásaka hann eða aðra einstaklinga um þau mistök, sem orðið hafa í þessum efnum, því að ætti slíkt eftirlit að koma að fullu gagni, þyrfti til þess marga menn og helzt einn í hverju héraði, þar sem minkar eru aldir. Afstaða mín til þessara mála er á engan hátt bundin ásökunum í garð þeirra manna, er farið hafa með þetta eftirlit, heldur byggist hún á því, að ég tel reynsluna vera búna að sanna, að ekki verði tryggt, að dýrin sleppi ekki úr haldi. Varðandi þá staðhæfingu frsm. meiri hl., að litlar eða engar sannanir væru fyrir því, að orðið hefði mikið tjón af villtum minkum hér á landi, er því til að svara, að í fyrsta lagi eru til sannanir fyrir því, að tjón hefur orðið á fuglum, og í öðru lagi eru sterkar líkur fyrir því, að tjón hafi orðið á fiski í veiðivötnum. Það er ærið hæpin ástæða gegn þessu frv., að ekki sé hægt að sanna, að slíkt tjón hafi orðið af völdum minkanna. Það er rétt eins og að segja, ef bóndi finnur dautt lamb, að ekki sé hægt að sanna, hvort það hafi verið drepið af svartbak, hrafni eða tófu. Vissulega má telja allar líkur til, að minkur, sem hefur ekki geðfelldara æti fyrir sig að leggja, ráðist á þau nytjadýr á landi og í vötnum, sem hann gengur annars fram hjá. Það fer auðvitað nokkuð eftir því, hvaða æti minkurinn hefur í hvert sinn, hvort hann leggst á þessi dýr eða ekki. Ég held því, að allt það, sem hv. flm. hefur fært fram um

skaðsemi þessara dýra, sé á svo miklum rökum byggt, að full ástæða sé til að samþ. frv.

Viðvíkjandi því, sem hv. meiri hl. landbn. segir í hinni rökst. dagskrá sinni, að hann muni bera fram till. um breyt. á loðdýraræktarl., er það að segja, að viðkunnanlegra hefði verið, að þeir hefðu látið sjá till. sínar, áður en þeir báru fram till. sína um, að frv. yrði vísað frá. Við höfum reynslu fyrir því, að framkvæmd slíkra loforða getur dregizt von úr viti, og eins er það, að engin trygging er fyrir, að hér yrði að ræða um till., sem kæmu að haldi. Ég skal játa, að það gæti komið til mála, ef frv. verður fellt, að lagður verði allríflegur skattur á útflutt minkaskinn og það fé síðan notað til útrýmingar villiminkum. En ég er þó svo svartsýnn, að því er snertir framtíð þessarar atvinnugreinar, að ég tel okkur hollara að samþ. frv. nú þegar, því að nú stendur svo vel á, að skinnin eru í góðu verði og vel seljanleg. Er ekki víst, nema það gæti verið allt eins heppilegt að losna við dýrin nú þegar sem hitt að halda áfram ræktun þeirra og eiga á hættu þann halla, sem varla verður hjá komizt, ef markaðurinn bregzt síðar meir. Minna má á það, að margur, sem stundað hefur refarækt, hefur orðið fyrir stórtjóni, er hefur stundum yfirstigið það, sem græðzt hafði á hinum hagkvæmari tímum.

Að öðru leyti vil ég ekki þreyta hv. d. með langri ræðu. Það mundi hafa litla þýðingu, því að málið liggur ljóst fyrir, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér þau rök, sem fyrir liggja í grg. og álitsgerðum meiri og minni hl. landbn., og þeir hafi þegar ákveðið, hvort þeir ætla að fylgja frv. eða hinni rökst. dagskrá hv. meiri hl. n.

Pétur Ottesen: Ég býst við, að fleirum en mér hafi þótt einkennilegt, hvernig hv. meiri hl. landbn. hefur snúizt við þessu máli. Það er ekki nema að vonum, að sá faraldur, sem hér hefur komið upp af völdum minka, er sloppið hafa úr gæzlu, hafi vakið geig hjá landsmönnum, og styður tvennt að því: Fyrst sú reynsla, sem fengizt hefur af þessum dýrum á þeim stutta tíma, sem liðinn er, frá því er farið var að flytja þau til landsins, en sú reynsla sýnir, að hinum villtu dýrum fjölgar hér ört og þau verða hinir mestu skaðsemdargripir, enda virðast hér vera alveg sérstök lífsskilyrði fyrir skepnur þessar, sem eru þannig úr garði gerðar frá náttúrunnar hendi, að þær geta aflað sér viðurværis bæði á landi, í vötnum og í sjó. Í öðru lagi er svo álit fræðimanna vorra á þessum sviðum, manna, sem við hljótum að taka mikið mark á sökum þekkingar þeirra, en slíkir menn hafa varað sterklega við þeirri hættu, sem af því stafaði, ef þessi dýr slyppu úr gæzlu. Strax og farið var að flytja inn þessi dýr, ritaði hinn ágæti fræðimaður, Guðmundur G. Bárðarson, grein í Náttúrufræðinginn og varar menn eindregið við slíkum innflutningi. Hann styðst þar við þá reynslu, sem hann hafði aflað sér vitneskju um frá öðrum löndum. Þar segir meðal annars, með leyfi hæstv. forseta: „En verði sundmerðirnir víða aldir hér á landi, má ganga út frá því sem vísu, að einhverjir muni sleppa og gerast villtir. Það er engin leið að hafa svo öruggt eftirlit með vörzlu þeirra á mörgum uppeldisstöðum, að eigi geti út af borið". — Guðmundur Bárðarson er ekki að halda fram öðru en því, sem hann veit full deili á. Til enn frekari aðvörunar í þessum efnum segir Guðm. Bárðarson í sömu grein: „Ég tel mjög misráðið að leyfa að flytja hingað slík dýr sem þessi af marðarættinni. Væri hyggilegast að banna allan innflutning á sundmörðum, en hafa þann stofn, sem kominn er hingað, í strangri gæzlu, þangað til hann er upprættur, og þyrfti það að verða sem allra fyrst". Ég held, að sú reynsla, sem fengizt hefur, staðfesti það, sem Guðm. Bárðarson segir í þessum efnum.

Nú hefur frsm. meiri hl. n. haldið því fram hér og stuðzt við ráðunaut í loðdýrarækt, að ekki hafi sloppið neitt af þessum dýrum fyrr en nú fyrir nokkrum árum og að þeir minkar, sem þegar er búið að vinna, séu allir af þeim stofni, sem fluttur hafi verið inn á fyrsta ári minkaræktarinnar hér.

Mér ber náttúrlega ekki sem ófróðum manni í þessum efnum að vefengja þekkingu loðdýraráðunautarins á þessu, en ég vil segja það, að ef bera á þetta saman við leiðbeiningar um það, sem að haldi mætti koma, í bréfi, sem hann ritaði mér á s. l. vetri, þá mætti ég vera efins um, að því mætti treysta. Það er vitað mál, að minkarnir hafa sloppið í stórum stíl úr mörgum búunum. Ég skal ekki segja, hvort í þeim öllum hefur verið þessi gamli stofn, en það er vitað, að eftir að eftirlitið var skerpt með frágangi búranna, muni hafa sloppið þó talsvert af minkum. Það mun hafa komið fyrir, — t. d. á s. l. vetri, á einum stað a. m. k., — að minkabúr hafi fokið, og með þessu móti hafa tugir, ef ekki hundruð dýra sloppið. Og reynslan hefur sýnt, að ekki þarf að búast við, að allir hafi náðst aftur.

Þá hefur Árni Friðriksson látið í ljós álit sitt um þetta mál. Það bendir ótvírætt í þá átt, að hér sé ástæða til að gera mjög róttækar ráðstafanir. Hann segir svo:

„Um leið og ég vísa til þess, sem að framan er sagt, verð ég að láta í ljós það álit mitt, að villiminkunum sé vægast sagt ofaukið í dýraríki landsins, enda þótt engin tök séu til þess að sjá fyrir þann skatt, sem þeir eiga eftir að taka af íslenzkum bændum, beint og óbeint, á komandi áratugum. Þess vegna álít ég sérhverja þá ráðstöfun, sem miðar að því að fækka þeim og útrýma, horfa til heilla".

Þá er að athuga það, hvort hægt er að uppræta villiminkana. Það eru þó til ýmsar veiðiaðferðir, sem virðast all-róttækar, svo að ekki er ástæða til að örvænta, ef ekki væri um aðra fjölgun að ræða en þá, sem verður úti í náttúrunni. Menn mega ekki blekkja sig með því, að hægt sé að gera svo öruggar ráðstafanir, að minkar geti ekki sloppið úr gæzlu. Veðurfar hér á landi er þannig, að það getur, þegar minnst varir, valdið því, að heilir hópar sleppi. Það er ekki til svo rammger hlutur í þessu landi, að hann geti ekki orðið að láta undan hamförum náttúrunnar og það því fremur sem umbúnaður búranna verður að vera þannig, að loftið leiki um dýrin, því að það þarf að vera loftgott á

þessum dýrum og vindur leika á þeim. Slíkur umbúnaður getur aldrei orðið svo traustur, að hann sé öruggur fyrir hamförum veðráttunnar. Auk þess kemur þar margt fleira til greina. Það er því ekki nema skollaleikur og undarlegt, að það skuli koma fram hjá þessum mönnum, að hægt sé að verjast því, að minkar geti sloppið.

Það er því ekki um annað að gera hér en að slátra nú þegar þeim dýrum, sem nú eru í eldi hér, og gera svo gangskör að því að uppræta þann stofn, sem villtur er orðinn.

Það er freisting að fara hér út í nokkur atriði, sem koma fram í áliti meiri hl. landbn. og hjá hv. frsm. Það er þá sérstaklega það, sem hann er að færa fram sem líkindarök fyrir því, að þær sögur, sem hér hafa gengið um skaða af völdum villiminka, séu ýktar og ekki á neinum rökum reistar. Meiri hl. n. treystir sér þó ekki til að halda því fram, að minkar hafi ekki gert tjón á alifuglum hér. Þar hafa þeir gert tjón og það á þann hátt, að þessi dýr hafa sýnt sig þar skæðari en önnur rándýr. Þau drepa allt, sem þau ná til, án tillits til þarfarinnar. Það er drápgirnin ein, sem stjórnar aðförum þeirra. Tófan, t. d. að taka, drepur ekki meira en það, sem fullnægir þörfum hennar í hvert skipti. Þetta gerir hættuna af minkunum ægilegri en af öðrum rándýrum, því að þeir eru litlir, og ef ekki væri um annað að ræða en fá fylli sína í hvert skipti, þá gerðu þeir minni usla en stærri dýr.

Nei, málaflutningur meiri hl. n. er eins og málaflutningsmanns, sem er að verja umbjóðanda, — þeir reyna að skella skuldinni á aðra. Þannig reyna þessir menn að nota rotturnar sem skálkaskjól fyrir minkana. Þeir halda því nefnilega fram, að rotturnar séu farnar að ráðast á hænsni. Skyldu rotturnar hafa lært þetta af minkunum? Það hefur aldrei heyrzt fyrr, að rottur hafi ráðizt á alifugla, og eru þær þó búnar að vera hér landlægar um áratugi. Það er þá eitt til viðbótar, sem hlotizt hefur af innflutningi minkanna til landsins, ef rotturnar taka upp á þessum ránskap, sem ekki hefur áður þekkzt.

Hv. frsm. meiri hl. vildi gera lítið úr hættunni, sem fiskum í ám og vötnum stafaði af minkunum, og að eiginlega væru minkarnir þarfir til eflingar fiskstofninum, því að þeir væru líklegir til að drepa fiskiendur, sem annars skerða fiskstofninn.

Það skal ekki dregið í efa, að endur gera usla í lækjum og vötnum. En hv. frsm. segir það ekki hættulegt, þó að minkar nái sér í fisk og fisk. En dýr, sem hefur góð lífsskilyrði og slíka frjósemi, að það á frá 1—10 unga á ári og gjarnast 3—6, — já, það er ekkert undarlegt, þó að fjölgun þessara dýra geti orðið meiri en svo, að þau taki „bara fisk og fisk“. Alkunnugt er, hver vágestur selurinn er í ánum. Hann er að vísu þurftarfrekara dýr, en drepur ekki umfram það, sem hann þarf til saðningar sér. Þó að minkurinn sé minni og þurfi minna fóður, mundi hin áskapaða drápgirni hans án tillits til þarfarinnar brátt segja til sín, eins og þegar hann kemst í færi við fuglahópa og önnur fórnardýr á þurru landinu. Þó eru ekki veiðispjöll selsins aðallega í því fólgin, hvað etið er, heldur því, að hann fælir fiskstofninn. Það er á sama hátt með minkinn. Hann mun verða valdur að því að fæla fiskinn, auk þess sem drápgirnin fengi áorkað til tortímingar. Það er óþarfi að loka augunum fyrir þessari staðreynd. Yfir fiskstofninum í ám og vötnum vofir tortíming og eyðilegging, ef minkafaraldurinn færist í aukana og uppspretta hans, minkaeldið, verður látið halda áfram.

Það hefur tekizt nokkurn veginn að ráða niðurlögum selsins. Þar var ekki heldur við neitt að jafnast á við minkana, þegar þeir verða komnir um allt land og við öll veiðivötn. Hreppstjóri Þingvallahr. hefur gefið athyglisverða lýsingu á því, hvernig minkurinn er búinn að raða sér allt í kringum Þingvallavatn og aðrennslissvæði vatnsins, hann velur sér felustaði þar, sem hann hefur bezt skilyrði til að fullnægja þörf sinni til lífsframfæris.

Ég held því, að það sé ekkert annað en sjálfsblekking, út frá þeim forsendum, sem hér eru lagðar fram, að láta sér til hugar koma, að hættunni verði frá bægt með öðru móti en því að uppræta stofninn.

Því hefur verið haldið fram, að sú staðhæfing, að minkar drepi lömb, sé ekki á rökum reist. Það er að vísu erfitt að færa fram vissu á dauðaorsök skepna, sem drepast í haga. Ég leiddi rök að því um lömb, sem drepin voru í Borgarf., að þar hefði verið að verki annað dýr en tófan, — en þar til minkurinn kom til sögunnar, höfðu ekki verið önnur dýr en tófan, sem réðust á fé. Enda var vitað um, að minkar voru á þessum slóðum.

Það vill svo vel til, að til mín kom um daginn maður af Vatnsleysuströnd, Erlendur Magnússon bóndi á Kálfatjörn, og hann dró upp fyrir mér mynd af því, hver plága minkafaraldurinn er að verða suður þar. Á fjölda bæja hefur hann drepið stóra hópa alifugla. Á allri ströndinni hefur verið æðarvarp á töngum, sem ganga út í sjó. Þetta æðarvarp hefur farið vaxandi síðari árin, m. a. hjá þessum bónda. En nú hefur borið svo við, að á s. l. vori fann hann ein tvö hreiður á þessu svæði, þar sem æðarvarp var áður til góðra muna. Hann sagði mér enn fremur, að grunur léki á því, að minkar hefðu drepið í girðingu 9 lömb í vor, og hann sagðist vita með vissu, að minkur hefði drepið tvö lömb hjá sér, og lýsti því, hvernig hann lék þau. Hann hafði bitið þau á barkann, sogið blóðið úr hálsæðum þeirra og étið innan úr skinninu við bóga og læri.

Þessi maður gerði sér sérstaka ferð til viðræðna við mig um þetta mál, af því að hann vissi, að ég stóð að þessu frv. Hann vildi segja mér það, sem hann vissi með vissu um aðfarir villiminkanna á þessum slóðum.

Eins og kunnugt er, er mikið fuglalíf í þessu landi til mikils gagns og yndis og unaðar landsbúum. En þar, sem minkurinn er, virðist það óðum þverra, t. d. í hraunununum suður með sjó og á Vatnsleysuströndinni, en þar hefur útbreiðsla villiminka verið hröðust á þessum árum. Annars staðar að berast um þetta sömu sögur.

Það hefur líka verið dregið inn í umr. um þessi mál, að minkar gerðu ekki mikið tjón í löndum, þar sem þeir gengju villtir. En í þessum löndum er mikið af stærri rándýrum, sem ráðast á minkana og halda villta minkastofninum í skefjum. Þessu er ekki til að dreifa hér. Hér eru ekki nein dýr, sem hann verður að bráð, og engir til að drepa hann nema mennirnir sjálfir. Auk þess er annars staðar þar, sem minkurinn er villtur, fjöldi smádýra, sem hann lifir á, sem hér eru ekki til. Þau einu dýr, sem ekki er skaði að, að minkarnir eyði, eru rottur og mýs, að öðru leyti ræðst hann á dýr og fugla, sem eru til gagnsemi og ánægju.

Nú má búast við því, að þegar fuglalífið minnkar, þá muni minkurinn snúa sér að öðru, og mundi hann þá verða þeim mun ágengari við annað æti og víla ekki fyrir sér að ráðast á stærri dýr, þegar hungrið sverfur að, því dýrið er harðgert og grimmdin og drápgirnin svo, að úr hófi keyrir.

Ég held þess vegna, að það sé ekki einasta rétt, heldur sjálfsagt fyrir Íslendinga að gera allar ráðstafanir, sem hugsanlegar eru, til að ráða niðurlögum þessara dýra og það strax. En þær tilraunir er ekkert að marka, meðan leyft er að hafa þau í girðingum, þó að vandað sé á allan hátt að búa um þessi dýr. Því hefur verið haldið hér fram, að ekki sé reynt, að minkar lifi af harðindavetur, og leiddar líkur að því, að svo sé ekki. En tófan lifir hér, þó að hún geti ekki aflað sér matar nema á landi, en minkurinn getur farið í vötn og sjó. Þá eru allar líkur til, að hann geti lifað hér í „vellystingum praktuglega", í hvaða vetrarfari, sem er, því að það er vitað, að hann grefur sér holur, — hann er fyrirhyggjusamur, — hann grefur langt niður í bakka við veiðivötn, og þar eru víða kaldavermsl, er gera honum fært að komast í vötnin til fiskifanga, þó að snjóalög og frosthörkur taki land og sjó helgreipum.

Það er talsvert talað um það í nál. og hv. frsm. meiri hl. n. fór mörgum orðum um það, hvað glæsileg framtíð okkur væri í því að ala hér dýr til skinnaframleiðslu. Og hér í nál. er komizt svo að orði, að sú vara geti orðið útflutningsverðmæti fyrir tugi milljóna króna. Ég vil ekkert vera að varpa skugga á glæsilegar vonir í þessu efni. Og ef þetta væri hægt að gera, án þess að yfir okkur vofði háski, sem gæti numið miklu meira, máske gert landið óbyggilegt, þá væri ekkert nema gott um það að segja, að möguleikar væru fyrir slíkri framleiðslu hér. En hv. frsm. meiri hl. n. minntist á, hver reynslan hefði verið í þessu efni, og við höfum reynslu um þessi efni bæði á friðartímum og á stríðstímum. Og það mega verða á þessari framleiðslu ákaflega miklar breytingar, ef þessar glæsilegu vonir, sem fram koma í nál. um mikla sölu á þessum vörum og gróða af henni, eiga að rætast, að tugir milljóna komi inn í landið fyrir þessi skinn. Til þess að svo geti orðið, þarf að verða geysileg breyting á þessari framleiðslu frá því, sem nú er. Ég er bjartsýnn maður, og ég vil ekki slá skugga á neinar vonir um það, sem miðar til hagsældar á landi voru, en hvað minkana snertir, verðum við að gera upp á milli þess tjóns, sem augljóslega blasir við sjónum okkar, að af eldi þeirra getur hlotizt, og þeirra vona, sem við þá skinnaframleiðslu eru tengdar, og þar er ég ekki í neinum vafa um, hvað gera beri. Vildi ég aðeins beina því til hv. 2. þm. Skagf., sem skipar meiri hl. n. í þessu máli og talar um þennan tuga millj. króna útflutning með skinnasölunni, að þingsályktun, sem hann bar fram hér alls eigi fyrir löngu, bendir til, að það hafa ekki alltaf verið glæsilegir tímar fyrir menn, sem staðið hafa að skinnaframleiðslu í þessu landi. Tillögur hv. 2. þm. Skagf. gengu út á það þá, að ríkið borgaði styrk á útflutt refaskinn og minkaskinn, af því að afkoman væri svo afskaplega léleg í þeirri framleiðslugrein, að sú framleiðsla hlyti að leggjast í rústir, ef þessi styrkur yrði ekki greiddur. Segir í grg. þeirrar tillögu, að þessi atvinnuvegur geti naumast staðið undir tilkostnaðinum við skinnaframleiðsluna, enda sé talið, að loðdýrabú muni mjög mörg leggjast niður og hætta rekstri næsta vetur. Og svo er enn bætt við: „Verður frekara hrun ekki stöðvað nema með verulegum styrk úr ríkissjóði." Svona stóð þá þetta á þessu tímabili. Að vísu hefur því verið haldið fram hér nú, að það hafi ekki orðið nein verðhækkun á þessum skinnum. Þetta kemur ekki vel heim við það, sem loðdýraræktarráðunauturinn skrifaði mér um þetta mál á síðasta vetri, því að þar segir hann, að nú hafi minkaskinn hækkað all-verulega í verði, svo að óhætt ætti að vera að reikna með 45 kr. meðalverði fyrir skinn. Ég skal ekkert um það dæma, hvor réttara hefur fyrir sér í þessu efni. En samkv. þessu bréfi loðdýraræktarráðunautarins virðist þarna vera um allverulega hækkun á verði skinnanna að ræða, sem ætti að geta vegið upp á móti þeirri hækkun, sem hefur orðið á framleiðslukostnaðinum. En það er eins um þetta og annað í rökstuðningi meiri hl., að þar rekur sig hvað á annars horn. Þetta er allt vandræðafálm. Mótsagnirnar stangast þar hver við aðra, enda er málstaðurinn eftir því.

Ég þarf svo í raun og veru ekki að fjölyrða meira um þetta efni. Ég hef gert mitt til þess að benda á þá hættu, sem hér vofir yfir, og gert það með því að flytja þetta frv. Og það er vitað, að af almennum málum, sem fram hafa komið á Alþ., hefur þetta mál vakið alveg sérstaka athygli, af því að augu fólksins, sem býr þar, sem þessi villidýr hafa leikið lausum hala, hafa opnazt fyrir þeirri hættu, sem hér vofir yfir. Og það fólk væntir þess af fulltrúum þjóðarinnar, bæði þeim, sem eiga að vera forsvarsmenn landbúnaðarins, og öðrum hv. þm., að þeir taki þannig á þeim háska, sem hér vofir yfir, að einskis verði látið ófreistað til þess að skakka þann leik, sem þessi villidýr hafa leikið landsmönnum til tjóns. Ég ætla ekki að fara að telja upp þær samþykktir, sem gerðar hafa verið víðs vegar á landinu á sýslufundum, búnaðarsambandsfundum og sveitarfundum um áskoranir, sem sendar hafa verið til Alþ. um þetta efni, en þær eru margar.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að frávísun þessa máls, eins og það liggur fyrir hér, virðist mér ákaflega óeðlileg afgreiðsla á málinu, eins

og ég þegar hef vikið að. Hér er að vísu talað um, að gera þurfi ýmsar ráðstafanir í þessu efni, svo sem að skerpa eftirlitið með loðdýrabúum og fyrirskipa merkingar. Ég hef skýrt hér, hvað eftirlitið nái skammt. Hér er talað um að merkja dýrin. En það er lítilfjörlegt atriði, því að sleppi dýr úr girðingu, þá skilst mér, að það muni vera nokkuð sama, hvort á því er biti, sýlt, hálftaf eða blaðstýft eða þrírifað eða þristýft eða hvað annað, sem á þessum kvikindum er til marks um, hvar þau eigi að vera, — ég býst ekki við því, að merkingin mundi standa í vegi fyrir því, að þau þjónuðu sinni náttúru. Og ég býst við, að hvaða mark eða merki, sem á þeim væri, hefðu þau jafna aðstöðu til lífsbjargar, þegar þau á annað borð eru farin að leika lausum hala. En það, sem meint er með þessu merkingatali hér, er, að hægt væri að fylgjast með því, frá hvaða búrum þessi dýr sleppa. En það er lítil trygging, sem næst með því, af því að öll búr eru undir það seld, að í hamförum náttúrunnar velti þau um koll og öll dýrin sleppi út, sem í þeim eru, auk þess sem sú hætta vofir alltaf yfir, að dýr sleppi af öðrum ástæðum — svo að í sjálfu sér er þetta ekkert öryggisatriði gagnvart þeirri geigvænlegu hættu, sem vofir yfir okkur í þessu efni. Og að skilja svo við þetta mál sem hér hefur verið lagt til, að vísa því frá og segja: Já, það verður náttúrlega að setja strangari refsiákvæði, — við þekkjum það að setja ströng refsiákvæði. Við þekkjum það í íslenzkri löggjöf. Það er eitt að setja þau og hitt að láta þau verka, og er það mjög svo sitt hvað. Og í trausti þessa alls á svo að sleppa tökum á þessu máli. Það er að vísu talað um að bera hér fram einhverjar breyt. við l. um eftirlit með loðdýrum. En það, sem hér er upp talið í því sambandi, mun reynast haldlítið, sennilega haldlaust, og er það því ekkert annað en sjálfsblekking að ætla að fara að byggja vonir eða traust á því, að með þeim hætti sé hægt að hamla upp á móti eða koma í veg fyrir þann háska, sem hér vofir yfir okkur af þessum völdum.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 1. okt., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 7, n. 76 og 109, 116).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 116. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og við mátti búast, hefur fátt komið fram nýtt við hina ýtarlegu grg. hv. þm. Borgf. í upphafi.

Hv. þm. A.-Húnv. taldi áhættuna af eldi aliminka vera meiri en ábatavonina. I þessu felst aðalágreiningurinn.

Hv. þm. Borgf. minntist á álit Guðmundar G. Bárðarsonar áður og Árna Friðrikssonar nú um það, hvort flytja ætti inn minka eða ekki. Ég álít grg. Guðmundar Bárðarsonar vel þess verða að leggja hana til grundvallar, þegar um innflutning dýranna var að ræða, en það er hæpið nú, þegar villiminkar eru komnir í landið eða þegar um er að ræða, hvort eigi að sjá til, hvort hægt væri að drepa þá minka, sem nú eru hér villtir, áður en þeim, sem í girðingum eru, er útrýmt.

Við erum sammála um, að útrýma beri villiminkum, en ekki um að byrja á aliminkum, áður en gengið er úr skugga um, hvort hægt er að útrýma þeim villtu.

Ég ætla ekki að ræða um, hvort réttara væri að hefja fyrr hernað gegn minkum en rottum. Á einum stað komst rotta í hænsnakofa og drap hænsni unnvörpum, fleiri en hún torgaði að éta, og raðaði þeim í bunka á gólfið. Aðferð minkanna er sú sama. Þeir drepa fleiri dýr en þeir þurfa til að seðja hungur sitt. Ég álít hæpið, að minkar leggist á æðarvarp, þótt þeim sé kennt um minnkandi viðkomu æðarfuglsins. Um fall hans berast svipaðar sögur víðs vegar að af landinu. Víða ferst æðarfuglinn unnvörpum vegna olíubrár, sem sezt í fiðrið, og ber mikið á þessu nú á styrjaldarárunum. Tel ég, að þetta sé helzta orsök þess, hve mikið drepst af þessum fugli. Hins vegar dettur mér ekki í hug að neita, að hætta getur verið á, að minkurinn leggist á æðarvarp.

Hv. þm. veit, að þrátt fyrir það, að illa gangi nú um hríð með sauðfjárræktina, þá erum við ekki vonlausir um, að hún geti orðið arðvænlegur atvinnuvegur aftur. Sama máli gegnir um minkaeldið. Ég tel, að á venjulegum tímum geti það verið blómlegur atvinnuvegur.

Allt karp um aukaatriði á að falla niður. Við erum allir sammála um útrýmingu villiminka. Deilan er aðeins um það, hvort byrja eigi á ali- eða villiminkum. Við teljum margir, að takist að drepa villiminkana, þá sé hægt að halda aliminkunum í skefjum, gæta þess, að þeir sleppi ekki úr vörzlu. Það er mjög stórt atriði, ef tekst að merkja aliminkana. Þá er hægt að sjá, hvað mikið sleppur. Ef svo mikil brögð verða að því, að minkar sleppi, að villiminkarnir haldist við af þeim sökum, er ástæða til endurskoðunar málsins.

Mér er tjáð, að í Ameríku sé notuð aðferð við veiði minka, sem ber góðan árangur, en hér á landi er hún ekki notuð. Væri sjálfsagt að reyna hana hér.

Ef það sannast, að svo mikið sleppi af minkum úr vörzlu, að viðhald villiminkanna byggist á því, og ef veiðin gengur illa, þá getur svo farið, að við verðum sammála hv. flm., en þangað til höldum við þessari stefnu. En þá verður að bæta þeim, sem mikið hafa lagt í kostnað vegna eldis minka.

Um brtt. hv. þm. Siglf. get ég sagt fyrir hönd meiri hl. n., að við sjáum enga ástæðu til að leggja á móti henni, þar sem lítill munur er á skoðun okkar og hans í þessu efni.

Þóroddur Guðmundsson: Þessi brtt. hv. þm. Siglf. er ekki langt frá brtt. meiri hl. landbn., en þó greinir á um nokkur atriði. Báðir aðilar eru á sömu skoðun um, að ekki beri að samþykkja frv. það, sem hér liggur fyrir.

Það, sem aðallega ber á milli, er, að í brtt. þm. Siglf. er beinlínis kveðið svo á, að ríkisstj. sé falið að láta sérfróða menn athuga áhrif villiminka á gróðurfar og dýralíf landsins. Það á að skipa n. sérfróðra manna til að gefa álit um

þessi mál. Þótt ekki sé það sérstaklega tekið fram, liggur í augum uppi, að ríkisstj. ætti að skila niðurstöðum þessarar væntanlegu n. fljótlega.

Það virðist vera, að málið sé ekki eins vel upplýst og látið hefur verið í veðri vaka. Það hefur verið slegið fram staðhæfingum, sem komið hefur í ljós, að ekki eru á rökum reistar. En þegar komið er þannig með staðhæfingar gegn staðhæfingum, er augljóst, að rannsaka þarf málið betur.

Og þegar form. landbn. tekur svona vel í málið, að hann hyggst greiða atkvæði með brtt. þessari og talar þar fyrir hönd fleiri þm., vænti ég þess, að hún nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Hv. þm. Borgf. talaði svo skörulega fyrir sínu máli, að það er ekki þörf á að bæta um það, en ég vil þó segja örfá orð til viðbótar.

Eins og hv. þm. Mýr. (BÁ), frsm. meiri hl., sagði, er ágreiningurinn í landbn. um það, hvort hætta eigi á að halda þessum atvinnurekstri áfram þrátt fyrir þá hættu, sem af því stafar fyrir öll önnur dýr í landinu, og í öðru lagi er ágreiningur um það, hve mikil arðsvon er af þessum atvinnuvegi, ef hann verður leyfður áfram. Það má líta svo á, að þótt hagnaður sé af þessu í ár, sé engan veginn víst, að um framtíðaratvinnuveg sé að ræða, sem geti gefið góðar tekjur framvegis. Sú framleiðsla, sem hér er um að ræða, er tízkuvara og getur verið óseljanleg að ári, þótt hún sé seljanleg í ár, og eins og ég tók fram í ræðu minni í gær, álít ég heppilegan tíma til þess að taka þetta mál nú þeim tökum, sem unnt er. Nú er það upplýst, að nú þegar er búið að veiða villiminka, svo að hundruðum skiptir, og það er einnig upplýst, að á því tímabili, sem minkaeldi hefur verið hér á landi, sem mun vera nálægt 13 árum, — þeir eru fyrst fluttir inn árið 1930, og er það þannig til komið, að einn þáv. þm. fékk styrk veittan af þáv. stj. til þess að fara til útlanda og kaupa inn þessi dýr, — að á þessu tímabili hefur þessi atvinnuvegur verið eftirlitslaus að nokkru leyti og að nokkru leyti undir ófullnægjandi eftirliti. Nú er það álit okkar, sem viljum samþykkja þetta frv., að engin trygging og litlar líkur séu fyrir því, að hægt sé að útrýma villiminkum, ef haldið verður áfram að leyfa þennan atvinnuveg í landinu með þeirri hættu, sem er á því, að minkarnir sleppi úr haldi, hvenær sem vera skal, því að eins og hv. þm. Borgf. benti á, er ekki nægilegt að búrin séu sterk, heldur geta veður alltaf valdið skemmdum og minkarnir sloppið út, og að reka svona hættulegan atvinnuveg er meiri hætta en svo, að við teljum hyggilegt að mæla með því, vegna þess mikla háska, sem stafar af þessum dýrum fyrir önnur dýr í þessu landi. Í fyrsta lagi held ég, að allt okkar æðarvarp geti verið í hættu, ef villiminkur á að verða hér viðloðandi, í öðru lagi, eins og bent hefur verið á, er nytjafiskur okkar í vötnum og ám í hættu svo og alifuglar og smálömb. Ég álít tilgangslaust að ræða mikið um þetta, því að einn getur sagt svart það, sem annar segir hvítt, þótt reynslan sé búin að skera úr um það. Ég skal þá víkja að brtt. á þskj. 116, og verð ég að segja það, að mér finnst það litlu skipta fyrir þetta mál, hvort sú brtt. er samþykkt eða hin rökst. dagskrá, sem meiri hl. landbn. hefur flutt. Hvort tveggja er um að vísa málinu frá, án þess að gera nokkrar ráðstafanir umfram það, sem áður hefur verið. Í fyrri hl. þessarar till. er talað um, að fræðimenn rannsaki, hvaða ógagn villiminkar geri. Það er það, sem þeir hafa þegar gert. Tveir fræðimenn hafa gert það, Árni Friðriksson og Guðmundur Bárðarson hafa báðir rannsakað þetta og leggja til, að þessum dýrum verði útrýmt úr landinu. Það eru ekki til aðrir fræðimenn um þetta, svo að þessi ákvörðun væri til þess að skipa þessum mönnum að láta uppi annað álit en þeir eru búnir að.

Varðandi hitt, að endurskoða loðdýral., er um það að segja, að það er það, sem þessir menn, sem flytja hina rökstuddu dagskrá meiri hl. landbn., lofa með sinni dagskrá, að gert verði, en maður á eftir að sjá, ef þetta frv. verður fellt, hverjar þær breyt. verða og að hve miklu haldi þær koma. Sem sagt, ég tel litlu máli skipta, hvort þessi brtt. eða dagskrártill. verður samþykkt, því að það er hvort tveggja í sömu átt, að gera engar ráðstafanir, og það hefur sýnt sig, að það hefur orðið töluverður árangur af útrýmingu villiminka, þótt það hafi ekki borið þann árangur, sem nauðsynlegur er til þess að útrýma þessum dýrum að fullu.

Ég skal svo láta þetta nægja. Ég geri ráð fyrir, að atkvæði séu nokkurn veginn ráðin um það, hvort þetta frv. á fram að ganga eða ekki, og þá kann að vera, að þm. fái síðar á þessu þingi eða næsta að taka afstöðu til þeirra ráðstafana, sem þeir menn vilja gera, sem vilja ekki taka ákvörðun í þessu máli með því að banna þennan atvinnuveg og útrýma minkunum úr þessu landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Nd., 5. okt., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 116 samþ. með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, GTh, JS, LJós, PÞ, SB, SG, SK, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl.

nei: GÞ, IngJ, JPálm, PO, SEH, JörB.

GSv, JJós, SÁÓ, SkG, SvbH greiddu ekki atkv.

9 þm. (FJ, GG, HelgJ, JakM, ÓTh, PZ, SigfS, STh, SÞ) fjarstaddir.

Rökst. dagskráin frá meiri hluta landbn., á þskj. 109, svo breytt, samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BG, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, JS, LJós, PÞ, SB, SG, SEH, SK, SÞ, SkG, ÞG, ÁkJ, ÁÁ.

nei: GÞ, GTh, IngJ, JJós, JPálm, PO, SigfS, JörB.

GSv, SÁÓ, SvbH greiddu ekki atkv.

7 þm. (FJ, GG, HelgJ, JakM, ÓTh, PZ, STh) fjarstaddir.

——o——

3. Verðlag.

Á 17. fundi í Ed., 14. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag (þmfrv., A. 56).

Á 19. fundi í Ed., 16. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar þessi l. voru hér síðast til umr., benti ég á, að 4. gr. frv. gæti ekki staðið lengi óbreytt. Ég bar þá fram ákveðna brtt. við þessa gr., og hæstv. fjmrh. lýsti þá yfir því, að hann væri þessari brtt. raunverulega samþykkur, en hann óskaði eftir því, að þessi breyt. yrði ekki gerð þá til þess að tefja ekki framgang málsins, og hann lofaði að sjá um, að það skyldi ekki koma að sök við framkvæmd laganna, og kvaðst mundu fela viðskiptaráði að sjá um það. Nú hef ég rekið mig á, að þetta hefur ekki verið gert, og ég hef spurzt fyrir um ástæður þess, bæði hjá hæstv. ráðh. og viðskiptaráði, og ég hef fengið þau svör, að þessa gr. væri ekki hægt að framkvæma öðruvísi, nema henni væri breytt.

4. gr. l. um verðlag fjallar um bann gegn keðjuverzlun, en innflytjendur hafa heimild til þess að leggja bæði heildsölu- og smásöluálagninguna á í einu, og veit ég, að þetta er nú gert við ýmsar helztu nauðsynjavörur landsmanna, t. d. byggingarefni allt, timbur, sement, rör, járn, eldavélar, miðstöðvar, ýmislegt til rafmagnsiðnaðar, veiðarfæri og ýmislegt fleira. Verzlanir úti um land geta því ekki verzlað með þessar vörur, nema með því að gera annaðhvort að brjóta lögin eða þá að selja þær sér í óhag, og til þess er ekki hægt að ætlast af þeim með sanngirni. Einstaklingar hafa því neyðzt til þess að kaupa þessar vörur hér í Reykjavík og kosta sjálfir flutning á þeim út um land, en stórinnflytjendur hér í Reykjavík hafa hirt allan ágóðann.

Þetta ástand er með öllu óþolandi, og eftir að ég hafði rætt við hæstv. ráðh. og viðskiptaráð, þá kom okkur saman um, að þessu þyrfti nauðsynlega að breyta. En við urðum ekki sammála um það, hvernig breytingin skyldi verða, og vildu þeir láta orða brtt. sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt skal viðskiptaráði að setja þau skilyrði í innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem veitt eru innflytjendum, að ákveðinn hundraðshluti þeirra skuli seldur með gildandi heildsöluverði til verzlana eða iðnaðarmanna".

Hér er þetta aðeins heimild, en ekki fyrirskipun, og er það stórt atriði. En frv. mitt fer fram á, að viðskiptaráð skuli setja þau skilyrði í innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, að ákveðinn hundraðshluti vörunnar skuli seldur til verzlana eða iðnaðarmanna með gildandi heildsöluverði, eftir því sem ástæða þykir til á hverjum tíma. Er óheimilt að afhenda vöruna, nema skráð hafi verið á innflutningsleyfið, að hve miklu leyti viðskiptaráð óskar að nota þessa heimild.

Á þessu tvennu er reginmunur. Annars vegar er viðskiptaráði fyrirskipað að leggja þessa kvöð á innflytjendur, en hins vegar er því aðeins veitt heimild til þess, og þegar það ætlar sér að nota þessa heimild, þá getur það orðið um seinan. Til þess að koma í veg fyrir það hef ég hins vegar tekið fram, að óheimilt sé að afhenda innflytjanda vöruna, nema viðskiptaráð hafi áður skráð á innflutningsleyfið, að hve miklu leyti það óskar að nota þessa heimild, sem um getur.

Fyrir stríð var það svo, að verzlanir úti um land gátu fengið afgreiddar til sín smápantanir á umræddum vörum beint frá Norðurlöndum. Nú er þetta ekki hægt lengur, vegna þess að nú verður að kaupa járn, timbur, veiðarfæri og margt fleira í stórum slumpum frá Ameríku, því að seljendur þar líta ekki við smápöntunum á þessum tímum, og hefur innflutningurinn því færzt mjög til Reykjavíkur, þar sem hann lendir í höndum stórinnflytjenda, sem nota sér ákvæði 4. gr. laganna og taka til sín bæði heildsölu- og smásöluálagninguna. Þessu verður að breyta sem fyrst og það þannig, að þeir, sem búa úti um land, njóti sömu skilyrða og þeir, sem búa í Reykjavík eða nágrenni.

Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn., og ég vil vænta þess, að hv. n. flýti afgreiðslu málsins, þannig að hægt verði að taka þetta til athugunar fyrir næstu áramót.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9:1 atkv.

Á 37. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 200).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Máli þessu var vísað til allshn., og hefur hún haft það til meðferðar um nokkra hríð, og hefur það tekið svo langan tíma vegna þess, að leitað var til viðskiptaráðs og verzlunarráðs um það og síðan til flm. Er n. hafði fengið þessa álitsgerð og athugað gaumgæfilega, komst hún að þeirri niðurstöðu, að í frv. sjálfu, eins og það liggur fyrir, væri ekki falin nein frekari heimild en þegar er í l., vegna þess, að þótt í 1. gr. frv. sé orðað svo sem þar sé um skyldu að ræða fyrir viðskiptaráð að setja skilyrði, eftir því, sem ástæða kann að þykja til á hverjum tíma, er sá, sem á að meta, hvort ástæða er til þess á hverjum tíma, viðskiptaráð sjálft, svo að það, sem hér er orðað sem skylda, er ekki annað en heimild. Hins vegar er í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, sagt, að viðskiptaráð úthluti innflutningi á vörum til innflytjenda og setji þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskiptaskilyrða. Þarna er viðskiptaráði heimilað að setja þau skilyrði á innflutningsleyfin, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskiptaskilyrða, en að setja þann fyrirvara á

innflutningsleyfin, að sá, sem innflutninginn fær, skuli skyldur til að selja vissan hluta með heildsöluverði, fær að n. áliti ekki staðizt, nema því aðeins, að ófriðarástand og viðskiptaástand gefi tilefni til þess. En þegar viðskiptaástandið gefur ástæðu til, að slíkur fyrirvari sé settur, er einnig ótvíræð heimild í gildandi l. til þess að setja fyrirvara, þ. e. a. s., n. telur tvímælalaust, að nægilega glögg heimild sé til þeirra ráðstafana, sem flm. telur nauðsynlegar, og raunverulega eins glögg og í frv. hans. Hitt vill n. taka fram, að hún gerir ráð fyrir, að það sé nauðsynlegt, a. m. k. undir vissum kringumstæðum, að setja slík skilyrði í innflutningsleyfi, en viðskiptaráð verður að sjálfsögðu að meta það eftir þekkingu sinni og eftir þeim óskum, sem það fær frá kaupmönnum úti um land, hvort ástæða sé til að setja slíkan fyrirvara eða ekki. Um það er ekki hægt að gefa neina almenna óbrigðula reglu, heldur verður það að vera á valdi viðskiptaráðs, og yrði þá frv. það, sem hér liggur fyrir, ekki um það, að slík heimild sé fyrir hendi, heldur einungis um það, að heimildin sé nægilega glögg. Flm. hefur fallizt á, að svo kunni að vera, en vitnar í, að viðskiptaráð hafi ekki talið heimildina nægilega glögga. Í álitsgerð viðskiptaráðs kemur í ljós, að viðskiptaráð telur, að heimildin sé fyrir hendi, og telur æskilegt, að hún sé það og sé skýr, en það verður að teljast, að hún sé til, svo að ekki verði um villzt, sem sé, að þegar ófriðarástandið geri það nauðsynlegt, þá hafi viðskiptaráðið heimildina. Þetta varð til þess, að n. leggur til, að frv. sé afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem deildin telur, að viðskiptaráð hafi þegar glögga heimild til ráðstafana þeirra, sem í frv. greinir, telur hún ástæðulaust að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Ég vil geta þess fyrir n. hönd, að svo fremi sem viðskiptamálaráðherra kynni að vera á þeirri skoðun, að viðskiptaráð hafi ekki nægilega glögga heimild í þessu sambandi, vildi n. áskilja sér rétt til þess að taka málið upp aftur til endurnýaðrar athugunar. Ég fyrir mitt leyti held, að þess þurfi ekki og viðskiptaráð hafi skýra heimild, en n. vill áskilja sér rétt til að taka málið upp að nýju, ef ráðh. liti öðrum augum á lagahlið málsins. N. vonar þó, að svo muni ekki vera, en vonar, að dagskráin verði samþykkt og málið þar með afgreitt.

Gísli Jónsson: Ég vil í fyrsta lagi þakka n. fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í þetta mál, og þann skilning, sem hún hefur á nauðsyn þess. Hitt er vitanlegt, að það hefði fyrir löngu átt að vera búið að afgreiða þetta frv., eins og ráðh. lofaði, og vil ég því, áður en lengra er haldið, minnast á þær tafir, sem orðið hafa á þessu máli. Því var vísað til 2. umr. 16. f. m., og hefur verið upplýst, að viðskiptaráð og verzlunarráð hafa dregið svo lengi að senda umsagnir sínar, og verður að telja mjög vítavert, þegar slíkum stofnunum eru send erindi, að þær taki sér það vald að halda þeim til þess að tefja málið, eða svara hlutdrægt, eins og kemur fram í svari Verzlunarráðs Íslands, og vænti ég, að þingið standi vel á verði til þess að fá svör við erindum sínum innan sanngjarns tíma. Að svo mæltu ætla ég að snúa mér beint að málinu.

Niðurstaða n. er sú, að það sé nauðsynlegt, að þessi skilyrði séu skráð á innflutningsleyfin. Ég veit, að þetta er að verða hreint og beint kvalræði fyrir um 40% af landsmönnum. Það er ekki lítið atriði fyrir þessa menn að geta fengið þessar vörur beint til sín, t. d. hér í heildsölu, í stað þess að tína þær saman á venjulegu smásöluverði eða með enn lakari kjörum. Ég vil taka til dæmis eina teg. eins og alls konar saum, sem undanfarin ár hefur ekki verið hægt að flytja inn nema í 100 tonnum. Segjum, að innflytjendur hefðu getað notað sér þessa aðstöðu. Eftirspurnin er svo mikil, að hægt hefði verið að selja hann í smásölu, eins og hitalagnir, dúka, rafmagnsvörur. Ég er alveg undrandi á því, að viðskiptaráð skuli hafa skotið sér undan þessari skyldu. Álit fjmrh. var á síðasta þ. það sama og nú kemur fram hjá allshn., að viðskiptaráð hafi þegar í l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð heimild til að setja þau skilyrði, sem í frv. mínu greinir, og við umr. um till., sem ég hafði borið fram, lofaði hann að sjá svo um, að viðskiptaráð framkvæmdi þessi atriði eins og l. stæðu til. Þess vegna dró ég till. mína til baka og þó ekki fyrr en hæstv. ráðh. hafði endurtekið ummæli sín, en svo fæ ég það svar hjá viðskiptaráði, að það bresti heimild til þessa. Ég veit ekki, hvort viðskiptaráð hefur viljað draga málið eða hvort það er ekki betur að sér um lagahlið málsins en þetta. Hæstv. fjmrh. virðist hafa breytt um skoðun frá í fyrra, svo að ég get ekki fellt mig við, að málið verði afgreitt hér, nema fram komi ótvíræð yfirlýsing frá fjmrh. um, að hann láti nú þegar fyrirskipa viðskiptaráði að skrá slíkar aths. á innflutnings- og gjaldeyrisleyfin og að heimild verði til að ráðstafa hluta af innflutningnum til annarra aðilja með heildsöluverði. Komi skýr yfirlýsing frá ráðh. í þessa átt, get ég sætt mig við rökst. dagskrána.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um álit, sem kom frá viðskiptaráði í sambandi við þetta mál. Ég benti á í mínu frv., að það væri mjög auðvelt, ef þetta væri sett á leyfin, að viðkomandi innflytjandi fengi skráð á þau, að hve miklu leyti ráðið teldi sig þurfa að nota þá vöru, sem um væri að ræða. Mér finnst þetta afar einfalt og ástæður viðskiptaráðs fjarri sanni. Ef lægi hjá ráðinu beiðni um útvegun til afskekkts staðar á timbri og ráðið gæti ekki uppfyllt óskina, en afgreiddi á sama tíma leyfi til timburinnflutnings, sem selt væri í smásölu, væri ekki erfitt að ákveða um leið, að t. d. 10% skyldi ráðstafað af viðskiptaráði, þegar varan væri komin til landsins. Þetta væri vel hægt.

Öll grg. viðskiptaráðs ber með sér, að það er á móti þessum ráðstöfunum, og því er enn meiri ástæða til að búa svo um hnútana, að þetta verði lagfært.

Fskj. er stílað af þeim barnaskap og eiginhagsmunasjónarmiði, að það er undarlegt, að stofnun, sem vill láta taka sig alvarlega, skuli leyfa sér að skrifa slíkt til Alþ. Þar kemur aðeins fram útúrsnúningur og takmarkalaus eigingirni.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. flm. fullyrðir, að ég hafi breytt um skoðun í þessu máli. Það er ekki rétt. Ég hef frá því fyrsta verið á þeirri skoðun, að l. næðu yfir þetta, og ég lofaði í fyrra að hlutast til um það við viðskiptaráð, að það tæki málið til athugunar. Ég skrifaði ráðinu nokkru síðar og fól því að leysa málið. Síðan kom það fram hjá form. ráðsins, að það er í vafa um, hvort heimildin í l. sé ótvíræð. Um svipað leyti talaði hv. flm. við mig og sagðist hafa fengið sams konar upplýsingar hjá viðskiptaráði og vildi flytja sérstakt frv. um málið. Ég sagði, að ég sæi ekkert því til fyrirstöðu, að hann flytti brtt., sem gerði þetta skýrt og ótvírætt, en ekki, að ég hefði breytt um skoðun. Okkur kom saman um, að ég skildi senda honum uppkast í því formi, sem ég teldi heppilegt, en þegar frv. hans kemur fram, er það allt annað, og ég gat alls ekki verið því fylgjandi. Ég tel, að eins og frvgr. hljóðar sé hún að kalla má óframkvæmanleg, þó að ekki sé nema þetta: „Er óheimilt að afhenda innflytjanda vöruna, nema skráð hafi verið á innflutningsleyfið, að hve miklu leyti viðskiptaráð óskar að nota þessa heimild, eftir að varan hefur verið innflutt".

Hv. flm. talar um 40% af landsmönnum, sem eigi við þetta að búa. Það er djúpt tekið í árinni. Það getur verið, að nokkrir staðir verði illa úti, og kann að vera, að sá staður, sem hv. flm. ber helzt fyrir brjósti, verði verzt úti, en þó að ég álíti, að það beri að rétta þarna hjálparhönd, hef ég ekki orðið var við sérstakar umkvartanir frá öðrum hliðum. Það, sem um er að ræða og vakir fyrir flm., er að skylda þá smásala, sem sjálfir hafa innflutningsleyfi, til að selja nokkurn hluta af vörunni með heildsöluverði til smásala, sem geta ekki útvegað leyfi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég undrast svar hæstv. fjmrh. Hann lýsti því yfir, að hann hefði ekki breytt um skoðun, en á hverju byggist þá afskiptaleysi hans af málinu? Það er alveg þýðingarlaust að halda því fram, að hæstv. fjmrh. hafi ekki breytt um skoðun, en kannske er hann aftur búinn að öðlast sína upprunalegu skoðun, og væri það vel. Úr því að hann vill hins vegar ekki gera það, sem öll allshn. vill láta gera, sýnist hann vilja fara aðrar leiðir en þingviljinn segir fyrir um.

Ef rökst. dagskrártill. nær fram að ganga, er óhjákvæmilegt að bera fram nýja þáltill., þar sem skorað er á stj. að láta framkvæma þessi l.

Hæstv. ráðh. sagði, að ofmælt væri hjá mér, þegar ég nefndi 40%. Hvað ætli það sé mikill innflutningur út á land, dúkar, vatnsleiðslurör, hitaleiðslurör, eldfæri, miðstöðvartæki o. s. frv.?Eða veiðarfæri? Þetta er allt selt út á land í smásölu. Þegar ráðh. talar um að skylda smásala, er það rangt. Það á að skylda innflytjendur, en ekki smásala. Þeir verða bæði smásalar og heildsalar og taka tvöfaldan arð. Svo er t. d. um sement. Eru Hallgrímur Benediktsson & Co. smásalar, þó að þeir selji í smásölu? Eða Völundur og Helgi Magnússon & Co.? Þetta er blekking hjá ráðh.

Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. ráðh. á, að nýlega leitaði til mín iðnfyrirtæki, rúllulheragerð, sem hefur haft á hendi viðgerðir á skipum síðan 1907, en hefur nú gengið dag eftir dag til viðskiptaráðs til að biðja um vörur til stórviðgerða, en hefur alltaf fengið neitun. Hæstv. ráðh. ætti að kynna sér, hvernig komið er þessum málum. En það er ekki hægt að búast við miklu af ráðh., sem lýsti því yfir fyrir 12 mán., að hann mundi láta framkvæma mál á vissan hátt, en er ekki farinn til þess enn.

Ráðh. heldur, að sá staður, sem ég er fulltrúi fyrir, hafi farið sérstaklega illa út úr þessu. Nei, ég hef nú útvegað þeim stað vörur hér í heildsölu. Ég ber fyrir brjósti hina smáu, sem hæstv. ráðh. er skyldugur til að hugsa um.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég mótmæli því aftur, að ég hafi skipt um skoðun. Það er rétt, sem ég skýrði frá. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun, að þessi heimild væri fyrir hendi, en ég teldi það ekki saka, þó að ákvæði væru sett í l., sem gerðu þetta skýrara. Ég hef fyllilega framkvæmt mitt loforð, að fela viðskiptaráði að leysa úr málinu á þann hátt, sem tiltækilegt væri. Eins og hagar til um innflutning, er það sanngjarnt að rétta þeim kaupmönnum hjálparhönd, sem hafa ekki útispjót til að fá vöru sína beint frá útlöndum, en það eru talsverðir erfiðleikar að fyrirskipa einum smásala, sem hefur slík útispjót, að afhenda vöruna með litlum hagnaði til annars smásala. En það er þó ekki sama máli að gegna um allar vöruteg., því að um vissar vörur, eins og timbur, er full sanngirni, að eitthvað slíkt sé gert.

Ég er ekki reiðubúinn að gefa neina slíka yfirlýsingu, sem hv. flm. fór fram á, en endurtek, að ég mun stuðla að því, að viðskiptaráð noti þá heimild, sem ég hef talið, að það hefði, og allshn. hefur fallizt á, að það hefði, eftir því sem ráðið sjálft álítur sanngjarnt. Það hefur enga hvöt til að draga taum eins eða annars, eins og það er skipað.

Forseti (StgrA): Eins og vitað er, er viðskiptaráð framkvæmdaraðilinn í þessu máli, að vísu má þó segja, undir yfirstjórn ráðh., en þó fara framkvæmdir þessara mála yfirleitt eftir reglum þeim, sem settar hafa verið með l., sem Alþ. hefur samþ. Mér finnst því óþarfi fyrir flm. að ávæna mig um óheilindi í þessum málum.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Mér skilst, að ráðh. hafi gefið hér fullnægjandi yfirlýsingu. Hann hefur fallizt á það, að þessi heimild væri fyrir hendi, og muni hegða sér samkv. því. Hins vegar vil ég upplýsa hann um eitt atriði. Hann taldi sig ekki hafa fengið kvartanir nema frá hv. þm. Barð. einum, en á fundi allshn.

lýstu tveir þm. þar yfir, en þar á hv. þm. Barð. ekki sæti, að þeim væri kunnugt um, að þörf væri á því, að þessari heimild væri fylgt eftir í einstökum tilfellum, svo ég hygg, að ráðh. hafi þar með fengið ríkari tilefni en áður að sjá um, að viðskiptaráðið beitti þessari heimild. Hitt fæ ég eigi skilið, af hverju ágreiningur hv. þm. Barð. og ráðh. rís, af því mér skilst, að báðir séu sammála um, að stundum muni vera þörf á þessu. Hins vegar taldi ráðh. mjög hættulegt, ef frv. hv. þm. Barð. yrði samþ. N. álítur það ekki svo mjög hættulegt út af fyrir sig, heldur, að það sé ástæðulaust, því að þetta vald sé eftir sem áður í höndum viðskiptaráðs. Ráðh. sagði, að þetta yrði óframkvæmanlegt, sem viðskiptaráði yrði fengið í hendur. En viðskiptaráði er ekki fengið annað í hendur með frv. en að setja þetta skilyrði, eftir því sem ástæða kann að þykja til á hverjum tíma. En viðskiptaráð hefur sjálft talið erfiðleika á að framkvæma þetta. Það er því, eins og flm. hefur viðurkennt, að hér er ekki eingöngu um að ræða, hvort maður treysti viðskiptaráði til þess að gegna skyldu sinni eða ekki, heldur, að hér sé þörf á skýlausri heimild, vegna þess, hve tilfellin eru margbreytileg, og þá er mikið undir því komið, hvort viðskiptaráðsmenn eru hæfir til að gegna þessu starfi og hvort þeir hlynna að vissum innflytjendum eða ekki. Viðskiptaráð hefur haft veika trú á, að það hefði þessa heimild, en eftir að d. hefur samþ. till. n. um rökst. dagskrá, hlýtur ráðið að gera sér ljósa grein fyrir því, að heimildin sé fyrir hendi, af því að bæði ráðh. og d. mundu ekki gefa slíka yfirlýsingu, nema rík ástæða væri til. Hér er því um að ræða sterka bendingu til ráðsins í þá átt, að það hafi þessa heimild, og þá er einnig tilgangi flm. náð. Hitt er svo annað mál, hvort maður treystir þessum viðskiptaráðsmönnum eða ekki, sem mér skildist, að flm. kæmi inn á í síðari hluta ræðu sinnar. Ég er ekki að öllu leyti ánægður með framkomu þeirra, en hins vegar hefur ekkert komið fram í þessu máli, sem gefur til kynna, að maður geti búizt við, að þeir gangi á móti óskum Alþ. í l., óskum Ed. á rökstuddri dagskrá og fenginni yfirlýsingu ráðh. Ég býst ekki heldur við, að þeir muni misbeita valdi sínu vissum innflytjendum til hagnaðar. Ég vil því halda fast við það, að rökstudd dagskrá verði samþ. að fenginni fullnaðaryfirlýsingu ráðh. í málinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera stutta aths. út af orðum fjmrh. Ég vil ekki láta hjá líða að skýra honum frá ummælum hans, er féllu hér á síðasta þingi, en þar segir hann: „Viðskiptaráðið hefur samkvæmt öðrum lögum fullkomið vald til þess að fullnægja þessu. Ég vil mælast til þess, að þessi brtt. verði ekki samþ., en vil heita flm. því, ef hann telur það nokkurs virði, að viðskiptaráði skuli verða send þessi till. sem beiðni ráðuneytisins um, að þetta verði sérstaklega tekið til greina í störfum ráðsins". Eins og tekið hefur verið fram, að ef þetta hefur ekki verið gert, þá gerir ráðið ekki eins og fyrir það er lagt, en ef það er tilfellið, að þetta hefur verið gert, þá er upplýst, að viðskiptaráð hundsar till. ráðuneytisins. Ef ráðuneytinu eru fengin skýlaus fyrirmæli, eins og ráðh. tekur fram, átti ráðuneytið að beita sér fyrir þeim, en ekki að svara því, að þessi heimild væri ekki til í l., en þetta var skoðun ráðh. Það var því eðlilegt, þegar ég fékk frá honum uppkast, ritað með eigin hendi, um, að þessi heimild skuli verða sett inn í l., að ég héldi, að þessi heimild væri ekki til. Mergur málsins er sá, að ef viðskiptaráð hefur ekki fullnægt beiðni ráðuneytisins, þá ætti að athuga, hvort ekki ætti að setja þessa menn af og skipa aðra menn. Ég mun ekki setja mig á móti að samþ. dagskrá, eins og hún er komin fram, þó að ég hafi ekki fengið nægilega yfirlýsingu fjmrh., en ég verð að viðurkenna, að mér mun ekki finnast mikið leggjandi upp úr slíkum yfirlýsingum. Hins vegar mun ég fylgjast með því, hvað framkvæmt verður í þessu máli, ekki vegna fárra manna, heldur vegna margra manna. Ég hef flutt hér þessa till., vegna þess að ég álít mjög mikla nauðsyn á framkvæmdum þessara mála undir núverandi kringumstæðum í landinu.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Flm. hefur með því að vitna í orð mín við umr. á þessu máli á síðasta þingi staðfest það, sem ég sagði þá með svipuðu orðalagi, nefnilega að viðskiptaráði hafi verið falið að reyna að greiða úr þessu máli. Hitt var svo annað mál, að viðskiptaráð var í vafa um, hvort það hefði vald til eða gæti framkvæmt þetta. Formaður viðskiptaráðs hefur átt viðtal við mig um þetta og lét í ljós, að það mundi ekki saka, þó að þessi gr. yrði gerð eitthvað skýrari, og einmitt með það fyrir augum, að slík gr. yrði í því formi, sem ég álít heppilegast, sýndi ég honum þetta uppkast, sem flm. gat um, svo að hann álítur nú, að ég hafi skipt um skoðun á þessu máli. En því fer auðvitað fjarri, og tel ég því óþarfa að fjölyrða meira um þetta. Eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, erum við á einu máli um, að úr þessu þurfi að bæta, eftir því sem kostur er á. Mér mundi því verða það til mikillar ánægju, ef fundur þessi leiðir til þess að fá það leiðrétt, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, og hef ég ekki borið brigður á, að slíkt gæti átt sér stað á fleiri en einum stað, þó að ég hafi ekki orðið var við það frá öðrum en flm.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 200, frá allshn., samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, GJ, HG, StgrA.

nei: IngP.

7 þm. (BrB, EE, GÍG, HermJ, JJ, KA, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu.

Gísli Jónsson: Í fullu trausti þess, að fjmrh. láti nú þegar framkvæma þessi mál samkv. gildandi l., eins og bent er á í dagskránni, og sýni í framkvæmdinni, að hann beygi sig ekki undir vald viðskiptaráðs, segi ég já.

—o—

4. Eignarnámsheimild á Nesi í Norðfirði.

Á 19. fundi í Nd., 20. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði (þmfrv., A. 74).

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 208 og 229).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég þarf ekki að fara nema örfáum orðum um þetta mál og skírskota til nefndarálits meiri hluta nefndarinnar. En meiri hl. n. getur ekki fallizt á að veita eignarnámsheimildina að svo stöddu og lítur svo á, að bæjarstjórn Norðfjarðar hafi ekki gert allt, sem hægt er, til að ná samkomulagi um kaup á jörðinni. Bæjarstjórnin mun hafa sent tilboð til landeigenda um kaup á jörðinni, en það mun hafa verið miklu lægra en eigendur töldu sig geta gengið að. Síðan hefur ekki meir verið reynt, og virðist þetta því alls ekki fullathugað.
Vitað er um suma eigendur, að þeir vilja selja, en þeir vilja fá hærra verð en umboðsmaður bæjarstj. bauð.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að svo komnu.

Frsm. minni hl. (Þóroddur Guðmundsson): Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl. lítur svo á, að búið sé að reyna það, sem hægt er, til samkomulags. Allir nefndarmenn voru þó sammála um, að nauðsynlegt væri fyrir Neskaupstað að eignast umrætt landsvæði. Eigendur hafa alltaf viljað halda þessu landi í óhæfilega háu verði og setja þar að auki ýmis skilyrði, sem mundu í raun og veru tryggja þeim umráðarétt yfir landinu, þó að bæjarstjórnin gengi að tilboði þeirra. Ég sé ekki ástæðu til, að Alþingi sé að draga í eitt ár enn að gefa eignarnámsheimildina. Úr því að það er viðurkennt, að bærinn þurfi að eignast þetta land, er ekkert sjálfsagðara en hann fái það. Það getur enginn maður fullyrt eða látið sér detta í hug, að meiri líkur séu til þess, að þeir hlutlausu menn, sem meta landið, dragi frekar taum bæjarstjórnarinnar en landeigenda, svo að það er vitaskuld á engan hátt verið að ganga á rétt landeigenda, þó að þessi leið verði farin. Ég sé ekki, að nokkur rök hafi komið fram, sem mæli með því að draga þetta lengur, og því beri að samþykkja þetta án frekari dráttar. En það er bara svo í þessari allshn., að þegar talað er um eignarnámsheimild, er eins og verið sé að tala um eitthvert viðkvæmt mál. En það hefur ekki komið fram minnsti snefill af rökum fyrir því, að það geti orðið afgreiðslu málsins til nokkurra bóta að láta það bíða. Og það er ekki rétt, sem haldið hefur verið fram af sumum nm., að það skipti engu máli fyrir kaupstaðinn, hvort málið verður afgreitt núna eða að ári, því að eins og nú standa sakir, hafa landeigendur, sem eiga landið móti bænum og eiga minni hlutann, heita má öll ráð yfir landinu og hafa notfært sér það. Það er kannski ekkert við því að segja, að landið sé leigt út, en það kemur hart niður á kaupstaðnum, að landinu sé ráðstafað meira en orðið er og að landeigendur fái kannski eitt ár enn þá til þess að fara með þetta land eins og þeim sýnist, áður en kaupstaðurinn fær þessa heimild. Ég vil því segja, að kaupstaðnum sé það til stórtjóns að fá ekki þessa heimild strax.
Ég skal ekki fara nánar út í þetta, en vil benda á, að kaupstöðum hafa hvað eftir annað verið gefnar svona heimildir, og er einkennilegt, ef það á að fara að brjóta í bág við þá reglu, þar sem vitanlegt er, að málið verður ekki leyst öðruvísi en á þennan hátt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað til þess að geta tekið þann hluta af bæjarlandinu, sem nú er í eigu einstaklinga, til handa bænum. Nákvæmlega sams konar frv. flutti ég á síðasta þingi, en það náði þá ekki fram að ganga, því allshn. óskaði eftir, að enn frekari tilraunir yrðu gerðar til þess að fá þennan hluta af landinu keyptan, án þess að til eignarnáms þyrfti að koma. Þá varð ég við þessu, og bæjarstjórnin gerði tilraun til þess að fá landið keypt án eignarnáms. Þegar svo þessi tilraun hefur verið gerð og málið er lagt fyrir, þá kemur n. enn fram og óskar eftir að draga þetta enn eitt ár og gera enn tilraun til þess að spyrja landeigendur, hvort þeir vilja selja, án þess að til eignarnámsheimildar komi. Mér þykir þetta undarlegt og það því fremur sem gerðar hafa verið hér á þingi samþykktir svipaðar þessu og fram hafa komið yfirlýsingar frá mönnum og flokkum, sem eru í samræmi við það, sem hér er farið fram á. Ég vil benda á það, að á síðasta þingi var samþykkt þáltill. um skipun milliþinganefndar í jarðakaupamálum kaupstaða og sveitarfélaga og í tilefni af þeirri till. féllu ummæli frá fleirum en einum flokki, að það bæri brýna nauðsyn til þess, að bæjarfélögin og sveitarfélögin fengju sem fyrst aðstöðu til þess að eignast bæjarland sitt til þess að koma í veg fyrir lóðabrask og til þess að hindra, að verðaukning á lóðum og lendum lendi í eigu einstaklinga, sem ekkert hafa unnið til þess að auka verðmæti þeirra. Og alveg sérstaklega kom það fram í blöðum Framsfl., að flokkurinn mundi standa framarlega í hópi þeirra, sem vildu tryggja, að þetta gæti orðið sem fyrst. En nú, þegar kaupstaður fer fram á að kaupa slíkt land samkvæmt mati, rís flokkurinn á móti því, af því að einn eða tveir flokksmenn eiga þar hlut að máli. Ég vil benda þeim, sem finnst, að gjarnan mætti fresta þessu máli einu sinni enn, á það, að þannig tókst til, þegar bæjarstjórnin sendi landeigendum skeyti um þetta efni, þegar leggja átti frv. um heimild

til jarðakaupanna fram, að aðeins 2 aðilar svöruðu af þeim 7, sem í hlut áttu, og sá maður, sem nú spyrnir mest fótum við þessu frv., svaraði þrem vikum eftir, að svörin áttu að hafa borizt. En hinir fimm svöruðu ekki og vissu þó, að á síðasta þingi lá fyrir frv. um, að landið yrði tekið eignarnámi, enda eru sumir af þessum landeigendum fulltrúar í bæjarstjórninni eða eiga innangengt þar og hafa lýst yfir því þar, að þeir selji alls ekki landið. Þetta veit bæjarstjórnin, þess vegna er farið fram á að taka landið eignarnámi.

Eins og segir í grg., er svo komið, að flestir kaupstaðir landsins eiga bæjarland sitt. Neskaupstaður hefur stefnt í sömu átt og hefur reynt að kaupa landið, en honum hefur ekki tekizt að ná í nema rúman helming af bæjarlandinu, en hinn helmingurinn er í eigu 6 einstaklinga, og ráða þeir öllu um framkvæmdir á bæjarlandinu. Þeir hafa sett þannig ákvæði í landeigendareglugerð staðarins, að fyrirbyggt er, að bærinn fái þar nokkru ráðið. Þessir einstaklingar hafa allar lóðir og lendur með sérstökum fríðindum, og þeim fríðindum vilja þeir ekki sleppa. Meiri hl. allshn. hefur óskað eftir, að bærinn gerði enn eina tilraun til þess að komast að samningum við landeigendur, og mér skilst, að hér sé farið eftir vilja þess eina jarðeiganda, sem hér á sæti á þingi og var annar þeirra, sem gerði bæjarstjórninni tilboð. Ef þm. vissu, hvernig þetta tilboð var, þá hygg ég, að þeir mundu ekki fallast á það, að bærinn biði eftir, að gerðar væru nýjar tilraunir. Hann hefur að vísu boðizt til að selja landið fyrir miklum mun hærra verð en bærinn taldi sig geta keypt það á og hefur keypt af öðrum, en til viðbótar því, að landið væri keypt miklu hærra verði, átti landeigandi, meðan hann lifði, og eftirkomendur hans að njóta sérstakra hlunninda og hús hans áttu að standa eftirgjaldslaust á landinu og einnig húsin endurbyggð. Slíkar kvaðir gat bærinn ekki fallizt á, og get ég ekki trúað, að þingið vildi, að bærinn gengi svo langt, að ganga að slíkum ævarandi skilyrðum, eins og hér eru sett. Árið 1941 viðurkenndi Alþingi með setningu l. um jarðakaup ríkisins til handa kauptúnum og sjávarþorpum algerlega þá stefnu, sem hér er farið fram á. Þá setti þingið l. um það, að ríkissjóður hefði heimild til eða væri gert að skyldu að taka eignarnámi eða kaupa fyrir hönd kauptúna og sjávarþorpa ekki aðeins það land, sem þau stæðu á, heldur og nauðsynlegar jarðir í nágrenni staðanna. En þessi l. ná ekki yfir kauptún og sjávarþorp, en kaupstaðirnir eru undanskildir. Neskaupstaður fór því þá leið, sem Siglufjarðarkaupstaður fór á síðasta þingi og Reykjavíkurkaupstaður í enn þá stærri mæli, því að hann fór út fyrir land sitt. Neskaupstaður fer fram á það sama og l. frá 1941 fóru fram á og eins og þegar hefur verið samþykkt bæði fyrir Siglufjörð og Reykjavík. Hér er því ekki um einsdæmi, heldur mörg fordæmi að ræða og málinu komið þannig fyrir, sem ég held, að allir séu sammála um, að sé það eina rétta í þessu efni. Og það, sem gerzt hefur, er það, að meiri hl., sem leggur til, að málinu sé frestað, hefur viðurkennt þá stefnu, sem hér kemur fram, viðurkennt, að réttlátt sé, að kaupstaðirnir eigi bæjarland sitt, en reynir þó að halda því fram, að þetta geti tekizt með frjálsum samningum, þótt reynslan hafi sýnt, að slíkt heppnast ekki. Ég held, að öllum megi vera það ljóst, að engin ástæða er til þess, að nýjar tilraunir af hendi bæjarstjórnarinnar til þess að eignast landið með frjálsum kaupum muni bera nokkurn frekari árangur en þessar tilraunir hafa sýnt, og með því að draga þessi kaup um nokkurn tíma enn er aðeins verið að gefa landeigendum tækifæri til þess að njóta sérréttindanna lengur og leigja út af landinu eftir þeim reglum, sem þeir vilja við hafa. Það er verið að gera kaupstaðnum erfiðara fyrir með að eignast landið, því að vitanlega stígur landið í verði frá ári til árs.

Ég vil líka benda á það, að það er búið að vera svo um nokkurn tíma í Neskaupstað, að bæjarstjórninni og landeigendum hefur komið illa saman um ráðstöfun á landinu. M. a. geta aðilar, sem þangað koma, séð innan bæjarins allstórt land, sem undirbúið var til ræktunar, stórir skurðir grafnir, vegir lagðir um og girt, en þegar átti að fara að leigja landið út, ákvað bæjarstjórnin að leigja það við lægra verði en landeigendur vildu vera láta, og risu þeir þá upp og neittu meirihlutaaðstöðu sinnar. Á síðasta ári varð svo bæjarstjórnin að beygja sig, og girðingarnar voru rifnar upp, til þess að landið gæti legið í órækt að vilja þessara örfáu landeigenda. Frsm. meiri hl. setti fram þá spurningu, hve miklu sú leiga næmi, sem greidd væri af sameigninni. Frsm. meiri hl. hefur hér gerzt forsvarsmaður þessara landeigenda, og það hefði verið miklu meiri ástæða til þess, að ég hefði borið upp þessa spurningu til hans sem forsvarsmanns þeirra, því að það er ekki mitt að vita, hverju þetta nemur. Það er þeirra að vita, hvað þeir hafa upp úr krafsinu. Hitt er annað mál, að það verð, sem bærinn hefur boðizt til að greiða fyrir landið, er margfalt fasteignamatsverð þess, en hins vegar að mestu miðað við undanfarandi söluverð landsins.

Ég vil svo að endingu segja það, að mér þykir heldur kynlegt, ef Neskaupstað verður, — þrátt fyrir það að hann hefur orðið við því að gera nýja tilraun til þess að fara samkomulagsleiðina við landeigendur, sem hafa ekki svarað nema 2 af 7 og annar með algerlega óaðgengilegu tilboði, en hinn með einu stuttu nei, — mér þykir kynlegt, ef Neskaupstað einum verður meinað að eignast land sitt á sama tíma og öðrum kaupstöðum, sem þó hafa búið við betri skilyrði, er leyft að eignast sitt land, og vil ég vænta þess, að þingið sjái sér fært að samþykkja þetta og fallist ekki á neina aðra afgreiðslu á málinu.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta verða aðeins örfá orð. Mér finnst nú, að hv. 6. landsk. þm. (LJós) taki fullnærri sér þá afgreiðslu málsins, sem allshn. leggur til, því að eins og hann viðurkenndi nú og nál. ber með sér, er n. þeirrar skoðunar, að kaupstaðurinn eigi að eignast þetta land, og meira að segja hafa fallið orð um það, að á næsta þingi verði kaupstaðnum látin þessi eignarnámsheimild í

té. Nú vil ég vona, að ekki komi að sök til þess tíma, þótt eignarnámsheimildin verði ekki afgreidd á þessu þingi. Það hafa engin mótmæli heyrzt á þeim grundvelli, að hér sé um að ræða einhverjar framkvæmdir, sem séu svo aðkallandi, að það sé bagalegt að fá ekki eignarnámsheimildina, ef ekki verði af samningum. Þetta finnst mér vera höfuðatriði málsins. Það er miklu viðkunnanlegra, að áður en Alþingi veitir eignarnámsheimildina, sé reynt á það allverulega, að aðilar komi sér saman, því að það finnst mér ekki nema skylt af hálfu þingsins að veita ekki slíka heimild, þegar um eitthvað smávægilegt er að ræða, sem engu máli skiptir. Nú tel ég þetta ekki svo og því eigi á næsta þingi að veita þessa heimild, ef samningar nást ekki. En ég tel, að af hálfu bæjarstjórnarinnar hafi ekki verið nægilega eftir þessu leitað síðan á síðasta þingi. Ég veit ekki betur en leitað hafi verið til tveggja landeigenda um það, hvort þeir vildu selja, og þeir hafi skrifað og óskað eftir tilboðum og bæjarstjórnin hafi sent tilboð og tiltekið verðið kr. 5500.00 hundraðið. Því svöruðu landeigendur svo, að verðið væri of lágt, og svo ætla ég, að frekari tilraunir hafi ekki átt sér stað. Hvort bæjarstjórnin eða fulltrúar hennar litu þannig á, að þetta sé svo hátt verð, að bæjarstjórnin sjái sér alls ekki fært að bjóða meira, er mér ókunnugt um, en mér hefði þótt réttari leið, að bæjarstjórnin hefði svarað þannig, að hún treysti sér alls ekki til að bjóða meira. Þetta er ekki að leitast við að ná samkomulagi. Hitt er náttúrlega annað mál, sem hv. 6. landsk. drap á, ef menn fást ekki til að svara bænum, þegar hann kemur með erindi sitt. Ég álít, að ekki eigi að sýna þeim nokkra biðlund eftir slíkt, enda mega þeir þá sjálfum sér um kenna. Viðvíkjandi því, sem hv. 6. landsk. vildi beina til mín, að ég ætti heldur að leita til landeigenda viðvíkjandi því, hvað væri upp úr landinu að hafa, held ég, að upp á rökstuðning málsins hér á þingi hefði ekki verið verra, að hann hefði kynnt sér þetta, því að þar sem komið hefur ákveðið verðtilboð af hálfu bæjarins, hefði þurft að rökstyðja það með því, að landeigendur hefðu sjálfir ekki meira upp úr landinu. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér um þetta atriði, ætla ég, að þeir muni fá talsvert miklu meira. Ég held, að þeir telji sér tekjur af landinu á fjórða hundrað kr. af hundraði, ég sel það ekki dýrar en ég keypti. En ef hv. 6. landsk. þm. veit ekki, hver leigumálinn er, getur hann ekki heldur mótmælt því. Það er leitt að heyra, hvað þessum mönnum semur illa. Ég vona, að hin rökst. dagskrá meiri hl. allshn. verði samþ. og menn reyni að koma sér saman. Ef bæjarstjórn sýnir fulla viðleitni á frjálsu samkomulagi og gangi samt ekki saman með þeim, get ég á næsta þ. heitið hv. 6. landsk. þm. stuðningi mínum við málið. Því að það er vissulega alveg út í bláinn hjá honum, að við viljum ekki veita heimildina, af því að tveir landeigendur séu framsóknarmenn. Þarna eiga nokkrir menn land, og ég þekki ekki mark á þeim, en ég veit, að einn flokksmaður minn á þarna land og er sá, sem hefur boðið landið til kaups. Hitt er viðkunnanlegra, að það sé hóflega með þetta mál farið og reynt að ná samkomulagi. Það er ekki viðunandi, hvernig bæjarstjórnin hefur gengið fram.

Ég skal ekki lengja mál mitt, enda er það ekki mikið, sem á milli ber.

Lúðvík Jósefsson: Aðeins örfá orð og þá aðallega út af því atriði hjá hv. frsm. meiri hl., að hann reynir að gera talsvert úr því, að bæjarstjórnin hafi að mjög litlu leyti gert tilraun til að fá keypt það land, sem um er að ræða. En þetta er alveg rangt. Bæjarstjórnin hefur fyllilega gert það, sem hægt var að búast við, og landeigendur hafa verið aðvaraðir greinilega. Það er ekki rétt, að bæjarstjórnin hafi aðeins snúið sér til landeigenda og spurt þá, hvort þeir vildu selja. Þeim var öllum sent skeyti, og þeir voru beðnir um að gera sölutilboð, og aðeins einn af þeim gerir sölutilboð, sem þó kemur 3 vikum of seint —, með ævarandi skilyrðum, sem bæjarstjórnin gat ekki gengið að. En hinn aðilinn, sem svaraði, svaraði aðeins með því að biðja bæjarstjórnina að gera tilboð. Hún gerði það, en viðkomandi eigandi talaði aldrei við hana aftur. Það er að vísu rétt, að við höfum ekki talað við manninn aftur og aftur. Honum var kunnugt um, að það hafði legið fyrir frv. um eignarnám, en hann hefur enga tilraun gert til að bjóða bænum landið. Ég álít því, að bæjarstjórn hafi fyllilega gert allt, sem búast mátti við af henni.

Hitt, að bæjarstjórnin geti verið ánægð, því að hún skuli fá stuðning í þessu máli á næsta þ., nægir okkur ekki, því að það sama var okkur sagt á síðasta þ. af mönnum úr n., svo að við trúum ekki um of á það.

Ég er á þeirri skoðun, að ef menn meintu það heilt, að rétt væri að stefna að því, að bæjarfél. ættu bæjarland sitt, ættu þeir hiklaust að geta sett ein allsherjarl. um, að þau hefðu rétt til að taka eignarnámi eftir mati. Það ætti að vera óþarfi að þvæla því lengi fyrir sér.

Þetta mál er fyllilega upplýst. Bærinn er búinn að gera sitt. Stærstu landeigendurnir eru jafnframt bæjarfulltrúar, en hafa aldrei anzað og vilja ekki selja landið nema eftir dómi. Jafnvel þótt samkomulag næðist við þennan eina, sem á sæti á þ. og gerði tilboð með ævarandi skilyrðum, þá eru eftir þeir, sem eiga mestan hluta landsins.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég get ekki um borið, hvers er vænzt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, en ég veit, að væri henni mikið áhugamál að fá málið leyst, hefði hún getað gert einhverjar frekari ráðstafanir við þá, sem svöruðu, því að af því, sem farið hefur á milli bæjarstjórnarinnar og þeirra, sem svöruðu, sést, að bæjarstjórnin hefur ekki mikið reynt til að ná samkomulagi. Það tíðkast, þegar um kaup og sölu er að ræða, að menn tali saman um málin, en sendist ekki bara á tilboðum.

Ég hugsa, að það kunni að bera nokkuð á milli okkar meirihlutamanna og hv. 6. landsk. um það, hvernig nota eigi heimildina. Hann

getur hugsað sér, að það ætti að heimila eignarnám með allsherjarlöggjöf. Ég er honum alveg ósammála þar. Hverjir ættu að dæma? Bæirnir sjálfir? Stundum er eignarnámsheimild alveg réttmæt, ef bæirnir færu vel með vald sitt, en það er engin trygging fyrir slíku. Hingað til hefur Alþ. metið nauðsynina og veitt heimild í hverju einstöku tilfelli, og það eru áreiðanlega margir á Alþ., sem álíta, að hyggilegra sé, að sú regla gildi enn.

Hv. 6. landsk. þm. efast um, að n. vilji veita slíka heimild yfirleitt, en hann hefur ekkert fyrir sér í því. Það er ómögulegt að halda því fram með nokkrum rétti eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að bæjarstjórnin hafi gert mikið til samkomulags. Það getur varla minna verið, sem hún hefur gert.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 208, frá meiri hl. allshn., samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, JörB, BÁ, EystJ, GÞ, ÓTh, BFB, IngJ, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG.

nei: SÁÓ, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, JakM, LJós, SigfS, SG, STh.

6 þm. (ÁÁ, FJ, GG, GSv, PZ, SK) fjarstaddir.

—o—

5. Friðun Patreksfjarðar fyrir skotum.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum (þmfrv., A. 28).

Á 15. fundi í Ed., 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Það er komið fram fyrir tilmæli fjöldamargra íbúa í Rauðasands- og Patreksfjarðarhreppi, og vísa ég til grg. og fylgiskjals, sem er með málinu.

Ég vona, að þessu máli verði hraðað, og óska, að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 380).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Í frv. þessu er lagt til, að „öll fuglaskot, að undanskildum skotum vegna útrýmingar svartbaks, selaskot og hvers konar önnur veiðiskot skulu hér eftir bönnuð á Patreksfirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Blakknesi í Tálkna yzt". Frv. er flutt af þm. Barð. (GJ), og hefur Alþingi borizt áskorun frá 20 ábúendum í Patreksfirði og auk þess frá ýmsum íbúum í Patreksfirði, þar á meðal hreppsnefnd Patrekshrepps, um, að Alþ. setji. l. eins og gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar hefur ekki borizt nein umsögn frá sýslun. Barðastrandarsýslu.

Allshn. hefur athugað þetta frv., og án þess að hún vilji taka nokkra afstöðu til efnis þess, hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að ákvæði eins og þau, er í frv. felast, geti sýslun. tekið upp í lögreglusamþykkt sýslunnar, ef hún óskar þess, samkv. l. frá 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaði, sem síðan hafa verið látin ná til sýslufélaga. Þar er leyft að fengnum till. frá sýslun. að skipa málum sýslunnar með lögreglusamþykkt. Þar á meðal er hægt að taka upp friðun og verndun á almannagripum og eignum og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmissa atvinnuvega, t. a. m. fiskverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigði vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.

Lítur allshn. svo á, að sýslun. geti, ef hún óskar eftir, fengið ákvæði eins og þau, sem farið er fram á í frv. þessu, tekin upp í lögreglusamþykkt sýslunnar, og telur allshn. þegar af þeirri ástæðu ekki rétt, að frv. verði samþykkt. Þar við bætist svo, að ekki þykir eðlilegt, að þessu máli verði skipað að l., meðan ekki liggur fyrir till. frá sýslun. um það, og einnig af þeirri ástæðu er lagt til, að frv. verði ekki samþykkt.

Það er því einróma álit n. að leggja til, að frv. verði afgreitt með rökst. dagskrá, sem lögð er fram á þskj. 380.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. allshn. hefur eftir rúma tvo mánuði komizt að þessari niðurstöðu um svona einfalt mál, og verður að víta þá málsmeðferð yfirleitt. Slík vinnubrögð í þ. eru óverjandi, og er óskandi, að hæstv. forseti sjái til þess, að það komi ekki fyrir, að n. leyfi sér að setjast á mál í 8 vikur, sem ekki þarf að taka meiri tíma en þetta smámál.

Að því er snertir niðurstöðu n., hefði ég óskað, að dagskrártill. væri fyllri. Þar stendur aðeins, að með því að sýslunefnd Barðastrandarsýslu „virðist" hafa fullnægjandi heimildir í lögum o. s. frv. Hins vegar hefur hv. frsm. fullyrt, að heimild sé fyrir hendi samkv. l. frá 1890, og reynist það rétt, fellst ég á, að málinu sé borgið með dagskránni, og set mig ekki á móti þeirri afgreiðslu.

Ég mun sjálfur fylgja málinu eftir hjá sýslun. og dómsmrn., og kann málið því að koma fyrir aftur á næsta þ.

Bernharð Stefánsson: Út af því, sem hv. frsm. sagði, að það væri einróma álit allshn. að afgreiða málið með dagskrá, vil ég taka fram, að ég hef ekki skrifað undir nál., enda hygg ég, að ákvörðun n. hafi verið tekin, áður en ég kom þar.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég vil út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. vekja athygli á

því, að allshn. afgreiddi málið, meðan hv. þm. Str. átti sæti í henni, og voru allir nm. á einu máli, þegar afstaða var tekin. Hins vegar er það rétt, að hv. þm. Str. var farinn úr n., þegar nál. var undirritað.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 380, frá allshn., samþ. með 9 shlj. atkv.

—o—

6. Ábúðarlög.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933** (þmfrv., A. 27).

Á 14. fundi í Ed., 9. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef borið fram hér á þskj. 27 breyt. á ábúðarl. frá 1933. Í 36. gr. er svo ákveðið, að ef verðbreytingar verða á því, sem afgjald er greitt í, geti hvor aðili fyrir sig ákveðið, að úttektarmenn meti þessa breyt. og meti á ný afgjaldið. Að sjálfsögðu hefur hver aðili rétt til að krefjast þess á hverjum tíma, sem það þykir nauðsynlegt, en það er hins vegar svo þunglamalegt að fá þá leiðréttingu, að það verður ef til vill að fá það gegnum dómstólana, og undir þessum kringumstæðum tel ég það ekki tiltækilegt og því sé nauðsynlegt að breyta því.

Flestar eða allar hlunnindajarðir á Íslandi eru venjulega leigðar þannig, að afgjald af þeim er hluti af hlunnindum þeirra, dúni, selskinnum eða öðru slíku. Þessar vörur hafa nú hækkað það mikið í verði, að afgjald, sem áður var 2000—2500 kr., er nú komið upp í 9000—11000 kr. Aftur á móti hafa þeir, sem hreinsa dúninn, hugsa um varpið eða hirða skinnin, sem allt er mjög tímafrekt, orðið að borga alla þá vinnu með 3—4 sinnum hærra kaupi en áður. Þetta hefur orðið til þess, að mörgum beztu hlunnindajörðunum liggur við auðn, vegna þess að leiguliðarnir fá ekki risið undir því gjaldi, sem þeir verða að greiða af þeim. Á síðasta þingi voru sett ákvæði í húsaleigulög, sem áttu þar alls ekki heima, að aflahluti skyldi metinn til peninga sama verði og árið 1939, og skyldi miðað við það verð, þegar leiga fyrir uppsátur, báta eða annað slíkt var greitt með aflahluta. Þetta er hliðstætt. Ég vænti, fyrst þingið hefur tekið þessa stefnu, að vilja ekki leyfa neinum sérstökum þegni þjóðfélagsins að auka tekjur sínar bara á því, að tímarnir hafa breytzt, þá verði leyft, að hlunnindi verði metin eftir því verðlagi, sem var fyrir stríð. Ég hef slegið þann varnagla, að ef afgjaldið nemur ekki 4% af verði jarðarinnar, þá megi færa það upp í þá upphæð, svo að eiganda séu tryggðir eins háir vextir og menn fá nú í bönkum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en ég vil benda á, að þetta er svo aðkallandi fyrir þá menn, sem búa við þessi kjör, að það er ekki hægt að una við það, ef þingið skyldi ekki vilja samþ. þessa breyt., en ég tel illa farið, ef menn verða í þessu efni að fara þá leið að fá staðfest með dómi, að þessi sé skilningur l. Ég hef rætt þetta við landbrh. og eins við búnaðarmálastjóra, og hafa báðir tjáð mér, að þeir hafi sama skilning á 36. gr. og ég, og þessi breyt., sem hér er farið fram á, er því aðeins til að koma í veg fyrir, að menn verði að leita til dómstólanna til að fá þennan skilning viðurkenndan.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þó að frv. þetta eigi að ganga til n. og þá að sjálfsögðu landbn., þá vil ég þó nú þegar vekja athygli á nokkrum atriðum þessa frv., sem mér finnst dálítið athugaverð. Fyrst og fremst er það, að eftir grg. virðast þessi ákvæði eiga að koma til framkvæmda strax á þessu fardagaári. Ég get hugsað mér, að það þyki athugavert fyrir þingið að breyta samningum, sem nú eru í gildi og gerðir hafa verið eftir aldagömlum venjum og það yrði kannske til þess, að meira eða minna af landsleigu, sem búið er að borga, yrði að endurgreiða.

Þá er annað. Þetta frv. nær eingöngu til hlunnindajarða, en við vitum allir, að það er víðar en á hlunnindajörðum, sem landsleiga er greidd í fleira en peningum. Til dæmis er fjöldi jarða leigður þannig, að landskuldir eru borgaðar í sauðfé, og einnig er borgað eftir margar jarðir í fóðrum. Og þetta hlýðir hliðstæðum lögum að mörgu leyti og hlunnindi. Þó er annað hliðstæðara, að fylgi fasteignunum, en það er leiga eftir innistöðukúgildi, sem er smjörgjald og sömuleiðis prestmata. Þetta allt hefur hækkað geysimikið vegna þessarar breyt., sem nú er á verðlagi. Aftur á móti er það vafamál, hvort landsetar hlunnindajarða standa nokkru verr að vígi að greiða nú í þessum hlunnindum en þeir, sem eru við hin kjörin og greiða á annan hátt í fríðu. Ég hef haft aðstöðu til að kynna mér þetta og veit um eina hlunnindajörð, sem þannig er háttað um, að ef afurðir eru nú þar eins og nokkur síðustu árin, þá mundi láta nærri, að landsetar þar mundu hafa 6 þús. kr. afgangs í hlunnindi af dún og sel. Auðvitað er það bruttó. En ég geri ekki ráð fyrir, að kostnaður sé svo mikill við öflunina, að það, sem þeir halda eftir, fari niður úr 2½ þús. kr. Og ég vil geta þess einnig, að eftir frv. er gert ráð fyrir því að færa gjald af hinum jörðunum þannig niður, að það yrði aðeins 4½% afgjald miðað við fasteignamatsverð. En ef farið verður að þessu ráði, er sennilega réttast, að allar jarðir séu undir sömu aðstöðu. Þá vil ég og geta þess, að ég álít, að ef talið er, að mjög mikill gróði falli landsdrottni á hönd, sé réttast, að það fari í sérstakan sjóð til viðhalds og endurbóta á jörðinni sjálfri heldur en landseti hirði það, þar sem hann má vel una við sinn hag. Hann gæti hlaupið burt með þann ágóða þá og þegar. En með hinu laginu væri tryggt, að þessi ágóði fylgdi jörðinni áfram.

Á þessi atriði vildi ég benda strax, áður en málinu er vísað lengra.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég vil aðeins geta þess, að ég er tilbúinn að hafa samkomulag um allt það, sem má verða til bóta á þessu frv., en vil hins vegar benda á, að í frv. segir svo í 1. gr.: „Þegar jörð hefur verið byggð eða leigð með þeim skilmálum, að jarðarafgjaldið skal greiðast í hlunnindum". Það er teygjanlegt, hvort telja skuli greitt með hlunnindum, ef greitt er með fóðrun og skepnum. Það má kannske gera það skýrara í landbn., og geri ég ráð fyrir, að við hv. þm. Dal. munum ekki deila um það.

Hv. þm. upplýsti, að hann þekkti tilfelli, þar sem menn hafa sex þúsund krónur afgangs í hlunnindum, en upplýsti þó, að þetta væri brúttó. En það kynni þá að kosta 6 þúsund eða meira að hirða þessi hlunnindi. En aðalkjarni málsins er það, að þessar landskuldir eru með núverandi fyrirkomulagi svo þungar bændum, að þeir verða að hrökklast frá beztu jörðum og hafa þegar gert það. Og það getur ekki verið undir neinum kringumstæðum áhugamál þingsins að búa þannig að þessum bændum, sem kannske þyldu að greiða 3—4 þús. kr. afgjald, að þeir verði að leggja jarðirnar í eyði, af því að landeigendur undir núverandi kringumstæðum hafa tækifæri til að krefjast 10—12 þús. kr. afgjalds. Það er mergur málsins.

Ég vænti því, að hv. þm. Dal. gefi landbn., sem ég óska, að málinu verði vísað til, allar þær upplýsingar um það, sem hann liggur með inni, og þar verði málið rætt á skynsamlegan og hlutlausan hátt og afgr. sanngjarnlega á báða bóga, svo að ekki þurfi að valda neinum erfiðleikum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Ed., 12. og 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 27, n. 371).

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Frv. ætlast til þess, að með samþ. þess verði bætt kjör þeirra landseta, sem greiða landsskuldir sínar í fríðu, og er þá einkum um dún að ræða. Landbn. hefur athugað, hver áhrif yrðu af samþ. frv. Þar, sem landskuldirnar eiga að greiðast í dún, mundu þær eftir frv. lækka nálægt því um ¾. Samkv. verðlagsskrám fyrir verðlagsárið 1939—40 var kg af dún víðast 50 kr. virði eða liðlega það, og söluverð mun ekki hafa farið langt fram úr því. Nú í ár er fullverkaður dúnn seldur fyrir 220 kr. kg. Það er auðsætt, hver breytingin yrði, ef fara mætti eftir þessum tölum. Einnig er gengið út frá því í frv., ef ekki verði reiknuð landskuld eftir mati á dún fyrir stríð, að þá mætti landskuld ekki verða hærri en nemur 4% af matsverði jarðar og húsa. Þá mundi landskuldin víða lækka enn meira. N. þóttist ganga úr skugga um, að landskuldir flestra þessara jarða væru nú mjög háar. En þar sem þær eru yfirleitt greiddar samkv. löglegum samningum frá því fyrir stríð, þótti n. ólíklegt, að samþ. frv. veitti landsetum rétt til að rifta samningunum og breyta leigumála, og lög í þá átt taldi hún ekki rétt að setja. Ég vil ekki leggja dóm á það, en margir lögfræðingar og góðir telja það ekki hægt. Almennt skoðað væri það ekki heppilegt að ýta undir þá tilhneiging eða tilfinning manna, að gerðir samningar þurfi ekki að gilda. N. telur því, að frv. geti ekki staðizt gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar og mundi verða gagnslaust, þótt samþ. væri, þeim landsetum, sem bundnir væru af eldri samningum en l. væru. Í 63. gr. ábúðarl. er ákvæði, sem landsetar geta notað sér til að fá landskuld sína leiðrétta, ef byggingarbréf þeirra eru ekki eldri en l. frá 1933.

Þó að n. teldi ekki hægt að ná tilgangi frv. með því að samþ. það, gat samt verið nauðsyn að breyta ábúðarl fyrir framtíðina af þessu tilefni. Þess vegna leitaði n. vitneskju bæði hjá búnaðarfélaginu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem hefur yfirumsjón með jarðeignum ríkisins, um það, hvort ljóst mundi liggja fyrir, hvernig háttaði landskuldargreiðslum í fríðu á hinum einstöku jörðum. Reyndin varð, að þetta er ljóst um jarðeignir ríkisins, en mjög erfitt af eðlilegum ástæðum að fá að vita um þetta á einstaklingseignum. N. leit svo á, að gögnum þyrfti að safna, ef ráðast ætti í að breyta lagabálki eins og ábúðarl., og væri þá engin leið til að afgreiða slíka breyt. á þessu þingi En af því, að nefndin viðurkennir það álit flm., að landskuldir séu nú of háar, þá þótti henni eðlilegt að vísa málinu frá með dagskrá, en ekki fella það, þótt hún áliti, að ekki kæmi til mála að samþ. það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. landbn. hefur nú verið meira en tvo mánuði að komast að þessari niðurstöðu, og er það annað hvort, að þessi skoðun hefur ekki ríkt hjá n. upphaflega, eða einhver önnur áhrif hafa orðið til þess að tefja málið. A. m. k. hlýtur eitthvað verulegt að vera orsök þess, að n. hefur séð sér fært að tefja málið í þessar 10 vikur. Helztu rökin, sem eru svo komin fram á móti þessu, eru þau, að þetta muni brjóta í bág við 62. gr. stjskr. og að því sé ekki víst, þótt þetta frv. yrði samþ., að allir aðilar vildu eða þyrftu að leggja sig undir það.

En ég vil benda á það, að á síðasta þingi var samþ. í 15. gr. húsaleigul. ákvæði, sem hnígur alveg í sömu átt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafi leiga eftir slík hús, bryggjur og palla verið greidd með aflahlut, getur aðili krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, og má leiga þessi ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu". Þarna er fordæmi, sem sýnir það, að ríkið hefur gripið inn í gerða samninga og ákveðið, að leigan skuli ekki greidd með aflahlut, þótt samningar hafi verið gerðir um, að greitt skyldi með aflahlut, og þetta var gert vegna þess, að aflahlutur inn er svo miklu hærri fjárhæð nú en hann var, þegar samningar voru gerðir.

Þegar maður tekur jörð á leigu og á að greiða afgjald hennar í dún, þá er heldur ekki sama, hvað hann greiðir fyrir þá vinnu, sem fer í það að hreinsa dúninn, og það er vitað, að sú vinna er nú mörgum sinnum dýrari en fyrir stríð. Hér er því gengið á rétt þeirra manna, sem við þessar aðstæður eiga að búa, og því ósæmilegt að vísa nú málinu frá. Ég veit um jörð, sem er leigð fyrir 80 pund af dún. Fyrir stríð kostaði pundið 30 kr., og var afgjaldið því 2400 kr., en nú kostar pundið 120 kr., og er því afgjaldið komið upp í 9600 kr. Og hvað heldur svo hv. frsm., að bóndinn þurfi nú að borga mörgum sinnum meira fyrir vinnuna við að hreinsa dúninn en fyrir stríð? Hann þarf nú að borga a. m. k. fimmfalt meira fyrir þá vinnu. Ég hygg, að þótt hv. frsm. snúist nú svona við þessu máli, þá hafi honum þó ofboðið sú leiga, sem hv. landbn. fékk upplýsingar um, að bændur þurfi að borga 15 þús. kr. og þar yfir fyrir jarðir, sem eru virtar á 30—40 hundruð á landsvísu, og það þótt þær séu svo illa hýstar, að vart sé viðunandi og ekki fáist úr því bætt.

Ég skal þá snúa mér að stjskr. Hvað segja menn um ákvæði stjskr., þegar þeir eru að samþ. skattaálögur, sem eru látnar verka aftur fyrir sig? Á stjskr. einungis að vera til þess að vernda hinn sterka, en ekki hinn veika? Á hún aðeins að vera bakhjarl fyrir ríkið og hina auðugu, til þess að þeir geti gengið á rétt hinna fátæku og smáu? Það virðist nú eiga að fara að leika slíkan leik hér, en það er nokkuð, sem ég vil engan þátt taka í.

Ég veit ekki betur, þegar dýrtíðarl. voru til umr. í fyrra, en þá hafi þótt sjálfsagt að rifta öllum samningum við verkalýðsfélögin. Og af hverju? Af því að það var Alþýðusambandið, sem var hinn sterki. Af því að það var hinn sterki, þá þótti sjálfsagt að víkja til ákvæðum stjskr. fyrir það. Slíkt hefði vafalaust ekki verið gert, ef um samninga við einstaka fátæka verkamenn hefði verið að ræða. Ég vil því ekki taka þessi rök um brot á ákvæðum stjskr. gild. Ég held, að það væri óhætt þeirra vegna að samþ. þetta frv. og lofa svo hlutaðeigendum sjálfum að láta dómstólana skera úr um, hver réttur þeirra væri.

Hv. frsm. var að tala um, að það þyrfti að afla frekari upplýsinga í sambandi við þetta mál. Það þótti ekki nauðsynlegt að fá upplýsingar viðvíkjandi því ákvæði, sem sett var inn í 15. gr. húsaleigul. í fyrra, en af því að það eru fátækir bændur, sem hlut eiga að máli, þá þykir sjálfsagt að eyða 2—3 árum í það að afla upplýsinga um mál, sem liggur þó alveg ljóst fyrir.

Ég ræddi þetta mál við búnaðarmálastjóra, áður en ég flutti þetta frv. hér í þinginu, og hann taldi nauðsynlegt að fá þessu breytt til þess að koma í veg fyrir það ranglæti, sem skapazt hefur af ástæðum, sem enginn ræður við, og ég vænti þess, að hv. frsm. hefði getað fallizt á þá skoðun í stað þess að láta nú dragast í björg frá sínum hugsjónum.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Flm. þessa frv. hélt hér alllanga ræðu í gær. Það var nú samt minnst af ræðu hans um málið sjálft, heldur almennar hugleiðingar út frá því.

Ég hef vakið eftirtekt manna á því, að landbn. lítur svo á, að jafnvel þó að þetta frv. yrði samþ., þá mundi það ekki ná tilgangi sínum. Landbn. hefur aflað sér upplýsinga lögfróðra manna um það, að þó að þetta frv. yrði að l., þá væri ólíklegt, að ákvæði þess yrðu látin ná til eldri byggingarbréfa.

Ég hef getið þess sem minnar skoðunar, að ég teldi, að það væri álitamál, hvort ákvæði þessa frv. rækjust ekki á ákvæði stjskr. um friðhelgi eignaréttarins. En um það atriði fullyrði ég þó ekki. Mér ber ekki nein sérstök skylda til að úrskurða það, en hef leyfi til þess að hafa mínar skoðanir um það.

Hv. þm. Barð. sagði það eiginlega með berum orðum, að það væri venja hér á Alþ. að skjóta sér undir ákvæði og fyrirmæli stjskr. eins og annað skálkaskjól, þegar lítilmagnar og fátæklingar ættu hlut að máli, en slíks væri síður gætt eða talað um, þegar um sterkari og efnaðri aðila væri að ræða. Ég held nú, að þessi hv. þm. hafi látið þessi mjög svo alvarlegu ummæli í garð hv. þm. falla, ekki af því að það sé sannfæring hans, heldur til þess að leiða athygli þm. frá þeim lagabreyt., sem frv. felur í sér og tvímælis getur orkað, hvort nokkur ávinningur er að flytja í því formi, sem það er. Ég get svo ekki verið að lengja þessar umr. þrátt fyrir þann rosta, sem hv. þm. hafði hér í gær um þessar umr., heldur vil ég aðeins benda hv. þm. á, að hann kemur stundum fram á Alþ. við meðferð mála, sem hann flytur, á þann veg, að það nálgast að vera hálfgerður sálarháski að eiga orðastað við hann, og orðaval hans og ummæli við umr. í gær eru gott dæmi um það. N. eiga að sjálfsögðu að afgr. mál eins fljótt og unnt er og afgr. þau vandlega, en ef ég hefði búizt við, að hv. þm. mundi haga orðum sínum á þann veg, sem hann gerði í gær, í sambandi við þetta mál, þá hefði ég ekki verið að flýta mér með það hér í þingsalinn. Afleiðingin var sú sama, hvort málið var fellt, látið daga uppi eða vísað frá. Það hefði verið æskilegt fyrir hv. þm. og líka hv. d. að losna við þessar umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja, að mér fannst ummæli hv. þm. dálítið einkennileg. Hann lýsti yfir því, að ef hann hefði búizt við slíkum ummælum frá minni hendi, þá hefði hann tekið sér það vald að stöðva þetta mál í n. Ég býst ekki við, að form. landbn. hafi leyfi til þess að setjast þannig á mál bara til þess að forða sér frá ummælum um meðferð n. á málinu og af því að hann þolir ekki, að það sé rætt á þingfundi. Málið er nú búið að vera 10 vikur í n., og finnst mér, að hæstv. forseti ætti að gefa slíkri n. áminningu, sem tekur sér slíkt vald.

Annars var öll ræða hv. þm. þannig, að glöggt

mátti heyra, að hann hafði engin rök að færa máli sínu til stuðnings, og sjálfsagt er það líka þess vegna, að hann hefur haldið málinu svona lengi í n., og kannske hefur hann ekki treyst sér til að koma með rök fyrir því að krefjast þess, að málinu yrði vísað frá. Ég vænti þess, að d. samþ. frv. og felli dagskrártill. formanns landbn. eða öllu heldur kannske landbn. í heild.

Þá minntist ég á það í gær, hversu hin ýmsu atriði stjskr. séu misjafnlega túlkuð eftir því, hverjir eiga þar hlut að máli, og hafa ekki komið fram nein rökstudd andmæli gegn því. Ég benti m. a. á húsaleigul. og önnur l., sem talið er enn vafasamara, að brjóti ekki í bág við stjskr. heldur en þessi l., ef frv. verður samþ. Það var ekki verið að hugsa um ákvæði stjskr., þegar landslýður allur var beittur því ranglæti hér á Alþ. að taka af honum kosningaréttinn í heilt ár. (**LJóh:** var hann tekinn af mönnum?) Það var frestað kosningum í heilt ár, og það er ekki séð enn, hversu mikinn skaða það hefur haft í för með sér fyrir íslenzku þjóðina, að sá sterki beitti þar valdi sínu gegn hinum veikari.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. meir, en ég vænti þess, að þegar ég tala við hv. þm. N.-M., þá finnist honum ekki, að hann sé í svo miklum sálarháska, að hann þurfi sérstaklega að vátryggja sig fyrir þeim umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þingskj. 371, frá landbn., samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HermJ, IngP, JJ, BÁ, LJóh, PHerm, PM, ÞÞ, BBen, EE, StgrA.

nei: GJ.

MJ, BSt greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG BrB) fjarstaddir.

—o—

7. Húsaleiga (frv. SigfS).

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (þmfrv., A. 86).

Á 22. fundi í Nd., 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Í 8. gr. l. um húsaleigu, nr. 39 frá 6. apríl 1943, segir svo, hvernig húsaleigunefnd Reykjavíkur skuli skipuð, að bæjarstjórn á að kjósa tvo menn, ríkisstjórn á að skipa tvo, og hæstiréttur skal skipa þann fimmta, og sé hann formaður nefndarinnar.

Í sömu grein eru ákvæði um það, að ráðuneytið geti skipt störfum með nefndarmönnum, og hafa þau verið þannig framkvæmd, að þrír nm. hafa annazt öll þau störf n. að undanteknu mati á húsaleigu og staðfestingu leigumála, en hinir tveir hafa annazt um það hvort tveggja og ekkert annað.

Þetta virðist eðlilegt, þegar litið er á það, hvernig n. er skipuð, að þar eru tveir frá ríkinu og tveir frá bæjarstjórn og svo hlutlaus oddamaður skipaður af hæstarétti. Svo getur annar aðilinn, þ. e. ríkisstj. skipað svo fyrir, að hver af nm. skuli ekki taka þátt í aðalstörfum n. Þetta gæti farið vel á þá leið, að fulltrúar ríkisstj. yrðu þannig teknir út úr, en það hefur ekki verið gert, heldur hefur verið tekinn annar fulltrúi ríkisstj. og annar fulltrúi bæjarstj. Ég hef líka ástæðu til þess að ætla, að öllum hv. þm. hafi ekki verið það ljóst, er l. voru sett, hvernig þetta atriði mundi verða framkvæmt, og þetta frv., sem ég ber hér fram, fjallar um leiðréttingu á þessu atriði, því almennt mun hafa verið álitið, að n. ætti öll að fjalla um þau mál, sem fyrir hana eru lögð.

Ég hef því lagt til, að n. skipi sjálf með sér verkum og að hún mæti öll á fundum, þegar úrskurðir eru upp kveðnir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta að *sinni*, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 339 og 376).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Thoroddsen): Eins og grg. benda til hefur málið verið rætt í n., en hún hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. leggur til, að það verði afgr. með rökst. dagskrá. Ég taldi breyt. meiri hl. á 1. gr. frv. vera til hins verra, en var þó sammála til samkomulags við hina nm.

Eins og fram á er farið í frv., eiga allir nm. í húsaleigunefnd að taka þátt í ákvörðunum n. Meiri hl. leggur til, að þegar ákvarðanir eru teknar, skuli að minnsta kosti fjórir þeirra vera á fundi, enda ráði afl atkvæða. Meiri hl. n. leggur til, að aftan við 5. gr. bætist ný málsgr. um, að kostnaður, sem leiðir af framkvæmdum samkv. ákvæðum þessarar gr., greiðist að hálfu af bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem hlut eiga að máli, en hinn helminginn greiði ríkissjóður.

Fleira þarf ekki að taka fram um málið, og læt ég því útrætt um það.

Frsm. minni hl. (Björn F. Björnsson): Við tveir nm. í heilbr.- og félmn. gátum ekki orðið sammála meiri hl n. og bárum við fram rökstudda dagskrá á þskj. 376.

Í frv. er gert ráð fyrir, að húsaleigun. öll fari með þau mál, sem heyra undir hana.

Eins og frsm. meiri hl. tók fram, lagði meiri hl. til, að frv. yrði samþ. með allmiklum breyt. En samkv. upplýsingum, sem eru frá formanni húsaleigun. og varaformanni, virðist eigi þörf að breyta starfstilhögun eða verkaskiptingu innan húsaleigun. að svo stöddu.

Þessir nm. segja, að ef allir nm. ættu að fjalla um málin, yrði allt svo svifaseint, að búast mætti við, að ekkert gengi um framkvæmdir. Þetta hefur heilbr.- og félmn. fallizt á og leggur til, að gengið verði frá frv. eins og það kemur fyrir, en sú breyt. gerð, að allir nm. þurfi aðeins að vera viðstaddir, þegar framkvæma þarf 5. gr., en hún er um leigunám. En eins og hv. frsm. tók fram, þá kemur það sjaldan fyrir, svo að breyt. er ekki mikil. Ég átti tal við formann húsaleigun., og sagði hann, að það gæti þó komið fyrir, sérstaklega í sambandi við braggana. Hann taldi ókleift að láta alla nm. vasast í hverju máli, sem kæmi fyrir n. Þess vegna lagði hann á móti, að breyt. yrði gerð í þá átt. Þess vegna sjáum við í minni hl. ekki ástæðu til að breyta þessu eins og meiri hl. vill, og leggjum við því til, að þetta verði fellt, og fellur það af sjálfu sér, ef dagskráin verður samþ.

Þá er önnur brtt. meiri hl., sem er veigameiri, en hún er sú, að ríkissjóður skuli greiða helming kostnaðar við framkvæmd l. Við leggjum á móti þessu. Er það af tveimur ástæðum. I fyrsta lagi er það, að engar upplýsingar liggja fyrir um kostnað við þessa n., og við töldum óverjandi að samþ. að greiða helming þessa kostnaðar úr ríkissjóði, án þess að fyrst lægi fyrir a. m. k. upplýsingar um, hversu mikill þessi kostnaður hefði verið að undanförnu. I öðru lagi er það, að samkv. l. vinnur n. aðeins fyrir bæjarbúa. Það getur verið, að farið sé í kringum l., og er of oft gert, en l. samkvæmt er n. ætlað að vinna aðeins í þágu bæjarbúa, svo að það er mjög vafasamt, að ríkissjóði beri að greiða meira en hann gerir nú l. samkv., þ. e. a. s. laun nm. Af þessum ástæðum þótti minni hl. ekki rétt að samþ. þessa till. og alls ekki fyrr en fyrir lægi skilgreining á kostnaðinum. Leggjum við því til, að þessi brtt. verði felld.

Þá er eitt í þessu sambandi, sem kannske er ekki veigamikið, en þó til athugunar, en það er það, að húsaleigul. eru tiltölulega ný af nálinni, og því er ef til vill varhugavert að hreyfa nokkuð við þeim nú, því að það gæti orðið til þess, að veigameiri breyt. kæmu fram en þær, er hér um ræðir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um málið fleiri orðum að sinni, en vænti þess, að d. samþ. hina rökst. dagskrá á þskj. 376.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það hefur tekið hv. félmn. alllangan tíma að athuga þetta tiltölulega litla frv., og get ég ekki látið vera að segja, að mér finnst satt að segja árangurinn af starfi hennar alls ekki í réttu hlutfalli við tímalengdina.

Rökin til þess, að þetta frv. var borið fram á sínum tíma, voru í höfuðdráttunum þessi: Eins og allir hv. þm. vita, þá er húsaleigun. Reykjavíkur skipuð fimm mönnum. Tveir eru kosnir af bæjarstjórn, tveir eru skipaðir af ríkisstj., en formaðurinn er skipaður af hæstarétti. Svo hefur félmrh. vald til þess að ákveða starfsskiptingu innan n. með þeim hætti, að tveir nm. skuli aðeins annast leigumat, m. ö. o. venjuleg skrifstofustörf, en þrír nm. önnur mál, sem l. fjalla um. Tveir nm. eru m. ö. o. settir út fyrir garð í n. Þeir hafa ekkert að gera nema að mæla gólffleti í herbergjum og margfalda með ákveðinni tölu innan vissra takmarka, sem þeim eru sett af stj. Það liggur í augum uppi, að vel gæti stj. haldið svo á, að hún veldi til þessa starfs einmitt þá fulltrúa, sem bæjarstj. skipar. Hún hefur að vísu ekki gert það í þessu tilfelli, en vel mætti hugsa sér það, því að það er opið samkv. l. Og þá væri svo komið, að bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar ætti engan fulltrúa í þeirri þriggja manna n., sem fjallar um öll þau stóru vandamál, sem fyrir n. koma, heldur væri hún skipuð mönnum, tilnefndum af hæstarétti og ríkisstj. Þetta hygg ég, að allir sanngjarnir menn geti verið sammála um, að sé mjög óeðlilegt lagaákvæði. Það er mál út af fyrir sig, að verkaskipting sé innan n., sem hún ákveður sjálf, en hér er opið l. samkv., að fulltrúar Reykjavíkurbæjar, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, séu útilokaðir frá aðalstarfi n., og er það að mínum dómi hrein og bein fjarstæða. Þess vegna lagði ég til, að bætt yrði úr þessum ágalla l. á þá lund, að allir fimm nm. skuli saman komnir á fundi, þegar úrskurðir eru kveðnir upp, þó að n. sjálf gæti ákveðið með sér verkaskiptingu.

Mér finnst, að þau rök, sem fram hafa komið gegn þessu og sagt, að stafi frá form. húsaleigun., harla léttvæg. Rökin eru fyrst og fremst og því nær eingöngu þau, að ókleift sé fyrir n. að sinna skyldustörfum sínum, ef þar ættu sæti fimm menn í stað þriggja, því að þá yrði svo erfitt að kalla saman fund o. s. frv., að það mundi torvelda og tefja öll nefndarstörf. Ég get ekki annað sagt en að rök eins og þessi séu með öllu óframbærileg. Hvaða ástæða er til að bera þeim fimm mönnum, sem í n. hafa verið skipaðir, þá vanrækslu á brýn, að þeir mundu ekki hirða um að mæta á lögboðnum fundi til þess að gegna skyldustörfum um uppkvaðningu úrskurða og önnur störf? Sem sé, röksemdin hvílir á þessu, að fimm mönnum, sem hafa verið skipaðir í n. af bæjarstj. Reykjavíkur, ríkisstj. og hæstarétti, er ekki til þess trúað að rækja störfin af þeirri samvizkusemi, að þeir mæti á fundum og geri þar skyldu sína. Ég sé ekki ástæðu til að taka tillit til slíkra raka. Það er engin ástæða til að ætla, að þeir tveir menn, sem nú hafa verið settir út fyrir garð í n., muni ekki hirða um að koma á fundi og gegna þar skyldustörfum sínum. Ég þekki þá báða svo vel að samvizkusemi og skyldurækni, að ég veit, að þeir mundu ekki láta undir höfuð leggjast að koma þar á fundi, svo að það tefði í engu störf n.

Meiri hl. hefur viljað taka nokkurt tillit til þessara röksemda. Hann leggur til, að skylt sé, að allir nm. séu á fundi, þegar framkvæma skal 5. gr. l., sem er um leigunám. Ég sé enga ástæðu til slíks undanhalds fyrir tyllirök húsaleigun., en þó get ég lýst yfir, að ég tel bót að fá þessa till. samþ. en að engin breyt. sé gerð, því að vissulega er það svo, að það eru viðkvæmustu úrskurðirnir, sem kveðnir eru upp samkvæmt 5.

gr., og kannske þeir, sem mest ábyrgð fylgir, og því sérstök ástæða til, að allir nm. séu þá viðstaddir.

Þá hefur meiri hl. komið hér með nýja brtt. við l., á þá leið, að kostnað, sem leiðir af starfi n., skuli greiða að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr bæjar- og sveitarsjóðum. Ég er fyllilega samþ. þessari brtt. meiri hl. Ég get ekki fallizt á þau rök, sem fram komu gegn henni frá hv. 1. þm. Rang. Hann lítur svo á, að þessi störf séu eingöngu unnin í þágu þeirra bæjarfélaga, sem hlut eiga að máli, og engra annarra. Þessi staðhæfing er ekki rétt. Við, sem þekkjum til í Reykjavík, vitum það, að í Reykjavíkurbæ eru nú tugir og hundruð fjölskyldna, sem hingað hafa komið á allra síðustu árum og eru hér þrátt fyrir húsaleigul. og hafa óleyfilega búsetu, og það er ekkert við þeirri staðreynd að gera, sem er. Þetta fólk er hér, og hefur ekki tekizt að stemma stigu fyrir, að það tæki hér upp húsnæði fyrir bæjarmönnum, enda ætla ég, að einhverjum mundi þykja þröngt fyrir dyrum, ef að því yrði horfið að senda þetta fólk, sennilega þá með sveitarflutningi, heim á sína sveit, sem það kom frá.

Þá er annað, sem er þó veigameira. Það er alkunnugt, að húsnæðisvandræðin stafa fyrst og fremst af því, að talsverðir erfiðleikar hafa verið á að reisa nýbyggingar, m. a. vegna efnisskorts. Nú get ég ekki séð, að það sé réttlátt, að bæjarfélögin ein gjaldi þessara erfiðleika. Mér skilst, að það sé eðlilegt, að sameiginlegur sjóður landsmanna taki þátt í þeim erfiðleikum, sem af þessu leiðir.

Ég skal svo ekki eyða meiri tíma í að tala um þetta mál. Ég endurtek þá yfirlýsingu mína, að ég tel, að brtt. meiri hl. sé til hins verra, en þó framför frá l., og get ég af þeim ástæðum fylgt henni. Enn fremur finnst mér, að brtt. hans um, að kostnaður við framkvæmd l. skuli skiptast jafnt milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs, sé til bóta, og mæli því eindregið með henni.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv., flm. þessa frv., lét þau orð falla, að honum þætti rýr eftirtekjan af starfi n. að þessu máli, þar sem hún hefði lengi legið á málinu o. s. frv. N. er ný á Alþingi, eins og menn vita, og fyrsta starfsárið var henni ekki ætlaður tími til fundarstarfa, með því að aðrar n. voru fyrir, sem höfðu ákveðinn fundartíma og fundarstaði. Við í þessari n. vorum því lengi settir hjá með tíma og húsrými. Þá er annað: Svo einkennilega vildi til í þessari n., að tveir nm. hurfu frá störfum, hv. 4. þm. Reykv., sem var sendur til útlanda, — að vísu kom varamaður hans, og er öllum ljóst, að það raskaði starfi n., — og hv. 1. þm. Rang., sem varð að hverfa úr þinginu heim í hérað sitt vegna embættisskyldu sinnar, og varamaður hans gat ekki komið fyrr en eftir rúma viku til að gegna nefndarstörfum. Þetta hafði truflandi áhrif á störf n. Enn fremur vil ég benda á, að þessu máli, sem nú liggur hér fyrir, var útbýtt 22. sept., 1. umr. var 24. sept., og var frv. þá vísað til heilbr.- og félmn. N. hafði takmarkaðan tíma og rúm, og skilaði meiri hl. þó nál. fyrir hálfum mánuði, þann 4. þ. m., og finnst mér því, ef menn vilja taka þetta allt til greina, að n. hafi ekki legið óhæfilega á málinu. Þetta vildi ég segja sem form. n.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fara langt út í þetta mál, þar sem flm. er nokkurn veginn ánægður með árangurinn af starfi n. og hefur jafnvel lýst yfir fylgi sínu við brtt. meiri hl. Menn fá ekki, — ekki einu sinni börnin, — allt, sem þeir óska eftir, en ef menn geta gert sig ánægða með það, sem til boða er, þá er ekki ástæða til að kvarta.

Ég hef verið með meiri hl. í þessu máli og ætla ekki að halda langa tölu um afstöðu hans, því að við höfum kosið frsm., hv. 11 landsk. Ég vil þó láta örfá orð falla um afstöðu mína til málsins.

Við komum til móts við hv. flm. með till. okkar. Við fórum þar bil beggja og tókum rök beggja til greina. Við tókum t. d. til greina þá röksemd, að það er erfitt um starf í fimm manna n., þegar kveða þarf upp úrskurði á hverjum degi og kannske oft á dag, ef skylt er, að allir fimm nm. séu viðstaddir, jafnvel þó að þeir séu allir af vilja gerðir að vinna svo samvizkusamlega sem mest má verða. Það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að þeir mæti allir, hvernig sem á stendur, hvenær sem kallað er, því allir hafa þeir öðrum skyldustörfum að gegna. Þess vegna tókum við það ráð að miða við þá úrskurði, sem veigamestir eru, en það eru þeir, sem upp eru kveðnir samkv. 5. gr., eins og hv. flm. líka játaði, að rétt væri, og þóttumst við gera skyldu okkar að útiloka engan nm. frá atkvgr. um þau mál.

Það kann að vera talsvert kappsmál fyrir stjórnarvöld Reykjavíkur að fá kostnað við þessi l. greiddan að hálfu úr ríkissjóði. Mér er tjáð af þeim, sem reikningsglöggir eru, að þessi hluti upphæðarinnar sé ekki mjög mikill, en þó einhver.

Sem sagt, ég vildi með þessum fáu orðum mínum lýsa yfir fylgi mínu við frv. með þessum breyt. og sérstaklega afsaka n., og vona ég, að hv. flm. taki þá afsökun til greina og sjái, að það var ekki að ástæðulausu, að frv. var ekki afgr. fyrr.

Frsm. minni hl. (Björn F. Björnsson): Hv. þm. Ak. hefur tekið af mér ómakið, þar sem hann tók skýrt fram, hversu umfangsmikið það væri fyrir fimm manna n. að vinna í einu lagi allt það starf, sem henni er ætlað. Þess vegna var horfið að því ráði, sem l. heimila, að láta n. starfa í tvennu lagi, og hefur það reynzt ágætlega, eftir því sem núverandi nm. segja. Og a.m.k. fjórir þeirra eru gersamlega mótfallnir þeirri breyt., sem farið er fram á í frv., og ég hef hlerað, að einn nm. hafi látið þau orð falla, að hann mundi fara úr n., ef allir yrðu að vera viðstaddir, hvenær sem þyrfti að úrskurða eitthvað.

Annars er ég hissa á hv. flm., að hann skuli vera ánægður með afgr. meiri hl., því að hann bókstaflega umturnar öllu frv. nema því, að allir nm. skuli vera viðstaddir, þegar framkvæmt er leigunám, sem er ákaflega „óaktúelt" og kemur sjaldan til úrskurðar.

Hv. þm. Ak. benti réttilega á, að starf n. er mjög tímafrekt. T. d. hefur form. húsaleigun. sagt mér, að suma dagana hafi orðið að kveða upp marga úrskurði, kannske upp undir 30 á einum og sama degi, og ef gera ætti öllum fimm nm. að skyldu að vera viðstaddir í hvert sinn, þá mundi það auðvitað auka mjög á glundroða um starf n. Af þessum ástæðum m. a. hefur minni hl. lagt á móti því, að frv. verði samþ.

Hitt atriðið, kostnaðurinn, er í raun og veru miklu stærra mál, úr því, sem komið er. Ég vil benda háttv. d. á, að hér er farið fram á, að ríkið taki að sér að greiða helming kostnaðar við húsaleigul. og ekkert liggur fyrir um, hversu mikill sá kostnaður muni vera. Ég vænti þess, að hv. dm. gjaldi varhuga við að samþ. slíkt, án þess að frekari skýring fylgi kostnaðinum.

Ég þarf svo ekki fleira um þetta að segja. Ég vona, að hv. þdm. hafi gert sér ljóst, hvað hér er á ferðinni.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Mér þótti ekki gæta samræmis í ræðu hv. frsm. minni hl. heilbr.- og félmn., þegar hann annars vegar var að brigzla hv. flm. frv. um það, að lítið hefði fengizt í hans máli, sem væri nú gerbreytt og orðið að engu, og þar, sem hann sagði, að það væri mjög sjaldgæft að fá úrskurð samkvæmt 5. gr. húsaleigul. En þegar hann hins vegar talar um kostnað, sem af þessum úrskurðum leiðir, sem teljast verður eðlilegt, að skiptist milli ríkis og bæjarfélags, þá er þetta eitthvert voðalegt atriði í hans augum. Eins og hv. formaður n., þm. Ak., vissi ekki um, hver þessi kostnaður gæti orðið, þá er það ekki á okkar valdi að segja um það, því að við vitum ekki, hvaða ráðstafanir verða gerðar. En hins vegar, þegar þessi l. voru samþ. um húsaleigu, þá var heldur ekki spurt um kostnaðinn, sem af 5. gr. l. gæti leitt fyrir Reykjavíkurbæ. Þar er gert ráð fyrir, að húsaleigun. hafi vald til þess að taka leigunámi hús og hún geti breytt þeim, en um kostnað við það var ekki spurt né neitt tekið fram, þegar hæstv. Alþ. setti þau l. En nú er, eins og hv. flm. benti á, alveg sjálfsagt, að ríkið beri helming af þessum kostnaði, því að það er ekki réttlæti í því, að bæjarfélög súpi seyðið af því, sem í fyrsta lagi gert var í þessum efnum fyrir ráðstafanir ríkisstjórnarinnar fyrir stríð, með því að koma í veg fyrir, að nægilegt byggingarefni fengist til landsins flutt, til þess að hægt væri að byggja, og svo í öðru lagi af því ástandi, sem hefur skapazt við það, að fólk úr öðrum landshlutum hefur flykkzt hingað til bæjarins í atvinnuleit. Það er því ekki nema eðlilegt, að ríkið beri helming kostnaðarins af þessu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. hefur nú að nokkru leyti tekið af mér ómakið með því að benda á samræmið í ræðu hv. 1. þm. Rang. (BFB), þar sem hann annars vegar telur þetta ákaflega lítilfjörlegt mál og einskisverða breyt., sem meiri hl. n. gerir till. um viðvíkjandi 5. gr. húsaleigul., en hitt stórmál, hvort ríkið eigi að bera kostnaðinn af þessu eða ekki. En sá kostnaður hlýzt af ákvæðum 5. gr.

Hins vegar finnst mér það lítil röksemd í þessu máli, þó að húsaleigun. segi: Fyrirkomulagið hefur gefizt ágætlega, — því að þar er n. að gefa sjálfri sér vitnisburð. Ég er ekki viss um, að allir Reykvíkingar, sem við n. hafa skipt, mundu skrifa undir hennar eigin úrskurð um sjálfa sig. Og mér finnst á tæpasta vað farið í röksemdaleiðslu á hæstv. Alþ., ef fara á til einhvers aðila og spyrja: Hvernig hefur þetta nú gengið hjá þér, sem þú hefur átt að framkvæma? — og bera það svo fram sem rök hér á þingi, ef svarið verður: Jú, það hefur gengið ágætlega hjá mér. — En þetta hefur hv. 1. þm. Rang. látið sér sæma. Og svo segir þessi hv. þm.: Þetta er allt í lagi, við skulum í engu breyta til með húsaleigul., þar sem húsaleigun. segir, að þetta sé í svona góðu lagi hjá sér. — Og hv. þm. segir þetta, enda þótt hægt sé að benda á mörg rök fyrir því, að það þurfi að breyta l. þessum. Hv. 1. þm. Rang. segir, að engar kvartanir hafi komið fram í þessu efni. Ég er nú þessum málum hér í Reykjavík kunnugri en hann, og ég segi, að það hefur komið fram fjöldi kvartana yfir störfum húsaleigun.

Umr. frestað.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 376, frá minni hl. heilbr.- og félmn., samþ. með 16:13 atkv.

——o——

8. Jarðræktarlög (frv. IngJ o. fl.).

Á 20. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942** (þmfrv., A. 197).

Á 35.., 37. og 38. fundi í Nd., 21., 25. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Ég hef leyft mér ásamt tveim öðrum þm. að flytja þetta frv. á þskj. 197. Það má segja, að óþarft sé að halda langa framsöguræðu um mál, sem svo lengi er búið að ræða innan þings og utan sem þetta. Frv. hefur verið flutt áður, en ekki gengið fram. Nú teljum við meiri vonir til þess en áður. Því lengur sem líður, verður það ljósara öllum mönnum, að ákvæði það, sem við viljum fella úr l.,

hefur ekki náð tilgangi sínum og á ekki tilverurétt.

Það var, sem kunnugt er, tilgangur jarðræktarl. að veita mönnum verðlaun fyrir unnar jarðabætur. Það var réttlætt með því, að þeir menn ynnu að því að gera landið betra fyrir komandi kynslóðir og byggilegra. En með breyt. á jarðræktarl. 1936 var seinasta greinin sett inn með þeim ákvæðum, sem nú eru. Eftir því sem búið er að vinna meira á tiltekinni jörð, minnkar styrkur, sem ábúanda hennar er veittur og getur að síðustu fallið niður, er ákveðinni upphæð er náð. Þetta ákvæði tel ég vera mjög óheppilegt, að svipta megi mann styrk sakir dugnaðar hans við jarðabætur og það getur tafið mjög og torveldað ræktun og skiptingu jarða, þar sem hún er oft æskilegust. Samkvæmt þessari gr. er styrkurinn ekki veittur sem verðlaun, heldur sem vaxtalaust lán út á jörðina. Það ákvæði hefur dregið mjög úr áhuga margra bænda við umbætur, og vissulega er hér ekki lengur um verðlaun né styrk að ræða, heldur lánsfé, sem menn vilja komast af án, vilja ekki binda jörðum sínum þann bagga að ástæðulausu, því að sjálfir þykjast þeir vel geta rekið búskapinn eins og áður án jarðabóta. Ég efast ekki um, að þeir, sem greinina settu, gerðu það í þeim góða tilgangi að hindra jarðabrask og óeðlilega verðhækkun. En það hefur alls ekki tekizt, og þarf önnur ráð til þess, en ekki þetta. Þegar hitt er viðurkennt, að greinin hefur orðið til þess að draga úr jarðabótum, en nú er meiri þörf en nokkru sinni hefur verið að hefja landnámsöld í jarðrækt og umbótum í landbúnaði, hlýtur að vera kominn tími til að nema hana úr l.

Ég óska þess, að Alþingi taki málinu vel, og verði því vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 48., 49., 54., 55., 56. og 57. fundi í Nd., 17., 18., 25., 29. og 30. nóv., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 3. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 197, n. 362 og 394).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þm. með löngu máli um þessa rökst. dagskrá, sem meiri hl. landbn. ber fram á þskj. 394, en vegna þess að þetta mál eða ákvæði 17. gr. jarðræktarl. og önnur svipuð ákvæði í öðrum l., sem eru l. um byggingarstyrk ríkisins, eru nú til meðferðar í mþn., sem kosin var á síðasta búnaðarþ., m. a. til þess að fara með þessi mál, þá teljum við í meiri hl. enga ástæðu til þess að taka eitt þessara ákvæða út af fyrir sig til meðferðar og afgreiðslu á Alþ., en skilja svo önnur eftir órannsökuð eða óröskuð, sem eru miklu harðari gagnvart bændum en þetta ákvæði 17. gr. jarðræktarl. Við teljum sjálfsagt, að öll þessi sömu ákvæði fylgist að, en það er einmitt það, sem þessi mþn. hefur fengið til meðferðar. Ég skal geta þess til skýringar, að fylgifé samkv. 17. gr. er viss hluti af því verðmati, sem ríkisstyrk hefur verið varið til, til viðkomandi jarðabóta, og er það metið fasteignamati og bændum því reiknað út frá fasteignamati. Sams konar styrkur er í nýbýlal., en ákvæðin í þeim l. eru miklu strangari en 17. gr., svo að mér virðist sízt ástæða til þess að byrja á ákvæðum, sem eru vægari, en sleppa þeim, sem strangari eru, og þess vegna leggjum við til, að málinu verði vísað frá með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

Þar sem ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaákvæði eru nú til athugunar og endurskoðunar í mþn., er skipuð var á síðasta búnaðarþingi, telur deildin ástæðulaust að taka eitt þessara ákvæða til meðferðar, áður en tillögur milliþn. liggja fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, hefur þetta mál verið deilumál nú um sjö ára skeið, deilumál milli flokka og manna og það með eðlilegum hætti. Svo sem menn muna, beitti Framsfl. sér fyrir því hér á Alþ. árið 1936 að koma þessu ákvæði inn í jarðræktarl. og náði þetta þá fram að ganga. Að heita má alla tíð síðan hefur þetta verið töluvert deilumál, og höfum við Sjálfstflm. löngum staðið einir að því að reyna að fella þetta rangláta ákvæði niður, sem þessi 17. gr. felur í sér, en eftir því sem lengra hefur liðið, því betur hefur komið í ljós, hversu óvinsælt þetta ákvæði er meðal bændastéttar landsins. Á sínum tíma voru það töluvert margir bændur meðal Framsfl., sem trúðu á þetta ákvæði, en eftir því sem lengra hefur liðið, hafa fleiri og fleiri snúizt gegn því og þótt nauðsyn að fella það niður. Við síðustu alþingiskosningar, bæði þær, sem fóru fram 15. júlí og 18. okt., lýstu ýmsir af frambjóðendum Framsfl. yfir því, að þeir mundu beita sér fyrir því, ef þeir næðu kosningu, að fá þetta ákvæði afnumið, og var þetta t. d. þannig þar, sem ég var frambjóðandi, svo að mér er um þetta kunnugt, og ég hygg, að svo hafi verið í fleiri héruðum. En á það var bent, að ekki væri víst, að þeir gætu fengið þessu áorkað, þótt þeir fengju aðstöðu til að beita sér fyrir því, vegna þess að meiri hluti Framsfl. ræður úrslitum með að fá vilja sínum framgengt. Ég get ekki fallizt á það, sem meiri hl. landbn. heldur fram, að ekki sé hægt að taka ákvarðanir í þessu máli nú, vegna þess að nú sé starfandi mþn., sem hafi þetta og önnur mál til meðferðar, því að áður hefur starfað önnur mþn. frá búnaðarþinginu um þetta mál, sem á sínum tíma var sammála, en starf hennar var eyðilagt hér á Alþ. með alls konar brtt., svo að málið varð að engu á því þingi og náði engri afgreiðslu. Ég hygg þess vegna, að það sé rétt fyrir þá þm., sem hafa einhverja skoðun á þessu máli, að láta hana koma fram, en ekki að skjóta sér bak við neinar aðrar vafasamar ráðstafanir, sem eru ekki líklegar til að leiða til neinnar niðurstöðu.

Hvað því atriði viðvíkur, sem frsm. meiri hl. var að tala um, að það væru önnur fleiri ákvæði, sem kæmu til greina og væru þessu máli skyld,

eins og 48. gr. nýbýlasjóðsl., þá er það að vísu rétt, að þetta eru mjög skyld ákvæði, þó að þau séu annars eðlis, og mun ekki standa á okkur, sem minni hl. skipum, eða Sjálfstfl. að fella þá gr. niður, ef það fæst fram að fella 17. gr. jarðræktarl. Að öðru leyti eru þessi ákvæði efnisleg, og er það vel kunnugt af öllum þeim deilum, sem fram hafa farið, síðan þau voru sett. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo stöddu, en vænti þess, að menn geti tekið ákvarðanir um það, hvort menn vilja halda áfram, að jarðræktarstyrkurinn til bænda sé þannig, að hann leiði af sér ríkisítök í jörðum þeirra, eða hann verði veittur sem verðlaun fyrir þær framkvæmdir, sem dugandi bændur hafa innt af hendi á jörðum sínum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ætla bara að lýsa undrun minni yfir því, að frsm. meiri hl. landbn. skyldi ekki sjá sér fært að láta uppi skoðun sína á þessu máli og að hann skuli ekki ljá því fylgi að nema þetta ákvæði í burtu. Ég hef álitið þennan þm. nokkurs konar landbúnaðarfrömuð, og tekur það mig því sárar, að hann skuli vera því fylgjandi að viðhalda þessu rangláta ákvæði, sem svo illa er liðið meðal bændastéttarinnar. Hann ber hér fram rökst. dagskrá ásamt hv. þm. Hafnf. og hv. 1. landsk. Annars átti ég ekki von á því, að þessi hv. þm. þyrfti að bindast samtökum við þessa menn til þess að votta bændum vináttu og tryggð. Hann afsakar afstöðu sína með því, að það starfi mþn., sem hafi með þetta mál að gera og sé því ekki ástæða til þess að taka þetta eina ákvæði til meðferðar nú, en láta önnur haldast í gildi, sem eru enn verri fyrir bændastétt landsins. Þessi hv. þm. var að minnast á fylgiféð, og vil ég þá beina þeirri spurningu til hans, hvaða ákvæði verði um fylgifé, þegar 17. gr. er afnumin. Þá er ekki um neitt fylgifé að ræða, þá verður ekki veittur styrkur sem lán, heldur verður styrkurinn veittur sem verðlaun fyrir framkvæmdir, sem bændur inna af hendi á jörðum sínum, og þeir, sem eru svo duglegir að framkvæma jarðabætur, fá þetta fé og þurfa ekki að skila því aftur beinlínis. Þar sem þessi þm. var að tala um, að þótt 17. gr. yrði afnumin, væru önnur ákvæði til verri í jarðræktarl., þá leyfi ég mér að biðja hann að koma með skýringar á því, hvaða ákvæði það eru. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta, en vil taka það fram, að mér eru það mikil vonbrigði, ef þeir menn, sem bændur hafa falið umboð fyrir sig hér á Alþ., ætla að viðhalda því ranglæti, sem 17. gr. jarðræktarl. hefur að innihalda, eftir að komið hefur skýrt í ljós, að þessi gr hefur á engan hátt náð þeim tilgangi, sem henni var ætlað í fyrstu. Ég tók það fram í framsöguræðu minni fyrir þessu máli, að ég ætlaði ekki að fara hörðum orðum um þá menn, sem á sínum tíma leyfðu þetta ákvæði, af því það gaf að vissu leyti vonir, sem við í Sjálfstfl. að vísu lögðum aldrei neitt upp úr, en þar sem það hefur komið í ljós, að þessar vonir manna hafa með öllu brugðizt og bændur heimta, að þessu oki verði af þeim létt, ætti öllum að vera ljós nauðsyn þess að afnema þetta ákvæði í burtu. Það má vel vera, að mþn. komi með till. um að afnema 17. gr., en það er hins vegar engin vissa fyrir því, og tel ég því enga ástæðu til að bíða eftir því, að þessi n. komi með álit. Ef við höfum gert okkur það ljóst, að þessi 17. gr. sé ranglát gagnvart bændastétt landsins og hún sé versta ákvæðið í jarðræktarl., þá er alls ekki nein ástæða til þess að bíða eftir áliti frá mþn., heldur á hreint og beint að fella þessa gr. burtu, og hafði ég vænzt þess af hv. þm. Mýr., að hann teldi sér skylt að fá þetta afnumið, eftir að komið var í ljós, að þessi gr. er aðeins til skaða, því að hún dregur úr jarðræktarframkvæmdum landsins.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef frá upphafi talið, að 17. gr. væri miður heppileg, og fylgi því hiklaust minni hl. landbn. að *málum*. Þar með mun ég stuðla að því, að frv. á þskj. 197 verði samþ.

Hins vegar verð ég að geta þess, að ég hef ekki getað fallizt á, að þessi gr. sé eins hættuleg og andstæðingar vilja vera láta, en mun nota atkv. mitt til þess að fá gr. afnumda úr l.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætlaði ekki að taka til máls aftur í þetta skipti, en ég sé mig tilneyddan til þess vegna ummæla hv. 2. þm. Rang., sem að ýmsu leyti voru byggð á fullkomnum misskilningi. Ég vil benda á það, að það er út af fyrir sig einkennilegt, að grg. sé þýðingarlaus og gagnslaus, og um leið, að hún sé stórhættuleg, því að mér skilst, að það geti tæplega farið saman. Annaðhvort er gr. gagnslaus eða þá stórhættuleg, af því að hún hefur einhver áhrif. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. Rang., að ég hafi verið að tala um verstu og beztu ákvæði jarðræktarl. Þannig talaði ég aldrei. Ég sagði, að til væru önnur sams konar ákvæði í öðrum l., sem ekkert væri hreyft við, en væri þó meiri ástæða til að hreyfa við, og skal ég nú benda hv. þm. á, hvernig á þessu stendur. Í 17. gr. jarðræktarl. er gert ráð fyrir því, að það verðmæti, sem ríkisstyrkur skapar í framkvæmdinni, sé metið fasteignamatsverði, og sú upphæð skapar fylgifé. Nú mun það láta nærri, að þúsund króna styrkur, sem veittur er til jarðabóta, sé metinn fasteignamatsverði á kr. 500.00, og skapar hann fylgifé, en í l. um nýbýlasjóð eru ákvæðin þannig, að allur styrkur skuli vera fylgifé, þannig að þúsund kr. styrkur samkv. þeim l. skapar þúsund kr. fylgifé, og er því fylgiféð þar í nafnverði. Þessi ákvæði eru því helmingi harðari, og finnst mér því ósamræmi af flm. þessarar till. að taka fyrir það ákvæði, sem vægara er í garð bænda, en sleppa þeim, sem harðari eru. En þennan leik hafa þeir oft leikið áður, því að þeir stóðu sjálfir að nýbýlasjóðsl. eða harðari ákvæðunum viðvíkjandi fylgifénu, en Alþflmenn og framsóknarmenn stóðu að vægari ákvæðunum, og þess vegna hefur það ekkert áróðursgildi fyrir þá að ræða um fylgifé samkvæmt nýbýlal. Ég sé því ekki ástæðu til að taka þetta eina ákvæði varðandi 17. gr. til meðferðar, meðan verið er að reyna að koma á samræmi um öll þessi

ákvæði og búið er að skipa sérstaka n. til þess, og finnst mér því, að hægt sé að bíða eftir niðurstöðum þessarar mþn.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Frsm. meiri hl. landbn. talaði um ósamræmi í því að vilja fella niður 17. gr., án þess að taka með hliðstæð ákvæði úr nýbýlasjóðsl., en við höfum lýst yfir því, að við erum reiðubúnir til að fella einnig hin ákvæðin niður, en þessi 17. gr. er það atriði, sem mestri óánægju hefur valdið af eðlilegum ástæðum. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Mýr., að við, sem erum andstæðingar 17. gr., stóðum að l. varðandi nýbýlastyrk á sínum tíma, en við gerðum það aðeins til samkomulags, vegna þess að ekki voru líkur til að fá nýbýlasjóðsl. samþ., nema sett yrðu inn svipuð ákvæði. En þar er þó nokkuð öðru máli að gegna, því að þar er um stærri upphæðir að ræða til þess að byggja nýbýli, og að öðru leyti eru þessi ákvæði þannig, að þau koma að því gagni, sem til var ætlazt. Varðandi það atriði, sem hv. þm. Mýr. var að tala um, að ósamræmi væri í því, að 17. gr. væri þýðingarlaus og gagnlaus, en að hinu leyti hættuleg, þá er það nú svo einkennilegt, að þetta samræmist í þessu tilfelli. Gr. er að því leyti gagnslaus og þýðingarlaus, að hún hefur ekki náð því takmarki, sem formælendur hennar ætluðu að ná, en það var að koma í veg fyrir, að jarðir gengju kaupum og sölum, en hún hefur reynzt hættuleg að því leyti, að þetta ákvæði hefur haft þau áhrif, að jarðrækt er ekki rekin af jafnmiklu kappi og ef þetta ákvæði væri ekki, því að það er mörgum bændum til skaprauna, að um leið og þeir gera framkvæmdir á jörðum sínum gegn einhverjum ríkisstyrk, skuli það þá vera gegn ríkisítaki.

Ég minntist hér á þá aðstöðu, sem orðin er í þessu efni hjá Framsfl., því að framsóknarmenn ráða hér úrslitum um þetta atriði, þar sem sósíalistar og Alþflmenn allir hafa verið þessari gr. fylgjandi, og er það í samræmi við þá stefnu þeirra að vilja helzt láta ríkið eiga allar jarðir í landinu. Það eru því framsóknarmenn, sem hér ráða úrslitum um, og við þá er því helzt að eiga í þessum deilum.

Ég hef fengið fréttir af því, að á fundi framsóknarmanna á Vesturlandi hafi risið upp einn flokksmaður þeirra úr bændastétt og gert fyrirspurn um það, hvort ekki mundi fást að afnema 17. gr. þessara l. Því var þá svarað, að það mundi ekki fást, en hitt gæti komið til mála, að þessu ákvæði yrði breytt. En fyrirspyrjandi sagðist þá ekki kunna við þetta, því að það væri venja í sinni sveit, ef menn finndu aðframkomna mæðiveikirollu, að skera hana til þess að stytta henni eymdarstundirnar. Fundarmenn voru nú ekki vissir um það sumir, hvort þessi líking ætti betur við 17. gr. jarðræktarl. eða Framsóknarfl., en menn héldu heldur, að það ætti við 17. gr. jarðræktarl. — En sannleikurinn er sá, að þessi gr. er í mörgum greinum skoðuð sem eins konar flokksmerki framsóknarmanna. Og það er auðséð, að svo er, þegar svo langt er gengið sem hv. þm. Mýr. hefur gert, sem er formaður Búnaðarfélags Íslands og á sérstaklega að hafa það verkefni með höndum að annast málefni bænda, skuli vera svo staður ár eftir ár, að hann geti aldrei á það fallizt að fella þessa óvinsælu gr. burt úr l.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég verð að halda því fram enn, eins og ég hef alltaf gert, að landbúnaðurinn á Íslandi hafi getað tekið öllum þeim framförum, sem hann annars gat, þrátt fyrir ákvæði þessarar gr., og mun halda því áfram, þó að hún standi í l. Og ég endurtek það, að mér finnst það í einkennilegu ósamræmi hvað við annað að tala um það, eins og hv. þm. A.-Húnv. gerir, að 17. gr. jarðræktarl. skapi ríkinu ítak í jörðum, en halda því svo fram að hinu leytinu, að hún haldi ekkert niðri jarðaverðinu, því að ef söluverð jarða er óbreytt þrátt fyrir þessa 17. gr., eins eftir sem áður, hvar er þá þetta ítak? Það er aðeins í huga hv. þm. A.-Húnv. og sálufélaga hans. Og ef greinin er áhrifalaus og gagnslaus, þá er hún líka meinlaus, eftir því sem þeir skoða það, sem á móti henni mæla, því að það, sem er alveg áhrifalaust, hlýtur þá líka að vera meinlaust. Og svo að ég taki dæmið af mæðiveikirollunni, þá hygg ég, að hálfdauð mæðiveikirolla þyki nú fremur skaðlaus og hættulaus vera, og ef hv. þm. vill líkja 17. gr. við slíka skepnu, þá er það ekki til annars en að sanna mitt mál. En að hann og flokkur hans hafi fylgt sams konar ákvæðum sem eru í 17. gr. jarðræktarl. í sambandi við löggjöf um nýbýlamál aðeins til samkomulags, til þess að það mál næði fram að ganga, því vil ég svara þannig, að þegar þau síðast greindu l. voru samþ., — og það veit hv. þm. A.-Húnv. vel, — þá gátu framsóknarmenn og Alþflmenn ráðið því, sem þeir vildu á Alþ., og gerðu það, og þeir hefðu komið þessu ákvæði í nýbýlal. fram jafnt fyrir því, hvort sjálfstæðismenn hefðu verið með því eða ekki. Það var svo langt frá því, að þetta væri gert til samkomulags, að það stóðu allir flokkar að því án ágreinings. Og ég man ekki betur en að hér í þingskjölum um það mál, sem hv. 2. þm. Skagf. hefur flutt, hafi frá upphafi vega verið þetta fylgifjárákvæði. Sést því á þessu, hvílíkt ósamræmi er hér á milli hjá þessum mönnum, sem halda því fram, að afnema beri 17. gr. jarðræktarl. Það sýnir ekki annað en tvöfeldni og tvískinnung í málflutningi að standa í hörðum deilum um að halda því fram, að fella beri niður ákvæði úr l., sem þeir sömu menn, er gera það, vilja hafa alveg sams konar í öðrum l. Þeir tala aldrei um það, þessir menn, en rífast í sífellu út af þessu ákvæði í jarðræktarl., þó að það sé miklu meinlausara en sams konar ákvæði í nýbýlal.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég hef haft dálítið gaman af því, síðan þetta ákvæði var sett í jarðræktarl., að veita því athygli, hvernig sú hugsun, sem í ákvæði 17. gr. felst, að ekki megi leggja vaxtabyrði á framtíðina vegna þeirra umbóta, sem það opinbera veitir styrk til, hefur seitlað inn í önnur l. hér á landi hjá þeim mönnum, sem telja sig andvíga þessu ákvæði í 17. gr. jarðræktarl. Sömu mennirnir, sem stangast eins og naut í

flagi gegn ákvæðum 17. gr. jarðræktarl., þeir taka alveg þegjandi og hljóðalaust ákvæði með nákvæmlega sömu hugsun inn í heilan hóp af öðrum l. Og það er ekki lengra síðan en svo, að það var í gær, að ákvæði var tekið inn í hafnarl. Siglufjarðar, sem byggt er á nákvæmlega sömu hugsun og þetta ákvæði 17. gr. jarðræktarl. Þar er ákveðið, að kaupi bærinn landið, sem skapast við uppfyllinguna, þá megi ekki selja þá verðhækkun þess, sem verður fyrir styrk úr ríkiseða bæjarsjóði. En enn þá er 17. gr. jarðræktarl. þyrnir í þeirra augum. Þetta sýnir manni, hvernig menn smám saman verða fyrir áhrifum án þess að gera sér það sjálfir ljóst. Þessir menn eru búnir í mörgum tilfellum að fallast á þessa hugsun, en þeir mega bara ekki heyra hana nefnda í jarðræktarl. Þetta er einmitt leiðin, sem margar nýjungar og mörg framfaramál fara, bæði hér á landi og annars staðar, að staðið er á móti þeim í þeirri mynd, sem þau fyrst koma fram, en menn sannfærast svo um gildi þessara nýjunga og framkvæma þær í allteinum hliðarálmum í öðrum málum, en bara viðurkenna hana ekki í sambandi við málið, sem hún kom fyrst fram í. Og þetta er það, sem hér hefur gerzt. Og ég vil vænta þess, að einhverjir af þessum mönnum, sem stangast við 17. gr. jarðræktarl., renni augunum svolítið til hliðar og sjái, að þeir eru á ýmsum hliðargötum á sömu stefnu, sem í 17. gr. jarðræktarl. er, og komnir þar langt fram fyrir ákvæði 17. gr. á þeirri sömu leið, eins og t. d. í nýbýlal., ákvæðunum um endurbyggingarstyrki o. fl.

Ingólfur Jónsson: Það hefði kannske verið ástæða til að taka til máls út af því, sem hv. þm. Mýr. sagði, en ég hefði líklega hliðrað mér hjá því, ef hv. þm. N.-M. hefði ekki staðið hér upp. Hann talaði um, að þeir, sem vildu ryðja burt 17. gr. jarðræktarl., væru komnir inn á sömu hugsun og í þessari 17. gr. felst með því að samþ. önnur l., sem fælu eitthvað svipað í sér, svo sem eins og hafnarlög Siglufjarðarkaupstaðar. En ég held, að hér sé mjög ólíku saman að jafna. Og ég held, að ég hafi gert grein fyrir því hér, hvers vegna ég og aðrir, sem að þessu frv. stöndum, viljum fá þessa gr. burt numda úr l., og það er vegna þess, — og það er aðalatriðið fyrir okkur, — að þessi gr. hefur verið dragbítur á jarðræktarframkvæmdir í landinu. Og hv. 2. þm. N.-M., sem er kosinn af bændum á þing, er ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og **hefur oft komið þannig fram**, að það er ástæða til að halda, að hann sé vinveittur bændum, — það skal viðurkennt, — hann ætti að hafa gert sér það ljóst, hvað hér er að gerast. Er það ekki hugsunin hjá honum, að það sé nauðsynlegt að rækta sem mest af landinu? Og hefur hann ekki oft sagt hér í hv. þd., að nauðsynlegt sé, að fólkinu fjölgi í sveitinni? En hvernig má það ske? Verður það með því að drepa niður áhuga bænda á að rækta landið? Eða er það hægt með því að setja löggjöfina þannig, að það verði ýtt undir það, að landið verði ræktað? Ég hef haldið það. En 17. gr. jarðræktarl. hefur dregið úr áhuga margra manna á að rækta landið. Það er staðreynd. Og ég get nefnt nöfn nokkuð margra núverandi bænda, sem hafa beinlínis hætt að rækta landið á þann hátt að stækka túnin eða hætt að láta taka út jarðabætur vegna þessarar gr. jarðræktarl. Ég verð að telja, að þetta sé háski fyrir ræktunarframkvæmdir í landinu, og mér þykir leitt, að hv. 2. þm. N.-M., eins og margir aðrir hv. framsóknarþm., skuli stangast svo við staðreyndir sem hann gerir í þessu máli, því að hv. 2. þm. N.-M. vill á margan hátt vinna að heill landsins og framkvæmdum á þessum sviðum. Hvers vegna vilja framsóknarmenn nú ekki, þegar þessi staðreynd liggur fyrir, að 17. gr. dregur úr áhuga manna á jarðræktarframkvæmdum, taka þá afstöðu eins og hv. 2. þm. Skagf. að fylgja þessu máli, sem hér liggur fyrir, og sparka þessu ákvæði 17. gr. jarðræktarl. út, þegar sýnt er, að það er ekki til neins gagns, heldur aðeins tjóns.

Ég ætla ekki að svara hv. þm. Mýr., þó hann hafi snúið nokkuð út úr því, sem ég sagði áðan, þegar hann sagði, að ég teldi, að 17. greinin væri áhrifalaus og gagnslaus, en þó skaðleg. Hún er reyndar gagnslaus, af því að hún hefur ekki náð tilgangi þeim, sem hún átti að ná og talsmenn þessarar gr. héldu fram í upphafi, að hún mundi ná. En hún er ekki áhrifalaus, og ég sagði það heldur aldrei, og þess vegna stend ég að flutningi þessa frv. Og ég vil ekki, að það sé dregið, að þetta ákvæði verði burtu fellt.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Það var aðallega eitt atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., sem gerði það að verkum, að ég sá ástæðu til að taka til máls aftur. Hann tók fram, hv. þm. Mýr., að það væri alveg rangfærsla frá hálfu minni hl. n., að það hefði verið gert til samkomulags hér á árunum, þegar nýbýlasjóðsl. voru samþ., að hafa ákvæði í 48. gr. þeirra, sem er hliðstætt ákvæði 17. gr. jarðræktarl., vegna þess að framsóknarmenn og Alþflmenn hefðu haft aðstöðu til þess að koma því frv. í gegn, þó að við sjálfstæðismenn hefðum snúizt á móti því. Það er rétt. En það var um þessi l. eins og svo mörg önnur, að þetta var ekki alveg bundið við flokka þá, og menn vilja gjarnan, ef þess er kostur, hafa samkomulag um að koma einhverju af málum sínum fram, þó að það kosti hitt, að samþ. eitthvað, sem kannske er ekki nákvæmlega eftir skoðunum manns. Og svo var um þetta. Það varð samkomulag í landbn. þessarar hv. d., þar sem við þm. Mýr. áttum báðir sæti, um það að afgreiða þessi mikilsverðu l. með samkomulagi. Og það reyndist þannig, að við sjálfstæðismenn féllumst á að láta þetta ákvæði standa í nýbýlasjóðsl., eins og það er, gegn því, að við fengjum að hafa önnur áhrif á þessa löggjöf. Að öðru leyti þarf ég ekki að svara hv. frsm. meiri hl. n. út af þessari síðustu ræðu hans.

Mér kom ekki á óvart, þó að snúizt væri á móti þessu frv., sem hér liggur fyrir, af hv. 2. þm. N.-M., því að ég hef ástæðu til að halda, að eftir þeirri þekkingu, sem ég hef á þessu máli, að hann sé höfundur þessarar 17. gr. jarðræktarl., enda ber hún að ýmsu leyti hans handbragð. Það, sem hv. 2. þm. N.-M. var að tala um, að við hefðum upp á síðkastið samþ. í

l. ýmis ákvæði þessu skyld, sem eru í þessari 17. gr., og tók þar sérstaklega til dæmis hafnarl., þá er þar algerlega ólíku saman að jafna. Það er af ríkisins hálfu eru lagðar fram stórar fjárhæðir, sem styrkir og sem lán til að framkvæma hafnarbætur, sem eru ekki einstaklingseign, heldur eignir hreppsfélaga og bæjarfélaga. Þess vegna er mjög eðlilegt, að í hafnarl. séu sett takmarkanaákvæði um það, að þær framkvæmdir, sem þar eru gerðar, megi ekki valda ótakmarkaðri verðhækkun á fasteignum vegna hafnarmannvirkjanna. Það út af fyrir sig er eitt rétt í þessum samanburði hv. 2. þm. N.-M., að það mun hafa verið sama hugsun og þessi, sem ég nú síðast nefndi, að koma í veg fyrir óhæfilega verðhækkun vegna framlaga þess opinbera, sem upphaflega vakti fyrir frá hans hálfu sem höfundi þessa ákvæðis, sem með 17. gr. var fellt inn í jarðræktarl. En sú hugsun hefur bara alveg ruglazt í heila þeirra, sem vilja halda þessu ákvæði, vegna þess að þetta ákvæði er þannig út búið, að það hefur ekki verkað á þann hátt, sem til var ætlazt, heldur til ógagns að öllu leyti. — Fleira ætla ég svo ekki að svara hv. 2. þm. N.-M.

Ég vil að gefnu tilefni þakka hv. 1. þm. Skagf. fyrir hans afstöðu til þessa máls. Það hefur komið í ljós, að eftir því sem lengra hefur liðið, hafa fleiri og fleiri bændur í landinu orðið andvígir þessu ákvæði — og það jafnvel án tillits til flokksafstöðu. Þess vegna er það, eins og vænta má af greindum mönnum, er vilja ekki renna sér á vegginn, eins og sumir gera, að þeir hafi þá afstöðu, sem þessi hv. þm. hefur, þegar hann er búinn að kynnast því, hvað þetta ákvæði er gagnslaust í reyndinni, en er aðeins haldið í l. til þess að skaprauna íslenzkum bændum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. I fyrsta lagi vildi ég segja hv. 2. þm. Rang. það, — en hann er hér ekki viðstaddur, — að þegar ég bauð mig fram árið 1934 í Norður-Múlasýslu, þá sagði ég á hverjum einasta fundi, að ég vildi berjast fyrir því, að hætt væri að láta þær umbætur, er framkvæmdar væru bæði til sjós og lands með opinberu fé, vera seldar, og þar með sú umbót, sem gerð var „kapitalistisk", og orsakaði því hærri og minni rekstrarkostnað og hærra vöruverð, meiri dýrtíð. Umbætur þær, er sú kynslóð gerði, ættu að ganga til næstu kynslóðar, án þess að *hún þyrfti sérstaklega að kaupa þær þeirra, sem* gerðar hefðu verið af opinberu fé. Kjósendur mínir vissu því vel, að ég mundi hugsa til einhverra ákvæða sams konar og í 17. gr. jarðræktarl. er, og þurftu ekki að renna neitt blint í sjóinn með það. Að öðru leyti þarf ég ekki að svara honum.

Þá skilst mér, að hv. þm. A.-Húnv. hafi ekki haft neina hugmynd um það, hvað það var, sem hann samþ. í gær varðandi Siglufjörð. Hann talaði nú um það, að það hefði verið annað mál og óskylt, sem ég hefði verið að tala um, þegar það snerti hafnir, sem það opinbera ætti og ríkið væri að styrkja, þó að verðhækkun væri ekki látin koma þar fram. En á Siglufirði var verið að taka lóðir, sem einstakir menn áttu, og ákvæðin, sem samþ. voru þá í líkingu við 17. gr. jarðræktarl., voru um það, að *þessar lóðir mættu* ekki hækka í verði vegna þeirra framkvæmda á þessum stað, sem það opinbera styddi að, ef bærinn keypti. Svo talar hann um hafnarl. yfirleitt í sambandi við þetta. Ég held, að hv. þm. hafi ekki lesið þetta. Það var ekki verið að tala um land, sem bærinn átti, heldur það, sem einstakir menn áttu, og er það hliðstætt þessu ákvæði 17. gr. jarðræktarl.

Nei, það er ákaflega gleðilegt, hvernig þessir menn, án þess sjálfir að vita, eru komnir inn á *sömu hugsun og er í* 17. gr. jarðræktarl. og hvernig þessi hugsun er búin að gagnsýra þá, þannig að þegar það bara heitir ekki 17. gr. jarðræktarl., — „veskú", — þá kemur hendin upp við atkvgr. Og ég er nærri viss um það líka, að ef þessi 17. gr. væri færð til í jarðræktarl. — sett þar t. d., sem 27. gr. er, — þá mundu margir, kannske allir, vera með henni.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Ég vildi aðeins gera aths. út af þessum samanburði hv. 2. þm. N.-M. varðandi Siglufjörð. Það er alveg rangt hjá honum, að þar sé almennt ákvæði um það, að verðhækkun megi ekki koma þar til greina, heldur gildir það ákvæði aðeins, ef bæjarfélagið kaupir þessar lóðir. (**PZ:** Tók ég það ekki fram?) Og það gildir um það, að fasteignaskattur skuli ekki á þær lagður. Hér er því ólíku saman að jafna, því máli og þessu frv., sem hér liggur fyrir. Og það þýðir ekkert fyrir hv. 2. þm. N.-M. að stangast þannig að bera þetta saman við 17. gr. jarðræktarl.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 394, frá meiri hl. landbn., samþ. með 16: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÞG, ÁÁ, BG, BÁ, EystJ, FJ, BFB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SkG, JörB.

nei: GSv, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, SB, SEH, SK, SÞ.

9 þm. (ÁkJ, EOl, EmJ, GÞ, GG, GTh, ÓTh, PO, StJSt) fjarstaddir.

—o—

9. Vegalagabreyting.

Á 27. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 334).

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, er flutt eftir beiðni nokkurra oddvita. Ég var á s. l. sumri beðinn af tveimur oddvitum að hreyfa þessu

máli hér. I sjálfu sér var ég nú ekki alls kostar viss um, hversu réttmætt málið væri. Ég er yfirleitt heldur frekar með því, að skattar séu lagðir öðruvísi á en sem nefskattar. Þess vegna var það, að ég skrifaði mörgum oddvitum í fleiri sýslum og sagði þeim frá þessum beiðnum, sem hefðu komið frá tveimur oddvitum, og ég vildi fá álit þeirra um þetta mál. En beiðnin var um heimild til þess að mega hækka það hreppavegagjald, sem fyrir nokkru var 3 kr., en er nokkru hærra nú, þannig að hækkunin yrði upp í það, að hver verkfær karlmaður á tilskildum aldri skyldi greiða þetta gjald með dagsverki. Sumir oddvitanna, sem ég skrifaði, vildu þetta. Aðrir vildu, að hámarkið hækkaði dálítið, og tiltóku það hámark, sem hreppsnefndin mætti fara upp í, allt upp undir dagsverk eða 50 kr. Út af þessum fyrirspurnum mínum komst ég að þeirri niðurstöðu, að velflestir oddvitanna vildu hækka þetta nokkuð og vildu fá leyfi til þess. En þörfin fyrir þetta gjald er mjög misjöfn, og geri ég ráð fyrir, að það hafi haft áhrif á svör oddvitanna við fyrirspurn minni. Sumir þeirra vildu, að þeir mættu miða við, að þetta gjald væri ekki langt fyrir neðan dagsverk, svo að það væri sem næst því, sem var í gamla daga, en þá var það dagsverk, sem menn unnu af sér. En það sjá allir, að ef þetta gjald á að vera aðaluppistaðan í lagningu hreppavega, þá hrekkur þriggja króna gjald ekki neitt og ekki heldur, þó að leyft sé að fara eitthvað ofurlítið hærra, eins og nú er í l. Það mun meira að segja hrökkva skammt til þess það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En ég vildi ekki fara inn á hitt að láta þetta gjald vera dagsverk alls staðar, af því að það hagar sums staðar svo til, sérstaklega í hreppum, sem bæði eru í sveit og sjávarþorpi, að það er óheppilegt fyrir menn, sem stunda fasta atvinnu, að þurfa að fara frá henni til þess að vinna af sér þetta eina dagsverk. Og vildi ég því heimila hreppsnefndum að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppavegagjald megi vera hærra — eða allt að 40 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. samgmn. Og ég óska að fá að skýra þeirri hv. n. nákvæmlega frá áliti ýmissa oddvita á landinu um þetta atriði, bæði hvers einstaks og allra í heild, sem mér hafa skrifað, það, hvernig hreppsnefndir líta á þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 334, n. 526).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur á þskj. 526 gefið út nál. sitt um þetta mál. Eins og þar greinir, hefur n. ekki séð sér fært á þessu stigi að leggja til, að frv. þetta nái fram að ganga.

Frv. þetta snertir aðeins eina gr. vegal. — eða þó reyndar tvær gr. —, ef þannig væri frá gengið, að samræmi væri í.

Ýmsir menn úr samgmn. þingsins hafa átt tal um þetta atriði, sem í frv. er til meðferðar, við vegamálastjóra og verið sammála honum um það, að við fyrsta tækifæri væri æskilegt, að endurskoðun færi fram á vegal. og þá líka þessum kafla, sem frv. þetta við kemur, þ. e., að sú endurskoðun væri ekki í því fólgin að bæta aðeins vegum í þjóðvegatölu, heldur líka að taka önnur ákvæði laganna og semja þau um með því að setja nánari ákvæði í staðinn.

Samgmn. er ekki fylgjandi þessum till., sem fram koma í frv. á þskj. 334. Þar er lagt til, að verkfærra gjald, sem kallað er, sé tekið til nýrrar meðferðar á þeim grundvelli, að þessi skattur verði hækkaður. En slíkir skattar sem þessi, sem kallaðir hafa verið nefskattar, eiga ekki lengur neinn stað í gjalda- og greiðslulöggjöf þjóðarinnar. Það mun ekki vera nema á tveim stöðum í okkar löggjöf, sem eimir eftir af slíku, þ. e. í kirkjulöggjöf, þar sem um er að ræða kirkjugjöld og prestgjöld, og svo þar, sem er þetta verkfærra gjald, þar sem viss upphæð skal greidd af hverri persónu á tilteknum aldri. Nú er komið svo, að öll gjöld miðast við það, sem kalla mætti eftir efnum og ástæðum, og er það beinlínis tekið fram í útsvarslöggjöfinni. Og í sjálfu sér er ekki um annað talað í skattal. Undantekningar eru frá þessu tollar og því um líkt, sem kemur öðruvísi út þó en beinn nefskattur, því að þar er ekki miðað við, að jafnt gjald skuli taka af hverri persónu. Nú er einnig svo komið, að þessi verkfærra gjöld eru að hverfa úr þýðingu. Þau voru í fyrstu lögð á til þess að mæta tiltölulega lítilli þörf vegna viðhalds vega í hreppum og sýslum. Nú er þetta orðið með öðrum hætti. Nú eru það útsvör og sýsluvegasjóðsgjöld, sem hrepparnir greiða, sem standa undir þessum kostnaði öllum, því að hreppavegagjaldið hangir aðeins við lýði enn, en er mjög lítill hlutur upp í það nú orðið, sem það í fyrstu var ætlað til að fullnægja, og það mundi ekkert gera til, þó að það hyrfi með öllu. Og fjöldi sýslufélaga er kominn inn á allt aðra braut til þess að fullnægja þessari þörf, sem er söfnun sýsluvegasjóða. — Hv. þm. sjá því, að hér í þessu frv. er því nokkuð umhverft og ekki ástæða til að taka upp það, sem í því er farið fram á. Og ef samgmn. hefði komið með till. um breyt. á því atriði, sem frv. er um, þá hefði hún lagt til, að þetta verkfærra gjald yrði afnumið með öllu. En n. hefur ekki talið sérstaka ástæðu til þess á þessu þingi að fara inn á það að breyta þessum l. með því að samþ. slíka úrfellingu, en hefur borið fram rökst. dagskrá um, að ríkisstj. láti sem fyrst fram fara gagngerða endurskoðun á hinum almennu ákvæðum vegal. Ég vil því fyrir hönd n. óska þess, að sú afgreiðsla verði höfð á málinu, að samþ. verði þessi rökst. dagskrá.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 526, frá samgmn., samþ. með 17:3 atkv.

——o——

10. Jarðræktarlög (frv. HermJ o. fl.).

Á 14. fundi í Sþ., 23. sept., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 85).

Á 25. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Vegna þess að svo ýtarleg grg. fylgir frv. þessu, þarf ég ekki að bæta löngu máli við hana.

Áður en ég vík að efni frv. í heild, vil ég benda á tvær prentvillur, sem ég hef rekizt á.

I 1. gr. er talað um, að greinarnar séu átta, en þær eru ekki nema sjö. Í f-lið 1. gr. stendur: „en greiða skal upphæðina í búnaðarsambandið", en á að vera: í því búnaðarsambandi . . .

Þetta frv. ber að líta á sem framhald þess verks, sem er hafið til þess að hrinda jarðræktarmálum landsins áfram. Við miðum breytinguna við málin eins og þau nú eru komin. Eg lít svo á, að með þessu sé verið að samræma jarðræktarmálin því ástandi, sem nú ríkir, eins og þau upphaflega voru miðuð við það ástand, sem var í landinu, þá er þau voru sett.

Það má segja, að almennur áhugi á umbótum í framleiðsluháttum sé nú ríkjandi í landinu. Nefndir þær, sem Alþingi hefur skipað til að athuga atvinnuvegi landsins, ættu að benda á, að á Alþingi sé vaknaður skilningur á þessum málum.

Sennilega er flestum ljóst, að í atvinnulífinu þurfa að fara fram stórfelldar breytingar, ef atvinnugreinarnar eiga að verða lífvænlegar til frambúðar. Mér hefur talizt svo til, að í flestum greinum atvinnulífsins séu nú starfandi nefndir nema þá í iðnaðinum. Þá má taka það fram, að sumt, sem snertir íslenzkt atvinnulíf, er þannig, að ekki er þörf verulegra rannsókna í sambandi við það. En þá skiptir og miklu, að þar verði hafizt handa um framkvæmdir, jafnskjótt og tími og ástæður leyfa. Má líka búast við, að uppskeran af starfi nefndanna verði misjöfn.

Í þessu efni skiptir það miklu að hafa góð tök á því verkefni, sem nú liggur fyrir og ljóst er að þarf að framkvæma tafarlaust.

Það liggur í augum uppi, að einhverjar nauðsynlegustu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi eru þær að gera slægjulöndin bjarghæf. Eru færð nokkur rök að því í grg., og ætla ég, að þeim hv. þm., sem gefa íslenzku atvinnulífi nokkurn gaum, liggi í augum uppi, hve brýn nauðsyn er framkvæmda á þessu sviði. Ég rökstyð þetta ekki frekar, en geri ráð fyrir, að þetta sé ekki umdeilt atriði. Þó get ég bætt því við, að nú sem stendur eiga sér stað talsverðar deilur milli verkamanna og bænda um kaupgjald og verðlag. Ég geri ráð fyrir, að þær deilur séu til orðnar vegna þess annarlega ástands, sem nú ríkir í heiminum. Þó álít ég, að það sé ekki nema að nokkru leyti, því að þótt gera megi ráð fyrir, að úr þeim deilum dragi, þá geri ég mér ekki vonir um, að þær jafnist að fullu og öllu, nema með því móti, að við framleiðslu íslenzkra landbúnaðarvara verði notuð hin fullkomnasta tækni, sem heimurinn nú ræður yfir.

Það hlýtur alltaf að vekja athygli neytenda, þegar landbúnaðarvörur eru í boði, að vörur, sem framleiddar eru erlendis með nýtízku tækjum, eru með allt öðru og lægra verði en þarf að greiða fyrir vörur, sem eru framleiddar með gömlum vinnuaðferðum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að um það verði deilt, að nauðsyn beri til að gera þessar framkvæmdir og þær séu einna nauðsynlegastar af öllum framkvæmdum í íslenzku atvinnulífi. En hitt gætu orðið deilur um, hvernig á að ná þessu marki, að gera öll slægjulönd véltæk.

Fyrst er nú það, að það er vitanlega umdeilt mál meðal jarðræktarmanna, hve mikið eigi að nota vélknúin tæki og hve mikið hesta við jarðrækt. Ég held samt sem áður, að ef gera á mikið átak á þessu sviði, að gera tún og engi véltæk, á ekki lengri tíma en tíu árum og miklu skemmri tíma þar, sem aðstæður eru góðar, þá verði að nota til þess þau fullkomnustu tæki, sem völ er á, sérstaklega vegna þess, að með þeim hætti verða allar framkvæmdir miklu ódýrari en ef þær eru gerðar með hestum, og í annan stað vegna þess, að vélar eru að verða með hverju ári og jafnvel hverjum mánuði fljótvirkari en áður, og í þriðja lagi vegna þess, að þær eru með hverjum mánuði, sem líður, að verða ódýrari í rekstri. Ég held því, að tæplega verði um það deilt, þegar allt kemur til alls, að þessar miklu framkvæmdir á að gera með vélum, enda er ætlazt til þess í frv., að Búnaðarfélag Íslands annist útvegun véla til þessara framkvæmda og að búnaðarsamböndin annist framkvæmdirnar fyrir stór svæði, þar sem vélanna verður mest not, enda er það skilyrði sett fyrir þessum framkvæmdum, að búnaðarfélögin slái sér saman og myndi þannig heil jarðræktarsvæði þar, sem nægileg verkefni eru fyrir vélarnar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að um þetta verði deilt, svo að ég þurfi að rökstyðja það nánar, en ég hef tiltæk að mínu áliti fyllstu rök fyrir því, að það eru vélknúnu tækin, sem á að nota við þetta mikla átak, en ég geri ekki ráð fyrir, að færa þurfi þau fram, af því að þetta sé ekki umdeilt mál. Vélar eins og þær, sem tiltækilegastar þykja til þessara framkvæmda, hafa verið notaðar á einum eða tveimur stöðum á Suðurlandi og byrjað að nota þær víðar nú allra síðustu dagana. En þær eru, eins og gefur að skilja, alldýrar, þó að vélar, sem afkasta næstum því óskiljanlega miklu verki, kosti að vísu ekki meira en dýrasti lúxusbíll. En þótt þær kosti ekki nema nokkra tugi þúsunda, þá er auðsætt mál, að með þeim verður ekki unnið að jarðrækt, nema félagsræktun sé.

Það næsta, sem við verðum að gera okkur ljóst, er því það, að til þess að geta komið þessu í framkvæmd á svo stuttum tíma sem gert er ráð fyrir, verður að koma á félagsræktun. Það er útilokað, að þessi fullkomnu

tæki verði notuð almennt hér á landi, nema bændum sé gefinn kostur á að nota þau í félagsræktun.

Þá er þriðja atriðið, sem kynni að geta valdið ágreiningi, en ég geri mér þó vonir um, að verði ekki, en það er styrkur ríkisins til þessara framkvæmda. Eins og hv. dm. muna, er þar ekki stórvægileg breyt. frá því, sem er í núgildandi löggjöf. Ég fer við þessar umr. ekki nánar inn á það, en vil benda hv. þm. á, að ef þeir bera saman ákvæði til bráðabirgða í núgildandi jarðræktarl. og þau ákvæði um styrk, sem felast í þessu frv., munu þeir sjá, að breyt. er að vísu nokkur, en þó ekki eins mikil og menn kunna að álíta við fyrstu sýn. Þó ber ekki að draga dul á, að útgjöld til þessara framkvæmda mundu stórhækka á næstu árum, því að gera má ráð fyrir, ef frv. verður að l., að þá muni jarðræktarframkvæmdir stóraukast og útgjöld vaxa að mun af þeim sökum.

Viðvíkjandi því atriði, sem stundum heyrist talað um, að ekki sé rétt að gera öllum jörðum á landinu jafnt til góða um ræktun á túni og engi, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að með þessu frv. er tryggt, að þessi styrkur verður ekki veittur til endurbóta á þeim jörðum, sem eru þannig í sveit settar eða úr garði gerðar, að þær að áliti trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands eru ekki til þess hæfar að verða býli til frambúðar. Þessi rannsókn hefur ef til vill aldrei verið gerð nógu rækilega, en með því að nú á að liggja fyrir mæling á túnum og engjum, hvar hægt sé að gera tún, hversu mikið þurfi að ræsa, hvað mikið að slétta og yfirleitt hvað mikið þurfi að gera til þess að jörðin geti talizt sæmilegt býli að öðru leyti, má gera ráð fyrir, að þetta verði sérstaklega rannsakað. Ákvæði um þetta eru nú í jarðræktarl., og það er vísað til þeirra í þessu frv. og gert ráð fyrir, að þessar jarðir, sem eru ekki álitnar býli til frambúðar, eftir að sú rannsókn, sem gerð verður, hefur farið fram, fái ekki þann styrk, sem um ræðir í þessum l. Að gera þannig véltæk öll tún og engi á landinu er fyrsta atriðið til þess að koma okkur af beinu frumstigi og sú framkvæmd, sem nauðsynlegra er að gera en flest annað, sem framkvæma þarf á þessu landi. En með því, að ekki verða styrktar þær jarðir, sem geta ekki talizt framtíðarbýli, þá á jafnframt að vera tryggt, að þeim fjármunum, sem til þessa er varið, sé ekki illa varið.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir hér á Alþingi. Okkur, sem flytjum frv., er ljóst, að ákaflega mörg atriði atvinnulífsins bíða úrlausnar og í íslenzkum landbúnaði eru fjölda mörg aðkallandi mál. Við vitum, að það bíða stórkostleg verkefni við endurbætur kvikfjárstofnsins og ekki minna verk við endurbætur á jurtagróðri landsins og nytjajurtum, sem bændur rækta. Þá eru íslenzkar jarðvegsrannsóknir, þar sem gera verður stórkostlegt átak fyrir íslenzkan landbúnað. En þetta er sú framkvæmd, sem við flm., — og ég vænti einnig aðrir alþm., — álítum mest aðkallandi fyrir íslenzkan landbúnað, því að hún er undirstaða undir öðru, undirstaða, sem alls ekki má bíða, að byggð verði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál nánar, en vona, að þessu máli verði vel tekið. Og ég er ekki í neinum vafa um, að ef þetta frv. verður að l. og skynsamlega er haldið á þessari framkvæmd, þá veldur hún aldahvörfum í íslenzkum landbúnaði, því að við þurfum ekki annað en fara um þetta land og sjá unnið með þeim tvenns konar vinnuaðferðum, þeirri nýtízku vinnuaðferð, sem fylgir véltækum slægjulöndum, og hins vegar þeim, sem fylgja þýfinu. Við þurfum ekki annað en líta á það án þess að vera kunnáttumenn til þess að skilja, hverju máli skiptir fyrir íslenzkan landbúnað, að þessi framkvæmd verði gerð, og hvaða máli það skiptir fyrir þjóðina í heild, að sú nauðsynjavara, sem íslenzkur landbúnaður framleiðir, — en hann framleiðir margar af helztu nauðsynjavörum fólksins í landinu, — sé framleidd með þeim vinnuaðferðum, sem eru hraðvirkastar og ódýrastar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Eins og þetta frv. liggur fyrir, þá er frá mínu sjónarmiði ekki ástæða til annars en taka því vel að mörgu leyti. Samt eru ýmis atriði, sem þyrfti að rannsaka betur. Skal ég ekki mjög orðlengja um það, því að ég býst við, að það komi til n., sem ég er í.

Hv. 1. flm. gat þess, að taldar væru of margar gr. í frv. Ég held, að samkomulag gæti orðið um að bæta þessari gr. við, áður en málið færi úr d. Þetta er kannske forboði þess, að þessari gr. verði bætt við, og ég vona, að hv. 1. flm. taki henni þá vel. (**HermJ:** Ef það er góð gr.). Ég býst við, að þar sem það er lofuð gr. frá hv. þm. á fundum úti um land, þá sé hún góð, því að hún verður niðurfelling 17. gr. jarðræktarl.

Ég vil geta þess, að ég tel, að heppilegt hefði verið í þessu frv. að taka 9. gr. jarðræktarl. fyrir og breyta henni, eftir því sem ástæða hefði þótt til, en hún fjallar um, hvaða styrk skuli veita fyrir hverjar framkvæmdir. Ég sakna t. d. þess, að ekki skuli hafa verið hækkaður styrkur til framræslu, en það er eitt höfuðskilyrði fyrir túnrækt, að hún sé rækilega gerð, og víða eru sorgleg dæmi þess, hvernig farið hefur, þegar ekki hefur verið ræst nóg, enda hefur búnaðarþing lagt höfuðáherzlu á, að sem bezt væri frá henni gengið. Hefur það verið játað með því að styrkja hana ríflega, og ég held, að það hlutfall hefði átt að haldast.

Hér er talað um, að hækka megi styrk til alls konar þúfnasléttunar innan túns og utan, en aftur skilst mér, að aðeins eigi að hækka styrk til nýræktar innan túns. (**HermJ:** Nei, það er ekki rétt). Það stendur í 3. lið: „Fyrir nýrækt í túni", — en ekki talað um nýrækt utan túns, en eins og 9. gr. ber með sér, er ekki sami styrkur á nýrækt í túni og utan túns. Þetta krefst athugunar, því að á það má benda, að ef tún eru lítil og grýtt og erfið til vinnslu, þá getur verið heppilegra, að styrkurinn gangi til að rækta annars staðar, þar sem skilyrði eru betri, en fella hitt niður, þar sem við alls konar

erfiðleika væri að stríða, svo sem grjótnám.

Ég tel mest um vert, að styrkurinn til vélakaupa er mjög aukinn, og vil hækka hann jafnvel enn meira, því að ég held, að það, sem mest sé áríðandi á þessum tímum, sé, að þeir, sem vilja vinna að jarðabótum, fái ódýrari og hentugri vélar til jarðabótanna.

Ég vildi í upphafi aðeins benda á þessi atriði, sem þarf að athuga, en þar sem ég hef tækifæri til að athuga þetta í n., þá mun ég geyma mér það þangað til síðar. En eins og ég sagði áðan, þá held ég, að greinilegast hefði verið að breyta hverjum lið, sem hefði þurft að breyta í 9. gr. jarðræktarl., en það kemur til athugunar hjá n.

Haraldur Guðmundsson: Mér virðist þetta frv., sem hér liggur fyrir, vera merkilegt að ýmsu leyti, og það eru ákveðin atriði í því, sem ég er fullkomlega sammála, og einnig því, sem hv. 1. flm. sagði um þau. Ég er honum sammála um, að að því beri að stefna, að öll slægjulönd verði véltæk, svo að hægt sé að reka búskapinn með því sniði, að vænta megi meiri afraksturs af vinnunni en nú. Ég er honum einnig sammála um, að þessari breyt. eigi að koma á með nýtízku aðferðum og hentugum og viðeigandi vélum. Ég er líka sammála því, sem fram kemur í frv. um það, að rétt sé að hverfa, a. m. k. að verulegu leyti, frá því fyrirkomulagi í jarðræktarmálunum, að hver einstaklingur, sem hefur umráð yfir jörð og ræður að mestu sjálfur sínum jarðabótum, eigi kröfu til ríkisstyrks á eftir, eins og er eftir gildandi l. Ég er sammála því, sem fram kemur í frv. um, að rétt sé að hverfa frá þessu fyrirkomulagi.

Það er ekki til neins að neita því, eins og tekið er fram í grg., að þótt mikið hafi á unnizt, þá hafa talsverð mistök átt sér stað í framkvæmd ræktunarmálanna. Mér er ekki grunlaust um, að talsvert af þeim styrk, sem hér um ræðir, muni fara til að rækta upp á ný það, sem búið er að rækta og styrkur hefur verið greiddur á. Ég er sammála, að það eigi að hverfa frá þessu og taka annað fyrirkomulag upp, vegna þess fyrst og fremst, að það er bersýnilega hverjum einstaklingi um megn að eignast þær vélar, sem hentugast er að nota til þessara framkvæmda.

Mér virðist, að samkvæmt frv. sé gert ráð fyrir, að um eins konar millileið verði að ræða, framlag ríkisins verði aukið mjög frá því, sem nú er, og horfið frá, að hver einstaklingur fyrir sig hafi framkvæmdirnar með höndum, heldur verði höfð sú aðferð, að verkið sé unnið af búnaðarsamböndunum og þeim greiddur styrkurinn upp í kostnaðinn, en að sjálfsögðu með framlagi frá þeim, sem verksins eiga að njóta.

Það hefði verið æskilegt, að gerð hefði verið grein fyrir því, hve miklar framkvæmdir hér væri um að ræða og hve mikið fé ætla mætti, að ríkissjóður þyrfti að leggja fram, til þess að þessari tíu ára áætlun yrði fullnægt, svo og því, hve mikill hluti kostnaðarins við þessar ræktunarframkvæmdir muni falla á umráðamenn landsins. Það er nauðsynlegt, að öll þessi vitneskja sé fyrir hendi, áður en Alþ. getur afgreitt það mál til fulls. Í c-lið 1. gr. frv., sem verður 61. gr. l., ef frv. verður samþ., er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands skuli, eftir að búnaðarsambönd eða hreppabúnaðarfélög hafa sett sér ræktunarsamþykktir, láta fram fara ýmsar mælingar og athuganir viðvíkjandi því, hve miklar þær framkvæmdir muni vera, sem hér er um að ræða. En það virðist stórum æskilegra, að slík vitneskja hefði legið fyrir, um leið og frv. var lagt fram, enda eru mörg þessara atriða þess eðlis, að hægt hefði verið að afla upplýsinga um þau fyrir fram.

Um hitt atriðið, hversu miklum hluta af kostnaðinum styrkur ríkissjóðs skuli nema, eru engar upplýsingar í grg., og í ræðu hv. frsm. kom ekki heldur neitt fram um þetta. Einmitt í sambandi við þá nýskipun, sem hér er gert ráð fyrir, er þetta stórvægilegt atriði. Þegar slíkar upplýsingar væru fyrir hendi og þegar vitað væri, hve miklu styrkurinn á að nema og hve mikill hlutur umráðamanna landsins verður, er frekar hægt að skera úr um það, hvort ekki sé athugandi, að hið opinbera sjái um þessar framkvæmdir og eigi sjálft vélarnar og tækin. Það liggur í augum uppi, að því minna sem framlag umráðandans er hlutfallslega eða því meira sem hið opinbera leggur fram, því meiri er ástæðan til þess, að það hafi framkvæmdirnar með höndum. Af því að ekki er upplýst, hversu mikið verkefni er óleyst og hvað það kostar hlutaðeigendur, er ekki unnt að gera sér grein fyrir því, hver baggi ríkissjóði er bundinn með þessum l.

Mér skildist á hv. frsm., að það væri ekki ætlun flm., að styrkur yrði veittur, ef líkur þættu til, að hlutaðeigandi býli yrði lagt niður á næstunni. Hins vegar sé ég, að hér í 1. gr. frv. stendur, að þegar búnaðarsamband hafi hafið slíka starfsemi, þá skuli hver félagsmaður á sambandssvæðinu eiga kröfu á sambandið um að fá gert á býli sínu véltækt heyskaparland á næstu tíu árum, sem ætla megi, að gefi af sér heyfeng, sem jafngildi heyjum þeim, er aflað hefur verið á jörðinni að meðaltali síðustu tíu árin, þó ekki yfir 500 hestburði hvert býli. Í þessu sambandi sýnist mér vera nokkurt ósamræmi.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel hér vera um mjög mikils vert mál að ræða, og ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að umbætur á búnaðarháttum eru ekki aðeins mál bænda, heldur og allrar þjóðarinnar, ef þær mættu verða til þess, að framleiðsluvörur landbúnaðarins yrðu fjölbreyttari og ódýrari en nú er. En hins vegar má ekki loka augunum fyrir því, og er rétt, að það komi fram í umr. um málið, að þegar farið er fram á slíkar viðbætur við önnur framlög bændum til handa, má ætla, að aðrar stéttir komi þá einnig fram með kröfur sínar um hliðstætt öryggi.

Mér þykir að lokum rétt að benda á nauðsyn þess að vanda sem bezt til alls undirbúnings, áður en málið verður afgreitt, svo merkilegt sem þetta mál verður að teljast.

Brynjólfur Bjarnason: Mér er mikið ánægjuefni, að þetta frv. er fram komið. Mér skilst, að höfuðtilgangur frv. sé í fyrsta lagi sá að

stuðla að því, að ræktunarframkvæmdir allar fari fram með sem fullkomnustum tækjum, og í öðru lagi að tryggja það, að styrkurinn verði fyrst og fremst miðaður við býli, sem þurfa hans helzt með, og takmarkaður við það, er býlið er komið í það ástand, að það þarf ekki framar á styrknum að halda. Þetta er hvort tveggja endurbótamál á sviði landbúnaðarins og hefur lengi verið aðkallandi, enda mikið rætt á undanförnum árum. Í fyrra var á þessu sama þ. samþ. þáltill., þar sem Búnaðarfélaginu var falið að láta fram fara allýtarlega rannsókn á landbúnaðarmálum Íslands og undirbúa gagngera breytingu á landbúnaðarlöggjöfinni í því skyni að búa í haginn fyrir víðtæka nýskipun landbúnaðarins. Eitt af verkefnunum var talið það að rannsaka, hvar skilyrði væru bezt til landbúnaðarframleiðslu, svo að hægt yrði að haga búnaðarlöggjöfinni svo, að styrkur til búnaðarframkvæmda yrði til að beina landbúnaðinum í ákveðinn farveg. Þetta náði fullu samþ. á þ. Ég vil nú í tilefni af þessu frv. beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvað þessari rannsókn líður og hvað Búnaðarfélagið hefur gert í þessu máli. Ég tel það mikils varðandi, að því er snertir frekari aðgerðir í þessu máli, að hv. d. fái eitthvað um það að vita.

Um það ákvæði, að styrkur til einstakra býla skuli látinn niður falla, þegar þau eru komin í það ástand, sem telja verður viðunandi, er það að segja, að það er í samræmi við frv., sem ég hef flutt áður hér á þ., en komst aldrei lengra en í n. Þar var gert ráð fyrir, að ekki aðeins hluti styrksins, heldur styrkurinn allur falli niður, þegar býlið væri komið í viðunandi ástand. Ég álít, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé stigið verulegt skref áleiðis í landbúnaðarmálum, en þó ekki nema skref. En ég tel mikla nauðsyn á, að stigið sé mun stærra skref, því að þetta er að ýmsu leyti ekki nema hálft. Í fyrsta lagi er jarðræktarstyrknum skipt í tvennt: það, sem veitt er samkv. þeim kafla l., sem ætlazt er til, að bætt verði við jarðræktarl., ef frv. nær samþ., og svo það, sem veitt er samkv. II. kafla l., eins og þau eru nú. Ég hefði talið æskilegt, að þessi tvískipting ætti sér ekki stað. Og þó að þetta frv. yrði samþ. óbreytt að þessu sinni, tel ég æskilegt, að stefnt verði að því, að í framtíðinni fari öll jarðrækt fram með vélum, að því leyti, sem við verður komið, og að ekki verði látin gilda nein sérstök regla um þennan styrk, heldur verði allar styrkveitingar á þessu sviði, sem til gagns horfa, látnar hlíta sömu reglum. I öðru lagi er þetta skref hálft að því leyti, að nauðsyn ber til þess, að jarðræktarstyrkurinn verði ekki veittur alveg án tillits til þess, hver skilyrði eru til landbúnaðarframleiðslu á hverjum stað. En samkvæmt þessu frv. er það að mestu leyti á valdi bóndans, hvaða jarðræktarframkvæmdir hann lætur gera, og það er enn fremur á valdi hans, hvar slíkar framkvæmdir eru látnar fara fram. Takmarkið hlýtur að vera að beina landbúnaðarframleiðslunni í þá átt, að hún verði sem hagkvæmust og að hver grein hennar um sig verði rekin á þeim stöðum, þar sem skilyrðin eru bezt. Og löggjöfin þarf að komast í það horf, að hún verði til að örva þá þróun. En til þess að löggjöfin geti komizt í slíkt horf, þarf mikla rannsókn og mikinn undirbúning. Ég er ekki að segja þetta af því, að ég telji samþ. þessa frv. eiga að bíða eftir því, að þeirri rannsókn og þeim undirbúningi sé að fullu lokið, heldur vil ég benda á nauðsyn þess, að hér sé haldið áfram á réttri braut. Og ég er sammála hv. frsm. um það, að ef rétt verður stefnt, þá geti þetta frv. orðið upphaf að þeim aldahvörfum í íslenzkum landbúnaði, sem verða að koma, ef þessi atvinnuvegur á að geta átt sér nokkra framtíð.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þm., sem hér hafa talað, lýsa ánægju minni yfir framkomu þessa frv., og það er ósk mín, að afgreiðsla málsins verði í samræmi við undirtektirnar hér í hv. d.

Það er ljóst, að þegar svo er komið, að hörð átök eiga sér stað milli launþega og framleiðenda og ekki er lengur hægt að framleiða hér landbúnaðarvörur til útflutnings, þá hlýtur úrræðið að verða það að taka vélaaflið í þjónustu landbúnaðarins meir en verið hefur. Með þeim hætti einum er hægt að skapa báðum þessum aðilum betri lífsskilyrði, og með þessu frv. er einmitt stefnt í þá átt. En einmitt vegna þess, hve þessi nauðsyn er brýn, er líka nauðsynlegt, að málið sé eins vandlega undirbúið og kostur er á og svo mikill samhugur ríkjandi hjá öllum þeim, sem um það eiga að fjalla, að hvert einasta atriði sé þar brotið til mergjar, svo að það geti ekki síðar meir orðið þröskuldur á leiðinni að takmarkinu.

Við fljótan yfirlestur á frv. sé ég, að liðirnir a og b í 1. gr. fela aðeins í sér heimildir. Þar er ætlazt til, að framkvæmdir þær, sem um ræðir, verði komnar í kring á næstu tíu árum. Í liðunum c—g er hins vegar ekki aðeins um heimildir að ræða, heldur eru þeir bein lagafyrirmæli. Að því er c-lið snertir, vil ég taka undir með hv. 3. landsk. um það, að æskilegra hefði verið, að legið hefði fyrir nákvæm áætlun um kostnað og annað það, er til greina kemur. Það mundi auðvelda mjög meðferð málsins, ef þm. hefðu tök á að gera sér kostnaðarhliðina ljósa. Og ég vil leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hv. frsm., hvort hann telji, að Búnaðarfélagið muni geta látið fara fram þær athuganir, sem um getur í c-lið 1. gr. Mér er sjálfum ljóst, að þetta hlýtur að vera mjög mikið verk, en áður en ég greiði atkv. um málið, vildi ég gjarna vita, hvort ekki megi búast við, að þetta taki mörg ár, og eins vildi ég fá að vita, hve mikið þetta mundi kosta ríkissjóð.

Í d-lið er tekið fram, að þegar lokið sé undirbúningi þeim, sem um ræðir í 61. gr., skuli Búnaðarfélag Íslands annast útvegun nauðsynlegra véla og verkfæra. Í því sambandi vil ég benda á það, að ef svo skyldi reynast, að rannsókn fyrr nefndra atriða ein saman tæki mörg ár, væri óheppilegt að setja nú ákvæðin lagafyrirmæli um það, að vélarnar skuli þá fyrst kaupa, er henni væri lokið. Ég vil því varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki sé rétt að

ákveða, að hluti þessara véla skuli keyptur jafnóðum og þessar rannsóknir og mælingar liggja fyrir frá Búnaðarfélaginu.

I sambandi við það, sem stendur í e-lið, að þeim einum skuli heimilt að vinna með vélunum, sem til þess séu viðurkenndir af Búnaðarfélaginu, vil ég einnig varpa því fram, hvort ekki sé rétt að setja alveg skýlaus ákvæði um það, hvers konar mönnum skuli heimilt að fara með slíkar vélar. Þetta er gert, að því er snertir flestar vélar á sjó. Menn verða að hafa lokið ákveðnu verklegu og bóklegu námi til þess að öðlast slík réttindi, og hví skyldi það ekki líka gilda um vélar í landi?

Um kostnaðinn í heild er auðséð, að hann er í þrennu lagi: 1) mæling og uppdrættir, 2) hluti ríkissjóðs af vélakaupum, sem líka væri gott að fá vitneskju um, og 3) jarðræktarstyrkurinn. Ég hef ekki haft ástæðu til að kynna mér, hve mikill þessi styrkur muni verða, en ef ætti að slétta öll tún landsmanna, þykir mér líklegt, að hann mundi nema að minnsta kosti 18 millj. kr. auk uppbótar. En á síðustu 15 árum munu hafa verið greiddar í jarðræktarstyrk 6—7 millj. kr. Styrkurinn mundi með öðrum orðum nema meira en tvöfaldri þeirri upphæð, sem greidd hefur verið á undanförnum 15 árum. Menn mega ekki skilja orð mín svo, að ég telji þetta of mikið. En mér finnst ástæða til, að Alþ. reyndi, um leið og það gengur frá málinu, að gera sér ljóst, hve miklu þessi upphæð mundi nema, og tryggði um leið, að unnt yrði að greiða hana. Hv. frsm. gat þess, að þetta mundi hafa mjög mikil útgjöld í för með sér, og væri rétt, að gerð yrði einhver áætlun um þau, svo að hv. þm. geti komið sér niður á það, hvort þeir treysta sér til að samþ. slík útgjöld eða ekki.

Ég vildi mega beina þeirri ath. til hv. frsm., hvort ekki væri rétt að setja inn í l. það bráðabirgðaákvæði, að jarðræktarstyrkurinn væri hækkaður töluvert, t. d. um helming, a. m. k. þangað til hægt væri að skipuleggja þessar framkvæmdir. Þetta er aðeins ábending frá minni hálfu, og ég veit, að hv. landbn. mun vilja taka þetta til athugunar.

Ég vildi þá aðeins minnast á það, sem komið hefur fram viðvíkjandi styrknum, sem er ekki veittur til þeirra, sem búa á jörðum í dreifbýlinu, er samkvæmt áliti Búnaðarfélags Íslands eru ekki til þess fallnar að verða frambúðarjarðir. Mér skildist á hv. 3. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., að það væri lagt töluvert upp úr því, að þessi styrkur færi til þeirra manna, sem ekki byggju á jörðum, sem hafa fundið náð fyrir augum Búnaðarfélagsins, sem væru álitnar of lélegar, til þess að þeim væri haldið við. Ég vil í sambandi við þetta mál minna á, að ég hef ekki orðið var við það, að þeir, sem búa á hinum afskekktari jörðum, hafi fengið nokkru meiri styrk til jarðræktar en hinir, sem hafa haft betri aðstöðu.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi atriði yfirleitt þurfi að taka til alvarlegrar athugunar, og hvort það sé rétt stefna að færa byggðina saman. Ég held, að ég hafi á þessu stigi málsins tekið flest það fram, sem ég vildi segja um þetta mál. Ég vil endurtaka það, að ég vildi mega vænta þess, að það gæti tekizt samvinna um það að afgr. þetta mál frá þinginu, svo að allir mættu við una, og það gengi svo fljótt sem unnt væri.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég vil nú fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir sérstaklega góðar undirtektir undir þetta mál. Og ég vil vona, að frv. mætti ganga eins vel á ferð sinni gegnum þingið og horfir hér við 1. umr., og gagnsemi þess mætti verða í samræmi við undirtektirnar. Ég hygg líka, að því meira sem við ræðum þetta mál, því betur munum við komast að raun um, að það er mikið nauðsynjamál og það er stórt mál. Það er að vísu bent á það við þessar umr., að ýmislegt sé upplýst með öðrum hætti en æskilegt væri, og það er ekki hægt að neita því, að svo er. En til þess liggja ástæður, sem ég mun minnast á í sambandi við það stutta svar, sem ég mun gefa við þeim aths., sem fram hafa komið. Það er þá það fyrsta, að hv. 3. landsk. sagði, að það hlyti að vera unnt að upplýsa það, sem rannsaka ætti samkvæmt 65. gr., stærð túna á öllum býlum, hvað víða væru til 500 hesta tún véltæk o. s. frv. En það er nú einmitt það sorglega við íslenzkan landbúnað, að það eru ekki einu sinni til upplýsingar um þessi einföldu atriði, og þær upplýsingar fást ekki nema með rannsókn, og það er ástæðan til þess, að ráð er fyrir henni gert. Það hefur verið rætt um þetta atriði við búnaðarmálastjóra, en hann tjáir, að þessar upplýsingar séu ekki til staðar, og þar af leiðandi er ekki hægt að segja um það með neinni vissu, hversu stórfelldar þessar framkvæmdir yrðu. Ég geri þó ráð fyrir, að það megi gera um þetta einhvers konar áætlanir, en eins og nú standa sakir, þá treysti ég mér ekki til þess að ráðast í það nú að gera þessar áætlanir og tel það eins vel við eiga, að hv. landbn. reyndi að komast að niðurstöðu um þetta. En það, sem ég vildi leggja áherzlu á í þessu sambandi, er það, að íslenzk slægjulönd verði sem allra mest gerð véltæk á næstu tíu árum. Og ég verð að segja það, að ef við höfum ekki efni á því að leggja nokkuð mikið fé fram í því skyni, þá veit ég ekki, á hverju við höfum efni. Hv. 3. landsk. spurðist fyrir um það, hvað mikið fé mundi hafa verið lagt í þessar framkvæmdir á undanförnum árum. Það liggur hér fyrir í grg., að það, sem hefur verið varið til umbóta í jarðrækt á 15 síðustu árum, er talið 36 millj. kr. Þar af hefur ríkissjóður greitt 7,6 millj. kr. En samkvæmt þessum sérstöku framkvæmdum mundi þetta framlag verða um það bil helmingi hærra en samkvæmt hinum almennu ákvæðum jarðræktarl. Þá er gert ráð fyrir því, að helmingur af þessu fé greiðist úr ríkissjóði og helmingur af bændum. Þá minntist hv. 3. landsk. á það, hvort ríkið ætti ekki að sjá um þessar framkvæmdir í heild, en það er atriði, sem gjarnan má ræða. En okkur flm. virðist hníga að því sterk rök, að það sé eðlilegt, að þessum framkvæmdum sé komið fyrir á þann hátt, að mynduð verði nokkuð stór búnaðarsambönd og þau hafi svo þessar framkvæmdir með höndum. Ég held, að þetta færi betur úr hendi

á þann hátt en að ríkið réðist beinlínis sjálft í þessar framkvæmdir.

Það var bent á það af hv. þm. Barð., að aftur að a-lið væri þetta heimild, og það er alveg rétt. Frv. er byggt upp á þeirri hugsun, að þessar framkvæmdir hefjist aðallega fyrir áhuga bænda og einstakra búnaðarsambanda. Ef búnaðarsamböndin hafa ekki áhuga, þá er ætlazt til þess, að hreppabúnaðarfélögin gætu hafið þessar framkvæmdir. Og ég get fullyrt það, að þessi áhugi er til staðar. Þetta frv. er flutt hér ekki fyrst og fremst af því, að ég hafi fyrstur manna hugsað þessar framkvæmdir á þennan hátt, heldur er bændum orðið það ljóst, að þeir verða að framkvæma þetta á þennan hátt. Það eru þeirra óskir, sem koma fram í þessu máli. Það er fjöldi bænda víðs vegar um landið, sem beinlínis þráir það að fá ákvæði svipuð þessum inn í jarðræktarl. til þess að geta gert slægjulönd sín véltæk. Þeim er það alveg ljóst, að öðru vísi en með samtökum er ekki hægt að hefja slíkar framkvæmdir. Þeim er það ljóst, að þeir fá ekki staðizt með atvinnuveg sinn nema því aðeins, að þeir hafi véltæk slægjulönd.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist á það, að það væru nú í rannsókn ýmis atriði viðvíkjandi skipulagi á landbúnaðinum, og hann spurðist fyrir um það, hvað þeirri rannsókn mundi líða. Það er alveg rétt, að ýmislegt viðvíkjandi landbúnaðinum er í rannsókn samkv. ályktun, sem um það var gerð á síðasta Alþingi. Ég get upplýst það, að þeirri rannsókn er enn ekki nema stutt á veg komið. Ég á sæti í einni af þeim n., sem Alþ. hefur skipað í þessu skyni, og sú n. byrjaði fyrst starf sitt fyrir alvöru fyrstu dagana í okt. Það er alveg rétt, að mörg atriði viðvíkjandi landbúnaðinum þurfa rannsóknar, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., en það kemur vitanlega ekki til mála að láta þessar framkvæmdir bíða eftir þeirri rannsókn.

Ég tel alls ekki óhugsanlegt að haga framleiðslunni í landinu þannig, að framleitt sé á hinum mismunandi svæðum það, sem hentar bezt á hverjum stað. Við þurfum ekki annað en líta á kjötframleiðsluna t. d. í sumum hlutum Rangárvallasýslu og bera hana saman við kvikfjárrækt austur á Jökuldal. Skilyrðin til framleiðslu á þessum tveim stöðum eru svo gerólík, að það er eins og að bera saman tvö ólík lönd, og sama máli gegnir um mjólkurframleiðsluna víðs vegar á landinu. Það bendir á víðsýni bænda á þessu sviði, að þeim er það ljóst ekki síður en þinginu, að þessi mál þarf að taka til ýtarlegrar rannsóknar. En þó að þetta verði gert og breyt. verði á framleiðsluháttum landbúnaðarins, þá er jafnnauðsynlegt þrátt fyrir það að stíga þetta spor, sem hér er lagt til, sem allra fyrst.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að honum mislíkaði það, að styrknum væri skipt í tvennt, og hann sagði í því sambandi, að krafan yrði að vera sú, að öll vinna við heyöflun færi fram á véltæku landi. Mér skildist á honum, að hann gerði ráð fyrir því, þar sem þarna væri um sérstakan styrk að ræða, ef frv. yrði að l., að svo gæti farið, að þessi heyskapur, 500 hestar, yrði tekinn á landi, sem væri ekki véltækt. Í framkvæmdinni er þetta hugsað þannig, að þeir, sem hafa þýfð tún, stærri en það, að þau gefi af sér 500 hesta, fái allt sitt tún sléttað samkvæmt þessu ákvæði. Við flm. gerðum ráð fyrir því, að þegar sú undirstaða væri komin, að bóndinn hefði 500 hesta véltækt slægjuland, þá væri honum vorkunnarlaust að slétta það, sem hann vildi bæta við sig, og fá til þess almennan styrk samkvæmt jarðræktarl. Ég er persónulega viss um, að eftir að komið er 500 hesta véltækt land handa bóndanum til umráða, þá bíður það ekki lengi, að sá bóndi, sem hefur reynt þessi tvenns konar vinnubrögð, bæti við sig véltæku slægjulandi, ef ræktunarskilyrði eru fyrir hendi. Það kom fram hjá þessum hv. þm., að hann taldi það galla, að styrkurinn er veittur bændum, þannig að þeir ráða því í aðalatriðum, hvort þeir verða hans aðnjótandi, þó með þeim takmörkunum, sem greinir í 1. gr. og hv. þm. Barð. minntist á. Hv. 5. þm. Reykv. taldi það galla, að bændur réðu því, til hvers styrkurinn væri veittur, án þess að með þessum styrk væri unnið að því að koma skipulagi á landbúnaðarframleiðsluna og án þess að unnið væri að því að landbúnaðarvörur væru framleiddar þar, sem helzt hentaði, samanborið við framleiðsluskilyrði. Ég hef nú bent á það, að þó að þetta atriði þurfi rannsóknar við, þá stendur þessi almenna framkvæmd, sem hér er ráðgerð, alls ekki í veginum fyrir því, að það megi gera þessa skipulagsbreyt. eftir á, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að grasnytin er undirstöðunauðsyn fyrir búskap, hvernig sem þessu skipulagi verður að öðru leyti háttað. Að vísu er ekki hægt að neita því, að með því að gera einstökum jörðum til góða, þá kann að einhverju leyti að verða komið í veg fyrir það, að komið verði á samyrkju- eða samvinnubúskap í eins stórum stíl og margir álíta, að sé framtíðin. — Þær aths., sem fram komu hjá hv. þm. Barð., voru svipaðar því, sem fram kom hjá hv. 3. landsk., og það var sérstaklega það, að ekki lægi fyrir, hvað vélarnar mundu kosta, hvað styrkurinn, sem ríkið legði fram til vélakaupa, mundi nema miklu, hvað mikið mundi kosta að framkvæma þá rannsókn, sem gert er ráð fyrir, og hvað jarðræktarstyrkurinn mundi verða mikill, ef framkvæma ætti þetta á tíu árum.

Ég hef áður tekið fram, að erfitt muni vera að gera áætlun um þessi atriði, þó að upplýsingar séu fengnar frá Búnaðarfélagi Íslands, sem veita um þetta nokkra hugmynd, að svo miklu leyti sem hægt er að gera sér grein fyrir því á þessum tímum, þegar verðlag er svo mjög breytilegt.

Þá talaði hv. þm. enn fremur um, hvort þessi rannsókn mundi ekki taka langan tíma og lengri en gert er ráð fyrir í frv. Það er rétt, að þessi rannsókn er mikið verk. En samt sem áður vil ég halda fram, að hv. þm. geti losað sig við þennan kvíða. Ég var líka í byrjun í miklum vafa um, hvort hægt væri að framkvæma þessa rannsókn á jafnstuttum tíma og gert er ráð fyrir í frv. En er ég ræddi um þetta við búnaðarmálastjóra, upplýsti hann það, að þetta mundi að öllum líkindum vera framkvæmanlegt. En því ber ekki

að neita, að það kunni að verða erfitt að framkvæma það á svo stuttum tíma. Og það er engum vafa undirorpið, að þessi framkvæmd kostar talsverða fjármuni. En það hefur verið í ráði undanfarin ár að láta mæla öll tún á landinu. Það mun hafa komið til umr. á Alþ., og það mun hafa komið fram krafa um það frá búnaðarmálastjóra. Það er nauðsynlegt fyrir hverja þjóð að vita, hve mikið ræktað land hennar er, en um það eigum við, því miður, ekki fullkomnar skýrslur. Og jafnvel þó að ekki væri ráðizt í þessar framkvæmdir, sem frv. fjallar um, þá þyrftu þessar mælingar að fara fram. Og ef settir eru í það þeir hæfustu menn, sem þjóðin hefur yfir að ráða, ætti að vera hægt að ljúka því á þeim tíma, sem ráðgerður er í frv.

Hv. þm. benti enn fremur á, að skýrari ákvæði þyrfti um það, hverjir færu með þær dýru vélar, sem ráðgert er hér að kaupa til jarðræktarinnar. Ég vil í því sambandi benda honum og öðrum á það, að þótt ekki séu um þetta ýtarleg fyrirmæli í gr., — það þótti varla tækt að setja þau þar svo ýtarleg, — þá er tekið fram í 65. gr., g-lið 1. gr. þessa frv., á þessa leið: „Búnaðarfélag Íslands setur reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í kafla þessum, en landbúnaðarráðherra staðfestir hana". Það er þannig hægt að ganga frá þessu atriði og öðru í reglugerð, og er ráð fyrir því gert, að svo verði, enda er tekið fram í þessum sama g-lið 1. gr. frv.: „Skal þar meðal annars kveðið á um, hvernig tryggja skuli, að framkvæmdir þessar verði vel og vandlega af hendi leystar", og heggur þetta orðalag mjög nærri því, að í reglugerðinni verði gerðar alveg sérstakar kröfur til þeirra manna, sem framkvæma þetta verk. Því að með þessu frv. er ekki sízt miðað við það, að þessar framkvæmdir verði vel af hendi leystar. Það er ekki aðeins miðað við, að þær verði fljótt af hendi leystar, til þess að við getum komizt á það stig í landbúnaði, sem flestar aðrar þjóðir standa á, að vinna að honum með vélum, heldur er hugsað um það, að ræktunin verði vel gerð, sem ekki skiptir minna máli.

Enn fremur minntist hv. þm. Barð. á það, að æskilegt væri að finna tekjuliði fyrir þessum framkvæmdum, og skal ég sízt lasta það, að það verði gert, ef það þykir fært að gera slíkar áætlanir fram í tímann, eins og nú standa sakir, þar sem óvissa er yfirleitt mjög mikil um tekjumöguleika og áætlanir hafa sýnt sig að standa nokkuð stutt um tekjuöflun, svo sem okkur er kunnugt. Skal ég þó ekki hafa á móti því, að tilraun sé gerð til þess að gera þetta.

Viðvíkjandi því, að hv. þm. Barð. vildi áskilja sér rétt til að berjast gegn því, að lagður yrði niður búskapur á jörðum í dreifbýlinu, vil ég benda á t. d. viðkomandi hans héraði, sem hann mun hafa haft í huga, og þá auðvitað viðkomandi öðrum stöðum, að í þessu frv. eru engin ný ákvæði þessu viðvíkjandi fram yfir það, sem er í gildandi l. um þetta atriði, heldur er í 1. gr. þessa frv. vísað til 14. gr. og VI. kafla jarðræktarl., þar sem ákveðið er, að ef býli telst ekki til frambúðar, eftir að trúnaðarmaður hefur athugað það og gefið um það skýrslu til Búnaðarfélags Íslands, þá geti Búnaðarfélag Islands að fengnum úrskurði landbrh. ákveðið, að það sé ekki styrkhæft. Og ég er hv. þm. Barð. alveg sammála um það, eins og vænta má, að jarðir í strjálbýli eru oft ekki síður hæfar til búrekstrar en þær, sem í meira þéttbýli eru settar. Og stafar það af því, að jarðir, sem hafa litla grasnyt, lítil tún og slægjulönd yfirleitt, geta verið miklu betri til búrekstrar en þær jarðir, sem mikla grasnyt hafa, vegna þess að þær fyrrnefndu hafa þá einhver hlunnindi, sem vega upp á móti vöntuninni á grasnytinni og vöntun á góðu beitilandi. Þekkjum við þess mörg dæmi, og er sjálfsagt að taka tillit til þess, þegar ákveðið er, hvort jarðir séu hæfar til búrekstrar eða ekki.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar hv. 1. flm. minntist á bílaeign landsmanna, datt mér í hug, hvort við gætum ekki orðið sammála um, að heppilegt væri, að hún ykist.

Vil ég beina því til hv. þd., hvort ekki væri ástæða til að athuga það nánar, þegar svo stendur á sem hér nú, að e. t. v. eru hundrað eða jafnvel þúsundir tækja í landinu, sem gætu orðið jarðyrkjuvélar, sem eru „jepparnir", sem setuliðið hefur nú hér, er sýnast vera ákaflega vel fallnir til jarðvinnslu. Ég tel víst, að þeir séu einhver þau beztu verkfæri til að draga valtara. Og ég hygg, að með smábreyt. gætu þessi tæki reynzt hin prýðilegustu til að herfa flög. Ég treysti þeim ekki til þess að plægja. En ég hygg, að það ætti að athuga hitt tvennt, sem ég nefndi. Þessi tæki hafa 60 hestafla kraft. Og þar, sem erfitt er að koma heyi til bæja, hafa þau reynzt ágætlega við að draga heysleða. Ég get hugsað mér, að þessar vélar gætu hjálpað bændum afar mikið, því að auk þess sem ég taldi, gætu þær orðið bændum dágóðir reiðskjótar til þess að skreppa á til aðdrátta. Nú getur komið til, að þá og þegar komi sá tími, er hentast er að athuga um kaup á þessum áhöldum, og vildi ég minna hv. n., sem fær málið til meðferðar, og aðra á þetta atriði, sem ég tel, að ekki megi gleymast.

Svo vil ég geta annars hér. Þegar við erum að tala um það hér, að allmikill kostnaður sé við sléttun landsins, og gengið er út frá því, þá má það heldur ekki gleymast, að þegar um ræktun er að ræða, þá er með því ekki nema bara önnur kostnaðarhliðin tekin fram, — því að ef gera á jarðrækt sæmilega, þá kostar kannske eins mikið og sléttunin sá húsdýraáburður, sem til ræktunarinnar þarf, ef nýrækt á ófrjóu graslendi á að gera, svo að í góðu lagi sé, eða ef sá áburður er ekki fyrir hendi, þá tilbúinn áburður í staðinn. Okkar jörð er ekki svo feit, að hún þurfi ekki ógrynni áburðar í byrjun ofan í flögin, þegar grasrækt er hafin á áður óræktaðri jörð.

Þessu tvennu vil ég beina til hv. þd. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 59., 60., 61., 62. og 63. fundi í Ed., 2., 3., 6., 9 og 10. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 85, n. 471 og 540).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál nú af dagskrá. Það er nú mikið los á fundinum, og vantar m. a. nærri heilan flokk, en þetta er ekkert smávægilegt mál. Og ég vildi gjarnan að það yrði rætt rækilega, og æski ég þess því, að því verði frestað til næsta fundar.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Enda þótt hægt væri að segja margt um frv. þetta og málefni, þá skal ég nú með tilliti til þess, hve áliðið er dags, stilla orðum mínum svo í hóf, að þau verði ekki fleiri en nauðsynlegt er til þess að gera grein fyrir afstöðu meiri hl. landbn., sem hafði mál þetta til athugunar. Niðurstaðan varð því miður sú, að n. gat ekki alls kostar átt samleið um það, svo sem nál. ber með sér, því að þrír af fimm nm. hafa hér skilað sérstöku nál. á þskj. 540, og leggja þeir til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Viðvíkjandi öllum meginatriðum get ég vísað til nál., sem gerir grein fyrir þeim aðalatriðum, sem til greina koma og valda því, að við í meiri hl. sjáum okkur ekki fært að mæla með framgangi frv. Ég vil taka það fram strax, að þó við í meiri hl. séum á einu máli um þá niðurstöðu að afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, er hins vegar þannig ástatt, að um ýmis mikilsverð atriði í framkvæmdum jarðræktarmálanna hér á landi eru nokkuð skiptar skoðanir. Ég vil og geta þess hér, sem annars er minnzt á í nál., að ýmsar sérskoðanir koma til greina umfram það, sem sagt er í nál., þó að það raski á engan hátt þessari niðurstöðu okkar, eins og ég hef nú þegar drepið á. Það má segja það, að frv. eins og það liggur fyrir sé að því leyti góðra gjalda vert, að það er komið fram af góðum huga til jarðræktarinnar, þótt menn hins vegar séu ekki á eitt sáttir um niðurstöðuna. Þessu máli er þannig farið eins og fleirum, að um það má deila, og því stærra sem málið er, þeim mun viðsjárverðara er að ganga frá því í flýti, ef nauðsynlegan undirbúning skortir, vegna þess að það þarf vel að vanda, sem lengi á að standa. Eins og nál. ber með sér, leitaði landbn. álits Búnaðarfélags Íslands um frv. þetta, og samkvæmt umsögn Búnaðarfélagsins er hún hvetjandi lagasetningu í samræmi við frv., svo fljótt sem unnt er, en hins vegar koma fram í sömu umsögn þær upplýsingar, að mikilsverð undirstöðuatriði, sem Búnaðarfélagið álítur, að krefjist mikilla rannsókna og mælinga, taki mjög langan tíma og mikla fyrirhöfn. Gerir Búnaðarfélagið ráð fyrir, að þetta yrði þriggja ára starf um tuttugu sérfróðra manna fyrir utan þá aðstoð, er þeir þyrftu. Þar sem ég fyrir mitt leyti verð að líta á slíkar athuganir sem undirstöðu, er eigi að ganga fyrir verklegum framkvæmdum frv. sjálfs, og þegar þeir, sem eiga að taka að sér framkvæmdirnar, telja, að þær kosti svo mikla fyrirhöfn, þá virðist ástæða til að spyrja, hvað liggi á þessari lagasetningu, — því að það sér hver maður, að sú leið, sem Búnaðarfélagið ætlast til, að farin verði, getur haft margvísleg áhrif á gang málsins og gæti leitt til þess, að málið breyttist á marga vegu, eftir að rannsóknum þessum væri lokið. Þess vegna finnst mér, að beinast hefði legið fyrir, ef fyllsta alvara liggur á bak við þetta frv., að útvega sér nákvæmar upplýsingar hjá Búnaðarfélaginu og hugsa sér síðan lagasetningu í samræmi við þær í staðinn fyrir að hlaupa í að gera þetta frv. um tíu ára áætlun, og samþ. leið með bindandi ákvæðum, áður en lengra er komið. Mér finnst, að það sé fjarri öllu lagi, að ég fari að drótta því að flm. frv., að það væri gert af skammsýni og fávizku, eins og ef þeir færu að bera okkur í meiri hl. landbn. á brýn, að við værum ekki jafn stórhuga eða framsýnir og þeir. En þarna verða málsástæður að vegast á, og ég tel þær málsástæður aðeins bera vott um gætilega siglingu, en ekki hitt, að ekki sé ætlazt til, að siglt sé til sömu hafnar um framgang eins bezta málefnis þjóðarinnar. Ég skal svo vera fáorður um aðra ágalla frv., en um þann ágalla, sem ég tel mestan, hef ég nú minnzt á, en hann er sá, að ég tel þessa tíu ára áætlun mjög varhugaverða, því að ég er þeirrar skoðunar, að jarðræktarlögin muni eins og hingað til verða happadrýgst með hinum frjálsmannlegu aðferðum, eins og ég hef nefnt það, en það er samkeppni í starfi innan vébanda þeirrar reglu, sem nú þegar er farin samkvæmt jarðræktarl., eins og þau eru, og þá um leið með sams konar takmörkunum, sem þar eru settar. Ég veit, að allir velunnarar landbúnaðarins og þeir, sem líta á þarfir hans, munu jafnan vera fúsir til að stuðla að því, að hann fái þau fjárframlög frá ríkinu á hvaða tíma sem er, sem hann þarfnast, án tillits til þess, hvort svo bindandi aðferðir eru við hafðar eða eigi. Því er nú þannig farið, að ef frv. nær fram að ganga, getur maður engar áætlanir gert um það, hverjar byrðar ríkissjóðs yrðu eða hversu hagkvæmt reyndist að ljúka þessari tíu ára áætlun, því að stundum kemur það fyrir, hvað snertir getu ríkissjóðs til fjárútláta og framkvæmda, að eitt árabil er hagstætt, en annað tímabil er miður. Og álít ég því þá leið, sem ætluð er, að farin verði samkv. frv., mjög varhugaverða. Ég hygg, að það sé réttmætt að halda því fram, að eins og jarðræktarl. eru nú, séu bændur með þeim hvattir og studdir umfram aðra, sem erfiða aðstöðu eiga.

Þótt það sé mikils virði, að bændur fái bætta aðstöðu, þá er hitt ekki síður mikils vert, að þeir neyti átakanna, sem bezt lagið hafa á því. Það má ekki slíta land og þjóð úr sambandi, því að samband þar á milli er nauðsynlegt, til þess að þjóðin fái notið sín.

Að svo mæltu vil ég leggja til, skv. nál., að frv. fái afgreiðslu skv. rökstuddri dagskrá okkar.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Ég er

sammála frsm. meiri hl. um það og kannske það eitt, að það sé hálfgerður hégómi að vera að ræða þetta frv., þegar svo er komið, að þinglausnir verða nú í vikunni og frv. er búið að liggja fyrir Alþingi á þriðja mánuð. Þegar svo er litið á það, á hvaða tíma sólarhringsins við erum hér, og að maður ekki nefni, þegar litið er yfir stóla þm., þá er ég á sama máli, að ekki eigi að vera að ræða þetta mál hér.

Það er vitað, að ræktun landsins er talsvert atvinnu- og fjárhagsmál, og þess vegna á að ræða um hana sem alvörumál.

Ég vildi aðeins segja örfá orð og í öðru lagi gera örfáar athugasemdir.

Bændum er nú augljóst orðið, að gömlu heyvinnuaðferðirnar eru orðnar það úreltar, að þær eiga varla langa lífdaga úr þessu. Erfiðleikarnir á að fá fólk og afköstin hafa sannfært bændur um þetta, ef þeir hafa ekki vitað það áður. Það er augljóst, að ef við viljum leggja rækt við landbúnaðinn, verður að koma breyting á heyvinnuaðferðirnar, þannig að mannsaflið, sem knýr orf og hrífu, verður að hverfa og í staðinn að koma ræktað land og vélar. Ég býst ekki við, að neinn búist við eða vilji, að forsvaranleg laun og atvinna fáist með reitingsheyskap með gömlu aðferðinni í framtíðinni. Það verður að búa svo um að bændur beri sómasamlegan hlut frá borði og fái sómasamlegt verð fyrir afurðir sínar.

Af því að ég hef talað um þetta áður, að ekki væri forsvaranlegt að halda áfram umræðum, af þeim ástæðum, sem ég nefndi, læt ég þetta nægja til viðbótar nál.

Ég býst við, að samnm. minn geri athugasemd frá eigin brjósti, ef honum finnst eitthvað falla niður.

Í nál. meiri hl. er drepið á það, að skoðun Búnaðarfél. Islands sé sú, að þetta frv. sé ótímabært, og er vísað í bréf frá félaginu til Alþingis. En í þessu bréfi er hvergi minnzt á slíkt, og er þetta rangfærsla. Þá er í nál. meiri hl. talað um þær föstu skorður, sem jarðræktin er sett í með frv. Mér finnst þær föstu skorður ekkert óskaplegar, þótt við eigum að ganga saman við ræktun landsins. Ég held, að ræktunarstarfið hér sé félagsstarf. Ég veit ekki til, að menn fái greiddan styrk nema vera í búnaðarfélagi.

Ég vil minnast hér á eitt mjög mikilsvert atriði, en það er áburðarþörf og áburðarnotkun. Á það má benda, að nýrækt hér á landi byggist á tilbúnum áburði. Sá áburður, sem til fellst, mun nægja til að halda ræktaða landinu við, en ekki til að gera nýrækt.

Það á að vera ljóst, að það er tvennt ólíkt að gera land véltækt eða gera ræktað land. Ræktun er að láta vaxa þrjú, fjögur, fimm strá þar, sem áður óx eitt. Ræktun er að láta vaxa nytjajurtir í stað illgresis eða annarra óræktargrasa.

Þá er sagt, að ræktunarstarfið eigi að hefjast þegar öllum undirbúningi er lokið. Þetta er rangt. Ræktunarframkvæmdirnar þurfa að hefjast, þegar undirbúningi er lokið á hverju býli. Það má ganga út frá því sem vísu, að menn séu misfljótir að hefjast handa.

Það var sagt í útvarpinu, að eitt sveitarfélag (Suðursveit) hefði í haust bundizt samtökum um, að á hverju býli yrði komið upp 400 hesta túni á sjö árum. Þeir eru fljótari, en setja markið lægra. Þetta sýnir okkur hug fólksins úti á landsbyggðinni. Það skilur þörfina.

Ég held ég geti ekki verið að teygja tímann lengur með því að ræða mál þetta. Ég bíð umsagnar búnaðarþings. Ég álít, að það ætti að færa sig í áttina til þessa frv. Nú hefur stjórn Búnaðarfélagsins treyst sér til að láta uppi álit félagsins án þess að hafa lagt málið fyrir búnaðarþing. Mér finnst þetta mál ætti frekar að heita mál frsm. en n. Ég veit, að hinir nm. höfðu aðrar skoðanir um ýmislegt og sitt hvað að athuga. Ég tel, að hægt verði að leggja þetta frv. *lítið breytt fyrir hvert Alþingi, sem saman kemur.* Það hefur enga sérstaka þýðingu þótt því verði vísað frá nú með rökstuddri dagskrá, en það getur haft þýðingu fyrir næsta þing. Það sýnir, hvern hug þm. bera til frv.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að það hefði enga þýðingu fyrir málið, þótt því væri vikið frá nú, og er ég þar á allt öðru máli.

Þá vildi sami hv. þm. telja það ofmælt, að Búnaðarfélagið teldi frv. ótímabært, og benti á bréf þess því til sönnunar. En hann gekk fram hjá miðkaflanum. Búnaðarfélagið telur, að rannsókninni geti ekki orðið lokið á skemmri tíma en þrem árum og ynnu þann tíma 20 sérfróðir menn að henni. Og það segir enn fremur, að af því að undirbúning skorti, sé ekki hægt að gera kostnaðaráætlun um ræktunarframkvæmdir. Það ætti því að vera nær að snúa sér að því að gera áætlun um undirbúning rannsóknanna.

Það er athyglisvert, hvað Búnaðarfélagið álítur, að þetta þurfi mikinn undirbúning og mikla rannsókn. Ég hefði ekki haldið, að það væri nærri því eins mikil vinna og það áætlar.

Það er gert ráð fyrir að styrkja þúfnasléttun með 4—500 kr. á ha. auk verðlagsuppbótar. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélaginu kostar þúfnasléttun nú 1244 kr. á ha. Það er hér um bil jafnt því, sem gert er ráð fyrir, að styrkurinn verði samkv. frv. Nú er gert ráð fyrir í frv., að fengnar verði vélar, sem geri ræktunina miklum mun ódýrari en nú, svo að kostnaður verði jafnvel ekki nema helmingur eða ⅔ af því, sem hann er nú. Sé gert ráð fyrir, að hann verði um ⅔ eða um 800 kr. á ha., þá verður sá styrkur, sem gert er ráð fyrir í frv., um 50% hærri en ræktunin kostar. Ég álít, að ekki sé nokkurt vit í að láta sér detta í hug að ákveða styrkupphæðina, fyrr en rannsakað er, hversu dýr ræktunin verður með þeim vélum, sem er megintilgangur frv. að tryggja, að notaðar verði.

Ég hef bent á þessi tvö atriði, því að það eru meginatriði í sambandi við afgr. málsins nú. Þetta þarf að liggja skýrar fyrir, áður en frv. verður samþ. Rökst. dagskráin hnígur í þá átt, að ríkisstj. hlutist til um, að Búnaðarfélag Islands hefji þessa undirbúningsrannsókn og byrji að athuga, hvort hægt sé að fá þessar vélar til landsins, rannsaki, hvaða vélar séu

heppilegastar og hvað kosti að vinna með þeim, en fyrr en það liggur fyrir, er engin meining að ákveða styrkupphæðina. Þessi tvö atriði eru meginefni dagskrárinnar. Meiri hl. telur ekki tímabært að afgr. málið eins og sakir standa, en þykir ástæða til að hvetja stj. til að láta þegar hefja undirbúningsrannsókn í þessu máli og tryggja, að stórvirkar vélar komi til landsins, rannsaka nothæfi þeirra og æfa menn í að nota þær. Og þessi nauðsynlegi undirbúningur verður hafinn, ef dagskráin verður samþ. og stj. sér sér fært að taka til greina það, sem í henni segir.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég segi eins og aðrir hv. þm., sem hafa staðið hér upp í kvöld, að ég skal ekki vera fjölorður um þetta mál. Ég ætla ekki að fara í kappmæli við þá meirihlutamenn, því að ég veit, að ég er ekki nema þeirra annarrar handar maður að orðamælgi og málskrúði, svo að ég ætla mér ekki þá dul.

Ég er ekki frv. samþ. eins og það er, eins og fram kemur í áliti minni hl. Ég hefði líka óskað, að Búnaðarþing hefði getað athugað málið, áður en það yrði afgr. frá þinginu. En þrátt fyrir þetta tel ég sjálfsagt að draga þetta frv. ekki svo mjög sem meiri hl. vill, heldur láta það ná afgr. sem allra fyrst, því að ég veit, að mjög má laga það í meðferð, og ég efast ekki um, að ekki skortir okkur góð handtök í málinu, ef meiri hl. tekur til starfa, sem ég efast ekki um, að verða mundi með góðum hug og miklu atfylgi. Ég vil segja, að eins og er ástatt, finnst mér, að með mjög löngum undirbúningi undir þetta mál, sem hv. 3. landsk. talaði um, að tæki a. m. k. þrjú ár, að það tækifæri mundi tapast, sem nú virðist vera í þessu efni. Og ég er í vafa um, hvort við getum þá tekið það á sjö árum, sem nú er talað um að vinna á tíu árum. Það hefur líka nú þegar verið hafin byrjun að þessum framkvæmdum, þar sem búið er að mæla mestallt túnþýfi landsins, og það er nokkur undirbúningur. Þá er á það að líta, að efnahagur er nú með betra móti hjá landbúnaðinum og bændur mega sín nokkurs nú bæði til vélakaupa og jarðræktarframkvæmda. Við vitum ekki, hvort atvinna verður með jafnmiklum blóma áfram og verið hefur. Við getum hugsað okkur, að enda þótt næg atvinna verði að sumrinu, þá geti orðið hæggara fyrir bændur, bæði vor og haust og ef til vill að vetri til, að fá menn til starfa, og það getur komið sér vel að geta hagnýtt þá vinnu, meðan menn eru það efnum búnir, að þeir geta lagt í framkvæmdir. Ég held því, að það sé mjög athugavert að sleppa þessu tækifæri og láta dragast í þrjú ár að hefjast handa í þessu máli. Nú vitum við, að tækifæri er til vélakaupa. Eins og bent var á við 1. umr., hafa „jeep"-bílarnir reynzt prýðileg áhöld, þótt þeir séu ekki stórvirkir, og svo er með aðrar vélar, sem inn í landið eru komnar og notaðar hafa verið við þessi störf.

Hv. 3. landsk. álítur, að standast mundi á styrkur og kostnaður við þúfnasléttun. Verið getur, að í einstöku tilfellum muni það ekki afar miklu, en ég held, að í flestum tilfellum muni það ekki lítilli upphæð. Menn gleyma oft að reikna með einum stærsta útgjaldaliðnum við að gera túnrækt sæmilega, en það er áburðurinn, sem þarf óhjákvæmilega, ef ræktunin á að verða að nokkru gagni, svo að þótt styrkurinn sé mikill stuðningur, þá er það samt víst, að bændur yrðu að leggja fram stórfé til þessara framkvæmda.

Ég held að það geti orðið nokkuð seint að fara fyrst eftir nokkur ár að kaupa vélar, reyna þær og setjast síðan á rökstóla og semja nýtt frv. og ekki byrja starfið sjálft, fyrr en því öllu er lokið. Ég efast ekki um góðan vilja hv. samnm. minna til að koma aukinni jarðrækt í framkvæmd, en ég held, að þeim hafi yfirsézt í þessu. Ég tel, að miklu réttara væri að lagfæra þetta frv., sem ég held, að gæti orðið mjög nýtilegt, ef nauðsynlegar breyt. væru á því gerðar, og láta svo til skarar skríða.

Ég þarf svo ekki að segja fleira um þetta og get látið máli mínu lokið.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki heldur verða langorður um þetta mál. Þingstörfum er nú svo langt komið, að sýnilega er komið los á menn við þingstörfin, en ég álít, að þessu máli hefði verið samboðið, að um það hefðu orðið verulegar umr. við betri kringumstæður en nú eru hér á þingi. Ég býst við, að eftir sé að ræða þetta mál bæði hér og annars staðar.

Ég verð að segja, að fyrir mig eru það mikil vonbrigði, hvernig meiri hl. landbn. hefur snúizt við þessu máli. Ég efast ekki um, að þeir eru þeirrar skoðunar, sem kemur fram í nál. þeirra, en ég er sannfærður um, að þeim yfirsést þar um mjög veruleg atriði.

Því er haldið fram hér, að ekki sé rétt að ráðast í þessar framkvæmdir, þar sem ekki sé vitað, hvað kosti að slétta tún eða gera 500 hesta tún eða sléttslægt land við hvern bæ á Íslandi. En ég verð að segja, að þegar byrjað var að leggja vegi á Íslandi, var ekki rannsakað fyrir fram, hvað kostaði að gera akfæran veg norður eða austur um land eða út á annes. Við erum að gera hafnir og ætlum að halda því áfram án þess að rannsaka fyrir fram, hvað það kosti, en styrkjum þær framkvæmdir í ákveðnum hlutföllum. En þó að ég taki samlíkingu af þessu tvennu, þá er ekkert af þessu sambærilegt við það, sem hér á að gera, af þeirri einföldu ástæðu, að við vitum, að ef þjóðin á nokkra framtíð, þá er það höfuðskilyrði, ef íslenzkur sveitabúskapur á að geta lifað, að heyskapur verði stundaður eingöngu á véltæku landi. Ef við höfum ekki efni á að gera þetta, þá höfum við ekki efni á að reka landbúnað á Íslandi. Og svo mikið er víst, að þótt það kunni að kosta þjóðina nokkuð að slétta túnin og búa til þessi slægjulönd, þá kostar það þjóðina vissulega miklu meira, þegar til lengdar lætur, að eyða vinnukrafti sínum í þau vinnubrögð, sem fylgja þýfinu, með þeim afleiðingum, að stöðugar deilur séu um það

verð, sem á landbúnaðarvörunum verður og bændur þurfa að fá, sem er eðlileg afleiðing af þessum vinnubrögðum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að sett verði lágmark fyrir véltæku landi á hverju býli á landinu. Það er vitað mál, að það er ekki nema áratugur, þangað til þessi lágmarkskrafa verður of lítil. Þá komum við inn á það, sem annars staðar er, að túnin séu plægð upp á 5—10 ára fresti og skiptirækt viðhöfð. Þetta lágmark, 500 hestar á býli, er því að koma landbúnaðinum af hreinu frumstigi, sem tæplega á sér stað í nokkru öðru landi lengur. Það er vitað, að landbúnaðurinn getur ekki lengur þrifizt með þeim vinnubrögðum. Það þarf því enga áætlun af þeirri einföldu ástæðu, að eins og ég sagði áðan, eru slík vinnubrögð miklu dýrari en að gera landið véltækt. Annars vil ég benda á, þegar verið er að tala um, hvað þetta verk kosti, að við höfum gert þessa áætlun í jarðræktarl. Sá styrkur, sem er ætlaður til túnsléttunar samkvæmt þessu frv., er jafnhár og í bráðabirgðaákvæði jarðræktarl., svo að hver bóndi á Íslandi, sem vill slétta tún sitt, á kröfu á þessum styrk, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En þetta hefur verið í l., án þess að gerð hafi verið nokkur áætlun um það fyrir fram. Og einnig á að fara lengra hér í að stækka túnin, þar sem þau eru ekki áður orðin svo stór, að þau nái því lágmarki, sem hér er sett. Og það þarf vissulega að gera nýtt átak, til þess að hægt verði að ná því sem fyrst.

Þá er talað um, að það þurfi að reyna þessar vélar og þess vegna sé ekki hægt nú að ráðast í þessar framkvæmdir. Þetta er rangt. Fagmenn okkar vita, hvernig þessar vélar eru og hvernig þær hafa reynzt. Við eigum góða sérfræðinga hér innan lands, sem hafa reynt þessar vélar í það mörg ár og það vel, að þegar er komin á þær nokkur reynsla, næg til þess að hefja nú störf með fullum hraða. Menn þurfa því ekki að halda, að hér sé engin reynsla fengin. Moldin hér er ekki ósvipuð og annars staðar, þar sem full reynsla er á þessum vélum. Þær eru frá þekktum verksmiðjum, sem hafa selt þær svo að árum og áratugum skiptir víða um heim. Það er því ekki annað en hreinn misskilningur, að hér vanti reynslu, — hún er þegar fengin. Það er því engin ástæða fyrir þær sakir að fara að tefja þetta mál.

Það er stundum talað um sleifarlag í íslenzkum landbúnaði, bændur fylgist ekki með tímanum, noti úreltar vinnuaðferðir og þess vegna séu framleiðsluvörur þeirra svo dýrar. En hvernig hefur það verið með okkur, sem höfum ráðið vegavinnunni? Hefur ekki verið sama sleifarlagið þar? Hafa ekki verið notaðar sömu úreltu vinnuaðferðirnar þar? Við þurftum að láta útlendinga koma hingað með nýtízku vélar og vinna með þeim fyrir augunum á okkur, til þess að við lærðum þessi vinnubrögð. Þetta hefur ekki farið fram hjá bændum, hvernig þessar vélar vinna. Þeir vita, að margar af þessum vélum eru notaðar til vegavinnu og jarðræktar jöfnum höndum og að reynsla er komin á þær. T. d. má taka ámokstrarvélarnar. Verkstjóri, sem unnið hefur með þeim, segir. að sér detti ekki í hug að taka upp gömlu aðferðina aftur, — þær moki á við tugi manna og hann getur ekki horft á hin vinnubrögðin eftir það. Um þetta vita bændur, og þetta hefur vakið svo mikinn áhuga úti um land, að það er sama, á hvaða bæ komið er, þá eru menn spurðir um þetta mál af þeirri einföldu ástæðu, að bændur úti í sveitum eru þannig settir, að þeir hafa engan vinnukraft til að slétta tún og engi, og þess vegna verða þeir að fá hentugar vélar til að vinna með. Nú bíður fjöldi bænda úti um allt land eftir því að fá þessar vélar til að slétta tún og brjóta nýtt land, en fá þær ekki. Sumir hafa beðið, svo að árum skiptir, eftir þeim. Þið getið farið hvert á land, sem er, komið í hvaða sveit, sem er, þið munuð reka ykkur á, að á öðrum hverjum bæ er áhuginn á þessum vélum. Og allir vænta þess, að þær geti komið sem fyrst, en þær hafa ekki fengizt og eru dýrari en svo, að bændur geti keypt þær hjálparlaust.

Það er sennilega rétt, sem stóð nýlega í einu blaði, að þetta frv. væri ekki merkilegra en það, að í því væri gert ráð fyrir sams konar samtökum og einn bóndi á Norðurlandi hefði þegar beitt sér fyrir. Ég hef aldrei neitað því, og mér þykir það sennilegt, og það er vottur þess, að þetta frv. er flestum öðrum frv. fremur hér á þingi talað út úr huga bænda þessa lands. Þeir sjá, að þeir geta ekki ræktað landið nema með samtökum og þeir verða að fá nýjar vélar. Og hér er gert ráð fyrir að hjálpa þeim til að fá þær og vinna þessi verk.

Eitt af þeim atriðum, sem mér skilst, að fært sé fram gegn þessu frv., er það, hvað þessi rannsókn taki langan tíma. Ég vil segja, að ég hefði haldið, að ekki örökfimari maður en sá, sem flutti þau rök fram, hefði einhvern tíma notað þau rök þannig, að þá veitti ekki af að byrja. (**HG:** Ég hef boðið það). Það er annað, sem hann hefur ekki boðið. Eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, þá á það að taka þrjú ár að rannsaka allt, sem gert er ráð fyrir að rannsaka, ef þetta frv. yrði að l. En það er ekki ætlunin að bíða, þangað til þeirri rannsókn er lokið. En mér skilst á hv. 3. landsk. þm. að hann segi sem svo: Fyrr en rannsókn er lokið, er ekki hægt að vita, hvað ræktunin kostar, og þar af leiðandi ekki hægt að ákveða, hvað styrkurinn á að vera hár. Og þá verður ekkert gert, fyrr en eftir mörg ár. — Vitanlega á frv. að verða að l. með hliðsjón af þeim rannsóknum, sem gerðar hafa verið, og þeirri reynslu, sem fengin er, og framkvæmdir síðan hafnar samkvæmt þeim l. Þegar á þessu fyrsta ári mundi verða lokið þriðja hluta af rannsóknunum, og þá yrði hægt að hefja framkvæmdir. En þetta er ekki hægt, nema ríkisstj. sé heimilað, svo að löglegt sé, að veita styrk til vélakaupa. Ég segi það enn og að lokum, að ég ætla ekki að taka undir með þessum kyrrstöðuöflum hér né tala langt mál um þetta, en það veldur mér sárum vonbrigðum, hverjar undirtektir málið hefur fengið. Ég hélt, að búið væri að tala lengi um það, hve framkvæmdir landbúnaðarins væru á eftir tímanum, þó að margur atvinnurekstur í landi okkar sé raunar

í svipuðu ástandi, t. d. sjávarútvegurinn. En nú, þegar við gerum okkur von um, að úr þessu rætist með þessu frv. og framtíð landbúnaðarins veltur á því, að hafizt sé handa um þessar framkvæmdir sem fyrst, þá er hart, að þeir menn, sem vel tóku í málið við 1. umr., beita sér gegn því og reyna að tefja fyrir því. Það er vitað, að mikill áhugi er á þessu máli víðs vegar um landið og mikil nauðsyn á því, að það verði ekki stöðvað. Málið kann að verða borið fram á næsta þ., en vel kann að vera, að bændur neyðist til að segja okkur skoðun sína á málinu gegnum Búnaðarfélagið, til þess að það megi mæta þeim skilningi, sem það á skilið. En vonandi ætti þó ekki að þurfa að koma til þess.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Hér hefur verið svo hóflega rætt og bæði sjónarmiðin komið fram, að ég skal stilla orðum mínum í hóf og ekki eyða meiri tíma en nauðsynlegt er til andsvara. Hv. samnm. minn, sem undirskrifaði nál. meiri hl., hv. 3. landsk., hefur svo ótvírætt tekið fram það, sem ég vildi sagt hafa til andsvara hv. frsm. minni hl. Hann gat um hvatningarorð Búnaðarfélagsins til að hleypa þessu í framkvæmd, en honum gleymdist að geta þess, að Búnaðarfélagið hefur einnig gert álitsgerð um það, hvern tíma þetta muni taka. Þetta liggur svo ljóst fyrir, að um það verður ekki þagað. Í d-lið 1. gr. stendur: „Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem um ræðir í 61. gr., skal Búnaðarfélag Íslands annast útvegun nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og tilheyrandi verkfæra fyrir samþykktarsvæðið". Þegar þessari rannsókn er lokið, skal Búnaðarfélagið láta útvega vélar og verkfæri, en félagið segir, að það taki langan tíma og kosti mikið fé. Aðalatriðið er ekki aðeins útvegun vélanna, heldur einnig gerð þeirra og hve margar þær eigi að vera, svo og það, hver kostnaðurinn muni verða. En hitt er óþarft að ræða hér, hve erfiður íslenzki landbúnaðurinn sé, sláttur og heyskapur og annað, með gömlu tækjunum. Allir eru sammála um það, og verður ekki um það deilt.

Hér er talað um mátt samtakanna. Það er rétt, að samtakamátturinn er mikill. Við höfum sveitabúnaðarfélög um allt land. Hefði þessi máttur samtakanna notið sín betur, þó að í stað einstakra búnaðarfélaga hefðu verið heil búnaðarsambandssvæði? Ég segi nei. Ég held, að þau orð, sem fallið hafa hér og annars staðar um það, að framkvæmd þessa mikla starfs framtíðarinnar verði ekki hafin nema í sambandi við frv. og 10 ára áætlunina, séu ekki annað en firra ein. Og til þess eru forsvarsmenn landbúnaðarfélaganna, að þeir geti meðal annars útvegað landbúnaðinum þau tæki, sem bezt henta.

Hv. þm. Str. minntist á vegagerð. Höfuðskilyrði er að vísu, að vegir séu lagðir hliðstætt við þessar framkvæmdir. En til að örva framkvæmdir á einhverju sviði, dytti engum í hug að gera tíu ára áætlun, því að hver væri að bættari? Jú, ef við værum glaðir í trúnni. En að nefna tíu ár er aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, að taumurinn sé aldrei gefinn slakur og að menn láti ekkert tækifæri ganga sér úr greipum, hvorki bændur né búnaðarfélögin heima í héruðum, að bændur séu hvattir til að gera sem mest um þá þjóðarnauðsyn að útvega hin nýju tæki, því að það er þjóðarnauðsyn, og til þess þarf ekki tíu ára áætlun, en til þess þarf hins vegar það, að menn séu vakandi, því að tíminn líður.

Ég vil taka fram í þessu sambandi það, sem hér er ekki nefnt, en ekki er hægt að láta með öllu órætt, en það eru hinar skiptu skoðanir um það, hvernig skipuleggja eigi ræktun landsins. Það eru í rauninni uppi þrjár meginskoðanir í þessu efni. Sú fyrsta er góð og gömul, sú, að gera beri það sem mögulegast, að ræktun landsins nái til allra hjara og út til yztu annnesja. Það er dreifiræktun. Önnur kenningin er sú, að við séum ekki ríkari en svo, að erfitt sé að halda samgöngukerfinu og við verðum að rækta það, sem byggilegast er af landinu, og hyggja þar til samstarfs. Þriðja kenningin, og hana aðhyllist ég, er millivegur milli þessara tveggja. Til þess að Íslendingar geti látið landið bera ávexti og fætt búpening, verða þeir að taka það með í reikninginn, að ræktunin svari kostnaði, en því miður að láta hitt sitja á hakanum. Ég vil ekki ganga svo langt að segja við þá, sem eru á útkjálkum, að við viljum ekki rétta þeim hjálparhönd. Ég vil, að þeim sé létt lífsbyrðin, eftir því sem hægt er, og þeim gefinn kostur á að fá 500 hesta véltækt engi, en hvort fara á eins langt og frv. í þessu efni, það er vafamál. Nú er það svo, að samkvæmt jarðræktarl. eru þeir, sem mest eru búnir að gera, sviptir tækifæri til að njóta hjálpar hins opinbera til frekari aðgerða, af því að geta ríkissjóðs er takmörkuð. Í þessu kemur að vísu fram góður skilningur gagnvart þeim, sem minnst eru búnir að gera, og er komið til móts við þá, og er það mannlegt og gott, en hitt er ekki heppilegt, að hinir séu ekki hvattir til frekari framkvæmda, þar sem þar er oft og tíðum um að ræða fyrirmyndarmennina. Eins kynni að fara um framkvæmd þessarar tíu ára áætlunar, þó að ég voni, að það komi ekki fyrir, að geta ríkisins, hvort sem hún snýr að landbúnaðinum eða öðru, setji takmarkanir um framkvæmdirnar. Það gæti hugsazt, að verr væri farið en heima setið með því að þenja svo netið. En það er ekki nema til góðs, að allt sé gert, sem hægt er hvert líðandi ár, og reynt sé að örva búnaðarfélög, þing og stj. til að stuðla að því, að fullkomnari tæki fáist til heyskapar og annarra verka. Þetta er svo opið, að ekki þarf skýringar við. Takmarkið er, að landbúnaðurinn fari ekki í hundana. Takmarkið er það sama, en meiningarmunurinn er um það, hvort tíu ára áætlunin sé leiðin til að meira fáist áorkað. Ég álít, að það, sem mestu máli skiptir, sé það, að Búnaðarfélag Íslands og aðrir hlutaðeigendur hafi vakandi auga á þessum málum og fylgi þessu eftir. Við skulum vera bjartsýn um aðgerðir í málinu og útvegun véla. Við vitum, hvernig ástandið er á þessu ári, en síður, hvernig það verður eftir tíu ár. Við skulum gera sem minnst að því að spá fram í tím-

ann, en vera sem forsjálastir á líðandi stund. Við höfum ekki efni á öðru, en ég tek það fram, að um nauðsyn vélakaupanna er enginn ágreiningur.

Ég heyri, að hæstv. forseti er að boða kaffihlé, og verður það til þess, að ég lýk máli mínu.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. Frsm. minni hl. landbn. tók það fram, að í grg. meiri hl. kæmi skoðun ýmissa okkar, sem undir þessa rökst. dagskrá ritum, ekki nógu skýrt fram. Þetta er að nokkru leyti rétt, en það er líka tekið fram í grg., að meðal okkar, sem undir dagskrána ritum, gætir nokkurs skoðanamunar varðandi skipulag jarðræktarmálanna.

Enda þótt áliðið sé dags, langar mig til að víkja nokkrum orðum að skoðun minni á þessu máli. Því miður var ég ekki viðstaddur, þegar 1. umr. fór fram um þetta mál, og gat því ekki lýst þá skoðun minni almennt. Í raun og veru hef ég tilhneigingu til þess að fylgja ýmsu í þessu frv., því að það er ýmislegt í stefnu þess, sem við sósíalistar getum mjög gjarnan aðhyllzt. En þegar nánar er á frv. litið, gengur það samt á misvíxl við stefnu okkar, og við getum því ekki fylgt því nema með talsverðum breytingum.

Það eru fyrst og fremst tvö atriði, a- og b-liðir, í frv., sem ég gekk svo langt í, að ég bauð minni hl. að fylgja honum að málum, ef við gætum að öðru leyti náð samkomulagi, en árangurinn varð sá, að ég sá mér ekki annað fært en fylgja rökst. dagskránni, sem hér er borin fram.

Það er ýmislegt fallegt sagt í frv. og er að vísu til bóta. T. d. er það ekki svo lítið, að hér er tíu ára áætlun, sem felur í sér, að allur heyskapur landsins geti farið fram á véltækum túnum. Auðvitað geta allir skrifað undir þessa stefnu frv.

Í öðru lagi er það mjög álitlegt við þetta frv., að í því er viðurkennt, að þau vinnubrögð, sem tíðkazt hafa í íslenzkum landbúnaði, eru orðin mjög úrelt og að það þurfi að breyta til. Það er einmitt þetta, sem við sósíalistar höfum ávallt haldið fast fram. Þar er fallizt á þá skoðun, að það sé orðið úrelt að vinna að landbúnaði með handverkfærum og að það sé meir en tími til kominn að fara að nota vélar eins og við aðrar atvinnugreinar. Enn fremur er ekki nema sjálfsagt, að hafin sé rannsókn á því, hve mikið er enn þá óræktað og óvéltækt af túnum landsins. Annars er það alveg furðulegt, að Búnaðarfélagið skuli ekki hafa gert meira en raun er á í þessum efnum.

Þrátt fyrir það að við í meiri hl. höfum komið okkur saman um þá stefnu, að nauðsyn sé á ræktun landsins, að áætlun verði gerð, og í þriðja lagi, að meira verði unnið að landbúnaði með vélum en verið hefur, þá greinir okkur samt á við minni hl. um eitt atriði, sem jafnvel mætti nefna aðalstefnu frv., en það er, hvar ræktunin á að verða. Við getum ekki aðhyllzt ræktun ræktunarinnar vegna.

Við sósíalistar höfum bent á nauðsyn þess, að landbúnaðurinn verði skipulagður á alveg nýjum grundvelli, og gætum vel fylgt því að gera áætlun um skipulag landbúnaðarins, en aðeins á öðrum grundvelli en hér er farið fram á. Skoðun okkar er, að þetta skipulag eigi að vera miklu víðtækara en í þessu frv. felst, og er þessi stefna okkar að vísu svo kunn, að ég þarf ekki að útlista hana frekar.

Á síðasta þingi lögðum við fram þál. um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði, og í því felst aðalstefna okkar í þessu máli. Eins og flm. þessa frv. viljum við, að rannsókn sé látin fara fram á landbúnaðinum, en við viljum, að fyrst og fremst sé látin fara fram rannsókn á því, hvar skilyrði eru heppilegust með tilliti til samgangna, raforku o. fl. Aðalatriðið er ekki ræktunin sjálf, heldur, á hvaða stað á að framkvæma hana. Þess vegna er stefna okkar í grundvallaratriðum þessi, að við viljum fyrst láta ákveða, á hvaða stöðum á landinu er hafizt handa um ræktun og yrkingu í svipuðum stíl og virðist vera gert ráð fyrir í þessu frv., þ. e. a. s. með vélum og samvinnu. Við viljum, að tekin séu fyrir ákveðin svæði, þar sem bezt eru skilyrði, og að þar sé fyrst og fremst hafizt handa.

Í þessu felst, að um framkvæmdir varðandi íslenzkan landbúnað þurfa samtímis að vera tvenns konar stefnur. Annars vegar þarf að skapa skilyrði til þess, að landbúnaður geti farið fram á alveg nýjum grundvelli, þ. e. a. s., að komið verði upp byggðahverfum og samvinna verði um vélar. Í öðru lagi viljum við styrkja þann búskap, sem fyrir er, til þess að forðast það, að fólk flýi úr sveitunum, en við viljum undirbúa jarðveginn, svo að það fólk, sem óhjákvæmilega hlýtur að flytja úr hinum dreifðu sveitum landsins, eignist þannig annað athvarf en að leita til bæjanna. Það er þannig ætlun okkar að skapa skilyrði á öðrum stöðum, svo að bændur geti myndað með sér þorp og lifað þar við betri skilyrði en áður, eða geti flutt sig til, en flytji ekki í bæina.

Það er enn eitt atriði í þessu sambandi, sem ég vil minnast á, en það er nauðsynin á því, að fram fari rannsókn á, hvað framleiða eigi á hverjum stað, en að þessu atriði er ekki vikið í frv. því, er hér liggur fyrir.

Það er ljósara en frá þurfi að segja, hvernig háttar til um framleiðslu landbúnaðarafurða hér á landi, því að sem stendur er offramleiðsla á sumum afurðum, en skortur á öðrum nauðsynjavörum landbúnaðarins. Það hlýtur því að vera vilji allra þeirra, sem vilja nýja skipun á landbúnaðarmálum, að skipulag framleiðslunnar fylgi með, sem sagt, að miða framleiðsluna við neyzlu og markaðsþarfir og að hafa framleiðslu á ákveðnum stöðum á landinu og framleiða þar þær afurðir, sem heppilegast er að framleiða, — til að taka aðeins sem dæmi, að framleiða eingöngu mjólkurafurðir á Suðurlandi, stunda sauðfjárrækt í Þingeyjar- og Múlasýslum og að kartöflurækt færi fram á einhverjum ákveðnum stað á landinu. Um leið og tekið er upp skipulag um jarðræktina, álítum við, að taka eigi jafnframt með skipulag um framleiðsluna, en þetta atriði vantar alger-

lega í þessu frv. Og í raun og veru eru miklu minni nýjungar en vænta mátti, þar sem menn héldu, að flm. ætluðu með þessu frv. að taka einhver stór stökk. Nýjungamál frv. eru einkum viðvíkjandi vélakaupum og styrknum til jarðabóta, en annars eru ekki í því miklar breyt. frá fyrri jarðræktarl. Annars virðist mér styrkurinn til framræslu túna of lágur í hlutfalli við aðra styrki, því að mér finnst, að leggja ætti sérstaka áherzlu á það atriði. Ég held því, að 1. flm. frv. þurfi ekki að furða sig á því, þótt við fylgjum ekki frv. skilyrðislaust, því að undirbúningur er ekki nógur og nýjungar ekki eins miklar og haldið hefur verið á lofti. Í raun og veru er ekki um miklar stefnubreyt. að ræða frá því sem áður var, þegar til framkvæmdanna kemur, því að eins og áður er gert ráð fyrir ræktun hinna einstöku jarða án tillits til, hvar þær eru á landinu, og er því ekki um neitt nýtt skipulag að ræða. Ég býst þó við, að bændur séu þessari ræktun fylgjandi, og furðar mig ekkert á þeim ummælum hv. þm. Str., er hann sagði, að það mundi vera mjög mikill áhugi meðal bænda um þetta frv. En það er ekki þar með sagt, þótt bændur séu þessu fylgjandi og þeir hafi jafnvel mikinn áhuga á því að gera ræktunarsamþ., að árangurinn af þessu verði eins heppilegur fyrir landbúnaðinn í heild, því að svo gæti farið, að svipað verði um þetta og nýbýlal. og aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, að þetta reynist þungur baggi á bændum og að árangurinn komi ekki eins fljótt og vel í ljós og flm. ætluðust til.

Ég held, að með þessu frv. sé miklu skemur vikið frá þeirri stefnu, sem ríkt hefur í landbúnaðinum, en flm. þess halda á lofti, og ég álít, að hægt væri að gera aðrar og meiri ráðstafanir, ef vilji væri fyrir hendi, sem kæmi íslenzkum landbúnaði að meira gagni en samþ. þessa frv.

Til eru lög um landnám, og eftir þeim l. er hægt að taka lönd eignarnámi, þar sem skilyrði eru heppileg til rætkunar, og samkvæmt þeim l. var einnig gert ráð fyrir byggðahverfum. Hvað hefur nú verið gert til þess að framfylgja þessum l.? Ég veit ekki betur en búnaðarmálastjóri hafi sagt, að ekki væri hægt að framfylgja þessum l., vegna þess að það standi á fjármagni til þess að framfylgja þeim. Hins vegar var svo fyrir mælt, að það ætti að leggja 400 þús. kr. árlega til nýbýla til þess að framfylgja þessum l. um landnám nýbýla, en búnaðarmálastjóri varð að bera fram kvartanir, vegna þess að Alþ. sinnti því ekki að leggja svona hátt framlag, og hann sagði það berum orðum, að það sé ekki hægt að framfylgja þessum l., jafnnytsamleg og þau eru, vegna þess, hve áhugi er lítill hjá Alþ. á jarðræktarmálunum.

Við sósíalistar höfum sýnt áhuga okkar á þessum málum, og við höfum tekið eftir þessum umkvörtunum frá búnaðarmálastjóra og því, sem hann hefur ritað um byggðahverfi og nauðsyn þess, að hafizt verði handa um samfellda ræktun og að framleiðslan verði skipulögð á annan hátt. Við höfum viljað, að Alþ. leggi fram miklu hærri fjárframlög, svo að unnt sé að koma landbúnaðinum í nytsamara horf, en þessar till. okkar hafa ekki fengið miklar undirtektir hér á Alþ., heldur verið stráfelldar. Mér finnst því skjóta nokkuð skökku við, bæði út af ræðu flm. þessa frv. og stefnu þeirri, sem þeir telja, að felast eigi í frv. þeirra, því að mig grunar, að fara muni á sömu leið og fór um önnur lög, l. um landnám og nýbýli, að þótt þetta frv. verði samþ., muni standa á Alþ. um fjárframlög til framkvæmda.

Mér virðist því í stuttu máli, að í frv. séu miklu minni nýjungar en haldið er á lofti og þó að það verði samþ., þá muni það ekki snúa sér að því, sem eru aðalatriði í landbúnaðarskipulaginu, því að það gengur fram hjá aðalatriðunum, sem sé að snúa sér fyrst og fremst að því, að ræktun fari fram á þeim stöðum á landinu, sem heppilegastir eru, og í öðru lagi skipulagningu framleiðslunnar. Þannig hefur því farið, þó að ég hafi tilhneigingu til að fylgja ýmsu í þessu frv., þá verð ég samt að fylgja hinni rökst. dagskrá, bæði vegna þess, að ég hef aðra stefnu í þessum málum, eins og ég hef nú nægilega skýrt frá, og að mér finnst frv. mjög illa undirbúið.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Ég held, að hv. þm. Str. hafi hitt naglann á höfuðið, þegar hann var að tala um það, að sú andstaða, sem hér er gegn frv., muni stafa af því, að þeir, sem vilja leggja stein í götu frv., væru ekki eins handgengnir því, sem hugsað er í sveitinni, og hinir, sem vilja greiða götu þess. Ég sagði þetta ekki til þess að særa neinn, heldur aðeins af því, að ég held, að þessu sé þannig varið. Ég álít, að þeim sé ekki eins ljóst og okkur, sem í dreifbýlinu búum, að það er ekki hægt að reka búskap nema stuðla fyrst og fremst að ræktun véltæks lands.

Ég held, að andstaðan gegn þessu frv. sé byggð á misskilningi, því að ég efast ekki um, að hv. þm. vilji koma til leiðar, að landið verði ræktað og að framleiðendur landbúnaðarafurða geti unnið með vélum á véltæku landi.

Einnig gætir misskilnings hjá sumum hv. þm. í ýmsu öðru, og vil ég í því sambandi benda á það, að hv. 3. landsk. las hér upp úr áliti Búnaðarfélags Íslands það atriði, að undirbúningur undir þetta starf á öllu landinu mundi taka minnst þrjú ár, og mér skildist, að hann liti svo á, að framkvæmdir samkvæmt frv. gætu ekki byrjað, fyrr enn þessari rannsókn væri lokið. Mér skilst, að hv. þm. líti svo á, að ekki eigi að útvega vinnuverkfæri, fyrr en lokið er undirbúningi á öllu landinu. Ég er hissa á, að þm. skuli skilja þetta svo. Meiningin er, að þegar eitt búnaðarfélag er tilbúið að fara að vinna, þá fái það það. Hvort sem litið er á málið í heild og þörfina eða litið er á frv. í heild, finnst mér kenna misskilnings. Mér finnst Búnaðarfélaginu sjást yfir, ef það ætlast til, að ekkert sé gert í 20 sýslum í þrjú ár.

Ég held, að hv. 3. landsk. hafi misskilið það, sem ég sagði um afgreiðslu þessa máls nú, að það hefði þýðingu, hvaða meðferð frv. ætti að mæta á næsta þingi.

Hv. 2. þm. Árn. komst svo að orði, að ekki ætti að gefa framkvæmdaviðleitninni lausan tauminn. Ég er honum alveg sammála, af því að það er þýðingarmikið mál fyrir allt landið, hefur margfalda þýðingu fyrir landið allt. Þetta er spor í áttina og ætti að ýta undir áhuga manna á ræktun landsins.

Hv. 7. landsk. benti á, að lítið væri um nýmæli í þessu frv. Það er rétt, en sumt eru nýmæli. Nú er fyrst að gera ráð fyrir undirbúningi og rannsókn, áður en ræktun landsins hefst. Þá verður og að taka tillit til staðhátta. Það þarf að stuðla að skynsamlegum og haganlegum kaupum vinnuvéla og gera kröfur til þeirra, sem með þær fara. Ef þær eru ekki vátryggðar, er ekki hægt að gera kröfur til þeirra, sem með þær fara.

Það þarf praktískari og betur gerðar framkvæmdir á hverjum stað. Það þarf að gæta þess, að vinnan sé nógu vel af hendi leyst. Sums staðar er landið ekki nógu þurrt. Þess misbrests gætir einna helzt hjá smælingjunum, sem minnst geta unnið að þaksléttun. Það þarf að vera 200 ferm. slétta, til þess að hún sé tekin út og goldinn styrkur út á hana.

Frv. á að ýta undir, að betur verði unnið að jarðræktarframkvæmdunum. Þá er styrknum vel varið, ef frv. nær þeim tilgangi sínum að auka jarðræktarframkvæmdirnar.

Í rökstuddu dagskránni er gert ráð fyrir, að látin verði fram fara rannsókn, og sömuleiðis er gert ráð fyrir útvegun véla, allt eftir því, sem miðað er við í frv.

Einn galli er tilfinnanlegur á rökstuddu dagskránni: Í g-lið 1. gr. frv. á þskj. 85 er sagt: Ríkið skal bera allan kostnaðinn. — Þarna er mælt svo fyrir, að ríkið skuli bera allan kostnaðinn. — Í dagskrártill. stendur ekki þetta, aðeins sagt: í trausti þess, að ríkisstj. hlutist til um framkvæmdir. — Það er því ekki beinlínis tekið fram í till., að ríkið eigi að standa straum af kostnaðinum.

Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. til næsta fundar, þótt umræðu kunni að verða lokið nú, sérstaklega af því að margir þm. eru ekki viðstaddir.

Haraldur Guðmundsson: Hv. frsm. minni hl. taldi óþarft að bíða með að hefja framkvæmdir, þar til undirbúningi væri að fullu lokið. Ég er honum alveg sammála. En ekki er rétt að ákveða styrki, fyrr en séð er, hvað vinnst með frv. Ekki er ástæða til að ákveða styrkinn til vélakaupa, fyrr en séð eru afköst þeirra. Mér virðist ekki vera hægt að gera tíu ára áætlun um framkvæmdir þessar, en er sammála um það, að það beri að leggja niður gömlu heyvinnuaðferðirnar og fara að nota vélar í staðinn. Það þarf að færa landbúnaðinn í gott horf. Ég er einnig sammála um, að rétt sé að hverfa frá einstaklingsræktun og snúa sér að félagsræktun, sérstaklega að hentugt sé það með stofnun nýbýla.

Ég álít fullt svo heppilegt, að vélasjóður eigi vélarnar, eins og kemur fram í rökstuddu dagskránni. Einkum má á það benda í þessu sambandi, að mjög er erfitt að fá stórar vélar til landsins.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að tala langt mál um frv., en þó eru nokkur atriði, sem ég vildi leiðrétta.

Það kom fram hjá hv. 7. og 3. landsk., að þeir álíta, að ríkinu væri bundinn of stór baggi með því að gera tíu ára áætlun. Það yrði ríkinu ofvaxið, telja þeir, og segja, að svipaðar hliðstæður séu ekki til í þjóðfélaginu og því ekki hægt að fara þessa leið. En jafnframt er á það bent, að frv. sé nægileg tíu ára áætlun fyrir landbúnaðinn. Að því er snertir fjárframlög, þá er ríkið bundið lögum um að inna af hendi greiðslur sem styrk til vélakaupa. Hugsum okkur, að bændur gætu keypt vélar. Þeir gætu framkvæmt stórfelldar jarðabætur, en eins og kunnugt er, háir vélaskorturinn þeim mjög mikið.

Það gæti alveg eins farið svo, ef ræktun færi hratt, að það gæti orðið ríkinu um megn að greiða þá styrki, sem á að greiða samkvæmt jarðræktarl., því það er bein krafa, sem hver bóndi á á íslenzka ríkið fyrir þá ræktun, sem hann innir af hendi, og það er ekki fyrir næstu tíu ár, heldur fyrir ókominn tíma, meðan þau l. eru í gildi. Við vitum, að ef vinna á eitthvert stórt verk, er fyrst og fremst nauðsynlegt að setja sér ákveðið takmark, og með því, að hreppabúnaðarfélögin eða ræktunarsvæðin setji sér ákveðið takmark að vinna eftir, eru líkur til þess, að verkið yrði eins vel og betur unnið en ella. Það má t. d. nefna það, að ef einhverjum þykir yfirlæti í þessari tíu ára áætlun okkar, væri mönnum hollt að líta til Englendinga, sem eru ekki gefnir fyrir það að vera með nokkurt sérstakt yfirlæti í sínum framkvæmdum, en þeir hafa leyft sér að gera fimm ára áætlun um ræktun landsins, og þeir færast ekki hlutfallslega minna í fang en það, sem hér er gert ráð fyrir, því það er meining þeirra samkvæmt þessari áætlun að gera gerbyltingu á öllum landbúnaði á næstu fimm árum og þar á meðal það, að leggja rafmagn inn á hvern einasta bæ, sem sérfræðingar hafa reiknað út, að verði ekki baggi á notkun rafmagnsins á bæjunum, vegna þess að notkunin verður svo almenn. Sleppum því atriði í sambandi við þessa áætlun. En þeir hafa gert þessa áætlun og hafa gert það vegna þess, að þeim er ljóst, að þeir vinna að því að skapa nýtt líf í þessum málum og nýjan stórhug og það er mjög gott ráð að láta bændur og ríkið sameiginlega setja sér takmark.

Það hefur komið fram í sambandi við þetta mál frá hv. 7. landsk. (KA), að ástæðan fyrir því, að hann væri andstæður þessu frv., a. m. k. ein aðalástæðan, væri sú, að hér er ekki gert ráð fyrir skipulagi og samfærslu byggðanna. Nú benti ég á það við 1. umr. og bendi á það enn, að það er mál út af fyrir sig. Það er bent á það í þessu frv., að þær jarðir, sem þykja ekki til frambúðar, verði látnar verða útundan og að á því verði gerð sérstök athugun. Hann vill koma því þannig fyrir, að vissir staðir á landinu framleiði vissar vörur,

sem skilyrði eru bezt fyrir, og hann nefndi nokkur dæmi. Ég er ekki á móti þessu og tel líklegt, meira að segja mjög líklegt, að þetta verði gert, en það hagar þannig til með íslenzkan landbúnað, að hvort sem bændur hafa sauðfjárrækt eða nautgriparækt, þurfa þeir að hafa véltækt tún og vel ræktaðar engjar. Það stendur þess vegna ekkert í vegi fyrir því, þótt ræktað verði með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, að síðar verði gerð skipun á framleiðsluháttum. Þó að nú sé framleitt kindakjöt í einum landshluta og þó að tún séu ræktuð og engi sléttuð, stendur það engan veginn í vegi fyrir því, að nautgriparækt verði tekin upp á þessum stöðum, og það er af því, að sama þarf, hvort sem um nautgriparækt eða sauðfjárrækt er að ræða. Viðvíkjandi samfærslu byggðanna er líka auðsætt, að þótt allt verði framkvæmt, sem tekið er fram í þessu frv., kemur það ekki í veg fyrir, að taka mætti það fyrir síðar. Raunar er of mikið gert úr samfærslu byggðanna í vissum héruðum. Á einstaka stað er það hægt, eins og við Safamýri, en það er of mikið búið að tala um þetta á óverulegum grundvelli. Það er hægt að færa saman byggðir á vissum stöðum, en það er ekki hægt að reka nema vissa tegund búskapar í samfærðri byggð. Það er ekki hægt að reka sauðfjárbúskap á Íslandi í samfærðri byggð. Það hefur verið reynt að koma stofninum upp fyrir þúsund, en það hefur sýnt sig, að það hefur verið svo mikil örtröð í kringum býlin, að það hefur orðið ákaflega erfitt. Ef maður vill kynnast þessu, þarf ekki annað en fara hér suður á nesið, þar sem hvert býli hefur nokkrar kindur, og verður það því talsvert fé, sem er þar í hálfgerðu svelti frá þorpunum. Þetta er ekki hægt. Féð þarf að hafa nóg landrými, og þess vegna er samfærsla byggðanna ekki nema fyrir nautgriparækt. En sannleikurinn er sá, að beztu skilyrðin fyrir sauðfjárrækt eru meðal dalabýlanna, á dreifðum býlum, enda er slíkur búskapur mest tíðkaður þannig um Norðurlönd, þar sem langt er komið. Menn geta farið um öll Norðurlönd og séð, að þannig er þetta framkvæmt, en það er ekki sama eins og sunnar, þar er kornrækt og ávaxtarækt. En við okkar aðstæður er þetta ekki framkvæmanlegt nema að mjög litlu leyti, og það er búið að tala of mikið um það. Í þessari fimm ára áætlun Englendinga er talað um, hvort iðnaður geti komið upp í sveitunum, en það er komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki framkvæmanlegt nema í mjög smáum stíl. Það er eyðsla á kapítali að láta verksmiðjurnar standa auðar, meðan fólkið vinnur að landbúnaðarstörfum, og auk þess verða lélegri afköstin hjá verkafólki, sem vinnur aðeins stuttan tíma úr árinu að verksmiðjuvinnunni. Það, sem við verðum að gera okkur ljóst, er það, að við búum við ríkt haf og á landi, sem liggur með strandlengjunni, og að það er ólíkt að ætla sér að flytja þorpin upp í sveit eða hafa þau við sjó, en það hefur aðeins hent það ólán, að um leið og þorpin risu upp, hefur þess ekki verið gætt, að þau hefðu nægilegt land. Við skulum t. d. taka pláss eins og Sauðárkrók, þar sem ég þekki til. Það er sjóþorp, sem hefur ekkert land, og við rannsókn, sem fram hefur farið, hefur það komið í ljós, að það er ekki nema eitt þorp á landinu, Húsavík, sem hefur nægilegt land handa íbúum sínum. Uppi í sveitum þurfa að vera fyrir hendi sérstök skilyrði, til þess að þar geti myndazt þorp, og við eigum fyrst og fremst eftir að vinna svo margt og gera svo stór verk viðvíkjandi þeim þorpum, sem eru við strandlengjuna, verk, sem hafa verið vanrækt. Þess vegna er það ekki galli á þessu frv., hvernig sem á það er litið, að ekki er í því gert ráð fyrir samfærslu byggðanna. Það er mál, sem er alveg sérstakt, og þessi framkvæmd kemur ekki í veg fyrir það, eins og hún kemur ekki heldur í veg fyrir það, að framleiðslan verði flutt til eftir því, sem bezt á við á hverjum stað.

Ég skal að lokum benda á, að það kom fram hjá hv. 3. landsk. (HG), að hann vill láta verkfærakaupanefnd ríkisins kaupa vélar á sama hátt og nú eru keyptar þær stóru vélar og leigja þær. Það þyrfti fyrst og fremst að setja um þetta einhverjar reglur, ef einhverjar framkvæmdir ættu að verða í því. Hugmyndin er, að stóru vélarnar, sem kosta 60—100 þús. hver, verði fyrst og fremst keyptar og leigðar út af ríkinu og verkfærakaupan. sjái um það, en smærri vélarnar yrðu keyptar af búnaðarsamböndunum og þau sæju um það, og yrði léttara að sjá um verkfærin þannig en ef ríkið á að eiga sjálft, svo að hundruðum skiptir, af verkfærum úti um land og leigja þar út dráttarvélar og þess háttar, og er það æði mikið verk, ef þær ættu ekki að ganga úr sér. Sjálfs er höndin hollust, og það eru smærri félögin, sem mundu sjá betur um þetta, ef þetta væri þeirra eigin eign og þau ættu að borga kostnaðinn, sem af því leiddi, ef þeir eyðilegðu vélarnar. Og hræddur er ég um, ef þessi dagskrártill. verður samþ., sem ég geri ráð fyrir, að engar framkvæmdir verði í þessu máli samkvæmt henni og þáltill. Það þarf enginn að láta sér koma til hugar, að stj. ráðist í stórfellda vélakaup, svo stórfelld sem þarf til þess, að vélarnar séu leigðar út, meðan ekkert er tekið fram um, hvernig eigi að leigja. En það þyrfti að ákveða, ef þessi leið yrði farin. Ég held þess vegna, að þeir, sem þessa leið vilja fara, ættu að athuga, áður en þeir samþykkja þessa rökst. dagskrá, að það þýðir stöðvun á málinu. Það kom líka beinlínis í ljós hjá hv. 3. landsk. (HG), því að hann segir, að það eigi að bíða með að ákveða styrk fyrir ræktun, þangað til séð verður, hvað vinnst með þessum nýtízku vélum, og að það eigi að bíða með að ákveða styrkinn til vélakaupa, þangað til séð verður, hvernig vélarnar reynast og hvað afköstin verða mikil. Með þessu er séð, að málið á að vera á tilraunastigi fyrsta kastið, en það er það, sem ég vil benda þm. á — og ég hef tekið fram áður —, að það er áreiðanlegt, að ef ekki verða gerðar skynditáðstafanir til þess að hraða ræktun landsins, er útilokað annað en að íslenzkur landbúnaður leggist niður að verulegu leyti. Það er ómögulegt, eftir þá tíma, sem núna hafa gengið yfir þetta land, og með þeirri hækkun, sem orðið

hefur á kaupi og engar líkur eru til, að lækki, svo að neinu nemi, að það verði hægt að kaupa fólk til að framleiða landbúnaðarvörur með þeim vinnuskilyrðum, sem fyrir hendi eru í íslenzkum landbúnaði. Ég minnist þess, að eitt sinn, þegar hv. 3. landsk. (HG) var að tala um landbúnaðarvöruverð í Nd., að þá var það, að bóndi, sem hafði verið uppi á svölunum og hlustað á það, sem sagt var, — að með þeirri ræktun, sem væri í sveitum landsins, ættu bændur að geta selt vörur sínar minna verði en þeir gerðu, kom til mín á eftir. Hann sagði: Af 47 bæjum í mínum hreppi eru aðeins 2 bæir, sem hafa véltækt land. Þessum bónda hafði verið vel við hv. 3. landsk. og haft mikið álit á honum, en hann varð fyrir miklum vonbrigðum, þegar hann heyrði, af hve mikilli vanþekkingu hann talaði um þetta mál. Nú er það líka svo, að bændur geta alls ekki, hvað fegnir sem þeir vilja, fengið vélar til ræktunar. Ég talaði í haust við bónda á stórjörð, sem búinn var að panta traktor fyrir tveim árum, en ekki fengið. Nú er áhuginn vaknaður á þessu, því að menn sjá, að með því kaupi, sem þeir verða að greiða, er ómögulegt að reka sveitabúskap nema með taprekstri. Bændur gera sér ljóst, að þetta getur ekki haldið áfram, og þeir gera sér líka ljóst, að kaupið lækkar aldrei aftur, svo að neinu nemi, og að það er ómögulegt að reka íslenzkan landbúnað með aldagömlum vinnuaðferðum. Þess vegna má ekki verða á þessu minnsta töf. Við eigum að gera svo hraðvirkar ráðstafanir sem unnt er og hrinda málinu í framkvæmd. Undir því er mikið komið fyrir landið í heild, því að það er algerlega auðsætt og vitað, eins og bent var á af hv. 3. landsk., að það er ómögulegt að framleiða landbúnaðarvörur á Íslandi, þannig að bændur beri sæmilegt úr býtum, nema með sæmilegum vinnuaðferðum. Þessar vinnuaðferðir eru ekki notaðar við búskap í nágrannalöndunum, og við vitum, að við erum á eftir vegna þess, hvað við byrjuðum seint á þessu. Félagsskapur bænda hefur gert mikið, og mikið hefur ríkið lagt til, en það þarf miklu meiri hraða, og um það eigum við allir að vera samtaka. Það þarf vissulega að lækka landbúnaðarvöruverðið, en það þarf líka að gera þær ráðstafanir, að þetta verði framkvæmanlegt án þess að ganga á hlut bænda í samanburði við kaupstaðarbúa. Og þetta á að gera með stórfelldri, hraðvirkri ræktun. Eina leiðin til að fullnægja þessu, að lækka vöruverðið, er, að ríkið styrki bændur til þess að gera fólkshaldið miklu skemmtilegra. En vinnutími í sveitum hefur orðið að vera svo langur vegna hinna seinlegu vinnuaðferða og vinnan erfið. Hins vegar er með nýtízku vinnuaðferðum létt að fá fólk, því að í góðum sumrum er heyskapur einhver skemmtilegasta vinna, sem til er, og getur verið auðveld vinna.

Erlendis eru nú margir ungir menn að mennta sig til þessara starfa, m. a. í vélaverkfræði landbúnaðarins. Og þegar þeir koma heim, þurfum við að vera búnir að undirbúa fyrir þá. Það stendur nægilega knappt, að við fáum þá heim, þar sem boðið er í þá erlendis. Þá bókstaflega talað dreymir það, hvað þurfi að gera fyrir íslenzkan landbúnað, þegar þeir hafa séð landbúnað eins og hann er með nýtízku vinnuaðferðum, og maður sér af bréfum þessara manna, hvernig þeir loga af áhuga á því, að hægt sé að breyta íslenzkum landbúnaði þannig, að vinnuaðferðirnar verði eitthvað svipaðar og þeir eru sannfærðir um, að hægt sé að breyta íslenzkum landbúnaði, þannig að hann verði einhver skemmtilegasta og léttasta vinna, sem til er. Við verðum því að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að þetta geti orðið.

Það getur vel verið, að það þurfi að gera breyt. á þessu frv., og við getum komið okkur saman um, hvaða breyt. þurfi að gera til þess að geta samþykkt þetta frv., því að þetta er það nauðsynlegasta. Mér dettur ekki í hug að draga úr því, að margt þurfi að gera fyrir sjávarsíðuna, og hef ég ekki verið því andvígur. Það situr n. á rökstólum, sem er að rannsaka, hvað þurfi að gera í því máli, en þetta er þannig, að það þarf — bókstaflega talað — skyndiráðstafanir, neyðarráðstafanir, til þess að koma í veg fyrir, að íslenzkur landbúnaður dragist saman. Við þurfum að taka okkur til fyrirmyndar það, sem aðrar þjóðir eru að gera sjá sér. Á tveim—þrem árum hafa Englendingar tvöfaldað bústofn sinn. Þeir segja: „Við hættum þessu aldrei". Og þetta er af því, að þeir hafa tekið upp nýja stefnu viðvíkjandi landbúnaðinum.

Það er leiðinlegt fyrir þá, sem telja sig þurfa að samþykkja þessa dagskrártill., því að ég veit, að á meðal þeirra eru margir, sem skilja, hvílík nauðsyn þetta er, og mig tekur sárt, að skuli vera frv. andvígir.

Það er betra, að málið bíði til næsta þ. Það er verið að tala um rannsókn á þessum vélum, en við erum jafnhliða því, sem við tölum um undirbúning hér, að kaupa fyrir millj. vélar til vegagerða. Það er sjálfsögð ráðstöfun og þarf ekki frekari rannsóknar, og þó höfum við miklu minni reynslu af þeim vélum. Ég vildi því beiðast þess, að menn myndi sér ekki skakka skoðun, heldur komist að samkomulagi um, hvaða breyt. þarf að gera, til að hægt sé að hefja framkvæmdir sem allra fyrst.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég skal reyna að vera stuttorður. Það, sem um er að ræða, má skipta í tvo kafla. Annars vegar er sú mikla nauðsyn, sem er á því að hefjast handa um stóraðgerðir með fullkomnum vélum, svo að eitthvað vinnist, sem um munar. Þó að rætt væri um það í alla nótt, er jafnmikið búið að gera fyrir því. Það eru allir á einu máli um það, að nauðsynlegt sé að hafa fullkomin tæki með nýtízku sniði. Það getur enginn heilvita Íslendingur verið á öðru máli um það.

Hinn þátturinn er sá, hvort þetta frv. er hin eina óbrigðula leið til að hrinda slíkum átökum í framkvæmd. Um það er deilt. Svo er að heyra sem forsvarsmenn frv. sjái miklar hillingar, og ég skal ekki lá þeim það. Ég hef áður sagt, að ég sé ekki fremur bundinn við þessa aðferð en það að nota þeim mun betur augnablik hverrar líðandi stundar. Við eigum vísari í hendi okkar möguleika þessa árs en hinna komandi.

Um það, sem hefur verið sagt um útvegun

véla, vil ég segja, að ég tók eftir því hjá hv. þm. Str., hvað hann er vantrúaður á, að eftir dagskránni verði nokkur möguleiki til slíkrar útvegunar. Ég sé ekki annað en að það komi vilji fram í þáltill., samrýmanlegur við þarfirnar. Og hvatningin í dagskránni er spor í rétta átt.

Kristinn Andrésson. Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Str., að mér þykir sárt, að það skuli ekki geta orðið samkomulag um jarðræktarmálin. Mér finnst hann gera of mikið úr því, hvað málið verði tafið með aðferðunum, sem meiri hl. vill fylgja. Ég held, að enda þótt málið tefjist á þessu þ., þurfi það ekki að vera dautt, enda væri þá illa farið.

Eins og ég tók fram áður, er margt í frv. og ræðum stuðningsmanna þess, sem við sósíalistar erum sammála þeim um, t. d. það, að ísl. sveitabúskapur sé svo úreltur, að sárt er að hugsa til þess. Við erum líka sammála um, að rétt sé að gera áætlun, telja sér ákveðið takmark um nýtt fyrirkomulag í landbúnaðinum, og að nauðsynlegt sé að hefja strax undirbúningsrannsóknir. Og það þarf ekki aftur að taka fram, að við erum sammála um, að búskapurinn sé rekinn með nýtízku vélum. Það er svo margt, sem við eigum sameiginlegt, að við ættum að geta sameinazt um ákveðna lausn, og ég vil, að það komi skýrt fram, að ég vil ekki á nokkurn hátt leggja neinar hömlur í veg fyrir það, að tekið verði upp nýtt skipulag í þessum málum, eitthvað í sömu átt og þetta frv. stefnir í. Mér féll einmitt ræða hv. þm. Str. að flestu leyti vel, og ég hef einnig starfað í n. með hv. 3. landsk. þm. og búnaðarmálastjóra, og skoðanir okkar hafa mjög farið saman.

Eins og frv. liggur fyrir frá minni hl., er ekki hægt að samþ. það. Þar er ýmislegt smávægilegt, bæði um styrkúthlutun og búnaðarsamþykktir, sem ættu heldur að vera hreppssamþykktir, og fleira er þar, sem þyrfti að breyta. En í mörgum grundvallaratriðum frv. er ég sammála flm., svo að ef heilindi ríkja á báða bóga, ætti að geta náðst samkomulag fyrr en ýmsa hefur grunað.

Hv. þm. Str. vildi mótmæla því hjá mér, að ákvæði þessa frv. kæmu í bága við þá stefnu, sem við hefðum um skipulag og samfærslu byggða, en tortryggni mína gagnvart frv. byggði ég á því, að ég hefði álitið, að samþykkt þessa frv. mundi einmitt tefja frekar fyrir því, að verulega væri snúið sér að því að skipuleggja landbúskapinn, en aftur á móti hlaða undir ræktun þar, sem land væri ekki til þess fallið. Að vísu er ákvæði í frv., sem í felst, að þær jarðir, sem óheppilegar séu til ræktunar, skuli ekki teknar með, en það hefur líka staðið í jarðræktarl., og því hefur ekki verið fylgt.

Þá er það, að þessir sömu menn, sem nú vilja hraða ráðstöfunum, hafa verið til þessa tregir til að fylgja því, sem hefur átt að gera í þessa átt. Það hefur borið á tregðu til að samþ. fjárframlög til nýbýla og byggðahverfa, eða hvernig stendur á, að þessir menn hafa ekki komið fram með till. um hærri framlög til vélakaupa til nýbýlasjóðs og lagt eindregið á móti till. frá okkur sósíalistum um há framlög til landbúnaðarins til ræktunar á beztu stöðum? Þetta tvennt, tregða þessara manna gegn ákveðnum fjárframlögum til nauðsynlegra ráðstafana og sú reynsla af jarðræktarl., að þetta frv. mundi styðja að ræktun á slæmum stöðum, hefur vakið tortryggni mína.

Ég er flm. sammála um allt, er lýtur að því að koma ísl. landbúnaði sem fyrst í nýtízku horf, og mér finnst ekki greina annað á en að ég vil róttækari ráðstafanir, hvað landbúnaðinn snertir, og að strax sé hafizt handa og strax veitt fé til vélakaupa og til ræktunar á samfelldum svæðum, sem næst liggja markaði. En Framsfl. og Sjálfstfl. hafa lagzt á móti slíkum till. frá okkur sósíalistum. Ég skil ekki, hvernig á að sameina þessar tvær stefnur þeirra, og er því tortrygginn að ýmsu leyti. Ég get fullvissað hv. þm. um, að ef þeir leggja fram þetta sama frv. með ekki svo mjög miklum breyt. og við sjáum, að þeim er full alvara að vilja nýskipun landbúnaðarins, þá skal ekki standa á fylgi okkar sósíalista.

Ég held, að hin rökstudda dagskrártill. og þáltill. sé síður en svo til að tefja. Ég held því fram, að frv. sé ekki nógu ýtarlega samið eða undirbúið. Það þarf endurskoðunar við, og mundi slíkt taka langan tíma, en þáltill. og dagskrártill. taka þau atriði úr frv., sem mest liggur á, til meðferðar. Flm. geta svo lagt málið fram á næsta þ., í því formi gæti ég trúað, að samkomulag geti orðið.

Ég get ekki farið að ræða hér ýtarlega skipulag ísl. landbúnaðar, eins og það vakir fyrir okkur sósíalistum. Hv. þm. Str. gerði það, og ég er honum að miklu leyti sammála. Ýmislegt ber sjálfsagt á milli, en ef samkomulag gæti orðið milli fulltrúa bænda og verkamanna, mundi kannske þar með vera leyst það helzta, sem óheppilegast hefur verið á undanförnum tímum. Það er mjög óheppilegt fyrir þjóðfélagið, ef deilur um landbúnaðarmál eiga að halda áfram.

Gísli Jónsson: Ég ætla ekki að taka þátt í þeim deilum, sem fram hafa farið hér í d., en mig langar til þess að spyrja hv. þm. Str. og hv. form. landbn. að því, hvaða skrípaleik hér er verið að leika. Það er engu líkara en að flestir þeir hv. þm., sem hér hafa talað í kvöld, séu þegar byrjaðir að jórtra grasið, sem kynni að fást af þessu. Hér hefur hver hv. þm. á fætur öðrum staðið upp og byrjað með því að segja, að hann ætlaði ekki að tala langt mál, en síðan haldið langar ræður og tuggið upp aftur og aftur það sama án þess að koma að kjarna málsins. Í sambandi við þetta langar mig til að benda á það, að málið kom fyrst til þessarar hv. d. 27. sept. og er því þá tekið mjög vinsamlega af öllum flokkum og vísað til landbn. 27. sept., kemur síðan frá n. 19. nóv. (minni hl.), en nál. kemur frá meiri hl. 29. nóv. Hvernig kemur svo málið úr n.? Það er engin breyt. gerð við málið. Minni hl. vill samþykkja málið án nokkurra breyt., en meiri hl. vill vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. Hvað hafa þessir menn verið að gera í n. allan þennan tíma í

einu af stærstu velferðarmálum landbúnaðarins? Hvers vegna hefur ekki hv. þm. Str., 1. flm., spurt um málið allan þennan tíma? Er þessu aðeins haldið fram til þess eins að fylla þingtíðindin og halda uppi málþófi? Ef ekki er hægt að fá afgr. á góðu máli í landbn., þá á að taka það til athugunar, en það er ekki frambærilegt, að landbn. haldi málinu hjá sér í þrjá mánuði án þess að gera nokkuð annað en að klofna um það.

Annars er það svo með hv. þm. Str., að það er eins og hann hafi aldrei tíma til þess að vera við umr. hér í d., og það er náttúrlega ekki eðlilegt, að það gangi vel að koma fram stórmálum með slíkum vinnubrögðum. Ég lýsti því yfir við 1. umr., að ég mundi fylgja þessu máli, og þrátt fyrir þessi dæmalausu vinnubrögð mun ég fylgja þessu frv. óbreyttu til 3. umr. í von um það, að mestu agnúar þess verði lagfærðir á milli umr., og hv. minni hl. hefur viðurkennt, að það þurfi að laga frv., áður en það fari út úr deildinni.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Ég skal taka til greina bendingar hv. þm. Barð. að lofa ekki stuttri ræðu, en halda langa. Ég álít, að umr. um þetta mál, þó að þær hafi verið langar, hafi verið til bóta. Mér finnst þær hafa dregið hugi manna saman, og ég álít, að það sé til bóta, að hugir manna dragist saman í góðum málum, þó að það kunni að taka nokkuð langan tíma.

Ég vil svo aðeins taka það fram, að ég álít, að það þurfi að gera allt til þess að auka hraðann í jarðræktarframkvæmdum landsins, og ég vona, að það fáist út úr þessu starfi þingsins, að sá hraði verði aukinn.

Ég ætla ekki enn á ný að fara að lýsa, hvað heyöflunin gengur seint, en vil aðeins geta þess til gamans, að það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem búa við sjávarsíðuna, eigi erfiðara með að gera sér grein fyrir því en við, sem lifum við sveitabúskap, hvað heyskapurinn er erfiður með þeim vinnuaðferðum, sem nú eru víðast viðhafðar.

Það hefur verið minnzt á það, að þetta frv. væri ekki nógu vel undirbúið, og ég skal játa það, að það eru agnúar á undirbúningnum, en til þess hefur ekki heldur verið miklu kostað, það hefur ekki verið skipuð mþn. í málið. Frv. er aðeins til orðið á þann hátt, að nokkrir alþm. tóku sig saman um að semja þetta frv., og þeir vissu, að það mundi þurfa að breyta því og laga það, og þeir gerðu sér vonir um, að þá mundi það fljótlega verða að l.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að lofa stuttri ræðu, því að um þetta mál þarf mikið að ræða. ef það á að skýra það þannig, að það dragi hugi manna saman. Ég veit ekki, hverjir það eru í hv. d., sem halda lengstar ræður, en til þess að sýna, hvað hv. þm. Barð. virðist lítið vita um það, sem hann er að dæma um, hvaða vinnubrögðum sé beitt, þegar á að koma málum fram, vil ég upplýsa það, að ég hef oftar en einu sinni spurt landbn. um það, hvernig málinu gengi, og hafði form. n. sagt mér, að hann gerði sér vonir um það, að samkomulag mundi nást um málið í n., eftir að það hafði legið hjá stjórn Búnaðarfélagsins til athugunar. Að öðru leyti vil ég segja það, að ég geri mér það ljóst, hvað það þarf oft langan tíma til þess að draga hugi manna saman, og það verður að nota þann tíma til þess að ræða og skýra málin, og hver og einn verður að slá af ýmsu, sem hann vildi fyrst og fremst, og taka það næst bezta. Viðvíkjandi þeirri ásökun, að ég mæti ekki á fundarbekknum, vil ég segja það, að ef við lítum til baka, þá verðum við að viðurkenna það, að uppskeran er þannig, að menn hafa ekki alltaf átt mikið erindi til að ræða um þau mál, sem verið hafa til umr. En án þess að fara í nokkurn mannjöfnuð við hv. þm. Barð. hygg ég, að mér sé óhætt að segja það, að ég hafi getað komið málum fram eins og hver annar. En sennilega er hv. þm. orðinn syfjaður og því orðinn leiður á þessum umr. og get ég svo látið þessar umr. niður falla.

Gísli Jónsson: Þessi útúrdúr hv. þm. Str. sýnir, hvað hann hefur lítinn áhuga á málinu, og líklega hefur hann aldrei meint annað með því en að hafa það til auglýsingastarfsemi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætlaði ekki að tala meira í þessu máli, en þó vil ég nokkuð svara hv. þm. Barð. Hann segir, að málið hafi legið þrjá mánuði hjá landbn., en skjölin bera það með sér, að því hefur verið vísað til landbn. síðustu dagana í sept., en nál. minni hl. afgr. 19. nóv., — og þetta telur hann þrjá mánuði. Ég vil líka telja það alveg óverðskuldað að ráðast á landbn. og segja, að hún hafi ekki rækt störf sín sæmilega. Og ég verð að segja það, að það getur vafizt fyrir einni n., þegar til hennar koma mál, sem eru svo illa undirbúin, að þau þurfa mikla athugun og verður jafnvel að vísa þeim frá eftir miklar tilraunir til að endurbæta þau. Ég man í svipinn eftir tveimur slíkum málum frá hv. þm. Barð. Svo er hann að tala um það, að okkur sé nær að sjá um okkar nefndarstörf en að fylla þingtíðindin með blaðri. Það er eins og hv. þm. Barð. finnist hann hafa köllun til þess að koma hér fram sem „hirtingarvöndur syndarans" í hverju máli. Ég vil fullyrða það, að landbn. hafi unnið störf sín sæmilega, og ef það á að fara að lítá eftir nefndarstörfum hjá henni, þá kann líka að verða litið eftir þeim hjá öðrum.

Gísli Jónsson: Hv. þm. Dal. hefði getað sparað sér allt þetta tal, ef hann hefði hlustað á mína fyrri ræðu. Það stendur sem sé óhaggað, að málinu var útbýtt 22. sept., vísað til landbn. 27. sept., og minni hl. álit kom fram 19. nóv. og málið hefur nú verið hér um bil þrjá mánuði til meðferðar. Allan þennan tíma hefur landbn. ekki gert annað en að klofna um málið, minni hl. að senda álit um að samþ. frv. óbreytt, en meiri hl. um að vísa því frá.

Það var óþarfi fyrir hv. þm. Dal. að vera með þá aths., að mál, sem ég ætti hjá landbn., hefðu þvælzt fyrir n., því að landbn. er sannarlega ekki mikilvirk, ef þau mál þurfa að

vefjast fyrir henni lengri tíma. Því er aftur á móti ekki hægt að mæla á móti, að það er ófyrirgefanlegt af n. að tefja mál vikum saman, af því að hún sé á móti því. Það eru frá mínu sjónarmiði óhæfileg vinnubrögð hér á Alþingi.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Ég get ekki neitað því, að mér fannst hv. þm. Barð. telja sér óþarflega mikla trú um það, að hann eigi sökótt við landbn. Þessi hv. þm. gat um það hér fyrir fáum dögum, að hjá sjútvn., þar sem hann er form., lægi ekkert mál óafgr., og mér skildist hann segja það til hróss um þá n. Og ég get tekið undir það, ef málin eru vel afgr. Ég skal þá upplýsa það, að hjá landbn. liggur ekkert mál óafgr. Það liggja að vísu tvö mál hjá n., en annað málið er hv. þm. Barð. riðinn við, en ég veit ekki betur en það hafi fengið vissa afgr. í samráði við flm. Að öðru leyti vil ég ekki gera ágreining út af þessu umtali. Ég gef alltaf meira fyrir höndina en röddina, og vitanlega vil ég eiga hönd hv. þm. Barð. fyrir þessu frv., og ég tek ekkert nærri mér, þó að hv. þm. vandi um við nm., sérstaklega þegar mig grunar, að það sé ekki gert í fullri alvöru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 540, frá meiri hl. landbn., samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, LJóh, MJ, BBen, BrB, EE, HG, StgrA.
nei: PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, HermJ, IngP.
3 þm. (PM, GÍG, JJ) fjarstaddir.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Fjárlög 1944.

Á 3. fundi í Sþ., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

forseti (GSv): Áður en gengið er til dagskrár, vildi ég tilkynna þm., að svo er til ætlazt, að 1. umr. fjárl. fyrir 1944 verði háð á þriðjudaginn kemur á venjulegum fundartíma. Þess skal getið, að fjárlfrv. er að verða tilbúið frá ríkisstj., þótt ekki ynnist tími til að útbýta því í dag, en því verður útbýtt á mánudaginn. Á fundinum á þriðjudaginn flytur fjmrh. fjárlagaræðu sína, og verður þeirri umr. útvarpað samkvæmt þingsköpum. Hver þingflokkur hefur hálfa klukkustund til umráða til þess að gera athugasemdir, en ráðh. hefur ¼ klst. til andsvara, ef þurfa þykir.

Þetta vildi ég, að þm. fengju þegar vitneskju um, til þess að vera við því búnir.

Á deildafundum 19. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þótt reglulegt Alþ. hafi í þetta skipti komið saman tveim mánuðum síðar en venja er til, er engu auðveldara nú en var í byrjun ársins að gera sér grein fyrir væntanlegri afkomu ársins 1944. Allur atvinnurekstur þjóðarinnar er undir því kominn, að verðbólgan verði stöðvuð og hægt sé að framleiða útflutningsafurðir landsins fyrir það verð, sem ákveðið er með samningum við viðskiptaþjóðir vorar. Undanfarið ár hefur allt fjármálalíf landsins verið á hverfanda hveli, og enn þá verður ekki séð, hversu fer, þótt nú hafi verið staðar numið um stund. Fjárhagsleg afkoma landsmanna er enn í svo mikilli óvissu, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hvað þetta ár færir oss. Og enn torveldara er að gera sér hugmynd um afkomu næsta árs.

Af þessum ástæðum taldi ríkisstj. nauðsynlegt að fresta samningu fjárl. og bar þess vegna fram frv. á síðasta þ. um að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. til næsta hausts. Stjskr. mælir svo fyrir, að fjárl. skuli lögð fram, þegar er nýtt þ. kemur saman. En eins og nú standa sakir, er ógerlegt að semja fjárl. fyrir árið 1944, sem byggð eru á nokkrum skynsamlegum áætlunum. Vér vitum varla, hvað morgundagurinn færir oss, og enn síður vitum vér, hvað næsta ár ber í skauti.

Frv. til fjárl. 1944, sem liggur fyrir, er því borið fram til að fullnægja bókstaf stjskr. í þessu efni og ber að skoða sem form, er hlýtur að taka gagngerum stakkaskiptum síðar á árinu, þegar væntanlega má betur sjá en nú, hversu fer um atvinnu- og fjárhag þjóðarinnar á næsta ári. Ég mun því ekki ræða sjálft frv. að þessu sinni né einstaka liði þess. Ég geri ráð fyrir, að ekki verði um það fjallað hér á Alþ. fyrr en í haust, og mun þá verða gerð grein fyrir því með þeim breytingum, sem óhjákvæmilega verða þá á því gerðar, og verður ríkisstj. að áskilja sér allan rétt í því efni.

Ég mun því aðallega að þessu sinni gera grein fyrir afkomu síðasta árs og því, hversu fjárhag ríkisins er nú háttað.

Fjárreiður ríkisins eru venjulega stækkuð útgáfa af fjárreiðum einstaklinganna innan vébanda þess. Ríkið hefur haft á síðasta ári hærri tekjur að krónutali en nokkru sinni fyrr í sögu þess. Sama er að segja um þegnana. En féð hefur verið laust í böndum hjá þeim, eins og oft vill verða, ef lítið er fyrir því haft, og fémildin til ýmissa hluta hefur verið meiri en góðu hófi gegndi. Sama er að segja um ríkið. Hjá því hefur farið nokkuð á sama veg.

Tekjuafgangur ríkissj. síðasta ár nemur samkvæmt bráðabirgðayfirliti 29087 þús. kr., og er sú fjárhæð nálega tvöföld á við heildarútgjöld ríkisins fyrir styrjöldina. Skal ég nú gera grein fyrir tekjum og gjöldum ríkissj. 1942 ásamt áætlun á hverjum lið samkvæmt fjárlögum fyrir það ár:

Bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs 1942 (allar upphæðir í þúsundum).

	Gjöld:	Fjárlög	Reikn.	Umfr. fjárl.
7. gr.	Vextir	1614	1312	÷ 302
8. —	Kostnaður við æðstu stjórn landsins	75	175	100
9. —	Alþingiskostnaður	358	1475	1117
10. — I.	Stjórnarráðið o. fl.	480	722	242
10. — II.	Hagstofan	93	150	57
10. — III.	Utanríkismál	293	603	310
11. — A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	1866	4331	2465
11. — B.	Sameiginl. kostn. við embættisrekstur	433	991	558
12. —	Heilbrigðismál	849	1105	256
13. — A.	Vegamál	2566	6987	4421
13. — B.	Samgöngur á sjó	558	3235	2677
13. — C.	Vitamál	1229	1203	÷ 26
13. — D.	Flugmál	38	84	46
14. — A.	Kirkjumál	463	615	152
14. — B.	Kennslumál	2411	3569	1158
15. —	Vísindi, bókmenntir og listir	375	417	42
16. —	Atvinnumál	4981	7028	2047
17. —	Styrktarstarfsemi	3099	4004	905
18. —	Eftirlaun	368	373	5
19.	Verðlags- og aukauppbót	1800	8300	6500
19. — *	Óviss útgjöld	100	1505	1405
22. —	Heimildarlög		772	772
	Sérstök lög		3194	3194
	Þingsályktanir		3684	3684
	Væntanleg fjáraukalög		1742	1742
		24049	57576	33527
	Tekjuafgangur		29087	
	Samtals krónur	24049	86663	

	Tekjur:		Fjárlög	Reikn.	Umfr. fjárl.
2. gr.	Skattar og tollar:				
1.	Fasteignaskattur		550	616	66
2.	Tekju- og eignarskattur		3150	14164	11014
	Stríðsgróðaskattur	12326			
	÷ Hluti sýslu- og bæjarfélaga	6163			
				6163	6163
3.	Lestagjald af skipum		65	58	÷ 7
4.	Aukatekjur		500	739	239
5.	Erfðafjárskattur		60	93	33
6.	Vitagjald		250	392	142
7.	Leyfisbréfagjald		30	109	79
8.	Stimpilgjald		600	1474	874
9.	Bifreiðaskattur		400	1073	673
10.	Benzínskattur	910	300		
	÷ Til Brúasjóðs	182			
				728	428
11.	Útflutningsgjald	2765	850		
	÷ Hluti Fiskveiðasjóðs	691			
				2074	1224
	10% útflutningsgjald			1438	1438
12.	Vörumagnstollur		6000	9407	3407
13.	Verðtollur		5500	39163	33663
14.	Gjald af innlendum tollvörum		600	1164	564
15.	Skemmtanaskattur		150		÷ 150
16.	Veitingaskattur		100	186	86
			19105	79041	59936
	÷ Hækkun eftirst., endurgr. og innh.laun			5428	÷ 5428
				73613	54508

3. gr. A.	Ríkisstofnanir:					
	Landssíminn	462		284		÷ 178
	Áfengisverzlun	1822		6058		4236
	Tóbakseinkasala	1250		2864		1614
	Ríkisútv. og viðtækjaverzlun	92		630		538
	Ríkisprentsmiðja	70		187		117
	Landssmiðja	20		109		89
	Bifreiðaeinkasala	58		1700		1642
	÷ Póstsjóður	55	3719	111		166
		3774				
	Grænmetisverzlun			17		17
	Vífilstaðabú			18		18
	Kleppsbú			16		16
					11994	
						8275
3 gr. B.	Tekjur af fasteignum		9		9	
4. gr.	Vaxtatekjur		362	18	442	80
5. gr.	Óvissar tekjur		50	168		
	Skiptimynt			437	605	555
						63418
	Tekjuhalli		804			
	Samtals krónur		24049		86663	

Eins og sjá má af þessu yfirliti, hafa gjöldin farið 33527 þús. kr. fram úr fjárl., en tekjurnar eru 63418 þús. kr. hærri en áætlað var. Þetta hvort tveggja er nokkurt sýnishorn af því óvenjulega ástandi, sem ríkt hefur á árinu. Hin síhækkandi vísitala framfærslukostnaðar hafði í för með sér sívaxandi gjöld í ýmsum greinum fyrir ríkissjóð, sem ógerlegt var að sjá fyrir, þegar fjárlög voru útbúin. Einnig skapast á slíkum tímum útgjaldaliðir, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl., en ekki verður hjá komizt fyrir ríkið að taka á bak sér.

Ég skal þá í stuttu máli gera grein fyrir helztu umframgreiðslum í þeirri röð, sem liðirnir standa í fjárlögum:

Alþingiskostnaður hefur farið 1117 þús. kr. fram úr áætlun. Á þessum lið er kostnaður við breytingu Alþingishússins ásamt húsbúnaði, er nam um 150 þús. kr. Enn fremur er á þessum lið að sjálfsögðu verðlagsuppbót á laun þingmanna og starfsmanna þingsins. Alþingiskostnaður varð árið 1941 samkv. ríkisreikningi 549 þús. kr., og er því um allverulega hækkun að ræða. En þess ber þá og að gæta, að Alþ. hafði þrisvar setu á árinu 1942, samtals 182 daga eða rétta 6 mánuði.

Umframgreiðslur samtals 609 þús. kr. Af því er 220 þús. aukinn kostnaður við stjórnarráðið, 57 þús. vegna hagstofunnar og 355 þús. vegna utanríkisþjónustunnar. Aftur á móti er kostnaður vegna samninga við önnur ríki 45 þús. kr. lægri en áætlun.

Dómgæzla og lögreglustjórn hefur farið 2465 þús. kr. fram úr áætlun. Er hér aðallega um tvo liði að ræða. Í fyrsta lagi umframgreiðsla vegna landhelgisgæzlu, 1200 þús. kr., og hækkun launa og skrifstofukostnaðar vegna vaxandi dýrtíðar. Til skrifstofukostnaðar þeirra embætta, sem hér um ræðir, hefur verið varið 550 þús. kr., vegna toll- og löggæzlu 206 þús. kr. Auk þess eru nokkrir smærri liðir.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur samkv. 11. gr. er 558 þús. kr. hærri en áætlun. Eru þessir liðir helztir: Skattstofan 87 þús., skattanefndir 124 þús., fasteignamatið 116 þús., ríkisskattanefnd 68 þús., eyðublöð og auglýsingar 157 þús.

Heilbrigðismál, umframgreiðslur 256 þús., sem stafar að mestu af auknum rekstrarkostnaði við Vífilsstaðahæli (137 þús), Kleppsspítala (63 þús.) og Kópavogshæli (19 þús.).

Vegamál eru sá liðurinn, sem mest hefur farið fram úr áætlun, eins og við mátti búast, og nemur það 4.421 þús. kr. Hafa af því farið 3.667 þús. kr. til þjóðvega, 395 þús. til brúargerða og 240 þús. til sýsluvega.

Samgöngur á sjó. Sú fjárhæð nemur 2677 þús., og er af því til strandferða Skipaútgerðar 2445 þús. kr. Þessi mikli halli stafar af því, að farmgjöld strandferðaskipanna hafa ekki verið hækkuð í hlutfalli við aukningu rekstrarkostnaðar.

Kirkju- og kennslumál. Fjárhæðin samtals er 1310 þús. kr. Af því hafa farið 140 þús. til húsabóta á prestsetrum og 12 þús. til biskupsembættisins. Vegna námsstyrkja erlendis 74 þús., til íþróttahallar á Eiðum 200 þús. og byggingar barnaskóla 125 þús. Hitt hefur farið til ýmissa skóla og til barnakennara 234 þús.

Vísindi, bókmenntir og listir. Hér er aðeins um 42 þúsund að ræða, sem aðallega hafa runnið til Safnahússins (11 þús.), Landsbókasafnsins (7 þús.) og Þjóðskjalasafnsins (8 þús.). Skáld og listamenn hafa aðeins fengið 8 þús. kr. umfram áætlun, og virðist þeirra hlutur hafa orðið lítill í þeim stóru tölum, sem hér eru nefndar, enda mun það eiga að standa til bóta.

Atvinnumál. Hér er um að ræða 2047 þús. kr., og er stærsti liðurinn vegna mæðiveikinnar, 1584 þús. kr. Þessi mikla umframgreiðsla stafar af því, að áætlun í fjárl. var fjarri sanni á þessum lið, og var aldrei við að búast, að áætl-

unin mundi hrökkva fyrir gjöldum. Aðrir helztu liðirnir eru: Rannsókn búfjársjúkdóma 123 þús., Verðlagsnefnd 152 þús. og Skömmtunarskrifstofan 101 þús.

Almenn styrktarstarfsemi. Umframgreiðslur samtals 905 þús. kr. Af því eru vegna alþýðutrygginga 530 þús., berklavarnir 230 þús. og sjúkrastyrkur 115 þús.

Óviss útgjöld, samtals 7905 þús. kr., en þar af er verðlagsuppbót og aukauppbót greidd á árinu 6500 þús. kr. Önnur helztu útgjöld eru: Kostnaður vegna flugvallar 723 þús., kostnaður við nefndir 108 þús. og ýmsir smærri liðir.

Á 22. gr. koma samtals 9392 þús. kr. Af því eru helztu greiðslur þessar:

Samkvæmt sérstökum lögum: ráðstafanir vegna dýrtíðar (1. frá 1941) 1534 þús. kr., stofnkostnaður héraðsskóla 575 þús., vátryggingarfélög fyrir fiskiskip 450 þús., húsmæðrafræðsla í kaupstöðum 300 þús., ómagastyrkir 332 þús.

Samkv. þingsályktunum: Verðuppbót á garnir og gærur frá 1941 2496 þús., verðuppbót á fóðurmjöli 1164 þús.

Aðrar greiðslur undir sömu gr., sem koma á væntanleg fjáraukalög, eru helztar: Til lottvarna 411 þús., sumardvöl barna 231 þús., byggingarkostnaður á Bessastöðum 358 þ., viðgerð á Safnahúsinu 120 þús., til stúdentagarðsins 150 þús. og nokkrar smærri greiðslur.

Hef ég þá getið þess helzta, sem greitt hefur verið umfram heimildir í fjárl. Mest af þessum auknu útgjöldum er bein afleiðing hinnar vaxandi dýrtíðar og þess ástands, sem ríkjandi er í landinu.

Þegar athuguð er tekjuhlið bráðabirgðayfirlitsins, kemur í ljós, að hinar miklu viðbótartekjur eru aðallega á 3 liðum, en þeir eru:

a. Tekju- og eignarskattur ..	11014	þús. kr.
b. Verðtollur	33663	— —
c. Ríkisstofnanir	8275	— —
Samtals	52952	þús. kr.

umfram áætlun í fjárl. á þessum þremur liðum.

Á öðrum tekjuliðum er um tiltölulega litla hækkun að ræða frá áætlun fjárl. Helztu hækkanir eru:

3.	407	þús. kr.	á vörumagnstolli.
1.	224	— —	- útflutningsgjaldi,
	874	— —	- stimpilgjaldi,
	673	— —	- bifreiðaskatti.

Ég ætla ekki að ræða nánar tekjurnar í heild, en skal nú minnast á nokkra tekjuliði sérstaklega.

Tekju- og eignarskattur varð á árinu 1941 9274 þús. kr., og má því telja, að þessir skattar hafi verið mjög varlega áætlaðir fyrir árið 1942, þar sem fjárl. gera ráð fyrir 3150 þús. kr. Skattarnir urðu á árinu, eins og áður er sagt, 14164 þús. kr. Þessi hækkun byggist á góðum og stöðugum vinnuskilyrðum í landinu árið 1941, en ekki sízt á vaxandi dýrtíð, sem hefur haft mikil áhrif á tekjur manna að krónutali.

Stríðsgróðaskatturinn, sem er ekki áætlaður í fjárl. fyrir 1942, hefur numið samtals 12326 þús. kr., en af því er greitt helmingur til sýslu- og bæjarfélaga.

Tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur hafa því numið samtals 20327 þús. kr. eða tæpum 4 millj. kr. minna en öll gjöld ríkisins voru áætluð fyrir árið 1942.

Samanburður á tollunum árin 1941 og 1942 verður þannig:

Vörumagnstollur	1941	6995	þús. kr.
	1942	9407	— —
Verðtollur	1941	16699	— —
	1942	39163	— —

Hin mikla hækkun á verðtollinum stafar af tvennu: Annars vegar af auknum innflutningi ýmissa vara, sem hár tollur er greiddur af, og hins vegar að nokkru leyti af stórlega auknum farmgjöldum. En eins og kunnugt er, er verðtollur greiddur af farmgjöldunum jafnt og andvirði varanna. Um það hefur talsvert verið rætt og ritað, að hvorki sé sanngjarnt né skynsamlegt að innheimta verðtoll af styrjaldarfarmgjöldum, sem stundum geti nálega jafnazt við innkaupsverð varanna. Ekki verður fyrir það synjað, að slíkt virðist óeðlilegt, enda hlýtur það að hafa talsverð áhrif til hækkunar á vöruverð í landinu. En það er eins með tolla og skatta. Þegar þeir hafa einu sinni verið settir á, hika þeir við, sem með fjármálin fara, að létta þeim af þjóðinni, af geig við, að tekjurnar hrökkvi þá ekki fyrir gjöldum.

Það hefur verið athugað af Hagstofunni, hversu miklu hafi numið tollur af farmgjaldi þrjá fyrstu ársfjórðunga ársins 1942, og er niðurstaðan þessi:

Innflutningur á þessu tímabili ..	166	millj. kr.
Þar af eru vörur undanþ. tolli ..	28	— —
Eftir eru verðtollsvörur	138	millj. kr.
Farmgjöldin eru talin samtals ..	33374	þús. kr.
Tollur af farmgjöldum	4386	— —

Af samtals greiddum verðtolli er 16,3% tollur af farmgjöldum eða um 1/6 hluti verðtollsins. Mestur er innflutningur á vörum, sem af er greiddur 8% verðtollur, en þar næst koma vörur, sem af er greiddur 50% verðtollur, og nemur andvirði þeirra 23146 þús. kr. af framangreiddum innflutningi 138 millj. kr. allra tollvara.

Eins og nú standa sakir, er það mál, sem hlýtur að koma til athugunar, hvort gerlegt sé að lækka tolla á nauðsynjum, svo sem ýmsum tegundum fatnaðar og öðru, sem allur almenningur þarf til daglegra nota. Tollar eru hér á mörgu hærri en góðu hófi gegnir, og gerist það nú aðkallandi að taka tollskrána til endurskoðunar.

Ríkisstofnanir. Tekjur af ríkisstofnunum voru í fjárl. áætlaðar 3719 þús. kr., en hafa orðið 11994 þús. kr. eða 8275 þús. kr. umfram áætlun. Mestar eru tekjurnar af Áfengisverzluninni, en þær nema samtals 6058 þús. kr., í stað þess, að þær voru áætlaðar 1822 þús. kr. Næst kemur Tóbakseinkasalan, og er tekjuafgangur hennar 2864 þús., en áætlunin var 1250 þús. kr. Þriðja stofnunin í röðinni er Bifreiðaeinkasalan. Tekjur hennar voru áætlaðar 58 þús. kr., en talið er, að þær muni nema 1700 þús. kr. eða um þrí-

tugfölduð áætlunin. Ríkisútvarpið og Viðtækjaverzlunin skila 630 þús. kr. í stað áætlunar 92 þús. kr., Ríkisprentsmiðjan 187 þús. kr. í stað 70 þús., Landssmiðjan 109 þús. í stað 20 þús., Póstsjóður 111 þús. í stað 55 þús. Landssíminn er eina stofnunin, sem skilar minni rekstrarhagnaði en áætlað var, eða 284 þús. í stað 462 þús. kr. Stafar það af því, að verðskrá símans var haldið óbreyttri þar til síðari hluta ársins, en flest útgjöld fóru hraðvaxandi allt árið, einkum launagreiðslur.

Hinn mikli og óvænti tekjuafgangur Bifreiðaeinkasölunnar stafar af því, að eftirspurn um bifreiðar til vöru- og fólksflutninga var á síðasta ári meiri en dæmi eru til áður. Þessari eftirspurn var engan veginn hægt að fullnægja, en þó heppnaðist að ná til landsins fleiri vöru- og fólksflutningsbifreiðum en áður hefur verið innflutt á einu ári. Bifreiðakaup þessi tókust fyrir velvilja stjórnarvalda Bandaríkjanna, er litu svo á, að oss væri nauðsyn á að endurnýja þann bifreiðakost, sem fyrir var hér í landi. Nú eru afar miklir örðugleikar á útvegun slíkra tækja og því líklegast, að innflutningur þeirra stöðvist að mestu eða öllu. Er því ekki mikilla tekna að vænta hér eftir af sölu bifreiða, enda er reikningsskilum og ráðstöfun á búi Bifreiðaeinkasölunnar senn lokið.

Hinn mikli tekjuafgangur Áfengisverzlunarinnar, sem er langtum meiri en áður hefur tíðkazt, stafar ekki af því, að salan hafi aukizt í svipuðu hlutfalli. Ástæðan er sú, að útsöluverð vínanna hefur verið hækkað. Heildarsala Áfengisverzlunarinnar að flöskutölu síðasta ár er lítið eitt hærri en salan árið 1941, en þá var tekjuafgangur 1923 þús. kr. Hins vegar er salan 1942 að flöskutölu 25% lægri en árið 1940.

Hagnaður Tóbakseinkasölunnar árið 1921 var 2353 þús. kr., og má því segja, að mjög hafi verið varlega áætlaðar tekjurnar 1942 með 1250 þús. kr. Að vísu er þess ekki að dyljast, að útlit um útvegun tóbaks var ekki gott um það leyti, sem áætlunin var gerð, en úr því rættist betur en á horfðist.

Þessar tvær stofnanir, sem ég hef nú síðast nefnt, hafa á síðasta ári haft í tekjuafgang nálega 9 millj. kr. Þó að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að þær skili jafnan slíkum hagnaði, þá verða þessar einkasölur jafnan mjög mikilvægur þáttur í tekjuöflun ríkisins. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja heilbrigðan framtíðarrekstur þeirra og sjá um, að þessi fyrirtæki séu rekin með því sniði og þeim myndarskap, sem ríkinu hæfir. Ég hef leyft Tóbakseinkasölunni að láta eina milljón króna í varasjóð af tekjum síðasta árs. Er það gert til þess, að þessi stofnun hafi nægilegt rekstrarfé og þurfi ekki að skulda heima og erlendis. Ég hef leyft Áfengisverzluninni að láta í varasjóð 500 þús. kr. og stofna sérstakan byggingarsjóð með 500 þús. kr. Það er ekki vanzalaust, að þetta fyrirtæki skuli varla hafa þak yfir höfuðið og ekki hafa aðstöðu til húsnæðis vegna að haga rekstrinum á þann hátt, sem hvarvetna mundi talið nauðsynlegt og sjálfsagt.

Þessar einkasölur eiga hvorug þak yfir höfuðið. Hjá því verður ekki komizt að byggja yfir þær svo fljótt sem unnt er. En jafnframt ætti að sameina báðar þessar einkasölur og reka þær sem eitt fyrirtæki. Mundi ríkissj. vafalaust spara nokkurn rekstrarkostnað við slíka breytingu, en sérstaklega væri það æskilegt að sameina í eitt myndarlegt fyrirtæki þann verzlunarrekstur, sem gera má ráð fyrir, að verði til frambúðar í höndum ríkisins.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég tel, að jafnframt því að sameina Áfengisverzlunina og Tóbakseinkasöluna ætti að afnema Viðtækjaverzlunina sem sjálfstæða stofnun og gera hana að deild í rekstri Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt l. nr. 98 frá 9. júlí 1941 var sett á sérstakt útflutningsgjald í síðastliðnum ágústmánuði á útfluttan afla togaranna, 10% af fob.-verði. Gjald þetta var einungis sett á þann fisk, sem íslenzk flutningaskip flytja á markað, en var létt af þeim aftur sökum þess, að talið var, að þau fengi ekki risið undir tollinum. Tollurinn hefur því eingöngu hvílt á afla togaranna.

Tekjurnar af þessu útflutningsgjaldi, frá því er það var sett á í ágúst s. l., hafa numið 1438 þús. krónum. Með líkum rekstri og svipaðri sölu botnvörpuskipanna og var síðari helming ársins í fyrra mætti gera ráð fyrir, að þessi tekjustofn gæti gefið um 3 millj. kr. yfir árið. Hins vegar hefur staðið talsverð deila um það milli togaraeigenda og ríkissj., á hvern hátt bæri að reikna gjald þetta. Gjaldið er í l. ákveðið af fob.-verði. En fjmrn. hefur litið svo á, að þar sem skipin seldu afla sinn erlendis, bæri að finna fob.-verðið með því að draga kostnað við að koma fiskinum á markað frá söluverði erlendis. Togaraeigendur hafa hins vegar krafizt, að afli togaranna væri metinn í samræmi við gildandi fob.-verð á fiski hér á landi og útflutningsgjaldið reiknað eftir því. Um þetta hefur ekki náðst samkomulag, og er ekki ólíklegt, að því verði vísað til úrskurðar dómstólanna. Yrði niðurstaðan sú, að ríkissj. beri að reikna gjaldið samkvæmt kröfu skipaeigenda, þá er hér um allverulega endurgreiðslu að ræða, er nema mundi mörgum hundruðum þúsunda.

Framtíð þessa útflutningsgjalds er mjög undir hælinn lögð. L. gera ekki ráð fyrir, að gjaldið sé innheimt af tapsrekstri, enda væri slíkt ósanngjarnt með öllu. Síðan gjaldið var lagt á, hefur mjög rýrnað hlutur botnvörpuskipanna vegna vaxandi rekstrarkostnaðar og erfiðari siglingaskilyrða. Þrengist afkoma þessara skipa frekar en orðið er, tel ég gjaldi þessu teflt í hættu.

Niðurstaða sú, er bráðabirgðayfirlitið sýnir, gefur ekki alls kostar rétta hugmynd um afkomu ríkissj. á liðnu ári. frá tekjuafganginum ber að draga þá fjárhæð, sem greidd kann að verða sem verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur samkvæmt þingsályktunum 31. ágúst og 23. maí 1942. Hin fyrri þingsályktun er varðandi afurðir ársins 1942, en hin síðari vegna afurða ársins 1941.

Landbn. lét gera áætlun um þær verðbætur, sem hér um ræðir, í byrjun þessa árs, og var talið, að þær mundu nema samtals 25½ millj.

kr. Þá voru allar þessar vörur óseldar nema gærur og garnir frá 1941, sem seldar höfðu verið í fyrra. Síðan hafa verið seldar allar gærur og garnir fyrir hagkvæmara verð en gert var ráð fyrir, svo að áætlunin lækkar af þeim sökum um 4 millj. kr. Sú kvöð, sem á ríkissj. hvílir vegna þessara verðbóta, er nú, eins og sakir standa, þannig:

Áætluð fjárhæð (í jan. 1943) ..	25½	millj.	kr.		
Greitt 1942	2½	millj.	kr.		
Mismunur v. sölu 4	—	—	6½	—	—
Eftir	19	millj.	kr.		

Enn þá er óseld ull tveggja undangenginna ára, en samningar standa nú yfir, og er þess vænzt, að hagkvæmt verð fáist. Hafa Bandaríkin sýnt oss skilning og mikla velvild í samningum um kaup á þessum afurðum. Afkoma ríkissj. síðasta ár er að miklu leyti undir því komin, hversu tekst um þessa samninga.

Þegar markaður bregzt fyrir aðra aðalframleiðslugrein landsmanna, er ekki nema eðlilegt, að hlaupið sé undir baggann til að jafna kjörin og firra fjölmenna stétt erfiðleikum, sérstaklega þegar öðrum atvinnuvegum vegnar óvenjulega vel. En sú aðferð, sem löggjafarvaldið hefur notað á síðasta ári til þess að skuldbinda ríkissjóð í þessu skyni, er mjög óvenjuleg, þar sem verðbótum er heitið í samræmi við vaxandi verðbólgu og án þess að skorður séu settar eða hámark ákveðið um fjárhagslega skuldbinding ríkissjóðs.

Ég verð að láta það í ljós sem mína skoðun, að það sé hættulegt fjárhag ríkisins, ef mjög er vikið af þeirri leið, sem stjskr. gerir ráð fyrir, að útgjöld séu ákveðin með fjárl. Ef það færist mjög í vöxt að ákveða gjöld með þingsályktunum eða sérstökum l., þá er hætt við, að með öllu geti riðlazt þær áætlanir um afkomu ríkisins, sem gerðar eru með ýtarlegri rannsókn og athugun við afgreiðslu hverra fjárl. Með þál. frá 31. ág. 1942 er raunverulega farið inn á nýja braut, sem getur gefið mjög varhugavert fordæmi. Þessi aðferð til að ráðstafa tugum millj. úr ríkissj. er mjög auðveld og handhæg, en einmitt þess vegna er hún varhugaverð. Slíkar greiðslur ættu að minnsta kosti að vera ákveðnar með sérstökum lögum.

Eins og ég hef áður tekið fram, verður að líta svo á að svo stöddu, að ríkissj. sé skuldbundinn um 19 millj. kr. vegna verðuppbóta á landbúnaðarvörur. Er þá raunverulegur tekjuafgangur 10 millj. króna.

Samkvæmt l. frá 4. sept. 1942, um raforkusjóð, ber að leggja í sjóð þenna 5 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1942. En 5 millj. kr. hafa þegar verið í hann lagðar samkv. ríkisreikningi 1941. Enn fremur ber að leggja í framkvæmdasjóð 3/5 af tekjuafganginum, og vil ég telja það 3 millj. kr. Verður þá sá sjóður 11 millj. kr. Verða þessar greiðslur til sjóðanna að sjálfsögðu framkvæmdar svo fljótt sem unnt er fyrir ríkissjóð.

Ég skal þá taka fyrir greiðsluyfirlit ársins, er sýnir eignahreyfingar þær, sem orðið hafa.

Greiðsluyfirlit 1942.

Inn:			
1. jan. 1942. Peningar í banka og hjá ríkisféhirði			15690000.00
Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi			86663000.00
Fyrningar			450000.00
Útdregin bréf, endurgreidd lán og andv. seldra eigna, einkum skuldir í Danmörku			159000.00
v/ afb. og vaxta af dönskum lánum			640000.00
Skiptimynt sett í umferð (⅔ hl.)			850000.00
		Krónur:	104452000.00
Út:			
Gjöld samkvæmt rekstrarreikningi			57576000.00
Afborganir lána:			
Innlend lán	507000.00		
Lán í Danmörku	228000.00		
— - Englandi	486000.00		
— - Ameríku	298000.00		
		1519000.00	
Lán í Danmörku v/ skipaútg.		221000.00	
			1740000.00
Til eignaaukn. og rekstrar ríkisstofnana:			
Landssíminn		1785000.00	
Póstmál		110000.00	
Áfengisverzlun		660000.00	
Tóbakseinkasalan		1000000.00	
Ríkisútvarp og viðtækjaverzlun		810000.00	
Ríkisprentsmiðja		280000.00	
Landssmiðja		109000.00	
Bifreiðaeinkasala		1700000.00	
Áburðarsala		650000.00	
Aðrar stofnanir		300000.00	
			7404000.00

Vitabyggingar	150000.00
Til byggingar sjómannaskóla	500000.00
Keyptar jarðir og húseignir	620000.00
Skuldabréf (í Félagsgarði) tekin upp í skatta	235000.00
Til innkaupanefndar í New York	1650000.00
Greidd innist. Raforkumálasjóðs og Framkv.sjóðs	13000000.00
Fyrirfram greitt vegna ársins 1943	325000.00
Sjóður í árslok 1942	21252000.00
Krónur:	104452000.00

Samkvæmt þessu hefur verið greitt af lánum ríkisins 1740 þús. kr. á árinu, en af því eru 640 þús. kr. vegna afborgana og vaxta af dönskum lánum, sem ekki hefur verið hægt að koma í hendur réttra aðila og stendur því enn inni hjá ríkissj. Aðrar eignahreyfingar eru litlar, að öðru leyti en því, sem varið hefur verið til byggingar sjómannaskóla, 500 þús. kr., og kaupa á jörðum og húseignum, 620 þúsund kr. Þær eignir eru:

Kleppjárnsreykir	230	þús. kr.
Kröggólfsstaðir í Ölfusi	63	— —
Vatnsleysa í Skagafirði	37	— —
Keldur (eftirstöðvar)	5	— —
Leifsgata 16, Rvík	250	— —
Dýralæknisbúst. í Borgarnesi	35	— —

Fé það, sem greitt hefur verið til Innkaupanefndarinnar í New York, er lagt út til bráðabirgða vegna þeirra vörukaupa, sem fara fram fyrir milligöngu ríkisstj. í Ameríku.

Skuldir ríkisins 31. des. 1942 eru taldar að vera samtals 51012 þús. kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Með lausaskuldum eru taldar 3542 þús. kr., sem fallnar eru í gjalddaga af dönskum lánum, en hafa ekki verið greiddar síðan Danmörk var hernumin.

Skuldayfirlitið er þannig:

Skuldir ríkisins pr. 31. des. 1942.

I.	Föst lán:		
	1. Innlend lán		14344000.00
	2. Lán í Danmörku:		
	a) vegna ríkissjóðs	637000.00	
	b) vegna veðdeildar Landsbankans	5809000.00	
			6446000.00
	3. Lán í Englandi[1]		19070000.00
	4. Lán í Ameríku		1680000.00
II.	Lán vegna ríkisstofnana:		
	1. I Englandi vegna síldarverksm.	1215000.00	
	2. Í Danmörku vegna skipaútgerðar	803000.00	
III.	Lausaskuldir:		
	Innanlands	1970000.00	
	Í Danmörku:		
	Vegna ríkissjóðs	1998000.00	
	Vegna veðdeildar Landsbankans	1544000.00	
			5512000.00
IV	Geymt fé		1942000.00
	Samtals kr.		51012000.00

Lausaskuldir og geymt fé 31. des. 1942 (sundurliðun).

Lausaskuldir:		
1. Innanlands:		
Mismunur vaxtagr. vegna bankabréfakaupa	42000.00	
Skuldir vegna raftækjaeinkasölu	358000.00	
Skiptimynt í umferð	1570000.00	
		1970000.00
2. Í Danmörku vegna ríkissjóðs:		
Fallnar afb. og vextir af lánum	1314000.00	
Handelsbanken	684000.00	
		1998000.00
3. Í Danmörku vegna Landsbankans:		
Fallnar afborganir og vextir af láni vegna kaupa á bankavaxtabréfum		1544000.00
Krónur:		5512000.00

[1]) Af þessari upphæð skulda bankarnir kr. 7013000.00.

Geymt fé:

Arfur	45000.00
Ógreidd fjárveiting til byggingarsjóða	170000.00
Ógreiddar fjárveitingar til hafnarbóta	120000.00
Viðskiptanefndargjöld	70000.00
Skipulagsgjöld	22000.00
Útflutningsnefndargjöld	100000.00
Innflutningsleyfisgjöld	310000.00
Fiskimálasjóður	420000.00
Malbikunarsjóður	225000.00
Jarðakaupasjóður	130000.00
Brúasjóður	315000.00
Sóttvarnarsjóður	15000.00
Krónur:	1942000.00

Þessar upphæðir breytast sennilega töluvert mikið. Eitthvað af þeim mun verða greitt út fyrir reikningslokun, og við fullnaðaruppgjör koma alltaf fram allmiklar breytingar á þessum liðum.

Skuldirnar 31. des. 1941 voru samkv. ríkisreikningi samtals 66219 þús. kr., svo að lækkun skulda á árinu, sem leið, nemur 15207 þús. kr. Þetta orsakast af því, að Raforkusjóður er talinn eiga hjá ríkissj. 5 millj. kr. og Framkvæmdasjóður 8 millj. kr. í árslok 1941. Þessar fjárhæðir eru greiddar á árinu 1942 ásamt afborgunum frá bönkum og síldarverksmiðjum upp í skuldir, sem ganga ekki í gegnum reikninga ríkissj. Þetta nemur samtals 14957 þús. kr. að viðbættum 250 þús. kr., sem eru mismunur á raunverulegum afborgunum og aukningu lausaskulda.

Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið, sem leið, þeim eignabreytingum, sem orðið hafa og skuldum ríkisins um síðustu áramót. Lægi þá næst fyrir að reifa fjárlfrv. það, sem hér liggur nú fyrir. En fyrir þá sök, er ég gat um í upphafi þessa máls, verður greinargerð þar að lútandi að bíða að sinni.

Þeir mundu varla þykja spámannlega vaxnir, sem reyndu nú að segja fyrir um, hversu háttað verður fjárhag og atvinnurekstri landsmanna á næsta ári. Verðbólgan hangir eins og brugðinn brandur yfir höfði þjóðarinnar. Þangað til að þeirri hættu er bægt frá, er ekki um að ræða nokkurt öryggi fyrir þá, sem laun taka, né þá, sem framleiðslu stunda til lands og sjávar. Þangað til er heldur ekki um nokkurt öryggi að ræða fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Dýrtíðin hefur verið stöðvuð um stundarsakir, en vér skulum gera oss það ljóst, að vér höfum ekki enn vald á því að snúa ástandinu til varanlegs bata. Þjóðin hefur nú sjálf metskálar örlaga sinna í höndum.

Hversu mjög afkoma ríkissjóðs er háð framfærslukostnaðinum í landinu, sézt af því, að hvert stig í hækkandi vísitölu kostar ríkissjóð 160 þús. kr. á ári. Útgjöld ríkissjóðs, er taka dýrtíðaruppbót, eru talin að nema 16 millj. kr. á ári, og eru þá meðtaldar stofnanir ríkisins. Taki því verðbólgan aftur að vaxa, án þess að við verði ráðið, munu útgjöld ríkisins aukast með risaskrefum, án þess að samsvarandi tekjuauki komi á móti.

Landsmenn hafa undangengin þrjú ár selt flestar afurðir sínar háu verði. Framleiðsla sjávarafurða, sem jafnan er meginhluti útflutningsins, hefur verið rekin af fullum krafti að heita má öll þessi ár. Aldrei fyrr hefur fengizt annað eins fé fyrir útflutning landsins. Þó er nú svo komið í dag, að allur sá gjaldeyrir, sem þannig hefur fengizt, væri nú upp genginn, ef engar gjaldeyristekjur hefðu komið annars staðar frá. Einhverjir munu að líkindum segja, að slíkt skipti engu máli, meðan bankarnir eigi miklar inneignir erlendis. Vera má, að svo sé, en þetta sýnir, hvert stefnir, ef vér reynum ekki að koma þjóðarbúskapnum í það horf, að hann verði sjálfum sér nógur án þess að byggjast um of á styrjaldarástandinu.

Stefna ríkis- og löggjafarvalds hlýtur að verða sú að sporna gegn allri verðþenslu, að setja ekki stórfé í fyrirtæki eða framkvæmdir, meðan verðbólgan gerir öll verðmæti ótrygg, að spara og safna fé til mögru áranna, sem hljóta að koma, að binda ekki ríkissjóði byrðar nú með miklum ábyrgðum eða lántökum til dýrra framkvæmda, að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll, þar sem uppistaðan er ekki stríðsgróði, heldur verðskuldaður afrakstur fyrir unnin störf, og að tryggja verðgildi gjaldmiðils landsins.

Þó að nú sé dimmt í lofti og erfiðleikar á báðar hendur, þá mun aftur birta eftir þau ragnarök, sem nú ganga yfir. Það, sem færzt hefur úr skorðum, mun leita jafnvægis. En þá munu þeir minnstum erfiðleikum sæta, sem skemmst hafa hætt sér inn í þá hringiðu, sem ófriðarástandið hefur skapað.

Forseti (GSv): Hæstv. fjmrh. hefur nú flutt fjárlagaræðu sína. Hefjast þá athugasemdir af hálfu þingflokka. Fyrstur tekur til máls hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, og talar f. h. Alþýðuflokksins.

Finnur Jónsson: Í aths. við fjárlfrv. það, er hér liggur fyrir til 1. umr., segir, að það sé að öllu verulegu leyti miðað við fjárl. fyrir árið 1943. Þetta er ekki rétt. Í þessu fjárlfrv. er áætlunin um tekjur af tollum og sköttum lækkuð um 10,5 millj. kr., úr 57615000 kr. í 47115000 kr. Til þess að mæta þessari lækkun á tekjuáætluninni hafa framlög til verklegra fram-

kvæmda verið skorin niður frá því, sem þau eru áætluð á núgildandi fjárl., um a. m. k. 7—8 millj. kr. Fjárlfrv. þetta er því ekki í aðalatriðum miðað við fjárl. fyrir árið 1943, heldur mjög í samræmi við frv. það, er fyrrverandi ríkisstj. lagði fyrir aukaþingið, með þeim breytingum, sem fjvn. gerði á því til leiðréttingar, og í því er fylgt þeirri stefnu fyrrverandi stj. að áætla sem allra minnst fé til verklegra framkvæmda. Þetta hefur núverandi hæstv. fjmrh. gert, enda þótt tekjur ríkisins á árinu 1942 yrðu samtals 86,6 millj. kr. eða nokkru hærri en ætlað var, þegar fjárl. fyrir árið 1943 voru afgreidd. Má þetta furðu gegna, en það má virða hæstv. fjmrh. til vorkunnar, að hann hefur haft mjög nauman tíma til þess að semja þetta fjárl.frv., enda er árangurinn eftir því. Þarna vantar ýmsar lögboðnar greiðslur, en öðrum er ofaukið. Vonandi áttar hæstv. ríkisstj. sig á því, áður en hún leggur fram hið nýja frv. á væntanlegu haustþingi, að þessi stefna hennar, að niður séu skorin framlög til verklegra framkvæmda, svo sem gert hefur verið í þessu frv., samræmist ekki vilja meiri hluta Alþ., og breytir frv. væntanlega af sjálfsdáðum þannig, að það verði meira í samræmi við fjárl. þau, er Alþ. afgreiddi fyrir árið 1943, heldur en þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Að þessu athuguðu gefur fjárlfrv. það, sem hér er til umræðu, ekki öllu meira tilefni til athugana. Það er frumsmíð, sem á vonandi eftir að taka miklum umbótum, þó að segja megi, að starf hæstv. ríkisstj. þann tíma, sem hún hefur setið að völdum, gefi einungis vonir um þetta, en alls ekki vissu.

Núverandi ríkisstj. var sett á laggirnar út úr vandræðum, vegna þess að eigi tókst að mynda meiri hluta þingræðisstjórn. Hún átti að vera eins konar sáttasemjari, og til þess að eiga skilið að öðlast það nafn þurfti hún að gera sér ljóst, hver væri vilji meiri hluta þ. í hverju máli. Gæti hún ekki fundið þetta, var líklegt, að tillögur þær, er hún legði fram til úrlausna, næðu ekki fram að ganga.

Forseti Alþýðuflokksins benti á það, eftir að ríkisstj. tók við völdum, að hana skorti nokkuð á um leikni hins æfða stjórnmálamanns, og því miður virðist þessi leikni lítið hafa farið vaxandi, þó að hæstv. ríkisstj. hafi fengið samfleytt fjóra mánuði til æfinga. Verkefni þau, sem hún fékk til úrlausnar, virðast lítlu nær því að leysast heldur en þegar hún tók við völdum. Má þar fyrst nefna dýrtíðarmálið.

Ríkisstj. lagði, svo sem kunnugt er, frv. til laga um dýrtíðarráðstafanir fyrir Alþ. Var það í þrem köflum. Í fyrsta kaflanum voru sameiginleg ákvæði um álagningu skatts til ríkissj. á árinu 1943. Var þar gert ráð fyrir, að fellt yrði niður skattfrelsi félaga, annarra en þeirra, er sjávarútveg reka, og að þessi breyt. gæfi ríkissj. 1⅓ millj. kr. í tekjur.

Næsti kafli þessa frv. var um svo nefndan viðreisnarskatt og skyldusparnað, og var talið, að hann gæfi ríkissj. 9 millj. kr. tekjur. Nokkurn hluta af þessum viðreisnarskatti átti þó að endurgreiða sem skyldusparnað.

Þá var þriðji kaflinn, um eignaaukaskatt. Þjóðarauðurinn hefur vaxið um a. m. k. 3—400 millj. kr., og allmikill hluti þessarar eignaaukningar hefur lent svo að millj. skiptir hjá einstökum mönnum og er orðinn til vegna þess, að íslenzka krónan hefur verið skráð of lágu gengi. Alþfl. hefur bent á það hvað eftir annað, að það virðist nokkuð einfalt mál að taka nokkuð verulegan hluta af þessum gróða til gengisbreyt. eða til þjóðfélagslegra þarfa vegna dýrtíðarinnar. Með frv. sínu um dýrtíðarráðstafanir virtist hæstv. ríkisstj. fallast á þessa hugsun, en í stað þess að gera ráð fyrir verulegum eignaaukaskatti, gerði frv. hæstv. stj. ráð fyrir, að þessi eignaaukaskattur næmi aðeins 3,3 millj. kr. og yrði þeirri upphæð eigi varið til dýrtíðarráðstafana, heldur til þess að byggja hús yfir Stjórnarráðið, hæstarétt og viðbótarbyggingu við Klepp. Kleppur var að vísu eigi nefndur í frv., heldur mun hafa verið innifalinn í þeirri tegund húsbygginga, sem hæstv. ríkisstj. nefndi „helztu stofnanir ríkisins“. Með því að hafa eignaaukaskattinn eigi víðtækari og verja honum á þennan hátt var eigi annað sýnilegt en ríkisstj. væri nánast að gera gys að hugmyndinni um eignaaukaskatt.

Fjórði kafli frv. ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir var um greiðslu verðlagsuppbótar á laun samkv. vísitölu. Í þeim kafla var ákveðið, að eigi mætti greiða verðlagsuppbót, sem næmi meira en 80% af dýrtíð samkv. framfærsluvísitölu á laun og kaup í hvaða starfi sem væri, og eigi af hærri launum en sem segir um opinbera starfsmenn.

Þarna var á ferðinni ný árás á launastéttirnar, ný tilraun til að kippa grundvellinum undan öllum launasamningum, sem kom mönnum mjög á óvart eftir ræðu hæstv. forsrh. þá, en þá mælti hann á þessa leið:

„En í byrjun yfirstandandi árs (þ. e. ársins 1942) hagaði svo til um kaupgjalds- og verðlagsmál, að ríkisstj. taldi nauðsyn að taka á ný í taumana í því skyni að halda hinni vaxandi verðbólgu í skefjum. Var þá gripið til ráðstafana án þess að hafa verkamannastéttina með í ráðum, ráðstafana, sem leiddu til ófarnaðar“.

Þrátt fyrir það að hæstv. forsrh. hefur þannig, skömmu áður en hann tók við ríkisstj., lýst yfir, að hann teldi eigi hyggilegt að ráðast á launastéttirnar með því að skera laun þeirra eða dýrtíðaruppbót niður, þá lét hann stj. sína bera fram frv., er fór í sömu átt og hin illræmdu gerðardómsl., sem borin voru fram af fullu óréttlæti og mestum glundroða hafa valdið í landinu. Alþfl. tók þegar í stað skarpa afstöðu gegn þessu nýja óréttlæti eins og hinu fyrra, og fór formaður flokksins, Stefán Jóhann Stefánsson, þeim orðum um þetta ákvæði dýrtíðarfrv. ríkisstj. við fyrstu umr. málsins, að það væri „reginvitleysa, rangsleitni og ósanngirni“.

Fjórði kafli frv. ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir var um verð á landbúnaðarafurðum. Skyldi það lækka um 10 af hundraði frá því, sem það var 31. des. 1942, en síðan skipuð 5 manna nefnd, sem semdi verðlagsskrá um framfærsluvísitölu

og framleiðslukostnað landbúnaðarins, en verð á landbúnaðarafurðum færast niður, mjólk í 1,30 kr. og kjöt í 4,50 kr. kg. í smásölu, en ríkisstjórnin greiða uppbót á þessar vörur um stund.

Við 1. umr. um frv. þetta kom þegar í ljós, að allir flokkar voru óánægðir með það. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja sögu þess eða afdrif hér á Alþingi, en árangurinn varð sá, að eftir miklar bollaleggingar afgreiddi Alþ. l. um dýrtíðarráðstafanir, og var af hinu upphaflega stjfrv. þá ekkert eftir annað en fyrirsögnin og síðasta greinin, sem hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi".

Eins og Alþ. gekk frá dýrtíðarl., eru þau í rauninni ekki annað en heimild fyrir ríkisstj. til þess að gera tilraun til að finna hlutfall milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds og heimild til þess að lækka dýrtíðina um stund með framlagi úr ríkissj., sennilega niður í 230 stig, en frv. ríkisstj. gerði ráð fyrir, að unnt yrði að lækka dýrtíðina niður í 226 stig. Alþ. tók út úr frv. ríkisstj. kaupkúgunarákvæðin, breytti skattaákvæðunum þannig, að lágar tekjur og miðlungstekjur eru undanþegnar hinum nýja skatti, og setti inn í frv. ákvæði um, að greiða skuli 3 millj. kr. af nýja skattinum til eflingar alþýðutryggingunum. Allt var þetta til mikilla bóta frá frv. ríkisstj., en um úrlausn sjálfra dýrtíðarmálanna fer eftir því, hve ríkisstj. verður fundvís á líklegar leiðir til sátta í þessu deilumáli eftir 15. sept. n. k. Undir meðferð málsins lagði hæstv. ríkisstj. sjálf fram brtt. við frv. sitt, sem færði það mjög til lagfæringar á ýmsan hátt, en hélt þó enn ákvæðinu um, að eigi skyldi greiða fulla verðlagsuppbót. Alþfl. lýsti yfir því, að hann mundi geta fylgt þessu frv., þó aðeins með því skilyrði, að á því fengjust verulegar breyt., og þá fyrst og fremst sú, að verðlagsuppbót skyldi greiðast skilyrðislaust samkvæmt verðlagsvísitölu. Fengist ekki þessi breyt., lýsti Alþfl. sig algerlega mótfallinn frv.

Ég sé sérstaka ástæðu til þess að taka þetta fram, vegna þess að í blaði Sósfl. 17. þ. m. er svo að orði komizt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef Alþflklíkan fengi að ráða, þá hefði verið með hennar aðstoð samþykkt lögfesting á kaupgjaldi og Alþfl. fengið eitt áfallið enn".

Þessi ummæli eru, eins og allur þingheimur veit, tilhæfulaus uppspuni frá rótum og sett fram í þeim tilgangi einum að skaða Alþfl. í augum hinna allra fáfróðustu manna, sem vita ekkert, hvað hefur gerzt, eða þá hinna trúuðu manna, sem halda, að allt, sem Moskvaklíkan innan Sósfl. segir í blöðum sínum til að ófrægja aðra, sé heilagur sannleikur, jafnvel hin ósvífnustu ósannindi. Afstaða Alþfl. gagnvart dýrtíðarfrv. hæstv. ríkisstj. var, eins og ég hef þegar sagt, skýr frá upphafi, og veit ég, að enginn hefur komizt harðara að orði á Alþ. eða mótmælt kaupskerðingarákvæðunum með sterkari rökum en formaður Alþfl. gerði fyrir hönd flokksins þegar við 1. umr. frv. og einnig síðar hér á Alþ.

Þessi óheyrilega bardagaaðferð forsprakka Sósfl., að fara með vísvitandi ósannindi um afstöðu Alþfl. í þessu máli, sem bæði Alþfl. og Sósfl. voru sammála um, er til þess eins fallin að veikja aðstöðu verkalýðsins á Alþ. og ætti að vera nokkuð upplýsandi. Til slíkra vopna grípa þeir einir, sem telja sig vera í þrotum með skynsamleg rök.

Auk þessa óréttlætis, sem ég hef nefnt hér og hæstv. ríkisstj. gerði sig bera að með dýrtíðarfrv. sínu, varð henni á að blanda saman ákvæðunum um verðlag á landbúnaðarafurðum og skattamálum. Það er ekki hægt að draga dul á það, að það mál, sem einna mestum erfiðleikum veldur milli Alþfl. og Framsfl., er ákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum. Hins vegar eru hinir þrír svo nefndu vinstri flokkar sammála um ýmislegt, sem við kemur skattamálum. Líkurnar fyrir því, að hægt væri að leysa dýrtíðarmálin, voru þess vegna mestar, ef þessi mál hefðu verið aðskilin og hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags á landbúnaðarafurðum hefði verið tekið fyrir í sérstöku frv., en skattamálin í öðru frv. eða frumvörpum. En eins og áður er sagt, skorti hæstv. ríkisstj. því miður leikni hins æfða stjórnmálamanns og blandaði þessum tveimur málum saman, og þess vegna hefur ekki enn fengizt á þeim æskileg lausn.

Annað stórmál, sem hæstv. ríkisstj. hefur með höndum, er verðlagsmálin. Það eru nú liðnir fjórir mánuðir, síðan ríkisstj. fékk hjá Alþ. mjög víðtækt vald til þess að ráða álagningu á innfluttar vörur og innlendar iðnaðarvörur, svo og vald til þess að ráða verðlagi, smíði, saumaskap og ýmsu öðru. Vald þetta, er Alþ. veitti, er svo víðtækt, að segja má, að ríkisstj. gæti gert að heita má hvað, sem hún vill í þessum málum. Þó er alkunna, að verðlagseftirlitið hefur verið ákaflega slælegt og álagning leyfð á ýmsar vörur og ýmis verk fram úr öllu hófi. Eitt helzta ráðið til þess að lækka dýrtíðina í landinu væri að skipa þessu í rétt horf og leita til þess samvinnu Alþýðusambandsins og verklýðsfélaganna, eins og Alþfl. hefur margsinnis bent á. Álagningin á innfluttar vörur er svo mikil, að varlega reiknað mun meðalálagning á vörur eigi vera undir 60—70%. Ef fluttar eru inn í landið vörur fyrir 150 millj. kr., þá greiða landsmenn í verzlunarkostnað a. m. k. 90—100 millj. kr. Þessi verzlunarkostnaður er að talsverðu leyti óþarfur og hlýtur að vera stór liður í hinni miklu dýrtíð í landinu.

Þrátt fyrir hið víðtæka vald, sem Alþ. hefur fengið ríkisstj., er verðlagseftirlitið í höndum núv. hæstv. ríkisstj., eins og það var í höndum fyrrv. stjórnar, ekkert annað en nafnið tómt. Það er eigi enn komið til framkvæmda, þrátt fyrir það að stj. er búin að sitja í fjóra mánuði, og vonandi á eftir að koma í ljós, að hæstv. ríkisstj. hafi vilja og þrek til þess að lækka þennan þátt dýrtíðarinnar verulega, þó að ýmsir hafi litla trú á, að höfuðsmaður heildsalastéttarinnar sé líklegur til framkvæmda í því efni.

Í þessum tveimur stærstu málum, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sérstaklega að leysa, hefur henni enn orðið lítið ágengt. En vonandi notar hæstv. ríkisstj. þann starfsfrið, er hún væntanlega fær, þangað til að þ. kemur aftur saman, til þess að vinna að þessum málum eftir því, sem heimildir ýtrast leyfa. Hins vegar hafa samningagerðir

hæstv. ríkisstj. í sambandi við afurðasölumálin o. fl. gagnvart erlendum ríkjum tekizt þannig, að viðunandi má teljast, að undanskildum hinum svo nefnda útvarpssamningi, sem engum getur talizt heiður að.

Hæstv. ríkisstj. hefur tekizt mikinn vanda á hendur, og til þess að leysa þann vanda væri æskilegt, að hún umgengist Alþ. með nokkuð öðrum hætti en hún hefur gert hingað til. Ég hef síður en svo hugsað mér að gera neina árás á ríkisstj., en það verður eigi komizt hjá að benda henni á það, að henni er nauðsynlegt til þess að ná árangri að kynna sér þingviljann betur en hún hefur gert, áður en hún leggur till. sínar fram í frv.-formi. Þótt Alþ. hafi eigi komið sér saman um myndun þingræðisstj., er enginn vafi, að unnt er að fá innan þ. sæmilega úrlausn ýmissa vandamála, ef rétt er að farið. Hæstv. ríkisstj. er eins konar sáttasemjari, og sem æfðum sáttasemjara hlýtur hæstv. forsrh. að vera ljóst, að til þess að fá sæmilegan árangur verður hann að kynna sér rækilega málin, áður en hann leggur till. sínar fram.

Vandkvæði Alþ. á því að mynda þingræðisstj. hafa orðið þess valdandi, að ýmsir eru farnir að tala um alþm. annað hvort sem ónytjunga eða jafnvel glæpamenn, sem sitji og séu að leika sér að örlögum þjóðarinnar í fullkomnu ábyrgðarleysi. Þessum mönnum má benda á, að þótt eigi hafi fengizt lausn á dýrtíðarmálunum, sem menn séu ánægðir með, þá hefur síðasta Alþ. þó afgreitt ýmis mál, sem almenning varða miklu, svo sem lög um orlof, sem Alþfl. hefur komið fram, umbætur á alþýðutryggingum, umbætur á fiskveiðasjóðslögunum og ýmislegt fleira. Þá má og nefna, að fjárl. voru afgr. í því formi, að verulegt fé var ætlað til ýmissa verklegra framkvæmda, ef atvinnuleysi yrði í landinu. Þar var gert ráð fyrir talsverðum framlögum til þess að koma ýmsum stöðum og landshlutum bráðlega í hið almenna vegasamband, svo sem Siglufirði, nokkrum stöðum á Austurlandi og síðast, en ekki sízt, Vestfjörðum. Enn fremur var hrint nýrri árás á launastéttirnar og fengnar 3 millj. kr. utan fjárlaga til alþýðutrygginganna. En þótt þetta hafi áunnizt, skortir á, að störf þ. markist svo sem nauðsynlegt er af sérstakri þjóðmálastefnu, og það verður ekki fyrr en fengizt hefur þingmeirihluti, sem verður ásáttur um, í hvaða átt skuli halda, og myndar ríkisstj. til þess að framkvæma þá stefnu.

Ýmsir hafa gert sér miklar vonir um, að þrír flokkar, Alþfl., Framsóknarfl. og Sósfl., myndi vinstri stj. og stjórni landinu þá sérstaklega með það fyrir augum að bæta kjör almennings til sjávar og sveita og búa þjóðfélag okkar undir, að það geti orðið þátttakandi í þeim þjóðfélagsumbótum, sem væntanlega verða gerðar í öllum löndum að ófriðnum loknum. Þessi von hefur brugðizt, og mun hver kenna öðrum um. Samvinna hefur tekizt á Alþ. um ýmis mál milli hinna einstöku flokka. Alþfl. og Sósfl. eru oft sammála, en þeir eru líka oft ósammála og samlyndið mjög fjarri því að vera gott.

Ég nefndi áðan eitt dæmi þess, hvernig bardagaaðferð Sósfl. telur sér sæma gagnvart Alþfl. í máli, sem allar launastéttirnar varðar miklu og flokkarnir eru sammála um, þegar blað hans reynir að telja lesendum sínum trú um, að Alþfl. hefði lýst yfir fylgi við að lækka dýrtíðaruppbótina, þrátt fyrir það að Alþfl. berðist gegn því harðast allra flokka á Alþ. Þessa tvo flokka greinir mjög á um bardagaaðferðir. Framsfl. og Alþfl. greinir líka á um stefnu og málefni. Sérstaklega hefur hlutfallið milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds verið eins og fleinn í holdi í sambúð þessara flokka nú á seinni tímum. Margir Alþflmenn sjá lítinn mun á Sjálfstfl. og Framsfl. og vitna þar með réttu sérstaklega til gerðardómslaganna. Þó er vitað, að ef hægt væri að jafna þetta ágreiningsefni, ættu að vera meiri líkur til þess, að samvinna næðist milli Alþfl. og Sósfl. við Framsfl. en við Sjálfstfl. um ýmis mikilsvarðandi mál, svo sem verzlunarmál, tryggingamál og skattamál, en á meðan eigi tekst samvinna um stjórnarmyndun, getur eigi verið um neina heildarstefnu að ræða í þá átt, sem vinstri kjósendur mundu óska.

Á meðan ríkir stefnuleysi í störfum Alþ. Verzlunin verður eigi tekin þeim tökum, sem nauðsynlegt er, verðlagseftirlitið verður sama kákið og áður, og stríðsgróðinn verður eigi tekinn til þess að tryggja grundvöll réttlátara þjóðfélags að stríðinu loknu. Tækifærið, sem atvikin höfðu lagt upp í hendur vinstri flokkanna, glatast og Sjálfstfl. bíður þess rólegur, að hann fái á ný möguleika til þess að mynda afturhaldsstj. með Framsfl.

Þessi hætta vofir yfir.

Tilraun til stjórnarmyndunar hefur vissulega engan árangur borið, og er ekki sýnilegt annað en vilja vanti til þess, einkum hjá Sósfl. Trúin á vinstri stj. hefur farið minnkandi, m. a. vegna þess, að svo lítur út sem Sósfl. sé ákveðinn í að hliðra sér hjá allri ábyrgð við að taka þátt í stjórnarstörfum. Þetta kom fram þegar á aukaþ. í haust. Alþfl. gerði þá tvær tilraunir til þess að koma á þingræðisstjórn, og sérstaklega lagði Haraldur Guðmundsson áherzlu á það, þegar allt virtist strandað, að fá Sósfl. og Framsfl. í stjórn með Alþfl. og ákveðið væri að semja um ágreiningsmálin innan tiltekins tíma, en það strandaði á Sósfl. Efalaust hefðu orðið miklir erfiðleikar á því að fá samninga um öll mál, en þó er enginn vafi, að slík samstj. hefði getað þokað málum verkalýðsstéttarinnar lengra í áttina til réttlátara þjóðfélags en hægt er að gera með þeim hræri-graut, sem nú ríkir á Alþ., en það er eins og Sósfl. hafi af ráðnum hug skotið sér undan allri ábyrgð. Þetta hefur komið mjög greinilega í ljós í blaði flokksins, Þjóðviljanum, 3. apríl. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrugl Alþýðublaðsins og Tímans um, að vinstri stj. mundi leysa öll vandamál líðandi stundar, er naumast svaravert. Víst er um það, að engin stj. er þess umkomin að stýra fram hjá öllum vanda. Hvaða stjórn, sem væri, mundi verða að horfast í augu við mjög mikil vanda-

mál, og lausnin mundi, eins og gengur, orka tvímælis og valda deilum".

Ég hef ekki tíma til að fara nánar út í þetta mál, en þessi ummæli syna þetur en margt annað þá hugsun, sem ræður aðgerðum forkólfa Sósfl. Allur fjöldi kjósenda þeirra þráir vinstri stj. En sjálfir telja forkólfarnir, að vinstri stj. mundi ekki leysa „öll vandamál líðandi stundar". Þeir óttast það að þurfa að „horfast í augu við mjög mikil vandamál", og þeir óttast, að lausn þeirra mundi „orka tvímælis og valda deilum". Þessi ummæli þurfa ekki frekari skýringar við. Þau eru yfirlýsing um, að Sósfl. vilji ekki taka á sig ábyrgð á því að taka þátt í stj., vegna þess að hann kynni að missa við það eitthvert kjósendafylgi. Þau eru yfirlýsing um, að forkólfar Sósfl. vilji setja kjörfylgið ofar hagsmunum umbjóðenda flokksins og ofar hagsmunum þjóðarinnar.

Þannig rekur Sósfl. beinlínis erindi Sjálfstfl. og annarra íhaldsafla í landinu.

Alþýða manna á öllu landinu krefst þess að fá að ófriðnum loknum betra þjóðfélag og tryggingu gegn atvinnuleysi, veikindum og öðru slíku. Alþfl. lagði hér á landi með löggjöfinni um alþýðutryggingar grundvöll að þeirri tryggingarstarfsemi, sem nú er verið að tala um í öðrum löndum. Það verður auðveldara að byggja ofan á þann grundvöll að stríðinu loknu en ef hann hefði ekki verið til. Sams konar úrlausnir og tilraunir til úrlausna væri nú hægt að fá í ýmsum málum með stjórnarsamvinnu milli hinna þriggja vinstri flokka. Alþfl. telur það mikils virði, að svo yrði gert, en Sósfl. vill ekki taka á sig neinn vanda í þessu sambandi af ótta við að missa kjósendafylgið, eins og segir í áðurnefndri grein í blaði flokksins, Þjóðviljanum. Þar skilur m. a. milli Alþfl. og Sósfl. Alþfl. telur það skyldu sína í hvert sinn, sem færi gefst, að leggja grundvöll að bættum kjörum alþýðunnar í landinu og að núverandi kynslóð geti skilað af sér betra landi til afkomenda sinna heldur en því, sem hún tók við. En Sósfl. virðist vilja bíða og sjá, hverju fram vindur, og sleppa þannig jafnvel góðum tækifærum úr hendi sér til þess að þurfa ekki að taka á sig ábyrgðina af því, sem gert er. Hvað svo seinna kemur, veit enginn. Það verður nokkur prófsteinn á þroska alþýðunnar á Íslandi í framtíðinni, hvort hún þolir forsprökkum Sósfl. þessa neikvæðu afstöðu til lengdar, hvort hún vill lýðræðisgrundvöll Alþfl. og þær umbætur, sem Alþfl. hefur veitt og mun veita alþýðunni í landinu með starfi sínu, eða hvort hún vill stefnu Sósfl., sem markast meira af þröngum flokkshagsmunum hinna þröngsýnustu forkólfa en því að fá á hverjum tíma allar þær umbætur á kjörum alþýðunnar, sem hægt er, eða af hagsmunum þjóðarheildarinnar.

Ég vil svo að lokum óska öllum landsmönnum gleðilegrar páskahátíðar og jafnframt láta þá von í ljós, að hver maður hugsi sem bezt um hag þjóðarinnar með ró og stillingu, en þó af fullri festu og alvöru. Oft hefur þess áður verið þörf, en nú er þess full nauðsyn. Það verður að nota tímann vel til þess að leggja grundvöll að réttlátara þjóðskipulagi. Um það ættu vinstri flokkarnir að sameinast. Enginn má draga sig í hlé, hver maður verður að gera skyldu sína.

Forseti (GSv): Hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 3. þm. Reykv., Jakob Möller, og talar af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Jakob Möller: Ég ætla ekki að gera neinn „eldhúsdag" að hæstv. ríkisstj., en þarf þó að gera nokkrar athugasemdir við skýrslu hæstv. fjmrh. um afkomu ríkissj. á síðasta ári. Í sjálfu sér skipta þær athugasemdir ákaflega litlu nema aðeins í sambandi við samanburð á afkomu síðustu tveggja ára.

Samkv. yfirliti því, sem hæstv. fjmrh. hefur nú gefið yfir rekstrarafkomu ríkissj. á síðasta ári, hafa rekstrarútgjöldin numið 57576 þús. kr. og rekstrartekjurnar 66663 þús. kr. og tekjuafgangur þannig orðið 29087 þús. kr.

Ég vil nú vekja athygli á því, að með rekstrarútgjöldum eru taldar allverulegar fjárhæðir, sem tæplega geta talizt eiga þar heima. Svo er t. d. um greiðslu vegna flugvallargerðar, 723 þús., sem varið var til kaupa á landi undir flugvöllinn í Reykjavík. Flugvöllurinn verður eign ríkissj. og á því að teljast til eigna ríkisins, enda mun það ófrávíkjanleg regla að telja slíkar greiðslur til eignaaukningar.

Svipuðu máli gegnir um byggingarkostnað á Bessastöðum, 358 þús., framlag til prestseturs í Reykjavík, 70 þús., og tvær smáupphæðir, samtals 65 þús., sem varið hefur verið til eignaaukningar.

Þess er þó rétt að geta, að tilsvarandi útgjöld eru talin með rekstrarútgjöldum á ríkisreikningi 1941.

Stofnfjárframlag til vátryggingafélags fyrir fiskiskip (Samábyrgð) átti að greiðast allt, samtals 500 þús., á 10 árum, en var greitt að fullu á árunum 1941 (50 þús.) og 1942 (450 þús.), og ætti því upphæðin að réttu lagi aðeins að teljast að 1/9 hluta tilheyrandi 1942, en 400 þús. greitt fyrir fram vegna komandi ára, ef ekki má þá beinlínis telja framlagið til eigna ríkissjóðs.

Enn gegnir svipuðu máli um stofnkostnað héraðsskólanna, 575 þús., og greiðslu vegna skiptingar dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík, 167 þús. 66667 kr. voru færðar á rekstrarreikning 1941.

Eru þannig taldar til rekstrarútgjalda 2408 þús kr., sem ýmist ætti að telja til eignaaukningar eða þá til fyrirframgreiðslna að langmestu leyti.

Þá eru nokkrar allstórar fjárhæðir, sem greiddar hafa verið samkvæmt l. og öðrum fyrirmælum Alþ. og í eðli sínu koma ríkisrekstrinum ekkert við, eins og greiðslur samkvæmt dýrtíðarl. frá 1941, 1534 þús., aðallega vegna áburðarkaupa og verðniðurfærslu á smjörlíki og kolum, og samkvæmt þingsályktunum til verðlækkunar á fóðurmjöli og uppbætur á görnum og gærum, 3660 þús. kr.

Það eru þannig samtals 7600 þús. kr., sem ég eftir mjög lauslega athugun hef fundið og tel, að svo sé varið, að ekki sé rétt að telja til

venjulegra rekstrarútgjalda, og mætti þó vafalaust fleira til tína, sem svipað er ástatt um.

Þá skal einnig vakin athygli á því, að þó að niðurstöðutalan í skýrslu ráðherra um rekstrartekjurnar sé ekki nema 86663 þús. kr., þá er það að frádregnum 5428 þús., sem talið er, að sé hækkun eftirstöðva, óinnheimtar tekjur, endurgreiðslur og innheimtulaun, og er það nær 4.4 millj. meira en talið var þannig til frádráttar á skýrslu næsta árs á undan. Mér er nú kunnugt um, að mikill hluti þessarar upphæðar er þegar innheimtur á þessu ári og alveg ástæðulaust er að gera ráð fyrir meiri vanhöldum á tekjunum en sem svarar 1500 þús. kr., en ef svo væri ekki gert, hækkuðu rekstrartekjurnar um 3928 þús. kr.

Þá hafa verið dregnar frá tekjum af benzínskatti 182 þús., sem eru hluti brúasjóðs af þeim skatti og eru að sjálfsögðu eignaaukning, og svo er í rauninni einnig um hluta fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu, 691 þús., sem dreginn er frá útfl.gjaldstekjum. Þannig hækka rekstrartekjurnar samtals 4801 þús. Samkv. þessu verða þá rekstrartekjurnar 86663 þús. plús 4801 þús. eða 91464 þús., en eiginleg rekstrargjöld 57576 þús. mínus 7600 þús. eða 49976 þús. og raunverulegur rekstrarafgangur 41488 þúsund.

Hitt er svo annað mál, að af þessum tekjuafgangi hefur verið ráðstafað ýmist til eignaaukninga ríkisins, opinberra sjóða eða almannastofnana þessum 2408 þús. kr., sem ég gerði grein fyrir, og varið til uppbóta á afurðir landbúnaðarins að mestu 5194 þús. kr., en að þeim upphæðum frádregnum verða þó eftir af rekstrartekjunum 33.888 þús. kr.

Samkvæmt rekstraryfirliti ráðh. hafa greiðslur umfram fjárlagaheimildir orðið 33527 þús. Þar frá tel ég að sjálfsögðu rétt að draga þær upphæðir, sem greiddar hafa verið samkv. öðrum heimildum eða fyrirmælum Alþ., aðallega verðuppbæturnar, eða 7550 þús., sem hafa ekki verið áætlaðar í fjárl. Eiginlegar umframgreiðslur verða þá 25977 þús., og má þó að vísu enn draga þar frá umframgreiðslur vegna verðlags- og aukauppbóta, 6500 þús., sem einnig var skylt að greiða samkv. l. og þál. og verða þá eftir 19477 þús. En af þeirri upphæð koma sem næst 5/6 hlutar á 7 útgjaldaliði: Alþingiskostnað, 1117 þús., en auk þess, sem þar er um að ræða kostnað af þinghaldi í um það bil 10 mánuði á árunum 1942 og 1943 til loka aukaþ., sem endaði í síðustu viku, þá mun vera innifalinn í þessari upphæð kostnaður við umfangsmiklar breyt. á Alþingishúsinu og húsgagnakaup. Dómgæzla og lögreglustjórn hefur kostað nær 2½ millj. umfram áætlun, en af því hefur farið til landhelgisgæzlunnar um 1200 þús. kr. Vegamál hafa farið nálega 4½ millj. fram úr áætlun eða um það bil helmingi meira en á árinu 1941. Samgöngur á sjó hafa farið 2677 þús. kr. fram úr áætlun og þar af 2445 til strandferða Skipaútgerðarinnar, auk þess sem varðskipin hafa verið mikið notuð til þeirra ferða. En þessar umframgreiðslur vegna strandferðanna stafa að miklu leyti af því, að farmgjöld hafa ekki verið hækkuð í samræmi við hækkun rekstrarkostnaðar útgerðarinnar. — Kennslumál hafa farið 1158 þús. kr. fram úr áætlun, atvinnumál eða útgjöld samkv. 16. gr. fjárl. um 2047 þús., en af þeim koma í hlut sauðfjársjúkdóma um 1750 þús., styrktarstarfsemi um 905 þús., en af því 875 þús. til alþýðutrygginga, berklavarna og sjúkrastyrkja; og loks eru óviss útgjöld 1405 þús., en þar af eru 723 þús. til kaupa á landinu undir flugvöllinn.

Um meginhluta þessara umframgreiðslna, frá og með umframgreiðslunni vegna verðlagsuppbótarinnar, er það að segja, að höfuðorsök þeirra er dýrtíðin eða verðbólgan, þ. e. a. s. síhækkandi kaupgjald og verðlag eða verðlag og kaupgjald, hvernig sem menn vilja raða því. Það er hin gífurlega aukning framleiðslu- og framfærslukostnaðarins í landinu, sem veldur því, að allur starfrækslukostnaður ríkisins hefur einnig vaxið svo gífurlega.

Rekstrarútgjöld ríkisins á árinu 1941 urðu samkvæmt ríkisreikningi 32253488.00 Fyrir stríð voru útgjöldin komin upp í 20 millj., og er hækkunin á árinu 1941 því orðin um 60%, eða að kalla nákvæmlega sem svarar til verðlagsvísitölunnar á því ári. Ef gert er ráð fyrir því, að útgjöld ríkissj. hljóti að hækka sem svaraði hækkun vísitölunnar, þá hefðu rekstrarútgjöld ríkissj. því einnig átt að hækka á árinu 1942 sem svaraði hækkun meðalvísitölu þess árs frá því, sem hún var 1941, og gjöldin að verða um 57 millj. kr. eða sem næst því, sem talið er á rekstraryfirliti ríkisbókhaldsins, en um 7 millj. meira en ég teldi rétt vera að telja eiginleg rekstrarútgjöld. Þannig er augljóst, að útgjaldahækkunin á árinu 1942 er ekkert umfram það, sem beinlínis má telja, að leiði af aukningu dýrtíðarinnar í landinu, og þó í rauninni nokkru eða 7 millj. kr. minni eftir mínum reikningi. Þannig er það þá t. d. um vegamálin, að hækkun gjaldanna til þeirra stafar vafalaust að mestu eða einvörðungu af hækkuðu kaupgjaldi, en ekki af því, að framkvæmdir hafi orðið svo miklu meiri en árið áður. Sama máli er að gegna um strandferðirnar og landhelgisgæzluna. Útgjöldin til styrktarstarfseminnar hækka að sjálfsögðu í hlutfalli við verðlag alveg eins og verðlagsuppbótin sjálf.

Það þýðir nú lítið að vera að metast um það, hverjum það sé að kenna, að dýrtíðin hefur aukizt svo gífurlega. Sannleikurinn er sá, að mikið af því, sem um það hefur verið sagt, er vafasöm speki eða stafar af misskilningi. Dýrtíðin er ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbrigði. Í öllum löndum hefur verið reynt af alefli að halda henni niðri og alls staðar með því að leggja hömlur á kaupgjald og afurðaverð. En árangurinn hefur víðast orðið miklum mun minni en vænta mátti. Þetta hefur einnig verið reynt hér, en það hefur algerlega mistekizt. En ef til vill, og þó öllu heldur alveg vafalaust, hefur aðstaðan til þess að koma við slíkum ráðstöfunum hvergi verið eins erfið.

Það er sakazt um það, að verð landbúnaðarafurðanna hafi verið hækkað á undan öllu öðru. Kaupgjaldið var lögbundið til áramóta 1940—'41, en afurðaverðið var látið laust áður og tók að hækka síðustu mánuði ársins 1940. En hins er þá að vísu ekki gætt, að þó að kauptaxti

hækkaði ekki á því ári og þó að ekki væri greidd full verðlagsuppbót á kaup fyrr en frá áramótunum, þá hafði vinna aukizt við sjávarsíðuna og heildartekjur verkamanna og þó einkum sjómanna hækkað verulega af þeim ástæðum, en sú tekjuaukning manna við sjávarsíðuna hlaut þá strax að fara að gera vart við sig í hærri kaupkröfum við sveitavinnu eða fyrirsjáanlegt, að að því ræki. En eftir að hið erlenda setulið kom til landsins, tók þegar að vaxa eftirspurn eftir vinnuaflinu fyrir aðgerðir þess og erfiðleikarnir á því að afla landbúnaðinum nægilegs vinnuafls að aukast, bæði vegna þess, að aðkeypt vinnuafl bauðst síður og brátt tók líka að reka að því, að heimafólkið í sveitunum tók að draga sig eftir setuliðsvinnunni. Sumarið 1941 þótti þegar sýnt, að hverju mundi reka, jafnvel þó að þá væru engar kröfur komnar fram af hálfu verkalýðsins um grunnkaupshækkanir. Vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir vinnuaflinu í daglaunavinnu hjá setuliðinu og við ýmsar aðgerðir innlendra manna við sjávarsíðuna, vegna sívaxandi eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu uxu tekjur daglaunamanna svo mjög, að framleiðslan til sveita gat ekki keppt við það, nema með því að hækka afurðaverðið og greiða enn þá hærra kaup. Jafnvel sjálfir bændurnir og skyldulið þeirra tóku að draga sig meira og meira eftir dag- og næturlaunavinnunni í kaupstöðunum og í þjónustu setuliðsins.

Út af þessu ástandi voru nú uppi ýmislegar ráðagerðir um aðgerðir til að vinna á móti þessu öfugstreymi. Meðal annars var um það rætt að greiða uppbætur á verð landbúnaðarafurðanna úr ríkissj. til þess að koma í veg fyrir opinbera verðhækkun þeirra, en verðlagið átti hins vegar á bak við tjöldin að leika lausum hala eftir sem áður í skefjalausri samkeppni við kaupgjaldið. Verðlagsn. landbúnaðarafurða áttu aðeins að úrskurða um það, hvað mikið ætti að greiða úr ríkissj. í uppbætur á afurðirnar frá mánuði til mánaðar. Með þessum hætti var hugmyndin að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar og þar með hækkun kaupgjaldsins til samræmis við hana. En ef ekki hefði verið um neitt annað að ræða en hækkun kaupgjaldsins í samræmi við vísitölu, þá hefði þetta ef til vill getað talizt gerlegt með þeim hætti að greiða úr ríkissj. ákveðinn verðmun, ef nokkur leið hefði verið að ákveða það í eitt skipti fyrir öll, hve há slík verðuppbót ætti að vera, til þess að landbúnaðarframleiðslan gæti keppt við aðrar framkvæmdir á vinnumarkaðinum. En það voru þá engin fyrirsjáanleg takmörk þess, hve hátt kaupgjald og heildaratvinnutekjur manna við sjávarsíðuna gætu komizt, bæði vegna opinberra eða grímuklæddra grunnkaupshækkana og eins vegna lengri og lengri vinnutíma. Það var því fyrirsjáanlegt, að ef ríkissj. átti að fara að taka að sér að jafna þau met, væri honum bundinn sá baggi, sem óvíst var, að hann gæti risið undir, og hefði þá síðari villan orðið verri hinni fyrri, ef gefizt hefði verið upp á miðri leið, öllum afgangstekjum ríkissjóðs eytt í botnlausa hít gínandi verðbólgu, aðeins til þess að fela fyrir sjálfum sér hið raunverulega ástand. Og ég staðhæfi það, að hvergi í víðri veröld hafi verið gripið til slíkra Bakkabræðra-snjallræða til þess að vinna bug á verðbólgu.

Ég hef ekki heyrt þess getið, að nokkurs staðar á byggðu bóli sé annarra ráða leitað í þessu skyni en reyna að hafa hemil á kaupgjaldi og vöruverði án allra milligjafa af opinberu fé. Ég veit ekki, hvort það hefur tekizt til hlítar í nokkru landi nema þá í einræðislöndunum, og í þeim löndum þó sennilega ekki nema á yfirborðinu. Það hefur staðið í miklu stríði með þetta í Bandaríkjunum og hafa þó fregnazt hingað ákveðin ummæli ráðandi manna þar um það, að það sé eitthvert mesta velferðarmál Bandaríkjaþjóðarinnar að halda verðbólgunni í skefjum og til þess séu engin ráð önnur en hömlun verðs- og kauphækkunar. Frá Svíþjóð, sem er hlutlaust land í ófriðnum eins og Ísland, hafa nýlega borizt fregnir um, að verðlag hafi hækkað um 80% þar í landi frá stríðsbyrjun, og hafa Svíar þó verið forsjálli en flestir aðrir í þessum efnum, t. d. komið á samningum milli framleiðenda og verkalýðssamtaka sinna um hlutfall milli kaupgjalds og afurðaverðs, en til milligjafa af opinberu fé hafa þeir ekki gripið.

Því hefur verið haldið fram, að við ráðh. Sjálfstfl. í þjóðstj. gömlu höfum á sínum tíma lagzt á móti því, að milligjafaleiðin yrði farin hér. Mér er heldur engin launung á því, að ég fyrir mitt leyti var því eindregið mótfallinn, og tel ég mér það engan veginn til ávirðingar. Hins vegar staðhæfi ég nú, eins og ég hef oft gert áður opinberlega, að formælendur þess úrræðis hafi aldrei fylgt því fram með þeim hætti, að til nokkurra átaka kæmi um það, t. d. að sýnt væri, hvort meiri hluti ríkisstj. væri því fylgjandi eða e. t. v. ekki nema einn ráðh. af fimm og sá eini þá jafnvel með hálfum huga. En það ætti að vera augljóst mál, að hverjum einum af ráðh., sem í raun og veru hefði haft trú á því, að hann hefði fundið óyggjandi ráð til þess að halda niðri verðbólgunni, hafi verið skylt að fylgja því eftir af öllu afli og leggja þar við stöðu sína. En til þess kom ekki, heldur var, eins og kunnugt er, nánast þegjandi og hljóðalaust að sinni horfið frá þessu ráði, án þess að nokkurn tíma væru einu sinni greidd atkvæði um það eða nokkuð skjalfest um afstöðu ríkisstj. eða einstakra ráðh. til málsins. Þessu næst hófust svo ráðagerðirnar um lögbindingu kaupgjalds og verðlags. Og e. t. v. eiga þær bollaleggingar, sem í ótíma var byrjað á, af því að það var áður en nokkrar kröfur voru komnar fram um hækkun á grunnkaupi, nokkra sök á því, hvernig fór. En einmitt um sama leyti eða meðan það mál var á döfinni á Alþ., fóru kröfurnar um grunnkaupshækkanirnar að koma fram. Um lögbindinguna tókst ekkert samkomulag, en þegar séð var fyrir endann á því, bættu einmitt fylgismenn lögbindingarinnar gráu ofan á svart með því, áður en séð var fyrir endann á kaupdeilunum, að hækka mjólkurverðið, sem þeir þó höfðu lagt til, að lögbann yrði lagt við að hækka. Og hafi nokkur von verið um það áður, að takast mætti að koma í veg fyrir grunnkaupshækkanirnar, þá var úti

um það, eins og þá var komið. Síðan höfum við fengið reynslu fyrir því, að lögbinding kaupgjaldsins er óframkvæmanleg nema í samvinnu við verkalýðsfélögin. Saga gerðardómsl. hefur fært okkur heim sanninn um það. Eins og komið var, gat það þó engu spillt, þó að gerðardómsleiðin væri reynd. Grunnkaupshækkunin hlaut að koma, ef ekkert var að gert. Hún kom þrátt fyrir gerðardómsl., hún kom í fullkomnu trássi við þau, þó að látið væri heita svo á yfirborðinu, að hún kæmi að nokkru leyti samkvæmt þeim. Og hún kom með baktjaldasamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, þannig að kaup var greitt fyrir tímavinnu, sem var ekki unnin. Og hún var knúin fram opinberlega, þvert ofan í gerðardómsl., með stöðvun hafnarvinnunnar. En þegar svo var komið, að kaupgjaldið var losnað úr öllum böndum og landbændur urðu einnig nauðugir viljugir og það fyrir milligöngu opinberrar stofnunar að fótum troða þessa lagasetningu og beygja sig undir ólöglega kauphækkun við framleiðslu sína, og að því hlaut að reka, að þeir yrðu líka að fara að komast á snið við lögbindingu afurðaverðsins eða að öðrum kosti að horfa fram á taprekstur búa sinna, þá varð ekki hjá því komizt að afnema lögin. Það var þá heldur engin eftirsjón að þeim, því að þau höfðu aldrei að neinu haldi komið.

Og nú höfðu verkalýðssamtökin náð tilgangi sínum. Þeim hafði tekizt að koma fyrir kattarnef þessari einu tilraun, sem gerð hafði verið til þess að hafa hemil á verðbólgunni. Forustumenn þeirra hafa prédikað það fyrir lýðnum, að kauphækkun hefði engin áhrif á verðbólguna, að minnsta kosti ekki hækkun grunnkaupsins! Nú held ég, að þeir hafi þó sannfærzt um það gagnstæða. Menn greinir á um það, hver muni vera meðalgrunnkaupshækkun verkamanna í landinu. En það vita allir, að vinnulaunin með grunnkaupshækkun og verðlagsuppbót hafa allt að því fimmfaldazt frá því fyrir stríð og kaupgjald við landbúnaðarframleiðslu hefur jafnvel víða um land hækkað enn meira. Samtímis hefur afurðaverðið til neytendanna 4—5-faldazt. Af þessu leiddi svo m. a., að rekstrarútgjöld ríkisins á síðasta ári hafa að vísu ekki fjór- til fimmfaldazt, en hækkað þó sem svarar hækkun meðalverðlagsvísitölunnar. Og af því leiðir, að ekki hefur orðið hjá því komizt að leggja auk þess á ríkissj. milljónaútgjöld til að verðbæta útflutningsafurðir landbúnaðarins, af því að verðlag í öðrum löndum hefur hvergi nærri hækkað að sama skapi og hér. Og af því leiðir einnig, að þó að ríkissj. hafi nú í handbæru fé 20—25 millj. kr., þá skuldar hann mikinn hluta þess fjár vegna skuldbindinga um verðuppbætur á útfluttar gærur og ull.

Á tveim síðustu árum hefur ríkissj. aflazt mikið fé umfram gjöld, sem þó hafa stórhækkað vegna vaxandi dýrtíðar. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi hefur á þessum 2 árum orðið samkv. mínum reikningi nær 60 millj. kr. Af því eru geymdar og lagðar til hliðar um 17 millj. kr. til framkvæmda að stríðinu loknu. Til eignaaukninga ríkisstofnana og eignakaupa hefur verið varið um 13 millj. kr. Handbært fé í sjóði og hjá innheimtumönnum má telja um 25 millj. kr. Til verðuppbóta á útflutningsafurðum landbúnaðarins frá síðasta ári hefur verið varið 2½ millj. kr., og til verðlækkunar á fóðurmjöli og tilbúnum áburði hefur á síðasta ári verið varið um 2 millj. kr. Ógreiddar verðuppbætur á óútfluttar landbúnaðarafurðir samkv. þál. frá í ágúst 1942 hefur verið gert ráð fyrir að mundu verða einhvers staðar milli 10 og 20 millj. kr., en nú hefur hæstv. fjmrh. í ræðu sinni gefið góðar vonir um, að þær muni ekki þurfa að fara mikið fram úr lægri upphæðinni.

Mér þótti það gegna nokkurri furðu, er háttv. frsm. fjvn. á síðasta þ. lét orð falla um það, að það mætti teljast illur endir á fjármálastjórn Sjálfstfl. eða fjmrh. þess flokks eftir þau miklu tekjuár, sem ríkissj. hefði átt að fagna í stjórnartíð hans og þó sérstaklega síðasta ár, þegar tekjur ríkissj. komust upp í, að hann taldi þá, 86 millj. kr., að verða nú að lokum að skila af sér tómum „ríkiskassanum". Þessi frsm. fjvn. er nú, eins og kunnugt er, einn af þm. og helztu forustumönnum annars verkalýðsflokksins á Alþ., háttv. þm. Ísaf.

Það má nú segja, að slík ummæli úr hans munni hafi komið úr hörðustu átt, þegar þess er gætt, af hverjum sökum rekstrarútgjöld ríkissj., eins og þau eru talin í rekstraryfirliti ríkisbókhaldsins, fóru 25 millj. kr. fram úr því, sem þau gjöld urðu á árinu 1941, meðan flokkur hv. þm. var einn þátttakandinn í ríkisstj., eða að það stafaði af því einu, að þau hlutu að fylgja eftir hækkun verðlagsvísitölunnar að mestu. Og þegar þess er þá einnig gætt, að ef svo færi, að hinar ógreiddu verðuppbætur á útflutningsafurðir bænda skyldu nú hartnær éta upp þær 25 millj. kr., sem þó má telja, að handbærar séu enn af tekjum tveggja síðustu ára, eftir að lagðar hafa verið til hliðar 17 milljónir kr. til verklegra framkvæmda og 13 millj. hefur verið varið til eignaaukningar ríkissj. og ríkisstofnana, þá er það einnig bein afleiðing af aukningu dýrtíðarinnar eða hækkun framleiðslukostnaðarins í landinu, sem af henni leiðir.

Þessi aukning dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðarins í landinu er ekki afleiðing af aðgerðum Sjálfstfl. eða ávöxtur af kenningum hans. Sjálfstfl. hefur af öllum mætti reynt að leiða almenningi í landinu fyrir sjónir, hvílíkur háski þjóðinni væri búinn af þeirri kröfupólitík, sem rekin hefur verið af öðrum stjórnmálaflokkum og þá ekki sízt af flokki þessa hv. þm., sem einhliða hefur blínt á að þvinga fram kaupgjaldshækkanir, þótt augljóst mætti vera hverjum skynbærum manni, hvaða afleiðingar þær mundu hafa og það þó að ekki hefðu þar til viðbótar borizt allar þær aðvörunarraddir, sem sífellt hafa kveðið við frá öðrum þjóðum, sem meiri reynslu og þroska hafa í þessum efnum en við, um það, hver háski stafaði af sífelldum hækkunum kaupgjalds og verðlags.

En undir fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins hefur hins vegar tekizt þrátt fyrir hina geypilega auknu dýrtíð og hinar gífurlegu kvaðir, sem á ríkissj. hafa verið lagðar af þeim sök-

um, að standast öll áföll og skila „ríkiskassanum" — ekki tómum, eins og hv. frsm. fjvn. taldi, heldur með 17 millj. kr. í handbærum varasjóði og eignaaukningu, sem nemur 13 millj., og þar til viðbótar væntanlega meiri hluta þeirrar sjóðseignar, sem talin er í greiðsluyfirliti ríkisbókhaldsins, 21 millj., en ég tel, að muni verða nær 25 millj. Og þó að þetta sé að vísu minna en efni gátu staðið til, þá tel ég ekki, að Sjálfstfl. þurfi að bera kinnroða fyrir það fyrir sitt leyti. Hins vegar læt ég aðra um að svara því, hvernig til mundi hafa tekizt fyrir þeim flokkum, sem í sameiningu fóru með stj. landsins á veltiárunum 1928—'30 og þar á eftir, þegar tekið var hvert 5—10 millj. lánið á fætur öðru til þess m. a. að standa straum af árlegum rekstrarútgjöldum ríkisins, þar til er allt rak í strand, af því að hvergi var lán fáanlegt.

Forseti (GSv): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefur nú lokið máli sínu, og tekur þá til máls hv. þm. V.-Húnv., Skúli Guðmundsson, og talar af hálfu Framsfl.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram á Alþingi frv. til fjárlaga fyrir árið 1944, og eins og venja er til við 1. umr. fjárlaganna hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir fjárhagsafkomunni á liðnu ári og gefið skýringu á fjárlagafrv.

Ég hef veitt því athygli, að þótt fjárlfrv. sé að mestu sniðið eftir fjárl. þessa árs, er það nokkuð frábrugðið því í einstökum atriðum. Þannig er lagt til í frv., að framlög til nýrra akvega verði 1,8 millj. á móti 3,5 millj. í ár. Í stjfrv. er framlagið til þjóðveganna sett í einu lagi, ósundurliðað, og geri ég ráð fyrir, að þingið muni ákveða skiptingu þess eins og venja hefur verið. — Þá eru framlög til brúargerða, hafnarmannvirkja, bryggjugerða og lendingarbóta allmiklu lægri í frv. en í núgildandi fjárl.

Ég tel það galla, að hæstv. fjmrh. lætur ekki starfsmannaskrá fylgja frv. fremur en fyrirrennari hans, sá er var næstur á undan honum. Sú regla var hins vegar tekin upp af Eysteini Jónssyni, þegar hann var fjmrh., og tel ég, að aftur ætti að taka upp þann hátt.

Áhrif verðbólgunnar á fjármál ríkisins sjást bezt á því yfirliti, sem ráðh. hefur gefið, og af því, að í þessu nýja fjárlfrv. eru tekjur og gjöld á næsta ári áætluð um 55 millj. kr., en fyrir stríðið voru þessar upphæðir innan við 20 millj. kr. Hin mikla hækkun verðlags- og kaupgjalds í landinu, sem orðið hefur, síðan stríðið hófst, hefur svo mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs, að tæplega verður rætt um fjárlög og fjárhagsafkomu ríkisins á þessum tímum, án þess að um leið sé vikið að dýrtíðarmálinu. Mest af tíma þess aukaþings, sem nú hefur nýlega lokið störfum, fór í athugun á því erfiða viðfangsefni.

Til eru menn, sem ásaka Alþ. fyrir lítinn árangur af starfi þess að dýrtíðarmálunum, þótt langan tíma hafi tekið. Slíkar ásakanir eru ekki sanngjarnar. Oft hefur verið á það bent áður, og er óþarft að endurtaka hér, að erfitt muni reynast að færa dýrtíðina niður, eftir að henni hefur verið leyft að vaxa svo mjög sem hér hefur orðið. Reynslan hefur sýnt og sannað, að aðvaranir þeirra manna, sem þessu hafa haldið fram, hafa verið á fullum rökum byggðar. Það er auðveldara að stöðva flóðið, sé að því horfið í tæka tíð, en koma því aftur í fyrri farveg, eftir að það hefur brotið sér nýjar leiðir. Tvisvar hefur tekizt að stöðva vöxt dýrtíðarinnar. Þjóðstj. tókst að stöðva dýrtíðarvísitöluna í 183 stigum, en eftir að samstarf Framsfl. og Sjálfstfl. rofnaði fyrir ári, af ástæðum, sem hér verða ekki raktar, fór skriðan af stað aftur með meiri hraða en nokkru sinni fyrr. — Núverandi ríkisstj. hefur einnig tekizt að stöðva vöxt dýrtíðarinnar. En að þrýsta henni niður aftur, það er stórum erfiðara viðfangs, og þeir ætla að reynast sannspáir, sem áður héldu því fram, að illa mundi fara, ef eigi yrði reynt að koma vörnum við í tæka tíð.

Til þess að þoka dýrtíðinni niður er tæpast annað ráð en það að lækka verðið á innlendum framleiðsluvörum og kaupgjaldið. Innkaupsverð á erlendum nauðsynjavörum höfum við ekki á okkar valdi. Menn virðast yfirleitt sammála um það, að sjálfsagt sé að reyna til þrautar að ná samkomulagi við þá aðila, sem hlut eiga að máli, um niðurfærslu á afurðaverði og kaupgjaldi. Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að í frv. hæstv. ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir hafi verið lagt til, að kaupgjaldið í landinu almennt yrði fast bundið með lögum. Hefur meira að segja rignt yfir Alþ. mótmælum víðs vegar að gegn lögfestingu kaupgjalds, sem höfundar mótmælanna hafa talið vera í stjfrv. En þetta er mesti misskilningur. Í frv. hæstv. ríkisstj. voru aðeins ákvæði um nokkra skerðingu á verðlagsuppbót, en ekkert bann við kauphækkunum. Hæstv. stj. virðist því vera þeirrar skoðunar, eins og þingið, að rétt sé að reyna að ná samkomulagi um nauðsynlega niðurfærslu dýrtíðarinnar. Þetta samkomulag er enn ekki fengið, og þar af leiðandi er þess ekki að vænta, að stórt skref hafi enn verið stigið til lækkunar á framfærslukostnaðarvísitölunni. Málinu hefur í raun og veru verið skotið á frest, en ákveðið eð setja sérstaka nefnd, skipaða fulltrúum frá bændum og launamönnum, til þess að reyna að finna sanngjarnt hlutfall milli afurðaverðs og kaupgjalds, miðað við það, að tekjur þeirra, er vinna að framleiðslu landbúnaðarvara, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Náist samkomulag í n. um þetta hlutfall, er til þess ætlazt, að það verði látið gilda, meðan ófriðurinn varir. En þá þarf einnig í framhaldi af nefndarstarfinu að reyna að komast að samkomulagi við þessa aðila um nauðsynlega niðurfærslu á bæði afurðaverði og kaupgjaldi, til þess að aðalatvinnuvegir landsmanna geti haldizt í eðlilegu horfi.

Í frv. hæstv. ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir og brtt., sem hún bar fram við það síðar, var gert ráð fyrir því, að ákveðin yrði lækkun á verði landbúnaðarafurða að nokkru leyti á kostnað framleiðenda. Virtist það vera skoðun ríkisstj. eða a. m. k. sumra ráðherranna, að verðið á landbúnaðarvörunum hafi hækkað hlutfallslega meira en kaupgjaldið síðan fyrir styrj-

öldina og því sé réttmætt að lækka verð þeirra nokkuð á kostnað framleiðenda. Munu till. hæstv. stjórnar hafa verið byggðar á þessari skoðun. Í umr. um dýrtíðarfrv. var þessu mótmælt. M. a. benti ég á það í þeim umr. og sýndi með samanburðarreikningi, að hækkun afurðaverðsins hefði alls ekki orðið meiri hlutfallslega en hækkun á kaupi daglaunamannanna, ef tekið er meðaltal af þeirri grunnkaupshækkun á tímakaupi, sem orðið hefur hjá verkamönnum síðan fyrir stríðið. Varð sú stefna ofan á í þinginu, að meðan verið er að leita að eðlilegu hlutfalli milli afurðaverðs og kaupgjalds af þeirri n., sem til þess verður skipuð, skyldi verðið ekki lækkað á kostnað framleiðenda nema hlutfallslega jafnt þeirri lækkun á kaupgjaldi, sem kann að verða á þeim tíma. Í l. um dýrtíðarráðstafanir var ríkisstj. hins vegar veitt tímabundin heimild til þess að verja nokkru fé úr ríkissj. til lækkunar útsöluverðs á innlendum afurðum, koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar og reyna að þoka henni nokkuð niður. Slíkt er vitanlega engin varanleg lækning á dýrtíðarmeininu, og orkar mjög tvímælis, að ekki sé meira sagt, að verjandi sé að nota fjármuni ríkisins, svo að nokkru verulegu nemi, til þess að kaupa niður vísitöluna á þennan hátt. En þetta var sú eina bráðabirgðaráðstöfun, sem hægt var að fá samkomulag um nú, þótt margir hv. þm. muni óánægðir með þessa aðferð. Í umr. var því beint til hæstv. stj. að fara gætilega í því að bera fé í vísitöluna, og vil ég undirstrika það alveg sérstaklega.

Í dýrtíðarfrv. hæstv. stj. voru till. um nokkrar breyt. á skattal. Voru þær allar um hækkanir á sköttum, og skyldi fénu að mestu varið til dýrtíðarráðstafana. Till. stj. um skatta má skipta í þrennt. Í 1. kafla frv. voru aðallega till. um niðurfellingu á varasjóðshlunnindum hlutafélaga, annarra en útgerðarfélaga, og um það, að allt skattfrjálst varasjóðstillag útgerðarfélaga skyldi renna í nýbyggingarsjóð.

Í 2. kafla frv. voru ákvæði um viðbótartekjuskatt, allháan, en nokkuð af því fé átti að endurgreiða síðar. Sá kafli frv. var samþ. á þinginu, þó með nokkurri lækkun á skattinum frá því, sem stj. hafði lagt til, og skyldusparnaður felldur niður. Var ekki unnt að fá samkomulag um að samþ. þennan kafla frv. óbreyttan.

Í 3. kafla frv. var lagt til, að lagður yrði sérstakur skattur á eignaaukningu, sem orðið hefur á árunum 1940 og 1941 og er umfram 50 þús. kr. hjá hverjum gjaldþegni. Þessi kafli var felldur niður úr frv. Varð það að samkomulagi í fjhn. Nd., en nm. eða a. m k. meiri hl. þeirra lýsti þó yfir fylgi sínu við þá hugmynd að leggja slíkan skatt á eignaaukningu stríðsáranna. Þeir töldu aðeins rétt að fresta málinu þar til á framhaldsþingi síðar á árinu og nota tímann til þess að undirbúa það betur. Er það eftirtektarvert, að einn þeirra nm., sem vildi hafa þessa málsmeðferð, var form. Sósfl., hv. 2. þm. Reykv., E. Ol., og kemur mönnum því undarlega fyrir sjónir að flokkur hans skuli nú færa það sem ástæðu gegn þingfrestun nú þegar, að nauðsynlegt sé að samþ. áður frv. um eignaaukaskatt, sem fram er komið í Ed.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um 1. kaflann í stjfrv., sem snertir, eins og áður segir, varasjóðshlunnindi hlutafélaga, því að um þetta mál hefur orðið ágreiningur á þinginu og allmikið umtal. Í stjfrv. var lagt til, að skattfrjálst varasjóðstillag hlutafélaga, annarra en útgerðarfélaga, skyldi niður falla.

Þegar lagafyrirmælin um, að hluti af varasjóðstillögum hlutafélaga skyldi undanþeginn tekjuskatti, voru upphaflega sett, voru hlutafélögin miklu færri en nú og rekstur þeirra yfirleitt áhættusamur. Síðan hefur sú breyting orðið, að félögunum hefur fjölgað mjög. Mörg af þeim eru fámenn, og er algengt að aðeins ein eða tvær fjölskyldur mynda slík félög, að því er virðist einkum í þeim tilgangi að njóta varasjóðshlunninda skattalaganna. Innborgað hlutafé er lítið hjá mörgum þessum nýju félögum og ábyrgð félagsmanna þar með takmörkuð við litla fjárhæð. Virðist rekstur margra þessara félaga þannig, að vafasamt er, að rétt sé að veita þeim sérstök fríðindi umfram einstaka skattgreiðendur, sem bera ótakmarkaða ábyrgð með öllum eignum sínum á þeim atvinnurekstri og viðskiptum, er þeir hafa með höndum. A. m. k. virðist sanngjarnt að afnema þessi hlunnindi fyrir árið, sem leið, þar sem bilið milli hlutafélaganna og einstaklinga mundi að öðrum kosti stækka vegna þess viðbótarskatts, sem nú hefur verið lagður á tekjur ársins 1942 (verðlækkunarskattsins), og enn fremur vegna þess, að mörg af þessum félögum munu þegar vera búin að safna allmiklum sjóðum.

Af fyrri ummælum Alþfl. og Sósfl. og till., sem frá þeim höfðu komið um varasjóðshlunnindi hlutafélaga, hefði mátt vænta þess, að þeir flokkar vildu samþ. þetta ákvæði í stjfrv. Vil ég í þessu sambandi minna á það, að á þ. 1941 kom fram till. frá Sósfl. um meiri takmörkun á varasjóðshlunnindum félaga en þá var ákveðin. Og á aðalþinginu 1942 komu till. bæði frá Sósfl. og Alþfl., sem gengu í sömu átt. Í Alþýðublaðinu 1. apríl 1942 segir svo í ritstjórnargrein um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að útgerðarfyrirtækin fengju að halda talsverðum hluta stríðsgróðans framan af stríðinu, meðan þau voru að vinna upp töp, greiða skuldir og safna varasjóðum. En eftir að öll félögin hafa margfaldað eignir sínar, gegnir allt öðru máli".

Þó að hér sé talað um útgerðarfyrirtæki, á þetta að sjálfsögðu eigi síður við um önnur gróðafyrirtæki, sem hafa áhættuminni rekstur. Og í Alþblaðinu 14. maí 1942 segir enn fremur svo:

„Hver heilvita maður sér, að það er ekki nóg að hækka skattstigann, ef svo og svo mikið af tekjunum er algerlega undanþegið skatti og útsvörum".

Þessi ummæli eru þar vegna ákvæða skattalaganna um varasjóðsfrádrátt félaganna.

Ég hef hér rifjað upp lítið eitt af því, sem Alþflmenn hafa sagt um varasjóðshlunnindin, en þm. Sósfl. og blöð hans hafa ekki síður tekið hraustlega upp í sig síðustu árin um þetta mál. Eins og áður segir, hafa þeir flutt till. á þingi 1941 og 1942 um frekari takmarkanir

á varasjóðshlunnindunum og í flokksblaði þeirra hinn 31. marz 1942, þar sem sagt var frá framkomnum skattafrv., er getið um auðfélag, sem „fær að draga ⅓ gróðans frá til að leggja hann í varasjóð, áður en skattar eru á lagðir, og skattarnir koma svo á afganginn"! Virtist blaðið mjög hneykslað yfir þessu.

Það hlýtur því að koma mörgum einkennilega fyrir sjónir, að þessir flokkar skuli nú sameinast Sjálfstfl. um að fella nú stjfrv.ákvæðið um, að skattfrjálst varasjóðstillag hlutafélaga, annarra en útgerðarfélaga, skuli niður falla og tekjur þessara félaga árið 1942 skuli skattlagðar samkvæmt því, á sama tíma, sem lagður er allhár viðbótarskattur á tekjur ársins 1942 yfirleitt.

Í fjhn. Nd., þar sem dýrtíðarfrv. var lengi til meðferðar, var reynt, eftir því sem hægt var, *að sneiða hjá árekstrum og deilum og komast* að niðurstöðu, sem allir nm. gætu sæmilega við unað, þótt enginn væri fullkomlega ánægður. Ég átti sæti í þessari n., og þegar málið var afgreitt þaðan, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara um 1. kafla frv., sem fjallaði um varasjóðshlunnindin, þar sem ég vildi áskilja mér rétt til að flytja till. um það efni, sem færu í sömu átt og till. hæstv. stjórnar. Taldi ég það sanngjarnt og eðlilegt eins og á stóð, að þessi hlunnindi yrðu felld niður eða takmörkuð að einhverju leyti.

Þegar frv. kom til 2. umr. í Nd., báru tveir af þm. Framsfl., 2. þm. S.-M. og 2. þm. N.-M., fram brtt. við till. fjhn. Voru þær um niðurfellingu á varasjóðshlunnindum hlutafélaga, annarra en útgerðarfélaga, og um það, að allt varasjóðstillag útgerðarfélaga skyldi lagt í nýbyggingarsjóði, eins og ráðgert hafði verið í stjfrv., — eins og um, að skattfrjáls varasjóðshluti útgerðarfélaga skyldi lækka, eftir að sjóðir þeirra *hefðu náð ákveðnu marki, þannig að þá héldu* þau aðeins skattfrjálsum þeim hluta teknanna, sem fer í nýbyggingarsjóð eftir ákvæðum núgildandi laga. Þá var í till. þeirra það þýðingarmikla atriði, að skattfrjálst nýbyggingarsjóðstillag einstakra útgerðarmanna og sameignarfélaga, sem reka útgerð, skyldi hækkað úr 1/5 í 1/3 af tekjunum. Tekjur ríkissj., sem fengizt hefðu skv. till., áttu að fara í framkvæmdasjóð ríkisins.

Það er hin mesta fjarstæða, sem borin hefur verið út, að í till. þeirra EystJ og PZ hafi verið ákvæði um að draga úr framlögum til nýbyggingarsjóða útgerðarfyrirtækjanna. Þvert á móti hefðu framlögin í nýbyggingarsjóðina aukizt verulega, ef till. þeirra hefðu verið samþ. En till. þessar voru felldar af þm. annarra flokka, þ. á m. ákvæðið um að auka nýbyggingarsjóðshlunnindi einstaklinga, sem hafði mikla þýðingu til hagsbóta fyrir smáútvegsmenn. Var þó till. um þetta borin undir atkv. sérstaklega, en felld af sumum þeim mönnum og flokkum, sem oft tala mest um umhyggju sína fyrir sjávarútveginum.

Eftir að þessar till. Framsfl. voru komnar fram í þinginu, fluttu tveir af þm. Sósfl. till., sem fóru í sömu átt. Þar var lagt til, að varasjóðir og nýbyggingarsjóðshlunnindi útgerðarfélaga skyldu niður falla, eftir að sjóðirnir hefðu náð einhverju hámarki. En það ákvæði var þannig, að í þetta sinn hefði það ekki snert nema örfá stærstu útgerðarfélögin, sem mest hafa grætt og mestum sjóðum hafa safnað nú þegar. Eftir að búið var að fella till. Framsfl., voru þessar till. Sósfl. samþykktar með atkv. meiri hl. sósíalista, framsóknarmanna og nokkurra af Alþflmönnum.

Við 3. umr. málsins fór hins vegar strax að bera á því, að sósíalistar höfðu engan áhuga haft á því að fá þessar skattatill. samþ., og fóru að leita að möguleika til þess að snúast gegn þeim. Kom það greinilega fram við atkvgr. um málið að lokinni 3. umr. í Nd. og sannaðist fyllilega síðan af ræðu, sem einn af þm. Sósfl., hv. þm. Siglf., flutti við lokaafgr. frv. — Þeir höfðu lagt til, að tekjurnar af niðurfellingu varasjóðshlunnindanna skyldu ganga til að greiða kostnað við endurbætur á alþýðutryggingunum.

Við 3. umræðu málsins kom fram till. frá einum þm. Sjálfstfl. um, að tekjur þessar skyldu ganga til raforkusjóðs. Þá kom yfirlýsing frá Sósfl. um, að ef sú till. yrði samþ., mundi hann snúast gegn sinni eigin till. um aukinn skatt á gróðafélögin. M. ö. o., þeir vildu heldur sleppa stríðsgróðahlutafélögunum við aukinn skatt en taka fé af þeim og leggja það í raforkusjóð. Er þó öllum kunnugt, að fólkið í sveitum og kauptúnum landsins bíður þess með eftirvæntingu að fá rafmagnið og sósíalistar munu hafa talað fagurt við mörg tækifæri um áhuga sinn á því máli.

Þá flutti hv. 2. þm. S.-M. till. um, að fénu skyldi skipt að jöfnu milli raforkusjóðs og alþýðutryggingannna, í þeirri von, að samkomulag gæti orðið um þá lausn málsins. Var sú brtt. samþ. í Nd.

Allir flokkar munu sammála um, að æskilegt sé að gera alþýðutryggingarnar fullkomnari en þær eru nú, ekki sízt ellitryggingarnar, svo að gamalt fólk, hvar sem er á landinu, geti framvegis fengið hærri lífeyri en það hefur notið að undanförnu.

Þegar frv. um dýrtíðarráðstafanir var afgr. frá Nd. til Ed., voru í því þau ákvæði, sem ég hef nú lýst, um takmörkun á varasjóðshlunnindum hlutafélaga, sem þýddi aukinn skatt á þau á þessu ári af tekjum ársins 1942 og að þeim skattauka skyldi varið á þennan veg„ að helmingur færi í raforkusjóð, en hinn hlutinn til endurbóta á alþýðutryggingunum. Enn fremur var samkv. frv. gert ráð fyrir, að ríkisstj. leitaði samninga við félagasambönd verkamanna og launamanna um, að þau féllust á, að verðlagsuppbót fyrir maí yrði ákveðin eftir vísitölu, sem byggð er á verðlaginu 1. dag þess mánaðar. Með því móti hefði væntanleg lækkun vísitölunnar orsakað lækkun á verðlagsuppbótinni einum mánuði fyrr en annars mundi verða. Þá var ríkisstj. samkv. frv. veitt heimild til að leggja fram 3 millj. kr. í atvinnutryggingarsjóð, ef samningar tækjust við félagasambönd launamanna um þessa lækkun á verðlagsuppbótinni fyrir næsta mánuð.

Nú hefði mátt vænta þess, að samkomulag

gæti orðið í Ed. um afgreiðslu málsins á þessum grundvelli. Fulltrúi Framsfl. í fjhn. þeirrar deildar, hv. 1. þm. Eyf., lýsti yfir því, að hann vildi fylgja frv. óbreyttu. En þá gerðist það undarlega fyrirbrigði, að þm. Sósfl. og Alþfl. gerðu samning við Sjálfstfl. um að fella niður úr frv. þau ákvæði um aukinn skatt á hlutafélögin, sem samþ. höfðu verið í Nd. eftir till. frá tveim þm. Sósfl. Einnig sömdu þessir flokkar um að fella úr frv. greinina um samningaumleitanir við launþegasamböndin um verðlagsuppbótina og ákvæðið um atvinnutryggingarsjóðinn. Í staðinn settu þeir inn í frv. fyrirmæli um, að 3 millj. kr. skyldu lagðar fram til alþýðutrygginganna. Það er gáta, sem enn er óleyst, af hvaða ástæðum þeir sósíalistar og Alþflmenn gerðu þennan samning við Sjálfstfl. Er þessi framkoma þeirra í fullu ósamræmi við allt, sem þeir hafa áður haldið fram um varasjóðshlunnindi hlutafélaganna. Sú ástæða, að helmingur tekjuaukans hafi átt að fara í raforkusjóðinn, er alls ekki frambærileg, þar sem þeim sjóði er ætlað að styðja nauðsynlegar framkvæmdir, sem allir hafa talið sig vilja vinna að. Það var auðvelt fyrir þessa flokka að koma frv. fram án þess að taka skattaákvæðin út úr því, þar sem Framsfl. hafði lýst yfir fylgi sínu við málið. En þeir gerðu enga minnstu tilraun til að fá samkomulag við Framsfl. um að afgreiða frv. án þess að fella úr því skattagreinina, en slíkt samkomulag hefði verið mjög auðfengið, eins og þegar er fram tekið. Alþfl. og Sósfl. bera því ábyrgð á því ásamt Sjálfstfl., að mörg stríðsgróðahlutafélög, sem fást ekki við sjávarútveg, halda varasjóðshlunnindum sínum óskertum, þrátt fyrir það að skattar eru yfirleitt mjög þyngdir á landsmönnum á þessu ári. Þeir reyna að vísu að bera það fram sér til málsbóta, að með samkomulaginu við Sjálfstæðisflokkinn hafi þeir tryggt 3 millj. kr. framlag til alþýðutrygginga. En þetta bjargar ekki málstaðnum, þegar litið er á það, að í frv. var gert ráð fyrir 3 millj. kr. framlagi í atvinnutryggingarsjóð, gegn nokkurri lækkun á verðlagsuppbót í 1 mánuð, og að helmingur af skattauka hlutafélaganna gengi til alþýðutrygginga. Þetta var hægt að fá án þess að semja við Sjálfstfl. um að fella skattagreinina úr frv.

Eftir að þetta er skeð, tala sósíalistar að vísu mjög um að þeir vilji skattleggja stríðsgróðann, og einn af þm. þeirra hefur gerzt meðflm. að frv. um eignaaukaskatt. Reynslan ein getur sýnt, hvort við það verður staðið. Vitanlega gætu þeir eins snúizt gegn sínum eigin skattatill. síðar, eins og þeir gerðu 12. og 13. apríl. Ég skal engu um þetta spá, en þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar þeirra um, að þeir vildu skattleggja stríðsgróðann, m. a. með því að fella niður varasjóðshlunnindi hlutafélaga, annarra en útgerðarfélaga, enduðu þeir 5 mán. þingsetu á aukaþinginu fyrir nokkrum dögum með því að drepa þær till. um þetta efni, sem þeir höfðu sjálfir borið fram.

Þessi reynsla um vinnubrögð Sósfl. sýnir, að tæpast er hægt að treysta því, sem þeir nú segja um vilja sinn til að fylgja fram ýmsum skattalagabreytingum. Framsfl. hefur síðustu dagana gengið eftir svörum frá þeim um það, hvort þeir vildu fylgja till. um niðurfellingu oftnefndra varasjóðshlunninda nú þegar á þessu þ. og vinna að því, að sú breyting næði samþ. hið allra fyrsta, svo að unnt yrði að ákveða skattana á þessu ári í samræmi við það. Við þessu út af fyrir sig hafa engin ákveðin svör fengizt, en málið tengt við önnur atriði, sem geta valdið deilum. Eru slík skilyrði sýnilega fram borin af hálfu sósíalista til þess að reyna með þeim að fá nýja átyllu til þess að snúast gegn málinu og koma í veg fyrir framgang þess. Hefur þannig komið í ljós, að frá þeim er ekkert að hafa nema vífilengjur og undanbrögð í þessu efni, enda nýlega búnir að semja við Sjálfstfl. um að láta gróðafélögin halda varasjóðshlunnindunum óskertum í þetta sinn. Má líka nærri geta, hve auðvelt muni að ná samkomulagi um þetta mál við menn, sem víla ekki fyrir sér að snúast gegn sínum eigin skattal., af því tilefni einu, að því er þeir segja, að helmingur tekjuaukans á að fara í raforkusjóðinn.

Þar sem þannig eru ekki einu sinni líkur, hvað þá vissa, fyrir því, að hægt sé að fá samþykktar innan skamms breyt. á varasjóðsákvæðunum, sem hafi áhrif á skattaál. á tekjur ársins 1942, er engin ástæða til að halda þinginu nú áfram um óákveðinn tíma vegna skattamálanna, þar sem aðrar breyt. á skattal., sem tillögur eru um, geta komið nógu snemma til framkvæmda og að fullum notum, þó að eigi verði frá þeim gengið fyrr en á framhaldsþingi í haust. Og sérstaklega er alveg óviðeigandi að halda þingstörfum áfram nú að nauðsynjalausu, þar sem talið er, að þingið verði að koma saman til framhaldsfunda þegar í septembermánuði.

Ég geri ráð fyrir því, að margir kjósendur, sem fylgdu Sósfl. í kosningum á síðastl. ári, verði fyrir vonbrigðum í sambandi við framkomu hans í skattamálunum o. fl. á aukaþinginu, þar sem hún er í fullu ósamræmi við þau fyrirheit, sem flokkurinn gaf fyrir kosningarnar. Þá var því yfirlýst af frambjóðendum flokksins, að þeir vildu taka upp samstarf við Alþfl. og Framsfl. um afgreiðslu mála í þingi og um stjórn landsins. Hinir flokkarnir hafa nú í vetur átt viðræður við Sósfl. um þessi mál. Ég ætla ekki nú að skýra frá þeim samningaumleitunum, sem fram hafa farið í þeirri n., sem til þess var valin af flokkunum þremur. Það mun verða gert við annað tækifæri. En af ritstjórnargrein, sem birtist í flokksblaði sósíalista, Þjóðviljanum, þ. 30. marz s. l., eftir að samningaviðtöl höfðu staðið svo mánuðum skipti — sést, að þann dag var flokkurinn ekki kominn lengra inn á samkomulagsbrautina en það, að hann benti á stefnuskrá sína og sagðist standa við það að fylgja henni fram., ef hinir flokkarnir tveir vildu fallast á hana. Segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Síðasta atriðinu í tali Alþbl. og Tímans, því, að það sé sósíalistum einum að kenna, að ekki hafi tekizt að mynda vinstri stjórn, er raunar fullsvarað með því, sem þegar er sagt, því einu er við að bæta, að enn geta flokkar þessir fallizt á stefnu sósíalista, þannig að vinstri stjórnarmyndun yrði möguleg". — Svo

hljóðar boðskapurinn. Og í Þjóðviljanum 3. þ. m. kveður mjög við sama tón. Af þessu geta menn nokkuð markað, hvað mikið þeir sósíalistar meina með öllu skrani sínu um það, sem þeir nefna „vinstra samstarf". Sá flokkur, sem bendir á sína eigin stefnuskrá og segir við hina: Þetta óbreytt eða ekkert, — hann ætlar sér sýnilega ekki að taka þátt í neinu samstarfi. Og samstarf getur vitanlega ekki orðið meðan þannig er á málum haldið.

Við fjárlagaafgreiðslu á síðasta þingi fluttu þm. Sósíalistafl. allmargar tillögur um aukin útgjöld, eins og þeirra er siður, og fylgdu yfirleitt við atkvæðagreiðsluna öllum tillögum frá öðrum um auknar fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Þetta kom fáum á óvart, en hinu hafa sjálfsagt margir búizt við, að þeir mundu einnig fúsir til þess að sjá ríkissjóði fyrir auknum tekjum á móti gjöldunum með því að hækka skatta á stórgróðafyrirtækjum. En áðurnefndur samningur þeirra við Sjálfstfl. bendir til þess, að þeim sé ekki svo mjög annt um þá hliðina. Verði framhald samvinnu milli þessara flokka, slíkrar sem varð í lok aukaþingsins, — samvinna um að auka útgjöld ríkisins, en jafnframt um að hlífa stórgróðafyrirtækjum við sköttum, — þá er sýnilegt, hvert stefnir um fjárhagsafkomu ríkisins. Þá er skammt út í fullkomið fjárhagsöngþveiti.

Ég hef dvalið svo lengi við dýrtíðarmálið og meðferð þess á nýafstöðnu þingi vegna þess, að allt atvinnulíf í landinu og þar með fjárhagsafkoma einstaklinga og ríkisins á næstu árum fer að langmestu leyti eftir því, hverja lausn dýrtíðarmálið fær. Vegna dýrtíðarinnar hafa útgjöld ríkissjóðs margfaldazt, og sú hætta vofir yfir, að tekjurnar lækki fyrr en gjöldin og að af því leiði tekjuhallarekstur og skuldasöfnun hjá ríkinu, fyrr en varir. Þessa hættu er þm. skylt að hafa í huga, þegar ákvarðanir eru teknar um fjárlagaafgreiðsluna, og reyna að stýra fram hjá henni.

Forseti (GSv): Hv. þm. V.-Húnv., Skúli Guðmundsson, hefur nú lokið máli sínu, og talaði hann fyrir Framsfl. Næstur tekur til máls hv. 4. landsk. þm., Steingrímur Aðalsteinsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þótt hæstv. ríkisstj. hafi fullnægt þeirri skyldu sinni að leggja nú fyrir hv. Alþ. frv. til fjárl. fyrir árið 1944, mun á flestra vitorði, að frv. þetta verður ekki afgr. nú á næstunni, heldur verður afgreiðslu þess frestað til haustþings og þá sennilega gerðar á því mjög verulegar breytingar, til samræmis við þær aðstæður, sem þá verða fyrir hendi. Það er því ekki ástæða til að fara að ræða frv. hér í einstökum atriðum, og mun ég ekki gera það, heldur leitast við að lýsa með nokkrum dráttum afstöðu flokks míns — Sósíalistaflokksins — almennt til fjármála ríkisins og nokkurra þeirra mála, sem mestu skipta í því sambandi.

Á Alþingi því, sem nú er nýlokið, voru afgr. fjárlög fyrir líðandi ár. Við afgreiðslu þeirra kom að sjálfsögðu fram fjármálastefna þingflokkanna. Ég tel því eiga við að rifja upp í þessu sambandi nokkur atriði, sem lýsa meginstefnu Sósfl. við afgreiðslu þeirra fjárlaga, því að auðvitað mun hún í grundvallaratriðum verða sú sama við afgreiðslu þeirra fjárlaga, sem hér er lagt fram frumvarp að.

Það, sem Sósfl. lagði megináherzlu á í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, var, að þau fælu í sér sem mest fjárframlög og heimildir til fjárframlaga til ýmiss konar verklegra framkvæmda, — og þetta með það tvennt fyrir augum, annars vegar að hrundið yrði í framkvæmd ýmsum nauðsynlegum, verklegum athöfnum af hálfu hins opinbera, hins vegar til að mæta því atvinnuleysi, sem verða mundi, þegar setuliðsvinnan minnkaði eða félli niður og stóratvinnurekendur drægju úr atvinnurekstri sínum vegna minnkandi gróðamöguleika. — Sósfl. lagði því til, að í fjárlögum líðandi árs yrði varið 1½ millj. króna „til verklegra framkvæmda í atvinnuaukningarskyni í samráði við bæjar- og sveitarstjórnir". Þessi till. Sósfl. náði að vísu ekki fram að ganga, en hún orkaði því, að framlag til „framleiðslubóta og atvinnuaukningar" var hækkuð úr 200 þús. kr. í 500 þús. kr. Enn fremur var ríkisstj. heimilað fyrir atbeina flokksins að verja úr ríkissjóði allt að 2 millj. til atvinnuaukningar, ef atvinnuleysi yrði á árinu.

Í samræmi við þessa stefnu flokksins um framlög til verklegra framkvæmda beitti hann sér mjög ákveðið fyrir því — og fékk fram komið —, að felld var niður heimild sú, sem undanfarið hefur verið í fjárl. og enn stóð í frv., um að skera mætti niður framlög til verklegra framkvæmda um allt að 35%.

Þá barðist Sósfl. fyrir mikið auknum fjárframlögum til ýmiss konar félagslegra umbóta og menningarstarfsemi. T. d. lagði hann til, að varið yrði 5½ millj. króna til alhliða umbóta á alþýðutryggingunum. Að vísu var sú tillaga felld. En barátta flokksins fyrir þessu mikla nauðsynjamáli allrar alþýðu heldur áfram, og hefur flokkurinn komið því til leiðar, að endurskoðun alþýðutryggingalaganna skal fara fram á þessu ári, og í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarfrv. kom flokkurinn því til leiðar, að þrjár millj. króna skulu lagðar í sjóð sem stofnfé væntanlegra endurbóta á alþýðutryggingunum. — Með sérstöku frv., sem flokkurinn lét flytja, hafa þegar verið ákveðin nokkuð aukin framlög hins opinbera til sjúkratrygginga.

Sósíalistafl. bar fram ýmsar tillögur um aukin framlög til menningarmála, þar á meðal að framlag til byggingar barnaskóla utan kaupstaða væri hækkað úr 100 þús. kr. í 400 þús. kr. Árangurinn varð, að framlagið var hækkað í 250 þús. kr. Þá vildi flokkurinn einnig, að launabætur þær, sem samþ. voru til barnakennara, yrðu helmingi hærri en ákveðið var.

Sósíalistafl. átti mikinn þátt í því, að samþ. voru sérstök fjárframlög til heilbrigðismála, svo sem til viðbótarbyggingar við landsspítalann 200 þús. kr., til byggingar fæðingardeildar 300 þús. kr. og til drykkjumannahælis 150 þús. kr. Flokkurinn bar einnig fram tillögu um 75 þús. kr. framlag til byggingar fávitahælis, en sú till. var felld.

Sósíalistaflokkurinn vildi hækka framlag til slysavarna úr 35 þús. kr. í 100 þús. kr., en fékk því ekki framgengt. — Til byggingar nýrra vita vildi hann hækka úr 200 þús. kr. í 450 þús. kr., en samþ. var 350 þús. kr.

Framlag til rithöfunda, skálda og listamanna vildi flokkurinn hækka verulega, en fékk því ekki fram komið.

Ýmsar smærri till. um framlög til félags- og menningarmála flutti flokkurinn — og fékk að sumu leyti samþ., eins og t. d. aukið framlag til mæðrastyrksnefndanna, hækkaðan styrk til Leikfélags Reykjavíkur o. fl., sem ekki verður hér talið upp.

Þá mun ég fara nokkrum orðum um afstöðu Sósfl. til dýrtíðarmálanna og skattamálanna, og er til þess tvöföld ástæða: Önnur sú, að afgreiðsla þeirra mála verkar mjög mikið á fjármál ríkisins, og hlýðir því að tala um þau í þessu sambandi. Hin er sú, að aðalmálgagn Framsóknarfl. hefur síðustu daga ráðizt mjög heiftarlega að Sósfl. fyrir þann hlut, er hann átti í afgreiðslu dýrtíðarfrumvarpsins á nýloknu þingi, og brigzlað flokknum um þjónustu við stríðsgróðavaldið, en svik við kjósendur sína.

Hver er stefna Sósfl. í dýrtíðarmálunum?

Sú sama, sem hann lagði fyrir kjósendur í kosningunum s. l. sumar og haust.

Megininnihald þeirrar stefnuskrár var, að því er snerti kaupgjald og afurðaverð, að komið yrði „fastri skipan á kaupgjaldsmálin" með frjálsum samningum við verkalýðsfélögin — og að á sama hátt yrðu gerðir fastir samningar við fulltrúa bænda um fast afurðaverð og verðuppbætur, með það fyrir augum, að ákveðið grunnverð landbúnaðarafurða geti haldizt stríðið út, en breytist, eins og kaupið, samkvæmt dýrtíðarvísitölu. Sé verðið miðað við það, að landbúnaðurinn verði samkeppnisfær við aðrar atvinnugreinar og bændum tryggð viðunandi kjör. Jafnframt séu gerðar allar ráðstafanir, sem unnt er, til aðstoðar landbúnaðinum, til þess að lækka framleiðslukostnað hans og þó einkum til að koma núverandi einyrkjabúskap í það horf, að hann verði samkeppnisfær.

Til þess að lækka verð innfluttra afurða, lagði Sósfl. til, að afnumdir yrðu tollar af öllum nauðsynjavörum, meðan stríðið stendur, og að verðeftirlitið yrði stórum endurbætt. Í stað þess yrði skattur á stríðsgróða stórhækkaður og nýbyggingarsjóðir útgerðarinnar teknir í vörzlu ríkisins eða á annan hátt tryggt, að það skattfrjálsa fé, sem í þá hefur runnið, yrði undanbragðalaust notað í sínum rétta tilgangi, þ. e. til að endurnýja fiskiskipaflotann, svo að haldið yrði við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Öllum þessum sjónarmiðum reyndi Sósfl. að koma fram við afgreiðslu dýrtíðarfrv., — og ber afgreiðsla frv. þess glögg merki, þó að ekki hefðist nema sumt af sjónarmiðum flokksins fram í sambandi við það frv., — og þá fyrst og fremst vegna þess, að ekki var hægt að komast að neinu skynsamlegu samkomulagi við Framsfl. um lausn þeirra mála. — Eins og áður segir, var grundvallarsjónarmið Sósfl. um ákvörðun kaupgjalds- og afurðaverðs, að þær ákvarðanir væru gerðar með frjálsu samkomulagi viðkomandi aðila. Með dýrtíðarfrumvarpi stjórnarinnar átti að lækka hvort tveggja með valdboði, — samkv. upphaflega frv. átti að greiða aðeins 80% dýrtíðaruppbótar á laun, en samkv. síðari tillögum ríkisstj. átti greiðsla dýrtíðaruppbótar á laun að lækka mánuði fyrr en samningar launþega segja til um, og fólst einnig í þeim lögfesting dýrtíðarvísitölu, án þess tryggt væri, að vísitalan lækkaði raunverulega í það mark, sem sett var.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, sagði hér áðan um það, að málgagn Sósfl., Þjóðviljinn, hefði ranglega borið það á Alþfl., að hann hefði viljað fallast á nokkra lögþvingun kaupgjalds, vil ég aðeins minna á það, að Alþýðublaðið 6. apríl s. l. tók fegins hendi undir hinar síðari tillögur stjórnarinnar í dýrtíðarmálunum og birti þær undir gleiðletruðum fyrirsögnum um það, að engin lækkun yrði á launum verkamanna, — þó að tillögurnar fælu raunverulega í sér 12% launalækkun í maímánuði, ef þær hefðu verið samþ., og auk þess lögfestingu vísitölunnar. — Sósfl. vítti þessa afstöðu Alþýðublaðsklíkunnar — og Alþfl. á Alþ. sá sér ekki annað fært en taka einnig afstöðu gegn þessu.

Sami hv. þm. harmaði það mikið, að ekki hefði tekizt að mynda það, sem hann kallaði vinstri stjórn, — og kenndi Sósfl. um, að svo hefði farið. Þessum hv. þm. hlýtur þó að vera kunnugt eins og öðrum, á hverju slík samvinna flokkanna strandaði, þ. e. a. s. á því, að Framsfl. reyndist að hafa í því sambandi eitt áhugamál öðrum fremur, þ. e. að koma fram sem mestri kauplækkun. — Það er rétt, að Sósfl. vildi ekki ganga til stjórnarsamstarfs við Framsókn og Alþfl. upp á slíka skilmála, — en þegar málsvari Alþfl. er nú að hella yfir okkur skömmum fyrir það, er það aðeins ný sönnun fyrir því, sem hann þóttist vilja bera af Alþfl., þ. e., að Alþfl. hafi verið reiðubúinn að ganga til stjórnarmyndunar með Framsókn, þótt það kostaði kauplækkun hjá verkamönnum, ef það hefði ekki strandað á ólukku Sósfl.

Við ekkert af þessum ákvæðum dýrtíðarfrv. stj. hafði Framsfl. neitt að athuga. Lögbindingin var honum síður en svo þyrnir í augum, enda hefur hún frá upphafi verið fyrsta og eina aðferð þess flokks í hinni svo kölluðu baráttu hans gegn dýrtíðinni, en kom þó gleggst fram í setningu gerðardómsl., sem frægt er orðið. En Framsfl. hafði annað áhugamál í þessu sambandi, sem hann aldrei hvikaði frá, heldur strandaði á því allt samkomulag við hann um lausn málsins. Og þetta áhugamál Framsfl. var: Að kaupgjald lækkaði sem mest og hlutfallslega meira en afurðaverðið. Aðferðin, sem Framsfl. reyndi að nota til að koma fram þessu áhugamáli sínu, var sú að leitast við — með fölskum útreikningum á grunnkaupshækkunum verkamanna — að „sanna", að kaupgjaldið hefði hækkað jafnmikið eða meira en verð landbúnaðarafurðanna — og þess vegna yrði nú kaupið að lækka, a. m. k. í sömu hlutföllum og verð landbúnaðarvaranna, sem skrúfað var upp úr öllu viti s. l. haust, svo sem kunnugt er. Þar sem kaupið hefur hins vegar raunverulega

hækkað minna en verð landbúnaðarvaranna, hefði þetta í framkvæmdinni þýtt, að kaupið lækkaði hlutfallslega meira, — og það virtist vera höfuðsjónarmið Framsfl. Sem sagt: Framsfl. hafði ekkert á móti því, að afurðaverð bændanna væri lækkað, eftir því sem verkast vildi, bara ef séð væri fyrir því, að kaup verkamanna lækkaði enn þá meira!

Annað sjónarmið Framsfl. í þessu máli var einnig athyglisvert vegna þess, að hann vill láta telja sig málsvara smábændanna í dreifbýlinu.

Eins og kunnugt er, eru verðuppbæturnar til bænda eingöngu miðaðar við það vörumagn, sem þeir selja, þannig, að stórbóndinn fær því fleiri þúsundir í verðuppbætur sem hann hefur meiri afurðir að selja en smábóndinn. Þannig var þetta einnig í dýrtíðarfrv. Nú lagði Sósfl. til, að verðuppbæturnar til bænda yrðu greiddar þannig, að helmingur upphæðarinnar væri greiddur út á selt vörumagn, en hinn helmingurinn skiptist milli þeirra bænda aðeins, sem hefðu ekki haft yfir meðaltals tekjur, — og þá í öfugu hlutfalli við tekjur þeirra, þannig að þeir tekjulægstu fengju hlutfallslega mestar uppbætur — og yrðu uppbæturnar þannig til að jafna tekjur bændanna og bæta sérstaklega kjör þeirra fátækustu.

Þetta mátti Framsfl., málsvari bændanna, ekki heldur heyra nefnt, og sýnir það glöggt, málsvari hverra bænda hann er, þ. e. a. s. stórbændanna.

Einnig lagði Sósfl. til, að ríkisstj. væri heimilað að leggja fram úr ríkissjóði 3 millj. kr. í sjóð, er nefndist: Sjóður til eflingar íslenzkum landbúnaði. — Skyldi hann vera í vörzlu Búnaðarfél. Íslands og honum varið samkv. nánari fyrirmælum í reglugerð til samfelldra ræktunarframkvæmda og stofnunar byggðahverfa í sveitum til fjárhagslegrar aðstoðar við ábúendur byggðahverfanna, til vélakaupa til sameiginlegra nota þessara ábúenda og til stofnunar fyrirmyndarbúa.

Þetta vildi Framsfl. ekki heldur hafa.

Sósfl. gat sem sagt ekki komið fram grundvallarsjónarmiðum sínum í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarfrv. með samvinnu við Framsfl. Framsfl. hafði allt önnur sjónarmið: lögþvingunarleiðina — og umfram allt sem mesta kauplækkun verkamanna.

Sjálfstfl. hins vegar hafði lært það mikið af sögu gerðardómsl., að honum skildist, að ekki væri til neins að ætla sér að leysa málið í fullri andstöðu við verkalýðssamtökin. Við hann náðist því samkomulag um þá afgreiðslu dýrtíðarfrv., sem nú er öllum kunn og að því leyti er í samræmi við sjónarmið Sósfl., að úr frv. voru þurrkuð öll lögþvingunarákvæði gagnvart verkalýðssamtökunum og að enga kauplækkun leiðir af þeim, fyrr en vísitalan verkar á launagreiðslurnar samkvæmt samningum launþegasamtakanna sjálfra. Enn fremur, að leitazt er við að leggja framtíðargrundvöll að verðmyndun landbúnaðarafurðanna og finna hlutfall milli verðs þeirra og kaupgjalds verkamanna með frjálsu og samhljóða samkomulagi fulltrúa neytenda og framleiðenda.

Einnig náðist samkomulag um, eins og áður er á minnzt, að af skattatekjum þeim, sem innheimtar verða samkvæmt l., skulu þrjár millj. ganga til endurbóta á alþýðutryggingunum. Enn fremur var leiðrétt það misræmi, sem áður var í l. um skattaívilnanir smáútgerðarinnar og þær gerðar hlutfallslega jafnar skattaívilnunum stórútgerðarinnar.

Þm. úr Sósfl. fluttu brtt. við dýrtíðarfrv., sem fól í sér ákvæði um afnám varasjóðshlunninda hlutafélaga, annarra en þeirra, sem sjávarútveg stunda, og að skilyrði fyrir hlunnindum þeirra hlutafélaga, sem sjávarútveg stunda, væri, að allt hið skattfrjálsa fé rynni í nýbyggingarsjóði þeirra. Enn fremur, að smáútgerðin nyti hlutfallslega sömu hlunninda með sömu skilyrðum, en að skattahlunnindin féllu hins vegar niður, þegar nýbyggingarsjóðirnir hefðu náð ákveðnu marki.

Reynslan sýndi, að ekki var unnt að fá þessi ákvæði inn í dýrtíðarl., svo að hagur væri að. Í fyrsta lagi vegna þess, að tillagan var stórskemmd við 3. umr. í neðri deild, þótt hún næði samþykki við aðra umr. En samtímis þurfti að tryggja framgang víðtækari breyt. á skattal., m. a. til að efla meir nýbyggingarsjóðina og búa tryggilega um þá. Þess var enginn kostur við afgreiðslu dýrtíðarfrv.

Í öðru lagi sýndi það sig, að ekki var hægt að fá viðunandi lagfæringar á dýrtíðarl., nema þau væru skilin frá skattal.

Lagfæringarnar á dýrtíðarl. náðu fram að ganga, 3 millj. voru lagðar til alþýðutrygginga án nokkurra kvaða, og felld voru niður tilmælin til verkalýðsfélaganna um 12% kauplækkun í maímánuði. Hins vegar varð ekki annað ráðið af umræðunum en að öruggur meiri hluti væri í þinginu fyrir þeim höfuðbreyt. á skattal. — út af fyrir sig —, sem Sósfl. vill fram koma, og því hættulaust að láta það bíða nokkra daga.

Það er því ofur skiljanlegt, þó að skattamálin yrðu að víkja í þessu sambandi að öðru en því, sem þurfti til að afla tekna vegna sjálfra dýrtíðarráðstafananna. Enda fór það svo. Og það er einmitt það atriði, sem Framsfl. þykist geta notað sem árásarefni á Sósfl. — og hefur hingað til a. m. k. getað notað til að veita útrás þeirri geysilegu heift, sem greip hann, þegar dýrtíðarfrv. fékk afgreiðslu án hans atbeina.

En af hverju stafar þessi heift Framsfl.?

Er það af því, sem hann segir, að skattamálin voru að mestu skilin frá afgreiðslu dýrtíðarfrv.? — Nei, það er ekki af því. Enn hefur **Alþ. setu, og Framsfl. veit** vel, að hann getur, hvenær sem hann vill, fengið þingmeirihluta fyrir nýjum skattal., til þess að taka stríðsgróðann af burgeisunum. ef hann jafnframt vill fallast á, að fénu, sem þannig kæmi inn, væri varið til raunhæfra, þjóðfélagslegra umbóta. Stríðsgróðamennirnir eru þess vegna alls ekki sloppnir — og sleppa ekki lengur en Framsfl. vill vera láta!

En það er annað, sem veldur heift Framsfl.

Ég gat þess áður, hvert hefði verið höfuðsjónarmið hans í viðræðunum um dýrtíðarfrv., þ. e. að fá fyrst og fremst kaup launþeganna lækkað. Framsfl. bjóst við að geta fengið Sjálf**stfl. til að samþykkja** þetta sjónarmið með sér

gegn verkalýðsflokkunum. Þess vegna lét hann samkomulagið við þá stranda. Og þegar verkalýðsflokkarnir í staðinn ná samkomulagi við Sjálfstfl. — án nokkurrar kauplækkunar — þá þykist Framsfl. illa hafa misst spóninn úr askinum sínum og lætur heiftina fá útrás í svívirðingum um Sósfl. — Og það er ekkert skorið utan af sneiðunum! — „Moskva-klíkan og Kveldúlfsklíkan fallast í faðma", segir Tíminn stórhneykslaður. — „Fella niður afnám sjóðshlunninda hjá gróðafélögunum . . ." „Verður ríkjandi skattastefna á þessu ári, að útsvör og skattar á flestum vinnustéttum stórhækka, en gróðamennirnir, heildsalar og stórútgerðarmenn, halda hlunnindum sínum óbreyttum". Og svo telur Tíminn upp með tárin í augunum nokkur hlutafélög, eins og Völund, h.f. Gamla Bíó, h.f. Eddu o s. frv., sem græði stórfé á þessum ólukku skattahlunnindum.

Já, það er ekki ofsögum sagt af því, hversu stríðsgróðamennirnir sleppa billega, og það er svei mér gott, að Tíminn og þá væntanl. Framsfl. líka er farinn að finna það! En einu gáir Framsfl. ekki að í þessu sambandi., og það er, að það er að hengja bakara fyrir smið að vera að hella svívirðingum yfir Sósfl. fyrir gildandi skattal. og hinar afleitu afleiðingar þeirra. Það vita sem sé allir, að Sósfl. hefur ekki átt nokkurn minnsta þátt í setningu þessara skattal. Hins vegar gortaði Framsfl. mikið af því á sínum tíma, að hann hefði notað sér pólitíska örðugleika Sjálfstfl. í sambandi við frestun bæjarstjórnarkosninganna í Reykjavík í ársbyrjun 1942 til þess að kúga Kveldúlfsvaldið til að fallast á þessi ágætu skattalög. Þann siguróð söng Framsfl. við raust, þangað til hv. þm. G.-K., Ólafur Thors, þáv. atvmrh., sá sér færi á að hrópa enn hærra út yfir landsbyggðina, í eldhúsdagsumræðum, ef ég man rétt: „Þetta eru skattalögin mín!" Svo eru þessi skattalög, sem allir „innangarðsmenn" þá vildu eiga, orðinn mesti smánarblettur á Sósfl., sem engan stafkrók í þeim á né vill eiga!

Nei, Framsfl. ætti ekki að láta heiftina hlaupa þannig með sig í gönur. Hann veit, að engu tækifæri þarf að vera sleppt, þótt skattamálin væru slitin úr tengslum við afgreiðslu dýrtíðarfrv. Og það er miklu hyggilegra af honum að taka upp alvarlegar viðræður við Sósfl. um gagngera breytingu skattal. og aðgerðir til þess að ná í stríðsgróðann og hagnýta hann til þjóðfélagslegra umbóta heldur en að eyða orku sinni og útgáfutækja sinna til að svívirða Sósfl. fyrir það, sem Framsfl. sjálfur hefur illa gert í þessum málum. Og síðustu daga skildist manni, að ekki væri loku fyrir það skotið, að Framsfl. sneri sér inn á þessa braut, þ. e. a. s. gengi til samstarfs við Sósfl. um lausn skattamálanna í stað ástæðulausra brigzlyrða. Fyrsta sporið hafði þegar verið stigið með því, að Sósfl., Alþfl. og Framsfl. hafa borið fram sameiginlega frv. um eignaaukaskatt.

Samkvæmt frv. þessu skal á árinu 1943 leggja sérstakan skatt á eignaaukningu, sem orðið hefur á árunum 1940, 1941 og 1942 og er umfram 80 þús. kr. hjá hverjum skattþegni, enda nemi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð. Skatturinn reiknast þannig:

Af 80—200 þús. kr. greiðist 20% af því, sem er umfram 80 þús. kr.

Af 200 þús. til 1 millj. greiðist 24 þús. af 200 þús. og 25% af afgangi.

Af 1 millj. greiðist 224 þús. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

Gert er ráð fyrir, að í reglugerð verði sett sérstök ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem með nafnskráningu verðbréfa. Áætlað er, að með skatti þessum muni nást allt að 20 millj. af stríðsgróðanum, og kveður frv. svo á að því fé skuli varið þannig: ⅓ gengur til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, ⅓ til raforkusjóðs, byggingar nýbýla og landnáms í sveitum og ⅓ til framkvæmdasjóðs ríkisins, en hann er ætlaður til endurnýjunar atvinnutækja og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar að lokinni þessari styrjöld.

Sósfl. vildi, að nokkru af þessu fé yrði varið til heilbrigðis- og menningarmála, þ. e. a. s. til byggingar sjúkrahúsa og skólahúsa, en um það fékkst ekki samkomulag.

Auk þess, að áðurnefndir þrír flokkar flytja sameiginlega þetta frv. um eignaaukaskatt, hafa farið orð á milli Framsfl. og Sósfl. um frekara samstarf að skattamálunum. Þannig barst Sósfl. hinn 16. þ. m. bréf, þar sem Framsfl. býður honum samkomulag um að flytja nú þegar á Alþ. frv. um nánar tilgreindar bráðabirgðabreyt. á skattal. og jafnframt samkomulag um að fylgja frv. fram með þeim mesta hraða, sem unnt er, þannig að það verði afgreitt sem lög fyrir þingfrestun.

Sósfl. svaraði þessu bréfi um hæl þannig: „Sósfl. hefur í undirbúningi tillögur um breyt. á skattal. og um stríðsgróðaskatt, og fjalla þær meðal annars um afnám varasjóðshlunninda, að svo miklu leyti sem sjóðunum er ekki varið til nýbygginga, og um eflingu og tryggingu nýbyggingarsjóðanna. Eru þar í þau aðalatriði um þetta efni, sem áður hafa fram komið af hálfu flokksins og hann telur nauðsynleg, auk nokkurra víðtækari breytinga. — Vér munum sýna yður þessar tillögur, jafnskjótt og þær eru tilbúnar, og þætti mjög æskilegt, að samvinna gæti tekizt við yður um þær og að þeim yrði hraðað svo, að hægt yrði að afgreiða málið, áður en þ. verður frestað".

Eins og þessi bréfaskipti bera með sér, hefur Framsfl. þrátt fyrir kastið, sem hann fékk út af afgreiðslu dýrtíðarfrv., nú viðurkennt, að enn sé tækifæri til að gera nauðsynlegar breyt. á skattalöggjöfinni, og hafði Sósfl. vænzt þess, að samstarf tækist um þetta nú í byrjun þessa þings. En nú hefur Framsfl. aftur sýnt sitt rétta andlit.

Að sjálfsögðu er Sjálfstfl. hið mesta kappsmál, að breytingar á skattal. nái ekki fram að ganga nú þegar, því að ef tekst að draga það, þó að ekki sé nema fram á haustið, eru stríðsgróðamennirnir sloppnir við hina nýju álagningu á tekjur þeirra árið 1942. Sjálfstfl. beitir sér þess vegna fyrir því, að Alþ. sé frestað nú þegar, áður en tími vinnst til að afgreiða skattafrv., og formaður Framsfl. hefur nú lýst yfir því, að flokkur hans fallist á þessa kröfu Sjálfstfl. um tafar-

lausa þingfrestun, þ. e. a. s. Framsfl. er reiðuþúinn að gera það fyrir stríðsgróðamennina að hlaupa frá skattafrv. óafgreiddum, svo að þeir geti bjargað stríðsgróða sínum frá síðasta ári. Framsfl. ræðst heiftarlega á Sósfl. fyrir að sleppa skattamálunum í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarfrumvarpsins, þótt ekki væri þá hægt að ná samkomulagi við hann um sameiginlega lausn þeirra mála. Síðan viðurkennir Framsfl., að enn sé tími til að leysa skattamálin, og tekur þátt í að bera fram frv. um þau. En þegar á skal herða, hleypur hann frá öllu saman af hlíf við stríðsgróðamennina. Þannig lýsir Framsfl. sjálfum sér með starfsháttum sínum.

Tillögur Sósfl. í skattamálunum, sem hann nú hefur lagt fram frv. um, eru í fáum orðum þessar:

Felld séu niður varasjóðshlunnindi hlutafélaga, annarra en þeirra, sem sjávarútveg stunda. Hlutafélög, sem stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, svo og einstaklingar og sameignarfélög í þessari atvinnugrein, geta hins vegar fengið ⅓ af hreinum tekjum sínum skattfrjálsan, ef þau leggja þann hluta allan í nýbyggingarsjóð. Nú er nýbyggingarsjóður orðinn jafnhár hæfilegu vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns að dómi ríkisskattan. eða sjóðurinn er orðinn 2 millj. kr., og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingarsjóð þá eigi nema hærri upphæð en 1/6 af hreinum tekjum félagsins. Þessi takmörkun á skattfrjálsu nýbyggingarsjóðsframlagi skal þó ekki koma til greina, fyrr en sjóðurinn er orðinn 200 þús. kr.

Heimild, sem nú er í skattal. til þess að nota fé nýbyggingarsjóðs í taprekstur, verði felld niður. Enn fremur sett ákvæði um það, að ef skattþegn verður gjaldþrota, skal nýbyggingarsjóður hans ekki renna til þrotabúsins, heldur í sérstakan sjóð, sem Sósfl. leggur til, að stofnaður verði, og nefnist hann: Hinn almenni nýbyggingarsjóður.

Allur sá skattur, sem verða kann vegna slíkra laga, af tekjum þeirra skattþegna, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, — þ. e. a. s. sá aukni skattur, sem þessir aðilar greiða, þegar nýbyggingarsjóður þeirra færi fram úr áðurgreindu hámarki, skal renna í þennan almenna nýbyggingarsjóð.

Sá hluti skattaukans, sem inn kemur af tekjum skattþegna í hverju bæjar- og sveitarfélagi, skal vera séreign viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags í sjóðnum. Einnig verður séreign viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það fé, sem í sjóðinn rennur við gjaldþrot skattþegns, sem nýbyggingarsjóð hefur átt, samkv. því, sem áður segir.

Fé þessa sjóðs má aðeins nota til endurnýjunar fiskiflotans.

Allar aðrar skatttekjur, sem leiddi af framkvæmd till. þessara, þ. e. vegna afnáms varasjóðshlunninda almennra hlutafélaga, ætlast Sósfl. til, að gerðu ríkissjóði kleift að lækka eða afnema tolla af almennum neyzluvörum, aðkeyptum vörum, sem sjávarútvegurinn þarf til framleiðslu sinnar, og efni til skipasmíða. Ef fé yrði afgangs frá þessu, rynni það í Framkvæmdasjóð ríkisins.

Þá vill Sósfl. hækka að miklum mun persónufrádráttinn til þess þannig að lækka skatta lágtekjumanna.

Ef þessar till. Sósfl. næðu fram að ganga, mundu þær í fyrsta lagi hafa í för með sér stórkostlega aukningu á nýbyggingarsjóðum útgerðarinnar, þar sem hið skattfrjálsa framlag rynni allt í nýbyggingarsjóðina, í stað þess að samkvæmt núgildandi l. skal aðeins helmingur þess ganga til nýbygginga. Enn fremur hækkar skattfrjálst framlag smáútgerðarinnar úr 1/5 í 1/3, og rynni það einnig allt í nýbyggingarsjóði. Við þetta bætist svo Hinn almenni nýbyggingarsjóður, samkv. því, sem áður segir, og yrði með öllu þessu séð miklu betur fyrir endurnýjun fiskiflotans en nokkru sinni fyrr.

Þá yrði einnig með þessum tillögum tryggt, svo sem verða má, að allir nýbyggingarsjóðir yrðu eingöngu notaðir til að endurnýja skipastólinn — og til einskis annars —, og er það mest um vert.

Þá er með till. stefnt að því að gera ríkissjóði kleift að lækka tolla á nauðsynjavörum, vörum til útgerðarinnar og efni til skipasmíða, draga þannig úr dýrtíðinni og bæta starfsskilyrði útgerðarinnar. Fé til þessa væri eingöngu tekið af skattþegnum, sem tekið hafa stórgróða af öðru en útgerð og notið hafa sérstakra skattahlunninda til þessa.

Tillögurnar fela einnig í sér, að þegar auðug gróðafélög hafa safnað mjög stórum sjóðum, þá sé takmörkuð einkaeign þeirra á þessum fjármunum, sem orðið hafa til vegna stríðsgróða. Hins vegar er með stofnun hins almenna nýbyggingarsjóðs, sem á að vera almenningseign, séð fyrir því, að þessar takmarkanir verði ekki til þess, að minna fé sé lagt til nýbyggingar fiskiflotans — nema síður sé. Rétt þykir, að þessi almenni nýbyggingarsjóður skuli vera eign þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem skatturinn er á lagður, til þess að hann geti fyrst og fremst orðið á þeim stöðum á landinu, þar sem menn byggja mest afkomu sína á útgerð. Með því er hins vegar engu slegið föstu um opinberan rekstur á útgerð í framtíðinni, heldur aðeins verið að tryggja, að fiskiskip og framleiðslutæki fyrir sjávarútveginn verði smíðuð fyrir féð, og má síðar fá þau í hendur einstaklingum eða félögum, ef hentara þykir.

Sósfl. hefur ekki einn út af fyrir sig, eins og kunnugt er, atkvæðamagn í þinginu til að koma fram þessum eða öðrum umbótamálum. Reynslan, sem hann til þessa hefur af samstarfsmöguleikum við Framsfl., er ekki glæsileg. Varla nokkurri umbótatill. Sósfl. hefur Framsfl. fengizt til að fylgja, heldur stritazt á móti í stöðugri viðleitni til að stilla hvorum gegn öðrum: Hagsmunum sveitafólksins og alþýðunnar við sjávarsíðuna.

En eftir þann hávaða, sem Framsfl. nú hefur gert út af því, að skattamálunum var að mestu sleppt við afgreiðslu dýrtíðarfrv., verður að vænta þess, að Framsfl. láti ekki á sér standa að afgreiða skattamálin á viðunandi hátt, — og ættu þá verulegar umbætur í því efni að vera tryggðar.

En hvernig sem það kann að fara, mun Sósfl.

halda áfram baráttu sinni fyrir ýmiss konar þjóðfélagslegum umbótum og bættum kjörum alþýðunnar til sjávar og sveita. Og í þeirri baráttu mun hann án allra hleypidóma gera bandalag við hvern þann flokk og hvert það afl, sem hverju sinni vill ljá góðum málstað lið.

Slík barátta flokksins fyrir þjóðfélagslegum umbótum miðast þó engan veginn við það, að varanleg lausn vandamálanna um sambúð þjóðfélagsþegnanna rúmist innan ríkjandi þjóðskipulags, heldur aðeins við hitt, að gera alþýðu manna lífið lítið eitt bærilegra í þessu þjóðskipulagi, unz skilyrði eru sköpuð til að afnema það og byggja upp annað betra.

Forseti (GSv): Hv. 4. landsk. þm. hefur lokið máli sínu, og tekur þá til máls af hálfu ríkisstj. hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu að svara ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, en mun þó drepa á nokkur atriði. Viðvíkjandi ummælum hv. 3. þm. Reykv. um flugvöllinn, þá eru þau rétt, en þetta var fært svona til bráðabirgða í fjárl.

Þá minntist þessi hv. þm. einnig á alþingiskostnaðinn. Mér láðist að geta þess, að í kostnaðinum er innifalinn allur kostnaður við aukaþingið, sem nú er nýlokið.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, þá verð ég að segja, að mér finnst það koma úr hörðustu átt hjá þm., sem vildi ekki fresta þingi til hausts, að ráðast á ríkisstj. fyrir þetta fjárlagafrumvarp.

Það varð úr, að Alþ. skyldi koma saman 15. apríl í síðasta lagi, og öllum hv. þm. er ljóst, að ógerlegt er að semja fjárlagafrv. fyrir árið 1944, svo að nokkurt vit sé í. Ég lýsti yfir því, að frv. hefði verið lagt fram til þess að fullnægja ákvæðum stjskr., en ég lýsti enn fremur yfir því, að ríkisstj. hefði óbundnar hendur til þess að breyta því.

Þrátt fyrir allt þetta hefur hv. þm. Ísaf. skap í sér til þess að ráðast á ríkisstj. og reyna að sýna fram á, hversu ómegnug hún sé að semja fjárlagafrv. Sami hv. þm. deildi einnig á ríkisstj. fyrir framkvæmd verðlagseftirlitsins. Sú framkvæmd þarf mikinn undirbúning á öllum sviðum, en þrátt fyrir það hefur verið sett hámarksverð í ýmis konar greinum, t. d. á rafmagnsvörur, vinnu í vélsmiðjum og þar að auki á veitingar og greiðasölu, og nú næstu daga verður sett hámarksverð á saumaskap allan. Áður var fyrir hámarksálagning á skömmtunarvörum, vefnaðarvörum og ýmsum öðrum vörum. Það er auðvelt að saka aðra um seinláta framkvæmd þessara mála, en ég er ekki viss um, að hv. þm. (FJ) mundi fara skjótlegar né betur úr hendi framkvæmdin en þeim mönnum, sem nú starfa að þeim með samvizkusemi og dugnaði.

Þessum sama hv. þm. (FJ) virðist ekki liggja neitt betur orð til ríkisstj. nú en var við fjárlagaumr. í vetur. Þá fann hann stj. allt til foráttu. En nú sakar hann hana aðallega um það, að hana skorti „leikni hinna æfðu stjórnmálamanna." Ég efast ekki um, að það sé mjög sorgleg staðreynd í augum þessa hv. þm. En framkvæmdin verður að skera úr því, hvort góður og eindreginn vilji ríkisstj. til að vinna þjóðinni gagn getur vegið á móti skorti þeirra hæfileika, sem hv. þm. (FJ) virðist telja nauðsynlega innan þessara sala.

Forseti (GSv): Þá hefur hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, lokið máli sínu, og er þá þessum útvarpsumræðum lokið.

Þessari 1. umr. fjárl, er frestað, og verður þá leitað atkv. til þess að vísa frv. til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en nýtt fjárlfrv. var lagt fyrir þingið eftir þinghlé.

—o—

2. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 7. fundi í Nd., 6. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 1. febr. 1936, um breyt. á l. nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (stjfrv., A. 35).

Á 12. fundi í Nd., 9. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Af því að hæstv. atvmrh. er að sinna öðrum málum í Ed., ætla ég að fylgja frv. úr garði með fáum orðum. Eins og hv. þd. er kunnugt, er svo fyrir mælt í l. um fólksflutninga með bifreiðum, að eigi megi veita sérleyfi á sunnudögum nema á sumum leiðunum. Nú hefur komið í ljós, að óheppilegt er að hafa þetta í l., þar eð enginn aðili er til, sem skyldur er að sinna fólksflutningum á sunnudögum til þeirra staða, sem undan eru þegnir, eins og t. d. Þingvalla, svo að mönnum er oft ókleift að komast til þessara staða eða frá þeim, ef þeir eiga ekki farartæki sjálfir. Því er lagt til, að þetta ákvæði sé fellt úr l.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

3. Áfengisverzlun og tóbakseinkasala.

Á 27. fundi í Nd., 5. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sameining Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins (stjfrv., A., 124).

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég gat þess við umræðu um fjárlögin í vetur, að æskileg væri sameining þessara stofnana. Nú leggur ríkisstj. fram frv. þessu viðvíkjandi, þar eð hún telur, að sameining þeirra muni spara ríkissjóði mikið fé. Áfengisverzlunin mun bráðlega þurfa á nýju húsnæði að halda, og þegar hafizt yrði handa um byggingu þess, væri æskilegt, að þessi sameining hefði átt sér stað. Það er meðfram með þetta fyrir augum, að ég fer fram á að fá þessa heimild.
Að öðru leyti sé ég ekki þörf á að ræða þetta frekar, en mælist til, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

——o——

4. Fjárhagsár ríkisins.

Á 34. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um fjárhagsár ríkisins (stjfrv., A. 211).

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að breytt verði fjárhagsári ríkisins á þann hátt, að í stað almanaksársins, frá 1. jan. til 31. des., skuli fjárhagsárið vera frá 1. júlí til 30. júní.
Það er dálítið einkennilegt, að fyrsti landsreikningurinn, 1873, er frá 1. apríl til 31. des., en þá hefur fjárhagsár danska ríkisins verið — sem nú — frá 1. apríl til marzloka. Síðan virðist því ekki gefinn neinn gaumur, en fylgt almanaksárinu, og sýnast það vera gamlar leifar, sem við höfum byggt á. Þetta verður meira áberandi, þegar við aðgætum, hversu óeðlilegt er, að fjárhagsár okkar sé almanaksár, samkv. þeim reglum, sem farið er eftir, að leggja fjárl. fram tíu mánuðum áður en fjárhagsárið byrjar.
Ég þarf ekki hér að lýsa því, hversu miklir erfiðleikar það eru að gera áætlanir um ríkisrekstrinn tíu mánuðum áður en þær eiga að koma til framkvæmda, ekki sízt á öðrum eins tímum og nú. Ef að því er horfið að breyta fjárhagsári ríkisins á þann hátt, sem hér er farið fram á, þá er það fyrst að athuga, að með þinghaldi á sama tíma og nú er getur Alþ. gengið frá fjárl. fyrir næsta ár einum til tveim mánuðum áður en þing byrjar. Þar að auk gæti þingið haft við höndina ríkisreikninga fjárhagsársins á undan, endurskoðaða, í stað þess, að nú eru erfiðleikar á því að hafa þá við höndina. Þetta má segja, að geri nokkrar breyt. fyrir bókhald ríkisins og ríkisstofnana í eitt skipti, en ég tel þau óþægindi svo lítil í samanburði við þann kost, sem þessi breyt. mundi hafa, að ekki sé í það horfandi.
Það getur ekki verið af handahófi, að fjárhagsár flestra annarra landa eru ekki almanaksár, t. d. frá 1. apríl í Bretlandi og Danmörku og frá 1. júlí í Bandaríkjunum, Noregi og Svíþjóð. Það hefur sem sagt komið á daginn, að þau hafa fundið, að það var ekki heppilegt að hafa fjárhagsárið sama og almanaksárið.
Ég hef svo ekki mál mitt lengra, en leyfi mér að vísa málinu til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 401, en frv. var ekki tekið á dagskrá framar.

——o——

5. Tekjuöflun vegna dýrtíðarráðstafana.

Á 40. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um tekjuöflun vegna dýrtíðarráðstafana (stjfrv., A. 606).

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af ríkisstj. og fjallar um tekjuöflun vegna dýrtíðarráðstafana.
Ég hygg, að í sambandi við fjárl. verði gerð samþykkt um verðlagsuppbætur vegna útfluttra landbúnaðarafurða, en ekki gert ráð fyrir neinu fé til dýrtíðarráðstafana. Það verður því ekki hjá því komizt að afla nýrra tekna í því skyni, og því er þetta frv. fram komið.
Það er ljóst að frv. hlýtur að skipta þm. í tvo flokka eftir því, hvort þeir eru með eða móti því að gefa dýrtíðinni lausan tauminn. Ég efast um, þótt sumir láti hátt gegn þessum ráðstöfunum, að þeir mundu samt ekki hika við, áður en þeir létu slíkar ráðstafanir niður falla og slepptu dýrtíðinni lausri.
Mér er ljóst, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, er á móti stefnu þeirra, sem eingöngu vilja beina skatta. Menn hefur greint á um það og gerir enn, og er ekkert við því að segja. Fyrir skömmu var flutt frv. í Ed. af tveimur hv. þm. um að afla fjár í sama skyni og þetta frv. fer fram á. Þetta frv. var fellt. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel, að sú tekjuöflunarleið, verðlækkunarskattur, hefði verið heppilegri en þessi.

Þess vegna álít ég, að þetta sé frekar neyðarúrræði, sem verði þó ekki hjá komizt.

Ég skal geta þess, að eins og þetta frv. er orðað, hefur stj. vald til að undanþiggja vissar nauðsynjavörutegundir þessu gjaldi. Tekjur af þessu frv. eru áætlaðar um 7 millj. kr., þ. e. a. s., að innflutningsgjaldið skili 4 millj. kr., en skattaaukinn 3 millj. kr.

Ég tel svo ekki þörf að fjölyrða um þetta frekar, en vil bera fram þá ósk, að fjhn. beggja d. fjalli um frv. í sameiningu og að þær gætu skilað áliti sínu annað kvöld, vegna þess að mjög er liðið á þingtímann, og munu flestir óska, að ekki verði langt að bíða þingslita.

Einar Olgeirsson: Ég veit ekki, hvort hv. fjmrh. ætlast til þess, að frv. þetta geti gengið svo glatt í gegnum þingið, að n. úr báðum d. vinni sameiginlega að afgreiðslu þess og ljúki henni af fyrir annað kvöld. Ég veit ekki, hvort hann ætlast til þess, að þingið sé orðið svo beygt, að það taki á móti annarri eins sendingu og það fær hér án þess að berjast um hana eins og frekast er hægt.

Hæstv. ráðh. sagði, að í ráði væri að fara að slíta þingi. Það var lögð fram í gærkvöld till. frá meiri hl. fjvn. um 10 millj. kr. útgjöld í sambandi við fjárl. Meiri hl. fjvn. hefur ekki séð ástæðu til að koma fram með slíka till. við 2. umr. og ekki heldur séð ástæðu til þess, meðan verið var að ræða málið almennt, heldur síðasta daginn, sem n. er að vinna að málinu í sambandi við 3. umr., til þess að sjá svo um, að ekki sé hægt að ræða þessa 10 millj. kr. till. nema á einum næturfundi. Og síðan á að knýja í gegn frv. eins og þetta, sem heimilar stj. að leggja 2% gjald á allar vörur, sem fluttar eru inn í landið, svo sem rúgmjöl og hveiti og hvað annað, sem vera skal, til þess að fá fé upp í þessar 10 millj. Og í sömu andránni talar hæstv. fjmrh. um, að nú þurfi að fara að slíta þingi, nú sé um að gera að flýta sér, þegar þessi mál koma fram, ganga frá þeim á einum degi, segja já og amen í snarheitum og hverfa heim sem skjótast. — Ég veit ekki, hvort menn búast við, að slíku verði tekið með þökkum og að þetta frv. gangi áfram, án þess að komi til snarprar baráttu um það hér á þingi. Það hefur verið barizt í n. og deilt í d. um dýrtíðarráðstafanir, sem hafa þó ekki verið eins bölvaðar og þessar.

Það hafa nýlega verið samþ. hér á þingi till. um að heimila stj. að lækka tolla á nauðsynjavörum og minnka þar með dýrtíðina raunverulega. Hér er farið fram á heimild til að hækka tolla. Dettur hæstv. fjmrh. í hug, að hann sé þar með að berjast á móti dýrtíðinni? Við erum að enda við að samþ. heimild handa stj. til að lækka dýrtíðina með því að lækka tolla, og strax á eftir, þegar fram kemur frv. um að hækka tolla, þá ætlast hæstv. fjmrh. til, að það sé gert til að standa straum af dýrtíðinni, berjast á móti dýrtíðinni. Þessar ráðstafanir eru beinlínis til að auka dýrtíðina, og það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að segja, að menn skiptist hér í tvo flokka eftir því, hvort þeir séu með eða móti dýrtíðinni. Þessar ráðstafanir eru aðeins til að auka dýrtíðina. Það á að auka hana með því að svindla um leið á launþegum. Það á að lækka vísitöluna, falsa hana, en gera kjör launþega verri en áður. Það á að hækka tollana, auka skattana á þeim, sem minnstar hafa tekjurnar, og síðan á að nota féð til að kaupa niður verðið á landbúnaðarafurðum. Og afleiðingin af þessu verður sú, að það verður tekið meira af launþegum í hækkuðum tollum og auknum sköttum en þeir fá aftur í lækkuðu verði á landbúnaðarafurðum, ef þeir þá fá þær. Ég vil spyrja hæstv. stj., sem segir, að verið sé að kaupa niður verð á smjöri: Hvar er þetta smjör, sem verið er að kaupa niður? Hver borðar það? Hver kaupir það? Hvað kostar smjörið á svörtum markaði í Reykjavík nú? Það kostar 25 krónur eða þar yfir. Þetta þýðir það, að launþegar verða að borga svo og svo mikið í ríkissjóð til að kaupa niður verð á vöru, sem þeir síðan fá ekki að kaupa.

Ég held, að ekki verði komizt hjá því í sambandi við þetta mál að taka alvarlega til athugunar, hvað í þessu felst og hvað hæstv. stj. ætlast fyrir í þessum málum. Við höfum ekki heyrt nein mótmæli frá hæstv. stj. í sambandi við 10 millj. till., sem kom fram í gær, en nú fáum við að heyra, að svo framarlega sem tollar á almenningi verða ekki hækkaðir, þá sé maður að sleppa dýrtíðinni lausri. Það má ofbjóða öllu, sem heitir rök, með þess háttar tali. Nei, það er nauðsynlegt, að við gerum okkur ljóst, að hverju hæstv. stj. virðist stefna með till. eins og þessari. Það á að hækka tollana, en það þýðir að auka dýrtíðina. Það á að kaupa niður verð á landbúnaðarafurðum, en það er eina aðferðin, sem hæstv. stj. vill beita, til að kaupa niður vísitöluna til hagsbóta fyrir stóratvinnurekendurna á kostnað launþeganna. Þetta þýðir aukning dýrtíðarinnar, svarta markaði í stórum stíl og lækkun á þeim launum, sem launþegar fá útborguð, til þess að spara fyrir atvinnurekendurna. Hér er því alls ekki barátta fyrir því að lækka dýrtíðina, heldur vísitöluna.

Á síðasta þingi voru samþ. l. um dýrtíðarráðstafanir. Þar var m. a. verðlækkunarskattur, sem átti að verja til þess að halda dýrtíðinni niðri til hausts, þangað til útséð væri, hvernig samningar gengju milli neytenda og bænda, og meðan stj. og flokkarnir væru að athuga þessi mál. Það var eðlilegt að gera slíkt sem bráðabirgðaráðstöfun, meðan verið var að finna nýjar leiðir. Hitt er annað mál, hvort rétt sé að halda þessum leik áfram, gera þetta bráðabirgðaástand að varanlegu ástandi, kasta milljónum úr ríkissjóði til að borga niður dýrtíðina. Með þessu er verið að leika blindingsleik hjá þjóðinni, binda fyrir augu hennar, svo að hún sjái ekki þá hættu, sem yfir vofir. Það er verið að vefa dýrt bindi til að loka augum þjóðarinnar, svo að hún horfist ekki í augu við erfiðleikana. Það er verið að ausa og ausa í staðinn fyrir að gera við gatið á bátnum. Þessum blindingsleik vill hæstv. stj. halda áfram. Ég get skilið afstöðu hæstv. stj. í þessu máli. Hún álítur, að það sé sitt hlutverk að bíða og bíða, halda hlutunum gangandi að einhverju leyti með milljónakostnaði, þangað til þingflokkarnir og þjóðin geti

áttað sig á málunum. En ég vil spyrja hæstv. stj.: Er hún ekki með því að halda þessum austri áfram að hindra, að þing og þjóð átti sig á, út í hvaða ongþveiti er komið? Væri ekki betra, að þing og þjóð fengju að reka sig á? Ég trúi því, að meðal þings og þjóðar séu menn, sem væru færir um að finna leið út úr erfiðleikunum. Það er miklu ódýrara fyrir þjóðina að reka sig á snemma en láta binda fyrir augu sér með því að halda þessum milljónaaustri áfram og halda við sama öngþveitinu án þess að hafast nokkuð að annað en eyða peningum til ráðstafana, sem ráða enga bót á vandræðunum. Með hverjum mánuðinum, sem líður, er eytt á þennan hátt stórfé, sem verja mætti til að ráða fram úr dýrtíðinni á varanlegan hátt, ef því væri varið skynsamlega. Sumir hugsa kannske sem svo, að það sé gott að hlífa þinginu við þessu. Slík vatnsgrautarmiskunnsemi er ekki æskileg. Það er miklu betra að láta þingið reka sig á. Þetta er aðeins blóðtaka fyrir þjóðina. Við erum með þessu að kaupa okkur dýrum dómum frá því að horfast í augu við þetta mál, og hæstv. stj. finnst heppilegast að kaupa þing og þjóð frá að leysa þetta mál á kostnað verkalýðsins í landinu. Við vitum allir saman, að samþykkt l. eins og þessara er ekki til neins, hvað dýrtíðina snertir, nema bara til að auka hana. Þetta er aðeins bráðabirgðalausn, sem er dýr, sérstaklega fyrir alþýðuna í landinu, og hún er sérstaklega óréttlát vegna þess, að hún skapar þennan bráðabirgðafrest á kostnað þeirra, sem verst hafa kjörin. Og meðan olíuhringarnir, eins og upplýst hefur verið, hafa tveggja millj. kr. gróða á einu ári, er verið að kvarta yfir dýrtíð og sjávarútvegurinn eigi í erfiðleikum, og farið fram á að hækka tolla á nauðsynjavörum. Hvers vegna velur hæstv. stj. þessa leið? Við þurfum ekki að telja okkur trú um, að ekki séu til aðrar leiðir eða möguleikar til að fara þær leiðir. Ég benti áðan á, að við hefðum verið að samþ. heimild til að lækka tolla. Það er vitað, að það er hægt að vinna allmikinn bug á dýrtíðinni til frambúðar með þeim hætti. Með afnámi tolla á nauðsynjavörum lækkar dýrtíðin raunverulega og vísitalan þar með, og það mundi skapa svo mikla ánægju meðal launþega, að miklu hægara yrði á eftir að semja við þá um slík mál. Þessu hefur hæstv. stj. ekki viljað sinna. Hvað eftir annað hafa komið fram tilmæli um það, en hæstv. stj. vill ekki fara þá leið, sem er til raunverulegrar lækkunar á dýrtíðinni og alþýðunni til góðs.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að spyrja, hvernig það sé á einu sviði, viðvíkjandi verðlækkun á aðfluttum vörum. Hvað hefur hæstv. stj. raunverulega gert til þess að knýja niður verð á þeim vörum og minnka þar með þann mikla gróða, sem vitað er, að á þeim er? Það er opinbert leyndarmál í þessu landi, að megnið af heildsölunum, sem innflutninginn hafa með höndum, og kannske aðrir líka, svíkja stórkostlega skatt með því að ná gróða sínum úti í Bandaríkjunum. Ef ein stj. hefði ætlað að gera raunverulega tilraun til að komast fyrir, hvernig ástandið er raunverulega í innflutningnum, þá hefði hún, a. m. k. um nokkurt skeið, prófað að taka innflutninginn í sínar hendur og athuga um leið þessi innkaup, hvernig þau eru. Hún hefur heimild til að koma á um nokkurra mánaða skeið landsverzlun á þessum vörum til að rannsaka, hvernig er um þessi innkaup, hvort þau eru rétt. Við vitum, að það gengur um bæinn, að það séu gefnar út falskar faktúrur yfir vörur, sem fluttar eru til landsins. Þetta er fullkomin ástæða til að rannsaka. Ég veit, að hæstv. fjmrh. muni vera því kunnugur, hvernig það muni vera um innflutning til landsins. Ég vildi gjarnan, að hann léti í ljós skoðun sína um það, hvort hann heldur, að heildsalarnir hafi engan annan gróða af innflutningnum en þann, sem samkvæmt verðlagsákvæðunum er heimill. Við vitum, að um allan heim hafa ríkisstj. í stórum stíl tekið verzlunina og atvinnureksturinn í sínar hendur, þegar þjóðirnar hafa verið í nauðum staddar, og sú stj., sem hér situr nú, hefur sannarlega ekki látið undir höfuð leggjast að brýna fyrir þjóðinni í ræðum, sem hún hefur haldið til þjóðarinnar, í hvaða hættu þjóðin væri stödd. Hún hefur reynt að gera okkur ljóst, að við værum raunverulega í stríði, í stríði um það að vernda atvinnulíf okkar og fjárhag, svo að ekki færi allt í kaldakol og við biðum ósigur.

Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh.: Er það álit hans, að í viðskiptamálum við útlönd hafi verið gert allt, sem hægt hefur verið, til að minnka dýrtíðina í landinu? Í sambandi við innflutninginn á einni einustu vörutegund, sem við af tilviljun fáum að heyra um, af því að einum innflytjandanum þykir ráðlegt að storka ríkisstj., í sambandi við innflutninginn á olíu, fær Alþingi þær upplýsingar, að á þessari bráðnauðsynlegu vöru, sem tvö til þrjú auðfélög hafa með höndum, taka þau gróða, sem nemur svo að millj. kr. skiptir á einu ári. Er hæstv. stj. þess fullviss, að ekki sé svipað á neinu öðru sviði, að ekki sé svipaður gróði hjá heildsölunum á neinni vöru nema þessari einu og þetta, sem olíuhringarnir hafa gert, sé algert einsdæmi og svona lagað eigi sér hvergi stað annars staðar? Ég býst ekki við, að þjóðin sé sannfærð, heldur tortryggin á þessa hluti og búist við, að svipaður gróði geti verið á fleiri sviðum.

Þá er annað, sem athuga verður í sambandi við þetta. Þegar hæstv. stj., rétt eftir að hún settist í valdastólana, kom fram fyrir þingið með sínar fyrstu raunhæfu ráðstafanir í sambandi við dýrtíðarmálið, stöðvun verðhækkunarinnar, var vakin eftirtekt hennar á því, að það mundi þurfa annað og meira en gefa út ákvarðanir, l. og reglugerðir, það mundi þurfa að sjá svo til, að menn smeygðu sér ekki undan þessum boðum, hvorki í atvinnulífinu né viðskiptalífinu. Það var vakin eftirtekt hennar á því, að hætta væri á, að einstakar vörutegundir hyrfu af markaðinum, og þó að halda ætti verðinu niðri, þá væri það ekki nema í orði kveðnu, því að þær yrðu keyptar miklu dýrar. Það hefur líka sýnt sig, að hér er rekinn svartur markaður í stórum stíl með þær vörur, sem hámarksverð er sett á. Hvernig er það um smjör hér í Reykjavík? Fáist það, þá kostar það 25 krónur. Hvernig

er það um íslenzkar kartöflur? Er ekki rekin leynisala með þær vörur, sem skortur er á? Á stríðstímum, þegar skortur er á vörum, er í öllum löndum tekin upp regla, sem heitir skömmtun. Sú regla er alls staðar viðurkennd, þegar skortur er á nauðsynjavörum. Beitir hæstv. ráðh. þeim aðferðum, sem þarf til að fá alla framleiðslu á þessum vörum í sínar hendur og skammta hana síðan, svo að eitt gangi yfir alla? Er ekki nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir í þessu sambandi, þegar ríkið er að skipta sér af þessum málum, að þessar vörur komi að sem mestum notum og allir fái þó eitthvað, en ekki aðeins þeir, sem hafa góð sambönd við einstaka menn eða við þá, sem ráða viðkomandi samtökum, og þeir geti alltaf haft smjör á borðum, en kannske barnflestu fjölskyldurnar fái aldrei annað en óætt makarín. Sósfl. benti á þegar í upphafi dýrtíðarinnar, að nauðsynlegt mundi verða að skammta vissar tegundir af landbúnaðarvörum. Þessu hefur aldrei verið sinnt. En það lítur út fyrir, að það sé ekki fólkið, sem verið er að hugsa um, ekki börnin, sem eiga líf og heilsu undir því, að þau fái það, sem þau þurfa með, heldur er það tala, það er vísitalan.

Þetta getur ekki gengið til lengdar. Það er ómögulegt annað en hæstv. stj. sjái, að þetta getur ekki valsað svona áfram. Ef hæstv. stj. stendur með því, að nota eigi svo að millj. kr. skiptir til stórbændanna í landinu, sem hafa meira en þær meðaltekjur, sem mönnum í bændastétt er ætlað, ef stj. stendur með því og fer svo fram á að fá þetta fé með því að leggja tolla á nauðsynjavörur til að hækka dýrtíðina og lækka vísitöluna, þá getur verið, að barátta verði um þessi mál, áður en yfir lýkur.

Það hefur ekki vantað, að verkamannastéttirnar í þessu landi vildu gera ríkisstj. mögulegt að starfa, og það hefur ekki skort á samvinnuhug frá þeim, ef til þeirra hefði verið skotið málum. Verkamannastéttirnar höfðu þó valdaaðstöðu til að hækka grunnkaup sitt á s. l. ári, en þær hafa ekki gert það, ekki viljað valda erfiðleikum, heldur þvert á móti viljað samstarf um lausn málanna á réttlátan hátt og sýnt öðrum vinnandi stéttum fulla sanngirni. Afstaða ríkisstj. hefur samt verið sú að hundsa þessa stétt í öllum málum, sem til gæti komið, að hún gæti haft áhrif á. Það hefur „systematiskt" af hálfu ríkisstj. verið gengið fram hjá verkamannastéttinni, þegar skipaðir hafa verið menn í nefndir eða stjórnir, sem hafa ráðið í málum, er öll framtíð verkamannastéttarinnar veltur á. Ríkisstj. sá svo til, að í verðlagsráði var enginn fulltrúi frá verkamannastéttinni, til þess að hún hefði engan möguleika til að sjá í skíru ljósi, hvernig heildsalagróðanum og svindlinu er háttað. Það var vakin athygli ríkisstj. á þessu þá, en allt kom fyrir ekki. Það var hundsað, en eftir hinu var munað, að þeir, sem hafa sjálfir innkaupin með höndum, ættu fulltrúa í ráðinu.

Við höfum gert okkur vonir um í sambandi við þátttöku Íslands í þeirri alþjóðlegu hjálparstofnun, sem á að rísa upp og er eitthvað stórfelldasta hagsmunamál almennings, sem komið hefur fram öldum saman, að þeir, sem helzt hefðu hagsmuna að gæta og málið snerti mest, ættu þar fulltrúa. Nei, en hins vegar vantaði það ekki, að yfirstéttirnar í þjóðfélaginu voru öruggar um að eiga þar sína fulltrúa.

Það hefur verið farið fram á það við ríkisstj., þegar fjallað hefur verið um stærstu atriðin í afkomu þjóðarinnar — eins og það að ákveða verð á vörum úti um land —, að fiskimenn og sjómenn fengju sína fulltrúa, en við það hefur ekki verið komandi. Alþýðusambandið hefur engan mann útnefnt þar. Þar sitja enn fulltrúar frá þjóðstjórnartímanum, og við það situr. Þeir eru látnir semja, og svo er ætlast til, að verkalýðurinn borgi brúsann með 2% hækkun á hveiti, rúgmjöli og öðrum bráðum nauðsynjum og 15% aukatekjuskatti.

Svona getur þetta ekki haldið áfram. Það er ekki heldur hægt að bera verkamönnum það á brýn, að þá hafi skort samvinnuvilja eða þeir hafi verið ábyrgðarlausir. Þvert á móti er úr hópi þeirra, sem á undanförnum árum hafa mest hreykt sér af ábyrgðartilfinningu, farið að tala um, að meginhluti verkamanna þjáist um of af ábyrgðartilfinningu. Þeir, sem á undanförnum árum hafa latt stórræðanna, séu nú farnir að hvetja til þeirra. Og verkamannasamtökin hafa teygt sig hvað lengst til samstarfs um dýrtíðarmálin. En þegar búið er að semja og einstakir pólitískir braskarar á Alþ. ætla að fara að misnota þá sanngirni og viðleitni, sem sýnd hefur verið, með því að taka milljónir króna úr ríkissjóði handa mönnum, sem þurfa þess ekki með, segir ríkisstj. ekkert nema að hún þurfi að fá hækkaða tolla til að geta borgað þetta!

Það er vitað mál, að ef l. í samræmi við þetta frv. verða samþ., verður verkalýðurinn að grípa til þess að leiðrétta sjálfur óréttlætið. Það hefur komið í ljós, að hann hefur viljað bíða og nota ekki þá aðstöðu, sem hann hefur, til að hækka kaupið, heldur freista samkomulags milli allra vinnandi stétta í landinu. Ef á síðustu dögum þingsins á að svíkjast aftan að honum á tvennan hátt, fyrst með því að taka milljónir úr ríkissjóði og veita tekjuháum mönnum og í öðru lagi með því að taka þá peninga, sem koma eiga í ríkissjóðinn á móti, með hækkuðum tollum og álögum á láglaunafólk, þá brestur þolinmæði hans. Ef ríkisstj. heldur, að það sé hægt að komast hjá því, að vísitalan hækki, með svona hundakúnstum, eins og að hækka tollana og kaupa svo niður vísitöluna, þá reiknar hún ekki með þeirri aðstöðu, sem er fyrir hendi í landinu. Samþykkt á frv. eins og þessu verður til þess, að verkalýðurinn byrjar baráttu með því að hækka kaupið. Hann mun taka eitthvað til sín af þessum þjóðartekjum. Það er ljóst, að það mun kosta harðvítuga baráttu að stinga á þessu kýli, en það verður að hafa það. Það má ekki láta meinsemdina grafa um sig til lengdar, ekki í það óendanlega.

Verkalýðurinn hefur aldrei fengið fulla dýrtíðarhækkun. Vísitalan hefur alltaf verið of lág, eins og viðurkennt er, og einstakir liðir alveg vitlausir, eins og útsvarið, og ef fara á að gera það að beinu kerfi að lækka kaup hjá verkamönnum með því að láta þá sjálfa borga það niður, er

hægt að ofbjóða þeim. Samþykkt frv. þýðir óhjákvæmilega, að þjóðfélaginu verður hrundið út í hörðustu átök síðustu ára. Þeir, sem stuðla að því, verða að taka afleiðingunum.

Það er ómögulegt að hugsa sér, að í þjóðfélaginu geti einir 28 menn, þó að á Alþ. sé, gert samsæri um að ná handa sér og sínum pólitísku gæðingum milljónum úr ríkissjóði, án þess að fólkið rísi upp á móti því. Það er hægt að gera samkomulag milli verkamanna og vinnandi bænda um að reyna að tryggja þeim réttlátt verð — og jafnvel samkomulag um að bæta þeim upp að einhverju leyti, þegar þeir verða fyrir markaðstapi, en slíkt verður að miða við, að verið sé að bæta úr þörf. Það hefur aldrei þótt á þessu þingi rétt að bæta mönnum upp, þegar þeir hafa yfirdrifnar tekjur. Þegar embættismönnum var veitt verðlagsuppbót, var sagt við þá, að ef þeir hefðu yfir 650 kr. grunnlaun, fengju þeir ekki uppbót á það, sem fram yfir væri. Við það hefur setið. En þegar þjóðfélagið fer að tryggja afkomu bænda, sem því ber þó engin lagaskylda til, rísa upp menn í þ. og heimta uppbætur, líka þegar tekjurnar eru meiri en 14500 kr. Það á að hafa allt annan réttlætismælikvarða á nokkra stórbændur en embættismenn. Allir framsóknarmenn voru á móti því og skoðuðu það hina mestu spillingu, ef greidd yrði dýrtíðaruppbót á hærri en 650 kr. embættislaun, en um hátekjumenn í sveit gildir öðru máli. Þá heita það landráð og fjandskapur við bændur að vera á móti ótakmörkuðum launum til þeirra.

Þessir 28 menn, sem halda, að þeir geti notað ríkisstj. til að framkvæma sín undarlegu réttlætismál, verða að taka afleiðingunum. Það er ekki til neins fyrir menn að ganga með undirskriftaskjöl, leyna þeim mánuðum saman, en leggja svo árangurinn fram á síðasta degi og taka tekjur, sem ríkisstj. hafði hugsað sér að nota til að borga niður dýrtíðina, og lauma í sinn eigin vasa, en segja við ríkisstj.: Skaffaðu aðrar tekjur. — Ná svona aðferðir nokkurri átt? Dettur ykkur í hug, að á meðan nokkur dugur er eftir í þessari þjóð, láti hún bjóða sér slíkt? Rjúfið þið þingið, stofnið þið til nýrra kosninga, og þið skuluð sjá, hvað yrði upp á teningnum.

Þetta frv., sem 28 menningarnir píska ríkisstj. til að bera fram, er hnefahögg á verkamannastéttina og þar með allan almenning í landinu. Hún svarar því alveg óhjákvæmilega, en þá er það þeirra að taka afleiðingunum.

Stefán Jóh. Stefánsson: Þegar lagt er fram skattafrv. eins og þetta, eru alltaf á því tvær hliðar, sem hljóta að móta afstöðu manna. Er skattanna réttlátlega aflað? Og til hvers á að nota skattpeninginn? Það er bezt að reyna að gera sér grein fyrir báðum þessum hliðum. Þegar við athugum þá hlið málsins, hvort öflun skattanna á að fara fram á réttlátan hátt, er tvennt, sem kemur til greina, annars vegar hækkun á aðflutningsgjöldum eða tollum á öllum vörum með því kostnaðarverði, sem vörurnar standa í komnar í íslenzka höfn, og í öðru lagi er gert ráð fyrir að leggja ákveðið hundraðsgjald, 15%, ofan á tekjuskattinn, sem greiða ber samkv. gildandi l. Fyrri þátturinn er frá sjónarmiði okkar Alþfl.-manna alveg forkastanlegur, svo að nægja mundi til, að við snerumst gegn frv. Einmitt á tímum, þegar nokkuð er auðvelt að afla tekna hér á landi, á sízt að fara út á þá braut að tolla brýna nauðsynjavöru almennings. Og það á að leggja þetta ekki aðeins á innkaupsverð vörunnar, heldur ofan á þau gífurlegu farmgjöld, sem við búum við. Og það er ekki nóg með þetta, heldur leggja þeir, sem annast dreifingu varanna, ákveðinn hluta ofan á kostnaðarverðið, eins og það er, þegar varan er komin í þeirra hús. Það er ekki of hátt að áætla, að þá bætist þriðja prósentan á vöruborðið.

Ég vil víkja að því, hve skynsamleg dýrtíðarráðstöfun þetta er til lækkunar. En sú meginregla að leggja ákveðið hundraðsgjald ofan á allar vörur er frá sjónarmiði okkar algert ranglæti og til að auka misrétti og magna dýrtíðina.

Þá er hinn þátturinn, álagningin á tekjuskattinn. Það er þó annars eðlis, því að þar er um hækkun á beinum sköttum að ræða, en lendir bara harðast á þeim, sem verst verða úti í dýrtíðinni, lág- og miðlungstekjufólki. Það eru nóg rök fyrir því, að tekjuöflunin er óréttlát. Þetta atriði út af fyrir sig nægir til þess, að Alþfl. er á móti þessu frv.

Þá er vert að líta á það atriði, til hvers eigi að verja þessu fé, því að enginn hefur leyfi til að leggja skatta á skattanna vegna. Skattaálögur eiga að þjóna einhverjum skynsamlegum tilgangi. Skattaálögur út af fyrir sig eru ekkert gleðiefni, en hitt er annað mál, að sé þörf á að afla tekna í sameiginlega sjóði, þá á að afla þeirra á þann réttlátasta hátt, sem fyrir finnst. En svo að ég snúi mér nú aftur að atriðinu varðandi það, í hvaða tilgangi á að verja þessu fé, þá skildist mér af orðum hæstv. fjmrh., að fyrst og fremst ætti að afla þessa fjár í því skyni að greiða verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. (**Fjmrh.**: Þetta er misskilningur). Ég man vel, að hæstv. ráðh. sagði, að á leiðinni væri stór útgjaldaliður til þess að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, og setti ég þetta þá í samband við þetta frv. eins og það liggur fyrir, en í grg. þess er ekkert um þetta sagt, hvorki til né frá. Hvort sem svo er eða ekki og að ég hafi misskilið orð hans, þá tek ég orð hans góð og gild. Hins vegar er mönnum kunnugt um það, að ekki þarf að leita lengra en til umr. frá s. l. nótt, því að þá kom fram till. frá meiri hl. fjvn., sem miðaði að því að auka útgjöld ríkissjóðs um 10 millj. kr. og sem 28 þm. hafa skrifað undir, að nota eigi til þess að verðuppbæta afurðir bænda, sem út eru fluttar, og upp í það verð, er sex manna n. ákveður á þessum vörutegundum. Þess vegna hlýtur þetta að standa órjúfanlega í sambandi við áætlun stj. um stórútgjöld ríkissjóðs, sem kom í ljós nú við 3. umr. fjárl. Og hvort þessar milljónir verða teknar úr fjárhirzlum ríkissjóðs til þess að greiða þessar uppbætur eða til þess að halda niðri verðinu á innlendum markaði, þá skiptir það okkur engu máli. Aðalatriðið er það, að fyrir höndum liggur að greiða tugi milljóna

í verðuppbætur á útfluttar afurðir landsmanna, og við Alþfl.menn teljum, að á þessum málum hafi verið haldið á þann veg, að við getum ekki hjálpað til við þessar greiðslur, eins og frá þeim er gengið, bæði með ákvæðum sex manna n. og allra sízt í samræmi við það, sem 28. þm. hafa skrifað undir í byrjun þessa þings.

Við Alþflmenn viljum vissulega láta íslenzku bændastéttina njóta fulls réttar og réttlætis í þjóðfélaginu, en við teljum ekki ástæðu til þess að taka þessa einu atvinnustétt út úr og tryggja henni með tugum milljóna úr ríkissjóði langtum hærri tekjur en öðrum sambærilegum atvinnustéttum landsins. Þetta teljum við óréttlæti og ofrausn, sem íslenzka ríkið fær ekki undir staðið, eins og nú standa sakir. Að því athuguðu, hvað liggur bak við frv., og að öðru leyti, til hvers á að verja þessu fé, þá sjáum við ekki neina hvetjandi ástæðu til þess að fylgja frv., eins og það liggur fyrir.

Í grg. segir, að fé þessu skuli varið til dýrtíðarráðstafana. Ég hef minnzt á þetta og tel engum vafa bundið, að það séu sannarlega engar dýrtíðarráðstafanir að setja tolla á nauðsynjavörur almennings, en það hefur óhjákvæmilega í för með sér, að vöruverð á aðfluttum vörum hlýtur að hækka. Ég tel því mjög hæpið að segja, eins og grg. frv. greinir frá, að fé þessu skuli varið til dýrtíðarráðstafana, þar sem þess er aflað á þá lund, að þetta verður til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Hæstv. fjmrh. sagði, að afstaða manna til frv. mótaðist af því, hvort menn væru með eða móti því að halda dýrtíðinni í skefjum, en mér finnst, að það sé alls ekki hægt að segja það með sömu merkingu og hæstv. fjmrh. vildi vera láta. Það má ef til vill segja, að í þessu sé fólginn nokkur sannleikur, sannleikur, sem er á þá lund, að þeir, sem eru þessu frv. fylgjandi, séu á móti því að gera nokkrar heilbrigðar dýrtíðarráðstafanir í landinu.

Ég þykist vita, að það sé tilætlunin með þessu frv. og einn þáttur í því starfi, sem nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til hér á landi, sem se að halda niðri dýrtíðarvísitölunni, þó að ég skuli fúslega játa, að það sé nokkuð örðugt að finna út dýrtíðarvísitölu, sem ekki sé umdeilanleg með réttu eða röngu. Þó er það víst, að það eru engar dýrtíðarráðstafanir, sem sýnilega aðeins miða að því að lækka að einhverju leyti vísitöluna, en hækka samtímis raunverulegt vöruverð í landinu. Þetta eru hins vegar ráðstafanir til þess að halda niðri kaupgreiðslum til samræmingar við raunverulega dýrtíð, og það eru því engin undur, þótt almenningur á Íslandi sé orðinn nokkuð tortrygginn út af sumum dýrtíðarráðstöfununum. Með þessu vil ég alls ekki bera stj. á brýn, að hún hafi ekkert gert til þess að reyna að halda dýrtíðinni niðri eða stöðva hana, því að hún hefur gert tilraunir, bæði heppilegar og óheppilegar, og hefur að nokkru leyti tekizt að stöðva til bráðabirgða þá flóðöldu, sem virtist fara vaxandi, eftir því sem lengra leið. En þó hefur svo margt komið fyrir í þessum dýrtíðarmálum, að fólk er farið að tortryggja flest, sem gert er. Þarf ekki annað en minnast á tvær tegundir af íslenzkum afurðum, sem mjög orka á dýrtíðarvísitöluna, annars vegar smjörið, sem allir vita, að fæst ekki með því verði, sem það er talið til útgjalda í vísitölunni, og hins vegar saltkjöt, sem lækkað var, eftir að meginþorri landsmanna hafði birgt sig upp, en þá var hver saltkjötstunna lækkuð um kr. 100.00, og þykir mér ekki ósennilegt, að það eigi að orka eitthvað á dýrtíðarvísitöluna. Þess vegna segi ég, að það sé von, að menn séu tortryggnir, *þegar slíkt frv. kemur til 1. umr.* Og því skyldi enginn ætla, að því sé ekki tekið með tortryggni, þegar ofan á það bætist, að það er þess eðlis, að það eru ekki dýrtíðarráðstafanir, sem að gagni mættu koma, heldur þvert á móti.

Einmitt vegna þess, að Alþfl. er með því að gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að lækka dýrtíðina raunverulega, er hann á móti þessu frv., og af því að hann telur þetta rangláta aðferð, sem raunverulega verður til þess að auka dýrtíðina. Hér er því ekki að ræða um neinar dýrtíðarráðstafanir, sem Alþfl. getur fylgt, og þess vegna mun hann skilyrðislaust beita sér gegn þessu frv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég ætla hér fyrst að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 4. þm. Reykv. gat um í ræðu sinni, og vil þegar taka það fram, að hjá honum gætti misskilnings, er hann tók fram, til hvers nota ætti þennan skatt. Ég tók það greinilega fram í ræðu minni, að frv. þetta væri fram borið í því skyni, að hægt yrði að hafa hemil á dýrtíðinni, en gat þess um leið, að gerðar yrðu samþykktir, sem yrðu í sambandi við fjárl., um verðlagsuppbætur á landbúnaðarafurðir.

Þá minntist hann á verðlækkanir, og finnst mér það koma úr hörðustu átt, þegar forsvarsmenn neytenda gera mikið veður út af því eða áfella stj. fyrir það að lækka verð á vörum. Í því sambandi vildi ég minnast á það, þegar kartöflulækkkunin var gerð. Mætti hún mjög ákveðinni gagnrýni í blöðum vinstri flokkanna, þrátt fyrir það að upplýst væri, að 50—60% af landsmönnum ættu eftir að kaupa kartöfluforða sinn. Ég fæ því ekki skilið þann málaflutning að halda slíku fram, að þetta allt sé gert til þess að svíkja vísitöluna og hækka dýrtíðina. Í þessu sambandi vil ég benda hv. þm. á til leiðbeiningar, að síðasta lækkunin, sem mér virðist hann einnig fordæma, er ekki gerð af hálfu stj. Fæ ég því ekki skilið, hvers vegna forsvarsmenn neytenda hafa á móti því, þótt saltkjöt sé lækkað í verði, þegar allur landslýður kvartar og kveinar yfir því, hve dýrtíðin er mikil í landinu. Hv. þm. sagði, að þegar auðvelt er að afla tekna, ætti ekki að hækka tolla á nauðsynjavörum almennings. Þetta er alveg rétt, en hér var borið fram frv. fyrir nokkrum dögum, en hverjir voru á móti því og felldu það frv.? Það voru einmitt fulltrúar neytenda. Þarna var beinn skattur, sem lenti ekki á verkamönnum. Sama er að segja þessum þm., þegar hann sagði, að skattaaukningin lenti á lágtekjumönnum. Þetta er alveg rétt, en því er líka til að svara, að í Ed. var á ferðinni skattur, sem lenti ekki á lágtekjumönnum, en á sömu leið fór um það,

því að flokksbræður hv. 2. og 4. þm. Reykv. stóðu aðallega að því að fella það.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á skömmtun og á svarta markaðinn. Hann sagði, að hér væru skammtaðar ýmsar vörur, og spurði, hvers vegna vörur eins og smjör væru ekki skammtaðar. Ég þarf ekki að benda jafnvel greindum manni og hv. 2. þm. Reykv. á, að það eru ákaflega mikil vandræði að skammta vörur, sem lítið er af, og það er ógerningur að skammta vörur, sem svo lítið er af, að ekki helmingur landsmanna getur fengið. Ég get í þessu sambandi skýrt frá því, að fyrir skömmu var athugað mjög vandlega, hvort ekki væri unnt að taka upp skömmtun á kaffibæti, vegna þess að mjög lítið var til af honum. Þeir, sem um málið fjölluðu, komust að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt að taka upp þessa skömmtun, einmitt vegna þess, hve lítið var til af þessari vöru. Það er ekki hægt að gefa út nokkra skömmtunarseðla, sem aðeins 20—30% af landsmönnum geta fengið, en hinir ekki neitt. Mér þykir þetta alveg jafnleitt og hv. 2. þm. Reykv., að þessi vandkvæði eru á þessu, en það þýðir ekki annað en að láta skynsamleg rök ráða.

Síðan veik hann að svarta markaðinum. Það kann vel að vera, að hér sé svartur markaður á nokkrum vörutegundum. Ég hef heyrt getið um svartan markað á eggjum, en ekki heyrt, að hann væri til á smjöri. Ég verð þó að segja það, að þó hér væri til svartur markaður á einni eða tveim vörutegundum, þá er það miklu minna heldur en hjá stórþjóðunum, sem hafa skipulagt þessi mál miklu nákvæmar, en þó þróast svarti markaðurinn þar í miklu stærri stíl en hér á landi. Ég er ekki að mæla slíku bót, og það verður gert allt, sem hægt er að gera, til þess að uppræta slíkt og þó sérstaklega með eggin. Í þessu sambandi vil ég því benda á það, að það er ekki nóg að segja með stórum orðum, að eitthvað fari aflaga, menn verða líka að geta gert sér grein fyrir, hvers vegna það fer aflaga, og geta sett sér fyrir sjónir, að þetta geti verið erfiðleikum bundið, jafnvel fyrir þá, sem hafa mikinn vilja til að lagfæra þessi mál.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv. væri verið að lækka kaup verkamanna, vegna þess að hér væri verið að taka toll af nauðsynjum þeirra. En hér komum við aftur að því sama; þetta er borið fram vegna þess, að flokksbræður þessa þm. felldu frv. í Ed., og kom það þó ekki við nauðsynjar verkamanna.

Þá sagði hv. þm., að við værum að kaupa okkur frið um þetta mál. En hvað má segja um ráðstafanir Bretlands í þessum efnum? Þar hefur engum dottið í hug, að þær tugmilljóna greiðslur, sem Bretar nota til þess að greiða niður verð á vörum, væru gerðar til þess að kaupa stjórninni frið. Við vitum, að við lifum á óvenjulegum tímum, og við vitum það líka, að um leið og þessir óvenjulegu tímar líða hjá, þá þurfum við á allt öðrum ráðstöfunum að halda. En Bretar hafa nú hingað til verið taldir hafa hagað sér mjög skynsamlega í styrjaldarrekstri sínum, hvað snertir verðlag á vörum innan lands, og ég hygg, að við eigum enn langt í land til þess að komast á jafntryggan grundvöll og þeir standa á nú.

Hér er talað af miklum fjálgleik um þessi mál, og stj. er vítt við hvert tækifæri, sem gefst, fyrir það, sem hún gerir í þessum málum. En hvaða leiðir benda þessir góðu herrar á, og hvaða leiðir vilja þeir fara í þessum málum? Hv. 2. þm. Reykv. hefur komið fram með tvær leiðir, sem hann skýrði frá hér áðan. Fyrsta leiðin var að lofa hvoru tveggja, Alþ. og þjóðinni, að reka sig á. Þetta er úrræðið. Ég held, að það þurfi ekki að fara út í langa ræðu til þess að komast að þeirri niðurstöðu. Þegar svo stendur á, er auðvelt að kasta sér út í öngþveitið, og það er auðveldara að tala en eiga að bera ábyrgðina. Hin leiðin, sem hann benti á, er tollaleiðin. Þessi leið hefur verið athuguð af hinni nýju sex manna n., og hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að verði sú leið farin, sem þeir kjósa, sem sé að afnema tollana, muni vísitalan lækka um 15 stig, og það er lauslegur útreikningur, að þetta muni kosta ríkissjóð 11—15 millj. kr. Ég skal taka það fram, að ég álít, að þessi upphæð sé miklu hærri. En það er mergur málsins og það, sem flokksmenn þessa þm. ætla að byggja aðrar dýrtíðarráðstafanir sínar á, sem sé að lækka vísitöluna um 15 stig og ríra tekjur ríkissjóðs um 11—15 millj. kr. Ég held, að ég þurfi ekki að halda langa ræðu til þess að sýna þessum góðu herrum fram á, hversu mikil fjarstæða þetta er, — svo mikil fjarstæða, að það sæmir ekki þessum þm. að halda slíku fram. Þetta er þó sú leið, sem þeir eru búnir að tönnlazt á í mjög langan tíma. Síðan kemur það einkennilega fyrir, að flokksbróðir hv. 2. þm. Reykv. í Ed. gat þess í sambandi við umr. um verðlækkunarskattinn, að hann gæti hugsað sér að samþ. hann, ef hann rynni til þess að bæta ríkissjóði þann skaða, sem mundi leiða af lækkun tollanna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í nótt, sem leið, lauk 3. umr. fjárl. Flestir þeir, sem tóku til máls og sögðu nokkuð almennt um afgreiðslu fjárl., lýstu yfir því, að þeir teldu afgreiðslu þeirra mjög ógætilega, eins og stefnt væri að, og væri mikið vafamál, hvort tekjur fjárl. mundu geta náð því í framkvæmd að standast útgjöldin. Hins vegar mun það hafa verið þannig, að af hálfu allra flokka í þinginu kom fram sú stefna að hafa útgjöldin eitthvað svipuð og þau munu verða við afgreiðslu fjárl. endanlega við 3. umr. Munurinn var sá, að einn flokkurinn vildi verja fé til þessa og annar til hins.

Svo skeður það undarlega, að þeir sömu hv. þm., sem eiga ekki nægilega sterk orð til þess að lýsa því, hversu ógætilega sé stefnt um afgreiðslu fjárl. með till. annarra en þeirra eigin till., ganga fram fyrir skjöldu til þess að varna því, ef nokkur kostur væri, að í gegn komist tekjuöflunarfrv., sem hér er flutt. Í fjárl. er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til dýrtíðarráðstafana, þ. e. a. s. til þess að greiða niður dýrtíðina innan lands, en það hefur verið stefna ríkisstj. að gera til bráðabirgða, unz mögulegt yrði að lækka dýrtíðina með öðrum hætti.

Hins vegar er á fjárl. ætlað fé til annarra dýrtíðarráðstafana, nefnilega til þess að borga verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, til þess að verðið á landbúnaðarafurðum yrði ekki að vera hærra innan lands en í síðasta septembermánuði, þegar það var ákveðið. (**FJ:** Það er nú ekki komið inn í fjárl. enn þá).

Nú liggur hér fyrir frv. frá hæstv. ríkisstj. um tekjuöflun til dýrtíðarráðstafana. Og samkv. því frv. mundi ríkisstj. geta varið því fé, sem hún fengi eftir ákvæðum frv., ef samþ. yrði, bæði til þess að greiða niður verðlag á innlendum markaði og einnig til þess að greiða uppbætur á útflutningsafurðir. Þannig er frá frv. gengið. Það mætti því gera ráð fyrir, að þetta frv., ef að l. yrði, gæti aukið mjög líkurnar fyrir því, að fjárl. stæðust sæmilega í framkvæmd, eins og þau verða samþ., því að af þessu fé mætti létta undir með útflutningsuppbótagreiðslunum og þannig létta á sjálfum fjárl. Þetta mæli ég nú til þeirra manna, sem hafa látið sér svo tíðrætt um það, hversu fjárl. líta út fyrir að verða ógætilega afgreidd. En þá er hitt atriðið, sem er þó aðalatriðið í sambandi við frv. um tekjuöflun til dýrtíðarráðstafana, hvort menn vilja ljá máls á því, að stj. geti haldið áfram enn um skeið að borga niður verðlagið innan lands. Það er nokkurn veginn gefið mál, að þeir, sem haga þannig afstöðu sinni, að stj. fái ekki neinar tekjur til þess að borga niður dýrtíðina, þeir munu koma í veg fyrir, að það verði hægt. Það er nokkurn veginn augljóst mál, að ekki er hægt fyrir ríkisstj. að fá fé til þess að borga niður verð á innlendum markaði af tekjum ríkisins á fjárl. Það er nokkurn veginn séð, hversu vel sem tekst um framkvæmd fjárl. og hversu vel sem vonir manna rætast um tekjur af tollum og sköttum. Og þá er spurningin, hvort þingið vill taka það á sig að gera stj. ókleift að halda þessari skipan áfram og þannig verða þess valdandi, að dýrtíðin vaxi ótiltekið, sem enginn veit, hve mikið yrði, en að sjálfsögðu mjög verulega, og sjálfsagt mundi ekki líða langt, þangað til dýrtíðarvísitalan mundi vera komin upp í 300 stig. Þá er það fyrir menn að gera upp við sig, hvort þeir vilja valda því, að svo fari. Ég hef ekki verið sérstaklega hrifinn af þeirri stefnu að borga niður dýrtíðina og lagt áherzlu á, að slíkt gæti ekki verið nema til bráðabirgða. Og ég hef bent fyrr og síðar á aðrar leiðir, sem væru það eina, sem hægt væri við að hlíta til frambúðar. En samt sem áður vil ég segja það, að ég er ekki fylgjandi því, að þingið taki nú fram fyrir hendurnar á ríkisstj. í þessum efnum án þess að geta gert nokkurn skapaðan hlut í staðinn, sem nokkur vitglóra er í, — því að það liggur augljóst fyrir, að þingið getur ekki komið sér saman um að setja neinar dýrtíðarráðstafanir, sem að haldi gætu komið, hvorki til bráðabirgða né til frambúðar. Og þegar þannig stendur á í þinginu, vil ég ekki taka á mig ábyrgð á því, að dýrtíðinni sé sleppt lausri. Þá vil ég heldur, að ríkisstj. geti fengið að halda áfram í horfinu, þangað til séð er, hvort innan mjög langs tíma verður hægt að koma í veg fyrir, að úr verði fullkomið hrun. Ég vil alveg sérstaklega í sambandi við spurninguna um það, hvort taka eigi hér fram fyrir hendurnar á ríkisstj., — þó að menn séu ekki ánægðir með þessi úrræði nema til bráðabirgða, — þá vil ég sérstaklega í þessu sambandi benda á, hverjir eiga mest undir því, að dýrtíðinni sé ekki sleppt lausri, eins og nú standa sakir. Ef við lítum afar þröngt á málið, mundu kannske sumir segja, að verkamenn og launamenn ættu ekkert undir því, vegna þess að þeirra laun færu hækkandi eftir því, sem dýrtíðin ykist. Þetta er rangt samt, því að ef dýrtíðin ykist verulega frá því, sem nú er, þá margfaldast líkurnar fyrir því, að hér verði atvinnuleysi í fullum mæli alveg innan stundar. En þeir, sem standa þó alveg í fremstu víglínu, ef að þessu ráði verður horfið, að sleppa dýrtíðinni lausri, eru þeir, sem framleiða til útflutnings. Þeir standa í fremstu skotgröf. Á þeim mun dýrtíðaraldan skella fyrst, og þá fyrst og fremst þeim, sem framleiða fisk til útflutnings, bæði stórútgerðinni í landinu og smáútgerðinni og öllum fiskimönnum landsins, sem eru ráðnir upp á hlut af afla. Og ef nú yrði horfið að því ráði að sleppa dýrtíðinni lausri, þá væri það alveg sama og það, að nú væri ákveðið rétt fyrir vetrarvertíðina að lækka tekjur þessara manna um það, sem dýrtíðaraukningunni nemur, því að það er ekki nema fals eitt að segja, að hér skipti engu máli dýrtíðaraukningin fyrir aðra en þá, sem hafa marga menn í þjónustu sinni — og það gegnum launagreiðslur, sem sé stórútgerðina. Hér á líka smáútvegurinn hlut að máli, sem á tekjur sínar undir því hlutfalli, sem er á milli fiskverðsins og verðlags innan lands. Þegar verðlag hækkar í landinu, þá minnkar hlutur fiskimanna og útgerðarmanna og allra, sem flytja út úr landinu fisk fyrir fast verð. En nú er ekki séð annað en það sé meining þeirra manna, sem undanfarin ár hafa reynt að grafa undan útgerðinni og tekjum fiskimanna, að halda áfram sama veginn með því að vinna að því, að ríkisstj. sé gert ókleift að halda áfram stefnu sinni í dýrtíðarmálunum, vinna að því að sleppa dýrtíðinni lausri nú rétt fyrir vetrarvertíðina.

Ég vil draga það fram hér, að fyrir tveimur árum var hér 35 aura verð á kg. af fiski, en nú er það 45 aurar. Og ef einhver vill efast um, að þetta sé kjarni málsins, sem ég hef nú drepið á, þá vil ég biðja menn að athuga, hvort fiskimenn og smáútvegsmenn, — svo að við sleppum stórútgerðinni, — séu miklum mun betur haldnir nú af þeim 45 aurum, sem þeir fá nú, en þeim 35 aurum, sem þeir fengu áður. Ég veit, að þeir eru miklu verr settir með þessum 45 aurum en með 35 aurunum áður. Og það er ekki fyrir utan að komandi ástæður, heldur fyrir vöxt dýrtíðarinnar í landinu sjálfu. Með þessum vexti dýrtíðarinnar hefur verið grafið undan tekjum þeirrar stéttar alveg sérstaklega, sem hefur atvinnu af fisksölu, eins og ég hef þegar bent á. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að þar að auki mundi koma upp mikill óhugur meðal þeirra framleiðenda, sem nú eiga í vök að verjast vegna verðs á erlendum markaði, um það að halda áfram atvinnurekstri sínum af fullu afli, ef þeir fengju nú þá kveðju frá Alþ., að það gerði þess nú engan kost, að haldið yrði

áfram að reyna að halda dýrtíðinni þar, sem hún er, en láta dýrtíðarölduna flóa yfir á nýjan leik. Það er sýnilegt, að það yrði óumflýjanlegt böl fyrir atvinnuvegi landsins, ef dýrtíðinni yrði sleppt lausri nú.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, er það ljóst, að ég tel, að það er höfuðnauðsyn, að tekna verði aflað fram yfir það, sem nú hefur verið ákveðið, bæði til þess að styðja fjárl. og vegna dýrtíðarráðstafana, sem ákveðnar hafa verið, og einnig til þess, að ríkisstj. geti haldið áfram að hamla gegn dýrtíðinni með því að greiða niður verðið innanlands. Og ég þykist hafa fært full rök fyrir því, sem ómögulegt er að hrekja, að þær ráðstafanir þurfi að gera þannig, að þeir, sem flytja varning sinn á erlendan markað og sæta þar föstu verði, verði ekki fyrir skerðingu á launum fyrir vinnu sína með aukinni dýrtíð innanlands. Og á það alveg sérstaklega við allan þann fjölda manna, sem á afkomu sína undir sjávarútveginum, bæði smáútvegsmenn og fiskimenn úti um allt land. Náttúrlega yrði það til hags líka fyrir aðra útgerð, stærri útgerð, sem selur á erlendum markaði. En það er svo hlægilegt, að það er eins og sumir álíti, að þá leið verði að fara að sporna ekki við dýrtíðinni, þó að smáútvegsmönnum og fiskimönnum sé það nauðsynlegt, af því að þeir stóru megi ekki fá neinn hagnað af þeim ráðstöfunum. En þeir, sem hugsa þannig, ættu fremur að hugga sig við það, að þær tekjur, sem stórútgerðin hefði af því, að dýrtíðinni væri ekki sleppt lausri, eru skattlagðar þannig, að 90% af gróða stórútgerðarinnar gengur einmitt til ríkissjóðs og bæjarsjóða eða til nýbyggingarsjóða. Og þeir, sem þykjast nú vera umboðsmenn fyrir alþýðufólk í landinu, m. a. fyrir smáútvegsmenn og fiskimenn, ættu að hafa hugfast, að tjón af dýrtíðaraukningu mundi því fólki mjög tilfinnanlegt og að því væri lítill greiði gerður með því, að farið væri fyrir þess hönd eftir hugsunarhætti mannsins, sem óskaði, að stungin væru úr sér bæði augun, til þess að annað augað fengist stungið úr andstæðingi hans.

Ég álít því ekki fært að skorast undan því að samþ. tekjuöflun í því skyni að hamla á móti dýrtíðinni. Og þá kemur svo spurningin um það, hversu sú tekjuöflun á að fara fram. Framsfl. hefur bent á, að bezta úrræðið væri að framlengja verðlækkunarskattinn, sem ákveðinn var hér á síðasta þingi. Sá skattur mátti teljast réttmætur. Hann byrjaði ekki, fyrr en komið var yfir meðallag tekna. Og hann gat tryggt svona hér um bil þær tekjur, sem þurfti til þess að halda í horfinu. Þetta var greinilega látið uppi af Framsfl. í Ed., þegar frv. um verðlækkunarskatt var flutt þar á þessu þingi. Jafnframt var það tekið greinilega fram, að ef fótur yrði settur fyrir það frv. og þá leið, sem Framsfl. áleit réttasta til þess að afla þessara tekna, þá mundi flokkurinn verða að ljá annarri leið fylgi til þess að afla tekna til slíks, enda þótt hann væri ekki eins ánægður með aðrar leiðir og verðlækkunarskattinn. Það var búizt við því, að forkólfar hinna svo kölluðu verkalýðsflokka gætu verið með verðlækkunarskattinum. En ef þeir felldu hann, þá áttu þeir ekki kost á að velja tekjuöflunarleið. Samt sem áður voru þeir ekki með verðlækkunarskattinum, vitandi, að af því mundi leiða, að þingið mundi taka fjármunina með öðrum hætti, sem óviðfelldnari væri þeim mönnum, sem vildu sneiða hjá því í sambandi við þessi dýrtíðarmál að leggja auknar byrðar á alþýðuna.

Af þessu er mönnum ljóst, að Framsfl. er ekki ánægður með þá tekjuöflunarleið, sem hér er farið fram á. Þetta er ekki sú leið, sem sá flokkur vildi fara í þessu máli og hefði farið, **ef fulltrúar verklýðsflokkanna** í þinginu hefðu ekki tekið þar af skarið og fellt verðlækkunarskattinn. En hins vegar lítur Framsfl. þannig á, að það sé svo viðurhlutamikið að sleppa nú öllum tökum á dýrtíðinni og það sé svo þýðingarmikið að styrkja framkvæmd fjárl. með auknum tekjum, eins og frá þeim hefur verið gengið, — og eiga allir hv. þm. óskilið mál um upphæðir gjaldanna, — að það líti út fyrir, að óhjákvæmilegt verði að auka tekjur ríkisins. Og flokkurinn mun því stuðla að því, að ríkisstj. fái tekjuauka á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv., eða líkan hátt, enda þótt ég telji þessa leið fullkomið neyðarúrræði, að leggja á 2% innflutningsgjald í sambandi við dýrtíðarráðstafanir, þó ekki vegna þess, að það komi þungt niður á neinum sérstaklega. Það er náttúrlega broslegt að belgja sig út um það, að þetta komi sérstaklega þungt niður á nokkrum, því að bæði er hægt að koma í veg fyrir, að þetta 2% gjald komi fram í útsöluverði margra vara, og hlýtur stj. að sjá um það, þar sem hún ætlar þetta fé til dýrtíðarráðstafana, og hins vegar ef þessi skattur kæmi að einhverju leyti fram í verðlaginu, þá náttúrlega hækkar kaupgjald manna sem því nemur, þannig að það kemur ekki niður á þeim, sem taka kaup. En það eru þeir gallar á því að fara þessa leið, að ef ekki tekst að koma í veg fyrir, að verðhækkun á vörum leiði af þessu innflutningsgjaldi, þá verður það ekki til þess að lækka dýrtíðina. En það er ekki hægt að segja, að þeir gallar séu þannig vaxnir frá sjónarmiði þeirra, sem vilja, að ríkisstj. hafi tök á að halda áfram að reyna að hamla á móti dýrtíðinni, að ekki sé hægt að fylgja þessari leið þess vegna, — því að eins og ég hef tekið fram, er hægt að koma í veg fyrir, að af þessu innflutningsgjaldi leiði verðhækkun.

Um álagið á tekjuskattinn er það að segja, að það er miklu skynsamlegri leið í þessu máli. Samt er það ekki eins heppilegt og verðlækkunarskatturinn, eins og hann var ákveðinn á síðasta þingi. Það er ákaflega lágur tekjuskattur með umreikningi og öðru á miðlungstekjur og þar fyrir neðan. Og yrði því þetta lágt gjald, sem ekki væri tilfinnanlegt fyrir neinn. En samt er hann ekki eins réttlátur og að leggja á verðlækkunarskatt. En eins og ég gat um áðan, þá hafa aðrir ráðið því en framsóknarmenn, að sú leið verður ekki farin að leggja á verðlækkunarskatt.

Ég fer svo að ljúka máli mínu. Það vakti ekki fyrir mér annað en að drepa á nokkur atriði og skýra það, hvers vegna Framsfl. vill stuðla að

því, að ríkisstj. geti fengið auknar tekjur til umráða til áframhaldandi dýrtíðarráðstafana og til þess að styðja fjárl. í framkvæmd.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þegar á að rökræða þetta frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á þskj. 606, kemur fyrst og fremst tvennt til álita, og það er: Til hvers á að verja því fé, sem hæstv. ríkisstj. hyggst að ná með frv. þessu, ef að l. verður, og í öðru lagi, hvernig er þessa fjár aflað? Grg. hæstv. ríkisstj. um fyrra atriðið er furðu fáorð. Þar er sagt með ofur einföldum orðum, að það sé nú orðið ljóst, að ekki verði nægilegur tekjuafgangur á fjárl. næsta árs til þess að standa straum af nauðsynlegum ráðstöfunum vegna dýrtíðar. Það væri þó rangt að segja, að nokkur gengi þess dulbúinn, til hvers á að verja þessu fé. Það hefur greinilega komið fram í umr. um dýrtíðarmálin á síðustu tímum og einnig komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. Fénu á að verja til þess að halda áfram þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið um hríð, að borga niður með framlögum úr ríkissjóði verð á landbúnaðarafurðum og þá fyrst og fremst kjöti og mjólk á innlendum markaði. Og þegar þetta frv. er rætt, þá verður ekki komizt hjá að gagnrýna þá stefnu, rökræða hana frá báðum hliðum og það, sem í þessu felst, að borga niður verð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði með framlögum úr ríkissjóði. Það er bezt að gera sér strax ljóst það meginatriði, að í þessum ráðstöfunum felst alls engin barátta við dýrtíðina, alls engin tilraun til þess að lækka dýrtíðina. Það má vera öllum eins ljóst og tveir og tveir eru fjórir, að mjólkurverðið í landinu er það sama, hvort sem neytendur borga beint úr sínum vasa kr. 1.70 fyrir mjólkina eða þeir borga beint úr sínum vasa aðeins kr. 1.45 og úr ríkissjóði séu borgaðir 25 aurar. Sama máli gegnir að sjálfsögðu, hvaða vörutegundir sem nefndar eru í þessu sambandi. Hér er ekki á neinn hátt verið að berjast gegn háu verðlagi í landinu, ekki verið að berjast gegn dýrtíðinni, heldur verið að berjast gegn hárri vísitölu.

Nú vil ég taka það strax fram, að baráttan gegn hárri vísitölu er vissulega skýranleg, og það eru viss rök, sem undir hana falla. Og til þess að sýna hæstv. ríkisstj. fulla sanngirni, þykir mér ekki nema rétt og sjálfsagt að rifja upp þau meginrök, sem fyrir því geta verið út af fyrir sig að vinna að því að lækka vísitöluna. Það er öllum lýðum ljóst, að væri íslenzka ríkið viðskiptaheild út af fyrir sig, sem þyrfti ekki að hafa nein samskipti fjárhagsleg við aðrar þjóðir, þá varðaði það litlu máli, hversu háttað væri dýrtíðarmálum hjá okkur. Spurningin væri þá fyrst og fremst eða eingöngu sú, hvernig tekjum þjóðarbúsins væri skipt á milli stétta og einstaklinga í þjóðfélaginu. En nú er það svo, að við erum jafnvel öðrum þjóðum fremur háðir viðskiptum við aðrar þjóðir, þar sem framleiðsla okkar er ákaflega fábreytileg. Og vissulega er það staðreynd, sem hæstv. ríkisstj. virðist mjög festa augun við, að það skiptir ákaflega miklu máli í sambandi við viðskipti okkar við aðrar þjóðir, hvað vísitölunni líður og þar með kaupgjaldi í okkar eigin landi. Og það skal viðurkennt, að eins og sakir standa um fiskverðið, þá mun það vera mjög hæpið, að sjávarútvegurinn geti risið undir öllu hærri vísitölu en nú er. En rétt er þó í þessu sambandi að geta þess, að það er einmitt þessi sama ríkisstj., sem nú heyr baráttu sína við vísitöluna vegna sjávarútvegsins, sem gert hefur samninga um fiskverðið við aðrar þjóðir, og að sjálfsögðu verður það að skrifast á hennar reikning fyrst og fremst, hversu til hefur tekizt um þá samninga. Og það er auðvitað á grundvelli þeirra samninga og þess verðs, sem nú fæst, sem um það er talað og með allmiklum rétti, að sjávarútvegurinn þoli ekki öllu hærri vísitölu en þá, sem nú er. Og það er hægt í þessu sambandi að benda hæstv. ríkisstj. á það, að ýmsar leiðir aðrar gætu verið til að létta of þungar byrðar sjávarútvegsins en þær að berjast í sífellu við vísitöluna og þar með kaupgjaldið í landinu. Ef hæstv. ríkisstj. hefur talið sér ókleift að ná þeim samningum um fiskverðið, sem svöruðu til hinnar raunverulegu dýrtíðar í landinu, þá er skiljanlegt, að hún hefur talið sig til neydda til að grípa til einhverra ráðstafana vegna sjávarútvegsins. T. d. var hægt að hugsa sér, að hún keypti erlendan gjaldeyri hærra verði fyrir sjávarútveginn eða vissan hluta sjávarútvegsins en hið skráða gengi svarar til. En hina leiðina hefur nú hæstv. ríkisstj. kosið að fara, sem sé þá að lækka vísitöluna og lækka launin. Og þar með er verið að velta þeim erfiðleikum, sem af dýrtíðinni stafa fyrir atvinnulíf okkar, og sjávarútvegsins fyrst og fremst yfir á bök launastéttanna í landinu.

Þetta er sú stefna hæstv. ríkisstj., sem liggur til grundvallar vísitölubaráttu hennar. Það er þetta, að láta launþegana um land allt bera aðalerfiðleikana og þungann af dýrtíðinni. Ég get ekki látið hjá líða að segja, að skelfing þætti mér viðkunnanlegt, ef hæstv. ríkisstj. vildi nú fara að nota hin réttu heiti um þá baráttu, sem hún er að heyja og vill heyja, — að hún vildi segja það hreinlega, að hún er að berjast við vísitöluna, en ekki dýrtíðina, að hún er að reyna að velta erfiðleikum dýrtíðarinnar yfir á launastéttirnar í landinu.

Það er nú þegar af þessum ástæðum, að ég verð að lýsa yfir því, að ég tel, að ekki geti komið til mála, að nokkur sá maður, sem ber hag launastéttanna fyrir brjósti, geti fylgt frv. hæstv. ríkisstj., — þegar vegna þess tilgangs, sem það stefnir að, án tillits til þess, sem þó er stórt meginatriði, hvernig teknanna á að afla til þess að framkvæma þessa baráttu gegn vísitölunni.

En þá er rétt að koma að því, hvernig fjárins á að afla. Og ég held, satt að segja, að það sé næstum met hjá hæstv. ríkisstj., sem í orði kveðnu segist vera að berjast við dýrtíðina, að hún leggur nú til að hækka verðlag á allri erlendri nauðsynjavöru með því að leggja 2% gjald á cif-verð allra innfluttra vara. Innflutningur þessa árs mun nema eitthvað nálægt 250 millj. kr., og þarna yrði því lagt ofan á verðlag vörunnar svona til að byrja með 5 millj. kr. Ofan á þetta kemur svo að sjálfsögðu verzlunarálagning og aðrir tollar o. s. frv., o. s. frv., og hygg ég, að ekki sé hátt í lagt að ætla, að verðlag

erlendra vara mundi hækka vegna þessarar ráðstöfunar einnar um 8 millj. kr. a. m. k., og slíkt er bein hækkun dýrtíðarinnar. Þetta er því ákaflega merkileg baráttа gegn dýrtíðinni af hálfu hæstv. ríkisstj., sem segist vera að berjast við dýrtíðina. Hins vegar er það staðreynd, að aðeins nokkur hluti hinna erlendu vara hefur áhrif á myndun vísitölunnar. Og þess vegna getur hæstv. ríkisstj. unnið það tvennt í senn að auka dýrtíðina og svo lækka vísitöluna með þeim peningum, sem af dýrtíðarauknингunni fljóta. Þetta atriði í frv. út af fyrir sig skilst mér vera þess eðlis, að ég fæ ómögulega skilið þann hv. þm., sem gæti léð því lið út af fyrir sig, um leið og hann segir, að hann telji nauðsyn til bera að berjast við dýrtíðina í landinu, að lækka dýrtíðina. Önnur fjármálaöflunarleið hæstv. ríkisstj. er svo sú að leggja 15% ofan á tekju- og eignarskatt. Út af fyrir sig getur það vel verið leið til athugunar að hækka hina beinu skatta til þess að heyja raunhæfa baráttu við dýrtíðina. En hitt er fráleit leið, að þingið geri það á þann hátt að leggja vissan hundraðshluta ofan á skattana án tillits til þess „skala", sem skattakerfið hvílir á. Og enn fráleitara er að ætla að verja þá skattahækkun á þann hátt, sem ég nú hef verið að lýsa.

Hæstv. ríkisstj. segir sem svo: Ef þið viljið ekki fallast á till. mínar., hvar eru þá ykkar till.? — Við sósíalistar höfum bent skýrt og skilmerkilega á megintill. okkar, sem að því miðar að berjast gegn dýrtíðinni. Hæstv. fjmrh., sem ég þykist nú sjá, að ekki telji sig þurfa að hlýða á mál manna hér í hv. d., lét allmörg orð um það falla hér í dag, að þessi leið mundi ekki á neinn hátt vera líkleg til úrbóta. — Ég gæti náttúrlega snúið mér við og talað inn í ráðherraherbergi. — Ég vil leyfa mér að benda hæstv. fjmrh., sem situr í ráðherraherberginu, á það, að það hefur verið reiknað út og er viðurkennt af honum sjálfum, að með því að lækka tolla um ca. 11 millj. þá mætti svo fara, að vísitalan lækkaði í fyrstu umferð um 15 stig. Því hefur verið einnig haldið fram af þeim sérfræðingum, sem þetta hafa reiknað, að af þessari fyrstu lækkun vísitölunnar mundi brátt leiða aðra, sem næmi 5—7 stigum, og yrði þá lækkun vísitölunnar öll rúmlega 20 stig á tiltölulega skömmum tíma. Hins vegar mundi ríkissjóður græða við það í lækkun útgjalda um 3 millj. kr. Nú virðist mér það vera óhrekjanleg staðreynd, að fái þessir útreikningar sérfræðinganna staðizt, þá er hægt að ná sama árangri í lækkun vísitölunnar með þessari niðurfellingu tollanna og hæstv. ríkisstj. hyggst ná með álíka beinu framlagi úr ríkissjóði eins og á að afla með því 2% gjaldi á cif-verð allra innfluttra vara og 15% álagningu á tekju- og eignarskattinn. Hins vegar er á þessum tveimur aðferðum reginmunur. Önnur aðferðin, að lækka tollana, leiðir til verðlækkunar í landinu og raunverulegrar dýrtíðarlækkunar. Og afleiðingin mundi þá verða vísitölulækkun, sem mundi þá verða sjávarútveginum og öðrum atvinnuvegum í hag. En af hinni leiðinni, sem hæstv. ríkisstj. vill fara, leiðir beina dýrtíðarhækkun, en aðeins vísitölulækkun. Á þessu er sá reginmunur, að ég ætla, að hæstv. ríkisstj. muni vel og fyllilega gera sér hann ljósan og þess vegna hljóti hér á bak við að liggja ákveðin stefna, sú stefna hæstv. ríkisstj., sem ég hef áður vikið að nokkrum orðum, að vilja láta hin breiðu bök fjöldans, hinar vinnandi stéttir landsins, bera þau óþægindi, sem af dýrtíðinni stafa.

Hæstv. ríkisstj. segir sem svo, að hún hafi borið fram till. um verðlækkunarskatt í hv. Ed., en að hv. þm. hafi ekki viljað við það hlíta, heldur fellt þann skatt. Þetta er rétt. Hæstv. fjmrh. gat þess í dag, að einmitt þm. Sósfl. hefðu beitt sér alveg sérstaklega gegn þessum skatti, en það hefði þó komið í ljós hjá þm. flokksins, að flokkurinn teldi, að skatturinn út af fyrir sig gæti komið til mála, ef hægt væri að nota hann til þess að vega upp á móti lækkun á tollum, sem sé nota hann til beinnar lækkunar á dýrtíðinni. Þetta er vafalaust rétt hermt hjá hæstv. fjmrh., og ég ætla, að hann muni skilja, hvað á bak við þessa stefnu býr. Hann sem sé undrar sig ákaflega mikið á því, að slíkt sjónarmið skyldi koma fram. En hér ber að þeim sama brunni, sem ég hef áður um rætt, að meginatriðið í öllum þessum umr. er það, hvaða leið á að fara, hvort vinna á að lækkun dýrtíðarinnar eða lækkun vísitölunnar. Sósfl. vill ekki standa á móti því, að ríkisstj. fái fé handa milli til þess að vinna gegn dýrtíðinni, til að lækka dýrtíðina, en mun standa á móti því, að hún fái fé milli handa til þess að lækka vísitöluna án þess að lækka dýrtíðina. Sósfl. mundi vera með verðtollunarskatti, sem væri viðbót á venjulega beina skatta, til baráttu gegn dýrtíðinni, en ekki til baráttu gegn vísitölu án baráttu gegn dýrtíðinni.

Ég vil nú þessu næst fara um það nokkrum orðum, hvað samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, mundi fyrst og fremst þýða. Ég vil gera hæstv. ríkisstj. og hv. þm. grein fyrir því, hvaða afleiðingar þetta frv. hlýtur að hafa í för með sér, ef samþ. verður. Fyrsta og augljósasta afleiðing þess mundi verða sú, að launþegar um land allt mundu rísa upp sem einn maður og krefjast grunnlaunahækkunar, þegar gert væri tvennt í senn, að auka dýrtíðina í landinu og lækka vísitöluna og þar með launin. Það færi ekki hjá því um þær stéttir, sem til þessa hafa sýnt ótrúlega mikla þolinmæði, að þolinmæði þeirra þryti og þær kæmu fram sem einn maður í byrjun næsta árs og krefðust grunnlaunabóta, sem fyllilega bættu þeim upp það áfall, er þær mundu verða fyrir, ef þetta frv. yrði að l. gert. Vel má svo vera, að hæstv. ríkisstj. hiki ekki við að efna til slíks ófagnaðar. Hún um það, en hennar er þá að taka afleiðingunum. En það er rétt, að við þessu sé varað, frá því skýrt, að ekki getur hjá því farið, að verkalýðssamtökin öll rísi upp og krefjist fullra bóta fyrir það, sem félagar þeirra mundu verða sviptir með þessari lagasetningu. Og ekki verða þau samtök hér ein að verki. Aðrar stéttir hafa þegar myndað með sér vel skipulögð og voldug hagsmunasamtök, og þau munu koma með sínar kröfur um aukin fríðindi til þess að mæta því, sem af þeim væri tekið, ef frv. hæstv. ríkisstj.

yrði gert að l. — Þetta er hin fyrsta og augljósasta afleiðing, sem af samþykkt þessa frv. hlyti að fljóta.

Aðra afleiðingu hlyti það að hafa í för með sér að samþ. þetta frv. Með því yrði sú breyt., að raunverulega fengi hæstv. ríkisstj. þingræðislegan grundvöll að standa á, og má vel vera, að hún óski þess. Og má líka vel vera, að ekki fari illa á því. Það er augljóst, að þetta frv. felur í sér öll meginatriði í stefnu hæstv. ríkisstj. Hún hefur haldið því fram, að hlutverk sitt sé að vinna gegn dýrtíðinni. Og hún leggur nú fram hér, að manni skilst, sínar síðustu till. og segir: Hér er mín aðferð. Og þeir þm., sem á þá aðferð fallast, hafa vissulega tekið ábyrgð á hæstv. ríkisstj., enda skilst mér á því, sem fram hefur komið, að hæstv. ríkisstj. muni ekki óska eftir því að sitja á stóli öllu lengur, ef þetta frv. hennar verður fellt. Það má því vissulega svo fara, að þetta frv. marki nokkur tímamót í íslenzkri stjórnmálasögu. Og það hlýtur raunar svo að fara, því að meðferð þessa frv. ákveður afstöðu Alþ. til hæstv. ríkisstj.

Ég get svo ekki látið hjá líða að minnast með örfáum orðum á þá meðferð, sem ætlazt er til, að þetta frv. hæstv. ríkisstj. sæti, og minnast einnig í því sambandi á önnur stjórnarfrv., sem þingið hefur fjallað um.

Í gærkvöld, þegar verið var að ljúka 3. umr. fjárl. og hæstv. forseti hafði lýst yfir því, að umr. yrði lokið í nótt, var komið með nýja útgjaldatill., sem var flutt af mönnum í fjhn. og nemur hvorki meira né minna en 10 millj. kr. útgjöldum, ef samþ. verður, og þessu fé á að verja til þess að borga uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Það er komið með þetta svo síðla, til þess að tryggt sé, að umr. fari fram á einni nóttu yfir nærri því auðum stólum. Sælzt er til að ganga fram hjá þingsköpum og venjum og láta málið ekki koma fram við 2. umr., eins og vera bar, því að það á að afgr. það með skyndi og útiloka þinglegar umr. og þinglega meðferð. Það er ekki einu sinni borið fram í byrjun umr., heldur er laumazt með það inn, þegar aðeins eru eftir nokkrar klukkustundir að næturlagi.

Hæstv. ríkisstj. leggur fram frv., sem fer í þá átt að leggja á landsmenn allt að 10 millj. kr., og hún fer fram á, að þingið verði nú vikaliðugt og afgreiði málið í skyndi. Hún ætlar að hafa hraðan á og mælist til þess, að fjvn. beggja deildanna taki málið til athugunar í sameiningu, og þær eiga að hafa lokið störfum annað kvöld. Og svo bæta þeir við: Þm. eru orðnir heimfúsir, því að nú fer að líða að jólum, og nú verðið þið að vera fljótir og góðir, svo að þið fáið að fara heim. — Þetta eru furðuleg vinnubrögð og þinginu hin mesta óvirðing ger með þeim. Alþ. ber að ræða hvert mál við þrjár umr. og láta líða ákveðinn tíma milli umr. Þetta eru vinnubrögð, sem hafa raunar tíðkazt áður í sambandi við stórmál hin síðari árin, og er fyrst að minnast þes, að á sumarþ. 1942 var samþ. með einfaldri þáltill. útgjaldaheimild fyrir ríkisstj., sem nam 15 millj. kr. Þá var hraðinn svo mikill, að því var neitað, að þessi till. færi til n., og var ekki einu sinni greitt atkv. um hana í fjvn., eins og vera bar, heldur var hún keyrð í gegnum þingið með ofríki nokkurra þm., og áttu fæstir þess kost að gera sér grein fyrir því, til hvers verja átti þessu fé. Þetta eru víti til að varast, en ekki til eftirbreytni. En samt er farið í þennan slóða, bæði með þessari 10 millj. kr. till. í gær, sem borin er fram í fundarlok, og nú með þessari 8—10 millj. kr. till. hæstv. stj. Hér ber hv. þm. að spyrna við fótum. Það stoðar ekki að hespa málin af með óeðlilegum hraða, þó að jól séu fyrir dyrum og ýmsa þeirra kunni að langa heim eða hæstv. ríkisstj. kunni að langa til, að stefnumál sín séu rædd sem minnst.

Ég get ekki komizt hjá að taka til samanburðar þá meðferð, sem Alþ. hefur haft á ýmsum stórmálum þjóðarinnar, sem hér hafa legið fyrir. Á öndverðu þingi var eitt mesta hagsmunamál Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og bænda á Suðurlandi, mjólkurmálið. Þá var ekki verið að flýta sér. Það mun hafa verið hér tólf sinnum á dagskrá, áður en það kom til hv. landbn., en þangað kom það 25. okt., og allar stundir síðan hefur það dvalizt hjá þeirri hv. n. Önnur mál varðandi mjólkina hafa verið hér á ferð innan þingsala og sætt álíka meðferð, og var þó verið að ræða eðlilegan grundvöll að samskiptum bænda og neytenda, sem allan almenning varðaði. Þá hafði þingið ekki annað að bjóða en bið á bið ofan. Það er vissulega vel farið, að slík mál séu athuguð gaumgæfilega, en það er ekki þetta, sem vakti fyrir þeim, er fyrir þessu stóðu. Nokkrir hv. þm. töldu sér óhagstætt, að þessi mál yrðu rækilega íhuguð á Alþ. Nú er gagnstæður kostur tekinn, þegar verið er að níðast á þjóðarhagsmununum, og málinu hroðað af í skyndi.

Og ég kemst ekki hjá því að minnast á fleiri mál í þessu sambandi. Fyrir Alþ. var lögð mjög þýðingarmikil till. til þál. varðandi framleiðslu síldarafurða í stórum stíl. Allir þm. viðurkenndu, að hér væri um merkasta stórmál að ræða, sem framtíð íslenzks atvinnulífs getur verið undir komin. Allir viðurkenna, að sjávarútvegurinn er öflugasta stoð atvinnulífsins hér á landi, og síldveiðarnar eru sterkasti þátturinn í þeirri stoð. En þá er ekki verið að flýta sér, þegar byggja á upp til að efla atvinnulífið. Þá kemur töf á töf ofan, og svo virðist sem málið ætli ekki að ljúkast. Málið hefur að vísu verið rætt, og það hefur verið sent til n., en þar hefur það síðan legið óratíma, og ekkert bólar á því enn.

Ég ætla að benda á eitt mál enn. Lögð hefur verið fram þáltill. um að fela ríkisstj. að athuga möguleika á að kaupa fiskiskip í Svíþjóð og víðar. Allir vita, að þetta er hið mesta nauðsynjamál, og fiskiflotinn hefur nú á tímum ekki verið, heldur hið gagnstæða. Það er upplýst í sambandi við þessa till., að 66,2% af fiskiflotanum eru nú eldri en 20 ára. Þessi hlutinn er því orðinn úreltur og af sér genginn. Það er því vissulega mál málanna, að undinn sé að því bráður bugur að endurnýja fiskiflotann. En hér er ekki verið að hafa hraðann á. Þessi till. er ekki enn þá komin til umr. í Sþ. Þegar verið er að ræða um hagsmunamál þjóðarheildarinnar, þá er ekki

verið að flýta sér, en þegar velta á erfiðleikunum yfir á hina snauðu í landinu og lækka launin, þá er pöntuð hraðafgreiðsla með afbrigðum og aftur afbrigðum. Og svo á að tryggja það, að þjóðin heyri sem minnst um þetta.

Ég vil minnast á annað atriði í sambandi við mjólkurmálin. Svo virðist sem ýmsir hv. þm. hafi þann hátt að síma út um byggðir landsins til að gera bændum grein fyrir því, hvað þeir sjálfir teldu hér vera á seyði, og var þá venjulega miður rétt frá skýrt. Svo koma þeir með miklu brauki og leggja fram símskeyti með samþykktum, er gerðar hafa verið á fundum bænda og samkvæmt þessum röngu upplýsingum. Samþykktir þessar eru þá líka yfirleitt eftir því. Það er að vísu réttmætt, að þjóðin fái að vita um stórmálin, en þar verður þá að fara rétt með, svo að menn geti myndað sér heilbrigða skoðun. En þessa er ekki óskað, þegar till. um 10 milljónirnar er lögð fram. Nei, þá er óskað eftir hraða. Þjóðin á ekkert að fá að vita, fyrr en allt er um garð gengið.

Ég get ekki stillt mig um að taka til samanburðar enn fleiri mál. Það hefur komið í ljós hér stórfelld eyðilegging á kjöti, og orðrómur hefur gengið um eyðileggingu fleiri matvælategunda, t. d. fisks. Í þ. var lögð fram till. um, að öll þessi mál yrðu rannsökuð til hlítar og gengið úr skugga um, hvað hæft væri í þeim orðrómi, sem gengið hefur um stórfellda eyðileggingu matvæla og ekki aðeins kjöts. Öllum má vera ljóst, að hér var nauðsynjamál á ferðinni. Það er í tíma gert að vara við því, að hér í okkar fámenna þjóðfélagi yrði farið inn á þá svívirðilegu braut, sem farin hefur verið með stórþjóðunum, í því skyni að halda uppi verðlaginu. Hér var krafizt rannsóknar, en þar var þó ekki verið að hafa hraðann á. Málið var tekið á dagskrá og til umr., en umr. er ekki lokið. Nú þurfa hv. þm. að fá heimfararleyfi og ekki von, að þeir hafi tíma til að afgreiða nauðsynjamál eins og mjólkurmál, síldarmál, skipakaup og rannsókn vegna matvælaeyðileggingar. En til hins, að samþ. á allan almenning í landinu 8—10 millj. kr. útgjöld, sem hækka dýrtíðina, en lækka vísitöluna, — til þess hafa þeir tíma.

Þá er enn eitt mál, hið svo kallaða olíumál. Það liggja fyrir upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. um það, að óheyrilegt okur sé rekið í sambandi við oliuverzlunina, og það verður ekki betur séð eftir þeim upplýsingum en olífélögin hafi stungið í sinn vasa frá útgerðarmönnum tveim millj. kr. á einu ári. Á þ. virðist vera fyrir vilji til að heimila hæstv. ríkisstj. að láta fara fram rannsókn út af þessu máli. En hvað gerist? Olífélögin áttu verjendur á Alþ., og þeir þvæla málið og semja aftur á bak og áfram, og Alþ. gerir raunverulega ekkert í málinu. Hér var ekki verið að hafa hraðann á til afgreiðslu stórhagsmunamáls fyrir útgerðina. Hér hefði verið hægt að spara útgerðarmönnum mjög álitlegan skilding. Hvers vegna var ekki þessum málum fylgt eftir með oddi og egg? Vegna þess, að bæta átti hag útgerðarinnar á kostnað nokkurra stórgróðamanna og félaga. Það mátti ekki. En nú á að bæta hag útgerðarinnar á kostnað verkamanna og annarra launþega, og þá er annað upp á teningnum. — Ég vil þó geta þess til að láta hæstv. ríkisstj. njóta sannmælis, að hún hefur þó komið fram með frv. í olíumálinu, sem gæti orðið til úrbóta. En það er tafið og tafið, og mér kæmi ekki á óvart, þó að hv. þm. þættust ekki hafa tíma til að afgreiða það. En þeir hafa raunar tíma til að hækka dýrtíðina með því að lækka vísitöluna.

Ég ætla, að í því, sem ég hef þegar sagt, hafi komið fram allskýr mynd af þeim stefnum, sem ráða starfsháttum Alþ. og ríkisstj. Það er ekki nýstárleg mynd, sem þarna kemur fram í höfuðdráttum. Allt, sem gera á til að draga úr dýrtíðinni, á að gera með nefsköttum á þá, sem snauðastir eru í þjóðfélaginu. Allar aðgerðir, sem stuðla að því að efla alþjóðarhag á kostnað hinna auðugu, eru kæfðar og drepnar á Alþ. Mér virðist svo dásamlegt samræmi í stefnu Alþ. og hæstv. ríkisstj., að til þeirra málaloka megi draga, að sá meiri hl., sem tefur og eyðileggur öll þjóðþrifamál, taki nú á sig ábyrgð af ríkisstjórninni.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. hefur flúið úr hv. d. Mér finnst þó, að þessi virðulegi ráðh. hefði getað látið vera að sýna Alþ. þessa lítilsvirðingu, að hverfa héðan, þegar rætt er um meginmál hans hæstv. ríkisstj., því að hann situr þó hér af ríkisstjórans náð. Ég hygg þó raunar, að svo muni fara, að hæstv. ríkisstj. fái sitt fram í þessu efni og geti þannig skapað sér þann þingræðislega grundvöll, sem hana hefur skort. Mér virðist allt hverfa að því, að Framsfl. og Sjálfstfl. ætli að víkjast vel undir það áhugamál hæstv. ríkisstj. að berjast gegn vísitölunni, en ekki dýrtíðinni, og berjast fyrir hagsmunum stórútgerðarinnar á kostnað hinna snauðu í landinu. En það hefði óneitanlega farið vel á því, að þjóðinni hefði verið gefinn kostur á að vita um það, sem fram er að fara, og málið hefði verið látið hljóta eðlilega og þinglega meðferð. Og ég vil beina máli mínu til hæstv. forseta og spyrja hann, hvort honum þyki ástæða til að hafa nætursetu til að hespa málið af og það sé rætt að mestu yfir tómum bekkjum. Ég mælist til, að fundi verði slitið um ellefu-leytið og það látið ráðast, hvort málinu heldur áfram næsta dag. Hann er þá orðinn því vanur að taka sömu málin á dagskrá dag eftir dag, og þarf ekki annað en minna á mjólkurmálið, sem var 12 sinnum á dagskrá og látið óátalið, þó að það hvíldi hjá hv. landbn. í hálfan annan mánuð. Nú ber hæstv. forseta að hafa eftirlit með störfum þingnefnda og því, að þær skili störfum af sér. Ég vænti, að hann vilji taka sér til fyrirmyndar þá meðferð, sem þessi stórmál hafa hlotið, að því leyti, að mönnum verði veittur ríflegur tími til að velta þeim fyrir sér. Væri ekki til mikils mælzt, þó að farið væri fram á, að hv. Nd. afgreiddi svona mál gegnum allar umr. á hálfum mánuði og hv. Ed. fengi svipaðan tíma til að fjalla um það?

Ég vil endurtaka þá fyrirspurn mína til hæstv. forseta, hvort hann telji ekki rétt að ljúka fundi nú um kl. 11 og gefa málinu eðlilegan tíma til að sæta þinglegri meðferð.

Forseti (JörB): Út af umkvörtunum hv. 8. þm. Reykv., að hæstv. fjmrh hefði gengið af fundi, tel ég mér skylt að upplýsa, að hann var kvaddur í síma.

Um þá fyrirspurn hans, hvort ég sæi mér ekki fært að slíta fundi kl. 11, vil ég segja, að hv. þm. hefur heyrt óskir hæstv. ríkisstj. um, að málinu væri hraðað sem mest.

Þótt ég amist ekki við því, að málefni þau, sem fram eru borin, sæti þinglegri meðferð, þá tel ég mér skylt að verða við tilmælum flm., eftir því sem við verður komið, og veit, að hann getur fallizt á það með mér, að eðlilegt sé, að hæstv. ríkisstj. sé annt um, að þetta mál verði afgreitt sem fyrst til 2. umr., einkanlega þar sem nýlega er búið að fella annað svipað mál, sem hún stóð að, á Alþ., — og mun það ekki hafa verið tilgangur hennar að bera þetta frv. fram, en það mun fram komið, vegna þess að hitt var fellt. Hv. d. hefur í sinni hendi á hinn bóginn, hve mikinn tíma hún vill taka til meðferðar málsins. Ég vil gefa hv. þm. tækifæri til að ræða málið, eftir því sem þeim finnst þurfa.

Hv. þm. geta ekki kvartað yfir því, að fundir hafi staðið langt fram á kvöld á þessu þingi. Þó er ekki ótítt, að þingfundir lengist síðari hluta þings. Framan af þingi eru þeir stuttir, en verða síðar lengri, þegar málin hafa fengið afgreiðslu í n.

Viðvíkjandi máli því, sem hv. 8. þm. Reykv. drap á, — frv. um sölu mjólkur og rjóma, — þá veit ég, að hv. þm. minnist þess, að ég hef gert það að umtalsefni á fundi nýlega, hve lengi það hefur verið í n. Forseti á að fylgjast með nefndarstörfum, en hann getur þó ekki annað gert en minna n. á að skila störfum. Ef n. skilar ekki málum, þá getur forseti tekið þau fyrir í þd., en það er venjulega ekki gert, nema þeir, sem eru flm. þeirra, óski sérstaklega eftir því, — en venjulega er það ekki gert.

Um fundarsókn er það að segja, að það er sjálfsagt að verða við ósk þm. um að veita fjarveruleyfi, þegar þm. eru forfallaðir vegna lasleika, en yfirleitt hafa þess konar tafir, sem þó eru orðnar nokkrar á þessu þingi, ekki verið með leyfi forseta. Það veit ég, að hv. 8. þm. Reykv. getur ekki ætlazt til, að forseti geri meiri ráðstafanir en þær að benda þm. á að rækja fundarsókn.

Ég hef hugsað mér að ljúka 1. umr. í þetta sinn um það mál, sem hér liggur fyrir, og ég ætla vissulega að gefa hv. þdm. tækifæri til að ræða málið ýtarlega. Þess vegna skal ég ekki taka hart á því, þótt hv. 8. þm. Reykv. „léti gamminn geisa fram", eins og hann gerði áðan.

Finnur Jónsson: Ég kemst ekki hjá því að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. forseta, því hann hefur rétt nýlega upplýst, að Alþ. hafi fellt mál, „sem ríkisstj. stóð að", hvaða mál það var, sem hann átti við. Ég hef ekki orðið var við, að ríkisstj. hafi staðið að neinu máli um tekjuöflun til handa ríkissjóði, sem flutt hefur verið hér á Alþ., og þar sem það er ekki sjáanlegt í neinum skjölum, verð ég að fræðast af forseta.

Það kom fram í Ed. frv. um tekjuöflun, þskj. 401, frá hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Dal., og var það fellt. Á þskj. sést hvergi, að það hafi verið flutt að beiðni ríkisstj. Það er ekki í sjálfu frv. og ekki heldur í grg. Það, sem hæstv. forseti upplýsti, hlýtur því að vera rangt, nema því aðeins, að það hafi verið upplýst í umr. um málið. Það er alveg eins og hæstv. ríkisstj. hafi ekki óskað eftir því að láta nafns síns getið, þótt hún e. t. v. hafi staðið á bak við frv.

Venja er, þegar mál eru flutt að tillagi ríkisstj., að hún flytji þau sjálf eða þess sé getið í grg. Mér koma því upplýsingar hæstv. forseta einkennilega fyrir, án þess að ég vilji rengja þær. Vera má, að hann hafi einhverjar taugar til ríkisstj., sem aðrir hafa ekki.

Nú er ljóst af því, sem komið hefur fram síðustu daga, að störf Alþ. og stjórn landsins eru að komast í öngþveiti. Ég er ekki að álasa hv. ríkisstj. með þessum orðum, því að hún getur ekki gert annað en það, sem þingið leyfir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að minnast á þau atvik, sem valda því, að frv. þetta er komið fram. Atvikin eru þau, að í byrjun þings fóru fram undirskriftir af hálfu þm. 28 þm. undirskrifuðu samkomulag um að tryggja bændum það verð, sem þeim bar samkv. niðurstöðum sex manna n. Því hefur verið haldið fram, að dýrtíðarl. hafi gert ráð fyrir slíkum uppbótargreiðslum, en hafi svo verið, hvers vegna þurfa þá þm. að forsvara sig á sérstöku skjali? Gerðu þeir ráð fyrir, að ríkisstj. mundi ekki greiða uppbæturnar? Gerðu þeir ráð fyrir, að hún mundi brjóta l. á bændum? Annan veg verður þetta ekki skilið. Það er alveg óvenjulegt að safna undirskriftum þm. til að segja fyrir um, hvernig verja skuli fé úr ríkissjóði, þegar fyrir liggur afgreiðsla fjárlaga.

Snemma á þessu þingi leitar ríkisstj. fyrir sér um leyfi til að hækka álagningu á tóbaksvörur og gerir ráð fyrir, að þær tekjur ásamt hækkuðu verði á áfengi nemi ca. 8 millj. kr., og lætur þess getið, að ætlazt sé til, að fé þessu sé varið til að greiða niður verð landbúnaðarafurða eða til að halda niðri vísitölunni. Í sambandi við þetta urðu nokkrar umr., og lofaði þá ríkisstj. því, að hún mundi leita heimildar Alþ. um þessar greiðslur. En öllum var ljóst, í hvaða skyni álagningin var hækkuð.

Næsti liður er svo samkomulag fjvn. um að taka þessa tekjuáætlun inn á fjárl., og létu þá nokkrir menn í fjvn., — án þess að ég sé að segja frá því, sem gerðist í n., — þess getið, að þeir mundu síðar leggja fram till. um útgjöld móti þessum tekjum. Ég held, að menn hafi almennt skilið það, að það yrði þá komið á móti ósk hæstv. ríkisstj. um heimild til að greiða þetta fé. Þann 19. nóv. gekk fjvn. frá höfuðtill. sínum. Þá var enn spurt um, hvort till. lægi fyrir um það, hvernig verja skyldi þessum tekjuauka. Ég gerði þá till., að 9,5 millj. kr. skyldi varið til skipakaupa, og sú till. mun liggja fyrir til atkvgr., þegar fjárl. eru afgr. við 3. umr. Þessi till. kom ekki fram í till. fjvn., og liðu þá 16 dagar, þangað til við 3. umr. fjárl., að meiri hl. n. kom fram með till. um að verja því fé, sem ríkisstj. aflaði eins og ég hef greint, til greiðslu á uppbót á útfluttar landbúnaðarafurðir. Þetta mun hafa komið ríkisstj. og öðrum nokkuð á óvart,

og þegar spurt var, hvort þessar 10 millj. væru ekki óþarflega mikið fé til þessa, þá var svarað, að verðuppbætur yrðu einhvers staðar á milli 8 og 16 millj. kr. Ef þær skyldu ekki verða nema 8 millj., þá verður tekjuafgangur 2 millj., en ef þær verða 16 millj. króna, hvar ætla þá þeir, sem standa að þessum undirskriftum, að taka þessar 6 millj., sem á vantar?

Ég bið forseta afsökunar, að ég hef rakið þetta mjög almennt, en ég verð að gera það, vegna þess, að það er þessi 10 millj. kr. till., er valdið hefur öngþveiti því, sem nú er orðið á Alþ. og stendur í sambandi við það mál, sem nú er á dagskrá.

Nú hef ég sagt, að ég vil ekki ásaka ríkisstj. um, að þetta öngþveiti hefur orðið, en hitt verður að segja, að eins og ástatt er í landinu, hefði þurft að bera fram till. um að miðla á milli stétta og atvinnuvega á allan mögulegan hátt. Þetta hefði verið veglegt hlutverk fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún hefði borið fram till. um að miðla milli stéttanna því fé, sem nú á að verja til að bæta hag einnar stéttar í landinu, og þá einnig borið fram till. um framtíðargrundvöll atvinnuveganna að stríðinu loknu. Þeim ágætu mönnum, sem í stjórn sitja, hefði verið það til sóma. En annaðhvort hefur hún ekki skoðað það sem verkefni sitt eða ekki treyst sér til þess. Ef hún hefur ekki skoðað það sem verkefni sitt, þá átti hún ekki eins mikið erindi inn á þing og hún virðist hafa haldið. Ef hún hefur ekki treyst sér til þess, þá átti hún að biðjast lausnar. Það verður auðsjáanlega ekki lyft minnstu ábyrgð af þinginu í þessu efni. En eins og ég benti á, þá lágu þessi mál fyrir til lausnar. Þingflokkarnir báru ekki gæfu til þess að ná samkomulagi um lausn þeirra, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki borið fram neina sáttatill.

Nú hefur verið talað um, að nauðsynlegt væri að halda niðri vísitölunni, en því miður hefur komið í ljós, að það að halda niðri vísitölunni er ekki það sama og að halda niðri dýrtíðinni.

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið niðri flutningsgjöldum á innfluttum vörum. Hins vegar eru flutningsgjöld á öðrum vörum, sem verka ekki á vísitöluna og þau hafa farið fram úr öllu valdi. Og um flutningsgjöld gilda ein l. fyrir Rvík og önnur fyrir aðra landsbúa. Ef vörur frá útlöndum eru fluttar til Rvíkur, eru flutningsgjöld tiltölulega lág. Aðrir, sem fá þessar sömu vörur fluttar frá Rvík með Eimskip, verða að greiða 25% hærri flutningsgjöld og enn hærri, ef þær eru fluttar með öðrum skipum. Vísitalan er því hreinlega orðin fölsuð. Ég er ekki þar með að segja, að hún sé ekki rétt reiknuð út eftir þeim reglum, sem vísitölun. hefur. Þetta eru góðir reikningsmenn og fara eftir þeim reglum, sem þeim eru gefnar. En þegar farið er að gilda tvenns konar flutningsgjald á vörum, sem verka ekki á vísitöluna, þá er grundvöllur vísitölunnar orðinn rangur.

Ég get bent á, að við rannsókn, sem farið hefur fram á kostnaði útgerðarinnar, hefur komið í ljós, að hann hefur aukizt um 45%, síðan fisksölusamningurinn var gerður í fyrra. Vísitalan hefur því ekki komið að því gagni fyrir útveginn, sem til var ætlazt. Það hefur verið sagt, að vegna útgerðarinnar væri nauðsynlegt að „borga niður dýrtíðina", eins og það er kallað, en eins og það er framkvæmt, hefur reynslan sýnt, að það hefur ekki komið að gagni fyrir útgerðina. Fyrir útgerðina er ekkert, sem kemur að gagni, nema að fá hækkað fiskverðið sem svarar hækkuðum kostnaði.

Nú má segja, að „frestur sé á illu beztur" og að hver vertíð, sem hægt er að halda þetta út, sé þjóðinni í hag, en þegar horfur eru á, að á Alþ. ríki sú stefna, að verja þurfi tugum milljóna á ári til að borga niður vörur innan lands og greiða uppbætur á útfluttar vörur eins atvinnuvegar án þess að athuga, hvað öðrum líður, þá verður að spyrna á móti.

Það er ekki hægt að horfa þegjandi upp á það, að ríkissjóður sé þurrausinn á þeim mestu veltutímum, sem komið hafa hér á landi, án þess að reynt sé að leggja grundvöll að framtíðarskipulagi fyrir atvinnuvegi landsmanna. — Eftir því sem ég get komizt næst, eru það milli 30 og 45 millj. kr., sem búið og ætlað er að verja til að greiða í uppbætur á landbúnaðarafurðir þriggja ára. Hvað greitt verður til að halda niðri dýrtíðinni innan lands þessi 2—3 ár, hygg ég, að geti ekki verið minna en 16—20 millj., og að viðbættu hinu eru það þá alls 45—60 eða 65 millj. kr. Það er auðséð, að þessu getur ekki haldið áfram, þetta er stjórnarstefna, sem er dauðadæmd, og því fyrr sem við gerum okkur það ljóst, því betra.

Ég held það hafi verið hæstv. fjmrh., sem var að reikna út, hverju þessi skattur mundi nema, og ég heyrði hv. 2. þm. S.-M. minnast á, að það mundi vitanlega valda einhverri dýrtíð, ef þessi 2% kæmu að einhverju leyti fram í verðhækkun á vörunni. Ef lagðir eru 2% á vöruverðið, þá getur það með öðrum kostnaði aldrei munað minna en 3%, þannig, að ef hér er um tolla að ræða að verulegu leyti, þá getur það aldrei orðið undir 1½ millj., sem almenningur þarf að greiða á þennan hátt, — eða sem næst það, sem hæstv. ríkisstj. ætlar til að greiða niður dýrtíðina.

En hvaða vit er það að taka úr öðrum vasanum til að láta í hinn? Er ekki betra að láta það eiga sig að vera að leggja þetta gjald á? Ég segi fyrir mig, að mér finnst það hrein hringavitleysa. Og það lítur út fyrir, að ríkisstj. sé búin að breyta um skoðun á því, hvað það sé, sem orsakar verðbólguna, — nema þeir tollar, sem gefnir verða eftir af nauðsynjavörum, verki á vísitöluna. En þá verður árangurinn sá, að vísitalan gefur rangari hugmyndir um verðið í landinu en hún hefur gert áður.

Mér skilst, að þeir 28 menn hér á Alþ., sem hafa með undirskriftum í byrjun þings komið þessu öngþveiti af stað í þinglokin, með því m. a. að setja ekki till. sínar fram fyrr en á síðustu stundu, þegar ekki er hægt að koma með till. til samkomulags, séu sekir um vítaverða framkomu. Þetta verður ekki skrifað á reikning ríkisstj. En hitt verður að játa, að ríkisstj. hefur ekki komið fram með neinar úrlausnartill. um það höfuðvandamál, sem fyrir þinginu lá, nema það eigi að skoða þetta frv. sem úrlausnartill. Ég veit það og a. m. k. Alþfl. lítur svo á, að slíkt frv. sem þetta verði á engan hátt til þess

að leysa vandræðin. Það virðist vera sá andi ríkjandi hér á Alþ. meðal þeirra, sem öflugust ítök hafa í Framsfl. og Sjálfstfl., að þeir ætli sér að vinna að sínum málum alveg án tillits til þess, hvað fjárreiðum ríkissjóðs líður og hvað afkomu annarra stétta líður. Ég hygg, að það muni ekki ofmælt að segja, að bændastéttin óski ekki eftir þessum heimildum, en hitt er það, að fulltrúar hennar hér á Alþ. virðast vera þeirrar skoðunar, að þeir haldi ekki trúnaði sínum við bændastéttina, nema þeir noti þessa aðferð. Á ófriðartímum hlýtur slík togstreita með ríkisfé að leiða til hreins glundroða og þeir 28 menn, sem stóðu að þessum undirskriftum, bera í rauninni ábyrgðina á þessu. Nú er eftir að vita, hvað þeir ætla sér að gera, hvort þeir ætla að taka að sér að stjórna landinu.

Það hefur verið bent á það, að það væri farið að halla undan fæti fyrir sjávarútveginum og þetta fé, sem verið er að borga þessar uppbætur með og kemur frá sjávarútveginum, hefði þurft að nota til þess að endurnýja skipastólinn. Skipastóllinn okkar er orðinn hrörlegur, og hann verður að endurnýja. Ef það verður ekki gert, er þar með kippt fótunum undan atvinnurekstri landsmanna og þá einnig undan slíkum uppbótargreiðslum sem þessum úr ríkissjóði. Vera má, að mönnum finnist að ég lýsi þessu með nokkuð dökkum litum, en ég held, að svo sé ekki. Ég held, að við séum með þessari togstreitu um ríkissjóðinn að koma ríkisbúinu í hið mesta öngþveiti, og hvað viðvíkur framtíðinni, þá ætti núverandi ástand að sannfæra þá, sem hafa haldið, að hægt væri að stjórna landinu með till., sem gengju milli flokka, um það, að það er ekki hægt að stjórna landinu, svo að vel fari, nema með ríkisstj., sem hefur þingflokka bak við sig og stjórnar eftir einhverri stefnu. Ef ekki verður innan skamms til ábyrgur meiri hl. þings, sem annaðhvort myndar stj. eða stendur að núverandi stj., er auðséð, að það leiðir til vandræða. Ef til vill má segja, að það sé engin ástæða til að ræða þetta, það sé mönnum ljóst, en það væri ástæða til að óska þess, að þeir, sem standa að því að setja fram þessa 10 millj. kr. till., skýrðu frá því, hvort till. er lögð fram í hreinu ábyrgðarleysi eða hvort á bak við þetta stendur einhver vilji til þess að taka við stj. í landinu og stjórna því öðruvísi en nú er gert.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er kunnugt, að núverandi stj. hefur talið það aðalhlutverk sitt að berjast á móti vexti dýrtíðarinnar í landinu. Um þetta gaf hún yfirlýsingu, þegar hún tók við völdum, og slík yfirlýsing hefur margsinnis síðan verið endurnýjuð. En þrátt fyrir yfirlýsingar stj. um þetta, hafa framkvæmdirnar í dýrtíðarmálinu undir forustu hennar orðið heldur litlar, eins og kunnugt er. Stj. afsakar þetta að nokkru leyti með því, að Alþ. hafi ekki viljað fallast á till. hennar til lausnar í dýrtíðarmálunum. En þær samþykktir, sem gerðar voru í dýrtíðarmálunum á síðasta þingi, hafa þó verið framkvæmdar af stj., og hún hefur talið þær samþykktir þingsins þess verðar, að hún færi áfram með völd, til þess að hægt væri að framkvæma þær. Nú var það svo, að þær dýrtíðarsamþykktir, sem gerðar voru á s. l. vetri, voru flestar miðaðar við eitt ár og það var þá vitað mál, að á þessu þingi þyrfti að endurnýja þessar samþykktir eða koma með nýjar till. í dýrtíðarmálunum, og þess var sérstaklega vænzt frá þeirri ríkisstj., sem taldi það sitt höfuðhlutverk að berjast gegn dýrtíðinni, að hún legði fram gagngerðar till. um þetta, þegar hún vissi, hvernig málin stóðu hér í þinginu. En svo hefur nú farið, að þrátt fyrir það að þetta þing er búið að sitja í fjóra mánuði, hefur engin till. frá stj. komið fram í þessu dýrtíðarmáli fyrr en nú, þegar komið er að þingslitum. Slíkt er alveg óskiljanleg starfsaðferð, og menn hljóta að spyrja, hvað hafi dvalið stj., hvað hafi tafið fyrir henni að koma fram með till. í höfuðbaráttumáli sínu, því sem hún taldi sig komna til valda til þess að leysa. Nú á síðustu dögum þingsins á svo að hespa þetta frv. í gegnum þingið með afbrigðum, og svo mikið liggur nú við, að ræða verður málið á næturfundum.

Ef athuguð er sú stefna, sem þegar hefur komið fram hjá stj. í dýrtíðarmálunum, og það samband, sem er raunverulega á milli stj. og tveggja stærstu þingflokkanna, og svo sú stefna, sem þeir flokkar hafa í dýrtíðarmálunum, þá skýrist það nokkuð fyrir mönnum, hvernig stendur á þessum einkennilegu vinnubrögðum, að leggja þessa till. fram í því formi, sem hún er, og á þeirri stundu og með þeim hætti, sem nú er gert. Þegar hæstv. stj. á s. l. vetri lagði fram stefnu sína í dýrtíðarmálunum, kom í ljós, að hennar aðal-meðal til lausnar dýrtíðarmálunum var launalækkun. Hún vildi, að dýrtíðaruppbætur á laun manna í landinu yrðu ekki greiddar nema sem svaraði 80% af dýrtíðinni. Þetta var í rauninni alveg sama stefnan og hafði áður komið fram hjá Framsfl. og Sjálfstfl., þegar þeir flokkar fengust við að leysa þessi mál. Það var alveg ljóst, að meiri hl. þm. var í rauninni sammála þeirri stefnu, sem stj. lagði þarna til, — sem sagt Framsfl. og Sjálfstfl. —, en þó náði þessi stefna ekki fram að ganga í það sinn, og ástæðan var sú, að verkalýðssamtökin í landinu höfðu styrkzt allmikið og voru þegar búin að kenna þessum flokkum það, að þeir höfðu ekki vald til þess að knýja fram slíkar launalækkanir. Niðurstaðan af þeim samþykktum, sem gerðar voru á s. l. þingi í dýrtíðarmálunum, var svo verðlækkunarskatturinn, skattur, sem fyrst og fremst kemur á hærri tekjur eða hátekjur. Og ætlunin var að nota þær tekjur, sem fengjust á þennan hátt, til niðurgreiðslna á ýmsum nauðsynjavörum. Einnig var samþ. með dýrtíðarl. að leggja 3 millj. kr. í sjóð til þess að mynda atvinnuleysistryggingar. Í stað þess, að upphaflega till. beindist að því að skerða mjög laun hinna vinnandi stétta í landinu, varð útkoman sú, að l. voru heldur til hagsbóta þeim stéttum en hitt. Okkur sósíalistum var það að vísu ljóst, að niðurgreiðsluaðferðin var vitanlega ófullnægjandi leið til að tryggja lausn á sjálfu dýrtíðarvandamálinu, þó að við teldum það þó þess virði með þeim ákvæðum, sem þarna höfðu fengizt inn, eins og t. d. 3 millj. kr. til atvinnuleysistrygginga, að

samþ. 1. þannig. Okkur var ljóst, að það voru miklir annmarkar á þessum dýrtíðarl., t. d. þótti okkur með þessum nýja skatti gengið mjög freklega á tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, og hlaut það að leiða til þess, að bæjar- og sveitarfélögin þyrftu að draga saman seglin um nauðsynlegar framkvæmdir heima hjá sér, því að þau þurftu að sjá fyrir þessum hækkuðu sköttum með hækkuðum útsvarsstiga hvert hjá sér. En þegar séð var, að ekki mundi fást samþ. á Alþ. nein launalækkun, eins og stj. hafði lagt til, var gengið inn á þá braut, sem haldið hefur verið áfram á síðan, að ná launalækkuninni með óbeinum hætti og þá með því að rangfæra þá vísitölu, sem launin voru reiknuð eftir. Strax við samþ. dýrtíðarl. á s. l. vetri mátti sjá, að stefnt var inn á þessa braut, og ég vil nefna dæmi um það, hvernig vitandi vits var gengið inn á þessa braut.

Það var ákveðið, að sérstaklega skyldi greiða niður verð á kjöti og mjólk, en það var ákveðið, að niðurgreiðsla á mjólk skyldi eingöngu gilda hér í Reykjavík, þar sem mjólkurverðið væri fyrir ofan kr. 1.35—1.40 l. Við sósíalistar bárum fram till. um það, að mjólkurverðið skyldi greiða niður hlutfallslega eins annars staðar á landinu, en þeir flokkar, sem fyrst og fremst hugsuðu um að ná fram fölsun á vísitölunni, hugsuðu að vísu um það að fá fram fé með verðlækkunarskattinum til þess að greiða niður mjólk, en aðeins, að hún væri greidd niður á þeim stöðum, þar sem mjólkurverðið kom inn í vísitöluna. Hitt var augljóst, að úti um landið, í hverju einasta þorpi, var mjólkurverðið að hækka allt árið, og hefði því vísitalan hjá þeim launþegum átt að hækka í staðinn fyrir það, að mjólkurverðið í Reykjavík var látið lækka vísitöluna hjá launþegum úti um landið. En þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvernig stefnt var að því að reyna að fá fram kauplækkun. Baráttan var ekki við dýrtíðina sjálfa, að lækka hana, heldur fyrst og fremst um það að koma fram kauplækkun. En þó kastaði fyrst tólfunum í þessum efnum, þegar í byrjun þessa þings kom beiðni um það frá stj. að fá að hækka verð á áfengi og tóbaki, en það fékkst aldrei ljóslega upp, hvað gera ætti við þær 8—10 millj., sem fengjust með slíkri hækkun á víni og tóbaki. Þá var því hvíslað, að nota ætti féð til þess að greiða niður dýrtíðina í landinu, til niðurgreiðslu á nauðsynjavörum almennings. Það, sem þá átti að fara að gera og hefur verið gert síðan, var það, að fólkið í landinu sem notaði jafn almennt og raun ber vitni um tóbak og áfengi, átti að borga hærra verð fyrir þessar vörur, en fá hins vegar kjöt og mjólk með lægra verði í staðinn. Það var vitanlegt og augljóst mál, að það kom alveg að einu og sama fyrir fólkið, hvort það hafði borgað kjöt og mjólk nokkrum krónum hærra hvert kg og hvern lítra, eða hvort það var látið borga það í tóbaki, sem það notaði. Þarna var í stórum stíl gengið inn á þá braut alveg vitandi vits að rangfæra vísitöluna. Það, sem vannst með þessu, var það, að kjöt og mjólk lækkaði í verði að vísu, en það lækkaði vísitöluna og kaupgjaldið, en þó að áfengi og tóbak hækkaði í verði, hækkaði það ekki vísitöluna neitt. Og þar af leiðandi hækkaði kaupið ekki af þeim ástæðum, og til þess voru refirnir skornir í þetta sinn, eins og áður hafði verið gert, þó að í smærri stíl væri. Það sýndi sig, þegar þessi beiðni kom fram um það, að stjórnin fengi heimild til þess að hækka verð á áfengi og tóbaki, að það stóð ekki á þeim, sem vitað var um, að fyrst og fremst vildu kauplækkun, Framsfl. og Sjálfstfl., að fylgja slíkri till. Þeir greiddu svo fyrir þeirri till., að hún fór í gegnum þingið, að ég held, á einum degi. Það er nú öllum ljóst, að slíkar ráðstafanir, að hækka verð á þeim vörum, sem fólk notar, eins og tóbak og áfengi, þó að það lækki verð á annarri vöru, sem það einnig notar, eru engar dýrtíðarráðstafanir, það er eingöngu vísitölusvindl.

En það þótti ekki nóg að koma með þessar ráðstafanir, og því er nú þetta frv. flutt, sem hér liggur fyrir til umr., sem er frv. um það að hækka enn á ný tollana í landinu og hækka þar með vöruverð til mikilla muna, m. ö. o. frv. um að hækka verðlag í landinu, hækka dýrtíðina, þótt það sé sagt, að það sé flutt í því skyni að lækka dýrtíðina. Sú samþykkt að leyfa hækkun á tóbaki og áfengi hefur um 8—10 millj. kr. tekjur í för með sér, miðað við vísitölu, og er það fyllilega eins há upphæð og þær tekjur, sem hafa fengizt með verðlækkunarskattinum. En auk tóbaks- og áfengisteknanna er svo farið fram á auknar tekjur um 7—8 millj. kr. með þessu frv. En meginástæðan til þess, að það er flutt, er sú, að sífellt fara vaxandi þær milljónauppbætur á landbúnaðarvörur, sem meiri hl. þings hefur ákveðið að greiða, og því verður vitanlega að grípa til slíkra ráðstafana sem hér er gert til þess að hafa fé í því skyni. Það er sem sagt vilji meiri hl. Alþ. að greiða milljónir kr. í verðuppbætur til stórbænda í landinu, manna, sem hafa yfir 14500 kr. í árslaun. Þó að þeir hafi 50 þús. kr. tekjur, þá greiðir ríkissjóður svo millj. kr. skiptir í verðuppbætur til þeirra manna, og eðlileg afleiðing þess verður frv. eins og þetta. Á einn eða annan hátt verður að ná peningunum inn, og er þá ekki hugsað um, þó að það verði til þess að hækka dýrtíðina, ef aðeins er hægt að koma því þann veg fyrir, að það þurfi ekki að hækka vísitöluna og halda mætti áfram að rangfæra hana eins og gert hefur verið undanfarin ár.

En það þykir ekki nóg að reyna að fegra þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, með því að tala um, að það fé, sem inn á að koma, eigi að fara til þess að greiða niður verð á nauðsynjavörum, heldur er því haldið fram, að þetta sé gert fyrir fiskimenn, það sé gert fyrir hlutarsjómenn og smáútvegsmenn. En í því sambandi langar mig til að benda á það, hvernig búið hefur verið að málefnum fiskimanna og hlutarmanna alveg sérstaklega varðandi þeirra dýrtíðarmál. Ég held, að hinn alkunni fisksölusamningur, sem er sérstaklega óhagstæður fyrir smáútveg landsins, hafi verið gerður af ríkisstj., og hann er sérstaklega óhagstæður fyrir smáútveginn vegna þess, að fisksölusamningurinn gerir ráð fyrir jafnháu verði fyrir hina dýru framleiðslu smáútvegsins, eins og t. d. ýsu og þorsk, eins og vörur stórútgerðarinnar, t. d. ufsa. Það á að

fastbinda verð á fiski án tillits til verðs á útgerðarvörum. Þær eiga að hækka, án þess að fiskverðið breytist.

Hvað hefur ríkið gert til að hindra okur á vörum til útgerðarinnar? Það hefur ekki einu sinni fengizt til að taka upp eftirlit með nauðsynjum hennar. Það er öllum vitanlegt, að s. l. tvö ár hefur beitusíld verið seld á okurverði. Mörgum sinnum hefur verið farið fram á það við verðlagsyfirvöldin, að þau hindruðu verðhækkun á beitu, en ekkert hefur verið að hafzt. Hér í þinginu hefur verið upplýst um verðlag á olíu til útgerðarinnar. Með samþykki verðlagsyfirvaldanna græða olíuhringarnir á 3. milljón kr. á því að selja olíu til útgerðarinnar, og það er álit margra, að þeir græði enn meira en þeir hafa gefið upp til skatts. Ekkert hefur verið gert útgerðinni til hjálpar í þessu efni. Ekkert hámarksverð er á vélum og bátum. Það blasir við öllum, sem til þekkja, að ekki fer mikið fyrir aðstoð ríkisins við útgerðina. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, eru blekkingar einar og til þess að villa heimildir. Vil ég í tilefni af ummælum hv. 2. þm. S.-M., sem vildi leggja sérstaka áherzlu á, að hann og Framsfl. vildu styðja þetta frv. til þess að forða hlut fiskimanna frá vaxandi dýrtíð, segja það, að hann þarf ekki að halda, að fiskimönnunum í landinu sé ekki ljóst, hvernig Framsfl. hefur búið að þeim og að þetta er fyrst og fremst gert til þess að halda áfram milljónagreiðslum til stórbændanna í landinu. Þær ráðstafanir, sem Framsfl. virðist standa að, eru þessar:

1. Hækkun verðs á áfengi og tóbaki, sem er ekki nema til að auka dýrtíðina.
2. Tollahækkun, sem nemur verðhækkun á vörum um nálega 8 millj. króna.
3. Hækkun tekjuskatts, meðal annars á láglaunamönnum.
4. Dýrtíðarráðstafanir um að greiða milljónir kr. til stórbændanna í landinu.

Þetta eru ráðstafanir, sem eiga að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar í landinu. Getur nú hver dæmt um það af sínum sjónarhóli, hversu vel þessi ráð muni gefast til að lækka dýrtíðina. En þau koma að liði til að lækka vísitöluna, til þess að ná fram kauplækkun með falsaðri vísitölu. Þessi leið er óhugsandi, og hljóta launastéttirnar að krefjast launahækkunar, þær eru neyddar til þess. Menn verða að gera sér ljóst, að afleiðingin getur ekki orðið önnur.

Þegar þetta er athugað, finnst mér vera fundin skýring á því, hvernig á því stendur, að ríkisstj. leggur nú fram þetta frv. í dýrtíðarmálunum. Það á að nota síðustu daga þingsins til að drífa málið í gegn með óeðlilegum hraða. Ríkisstj. er á sömu línu og Frams.- og Sjálfstfl. Hún hefur beðið eftir því, að þessir flokkar sæju sér fært að samþ. slíka till. Þeir treystust ekki til þess s. l. vetur og ekki fram að þessu, en helzt treysta þeir sér til að hespa þetta af nú í skyndi, ef menn átta sig ekki á, hvað er að gerast. Þess vegna er málið borið fram á þennan hátt. Það kann að vera, að einhverjir ráðherrarnir líti öðrum augum á málið, ríkisstj. sé ekki sammála. En vera má, að ráðh. sé ljóst, að vilji meiri hl. Alþingis kemur fram í þessari till., vilji Frams.- og Sjálfstfl. Þeir mega ekki heyra nefnda lækkun tolla, þótt þannig megi lækka bæði dýrtíðina og vísitöluna. Ástæðan til þess, að ríkisstj. ber ekki fram aðra till., er sú, að hún þarf fylgi meiri hl. við hana.

Við sósíalistar bentum á, að fyrst ætti að freista að lækka tolla, t. d. tolla á öllum nauðsynjavörum, en við það hefur ekki verið komandi. Lækkun tolla á neyzluvörum mundi nema um 11 millj. kr. Þessi lækkun mundi þýða 15 stiga lækkun vísitölunnar, segja hagfræðingar, og meiri lækkun á sjálfri dýrtíðinni. Bein afleiðing yrði a. m. k. 20 stiga lækkun vísitölunnar, að áliti þeirra, sem mikið hafa fjallað um þessi mál. Er það því undarlegt, að þeir, sem mest vinna að þessum málum, skuli ekki fallast á lækkun tollanna. Þessi 11 millj. kr. tekjumismunur mundi endurgreiðast með lækkun kaupgjalds. Það er alþýðan í landinu, sem borgar tollana, og er því vinningurinn mestur fyrir hana, ef þeir yrðu lækkaðir. Baráttan stendur hjá ríkisstj. og þessum tveimur flokkum fyrir því að lækka ekki sjálfa dýrtíðina, heldur koma fram launalækkun. Þess vegna er þessi leið ekki farin. Alþýðan í landinu segir við þá flokka, sem þykjast berjast á móti vaxandi dýrtíð: Byrjið þið á að lækka tollana, þar sem það gefur svona raunhæfa lækkun dýrtíðarinnar. Fyrr trúum við ekki, að þið séuð að berjast á móti vaxandi dýrtíð í landinu.

Fjármálaráðherra viðhafði þau orð um tollalækkun, að hún væri hreinasta fjarstæða, og efa ég ekki, að hún er það í augum þeirra, sem berjast á móti henni.

Ég get nú farið að ljúka máli mínu, en það er ekki óeðlilegt, þó að þm. vilji ræða nokkuð um svo mikilvægt mál sem þetta er, og gefst mér væntanlega tækifæri til að ræða það frekar síðar. En að endingu vil ég segja það, að öllum almenningi í landinu er ljóst, að með slíkri dýrtíðarráðstöfun sem þessari er ekki verið að bera fyrir brjósti hlut sjómanna og verkamanna. Það eru ekki aðrir en stóratvinnurekendur, sem græða á lækkun launa verkamannanna, því að dýrtíðarráðstöfun er þetta ekki.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég get ekki látið umr. um þetta frv. fara alveg fram hjá mér án þess að segja nokkur orð, vegna þess að frá því fyrsta, að Alþ. þetta kom saman, hefur það verið líkast því, að það hafi legið eins og mara á öllum, að frv. eins og þetta, sem hér liggur fyrir, mundi fram koma. Og það hefur verið vikið að þessum umbótamálum og dýrtíðarmálum í sambandi við svo mörg mál, sem rædd hafa verið á þinginu. Og nú er þá komið fram frv. um að leggja innflutningsgjald á allar innfluttar vörur til þess að lækka dýrtíðina. En ég geri ráð fyrir, að a. m. k. verkalýðnum í landinu hefði sízt af öllu dottið í hug, að þessi leið yrði farin til þess að lækka dýrtíðina, sem svo er kallað, því að á s. l. ári og nú á þessu ári, síðan þessi niðurkaupaheimild kom fram, hefur því undantekningarlaust verið slegið föstu og það einnig af sex manna n., að þetta væri

ekki nema bráðabirgðaráðstöfun, sem gæti ekki haldið áfram til lengdar. Og á síðasta þingi voru skipaðar nefndir, bæði til þess að athuga þessi dýrtíðarmál, hin svo kallaða sex manna n., sem átti að athuga um verðlagið, og svo starfaði einnig mþn. í launamálum. Og niðurstöður af starfi þessara n. átti svo að leggja fyrir þetta þing. Og þá átti hér að vera búið að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar og komast að niðurstöðum, og átti þá þetta bráðabirgðaástand í dýrtíðarmálunum að vera horfið. Á s. l. sumri, þegar þessi mál voru í meðförum hjá þessum n., þá hafði verkalýðurinn, a. m. k. hér í Reykjavík, mjög góða aðstöðu til þess að segja upp kaupsamningum og fá hækkaðan kauptaxta sinn sem svaraði því, sem tekið var af launþegum með rangri vísitölu. Uppi voru í verklýðsfélögunum háværar kröfur um það að segja upp samningum í sumar og fá hækkað grunnkaup. En bæði mér og fleirum leizt rétt að bíða og verða ekki til þess að setja fót fyrir þær ráðstafanir, sem reynt yrði að gera í þessum málum, því að okkur var strax ljóst í sumar það, sem hv. 2. þm. S.-M. virðist fyrst hafa orðið ljóst nú, að einmitt smáútvegurinn þoldi ekki hærri vísitölu með tilliti til fiskverðsins í útlöndum. Og þetta var hæstv. ríkisstj. í sumar fullkomlega ljóst. Og maður hefði getað búizt við, að þetta mál yrði tekið fyrir á þinginu nú og rætt, þetta mál, sem margir telja kannske eitt alvarlegasta málið, sem fyrir þinginu liggur.

Hv. 2. þm. S.-M. lýsti því í ræðu hér á þinginu fyrir skömmu í sambandi við annað mál, að uppbæturnar til bændanna væru ekki veittar fyrst og fremst af því, að þeir þyrftu þeirra með. Hann sagði, að verkamennirnir og sjómennirnir hefðu fengið aðstöðu til þess að auka gróða sinn og það væri rétt, að bændur fengju hlutdeild í þeim gróða, sem stétt í þjóðfélaginu. og þess vegna væru þessar uppbætur á landbúnaðarvörur. Ef þetta hefur verið ástæðan, — og maður getur hugsað sér, að hann viti um það, hv. þm., þar sem hann er formaður flokks síns, —, þá gætu menn hugsað sér, þegar þeir horfa á fjárl., sem nú eru að ganga fram, þar sem milljón á milljón ofan vantar til þess, að þau geti staðið undir þessum uppbótagreiðslum og öðrum till., sem hér eru komnar fram, að það væri orðinn nokkuð vafasamur hlutur, sem þjóðarbúinu er ætlað að greiða með þessum uppbótum, þegar svo er komið. Það, sem svo launþegar í landinu fá nú, eru hækkandi tollar, — sem hljóta að koma langmest niður á verkamönnum og láglaunastéttunum, — til þess að verja í þessar uppbætur á landbúnaðarafurðum.

En nú er rétt að athuga, hvað þessar uppbætur á landbúnaðarafurðum gera. Maður gæti hugsað, að peningar, sem þannig væri varið, gerðu það að verkum, að framleiðsla vöru, sem verðbætt er með þeim og nauðsyn er, að nóg sé af, færi þá eitthvað vaxandi. En því fer svo fjarri, að það er alveg öfugt. Hún fer minnkandi. En varan, sem menn eru í vandræðum með að afsetja, en verðbætt er, hún hækkar í verði, en þeir, sem framleiða hana, þurfa ekkert um annað að hugsa en bara að framleiða hana, hvort sem hún selst eða ekki, þ. e. kjötið. Og svo er sagt, að þetta sé allt gert, nefnilega að greiða þessar uppbætur, til þess að jafna metin í þjóðfélaginu. — Það er jafnvel verið að segja, að kjöti sé hent suður í hraun. Svo eru þeir líka að segja, að sjávarafurðum sé fleygt í sjóinn við strendur Englands. — En þessir góðu menn athuga ekki það, að maður, sem framleiðir fisk, hann framleiðir hann fyrir ákveðið verð, og hann verður að sætta sig við þann lífeyri, sem það gefur honum, án uppbótargreiðslna. Og ef eitthvað skemmist hjá honum, þá er það beinlínis hans tap. Það er ekki verið að borga það af ríkinu. En það sér hver einasti maður, að það getur ekki gengið í framtíðinni sú framleiðsla, að þannig sé framleidd vara, að mennirnir, sem að framleiðslunni vinna, þurfi ekki annað um að hugsa en framleiða bara sem mest, þeir fái það allt borgað, hvort sem betur eða miður gengur með söluna. Enda er ekki vafi á því, að kjötframleiðsla hefur stóraukizt á tveimur undanförnum árum.

Og viðvíkjandi því, hvernig þetta horfir við frá sjónarmiði verkalýðsins, get ég ekki beint sagt um. En eftir því, hvernig þetta stóð í sumar, þá verður það ekki á valdi neinna einstaklinga að hindra það, að átök verði um það, hvort launþegar fái uppbætur á kaup sitt, sem svarar þessari skerðingu á því, ef þetta frv. verður samþykkt. Og ég gæti ákaflega vel ímyndað mér, að launþegar, sem nefnd var sett til þess að athuga launakjör hjá, yrðu sammála um það eða fulltrúar þeirra í þessari n. að leggja fyrir þetta þing till. í launamálum, en fái einhverra hluta vegna ekki tækifæri til þess. En leiðréttingin, sem útlit er hins vegar fyrir, að þeir eigi að fá hjá Alþ., á að vera sú, viðvíkjandi þeim lægst launuðu embættismönnum ríkis og bæja, að tollar verði lagðir á nauðsynjavörur. Og ég get þá líka búizt við því og er reyndar sannfærður um það, og hv. þm. hljóta að sjá það, að með þessu framferði hlýtur að reka að því, að harðar deilur rísi út af þessum hlutum.

Ein aðalröksemdin í þessum málum, sem höfð er sem keyri á verkamenn og launþega, er atvinnuleysið. Og það er alls ekki úr vegi að fara nokkrum orðum um það út af fyrir sig, því að það er alveg eins nauðsynlegt, að mennirnir, sem vinna svo kallaða verkamannavinnu, hafi sín laun eins og hinir, sem vinna að framleiðslu hluta sem þeir nota fyrir sjálfa sig. Það er ekki hægt að reka þjóðfélagið með því að hver einstaklingur vinni að sjálfstæðri framleiðslu. Og ef orka verkamannanna er ekki notuð, þá er það fyrsta undirstaðan til beins þjóðfélagslegs hruns og til eyðileggingar á þjóðfélaginu, því að það er nauðsynlegt, að það peningamagn, sem hér er nú í landinu, svari eðlilegum vöxtum. En þó að svo væri, mundi það ekki vera nóg þjóðinni til fæðis og klæðis eitt út af fyrir sig, þó að peningaflóðið sé mikið í landinu. Það er því nauðsynlegt, að starfsorka landsmanna sé notuð — og það sem bezt — til framleiðslu fyrir þjóðina, bæði einstaklinga og ríkisheildina. En ef menn fara að ganga atvinnulausir, þá fer að koma stöðvun á fjár-

magnið og þá um leið kreppa, sem endar á því, að fólkið fer að hætta að geta keypt, en það veldur svo bæði þjóðfélagslegum skaða og skaða fyrir einstaklinga. Og þetta finnst mér, að menn ættu hiklaust að horfast í augu við, því að allir eru sannfærðir um, að svo getur það ekki lengi gengið.

Menn hafa hér verið að tala um, að ákaflega mikil vá væri fyrir dyrum í dýrtíðarmálunum og þau væru að fara út í öngþveiti, það verði að taka málin alvarlega o. s. frv. Og ég get tekið undir það. En alvaran er þó stundum ekki meiri, þegar menn berja sér á brjóst og tala um þetta, en það, að það er *eins og stólarnir*, en ekki mennirnir, sem í þeim eiga að sitja, eigi að ráða fram úr vandamálunum. Þannig er *fundarsóknin stundum*.

En ég er sannfærður um, að uppbætur án nokkurs skipulags um það, sem framleitt er, hvort kannske er framleitt allt of mikið af einhverri vörutegund, sé ekki ráð til þess að leysa vandamál dýrtíðarinnar. Of lítið virðist vera gert í því efni að auka það af framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem menn vantar, en kannske full mikið til þess að auka framleiðslu þess, sem þjóðin er í vandræðum með að selja.

Einar Olgeirsson. Herra forseti. Mér hefði þótt vænt um, ef hæstv. fjmrh. hefði verið hér inni í fundarsalnum, ef hann væri hér nokkurs staðar nærstaddur, því ég vil nokkuð koma inn á það, sem hann var hér að tala um einu sinni. Hæstv. fjmrh. talaði nokkur orð út af því, sem ég hafði sagt hér fyrr í dag, og mér virtist hann satt að segja vera ánægðari en ég hafði búizt við með það hlutverk, sem þeir 28 samsærismenn hafa ætlað hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Og hafði ég ekki eiginlega búizt við því, að hann mundi taka því svo vel að vera sendur nú á þing af þessum 28 körlum, sem svo vilja hvergi sjálfir koma fram í dagsljósið, til þess að reyta undan nöglum almúgans í landinu og pína fram þessar 10 til 12 milljónir, sem þeir voru búnir að nappa úr höndum ríkisstj. Ég hafði búizt við, að hann mundi að einhverju leyti beina geiri sínum þangað, sem þörfin væri meiri fyrir, og átelja þau vinnubrögð þeirra manna í þinginu, sem gera samninga um það utan þingveggjanna að taka stóra fjárhæð úr ríkissjóði án þess að hafa neina samvinnu um það við aðra hv. þm. og hafa enn fremur farið með þetta sem slíkt laumuspil að láta þetta ekki koma fram í sambandi við 2. umr. fjárl. og sleppa því síðan að ræða þetta í fjvn. fyrir 3. umr. fjárl. og svo rétt síðasta daginn, þegar 3. umr. fjárl. fer fram, koma þá með þetta, svo að rétt megi vinnast tími til að hespa það af á nokkrum klukkutímum til að ræða það. Upphæðin er þó ekki minni, sem hér er um að ræða, en 10 millj. kr., sem engin lagaheimild og engin lagaskylda er til að veita. Ég hefði búizt við, að hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. fjmrh., — af því að hann er annars ekki vanur að láta senda sig svona nokkuð og þorir fullkomlega að tala sínu máli, — hefði sagt þessum mönnum til syndanna um afgreiðslu fjárl. og að það væri þessara manna að sjá fyrir peningum í staðinn fyrir meðferð þeirra á fjárl. Manni virtist kannske því meiri ástæða til þessa sem ríkisstj. var fyrir nokkrum dögum að tilkynna okkur, að það væru 15,5 millj. kr., sem greiða ætti í uppbætur á afurðir ársins 1942, og að ekki væru peningar til þess að greiða þær. Og maður gæti því frekar búizt við því, að hæstv. ríkisstj. byrjaði á því að átelja það, þótt kurteislegar væri að farið en það, hvernig þingið afgreiddi þá till. *á sínum tíma með 1½ klukkutíma umr.* eða þar um bil án þess að láta hana fara til nefndar og þingið skyldaði þannig ríkisstj. — ef hægt er að skylda ríkisstjórn með þál.-till., sem þó er almennt talið, — til að leggja fram tugi milljóna kr. Við sósíalistar erum sammála um að greiða uppbætur, en ekki með þeirri aðferð, sem þar var höfð. Mér finnst, að hæstv. fjmrh. hefði átt að átelja þá aðferð, sem höfð var í þessu efni, þar sem það var vitað, að þessir 28 menn fundu, að þeir voru fordæmdir af þjóðinni fyrir það, sem þeir voru að fremja, og biðu því með að koma með það, þangað til í næturskímu við síðustu umr. fjárl. En hæstv. ráðh. sneri sér hins vegar að því, að það væri mjög lítilvægt, sem við sósíalistar hefðum komið fram með, og fannst honum það, sem við værum að koma með, og þær leiðir, sem við vildum benda á, ekki vera mikils virði. Skal ég koma að því síðar.

Þá vil ég segja nokkur orð út af því, að hæstv. fjmrh. talaði um skömmtun og sérstaklega á *smjöri*. Langar *mig til að biðja hann um*, ef hann gæti, að upplýsa mig um það betur. Hann sagði, að smjörframleiðslan og smjörinnflutningurinn til landsins væri svo lítill, að það mundi ekki verða handa nema, — ja, ekki helmingi þjóðarinnar, þó að frekar væri smátt skammtað. Hvað meinar hann með þessari smáu skömmtun í sambandi við þetta? Það er skammtað smátt smjörið úti í heiminum. Og það þarf ekki að vera mikill skammtur af smjöri, til þess að það gæti a. m. k. dugað handa börnum, þó að fullorðið fólk legði sér annað til munns. Og a. m. k. í fyrra og á þessu ári, eftir því sem ég þekki til, þá held ég, að það hafi alls ekki verið of lítið íslenzkt smjör framleitt og flutt inn, til þess að skammturinn gæti þó orðið heldur stærri en í flestum löndum öðrum. Mér þætti þess vegna mjög vænt um að fá upplýsingar um það, hvað ráðh. heldur, að smjörinnflutningurinn og smjörframleiðslan hafi verið á síðasta ári. Ég held, að hún hafi ekki verið svo lítil, að það hefði ekki fyllilega getað komið til *mála að skammta smjör*, svo að þeir, sem helzt þurftu á því að halda, hefðu ekki þurft að borða þurrt, heldur notað viðbit, sem hægt var að leggja sér til munns.

Ég veit, að það er tilgangur hæstv. ríkisstj. að kaupa dýrtíðina niður með þessum ráðstöfunum. En þegar óvinsæl aðferð bætist ofan á óvinsælan tilgang, verður niðurstaðan sú, að menn kaupa ekki frið, heldur sá niður ofriði og uppskera storm. Það er alveg vitanlegt, að þegar ofan á hina almennu óánægju, sem er með þá aðferð, sem ríkisstj. hefur beitt undanfarið ár, að haldið hefur verið niðri verði á

landbúnaðarafurðum með fé úr ríkissjóði, — þegar ofan á þessa óánægju bætist einnig sú óvinsæla aðferð um að afla fjárins til þessa með því að leggja 2% toll á allan innfluttan varning, þá tekur fólkið því ekki möglunarlaust. Ef þessi leið að leggja á þennan toll, verður farin, þýðir það það, að lagt verður með því út í ófrið, þannig að það er vitanlegt, að þá muni fólkið krefjast grunnlaunahækkana. Og síðan verða kraftahlutföllin í landinu í því efni að skera úr um það, hvernig það fer. Þetta er hæstv. ríkisstj. orðið ljóst af því, sem fram hefur komið hér í dag. Þetta hefur henni verið gert ljóst, til þess að hún viti, að hún kaupir hvorki sér né þjóðinni frið með svona aðferð.

Svo er það viðvíkjandi till., sem við sósíalistar höfum stillt fram á móti þessu, sem ríkisstj. kemur hér með, sem sé að lækka tollana. Mér þótti hæstv. fjmrh. draga nokkuð mikið taum síns málsstaðar, þegar hann talaði um niðurstöðu sex manna n. Hann talaði um, að landbúnaðarvísitölun. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri hægt að lækka vísitöluna um 15 stig með því að minnka tolltekjur ríkissjóðs, eins og þær væru nú, um 11 milljónir. Mér er nú nær að halda, að það, sem sex manna n. komst að, sé, að lækka megi vísitöluna með þessu um 15 til 20 stig. Hæstv. fjmrh. sagði, að það mundi varla verða yfir 15 stig, en 11 milljóna tolltekjumissi ríkissjóðs vildi hann teygja fyrst upp í 13 millj. og síðan upp í 15 millj. kr. En ég hygg, að áætlunin í niðurstöðutölu landbúnaðarvísitölun. sé það varfærin, að það sé óhætt að gera ráð fyrir 20 stiga lækkun á vísitölunni með þessum 11 millj. kr. tekjumissi ríkissjóðs með niðurfellingu tolla, sem komi fram með víxillækkun, og það sé svo langt frá því, að það sé yfir 11 millj. kr., sem þetta mundi kosta ríkissjóð, að ríkissjóður mundi spara í launagreiðslum með þessari lækkun dýrtíðarinnar og vísitölunnar 3 til 4 millj. kr., þannig að sá raunverulegi kostnaður við það að lækka vísitöluna um 20 stig mundi verða 7 til 8 millj. kr. tekjurýrnun ríkissjóðs. Það þýðir, að í staðinn fyrir, að hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir, að það kosti 1 millj. kr. að lækka vísitöluna um 1 stig, gizka ég á, að það sé á milli 330 þús. og 500 þús. kr., sem það kosti að lækka vísitöluna um stigið. Ég veit, að okkur greinir þarna nokkuð mikið á. En þó geri ég ráð fyrir, að það hafi verið annað, sem enn meir vakti fyrir hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta, sem sé, að ef tollarnir lækkuðu svona, þá þyrfti ríkissjóður að fá einhverjar tekjur í staðinn. Og hann minntist á það hlæjandi, að hv. 5. þm. Reykv. hefði talað um, að hann væri samþykkur því að samþ. verðlækkunarskattinn, til þess að þar kæmu tekjur handa ríkissjóði í staðinn fyrir tap ríkissjóðs af því, að tollarnir væru lækkaðir. Og mér virtist hæstv. ráðh. finnast hlægilegt að hugsa sér annað eins og það að það væri það sama sem að kaupa niður dýrtíðina. En hér er bara alveg um öfugmæli að ræða. Með því að borga niður dýrtíðina með niðurborgun á verði landbúnaðarafurða þá er verið að taka af launþegunum og borga niður afurðir, sem launþegar geta svo ekki fengið fyrir þetta niðurborgaða verð. Með því hins vegar að lækka tolla er sköpuð lækkun á vísitölunni, en þó enn meiri lækkun á dýrtíðinni. Það er ekki vafi á því, að afleiðingin af lækkun tolla kæmi til með að verka þannig, með ódýrari vörum. Það mundi þess vegna þýða það fyrir hvern verkamann, að þegar kaup hans að vísu lækkar sem svarar vísitölunni, þá verður kaup hans eftir þessari tollalækkunaraðferð meira, vegna þess að laun hans lækka ekki eins og verðlagið, — í staðinn fyrir, að með niðurborgunaraðferðinni lækkar dýrtíðin í sumum tilfellum lítið og í sumum tilfellum ekki neitt, en vísitalan lækkar nokkuð og verður þess vegna fölsk og villandi. En með tollalækkunaraðferðinni mundi auk þess, sem sagt hefur verið, vinnast það, að eitt af hagsmunamálum alþýðunnar, sem hún hefur barizt fyrir, mundi ganga fram. Tollar eru óvinsælir og hin óréttlátasta aðferð við að ná inn tekjum í ríkissjóð, af því að þeir koma þyngst niður á þeim, sem sízt mega við því að borga þá. Fyrir yfirstéttirnar eru tollarnir hins vegar hin hagkvæmasta aðferð til tekjuöflunar, ekki sízt vegna þess, að með þeirri tekjuöflunaraðferð í ríkissjóð er ákveðinni stétt að heita má selt á leigu að innheimta tekjur handa ríkissjóði. Kaupmannastéttin má sem sé leggja á þessar tekjur ríkissjóðs, þegar þær eru innheimtar. Og það hefur verið sérstakur gróði fyrir þá stétt, eins og það væri sérstakur gróði fyrir hana, ef þessi tekjuöflunaraðferð hæstv. ríkisstj. yrði samþ., að leggja á þetta innflutningsgjald. Þess vegna veit ég, að það er andstaða gegn því að lækka tollana, vegna þess að þetta er ekki aðeins augnablikshagsmunamál fyrir alþýðuna og hin eðlilegasta barátta hjá henni gegn dýrtíðinni, heldur er þetta framtíðarhagsmunamál hennar. En yfirstéttunum er hins vegar verr við, að tollar séu lækkaðir, því að það er alls ekki þeirra hagsmunamál. Það er sem sé ekki sama, hverrar tegundar tekjumissir ríkissjóðs er, hvort hann stafar af því, að tollar eru lækkaðir, eða hvort peningum er varið úr ríkissjóði til þess að kaupa niður landbúnaðarafurðir. Og við sósíalistar gerum algeran greinarmun þarna á.

Það er nú búið að prófa í heilt ár að lækka dýrtíðina með því að borga niður verð landbúnaðarafurða. Og ef þjóðin vildi hafa þá gömlu o., góðu reglu að prófa allt og halda því, sem gott er, þá væri rétt að prófa fleiri aðferðir og hafa þá, sem bezt reyndist. Hvað ætti að hafa á móti því? Hefur ekki niðurborgunarleiðin gefizt nógu illa? Hefur hún ekki verið nógu óvinsæl? Viðurkenna ekki allir, að hún sé nógu vitlaus? Hvaða ástæður eru til þess að halda áfram með hana, þegar búið er að benda á aðra og réttlátari leið, sem mundi verða vinsælli hjá fólkinu í landinu? Hvað óttast menn við að reyna þessa leið? Hér eru þrír flokkar í þinginu, sem allir hafa haft það á stefnuskrá sinni að lækka tolla. Og ég held, að Sjálfstfl. hafi aldrei lýst yfir því, að hann væri með því að hækka tolla. Ég man ekki eftir slíkum yfirlýsingum frá honum. Hvað stendur þá í vegi fyrir því, að mögulegt sé að fá að prófa þessa aðferð?

Er það það, að verið sé að hugsa um ástandið eftir stríðið, að það sé heppilegast fyrir kaupmannastéttina í þessu landi, að tollar séu ekki felldir niður, af því að það mundi verða erfiðara að fá það fram að hækka tollana aftur, ef þeir yrðu lækkaðir nú? Hverjar eru hinar raunverulegu ástæður fyrir því, ef ekki þessar, að ekki er hægt að fá að lækka dýrtíðina og vísitöluna með þessari aðferð? Eru það einhverjar aðrar ástæður, sem hafa enn ekki komið fram?

Hæstv. ríkisstj. svaraði engu, a. m. k. ekki svo að ég heyrði, því, sem ég minntist hér á um eftirlit með innflutningnum, vöruverðinu á innfluttum vörum. Það hefur verið uppi mjög þrálátur orðrómur um það, að það mundi ekki vera allt með felldu um það verð, sem á ýmsum vörutegundum væri, sem keyptar eru inn í landið. Og ég drap sérstaklega á, að gróði olíuhringanna hefði verið það mikill, að það væri full ástæða til að ætla, að víðar væri pottur brotinn hjá innflytjendum vara. Hæstv. fjmrh. minntist ekkert á þetta mál. Og það er erfitt fyrir okkur hér í þinginu að fá nokkrar nákvæmar upplýsingar í þessum málum, sérstaklega a. m. k. hvað þingmenn sósíalista snertir og þá, sem standa í sambandi við okkur, þar sem hæstv. ríkisstj. virðist sízt vilja gefa okkur tækifæri til þess að grennslast nokkuð eftir, hvernig í þessum málum liggur. En ekki virtist mér úr vegi fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við innflutning á ýmsum vörum hingað til landsins að gera nokkrar tilraunir til að sjá um innkaup á þeim vörum sjálf, nokkurn tíma a. m. k., og sjá um að selja þær út hér með því heppilegasta og eðlilegasta móti, sem hægt væri, og vita, hvað hægt væri að hafa milliliðakostnaðinn lítinn, frá því að hlutirnir koma frá verksmiðjunum, sem þeir eru keyptir af í Bandaríkjunum, og þangað til þeir koma til neytendanna. Er ekki innflutningur okkar í ár eitthvað í kringum 200 millj. kr.? Og eru ekki tollarnir, sem ríkið leggur á hann, eitthvað í kringum 50 millj. kr.? Og ef það væri nú almennt 30% álag þar á í útsöluverði varanna, — hún er mjög mismunandi á ýmsum vörum, — en ef það væri nú svona upp og niður álagningin, gróðinn og kostnaðurinn, þá eru það engar smáræðistölur, sem þar koma út. Það er sem sé eftir þessum útreikningi um það að ræða, að milliliðakostnaðurinn er upp undir það eins mikill og velta ríkissjóðs í ár. Og manni virðist ekki úr vegi, að þessir hlutir væru rannsakaðir, a. m. k. þegar hæstv. ríkisstj. sér sér nauðugan þann kost að koma með frv. um hækkun tolla á nauðsynjavörum — og segist vera með því að berjast gegn dýrtíðinni. Það væri t. d. einkennilegt að leggja þetta 2% innflutningsgjald á olíu, sem til landsins er flutt, og láta það koma fram í hækkuðu verði, með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja um olíusöluna. Og e. t. v. væri hægt að segja það sama um fleiri vörusölu. — Nú, við þessu væri sem sé gott að fá svör. En það verður kannske ekki hægt. Yfirleitt vildi ég segja það um afstöðu hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi dýrtíðarmálunum, að hún þarf að gera það upp við sig, hvort hún óskar eftir að reyna að leysa þessi mál í harðvítugri baráttu við verkamannastéttina í landinu eða í samstarfi við hana. Það er ekki fram á mikið farið, þó að talað sé um það, að tollarnir verði lækkaðir. Það er ekki fram á mikið farið eftir heils árs tilraunir, gerðar á þann hátt að kasta út tugum milljóna kr. við það að kaupa niður verð á landbúnaðarafurðum, þó að farið sé nú fram á að gera tilraunir með lækkun tolla á nauðsynjavörum og afnámi þeirra. Menn þurfa að vera mjög ákveðnir í að vilja leysa þessi mál í baráttu við verkalýðinn í landinu, ef menn vilja endilega fara þessa leið, sem lagt er til í þessu frv., að farin verði, en hafna öllum öðrum. Og ég vona, að hæstv. ríkisstj. verði búin að gera það upp við sig, áður en þessu máli lýkur, hvort hún vill leysa þessi mál í harðvítugri baráttu við verkamannastéttina eða í samstarfi við hana.

Svo eru það nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði hér. Ef hann væri nokkurs staðar nærstaddur, væri skemmtilegra, að hann vildi vera viðstaddur hér í salnum. En það er nóg af flokksmönnum hans hér til að bera honum orð mín. Hv. 2. þm. S.-M. var að lýsa afstöðu Framsfl. og sagði, að Framsfl. væri á móti því að kaupa niður dýrtíðina. Gott var að heyra það. Það væri samt ákaflega gaman að því, ef menn væru á móti einhverjum hluta af þessu frv., að þá sýndu þeir að einhverju leyti þann vilja í verki. Það er gott að heyra, að Framsfl. sé á móti því að kaupa niður dýrtíðina. En það er leiðinlegt að heyra hann aldrei minnast á þetta nema þegar hann berst á móti því, að lögð sé niður niðurborgun á landbúnaðarvörum. Ég man ekki eftir í öðru sambandi, að þetta hafi komið fram í ræðum frá þeim flokki.

Hv. 2. þm. S.-M. hefur viljað lækka tolla, og han hefur barizt lengi fyrir því máli. Ég held, að á þeim 27 eða 28 árum, sem liðin eru, síðan Framsfl. var stofnaður, hafi það verið eitt af hans heitustu baráttumálum að lækka tolla á nauðsynjavörum og afnema þá. Og ég held, að allan þann tíma, sem Framsfl. var við völd, þá hafi flokkurinn alltaf verið með því að lækka tolla á nauðsynjavörum. En mér heyrðist hv. 2. þm. S.-M. samt sem áður enda ræðu sína með því að segja, að auðvitað mundi Framsfl. greiða atkv. með því að hækka tollana, eins og hér væri lagt til.

Þá talaði hv. 2. þm. S.-M. með fjálgleik um það, að Framsfl. vildi ekki taka fram fyrir hendurnar á ríkisstj. Nei, aðra eins ósvinnu dytti Framsfl. ekki í hug að fara að gera. En hvað gerðu hinir 23? Tóku þeir fram fyrir hendurnar á ríkisstj., eða ráðfærðu þeir sig við hana? Mér þætti afar vænt um að fá upplýsingar um það frá hæstv. ríkisstj., hvort þessir 28 þm. hafa ráðfært sig við hæstv. ríkisstj., áður en þeir undirskrifuðu, um það, hvort þeir væru nú að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstj. með þessu athæfi. Mér er ekki grunlaust um, að meðal þessara 28 manna hafi verið einhverjir af framsóknarmönnum. Og ég gæti meira að segja trúað því, að enginn framsóknarmaður, sem er á þingi, hafi verið eftir fyrir utan hóp þessara 28 manna. Ég held, að hver framsókn-

armaður, sem er á þingi, hafi gengið í hóp þeirra 28 manna til þess að taka fram fyrir hendurnar á hæstv. ríkisstj. Og mér er ekki kunnugt um, að Framsfl. hafi ráðfært sig við hæstv. ríkisstj., áður en hann gerði það, Mér er ekki grunlaust um, að þessi sami Framsfl., þessir sömu hv. þm., sem hv. 2. þm. S.-M. talaði þarna í umboði fyrir, hafi komið sér saman á bak við hæstv. ríkisstj. um það að ráðstafa fé úr ríkissjóði þvert ofan í vilja hæstv. ríkisstj. Ég man ekki betur en hæstv. ríkisstj. hafi sagt, að hún hafi verið búin að útvega sér fé, en svo hafi komið aðrir menn og tekið peningana. Svo kemur hv. formaður Framsfl. og segir: Hvernig dettur ykkur í hug að taka fram fyrir hendur hæstv. ríkisstj.?!

Svo talaði hv. 2. þm. S.-M. um, að Framsfl. vildi hindra það, að dýrtíðin yxi. Hann kom inn á það, að smáútvegurinn ætti svo bágt, að það væri synd, ef nokkur vildi gera annað eins og það að láta dýrtíðina vaxa. Og til þess að hlífa smáútvegsmönnum þá lýsti þessi hv. þm. yfir, að hann væri með því að leggja 2% innflutningsgjald á allar vörur, sem landbúnaðurinn þarf að kaupa frá útlöndum, 2% innflutningsgjald á olíu, 2% innflutningsgjald á allt, sem kaupa þarf til smáútvegsins frá útlöndum, bæði veiðarfæri, salt og efni til skipasmíða og hvað annað, sem vera skal, 2% innflutningsgjald á matvöru, m. ö. o. 2% innflutningsgjald á meira en helming á öllu því, sem vélbátaútvegsmenn þurfa til báta sinna. Og þetta segist hann ætla að gera til þess, — þó að dýrtíðin vaxi við þetta allt og komi þyngra niður á smáútvegsmönnum, — að þá lækki vísitalan, þegar borgað er niður verð á landbúnaðarafurðum. Og hvað skyldu vera margir smáútvegsmenn á landinu, sem hafa menn upp á kaup? Meginhlutinn af þessari útgerð er rekinn með hlutaskiptafyrirkomulagi, sem sé það kemur alls ekki við vísitölunni. Það kemur alls ekki til gagns fyrir þessa menn, þó að vísitalan lækki, ef dýrtíðin hækkar að verulegu leyti. Og þessi hv. þm. segir svo, að af umhyggju fyrir smáútveginum ætli hann sér að vera með því að hækka dýrtíðina um 2%, til þess að það sé hægt að kaupa vísitöluna í landinu niður um nokkur stig, sem smáútvegsmenn hafa ekki nokkurt gagn af. Þegar menn eru komnir út í svona aðferðir til þess að styðja málstað sinn, þá eru þeir orðnir fremur illa settir. Ég get þess vegna ekki betur séð en að afstaða Framsfl. — eftir þessari ræðu hv. formanns hans að dæma — sé alveg með endemum, hún sé svo vesalmannleg, að flokkurinn þori bókstaflega ekki að horfast í augu við, hvað hann gerir. Hann slengir fram einhverjum „frösum", sem eiga ekki stoð í veruleikanum, talar fjálglega um, að þeir séu að lækka vísitöluna, en það sé til góðs fyrir smáútveginn, sem hafi versta aðstöðu, og fara svo að tala um, að það sé ósvinna af þinginu að fara að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstj. og lofa henni ekki að gera það, sem hún vill, eftir að þeir hafa gert það sjálfir, þessir menn, að taka svo freklega fram fyrir hendurnar á hæstv. ríkisstj. að nota eftir geðþótta sínum tekjur, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að hafa í allt annað. Ef þetta eru einu rökin, sem koma fram með þessu frv. frá hv. þm. Framsfl., þá kemst þetta frv. ekki langt með rökum í þinginu.

Einn þingflokkurinn, og sá stærsti, hefur tekið þá mjög skynsamlegu afstöðu í þessu máli að segja ekki neitt, og er það honum til mikils sóma samanborið við þá frammistöðu, sem formaður Framsfl. hafði hér. Hins vegar verður varla hjá því komizt fyrir þann þingflokk að taka afstöðu, þegar til atkvgr. kemur (**SigfS:** Hann veit, hvað hann vill).

Ég held nú, að þegar þetta frv. kemst kannske til n., þá væri það heppilegast fyrir alla afgreiðslu dýrtíðarmálanna almennt í þinginu, að hæstv. ríkisstj. vildi mjög svo endurskoða afstöðu sína um það, hvort ekki væri heppilegra að taka það tillit til þeirra skrifa, sem hvað eftir annað hafa komið fram frá hálfu eins flokks í þinginu og margra samtaka utan þingsins, að fara aðra leið til þess að lækka dýrtíðina í landinu en þá að kaupa niður verð á landbúnaðarafurðum. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. er ekki svo ánægð með þá aðferð, að hún geti ekki fellt sig við að prófa aðra. Og það ætti að vera tími til þess, ef skaplega er að öllu farið og ekki beinlínis er verið að gera leik að því að sá hér til hins stærsta ófriðar í landinu. Og ég held, að það ætti ekki að fara að bæta því ofan á þann laumuleik þeirra 28 samsærismanna hér að fara að reyna að þvinga þetta frv. fram með offorsi.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um tekjuöflun vegna dýrtíðarráðstafana, er í marga staði mjög einkennilegt mál og merkilegt. Það er nú talað hér um dálítið nýstárlegar uppástungur. En það er nú ekki í fyrsta skipti, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur komið með dálítið nýstárlegar uppástungur í þessum málum. Hún stingur nú sem sagt upp á því hér, að 2% tollur sé lagður á allar innfluttar vörur í því skyni að minnka dýrtíðina í landinu. Þetta er svo mikil mótsögn, að það er furðulegt, að slíkt skuli vera borið hér fram, enda kaus hæstv. fjmrh. að fara sem fæstum orðum um þetta hér í ræðu sinni. Hann reyndi ekki að færa nein rök fyrir þessari ráðstöfun. Ég tók líka eftir því í ræðu hv. 2. þm. S.-M., að hann sneiddi alveg fram hjá þessu atriði og komst þó ekki hjá því að geta þess, að að sjálfsögðu hlyti þessi aukning á dýrtíðinni að koma til frádráttar á verði því, sem niður væri keypt.

Þetta háttalag, að leggja tolla á allar vörur, sem fluttar eru til landsins, í því skyni að lækka dýrtíðina, það er vitanlega hreinasta Kleppsvinna, en það er reynt að gera hana þannig, að svo líti út sem hún sé unnin með viti, af því að hæstv. ríkisstj. sér enga dýrtíð nema í sambandi við vörur, sem koma til greina við útreikning framfærsluvísitölunnar. En auk þess er frv. þetta þannig að frágangi og ber þannig að hér í þinginu, að það er gersamlega vansæmandi. Hæstv. ríkisstj. virðist vera að gera sér hér sérstakt far um að óvirða hv. þm. og hæstv. Alþ. yfirleitt, því að þetta frv. er lagt fram að kalla greinargerðar-

laust, og svo er því fylgt úr hlaði með ræðu hæstv. fjmrh., sem var ekki nema örfá orð. Það eru ekki einu sinni tekin á sig þau óþægindi að reikna út, hvað þetta gefur miklar tekjur eða hver áhrif þetta kynni að hafa á dýrtíðarvísitöluna í landinu. Og þetta hefði vitanlega verið innan handar að finna á mjög skömmum tíma og skýra í því efni, hvernig málið lægi fyrir. Þetta lét hæstv. fjmrh. líka ógert í ræðu sinni. Og svo endaði hann ræðu sína með því að segja, að hann vildi, að þetta frv. yrði afgr. til n. á einum fundi í þessari hv. d., en það þýddi, að ekkert tóm gæfist til þess að ræða málið rólega og yfirvega það. Og enn fremur fór hann fram á það og mæltist til þess við hv. fjvn. þessarar d., að hún tæki málið þegar í stað til afgreiðslu og afgreiddi það helzt með sem minnstum og helzt engum fyrirvara og hefði samstarf við hv. fjhn. Ed., til þess að hægt væri að ræða það sem minnst.

Við erum nú búnir að sitja hér á þingi í meira en þrjá mánuði, og allan þann tíma hefur hæstv. ríkisstj. haft tíma til þess að íhuga og leggja niður fyrir sér hvernig þessi mál stóðu. Hún getur því ekki afsakað sig með því, að hún hafi ekki vitað, að það kom ekki til mála að hagnýta sér yfirballansinn á fjárl., þar sem hann var horfinn, eftir að hv. fjvn. var búin að taka þann ágóða, sem tóbaks- og víntollurinn veitir inn á fjárl., til þess að borga uppbætur á útflutt kjöt, því að það var vitað, að 28 þm. höfðu skuldbundið sig til þess að fylgja því máli fram. Það virðist líka vera meiningin að haga svo störfum á hinu háa Alþ., að ef það eru mál, sem verulegu máli skipta, þá eigi hv. þm. að gefast sem allra minnst tóm til þess að athuga þau og sérstaklega til þess að gera sér ljósar afleiðingar þess að samþ. þau. Og það er ekki vanþörf á að gera sér sérstaklega ljósar afleiðingar þess að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, og gera það að l.

Í þriðja lagi er þetta frv. merkilegt fyrir það, að ef þetta frv. verður samþ., fær hæstv. ríkisstj. þingsstuðning fyrir tilveru sinni. Og það virðist vera hagað öllum undirbúningi málsins með tilliti til þess að undirstrika það sérstaklega, í hvaða skyni frv. þetta er fram komið. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki opinberlega haft neinn stuðning í þinginu. Þó er vitað, að Framsfl. hefur alveg stutt hana. Og það hefur komið fram, að Sjálfstfl. hefur oft allur, en alltaf viss hluti af þingflokki hans, stutt hæstv. ríkisstj., eða karakúldeildin, eins og þeir kalla það sjálfir, sjálfstæðismenn. Þetta er þá sá meiri hl. þings, sem staðið hefur á bak við hæstv. ríkisstj. og stjórnin hefur getað reitt sig á. Og hún hefur líka dyggilega fylgt þeim ráðum og aðferðum, sem Framsfl. og þessi bændadeild Sjálfstfl. hefur óskað eftir, að fram gengju, og ekkert hik látið á sér finna, þó að hún þannig egndi upp gegn sér og ráðstöfunum sínum til að vinna bug á dýrtíðinni allar launastéttir landsins og bæjarbúa yfirleitt. Hér liggur þess vegna fyrir frv., þar sem úr því verður skorið, hvort þetta verður ríkisstj. með þingsstuðningi eða ekki. Eftir að búið er að afgreiða þetta mál, þá sést, hvort stj. nýtur stuðnings meiri hl. Alþ. eða ekki. Og þeir hv. þm., sem greiða atkv. með þessu frv., eru þar með orðnir stuðningsmenn þessarar hæstv. ríkisstj. Og þó að þessir hv. þm. hafi oft og tíðum á víxl greitt atkv. með ýmsum málum, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið með, þá hefur þó aldrei staðið á með sama hætti og um þetta mál í þessu tilliti, því að hæstv. ríkisstj. lýsti hátíðlega yfir því, þegar hún var mynduð, að sitt væri að vinna bug á dýrtíðinni. Og seint og snemma í ræðum hefur það komið fram, að hún teldi það sitt langstærsta verkefni að vinna á móti dýrtíðinni. Hún lagði fram ýmsar till. hér í þinginu, sem áttu að miða að lækkun dýrtíðarinnar, till., sem hæstv. Alþ. gat ekki fallizt á og taldi, að mundu ekki, þótt samþ. yrðu, leiða til þeirrar lækkunar á dýrtíðinni, sem hæstv. ríkisstj. áleit, að verða mundi. Fyrir það var frv. hæstv. ríkisstj., þar sem þessar till. hennar voru, breytt mjög mikið á þinginu á s. l. vori. Og þó féllst þingið á að veita hæstv. ríkisstj. heimild til þess að greiða niður verð á innlendum afurðum með það fyrir augum að hindra óeðlilegan vöxt dýrtíðarinnar. En það var skýrt tekið fram af öllum þeim, sem þá fylgdu því máli, og það voru allir þingflokkarnir, að þeir skoðuðu þetta einungis sem bráðabirgðaráðstöfun. Og það komu sérstaklega hátíðlegar yfirlýsingar frá hv. 2. þm. S.-M., sem var aðaltalsmaður Framsfl. hér í hv. d., um það, að hann væri sérstaklega svartsýnn á þessa leið og hann væri ákaflega andvígur því, að þetta væri gert að varanlegum dýrtíðarráðstöfunum, og varaði við þeim afleiðingum, sem það gæti haft. Það var sem sagt meiningin hjá hv. þm., þegar þetta var gert, að það væri fullkomið réttlætismál, eins og þá stóð á. Og þá var komin ný ríkisstj., sem búin var að gefa út yfirlýsingar um það, að hún ætlaði að lækka dýrtíðina. Og hún fullyrti, hvað ráðstafanir hennar gætu haft mikil áhrif á dýrtíðina. Þegar svo skýlausar yfirlýsingar lágu fyrir, var ekki forsvaranlegt annað en gefa henni kost á að sýna, hvað hún gæti. Þess vegna var hæstv. ráðherrum veittur frestur til þess að sýna þetta, og var hann fyrst hugsaður til 15. sept. s. l. Og allir gerðu ráð fyrir því, að ekki næði nokkurri átt að framlengja þessi bráðabirgðaniðurkaup á verði innlendra landbúnaðarafurða, ef ekki yrðu þá komnar fram till. um ráðstafanir, sem varanlega yrðu til lækkunar á dýrtíðarvísitölunni. Og það var mikill áróður rekinn í sambandi við þetta á s. l. sumri. Ég man sérstaklega eftir því í Tímanum, að megináherzla var lögð á það, að þessar niðurborganir á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði væri neytendastyrkur, sem bændum væri ekki aðeins lítið umhugað um, að haldið yrði áfram, heldur væru bændur því beinlínis mjög fylgjandi, að þessum niðurgreiðslum yrði hætt. Og haldnir voru fundir hér og þar úti um land, sem Framsóknarflokkurinn skipulagði og samþ. áskoranir, sem birtar voru í Tímanum á eftir, um það að hætta að borga niður dýrtíðina, hætta að borga neytendum þessa peninga. Það var þess vegna algerlega miðað við það í því samkomulagi, sem gert var með dýrtíðarl., þegar ákveðið var að

halda áfram að greiða niður dýrtíðina, að þessi aðferð yrði höfð, á meðan hæstv. ríkisstj. væri að reyna að finna varanlega lausn á dýrtíðarmálinu. En eftir að hæstv. ríkisstj. hafði haft málið til yfirvegunar í nærri fimm mánuði og hafði ekki getað bent á neinar varanlegar dýrtíðarráðstafanir, þá var náttúrlega í alla staði mjög óeðlilegt að halda áfram þessum niðurgreiðslum. Og mér fannst ákaflega illa til fallin þessi leið að borga niður dýrtíðina. Það var augljóst mál, að þetta var aðeins bráðabirgðalausn á kostnað launþega. Það var augljóst, að bændur hagnast ekkert á þeirri aðferð, en launamenn tapa. En stóratvinnurekendur eru þeir einu, sem græða á þessari niðurborgunaraðferð. Þessar niðurborganir urðu strax mjög óvinsælar, og ýmsir launamenn voru ákaflega óánægðir yfir þeim fulltrúum sínum, sem samþ. þessa leið. — Það er þarna inni í ráðherraherbergi nýr þingfundur, heyrist mér. — Og það er ekki vafi á því, að sú óánægja, sem varð vart yfir því hjá launþegum að segja ekki upp samningum sínum, var einmitt af því, að þeir töldu sig vera sérstaklega snuðaða með því, að vísitalan væri keypt niður, án þess að dýrtíðin minnkaði að sama skapi. Og þessar niðurgreiðslur varð að greiða úr ríkissjóði og þannig m. a. með skattgjöldum launþega. Það er þess vegna ekki vafi á því, að verði aftur höggvið í sama knérunn, aftur gerðar ráðstafanir í því skyni að lækka vísitöluna um ófyrirsjáanlegan tíma á kostnað launastéttanna, þá er farið miklu lengra en nokkur maður getur með sanngirni ætlazt til, að launastéttir landsins geti þolað. En þegar menn sætta sig við þetta sem bráðabirgðaráðstafanir, meðan verið sé að finna önnur ráð, að borga peninga til þess að kaupa niður sitt eigið kaup, þá er það náttúrlega hlutur, sem maður getur verið þakklátur þeim mönnum fyrir, sem vilja gera það. En það er ekki hægt að ætlast til þess þegnskapar af launastéttinni alveg endalaust. Og framlenging sú, sem fram á er farið með þessu frv., á þessu háttalagi, hlýtur, ef samþ. verður, að leiða til stórfelldra launahækkana. Það mundi verða til þess, að launþegar mundu segja: Það er ekki að marka dýrtíðarvísitöluna, lækkun hennar er gersamlega einskis virði fyrir aðra en nokkra stóratvinnurekendur, en þessar ráðstafanir ríkisstj. eru til tjóns fyrir okkur. — Ef farið verður svona með vísitöluna, eins og stefnt er að í þessu frv., þá hlýtur að reka að því, að launþegar taki í sínar hendur að ákveða grunnkaup sitt og útreikning vísitölunnar. Og ef þetta frv. verður samþ., þá hljóta átökin að verða margfalt harðvítugri en áður frá hálfu launþega, og stafar það sérstaklega af meiri þátttöku launamanna í samtökum þeirra en átti sér stað 1942.

Þegar hæstv. ríkisstj. leggur fyrir þingið slíkt frv. sem þetta, þá segir það sig sjálft, að þeir hv. þm., sem leggja sitt lið til þess að koma slíkri baráttu á, þeir hafa hugsað málið tvisvar og eru algerlega að hugsa um það að gerast stöðugir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. Og ef þessi hæstv. ríkisstj. ætlar að halda þessu máli til streitu, veitir henni ekki af stuðningi meiri hl. þingsins. Og í þessu tilfelli væri það eitthvað meira en venjulegur stuðningur við smámál af tímabundinni góðvild við eitthvert mál. Hér hlyti, ef þetta frv. yrði samþ., að vera í uppsiglingu eitthvað varanlegt og meira. Hv. þm. S.-M. segir, að það sé viðurhlutamikið að fella þetta frv. og sleppa dýrtíðinni lausri. Það er þá viðurhlutamikið af þinginu að gera þær ráðstafanir, að launþegum séu greiddar uppbætur eftir því, sem dýrtíðin er í landinu. En honum finnst ekki viðurhlutamikið að samþ. frv., sem hlyti að hafa þær afleiðingar, að vinnudeilur mundu rísa af því, sennilega í öllum verkalýðsfélögum á landinu. Nei, þau rök, sem fram hafa verið færð til stuðnings þessu máli, eru næsta léttvæg.

Það hefur nú verið talið, og sennilega er einhver fótur fyrir því, að fram hafi farið að undanförnu nokkrar umræður um það milli vissra parta Sjálfstfl. og Framsfl. um möguleika til þess að mynda ríkisstj. Og ég get einmitt búizt við því, að þetta mál, sem fram hefur komið hér, og meðferð þess sé hugsað sem fyrsta stigið, sem tilraun um það, hvort tök séu á því að mynda nýja stjórn og þá væntanlega nýjan flokk, sem Egill í Sigtúnum kallar sameiningarflokk framleiðenda og atvinnurekenda. En það mundi verða fyrsta ætlun þess flokks að koma á almennri launalækkun, fyrst og fremst atvinnuleysi og síðan almennri árás á launastéttirnar í landinu. Og þarna er líklega um fyrsta stigið á þessari braut að ræða, sem meðferð þessa frv. er. Þetta gerir það að verkum, að þeir, sem samþ. þetta frv., eru þátttakendur í að mynda stj., sem gerir tilraun til þess að stjórna í trássi við verkalýðsfélögin og launastéttirnar með því aðalverkefni að lækka launin.

Það er leitt að þurfa að tala hér yfir tómum stólum að næturlagi, en stj. hefur sýnt svo mikla frekju, að gefa ekki þinginu kost á að ræða þetta mál í næði, að ég ætla að halda ræðu mína eins og ef hvert sæti væri skipað.

Hæstv. fjmrh. tók það fram, að stj. væri legið á hálsi fyrir þær ráðstafanir, sem hún hefði gert í dýrtíðarmálunum. Það er alveg rétt. Henni hefur verið legið á hálsi og það svo mjög, að það, sem hún gerir vel, getur ekki komið að gagni fyrir það, hvað hún beitir launastéttirnar miklu ranglæti. Þess vegna er ekki mikil ástæða fyrir hana að kvarta yfir undirtektunum. Henni hefur verið sýnt mikið langlundargeð. Verkalýðurinn taldi það skyldu sína að stofna ekki til kaupdeilna, þó að hann væri óánægður með það, hvernig vísitalan var ranglega útreiknuð og ekki tekið tillit til ýmissa útgjalda, sem almenningur hafði. Þetta gerði Sósfl. að verkum, þó að ríkisstj. hafi í einu og öllu reynt að útiloka hann frá því að fylgjast með málum og hafa áhrif á gang þeirra. Það verður ekki gert átakslaust að ætla að leysa þetta mál á kostnað launastéttanna. Það á eftir að sannast.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði um, að það væri eingöngu fyrir smáútgerðina, sem hann vildi ekki, að dýrtíðinni yrði sleppt lausri. Þetta kemur úr hörðustu átt, frá þeim mönnum, sem ekki einasta nú, heldur í allri sögu flokks síns hafa

skoðað sem sitt höfuðverkefni að ráðast bæði á útvegsmenn og launastéttirnar, gera sjávarútveginn að hornreku, en nota hann sem mjólkurkú. Þessir menn, sem eru að tala um, að verið sé að sleppa dýrtíðinni lausri, ættu að athuga, hvern þátt þeir sjálfir hafa átt í að skapa hana. Þeir geta ekki lengi flotið á að ætla að halda dýrtíðinni niðri með greiðslum úr ríkissjóði. Það er kannske hægt á þessu ári, en síður næsta ár og enn þá sízt þar næsta ár. Hver er aðalástæðan til þess, að dýrtíðin er svona mikil? Aðalástæðan er sú, að nauðsynjavarningur almennings er í svo háu verði. Íslenzkar landbúnaðarafurðir eru svo óhæfilega dýrar, að launin eru ekki nógu há til þess að geta borgað þær. Mjólkurneyzlan þarf t. d. að vera miklu meiri en hún er, en fólk getur ekki keypt meiri mjólk. Leiðin til að leysa þetta er að grafa dýpra, svipta blæjunni burt og horfast í augu við sannleikann og staðreyndirnar. Allar ráðstafanir Framsfl. í landbúnaðarmálum hafa gengið í þá átt að halda við skipulagi, sem gerir það ókleift að lækka verð landbúnaðarafurða, og niðurstaða sex manna n. sannar, að eftir að búið er að ausa milljón eftir milljón í landbúnaðinn, er hann svo illa á vegi staddur sem raun ber vitni um. Við verðum að gera okkur ljóst, að ef okkar innlendu atvinnuvegir eru ekki samkeppnisfærir við atvinnuvegi annars staðar, hljóta þeir að falla niður. Við getum ekki girt okkur tollmúrum og innflutningsbönnum. Slíkt er ekki hægt í heiminum eins og hann er.

Hv. 2. þm. S.-M. talar með hneykslan um, að kaupgjaldið sé orðið svo hátt, að það sé að sliga atvinnuvegina og muni skapa atvinnuleysi eftir stríð, en vill ekki gera sér ljóst, að 75—80% af launum fólks fara til að kaupa þessar ísl. landbúnaðarvörur, svo að undirstaða málsins er sú, hvað landbúnaðurinn er ófullkominn. En ef við eigum að geta gert atvinnuvegi okkar samkeppnisfæra, þarf fyrst og fremst að bæta framleiðsluskilyrði landbúnaðarins. Það er engin ástæða fyrir okkur að vera að breiða neina blæju yfir það, hvernig ástandið er. Framsfl. hefur alveg mistekizt í landbúnaðarpólitík sinni.

Það hefur mikið verið rætt um tollapólitík. Ég er sannfærður um, að við Íslendingar setjum alheimsmet í háum tollum. Það er enginn hlutur til, sem ekki er tollaður, það er alveg sama, hvað bráðnauðsynlegur hann er. Og tollarnir eru ekkert smáræði, ekki bara fáein prósent, heldur 30—40 prósent og þaðan af meir, bæði verð- og vörutollar. Ég er viss um, að það eru engin dæmi til slíks, og samt hafa allir flokkar haft það á stefnuskrá sinni að afnema tolla á nauðsynjavörum. Verður okkur stætt með þessum tollum? Hafa menn gert sér ljóst, hvaða áhrif slíkir tollar hafa, þegar stríðinu er lokið? Við vitum, að bandamenn eru að gera ráðstafanir til að koma skipulagi á milliríkjaverzlun eftir stríð, og þær eiga líka að ná til framleiðslunnar til þess að koma í veg fyrir, að framleiðsla tveggja landa rekist á. Fyrst í stað mun takast að hindra þá gífurlegu markaðsörðugleika, sem við áttum við að etja fyrir stríð, enda býst ég við, að flestir stjórnmálamenn bandamanna séu búnir að gera sér ljóst, að þegar þjóðir Evrópu eru búnar að þola hörmungar stríðsins, þýðir ekki að bjóða upp á atvinnuleysi og hungur. Atvinnulífið er ekki til fyrir atvinnurekendurna, heldur fyrir þjóðirnar, þjóðarheildina. Það fyrsta, sem bandamenn munu gera, er að krefjast þess af þeim, sem njóta þess að fá að selja samkv. söluskilmálum bandamanna, að loka ekki innanlandsmarkaði sínum með tollum. Þeir hljóta að gera það að skilyrði, að ef þjóð nýtur þeirra vildarkjara að vera með í söluskipulagi þeirra, verði hún að opna markað sinn fyrir vörum annarra aðila og fella niður tolla. Það er viðbúið, að mikið af þeim iðnaði, sem bar hæst á dögum gjaldeyrisbrasksins fræga, sé búinn að vera. Menn blekkja ekki sjálfa sig svo, að það sé íslenzkur iðnaður, ef kardemommur eru keyptar í stórum ílátum og skipt niður í smábréf, sem íslenzk orð eru prentuð á.

Er þá rétt af okkur, þegar við getum séð það fyrir, að þessi skilyrði verða sett, að sleppa þessum tekjuháu árum fram hjá okkur svo, að við lækkum ekki tollana? Ef tekjur almennings minnka, svo sem búast má við, eigum við þá að hafa alla tolla óbreytta, en þurfa svo, þegar verst gegnir, að lækka þá um 20—30 millj. eftir kröfum utanlands frá?

Ég veit ekki, hvort ríkisstj. hefur kynnt sér þetta í sambandi við umr. milli bandamannaþjóðanna um eftirstríðsvandamál, en það væri nauðsynlegt fyrir hana að gera það og gera þær ráðstafanir, sem gera okkur kleift að eiga hlut að máli.

Sjálfstfl. hefur ekkert látið til sín heyra í þessum umr. Það finnst mér í fyllsta máta einkennilegt og skil ekki, hvernig hann getur forsvarað það. Það er verið að gera beina árás á alla launamenn landsins, en meira en helmingurinn af þeim, sem fylgja Sjálfstfl., er launamenn. Hugsa ég, að þeim muni þykja undarlegt, að flokkurinn láti mál þeirra sig svo litlu skipta. Ég er hræddur um, að þetta þýði það, að Sjálfstfl. ætli eins og fyrri daginn að gefa hagsmuni launamanna upp á bátinn. Þeir ætla að láta Ingólf á Hellu ákveða stefnu flokksins. Hann á þann heiður að hafa skapað dýrtíðarpólitíkina og var grunaður af sínum eigin flokksmönnum um að hafa verið flugumaður Framsfl. Hann hugsaði bara um að komast á þ. sem 2. þm. Rang. Lengra náði ekki hans hugsjón. Það er furðulegt langlundargeð, sem kjósendur hér í Rvík sýndu Sjálfstfl. við síðustu kosningar, en sjálfstæðismenn skulu ekki láta sér detta í hug, að launamenn taki því með þökkum æ ofan í æ, að aldrei sé skeytt um málstað þeirra, en að Sjálfstfl. sé alltaf með, þar sem hatramlegast er ráðizt á launastéttirnar. Þó virðist svo sem þeir sjálfstæðismenn, sem einkum eru fulltrúar fyrir bæina, skilji þetta, en þeir eru svo hræddir við bændurna, að þeir þora ekki að gera neitt. Þeir eru að deyja úr hræðslu. En fólki fækkar í sveitunum, og það er eðlileg þróun. Það er sama þróunin, sem breytir landbúnaðarlandi í iðnaðarland, svo að íbúunum veitist ýmis hlunnindi menningarþjóða,

en þeir, sem eftir verða í sveitunum, fá betri tæki og meiri möguleika til framleiðslu. Þetta er sú eðlilega þróun, þó að Framsfl. hafi tekizt að hindra, að afköstin ykjust.

Ég vona, að það komi fram, bæði í fjhn. og við næstu umr., hvern hug Sjálfstfl. ber til málsins, og ég á erfitt með að trúa því, að hann allur láti sér sæma að snúast svo berlega gegn hagsmunum launamanna, að hann fylgi frv. óbreyttu.

Ég vil einkum beina því til n. að athuga, hvað þetta frv. mundi gefa í tekjur, ef að l. yrði, og athuga möguleikana á að breyta því á einhvern hátt, þannig að varanlegar dýrtíðarráðstafanir geti komið út úr þessu frv. Það er vel þess vert að íhuga tollalækkun. Það þarf ekki að byrja á að afnema alla tolla, heldur mætti velja úr þá vöruflokka, sem mesta þýðingu hafa, fyrst í stað, og gefa svo stj. heimildir til lækkunar. Allir mundu fagna því, að slíka lausn mætti búa við. En ef hraðað er í gegn þessum nýju sköttum, má óhjákvæmilega búast við kaupdeilum eftir áramótin.

Forseti (JörB): Mér láðist að svara fyrirspurn frá hv. þm. Ísaf., en vil gera það nú. Hann sagði, að það sæist ekki á frv., sem var borið fram í Ed., að það hefði verið gert á vegum ríkisstj. Ég get ekki um það borið. Hitt veit ég, að frv. er borið fram í samráði við ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:11 atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

6. Tekjuskattur og eignarskattur (frestir og tímaákvarðanir).

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt** (stjfrv., A. 22).

Á 13. fundi í Ed., 7. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta er staðfesting á bráðabirgðal., sem út voru gefin um heimild til að breyta tímaákvörðun og frestum, sem um ræðir í 4. kafla l. nr. 6 frá 1935, um tekju- og eignarskatt.

Ég sé ekki sérstaka þörf að láta fylgja þessu frekari skýringu, því að frv. skýrir sig í raun og veru sjálft.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 92).

Frsm. (Pétur Magnússon): Þar sem það er skýrt í grg., hverjar ástæðurnar voru, sem urðu til þess, að þetta frv. var flutt, þarf ég ekki að eyða um það orðum.

Sökum þess að mjög seint var farið að ræða mál þetta á síðasta þingi, varð umræðum eigi lokið í tæka tíð.

Nú er það svo, að lög þessi eru búin að ná tilgangi sínum. Þetta er því ekki annað en formsatriði, og mælir fjhn. með framgangi málsins.

Annars vil ég slá því fram hv. þm. til athugunar, hvort ekki væri réttara að draga ekki umræður um þessi mál svo, að ókleift sé að ljúka þeim og framkvæma þau á þann hátt, sem til er ætlazt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 30. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 130).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. er staðfesting á brbl. frá hæstv. ríkisstj. og breytir aðeins frestum og tímaákvörðunum snertandi tekjuskattslögin. Stafar það af því, hve breyt. á þeim l. í vor var seint á ferðinni. Fjhn. er því einróma samþykk, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr..
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

7. Innheimta skatta og útsvara.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um innheimtu skatta og útsvara** (stjfrv., A. 23).

Á 13. fundi í Ed., 7. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, lá fyrir síðasta þingi, en náði þá ekki samþykki. Á frv. hafa verið gerðar lítils háttar breyt. Hefur þar aðallega verið tekið tillit til tillagna frá tollstjóranum í Reykjavík um ýmis fyrirkomulagsatriði, sem betur mættu fara. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til þeirrar grg., sem fylgdi frv. á síðasta þingi.

Ég vil leggja á það mikla áherzlu, að frv. geti náð staðfestingu á þessu þingi, því að ég tel það alveg óviðunandi fyrir ríkisstj., að einn stærsti aðaltekjuliður ríkisins fáist ekki innheimtur fyrr en síðustu eða síðasta mánuð ársins, eins og nú er. En með frv. þessu er stefnt að því, að ríkisstj. geti fengið þessar tekjur nokkurn veginn í jöfnum innborgunum yfir allt árið. Það sýnir sig, þegar ríkisstj. hefur lítið fé til umráða, að þetta veldur mjög miklum óþægindum. Slíkra óþæginda verður náttúrlega minna vart nú, meðan ríkisstj. hefur talsverð fjárráð. En þótt ekkert tillit sé tekið til þeirra þæginda, sem þetta skapar gjaldendum, þá álít ég það sé svo stórt atriði fyrir ríkisstj., að varla sé viðunandi, að því formi sé lengur haldið, sem nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. fjhn., hvernig standi á þeim drætti, sem átt hefur sér stað í n. á afgreiðslu frv. til l. um innheimtu skatta og útsvara. Það hefur nú legið þar í tvo mánuði, og svipað átti sér stað á fyrra þingi. Með þessum hætti er líklegt, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þó að til væri meiri hl. með því. Ég vildi óska að fá að taka það fram, að það er talsvert hagsmunamál fyrir ríkissjóð, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Það er ótækt fyrirkomulag, sem á sér stað, að ⅓ af tekjum ríkissjóðs skuli ekki vera hægt að innheimta fyrr en á tveim síðustu mánuðum ársins. Þess vegna væri mikil nauðsyn, að frv. þetta næði fram að ganga nú á þessu þingi, svo að sú skipun gæti komizt á innheimtuna, sem þar er gert ráð fyrir.

Pétur Magnússon: Þessi fyrirspurn er á misskilningi byggð. Þetta frv. var afgr. í fjhn. s. l. fimmtudag, meirihl.álitið var undirritað á föstudaginn, og minnihl.álitið líka, og ég veit ekki betur en þau séu með þskj. þeim, sem útbýtt er í dag.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég þakka upplýsingarnar frá hv. form. n. Hins vegar vil ég ekki kannast við, að fyrirspurn mín hafi verið á misskilningi byggð. Mér þykir vænt um, að málið hefur verið afgr. frá n., og ég vænti, að það komi bráðum á dagskrá.

Á 45., 46., 48. og 51. fundi í Ed., 10., 11., 15. og 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 23, 352 og 357).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Frv. svipað þessu kom fram á síðasta þingi og var þá sent til umsagnar tollstjóra- og borgarstjóraskrifstofanna í Reykjavík. Liggja fyrir allgreinilegar umsagnir frá báðum. Þó að nál. meiri hl. á þskj. 357 sé ekki mjög langt, þarf ég eiginlega ekki miklu við það að bæta. Meiri hl. getur fallizt á, að til bóta væri, að gjöld til ríkis yrðu greidd á allt að 10 gjalddögum og kaupgreiðendum gert skylt að halda í greiðsluskyni eftir hluta af kaupi þeirra, sem hjá þeim vinna, þótt það yrði stundum misvel þokkað í viðbót við það, sem haldið er eftir vegna útsvars. En önnur atriði í frv. gat meiri hl. ekki fallizt á að svo stöddu máli. Það er áreiðanlegt, að sérstök innheimtustofnun, sem þyrfti tvo dýra embættismenn, forstjóra og féhirði, auk annars starfsliðs, yrði til mikils kostnaðarauka frá því, sem er. Og með frv. er gert ráð fyrir að skapa Reykjavíkurbæ þá óviðunandi sérstöðu meðal bæjarfélaga að svipta hann umráðunum á innheimtu tekna sinna. Útsvörin eru miklu meiri hluti af tekjum hans en tekju- og eignarskatturinn af tekjum ríkisins, svo að sanngjarnara væri að fela heldur bæ en ríki innheimtu hvors tveggja í Rvík, ef hagnaður þætti síðar meir að því að sameina innheimtuna. Bænum getur riðið ákaflega á að innheimtan sé vel rækt, og sjálfs er höndin hollust. Skattar ríkisins hafa nú stóraukizt frá því fyrir nokkrum árum, þegar til orða kom, sérstakl. í milliþn., að bærinn tæki að sér innheimtu þeirra, svo að það ráð mun ekki upp tekið í bili.

Vitnað hefur verið í það, að borgarritari hafi, f. h. borgarstjóra, mælt með frv. í svarbréfi sínu. En sannleikurinn er sá, að meðmælin í þeirri ýtarlegu umsögn eru ákaflega miklum skilyrðum bundin og væg, og svo fremi, að ekki sé uppfyllt í frv. aðalkrafa hans, eru í umsögninni mótmæli gegn samþ. frv. í því formi, sem það nú hefur. Það stendur hér, með leyfi hæstv. forseta: „Ef svipta á bæjarstjórn allri íhlutun um innheimtu á langmestum hluta bæjartekna, virðist mér ekki ósanngjörn krafa, að tekjur bæjarsjóðs verði að einhverju leyti innheimtar sem forgangskröfur fyrir öðrum persónulegum sköttum".

Þetta er svo verulegt skilyrði, að ef því er ekki fullnægt, er samþykki bæjarstjórnar úr sögunni. Síðar slær borgarritari dálítið undan og segir, að a. m. k. sé nauðsynlegt, að bærinn hafi íhlutun um yfirstjórn innheimtunnar. Það er ekki um það að ræða í þessu frv. Enda gat meiri hl. ekki séð, hvernig henni yrði við komið.

Að lokum segir borgarritari, með leyfi hæstv. forseta: „Aðalatriðið er þetta, að ég tel ekki mega sleppa hendi af svo veigamiklum þætti

í starfsemi bæjarskrifstofanna, fyrr en öruggt **megi telja, að þeirri starfsemi sé ekki miður** borgið í höndum hinnar nýju stofnunar".

Sannleikurinn er sá, að í þessu frv. og því, sem lá fyrir síðasta þingi, eru alls engar tryggingar gefnar bæjarstjórn um íhlutun í starfi stofnunarinnar eða hagkvæma skiptingu teknanna. Ef litið er á meðmæli tollstjóra og borgarstjóra, þá byggjast þau eingöngu á því hagræði, sem það er fyrir gjaldendur að geta borgað öll gjöld á sama stað. Kostnaður er mikill. Það má segja, að það séu hagræði að hafa öll gjöld á sama seðlinum og að fara í einn stað til að greiða þau. En ég vil segja um þetta atriði, að af þeim mörgu sporum, sem menn ganga, þá eru þetta bara fá. Og þegar tillit er tekið til þess, hve margir eiga erfitt með að borga þessi gjöld, þá held ég það muni minnstu, hvort þeir þurfa með þau í einn eða tvo staði.

Þá hefur frv. svipting á ráðstöfunarrétti gjaldþegnanna í för með sér. Eins og nú er, hafa gjaldendur leyfi til að ákveða, hvernig þeir skipta þeim peningum, sem þeir hafa aflögu til skattgreiðslu. Hér eru þeir sviptir því. Samkv. frv. **greiðir hver gjaldandi ákveðinn hluta af heildarálagningunni, — og þó að það standi ekki í frv.,** þá má skilja það svo, að það eigi að skipta því, sem innheimtist, hlutfallslega milli bæjar og ríkis. Annað getur varla komið til mála.

Þá er annað einkennilegt í þessu frv., en það er misrétti Reykjavíkur í samanburði við aðra bæi. Í 10. gr. frv. er fjmrh. heimilað að ákveða með reglugerð, að þetta innheimtuskipulag nái einnig til annarra kaupstaða, og segir: „Fela má hlutaðeigandi sveitarfélagi innheimtuna".

Þar sem enginn bær, nema Reykjavík, er svo stór, að **ríkisstj. mundi detta í hug að setja þar upp innheimtustofnun,** heldur verði að fela bæjunum að gera það, þá sér maður, að þetta á að gilda fyrir alla bæi nema Reykjavík. Þar á að fela innheimtuna stofnun, sem bærinn hefur enga íhlutun um á nokkurn hátt.

Það mætti spyrja, hvers vegna meiri hl. hefði ekki komið með brtt. við frv. Það var varla tími til þess, enda ekki svo létt að gera breyt. á frv. eins og það liggur fyrir. Við vildum heldur nýtt frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Meiri hl. hefði þá orðið að bera fram nýtt frv., og han taldi réttara, að það yrði ekki gert, fyrr en málið hefði fengið ýtarlegri undirbúning, og lagði því frekar til, að frv. yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Hann er sem sé ekki á móti aðalatriðum frv., en telur sig ekki geta fallizt á málið eins og það er, og telur heppilegra, að það fari fram ýtarlegri undirbúningur á því, áður en frv. er borið fram. Ég legg því til, að d. samþ. hina rökstuddu dagskrá.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur skýrt frá gangi málsins í n., og þarf ég engu þar við að bæta. N. hafði málið einnig til athugunar í fyrra, en þá varð það ekki útrætt. Lítur að vísu út fyrir, að eins fari enn, því að málið hefur oft verið tekið af dagskrá nú, svo að ég býst við, að það séu lítil líkindi til, að það nái fram að ganga. En ég verð að segja það, að ég fann ekki, að það væri eins mikill ágreiningur í n. og kom fram hjá hv. frsm. Allir voru sammála um, að ýmis atriði þess væru til bóta frá því, sem nú er. Þó fór það svo, að n. klofnaði. Meiri hl. var með því að vísa málinu frá með rökst. dagskrá. Ég og hv. 3. landsk. leggjum til, að það verði samþ., en að vísu með breyt., sem síðar verða bornar fram, ef til kemur. Hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir nýmælum frv. í áliti sínu. Aðalatriðið er sameining innheimtu útsvara og ríkisgjalda í Reykjavík með því að hafa sameiginlega innheimtustofnun. Hitt það að taka upp fleiri gjalddaga á tekju- og eignarskatt en nú er, og var öll n. sammála um, að fleiri gjalddagar á gjöldum til ríkisins væru til bóta. Við í minni hl. álítum þetta atriði svo mikils vert, að ekki sé rétt að vísa frv. frá, þó að ekki sé fallizt á öll ákvæði þess. Það var ekki þetta, heldur hitt atriðið — um sameiginlega innheimtu —, sem n. klofnaði á. Við álítum einnig það til bóta. Hv. frsm. meiri hl. telur, að þetta muni vera dýrara en nú er. Það er sízt fyrir það að synja, því að margt fer öðruvísi en ætlað er. En það kemur í bága við það, sem komið hefur fram hér oft, þegar sameina hefur átt stofnanir. Þá hefur það ævinlega átt að vera til sparnaðar. En þó að það yrði dýrara, þá hefur þetta fyrirkomulag svo marga kosti, að vera mætti, að það borgaði sig samt.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá var þetta frv. sent borgarstjóra til umsagnar. Borgarritari hefur svarað fyrir hans hönd, og verður að líta þannig á, að hann hafi svarað fyrir hönd bæjarstjórnar. Hv. frsm. taldi meðmæli borgarritara væg, en það liggur þó í þessu orði, að hann hafi komið með meðmæli með frv. Það er satt, að borgarritari vill fá breyt. á frv. og getur um ákveðin skilyrði fyrir fylgi sínu, en slíkt hefði mátt taka til athugunar meira en gert hefur verið.

Það, sem hann telur því aðallega til gildis, eru þægindin fyrir almenning. Hann játar það og segir, að þótt bæjarstjórn Reykjavíkur hafi ekki beina hagsmuni af frv., þá sé það hægðarauki fyrir gjaldendur í bænum að geta borgað öll gjöld sín í einu lagi og á fleiri gjalddögum. Af því skilst mér, að hann telji rétt að samþ. þetta frv. Hv. frsm. gerði að vísu lítið úr þeim þægindum og sagði, að það væri litlu hægara að ganga í einn stað en tvo. Ég hygg, að hagræði gjaldenda sé meira en það. Með því að fá á einn gjaldseðil allt, sem þeir þurfa að greiða til opinberra þarfa, mun margur fá betra yfirlit yfir það, hvað hann þarf að taka frá af tekjum sínum. Ég veit, að hv. frsm. þarf sjálfur ekki á slíkum leiðbeiningum að halda. Hann er það sinnugur maður, að hann getur komið því í verk að reikna það saman. En sumir eru skeytingarlausir og verður það oft fyrir að eyða því, sem þeir hafa handa á milli, ef ekki er knýjandi þörf að verja því í annað.

Þá kem ég að því, sem hv. meiri hl. n. taldi aðalatriðið fyrir sig. Honum finnst hallað á hlut Reykjavíkurbæjar og að bærinn muni hafa

óheppilega sérstöðu, ef frv. er samþ. En eins og ég hef vikið að, er það einkennilegt, ef þetta frv. hallar stórlega á Reykjavík, að það skuli ekki hafa komið fram nein mótmæli á þeim grundvelli frá bænum sjálfum. Það, sem fram hefur komið, verður að telja frekar meðmæli en mótmæli, enda er það svo, ef gjaldendur hafa hag af því og innheimtur eru jafn tryggar og áður, að þá virðist það eðlilegt af hendi bæjarins að vilja láta taka þennan hátt upp. Ég sé því ekki, að eftir sé annað en metnaður fyrir Reykjavík, sem mér virðist þó misskilinn metnaður. En við í minni hl. viljum taka það til athugunar á vinsamlegan hátt, hvernig hægt væri að koma því fyrir, að bæjarfélagið tryggði sig gagnvart stofnuninni eða a. m. k. hefði íhlutun um rekstur hennar.

Frv. á að gilda fyrir aðra kaupstaði, þegar ráðherra kveður á um það. Þó að því sé frestað að taka upp sameiginlega innheimtu í öðrum kaupstöðum, þá gilda sömu l. fyrir þá. Og ef Rvík finnst hún hafa óheppilega sérstöðu vegna heimildarákvæðanna handa sveitarfélögum í 10. gr., þá mætti athuga, hvort Reykjavík getur ekki komið undir þá heimild.

Þar sem meiri hl. fjhn. styður dagskrána og þeir tveir flokkar, sem að henni standa, hafa meiri hl. í hv. d., teljum við í minni hl. ekki ólíklegt, að hún verði samþ. Þess vegna höfum við ekki séð ástæðu til að bera fram brtt. við þessa umr. málsins. Sýni það sig aftur á móti, að frv. hafi fylgi í d. og fari til 3. umr., þá má taka það aftur til athugunar og bera fram brtt. við 3. umr., og eru það sérstaklega ákvæði 8. gr., sem við teljum, að þurfi lagfæringar við. Við teljum, að það sé með öllu óhugsandi og óframkvæmanlegt að hafa skyldu vinnuveitanda til að greiða útsvör og önnur gjöld þeirra, er hjá honum vinna, jafnvíðtæka og frv. gerir ráð fyrir, t. d., að það nái til kaupgreiðslu til daglaunamanna. Álitum við, að það gæti tæplega náð til annars en árs- eða mánaðarkaups, m. ö. o., til fastráðinna manna. Þá teljum við einnig, að það þurfi að setja skýrari ákvæði um, að innheimt gjöld skiptist jafnóðum og í réttum hlutföllum til aðila. Þá viljum við athuga möguleikana fyrir því, að bæjarfélagið fái þátt í innheimtunni eða eftirlit með henni.

Það eru fleiri atriði, sem við teljum þurfa athugunar, en þau eru smávægileg. Að hinu leyti erum við sammála hv. meiri hl. um það, að ef þessu frv. verður vísað frá, þá sé sjálfsagt að taka upp breyt. á l. um tekju- og eignarskatt þannig að hafa fleiri gjalddaga og láta gjaldendur til ríkisins njóta þessa hagnaðar og ríkið þá einnig njóta hagnaðar með því að innheimta ríkisgjöldin fyrr en ella.

Það er þá till. minni hl. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr. og síðan athugaðar breyt. við þá umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta, að hann hefur dregið að láta þetta mál koma fyrir deildina vegna lasleika míns, svo að ég gæti verið viðstaddur og tekið þátt í umr. Ég vil segja, að það urðu mér nokkur vonbrigði, að meiri hl. fjhn., eftir að búið var að athuga málið á tveimur þingum, langan tíma á hvoru, skyldi svo vísa því frá með dagskrá. Hv. 1. þm. Reykv., frsm. meiri hl., hefur gert grein fyrir þeim rökum, sem meiri hl. n. færir fram gegn þessu frv., og tel ég þau rök mjög léttvæg. Frv. þetta byggist á tveim aðalþáttum. Annar aðalþáttur þess er sá að breyta gjalddögum þannig, að ríkissjóður fái ekki öll gjöld greidd í einu. Hinn aðalþáttur frv. er sá, að innheimta öll gjöldin í einu lagi og minnka þannig innheimtukostnað. Borgarstjóri, 6. þm. Reykv., leggur fram frv. um fjölgun gjalddaga á greiðslu útsvara og segir svo í greinargerð þess frv.: „Varð þess ekki vart, að gjaldendur hefðu yfirleitt nokkur andmæli gegn innheimtu með þessum hætti, en margir létu beinlínis í ljós ánægju yfir því, að gjalddögum var með þessu móti fjölgað og lægri fjárhæð innheimt hverju sinni að sama skapi. Má óhætt fullyrða, að gjaldendur og þó einkum launþegar tóku breytingunni yfirleitt vel."

Hv. form. meiri hl. fjhn. telur, að þessi skipun komi til með að verða almenningi til óhagræðis. Þetta er alveg gagnstætt því, sem borgarstj. segir, og ég tel, að þetta sé tvímælalaust hentugra fyrir launamenn, enda komið á í flestum menningarlöndum. Þegar þessi venja er komin á, verða menn skattanna lítt varir. Launin verða einungis þeim mun lægri sem skattupphæðinni nemur. Þá segir frsm., að það sé skerðing á rétti skattþegnsins að láta hann ekki ráða gjalddaga. En hvað er þá að segja um útsvörin? Et bærinn þarf á sínum tekjum að halda á ýmsum tímum árs, er þá ekki skiljanlegt, að ríkissjóður þurfi þess einnig? Annars hygg ég að það mætti æra óstöðugan, ef fara ætti að taka slíka hluti sem þessa alvarlega.

Háttv. meiri hl. finnur frv. enn tvennt til foráttu. Hann telur þessa skipan hafa í för með sér aukinn kostnað. Þetta tel ég alveg óranns akað mál. Reykjavíkurbær hefur fullkomna skrifstofu, og ég hygg, að það yki ekki mikið störf hennar, þótt hún annaðist þetta. Auk þess er hér tollskrifstofa með starfsmönnum með 120 þús. kr. launum til samans. Þessi skrifstofa yrði óþörf. Niðurstaðan yrði því sennilega sú, að innheimtukostnaðurinn mundi minnka. Enn fremur eru greiddar á þessu ári um 312 þús. kr. til rekstrar þessarar skrifstofu, en hún á að vera gjaldendum til þæginda.

Það hlýtur að vera sparnaður við það að láta einn aðila koma í stað þessara tveggja. Borgarstjóri telur, að bæjarbúar séu yfirleitt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Hvers vegna mega ekki skattgreiðendur njóta sömu hlunninda?

Háttv. frsm. segir, að bærinn setji tvö skilyrði fyrir að þetta verði samþykkt. Á þetta hefur ekki verið minnzt við mig.

„Önnur krafan er sú, að bærinn hafi forgangsrétt". Ég sé ekki, að slík krafa sé frambærileg. Auðvitað eiga báðir aðilar að hafa jafnan rétt.

Hitt atriðið er, að bærinn hafi íhlutunarrétt um innheimtu. Það er ekkert aðalatriði fyrir mér, hvor hefur innheimtuna. Aðalatriðið er, að

frv. nái fram að ganga, og til samninga um þetta atriði er ég reiðubúinn, hvenær sem er.

Ef þessi rökstudda dagskrá verður samþykkt, sem mér virðist öll líkindi benda til, hlýtur ríkisstj. að nota sér heimild í 42. gr. skattal. til þess að fjölga gjalddögum, og það verður gert, ef þetta frv. verður fellt, en ég tel það illa farið, ef ríkisstj. neyðist til að neyta þeirra heimilda, sem til eru hér um, og skipta þannig því, er framkvæma mætti í einu lagi.

Ég vænti því, að háttv. n. sjái sér fært að láta málið ná fram að ganga.

Forseti (StgrA): Með því að nú líður óðum að fundartíma, þá vil ég leyfa mér að taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

8. Ábyrgð á athöfnum opinberra starfsmanna.

Á 21. fundi í Ed., 20. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um ábyrgð ríkis, opinberra stofnana og bæjarfélaga, hrepps- og sýslufélaga á athöfnum þjóna sinna (þmfrv., A. 71).

Á 23. fundi í Ed., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Mál þau, sem þetta frv. fjallar um, eru í raun og veru mjög vandasöm og mikilsverð.

Það mun vera alkunnugt hv. þdm., að dómstólarnir hafa — og það sjálfsagt réttilega — dæmt bæjarfélög og ríkissjóð til þess að greiða bætur vegna ýmiss konar háttsemi starfsmanna sinna. Þetta er í samræmi við reglur einkamálaréttarins, því að það er, þótt ekki séu glögg lagafyrirmæli um það, a. m. k. ekki víðtæk, í samræmi við það, sem dómstólarnir hafa tekið upp, þar sem fyrirtæki, atvinnurekstur o. s. frv. verða að bæta fyrir háttsemi þjóna sinna. Margir aðilar munu geta tryggt sig gegn bótagreiðslum vegna þjóna sinna, en það mun ekki vera hægt fyrir ríki og bæjarfélög að gera slíkt. En ef þessi skaðabótaskylda væri ótakmörkuð, þá væri hægt að dæma t. d. bæjarfélag í milljóna króna bætur fyrir syndir þjóna sinna, sem þeir hefðu drýgt og mundu geta riðið þessum aðilum, sem bæta ættu, að fullu. Þess vegna hefur ríkisstjórninni þótt sjálfsagt að bera upp fyrir hæstv. Alþ. frv. í þá átt að takmarka þessa bótaskyldu. Hitt, hvort það hefur verið hitt á rétta takmarkið hér í frv., vil ég alls ekki dæma um. Það má lengi deila um það. En sú n., sem fær frv. til athugunar, mun taka það eins og önnur frv. til alvarlegrar íhugunar.

Eins er það, að um þetta mál er ákaflega mikið deilt meðal lögfræðinga, hvernig eigi að skipa þessum málum, sem hér er um að tefla. Það er mjög umdeilt erlendis, og mundu sjálfsagt verða deilur um það hér líka, ef lögfræðingar færu að tala eða rita um þetta. En mér finnst óhjákvæmilegt að hafa löggjöf um þetta efni og takmarka á einhvern hátt bótaskyldu þeirra aðilja, sem hér eiga hlut að máli.

Ég vil benda á, að það mun ekki eins dæmi, að bótaskyldan sé takmörkuð. Ég get um það tilfært t. d. ákvæði siglingalaganna, sem um er getið í aths. við frv.

Skal ég svo ekki lengja mál mitt frekar, en vil, ef hv. þd. þykir ástæða til að samþ. frv. til. 2. umr., að því verði þá vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Tekjuskattur og eignarskattur (gjafir til líknar- og menningarmála).

Á 36. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 210).

Á 38. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Breyt. sú, sem hér um ræðir á skattal., er í því fólgin, að skattgreiðendum er gefin heimild til þess að verja ákveðnum hluta af tekjum sínum til líknar- og menningarmála, án þess að slíkar gjafir séu teknar síðar sem skattskyldar tekjur. Slíkt ákvæði sem þetta vantar í íslenzk skattal. Hins vegar er óhætt að segja, að þetta ákvæði er til í sams konar eða svipuðu formi í skattal. flestra annarra menningarlanda, enda virðist það vera viturlegt, að skattþegnar hafi heimild til að verja ákveðnum hluta tekna sinna, án þess að þeir þurfi að borga skatt af slíkum gjöfum. Hið opinbera ætti frekar að hvetja menn til að gera slíkt en að setja fyrirmæli, sem koma í veg fyrir þetta, því að það er vitað mál, að það hefur á margan hátt staðið í vegi fyrir því, að líknar- og menningarstofnunum, sem mikla þörf hafa fyrir fé, hafi getað áskotnazt fé á þennan hátt, þótt menn hér á landi séu mjög örlátir, og hafa því þessar stofnanir farið á mis við margar gjafir af þessum orsökum. Að sjálfsögðu verður að setja skorður við því, hversu miklu skattþegnar geti varið af

tekjum sínum í þessu skyni. Það magn hefur verið ákveðið þannig, að skattgreiðendur mættu gefa til líknarstarfsemi og menningarmála allt að 10% af nettó tekjum, þó ekki hærri fjárh. en kr. 10.000.00. Ég skal viðurkenna, að þetta getur út af fyrir sig verið álitamál, en ég tel, að ekki sé of djúpt tekið í árinni þótt mönnum sé heimilað að verja þessum hluta nettó tekna sinna í þessu skyni. Að sjálfsögðu verður að setja reglur um það, hvaða stofnanir og fyrirtæki geti komið til greina að verða þessa fjár aðnjótandi, því að vitanlegt er, að slíkar stofnanir ganga undir ýmsum nöfnum, sem má segja, að ekki séu viðurkennd opinberlega. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta og legg því til, að frv. verði vísað til 2. umr. og n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, HG, IngP, KA, LJóh, MJ, PHerm, BSt, BrB.

StgrA greiddi ekki atkv.

6 þm. (HermJ, JJ, PM, ÞÞ, BBen, EE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 16. des., var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 657, en nál. kom ekki frá meiri hl., og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

10. Lyfjagerð og afgreiðsla lyfja.

Á 38. fundi í Ed., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um ábyrgð á lyfjagerð og á afgreiðslu lyfja (stjfrv., A. 230).

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1 umr.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið fram eftir ósk landlæknis og — ég held megi segja — eftir ósk eftirlitsmanns lyfjabúða. Það hafa komið fyrir mistök við afgreiðslu í lyfjabúð, og er eitt dæmi, sem ég hef sérstaklega í huga. Hafa þessi mistök orsakað heilsubrest, án þess að upplýst yrði, hver persónulega ætti sökina. Dómsrn. hefur ekki séð sér fært að höfða mál út af þessum mistökum, með því að ekki er víst, hver sökina átti. Aðalnýmæli þessa frv. er það, að lyfsalar og forstöðumenn lyfjabúða skulu sæta refsingu sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Þetta virðist hafa orkað tvímælis, en það virðist auðsætt, að menn, sem hafa jafn ábyrgðarmiklar skyldur með höndum, séu látnir sæta refsingu sem opinberir starfsmenn. Annað nýmælið er, að lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar skuli bera ábyrgð á mistökum, sem verða kunna við afhendingu lyfja, og skal þá refsing mælt honum, nema það sannist, að annar maður sé sekur og lyfsali eða forstöðumaður eigi enga sök á. Samsvarandi reglur skulu gilda um lyfjasveina og sérfróða aðstoðarmenn í lyfjabúðum, þannig að þeir sæti refsingu eftir sömu reglum sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. — Skal ég svo ekki fara nákvæmar út í þetta, en vil þó aðeins benda á, að í þessum nýmælum hér er farið nokkru lengra en almennt er talin hæfa í refsirétti, í því að einstakir forráðamenn eru látnir bera fulla ábyrgð á misferli undirmanna sinna, nema það sannist, að undirmenn eigi sökina. Hins vegar telur landlæknir mikla nauðsyn á slíkri reglugerð sem þessari, og að vísu eru til í íslenzkum l. nokkur samsvarandi fyrirmæli. Skal ég þá t. d. benda á fyrirskipun frá árinu 1885, þar sem prentsmiðjustjórar bera ábyrgð á því, sem hjá þeim er prentað, og sömuleiðis er samsvarandi dæmi að finna í áfengisl., sem kveður á um, að skipstjóri beri ábyrgð á smygli skipverja sinna, svo að af þessu má sjá, að með þessu frv. er ekki verið að breyta út af hinni venjulegu refsiréttarreglu.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, en legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

11. Rannsókn skattamála.

Á 3. fundi í Sþ., 17. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um rannsókn skattamála (þmfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Á þinginu, sem lauk fyrir nokkrum dögum, flutti ríkisstj. frv. til l. um rannsókn skattamála. Þetta frv. er samhljóða því. Flm. hafa kynnt sér, hvað stj. hafði í hyggju með flutningi málsins. Kom í ljós, að hún ætlaði ekki að flytja það nú þegar, en að öðru leyti var afstaða hennar óbreytt. Flm. þótti rétt að láta frv. koma strax fram, svo að hægt verði að nota til þess þann tíma, sem líður, þar til þ. verður frestað.

Í frv. er gert ráð fyrir, að landinu verði skipt í 4 rannsóknarumdæmi, og enn fremur, að í Reykjavíkurumdæmi verði skipaður skattadómstóll með 2 eða 3 rannsóknardómurum, en í hinum umdæmunum verði einn dómari.

Við flm. erum sammála ríkisstj. um, að nauðsyn beri til að gera þessar ráðstafanir, af því að svo óvenjulega stendur á um öll viðskipti í landinu og erfiðleikar eru á eftirliti með framtölum.

Þá er gert ráð fyrir, að rannsóknardómar-

arnir fái vald til að hefja rannsókn af sjálfsdáðum, og er það til bóta frá gildandi l., að þessir nýju dómarar fá aukið valdsvið.

Ég sé ekki ástæðu til lengri framsögu, þar sem frv. er samhljóða frv. frá síðasta þ., en legg til, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

12. Dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimta o. fl. í Reykjavík (frv. SB og GTh).

Á 4. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík** (þmfrv., A. 9).

Á 11. fundi í Nd., 7. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem liggur nú fyrir á þskj. 9, var flutt af 3 þm. hér í hv. d. á síðasta Alþ. Aðalatriði þess er það, að það verði gert að skilyrði fyrir veitingu lögreglustjóraembættisins hér í Reykjavík, að lögreglustjóri fullnægði hinum almennu dómaraskilyrðum, þar á meðal því, að hann sé löglærður.

Sú eina breyt., sem er á frv. eins og það er nú, frá því, sem það var á fyrra þingi, er sú, að gert er ráð fyrir, að l. þessi öðlist þá fyrst gildi, er núv. lögreglustjóra hefur verið veittur kostur á öðru starfi.

Allshn. hafði þetta frv. til athugunar og sendi það til hæstaréttar og lagadeildar háskólans til athugunar. Frá hæstarétti kom engin álitsgerð, en frá lagadeild háskólans álitsgerð, þar sem mælt er með, að frv. nái fram að ganga.

Ég tel mig ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta frv. Í grg. er gerð grein fyrir því, hverja nauðsyn við flm. teljum til þess bera að setja þetta ákvæði inn í l. og hvers vegna við flytjum þetta frv.

Ég tel eðlilegt, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:2 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

13. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. LJós o. fl.).

Á 4. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt á l. nr. 20/1942, um breyt. á l. nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

14. Útsvör.

Á 11. fundi í Nd., 7. sept., var útbýtt: **Frv. til l. um viðauka við l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör** (þmfrv., A. 39).

Á 14. fundi í Nd., 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég hef orðið þess var, að það er ekki alls staðar siður, að í framtölum útvegsmanna sé viðurkenndur við útsvarsálagningu frádráttur á þeim hluta tekna þeirra, sem þeir leggja í nýbyggingarsjóði. Hins vegar tel ég, að gera megi ráð fyrir, að það hafi vakað fyrir löggjafanum, að útvegsmenn skyldu einnig njóta þessara hlunninda við útsvarsálagningu. En um það er ekki getið í löggjöfinni. Ég tel því réttara að setja skýlaus ákvæði um þetta í löggjöfina og hef flutt þetta litla frv. í því skyni. Ég hef flutt þetta sem viðauka til bráðabirgða, vegna þess að ákvæðin um nýbyggingarsjóði eru til bráðabirgða í löggjöfinni, og væri það þá til samræmis.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að menn geti orðið sammála um þetta litla mál, og vil svo að lokum leggja til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2 umr. (A. 39, n. 499).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Þetta mál hefur átt hálf erfitt uppdráttar hjá allshn. að því leyti, að það hefur lengi dregizt afgreiðsla þess af hálfu n. Og eins og nál. ber með sér, er orsök þess augljós. Innan n. voru skiptar skoðanir um það, á hvern veg skyldi afgreiða þetta mál. Töldu sumir í n., að það mætti vel samræma þessa lagabreyt. breyt. á skattal., sem búizt var við, að kæmi fyrir þetta þing og næði afgreiðslu, og töldu jafnvel sumir hv. nm., að þótt ekki fengist afgreiðsla á skattal. að þessu sinni, þá þyrfti það ekki að koma að sök, þó að afgreiðsla þessa máls, sem hér liggur fyrir, biði. En við tveir nm., hv. 2. þm. Eyf. (GÞ) og ég, lítum svo á, að lögfesta beri þessa

breyt. á útsvarsl. og að hún eigi nú að ná fram að ganga á þessu þingi. Það hefði nú kannske verið betra af okkar hálfu, sem mælum með frv., að till. frá okkur hefði komið um það fyrr. En við vildum ógjarnan gera ágreining innan n., ef hægt væri að koma því fram, sem fyrir hv. flm. þessa máls vakti með flutningi málsins, með breyt. á skattal., þegar hún kæmi fram. Nú finnst mér að vísu og hv. 2. þm. Eyf., sem mælum með því, að þetta frv. verði samþ. á þessu þingi, að bezt fari á því, að slík breyt. sem þessi verði gerð á útsvarsl. Hún á þar heima, og það er áreiðanlega heppilegast, að þau lagaákvæði, sem snerta útsvarslöggjöfina, sé þar að finna, en þeim sé ekki blandað innan um skattal. hér og þar. Sums staðar mun framkvæmd skattal. vera eins og fyrir er mælt í þessu frv., en þó mun það ekki vera alls staðar. Við, hv. 2. þm. Eyf. og ég, erum sammála hv. flm. um það, að það beri að vernda þessi sjóðatillög fyrir útsvarsálagningu, því að ef það er ekki gert, og við skulum segja, að megnið af þessari upphæð sé tekið í útsvör hjá hlutaðeigandi manni eða fyrirtæki, þá er náttúrlega tilgangslítið að samþ. í sambandi við skattal. þessar fvilnanir, ef þannig skyldi svo með þetta farið. A. m. k. styður þá sú ráðstöfun ekki þá starfsemi, sem þessi fyrirtæki eða einstaklingar hafa með höndum, en það er þó vissulega tilgangurinn með þessu ákvæði skattalöggjafarinnar. — Ég ætla þess vegna, að það fari bezt á því, að hæstv. Alþ. afgreiði þetta mál nú með því að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Ég get getið þess, að við nm. leituðum til skattan. Reykjavíkur. En það svar, sem frá formanni hennar kom, var mótfallið því, að þessi breyt. næði fram að ganga. En það var að sjá svo, að þeir vildu gjarnan hafa óbundnar hendur um álagningu á þetta fé. En það rýrir ekki gildi þess að minni hyggju, að þetta frv. eigi að verða samþ. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vona, að hv. d. geti fallizt á till. okkar hv. 2. þm. Eyf. um að samþ. frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, IngJ, JJós, JPálm, PZ, PÞ, SB, SEH, SK, SkG, JörB.

nei: ÞG, EOl, JakM, LJós, SigfS, SG, STh.

EmJ, GTh greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (SvbH, ÁkJ, BG, FJ, GÞ, GG, GSv, BFB, JS, ÓTh, PO, SÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Emil Jónsson: Mér finnst, að þetta frv. og ákvæði þess ætti að afgreiða með öðrum hliðstæðum og skyldum ákvæðum skattal., og þó að ég út af fyrir sig gæti hugsað mér að vera með þessu ákvæði, sem í frv. er, þá fer það nokkuð eftir því, hvernig önnur skyld ákvæði þessum verða afgreidd, og greiði ég því ekki atkvæði.

Jakob Möller: Með tilvísun til grg. hv. þm. Hafnf. segi ég nei.

2. gr. samþ. með 14:16 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 39, 543).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 543. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., og vil ég nú lýsa henni nokkuð. Frv. þetta miðar að því að banna, að útsvar verði lagt á það fé, sem lagt er til nýbyggingarsjóða, og er þá greinilegt, að þeir, sem lagt hafa útsvör á þessi framlög, eru hér sviptir tekjustofni. Ég tel það réttmætt, ef Alþ. vill auka skattfríðindi, að þá sé það ríkið, sem ber kostnaðinn af því, en ekki bæjar- og sveitarfélög, sem vantar tilfinnanlega tekjur. Ef þessi breyt., sem hér er ráðgerð, verður samþ., þá hlýtur það að ganga á tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Ég vil benda á það, að það hafa ekki verið sett nein takmörk um útsvarsálagningu inn í útsvarsl., heldur hefur verið heimilt að leggja útsvör á eftir efnum og ástæðum. Og það hefur ekki þótt þörf á því að veita einstaklingum rétt til þess að undanskilja vissan persónufrádrátt við álagningu útsvara, eins og þegar um skattaálagningu er að ræða, heldur hefur niðurjöfnunarnefndum verið heimilað að leggja á útsvar, eftir því sem þeim hefur þótt þurfa.

Hér er hins vegar lagt til, að nýbyggingarsjóðir útgerðarinnar skuli njóta sérstakra hlunninda. Ég tel óverjandi, að lagt sé inn á þá braut að ganga þannig á tekjur bæjar- og sveitarfélaga, sem þá þurfa að hækka útsvör á öðrum einstaklingum, á meðan útgerðin leggur fyrir í sjóði, þó að það sé annars í sjálfu sér gott. Alþ. hefur áður veitt skattfrelsi á framlögum til nýbyggingarsjóða, en ég tel ekki verjandi að krefjast þess af bæjar- og sveitarfélögum að þau veiti þetta skattfrelsi einnig af sinni hálfu, og ef þingið telur nauðsynlegt, að gengið verði lengra í þessu en þegar hefur verið gert, þá verður það að vera á kostnað ríkisins, en ekki bæjar- og sveitarfélaga. Ég hef því flutt brtt. um það, að ríkið bæti bæjar- og sveitarfélögunum upp þennan tekjumissi, eftir því sem skattanefndir komi til með að ákveða. Ég vil taka það fram, að ég tel rétt, að efni þessa frv. hefði verið tekið með skattal.breyt., því að það er ekki fært að veita þarna fríðindi, meðan skattal. bíða endurskoðunar, því að þau standa enn þá jafnóréttlát og þau hafa gert.

Það er skilyrði af minni hálfu fyrir því, að ég geti gengið til fylgis við þetta frv., að það verði ríkið, sem ber kostnaðinn af þessu, en ekki bæjar- og sveitarfélög.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja að því, sem kom nú fram hjá hv. 6. landsk. og öðrum þegar við 1. umr., að það væri eðlilegt, að þessi breyt. á útsvarsl. væri tekin í sambandi við breyt. á skattal. Ég er hissa á því,

að þessi skoðun skuli hafa komið fram, þar sem það hlýtur að vera algild regla, að öll ákvæði um útsvarsálagningu séu í útsvarsl. og öll ákvæði um skattaálagningu séu í skattal. út af fyrir sig, en að þessu sé ekki öllu grautað saman inn í marga lagabálka, þannig að þeir, sem eiga að leggja á skatta og útsvör, séu ekki vissir um, að þeir hafi kynnt sér allt um þessi efni, þótt þeir hafi lesið bæði útsvars- og skattal.

Það hefur einnig komið fram, að það væri rétt að ganga frá þessu atriði, þegar tekin væri afstaða til fjölmargra annarra atriða í skattal. Mér finnst, að hægt sé að taka afstöðu til þessa máls alveg útaf fyrir sig, um það, hvort nýbyggingarsjóðirnir skuli vera skattfrjálsir gagnvart bæjar- og sveitarfélögum, eins og þeir eru gagnvart ríkinu. Varðandi efni málsins og brtt. hv. 6. landsk. vil ég taka það fram, að samkvæmt skattal. er öllum útgerðarmönnum og útgerðarfélögum heimilt að draga frá ⅓ hluta af tekjum sínum, áður en skattur er á lagður, enda sé það fé lagt í nýbyggingarsjóð.

Þegar þessi ákvæði voru sett í skattal., var það einnig ákveðið, að samtals skattar og útsvör skyldu mest ganga upp í 90% af tekjunum og að þá mætti ekki ganga meira á það. Þetta ákvæði var sett inn, vegna þess að ekki þótti hæfa að leggja meira á alls en 90%. Þá var sett inn ákvæði um það, að nýbyggingarsjóðstillag af tekjum yfir 200 þús. kr. skyldi ekki vera útsvarsskylt. En það var ekkert ákvæði um útsvarsálagningu á nýbyggingarsjóðstillög af tekjum undir 200 þús. kr. Ég held, að ég megi þó fullyrða, að það muni hafa verið ætlazt til þess, er l. voru sett, að það fé, sem útgerðarmönnum var heimilað að leggja í nýbyggingarsjóði, skyldi raunverulega ganga til endurnýjunar skipastólsins, en að það yrði ekki tekið sem útsvör til bæjar- og sveitarfélaga. Og ég fullyrði, að þótt það hafi ekki verið ætlun löggjafans að veita útgerðinni þessi hlunnindi, til þess að bæjar- og sveitarfélög drægju þau undir sig, þá var það ekki gert af neinum fjandskap til þeirra, heldur vegna þess, að útgerðin hefur sjálf mikla þörf fyrir þetta fé.

Nú veit ég líka, að þetta er víða framkvæmt eins og Alþ. ætlaðist til, að þegar útsvör eru lögð á, þá er gengið fram hjá þeim hluta teknanna, sem lagður er í nýbyggingarsjóð, en sums staðar er þessu ekki þannig háttað, heldur er lagt útsvar á allar tekjurnar og þá einnig á nýbyggingarsjóðstillagið. Vegna þessa hefur útgerðinni sums staðar orðið mjög erfitt að notfæra sér þessi hlunnindi, og hefur þannig stappað nærri, að skattfrelsið af hálfu ríkisins hafi alls ekki notið sín.

Af þessum ástæðum er þetta frv. fram komið, og þar er gert ráð fyrir, að þetta fé renni alls ekki til bæjar- og sveitarfélaga, þótt það sé þar vel komið, heldur skuli það renna til nýbyggingarsjóða útgerðarinnar. Þar, sem þessu hefur verið háttað eins og Alþ. ætlaðist til, verður engin breyt., en þar, sem bæjar- og sveitarfélög hafa lagt á þennan hluta teknanna einnig, þá verða önnur útsvör að hækka. Er ekkert við því að segja, það er í samræmi við það, sem ætlazt var til, því að það er mjög áríðandi, að útgerðin geti komið sér upp nýbyggingarsjóðum á þessum árum. Ég veit ekki, hvað væri meira í þágu bæjar- og sveitarfélaganna sjálfra og hvort það væri betra að ganga nú svo nærri útgerðinni, að hún gæti nú ekki komið undir sig fótum og notfært sér þau hlunnindi, sem l. heimila.

Það er ekkert annað en fullkomin fjarstæða, sem hv. þm. heldur fram, að ríkið eigi að bæta upp skattfrelsið. Þetta er alveg ný hugmynd. Ríkið hefur vald til þess að takmarka það svið, sem bæjar- og sveitarfélög hafa til útsvarsálagningar, og það er engin ástæða til þess, að ríkið bæti slíkt upp með fjárframlögum frá sér. Auk þess mundi það verða ómögulegt, vegna þess að ekki er hægt að dæma um, hvað það ætti að vera mikið, og einnig væri hægt að misnota það herfilega, þar sem niðurjöfnunarnefndir gætu sagt, að þær hefðu ætlað að leggja svo og svo mikið á.

Þessi till. er einungis flutt til þess að hafa eitthvað að segja og bera við. Það á að segja, að þetta hafi komið illa við útvegsmenn í sjávarplássum, en þetta er ekkert annað en endileysa og vitleysa. Ég ætlaði að segja örfá orð út af till. 6. landsk., en ég læt við þetta sitja að sinni. Þá vil ég minna menn á að gera greinarmun á skatta- og útsvarslögum, þótt vitanlega sé nokkur skyldleiki þar á milli.

Emil Jónsson: Við umr. um þetta mál í gær gat ég ekki tekið afstöðu til þess, fyrr en ég sæi, hversu færi um skyld mál. Þetta vill þm. S.-M. hafa, að sé að gera ekki greinarmun á skatta- og útsvarslögum. (**EystJ:** Ég átti einkum við aðra nefndarmenn). Ég varð ekki var við aðrar raddir í gær við atkvgr. og hlaut því að taka þetta til mín. Annars er það auðvitað, að skatta- og útsvarslög eru skyld, eins og þm. gat um. Því er svo háttað í bæjum, að útsvörin eru því nær eina tekjulindin, og nægja þau hvergi nærri fyrir útgjöldum. Ég tel því algerlega óverjandi að taka slík ákvæði sem hér um ræðir inn í lögin. Till. 6. landsk. er eðlileg tilraun til bóta, en þó tel ég, að sú leið sé ekki fær, sem þar er lagt til, að farin sé. En fráleitt er, að bæirnir þoli, að aðaltekjustofn þeirra sé skertur á þann hátt, sem hér er lagt til.

Lúðvík Jósefsson: Það kom fram í ræðu 2. þm. S.-M., að honum þótti einkennilegt að taka þetta eina atriði út úr skattal. og láta það ekki heyra undir aðrar endurbætur þessarar löggjafar. Enn fremur vildi hann svo vera láta, að þetta heyrði undir útsvarsl. öllu fremur en skattal., en þá gleymir hann þeirri staðreynd, að allt þessu viðkomandi heyrir undir skattal. Meiningin með þessu er einungis að tryggja það, að það fé, sem ætlað er til nýbygginga fiskiskipa, fari til þess og ekki annars. Þá leggur hann áherzlu á, að þegar veitt var til nýbyggingarsjóðs, hafi það verið ætlun þm., að þau framlög væru útsvarsfrjáls. En um þetta finnst hvergi stafur, og má það vera einkennileg afgreiðsla á máli, að þetta skuli hvergi tek-

ið fram. Eysteinn Jónsson telur, að ókleift sé að leggja útsvör á framlög í þessu skyni. Þetta hygg ég, að sé rangt. Þar, sem ég þekki til, hafa menn ráðizt í slíkt, enda þótt þeir yrðu að bera útsvör, ef þeir njóta skattfríðinda. En með því móti léttir á einstaklingum. Hann segir, að ég flytji þessa till. einungis til þess að hafa eitthvað til að segja og skjóta mér á bak við. En ég vil benda honum á, að mín till. mælir ekkert í mót útsvörum á hlutafélög. Sannleikurinn er sá, að háttv. 2. þm. S.-M. og flokki hans liggur í léttu rúmi hvort bæjarfélögin þurfa að gjalda nokkrum tugum þúsunda meira. En það kemur verr við hans flokk, ef gjalda þarf þessa upphæð úr ríkissjóði, sem hann ætlar í ákveðna átt. Og hann rangfærir mín orð, þegar hann stagast á „skattfrelsi" í stað „tekjumissi".

Loks er það eitt atriði enn, sem ég vildi hrekja, þegar hann segir, að ég vilji ekki hrófla við þeim, sem hafa 200 þús. og þar yfir.

Og þetta segir hann, þótt hann viti, að við sósíalistar höfum alltaf verið þessu andvígir, sem flokkur hans stóð að. Ég vona nú, að háttv. deildarmönnum sé ljóst, hvaða málstaður það er, sem þm. S.-M. berst hér fyrir.

Jón Pálmason: Ég greiddi atkvæði með þessu frv. við aðra umr. og hygg, að ég geri það einnig við 3. umr.

Út af því, sem hv. 6. landsk. sagði hér áðan, vil ég taka það fram, að ummæli 2. þm. S.-M. um það atriði, að ekki hefði verið ætlunin, að útsvör yrðu lögð á nýbyggingarsjóði, voru rétt.

Ég vil þá leggja til, að frv. verði samþ. og brtt. felld.

Eysteinn Jónsson: Það eru örfá orð út af ræðu hv. 6. landsk. Hann heldur sér enn við það, að eðlilegt sé, að þetta mál verði samferða skattal., og færir það til, að í skattal. séu öll meginákvæðin um nýbyggingarsjóði, m. a. þau, sem eigi að tryggja, að þeir renni til nýbygginga, en verði ekki eyðslueyrir. Það er rétt, að í skattal. eru ákvæði til tryggingar þessu, en það eru engin rök fyrir því, að í skattal. eigi einnig að vera ákvæði um, hvernig útsvör skuli leggja á. Það snertir útsvarsl., en ekki ákvæði skattalaganna.

Hv. þm. segir, að það sé mjög þýðingarmikið í þessu sambandi að vita, hvernig reiðir af þeim brtt., sem fram eru komnar um tryggingarákvæðin, sem sé, að þm. sjái, hvort gerðar verða ráðstafanir til tryggingar því, að sjóðirnir renni til nýbygginga. Ég veit ekki, hvort allir hv. þm. hafa kynnt sér til hlítar þær brtt., sem liggja fyrir í frv.formi á þskj. 398, en allir, sem kynna sér það mál, hljóta að sjá, að þau atriði, sem þar er farið fram á að bæta við, eru ákaflega þýðingarlítil. Það hefur verið mikið um það fleiprað, að ótryggilega væri um þetta búið í skattal., en þeir, sem mest töluðu um þetta, munu hafa sannfærzt um, að svo var ekki, og urðu því till. þeirra svo veigalitlar, eins og verða hlaut. Þær fjalla aðallega um, að ef tap verður á útgerð, megi ekki greiða það með fé úr nýbyggingarsjóði. Það hefur að vísu nokkra þýðingu, en enga úrslitaþýðingu um afstöðu nokkurs manns til þessa máls. Að öðru leyti er meðferð sjóðsins eins og hún var. Það er því aðeins fyrirsláttur, að menn þurfi að standa á öndinni og bíða eftir að sjá, hvernig fari með þessar till., áður en þeir leggja út í það stórræði að samþ., að ekki megi leggja útsvar á þetta fé.

Hv. þm. minntist á, að í Hafnarfirði væri fordæmi fyrir því, að ákvæði um útsvar væru sett í skattal. Það er rétt, en það er eina fordæmið, og voru l. um það sett fyrir tveim árum eða svo. Ég vil segja, að þótt ég ætti hlut að því, að þau l. voru sett, þá tel ég, að það sé ekki til fyrirmyndar, að slík ákvæði séu í skattal., og hefði verið miklu réttara að setja þetta hreinlega í útsvarslögin.

Hv. 6. landsk. heldur sér enn við það heygarðshorn, að vafasamt sé, að ætlazt hafi verið til, að nýbyggingarsjóður væri útsvarsfrjáls. Um þetta má deila, þar sem þetta stendur ekki berum orðum í l., en ég fullyrði, að það vakti ekki fyrir þeim, sem stóðu að samþ. þessara l., að greiða yrði af þessum sjóðum til bæjarfélaga, heldur ættu útgerðarmenn þessa sjóði til þess að koma sér upp nýjum atvinnutækjum, og það var gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög mundu sjá sér hag í því að haga útsvarsálagningunni nokkuð svipað og eigi á óhagstæðari hátt í garð smáútgerðarinnar en þingið hefur ákveðið í skattal. sjálfum.

Hv. þm. segir, að það sé rangt, að menn hafi ekki getað lagt í nýbyggingarsjóði vegna útsvara. Ég tel hann færast mikið í fang að gefa slíkar upplýsingar. Ég hygg, að hann skorti til þess forsendur. Ég hygg, að þótt hann sé fjölfróður, þá fylgist hann ekki svo með efnahagslegri starfsemi hvers manns í landinu. Ég hygg, að það liggi í hlutarins eðli, að það hafi verið erfitt fyrir smáútgerðarmenn, sem fyrir styrjöldina voru mjög skuldugir og höfðu orðið að taka bæði stofnlán og rekstrarlán, að koma fyrir sig nýbyggingarsjóðum samkv. l., borga skuldir sínar og síðan að greiða útsvör til sveitar- eða bæjarsjóða, ekki aðeins af venjulegum tekjum, heldur líka af því fé, sem til þessara sjóða hafði gengið. Ég hygg, að sú hafi verið niðurstaðan hjá mörgum, að að vísu hafi þeir reynt að leggja í nýbyggingarsjóð, en hafi í þess stað ekki getað borgað þau lán, sem þeir höfðu tekið til þess að halda atvinnurekstri sínum gangandi.

Hv. 6. landsk. þm. er að gefa í skyn annað veifið, að þessar till. séu harla lítils virði í sjálfu sér frá sjónarmiði þeirra, sem bera hag annarra en burgeisanna, ef svo mætti segja, fyrir brjósti. Hann gefur í skyn, að það muni bara vera gróðafélög, eins og hann orðaði það, sem fá aukin útsvarshlunnindi, ef l. yrðu samþykkt, en almenningi í bæjunum verði að blæða. Aftur á móti er auðséð á afstöðu hv 6. landsk., að hann trúir ekki meira en svo á þessa kenningu. Sést það bezt á því, að hann þorir ekki að beita sér á móti því hreinlega, svo að berlegt sé, að þessi gróðafélög fái ekki þessi hlunnindi, heldur telur rétt, að ríkissjóður taki á sig fjárhagslegar byrðar, til þess að þau geti fengið þessi hlunnindi. Það er því glöggt,

að hann telur, að það séu ekki fyrst og fremst nokkur gróðafélög, sem hér eiga hlut að máli, heldur flestir smáútgerðarmenn, sem eru svo óheppnir að eiga heima í sveitar- eða bæjarfélögum, þar sem ekki hefur verið tekið til greina að veita hlunnindi á þennan hátt, eins og Alþ. gerir ráð fyrir með skatta til ríkisins.

Hv. 6. landsk. var að kvarta fyrir hönd bæjar- og sveitarfélaga í þessu máli. Ég fer ekki langt út í að ræða það umfram það, sem ég hef áður gert, en vil aðeins benda á, að það er enginn vafi, að það er bezt fyrir bæjar- og sveitarfélögin sjálf að koma því svo fyrir, að útgerðin geti notið þessara hlunninda og veiti þeim þessa ívilnun á sama hátt og ríkið gerir, enda hafa mörg þeirra gert það, en þó er ekki alls staðar slíkri víðsýni til að dreifa. Það er ekki hægt að gera hvort tveggja í senn, — það átti hann að gera sér ljóst, — stuðla að því, að útgerðarmenn verði þess megnugir að koma sér upp bátum með ærnum kostnaði og líka að taka allt fé'ð af þeim í útsvörum til bæjarfélagsins.

Ég vil benda hv. 6. landsk. á það ósamræmi, sem er í afstöðu hans, að hann hefur látið sér í léttu rúmi liggja, þó að þeir fái að sleppa, sem hafa tekjur yfir 200 þús. kr., en berst gegn því, að sams konar hlunnindi séu veitt þeim, er hafa lágar tekjur. Hann segir, að þetta sé ekki maklega talað af mér, þar sem þm. sósíalista hafi verið á móti þessu á sinni tíð og síðan barizt fyrir, að það yrði afnumið. Hvar hafa þeir barizt fyrir því? Í hverju er sú barátta fólgin? Þeir hafa flutt hér á þingi breyt. á skattal., og þar er ekki vikið með einum stafkrók, að þessum ákvæðum skattal. yrði breytt. Það er hægt að leiðrétta það, ef það er rangt, og upplýsir hann þá það. Ég leitaði áðan í frv., sem hann ásamt öðrum þm. hefur flutt um breyt. á skattal., og ég gat ekki séð, að í því frv. væri farið fram á breyt. á þessu ákvæði. Til viðbótar því vil ég segja, að þótt þetta væri í frv. þeirra, þá held ég, að það yrði ekki tekið hátíðlega af mér eða öðrum, — þannig hefur verið haldið á baráttumáli þeirra hér á þingi um afnám tolla, sem þeir hafa lagt fram og síðan látið liggja mánuðum saman í n., þar sem þeir sjálfir áttu fulltrúa án þess að hafast nokkuð að. Allt þetta hefur á sér augljóst merki þess, að hér er aðeins verið að sýnast. Þá er einnig nýjung, sem þeir hafa talið sig vera með á prjónunum, frv., sem þeir segja, að sé flutt í samráði við allan flokkinn. Það hafa þeir látið liggja mánuðum saman í d., án þess að það væri tekið á dagskrá til 1. umr., og var þó forseti d. úr hinum mikla baráttuflokki sósíalista. Þannig er haldið á þessum málum af þeim hv. 6. landsk. og sálufélögum hans hér á þingi, svo að hann verður að virða mönnum það til vorkunnar, þó þeir hafi ekki orðið varir við þessa baráttu. En það hefur ekki vantað yfirlætið og viljann til að sýnast, því að svo langt gekk leikaraskapurinn, að áður en þessu þingi var frestað, óðu þeir upp á þá, sem stóðu að þingfrestuninni, með verstu aðdróttanir fyrir að fresta þinginu, þar sem slíkum nauðsynjamálum sem þessum breyt. á skattal. væri aðeins ólokið og það væri um að gera að ljúka því af. En svo þegar þingið kemur saman á ný og þeir eiga vald á málinu, þá halda þeir á því eins og ég hef nú lýst, og mætti gera því fyllri skil, ef tími væri til, en nú mun ég ekki hafa þessi orð fleiri til þess að tefja ekki málið og mun ekki taka til máls aftur að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. — Ég vil taka fram viðvíkjandi ummælum hv. 2. þm. S.-M., að við sósíalistar höfum ekki gert okkar til að fá fram þær skattalagabreyt., sem við höfum lagt til, að gerðar væru, og hann gumar af, að hans flokkur standi með, a. m. k. þegar ekki hefur reynt á. Hann veit vel, að ástæðan til þess, að ekki hefur verið reynt að koma þessum breyt. fram á þessu þingi, er sú, að það hefur verið skipuð mþn. í skattamálum, gott ef það var ekki eftir till. hans sjálfs, og var þess ekki að vænta, að hún gæti þegar lokið störfum og komið fram með till. hér á þingi, og það var beðið með afgr. þessara mála eftir till. þessarar n.

Eignaaukaskattinn gæti ég bezt trúað, að réttast væri fyrir hv. 2. þm. S.-M. að minnast sem minnst á, en nú næstu daga mun verða úr því skorið, hvernig fer um það mál og mun þá verða kunnugt hvernig afstaða Framsfl. er í því máli.

Hv. þm. segir, að ástæðulaust sé að bíða með afgr. þessa máls, þar til séð sé um afdrif þeirra breyt., sem nú liggja fyrir í l. um nýbyggingarsjóðina, af því að þær brtt. séu svo lítilfjörlegar. Ég vil þó benda á, að þar er þó um að ræða að ákveða, hvort þessir sjóðir megi fara í taprekstur eða eigi raunverulega að fara til skipasmíða, og í mínum augum er það mjög mikið atriði, því að mér er fullkunnugt um, að á skattaframtölum er útgerðin stundum látin koma út með tap, þótt það sé aðeins á pappírnum. Það er því afar eðlilegt, að þegar slíkar till. liggja fyrir um breyt. á ákvæðunum um nýbyggingarsjóðina, þá sé þetta frv. látið fylgja þeim, en ekki tekið út úr.

Allur málaflutningur hv. 2. þm. S.-M. er líka þannig, að öllum má vera ljóst, að hann flytur mál sitt út frá röngum forsendum, því að hann fer svo óvandlega með allar staðreyndir, að það sætir fádæmum. Hann segir, að hér sé um það að ræða að vernda útgerðarmenn og útgerðarfélög fyrir því, að bæjarfélögin éti upp alla nýbyggingarsjóðina, og hér sé verið að gera út um það, hvort nýbyggingarsjóðirnir eigi að lenda í bæjarkassanum. Þó veit hann vel, að hér er aðeins um það að ræða, hvort leggja eigi samsvarandi gjöld til bæjanna á þessar tekjur útgerðarmanna og félaga og lagt er á aðrar tekjur einstaklinga á þessum stöðum, en ekki hitt, hvort taka eigi sjóðina af eigendum þeirra og leggja í bæjarsjóði.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vil undirstrika, að það eru réttmætar kröfur frá bæjarfélögunum, að ef þessi auknu skattafríðindi verða veitt, þá beri ríkið kostnaðinn, en hann sé ekki látinn lenda á bæjarfélögunum.

ATKVGR.
Brtt. 543 felld með 13:6 atkv.
Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., **eftir 3. umr. þar.**
Á 59., 60., 61., 62. og 63. fundi í Nd., 2., 3., 6., 9. og 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

15. Einkasala á tóbaki og verkamannabústaðir.

Á 16. fundi í Nd., 15. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, og l. nr. 81 9. júlí 1941, um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (þmfrv., A. 61).

Á 18. og 19. fundi í Nd., 17. og 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 21. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Thoroddsen): Á þskj. 61 flytjum við hv. 2. landsk. frv. til l. um breyt. á l. frá 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, og l. nr. 81 frá 1941, um breyt. á l. um verkamannabústaði frá 1935.

1. gr. frv. miðar að því, að fella niður þær breyt., sem gerðar voru 1941, en þær voru, að ríkissjóður legði árlega í sjóð verkamannabústaða 150 þús. kr., en að jafnframt félli niður 14. gr. laga nr. 58 1931, um einkasölu á tóbaki, en sú grein kvað á um, að helmingur tekna af tóbakseinkasölu skyldi renna til byggingarsjóða verkamannabústaðanna að hálfu, en hinn helmingurinn til byggingar- og landnámssjóðs.

2. gr. frv. kveður á um, að tekjum af tóbakseinkasölu ríkisins skuli verja á líkan hátt og upprunalega var gert ráð fyrir, en þó þannig, að helmingur af tekjum ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni skuli skiptast jafnt á milli byggingarsjóðs verkamanna og byggingar- og landnámssjóðs, en hinn helmingurinn renni í framkvæmdasjóð ríkisins. Auk þess er greininni breytt í það horf, sem áorðnar breytingar á byggingarsjóðum verkamannabústaða útheimta.

3. gr. frv. mælir svo fyrir, að tekjum ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni fyrir árið 1943 skuli varið samkv. ofangreindu.

Eins og segir í grg., þá var það ein af aðalröksemdunum fyrir því, að samin voru l. um stofnun tóbakseinkasölu ríkisins, að þar með væri verkamannabústöðunum og byggingar- og landnámssjóði tryggt nægilegt fé.

Einkasala var hér á tóbaki eftir fyrra stríð í sambandi við landsverzlunina, en var afnumin árið 1925. Síðan var flutt frv. um einkasölu á tóbaki ár eftir ár hér á þingi af Alþflþm., en náði ekki fram að ganga. Á vetrarþingi árið 1931 var það enn flutt, en varð ekki útrætt, en á sumarþingi sama ár er einkasala á tóbaki loks lögleidd fyrir harðfylgi Alþfl. og Framsfl., og þá fyrst er ákveðið, til hvers tekjum af einkasölu ríkisins á tóbaki skuli varið. Talsmaður þessa frv. sagði þá, að hér væri ekki einungis um að ræða að útvega ríkissjóði vissar tekjur, heldur væri hér verið að sjá nauðsynjastofnunum, sem sé verkamannabústöðunum, fyrir tekjum. Og hann kvað upp úr um það, að það væri ábyrgðarhluti fyrir þm. að fella frv., án þess að fé kæmi annars staðar frá í staðinn. Því verður ekki neitað, að hér var vel af stað farið, og ef efndir hefðu verið að sama skapi, þá hefði verið vel. Þingflokkar þeir, er með harðfylgi höfðu komið þessu máli í höfn, fóru þess ekki heldur duldir, að málið var vinsælt, enda notuðu þeir það óspart sér til framdráttar. En eins og oft vill brenna við hjá þessum flokkum, varð minna úr efndum, og þetta viturlega ákvæði varð aldrei annað en fagurmæli eitt, því að eins og menn muna, var þessu ákvæði og mörgum öðrum, er til þjóðþrifa horfðu, frestað, að vísu ekki nema frá ári til árs, vegna hræðslu við kjósendur. Þeir tímar komu þó, að þessir flokkar þóttust ekki þurfa að taka tillit til kjósenda, en það var þegar sómatilfinning þm. þeirra hafði lognazt út af í þjóðstjórnarsukkinu og þeir höfðu sjálfir kosið sig á þing og þóttust óhultir þá. Var ekki beðið boðanna og rokið í að afnema 14. gr. einkasölulaganna. Þar með var endanlega strikað yfir það loforð, að tekjur af tóbakseinkasölunni skyldu renna til verkamannabústaðanna. Að vísu var þó það fé veitt, sem ég áður hef nefnt, en það voru smámunir einir. Það þarf ekki að rekja hér hvaða afleiðingar þetta hefur haft, því bera húsnæðisvandræðin hér í Reykjavík og annars staðar bezt vitni.

Nú fyrir skömmu var hraðað hér gegnum þingið l., sem heimila stórfellda hækkun á álagningu á tóbaki, og þýða um leið hækkaðan ágóða af Tóbakseinkasölu ríkisins, líklega svo að milljónum skiptir. Ríkisstj. vék sér undan því að gera grein fyrir, til hvers þessum tekjum skyldi varið, en Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. létu ekki á sér standa að samþykkja þetta og sýna ríkisstj. þar með traust sitt.

Við sósíalistar börðumst á móti þessu frv., en úr því að andstæðingaflokkum sósíalista tókst að koma því í gegn, vill Sósfl. gera tilraun til þess að þeim tekjuauka, sem fæst með hækkaðri álagningu af tóbaki, verði varið þannig, að þjóðin hafi sem varanlegast gagn af. Í því skyni

flytjum við flm. þetta frv. hér fyrir hönd Sósíalistaflokksins.

Að endingu vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

16. Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. SigfS o. fl.).

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 77).

Á 22. fundi í Nd., 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 27. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Það væri nú kannske hægt að spara sér nokkuð umr. nú við 1. umr. um þetta frv., sem ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 77 ásamt hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv., því að svo hefur nú viljað til, að meginatriði þess hafa verið rædd hér verulega í sambandi við annað mál, sem nýlega var hér á dagskrá, sem sé frv. um bráðabirgðaafnám á valdi kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. Mér þykir þó rétt að gera stuttlega grein fyrir, hver eru meginatriði þessa frv.

Fyrst er þetta, að í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 1000 íbúa, sé bæjarstjórnum eða hreppsnefndum heimilt að taka sölu mjólkur og mjólkurafurða í sínar hendur, og í sambandi við þetta sé Reykjavíkurbæ heimilt að yfirtaka mjólkurstöðina og aðrar þær eignir og réttindi, sem nú tilheyra samsölunni hér.

Þá er það annað atriði frv. að ákveða hámark þess hundraðsgjalds, sem leggja má á mjólkurafurðir og renni í verðjöfnunarsjóð.

Þriðja atriðið er að breyta nokkuð til um skipun mjólkursölun. og mjólkurverðlagsn.

Svo að ég minnist á hvert þessara atriða fyrir sig, skal ég fyrst byrja á því, sem síðast var talið, nefnilega breyt. þeim, sem lagt er til, að gerðar verði á skipun þessara n. Viðvíkjandi mjólkurverðlagsn. er breyt. aðeins sú, að oddamaður n. sé tilnefndur af hæstarétti í stað þess, að nú er hann tilnefndur af landbrh. Með þessu mundi skapast eðlilegra jafnvægi í n. Að öðru leyti er n. þessi skipuð tveimur fulltrúum frá framleiðendum og tveimur frá neytendum. Og sýnist þá rétt, að hæstiréttur skipi þar oddamann, en ekki pólitískur ráðh., sem ekki undir neinum kringumstæðum er hægt að líta á sem hlutlausan aðila í þessum málum.

Þá er það skipun mjólkursölun., sem í frv. er lagt til, að verði þannig, að Búnaðarfélag Íslands skipi tvo menn, Alþýðusamband Íslands einn mann og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja einn mann. Mundu þessir tveir síðast töldu að sjálfsögðu vera fulltrúar neytenda í bænum. Og síðan er lagt til, að sameinað Alþ. kjósi þrjá menn í n. með hlutfallskosningu. Kosning þessarar n. hefur verið með ákaflega óeðlilegum hætti hingað til: Landbrh. hefur skipað í n. tvo menn, mjólkurbandalag Suðurlands tvo, Samband ísl. samvinnufélaga einn mann, Reykjavíkurbær einn mann og Alþsambandið einn mann. Það er m. a. ákaflega erfitt að sjá, hvernig Samband ísl. samvinnufélaga getur verið eðlilegur aðili til að útnefna mann í þessa n., og ákaflega erfitt að sjá, hvernig það verði rökstutt, að ráðh., — í þessu tilfelli landbrh., — eigi að skipa tvo nefndarmanna.

Ég skal svo koma að næsta atriðinu, sem er breyt. á ákvæðum um verðjöfnunarsjóð. Í l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. frá 1935 er svo ákveðið, að hámark verðjöfnunargjaldsins skuli vera 8%. Með lagabreyt. 1937 frá 31. des. er þetta hámarksákvæði niður fellt, og er það nú á valdi mjólkursölun., hversu hátt verðjöfnunargjaldið er. Verðjöfnunargjaldið hefur verið nokkuð breytilegt. Ég hygg, að það hafi komizt hæzt í 16%, en sé nú nokkru lægra. Ég hygg, að þörf fyrir hærra verðjöfnunargjald en 8% geti varla verið fyrir hendi. Svo virðist sem verðjöfnunarsjóður hafi auðgazt verulega og sé orðinn voldug stofnun, þar sem honum hefur verið falið að byggja mjólkurstöð hér í Reykjavík, sem yrði geysimikið fyrirtæki. Mér hefur reynzt erfitt að fá upplýsingar um, hvernig hagur þessa sjóðs er og hvernig það er rökstutt, að hann skuli eiga að vera eigandi að þessu mikla fyrirtæki, mjólkurstöðinni. Og ég get líka skotið fram þeirri aths., að einn þeirra manna, sem hefur verið skipaður í mjólkursölun., hefur reynt að fá að sjá reikninga Mjólkursamsölunnar og verðjöfnunarsjóðs, en honum hefur verið synjað um það. Í frv. er lagt til, að horfið verði að því ákvæði l. frá 1935, að verðjöfnunargjaldið megi ekki vera hærra en 8%.

Þá kem ég að fyrsta atriðinu, sem er langstærst og þýðingarmest, þar sem gert er ráð fyrir því, að sú heimild verði veitt öllum kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 1000 íbúa, að mega taka sölu og dreifingu mjólkurinnar og tilheyrandi vinnslu í sínar hendur. Og ég hygg, að það sé ákaflega erfitt að mæla gegn því með nokkurri sanngirni, að viðskiptin milli neytenda og bænda, hvað mjólkina snertir, eigi að fara fram utan við stöðvarvegginn. Bændur eiga að selja mjólkina inn í samsöluna og fá þar fyrir hana sitt umsamda verð. Og í samkomulagi sex manna n. er samningum svo háttað, að bændum er tryggt ákveðið verð fyrir mjólkina, þegar hún kemur inn til vinnslustöðvanna hér í Reykjavík eða annarra vinnslustöðva í öðrum kaupstöðum landsins. Að neytandinn taki við

mjólkinni við stöðvarvegginn, er eðlilegt, vegna þess að hann á hagsmuna að gæta miklu fremur en bóndinn í sambandi við það, hversu vel tekst um vinnslu og dreifingu mjólkurinnar. Það skiptir bændur ekki svo geysimiklu máli, hvort dreifingarkostnaðurinn á mjólkinni er einum eða tveim aurum minni á lítrann. Þó er það hagkvæmt bændum, að hann sé sem minnstur, því að það þýðir meiri sölu. En það getur verið stórmál fyrir neytendur, að dreifingarkostnaðurinn sé sem allra minnstur. Það skiptir bændur ekki heldur svo geysimiklu máli, hvernig til tekst um vinnslu mjólkur. Það er þeirra hagsmunamál að vísu, því að eftir því sem hún tekst betur, eftir því er meiri trygging fyrir góðri sölu. En það er stórmál fyrir neytendur, að vinnslan fari vel úr hendi.

Það er því þrennt, sem miðað er að í þessu frv. með því að heimila, að kauptúnin taki dreifingu og vinnslu mjólkurinnar í sínar hendur, — í fyrsta lagi, að fá sem bezta vöru, í öðru lagi að fá sem greiðasta og eðlilegasta dreifingu á henni og í þriðja lagi að fá sem minnstan milliliðakostnað eða dreifingarkostnað, að mögulegt er. — Um öll þessi atriði hafa neytendur geysimikilla hagsmuna að gæta, bændur að vísu nokkurra, en þó minni. Ég hygg, að sá, sem mestra hagsmunanna á að gæta, muni gæta þeirra bezt, og það er í þessu tilfelli neytandinn. Það hefur komið fram hér, að með þessu væri verið að reyna að svipta bændur einhverjum rétti. En mér hefur ekki verið það ljóst af umr., hvaða réttur það er. Hver er krafa bóndans önnur en sú að fá ákveðið verð fyrir mjólkina? Getur bóndinn farið að óska þess að reka mjólkurstöð sem gróðafyrirtæki út af fyrir sig? Ef hann óskar þess, þá eru þær óskir óréttlátar. Hans krafa og óskir eru ákveðið verð fyrir vöruna eins og hún er afhent. En hitt er óréttlátt, ef hann ætlar að gera vinnslustöðina og fyrirkomulagið að einhverju leyti að gróðafyrirtæki út af fyrir sig.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara lengra út í þessar umr. Vel má vera, að sá háttur verði hafður á um þetta mál, eins og hefur reynzt vera hafður um frv. um bráðabirgðaafnám á valdi verðlagsn. og kjötverðlagsn., að hafa miklar umr. við 1. umr. málsins, sem þó er óeðlilegt. Það er eðlilegast, að slíkar umr. séu geymdar til 2. umr., þangað til málið hefur verið athugað í n., og er það þingvenja. Ég mun þó ekkert hafa á móti því, að umr. hefjist nú um þetta frv., ef óskað er, og mun þá koma með frekari rök máli mínu til stuðnings, sem ég sé ekki ástæðu til að fara inn á á þessu stigi.

Legg ég svo til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. (SigfS), 1. flm. þessa frv., lét svo um mælt, að það væri ekki óeðlilegt, að umr. um mál væru litlar á fyrsta stigi þeirra. Ég get út af fyrir sig vel skilið, að þennan hv. þm. langi ekki svo ákaflega mikið til að ræða þetta mál, sem hann hefur flutt hér, ýtarlega. En hann verður að gera sér grein fyrir því, að hér er um svo algert og sérstætt nýmæli að ræða í löggjöfinni, að óviðeigandi og óhugsandi er annað en kryfja það nokkuð til mergjar þegar við 1. umr. Annað væri ósæmilegt.

Ég fullyrði, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er algert eins dæmi að fleira en einu leyti. Ég fullyrði, að í þessu frv. er í fyrsta skipti á hæstv. Alþ. Íslendinga lagt til, að framleiðslutæki séu tekin af heilli stétt framleiðenda í landinu, þ. e. a. s. bændum, og þau lögð undir aðra aðila, og að afurðir þessarar stéttar séu teknar ekki fullunnar úr höndum hennar og fjallað um þær þar á eftir af öðrum aðila.

Í þessu frv. er margt nýstárlegt. En meginatriði málsins virðast mér vera þrjú. Í fyrsta lagi á að taka mjólkursöluna og mjólkurvinnsluna og gerilsneyðinguna sömuleiðis úr höndum bænda og leggja þetta í hendur bæjarfélaga og sveitarfélaga, ef þau óska þess að hafa þetta með höndum. Í öðru lagi er lagt til, að verðlagning á þessum vörum sé í höndum n., þar sem hæstiréttur skipar oddamann, m. ö. o., að það verði til frambúðar dómstólamál, hvert verðlag verður á þessum landbúnaðarvörum. Í þriðja lagi er í frv. lagt til, að eignir mjólkursamsölu, sem starfandi kann að vera í mjólkursöluumdæmi, skuli vera af því teknar og lagðar undir viðkomandi bæjarstjórnir og það ekki gegn fullu endurgjaldi, eins og ég hygg, að alltaf hafi áður verið gert ráð fyrir, þegar um eignarnám hefur verið að ræða. Þetta mun vera í fyrsta skipti, að lagt er til á hæstv. Alþ., að eignir séu teknar, — ekki af einstaklingum, heldur heilli stétt, — án þess að fullt gjald komi fyrir.

Ég ætla fyrst að fara nokkrum orðum um fyrsta atriðið, að taka afurðirnar úr höndum bænda, áður en þær eru fullunnar, og afhenda þær bæjarstjórnum og sveitarstjórnum í kauptúnum til meðferðar úr því. Ég hygg, að flestum hv. þm. sé það ljóst, að bændastéttin í landinu stendur framar um félagsframkvæmdir en nokkur önnur stétt í landinu. Ég held, að það sé ekki ofsagt, að bændastéttin hafi með samtökum sínum í verzlun og framleiðslu orkað því að færa stéttina úr örbirgð til bjargálna. Þetta hefur áunnizt meðal annars með aukinni ræktun, bættri meðferð afurða og samtökum um sölu á þeim.

Hér fyrir nokkrum árum var talað um, að löggjafarvaldið þyrfti að hafa hemil á verðlagi og afurðasölu landbúnaðarins. En ég man ekki, að nokkur rödd kæmi fram um það, að það væri óeðlilegt eða ósanngjarnt, að bændur hefðu afurðasöluna með höndum eftir sem áður. Ég man ekki, að það heyrðist nein rödd, sem taldi það annað en eðlilegt, að þeim afskiptum, sem hið opinbera hafði þá af sölu landbúnaðarafurða, skyldi hætt, undir eins og stofnanir bænda komu sér saman um að taka hana í sínar hendur. Ég man ekki, að það væri nokkur þá svo djarfur að vilja taka afurðir bænda, áður en þær voru fullunnar, og halda því fram, að þeir ættu ekkert að hafa með sölu þeirra að gera.

Nú er erfitt að halda því fram, að það sé meira hagsmunamál fyrir neytendur en framleiðendur, hversu tekst til með afurðasöluna,

enda þurfti ekki lengi að bíða til að sjá, hversu merkilega tækist til í því efni. Hv. 8. þm. Reykvíkinga, sem annars er skilmerkilegur maður, reyndi að færa rök fyrir því, að það væri svo miklu stærra atriði fyrir neytendur, hversu tækist til með vinnslu og dreifingu mjólkurinnar, að þess vegna væri sjálfsagt að afhenda neytendum þetta hvort tveggja. Það þarf ekki að benda á, hversu þunn þau rök eru. Það er stór neytandi í bæ, sem kaupir mjólkurafurðir frá einni kú. En bóndinn hefur frá 6 upp í 15 til 20 kýr. Hvort er það þá stærra atriði fyrir neytandann eða bóndann, hvort dreifingarkostnaður eða vinnslukostnaður er einum eyri hærri á lítrann? Þetta eru einu rökin, sem reynt hefur verið að koma með, og þetta er fullkomin firra, eins og allir sjá og ég hef áður bent á.

Það, sem ber að taka tillit til, er: Hverjir eiga meira í húfi? — Og það er augljóst mál, að bændurnir eiga meira í húfi, bæði um það, hversu það tekst að gera mjólkina vandaða í vinnslu og hversu ódýrt er unnt að gera það. Það er af því, að það eru hagsmunir bænda að auka söluna sem mest og að framleiðslukostnaðurinn geti verið sem lægstur.

Þetta er einfalt dæmi fyrir hvern, sem nennir að hugsa um það og vill hugsa um það með skynsemi. Afkoma landbúnaðarins er komin undir því, að hægt sé að auka neyzluna, og skilyrði það að framleiða hana á sem ódýrastan hátt og koma henni sem ódýrastri til neytenda, þannig að neytendurnir geti keypt hana. Þess vegna er augljóst mál, að salan á að vera í höndum þeirra, sem mest eiga undir því, hversu salan tekst.

Þá kem ég að öðru atriði, hversu tryggð er á rétt bændasamtakanna í þessu frv. Það er þannig frá því gengið, að ef t. d. bæjarfélag vildi taka vinnsluna í sínar hendur, þá hefðu bændur ekkert um það að fjalla. En hvar kæmi það verð niður, sem yrði að taka fyrir vinnsluna? Kæmi það bara neytendum við? Hver halda menn, að fengi ábatann ef hægt væri að lækka vinnslukostnaðinn frá því sem nú er? Hvort yrði það neytandinn eða bóndinn, sem hefði hagnaðinn, eftir að þessu skipulagi væri komið á? Ef þetta frv. yrði samþ., þá yrðu bændurnir eins og ánauðugir menn fyrir neytendum í kaupstöðunum, enda er það þetta, sem vakir fyrir flm. frv., og mun ég benda á það síðar í sambandi við grg. frv.

Ég vil leyfa mér að spá því, að ef svo færi, að frv. þetta yrði samþ., — sem verður ekki —, þá yrði niðurstaðan sú, að það yrði bóndinn, sem yrði látinn borga hækkun vinnslukostnaðar. Það mundi þá verða svo, að neytendum yrði sama um vinnslukostnaðinn. Hann yrði bara dreginn frá því, sem bóndinn ætti að fá.

Þeir, sem standa að þessu frv., segja ekkert um það, hvað bóndinn á undir því að gera dreifingarkostnað og vinnslukostnað sem minnstan. Ég kem að þessu atriði síðar í sambandi við tilgang frv.

Till. flm. er að oddamaður n. sé skipaður manni úr hæstarétti, en eins og nú er, er oddamaður frá landbn. Ég get bent á, að ef þetta yrði samþ., þá væri það orðið dómstólamál, hver skyldu kjör bænda. Þeir, sem standa að þessu frv., telja sig vera forvígismenn verkamanna. En ef flutt væri frv. á Alþ. um, að kaup verkamanna skyldi ákveðið af tveim mönnum frá vinnuveitendum, tveir frá Alþýðusambandi Íslands og einn frá hæstarétti, hvað mundu þeir segja? En þeir leyfa sér að flytja frv. hér þannig, að þegar um kaupgjald bænda er að ræða, þá finnst þeim ekkert athugavert við slíka till. Það þarf vissulega mikið blygðunarleysi til þess að leggja slíka till. fram.

Svo eru rökin. Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að þetta væri eðlilegt, því að það yrði að vera hlutlaus aðili, sem væri oddamaður. Þarf það þá ekki að vera hlutlaus aðili, sem ákveður kaupgjald verkamanna?

Þá ætla ég að víkja nokkuð að þeim ástæðum, sem flm. telja sig hafa til að flytja þetta frv. hér á Alþ. Það kom ekkert fram í ræðu hv. 8. þm. Reykv., hvers vegna nauðsynlegt væri að breyta fyrirkomulagi því, sem nú gildir. En það kemur meira fram í grg. frv., hvers vegna þeir vilja láta breyta því.

Fyrsta ástæðan, sem færð er fram fyrir því, að nú þurfi að gera breyt., er sú, að bændur hafi nú einir tekið við stjórn Mjólkursamsölunnar. M. ö. o., þar sem bændur hafa sýnt slíka ósvífni að koma sér saman um að selja eigin afurðir, þá þurfi að setja löggjöf um að taka þessi mál algerlega úr höndum þeirra.

Þegar mjólkurl. voru sett hér á sínum tíma, heyrðist ekki ein rödd um, að ekki væri sjálfsagt, að bændur hefðu stjórn sölu sinna afurða á hendi, ef þeir gætu komið sér saman um það. En nú er einn flokkur í þinginu, sem hefur tekið að sér að berjast fyrir því, að afurðirnar verði teknar hálfunnar af bændum og skuli það vera verk neytenda að taka við vinnslu þeirra, þar sem það sé svo miklu stærra atriði fyrir neytendur, hver kostnaðurinn verði. Í öðru lagi segja þeir, að nú hafi verðlagið verið ákveðið fast, kr. 1,23 fyrir lítra af mjólk til bænda, og sé það því ekki lengur neitt atriði fyrir bændur, hvað mikill dreifingar- og vinnslukostnaðurinn verði. Þegar hér er komið, segja þeir, er kominn nýr grundvöllur og þá eðlilegt, að neytendur taki við. Þetta á að vera nægileg ástæða, — að það hefur náðst samkomulag um, að bændur fái 1,23 kr. fyrir hvern lítra mjólkur.

En hvernig er þetta samkomulag, sem á að byggja á framtíðarskipulagningu mjólkurmálanna? Það er til eins árs og sett undir alveg óvenjulegum kringumstæðum, sem við vitum allir, að ekki getur staðizt til framtíðar. Það er sett undir þeim kringumstæðum, að í landinu gildir kaupgjald, sem getur ekki gilt til frambúðar. Það fer því svo fjarri, að framleiðendum sé tryggt, að þeir fái í framtíðinni fast verð fyrir mjólkina. Og það verður svo, að þegar til lengdar lætur, þá verða það markaðsskilyrðin í bæjunum, sem ákveða, hvað bændur geta fengið fyrir afurðir sínar.

Þetta er því tylliástæða. Samkomulagið er aðeins til bráðabirgða og getur aðeins verið til bráðabirgða. Það er ekkert fast framtíðarskipu-

lag. Hv. flutningsmenn hafa borið þetta samkomulag fyrir sig, en ég hef sýnt, að það er ekki hægt að byggja á því neitt framtíðarskipulag.

Eins og allir vita, var sett sex manna n., sem átti að finna hlutfallið milli kaupgjalds og afurðaverðs bænda, og það, sem hún ákvæði, átti að vera bindandi, ef hún kæmi sér saman. Og hún kom sér saman. Hún átti að finna, hvað bændur þyrftu að fá fyrir afurðir sínar, svo að það yrði hliðstætt við annað kaupgjald í landinu. Hún miðaði niðurstöður sínar við, hvað þeir þyrftu að fá fyrir alla framleiðslu sína, en ekki bara það, sem selt væri á innlendum markaði.

Ég fullyrði, að allir þeir, sem vilja á heiðarlegan hátt standa við það, sem gert var á Alþ. s. l. ár, hljóti að líta þannig á, að þá hafi Alþ. skuldbundið sig til þess, að þetta verð fengist fyrir vöruna. En það einkennilega skeður einmitt í sambandi við þetta mál, að Sósfl., — sem að vísu átti ekki fulltrúa í n., en Alþýðusamb. Ísl. átti fulltrúa í n., sem var sósíalisti og stóð í sambandi við flokkinn, — hann sker fyrst upp úr um það, að ekki komi til mála að greiða uppbætur á útflutningsverð til bænda, en vill binda bændur við fast verð innanlands, sem byggt sé á því, sem fáist fyrir útfluttar afurðir. Síðan ætlar hann að svíkjast undan því að vinna að því, að þetta verð fáist á innlendum markaði.

Nú skyldu menn ætla, að komið væri nóg í bili af hálfu sósíalista, en svo er ekki. Nú kemur í ljós að sósíalistar láta fulltrúa sinn í sex manna n. samþ. á pappírnum það, sem þeir ætla svo að svíkja í framkvæmdinni, til þess að fá grundvöll undir aðra kröfu, — að þar sem búið sé að ákveða fast verð til bænda, þá megi taka af þeim framleiðslutækin, því að nú komi þeim ekki lengur við, hvaða verði varan sé seld.

Svona hafa verið heilindi þeirra í sambandi við starf sex manna n.

Þá kem ég að þriðju ástæðunni, sem fleygt er fram í grg. frv. fyrir því, að frv. sé fram komið, og hún sýnir betur en nokkuð annað, hvernig flm. er innanbrjósts, og skal ég lesa þau orð, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir: „Gildandi lög um mjólkursölu hafa tryggt Framsfl. einræðisvald í mjólkursölumálunum. Í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem Framsfl. er fylgislaus, er hann einráður um allt fyrirkomulag mjólkursölunnar, verð mjólkurinnar og allt annað, er að því lýtur".

Hér mun sem sagt komið að kjarna málsins. Nú er það fyrst að segja, að Framsfl. sem slíkur hefur engin ráð á mjólkursölumálum Reykjavíkur. Hitt er annað mál, að sumir bændur hafa gerzt svo djarfir að vera framsóknarmenn, sumir af þeim fulltrúum, sem bændur hafa kosið til að hafa þessi mál með höndum, eru framsóknarmenn. En takið eftir, — flm. segja, að það sé óþolandi, að Framsfl., sem sé fylgislaus í Reykjavík og Hafnarfirði, skuli vera þar einráður um allt fyrirkomulag mjólkursölunnar. — M. ö. o., af því að bændum hefur ekki þóknazt að fylgja þeim flokkum að málum, sem eiga meginfylgi sitt í Hafnarfirði, þá skuli þeir ekki hafa leyfi til þess að hafa mjólkursöluna í þessum bæjum. En ef þeir hefðu verið svo vitrir að fylgja Sósfl. eða Sjálfstfl., — þá hefði ekkert verið athugavert við það. En af því þeir hafa falið Framsfl. umboð sitt, þá er sjálfsagt að taka af þeim mjólkursöluna. Þannig er hugsunarháttur þeirra, sem að frv. standa, og svo tala þeir fagurlega um það, eins og hv. 8. þm. Reykv., að athuga verði nú gaumgæfilega, hvað bezt muni vera að gera í þessum málum. En stillinguna vantar til að halda hinum raunverulega tilgangi leyndum, svo að þegar kemur aftur á 2. bls. í grg., kemur skýrt í ljós, að hér er á ferðinni opinber pólitísk ofsókn á hendur bændastéttinni, af því að hún hefur gerzt svo djörf að taka þessi mál í sínar hendur og felur sósíalistum hvergi að fara með mál sín, eins og ég gat um áðan. Hér segir orðrétt í grg. fyrir þessu frv.:

„Með samkomulagi vísitölunefndar landbúnaðarins er stigið skref til að afnema ófriðarástandið milli framleiðenda í sveit og neytenda. Ef það samkomulag á að koma að notum, þarf að svipta Framsfl. því tæki, sem hann hefur öðrum fremur notað til að skapa þá úlfúð, sem vísitölunefnd átti að eyða, en það eru mjólkursölumál bæjanna".

M. ö. o. kemur það fram æ ofan í æ í grg., að málið er fyrst og fremst pólitísk ofsókn á hendur bændum, af því að þeir hafa ekki skoðanir flutningsmanna. En út af samkomulagi vísitölun., sem svo tíðrætt hefur orðið um bæði í grg. og framsöguræðu hv. 8. þm. Reykv., vil ég segja nokkur orð. Flm. hafa þá gert sitt til eða hitt þó heldur að halda þetta samkomulag. Í fyrsta lagi hefur þetta aðeins orðið að samkomulagi í orði, ef farið væri eftir þeirra skilningi, þar sem þeir hafa aðeins viljað láta það ná til innanlandsmarkaðsins, en þegar tryggja átti útflutningsuppbætur, þá notuðu þeir tækifærið til að ráðast heiftarlega á bændur í blaði sínu.

Næsta skrefið, sem þeir hafa svo stigið til samkomulags framleiðenda og neytenda, er þetta frv., sem gerir ráð fyrir að taka afurðir bænda, áður en þær eru framleiddar, og afhenda þær bæjarstjórnum. Og þeir eru svo blygðunarlausir, að það er sagt berum orðum, að þetta sé gert í því skyni, að fylgislaus flokkur í bæjunum hafi ekki umráð yfir þessum málum. M. ö. o. af því að bændur eru svo djarfir að vera í öðrum flokki en íbúar þessara bæja, þá á að ræna þá rétti sínum með lagasamþykkt.

Þetta er það samkomulag, sem sósíalistar beita sér fyrir. Þetta er þó aðeins byrjunin. Í eðlilegu framhaldi af þessu gæti hv. 8. þm. Reykv. flutt þá kenningu, að bændur létu dilkana af hendi, áður en þeim væri slátrað, og þá væntanlega á fæti, að bærinn tækju að sér rekstur frystihúsa og sláturhúsa, eða hver veit, hvar þeir mundu stöðva sig, ef litið væri við þessari ósvífni. Það er vitað, að eitthvað þessu líkt mundi koma á eftir. Og til þess að sýna jesúítaháttinn í þessu öllu saman er blandað inn í grg. fögrum orðum um, að heilsa barnanna sé í veði, ef ekki sé að gert.

Í 6. gr. er svo ákveðið, að þeim, sem sérleyfi hafa til sölu mjólkur, skuli skylt að sjá um, að ávallt sé nóg fyrir hendi af henni til sölu.

Það er m. ö. o. sama, hvaða verð hæstarétti þóknaðist að setja á mjólkina eða hvaða sleifarlag sem væri á mjólkursölunni hjá bæjarstjórnum, bændum væri í öllum tilfellum skylt að afhenda nýmjólkina. Ég hefði gaman að sjá, að þetta væri alltaf framkvæmanlegt. Í fyrsta lagi gæti oft reynzt ómögulegt að fullnægja þessum kröfum af óviðráðanlegum orsökum, og gætu legið til þess ýmsar ástæður. Í öðru lagi yrði sennilega búið þannig að bændum, að áhugi þeirra á framleiðslunni dofnaði og framleiðslan drægist saman, þar eð réttur þeirra væri fyrir borð borinn.

Ég geri nú ráð fyrir, að aðrir geri ýmsum atriðum í þessu frv. nánari skil. Ég mun því ekki fjölyrða um það sjálft að sinni. En það eru nokkur atriði í sambandi við það, sem ég vildi aðeins drepa á.

Hér er þá komið fram frv. um að taka mjólkurstöðvarnar af bændasamtökunum. Aftur á móti bólar ekki neitt á sams konar till. í öðrum efnum, sem sósíalistar hafa þótzt ætla að flytja, t. d. viðvíkjandi annarri verzlun, að bæjarstjórnir taki hana í sínar hendur, — eða þá iðnaðurinn, að hann væri rekinn á þann hátt, að hagsmuna neytenda væri gætt sem bezt. Ég hef ekki heldur séð, að þeir legðu til, að tæki og áhöld kaupmanna væru tekin af þeim „með skuldum, sem á þeim kunna að hvíla og án annars endurgjalds", eins og svo meistaralega er að orði komizt í grg. Nei, — það er mest aðkallandi að taka framleiðslutæki bænda og gera þeim þessi skil.

Það er full ástæða til að gera sér grein fyrir, hvað vakir fyrir þessum mönnum. Það er ekki málefnaáhugi, það hlýtur önnur hvöt að vera hér á bak við. Ég fyrir mitt leyti hlýt að álykta, að annað geti ekki ráðið framkomu þeirra gagnvart bændum en þeir vilji flytja mál, sem koma í veg fyrir samkomulag milli verkamanna og bænda, meðan verkalýðurinn fær þeim forustuna, í stað þess að stefna að því, að þessar fjölmennu stéttir geti komið sér saman. Ég sé enga aðra skýringu á framferði þeirra. Og þetta er í sjálfu sér ekkert einkennilegt frá sjónarmiði þeirra, er vilja láta allt draslast og undirbúa jarðveginn fyrir byltingu. Frá sjónarmiði þeirra, er vilja ekki umbætur, er rétt að stía sundur stéttum. Við könnumst við þessar aðferðir, t. d. hegðun þeirra gagnvart stj. á árunum 1934—1937. Ég minnist mjólkurverkfallsins frá þeim tíma og hvernig kommúnistar sameinuðust þá sjálfstæðisverkamönnum til þess að reyna að fá verklýðssamtökin á móti stj. Þeim tókst þetta, og síðan hafa þeir leikið þetta hlutverk. Nú hafa þeir ætlað að vera klókir og láta fulltrúa sinn í sex manna n. verða með í samkomulaginu, en ráðast síðan á bændur á tvennum vígstöðvum, — í fyrsta lagi með því að leggja þann skilning í samkomulagið, að það næði aðeins til innanlandsmarkaðsins, og í öðru lagi með þessu frv., sem mun vera eins dæmi í þingsögunni. (**SigfS:** Síðan 1917. Hæstv. forseti þessarar d. flutti þá frv. sama efnis). Þetta er aðeins til að ala á óvild. Sósíalistar eru orðnir vonlausir um, að bændur aðhyllist stefnu þeirra, og þá er sjálfsagt að taka af bændum ráðin með l., ráðin um þeirra eigin mál.

Umr. frestað.

Á 24. og 25. fundi í Nd., 29. og 30. sept., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 5. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Emil Jónsson: Herra forseti. Þegar flm. þessa máls reifaði það nú fyrir nokkrum dögum, þá lét hann þess getið, að hann vænti þess, að um það yrðu ekki miklar umr. á þessu stigi þess, þ. e. við 1. umr. málsins. Og mig minnir, að hann óskaði eftir því, að svo yrði, að það yrði látið ganga til n. sem fyrst og aðalumr. um málið teknar upp síðar. Ég hefði viljað geta orðið við þessum tilmælum hv. flm., sérstaklega vegna þess, að ég hafði búizt við að fá þetta mál í landbn., og þá hefði mér gefizt kostur á að athuga það þar. En í lok máls síns lagði hv. flm. til, að því yrði vísað til allshn. og það athugað þar, þótt ég geti ekki séð, hvaða rök liggja til þess, að þessu máli verði vísað til þeirrar n. En það var m. a. ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs til þess að segja um málið nokkur orð og jafnframt beina nokkrum spurningum til hv. flm. Sömuleiðis gaf hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) tilefni til þess í sinni ræðu, að málið yrði nokkuð rætt, áður en því væri vísað til n.

Það er ekki hægt að taka þetta frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, til rækilegrar athugunar án þess að koma að meira eða minna leyti inn á skipulag mjólkursölumálanna hér í bænum og inn á þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið frá því fyrsta í því máli.

Það fyrsta, sem gerist í þessu máli, a. m. k. svo að nokkru máli skipti, var gert 1934, þegar mjólkurl. voru samþ. og gerbreytt var söluskipulaginu í þeim málum. Þá var fyrst tekin upp sú nýja stefna að verðjafna nokkuð þessa vöru, þannig að þeir, sem betri aðstöðu hefðu til þess að framleiða og selja á markaðinum fyrir þessa vöru, yrðu að láta af hendi nokkuð af því, sem þeir fengju fyrir þessa vöru, til hinna, sem lengra voru í burtu og verri höfðu aðstöðuna til að nota mjólkurmarkaðinn. Þetta var eitt höfuðatriðið í l. sem samþ. voru um þetta mál 1934.

Alþfl. gekk með til þeirrar lagasetningar, og var það bæði vegna þess, að hann taldi þetta réttlætismál innan réttra og skynsamlegra takmarka, og líka vegna þess, að með setningu þessara l. átti að bæta úr ýmsum örðugleikum, sem á mjólkursölunni voru. Það átti að tryggja, að neytendur fengju ódýrari mjólk, að þeir fengju betri mjólk, og einnig, að þeir fengju næga mjólk. Því var þá haldið fram — og með allmiklum rétti —, að mjólkurdreifingarfyrirkomulagið væri ekki með þeim hætti, sem bezt yrði á kosið, þannig að með því fyrirkomulagi

yrði dreifingarkostnaðurinn allmiklu meiri en hann þyrfti að vera. Og þá var gengið út frá því af þeim aðilum, sem að málinu stóðu, að það, sem kynni að vinnast með bættum aðferðum, yrði jöfnum höndum látið verða neytendum og framleiðendum til hagsbóta.

Þegar l. voru sett, var gengið út frá því, að hver eyrir, sem græddist, skyldi látinn renna að hálfu til bænda og að hálfu til neytenda. Einnig skyldi stefnt að því að hafa framleiðslusvæðið svo stórt, að tryggt væri, að enginn hörgull á mjólk yrði í bæjunum. Og í þriðja lagi skyldi gengið svo frá málum, að öruggt væri, að mjólkin gæti talizt ný og góð vara, þegar neytandinn fengi hana.

Ég minnist á þetta vegna þess, að mér þykir ástæða til að taka til athugunar, hvernig rætzt hafa þær vonir, sem menn bundu við þetta skipulag, þegar það var upp tekið. Verður þá að spyrja:

Hefur mjólkin batnað, er framleiðslan fullnægjandi, og hefur verðið lækkað? Þetta voru þau atriði, sem átti að tryggja með skipulagningunni. Er því full ástæða til að gera sér grein fyrir því, hvort þetta hefur tekizt og mönnum orðið að von sinni.

Ég held, að þessum spurningum öllum sé fljótsvarað. Því miður verður að svara þeim öllum á einn veg. Ekkert af þessu hefur tekizt.

Mjólkurframleiðslan er of lítil, varan er hvergi nærri góð, og auk þess er hún svo dýr, að engu tali tekur. Árangurinn hefur því orðið gagnstæður við það, sem til var ætlazt. Ástandið í mjólkurmálum bæjarins er nú þannig, að fólk verður að bíða í röðum framan við mjólkurbúðirnar til þess að geta fengið mjólkurpela, og gæðin eru þannig, að þegar börnin koma heim úr sveitinni, geta þau varla komið þessari mjólk niður.

Mér þykir leitt að þurfa að viðurkenna þetta, því ég er einn af þeim, sem gerðu sér vonir um, að þetta skipulag mundi bera sæmilegan árangur.

Ástæðurnar til þess, að þetta hefur farið svona, eru margar, og mun ég víkja að því síðar. En það er staðreynd, að það, sem átti að ná með þessum l. og við Alþýðuflokksmenn bjuggumst við, hefur ekki náðzt.

Nú er komið fram frv. frá hv. 8. þm. Reykv., þar sem farið er fram á nokkrar breyt. þessara mjólkursölulaga. Aðalbreyt., sem þar er gert ráð fyrir, er sú, að bæjunum verði veitt heimild til að taka í sínar hendur mjólkursöluna, og auk þess er þar gert ráð fyrir ýmsum minni háttar breyt.

Hið fyrsta, sem menn hljóta að spyrja um í sambandi við þessar brtt. hv. 8. þm. Reykv. og þeirra annarra, sem standa að frv. með honum, er því það, hvort líkur séu til, að með þessu náist betri árangur en með núgildandi l., eða von um, að með slíkri breyt. fáist betri, meiri og ódýrari framleiðsla. Ef frv. leysir ekki úr neinu af þessum vandamálum, tel ég ekkert unnið með því. En geri það þetta hins vegar, á það fullan rétt á því, að það sé tekið til athugunar.

Reykjavík og Hafnarfjörður eða neytendasvæðið vestan heiðar er orðið svo stórt, að það þarfnast gífurlegs mjólkurmagns, meira magns en svo, að hugsanlegt sé, að það verði framleitt á litlu svæði. Áður fyrr, meðan Reykjavík var helmingi minni bær en nú og mjólkurneyzlan ekki ýkjamikil á hvern mann, var hægt að bjargast við þá mjólk, sem framleidd var í nágrenni bæjarins. Þetta var nauðsyn, vegna þess að vetrarferðir austur um fjall þekktust þá ekki. Þá, fyrir 25 árum, kom fram frv. á Alþ., sem Alþfl. stóð að, þess efnis, að bærinn tæki að sér að annast mjólkursöluna. Þetta frv. miðaðist ekki við það stórkostlega mjólkurmagn, sem bærinn þarfnast nú, heldur aðstæður, sem þá voru fyrir hendi.

Athugum nú fyrrnefnd atriði í sambandi við frv. það, sem hér er til umræðu. Getur það hugsazt, að með samþykkt þess yrði mjólkurmagn aukið, svo að tryggt væri? Ég get ekki séð það. Eru þá líkur til, að með þessum ráðstöfunum yrði unnt að lækka mjólkurverðið? Það má vera, að þetta yrði hægt að óbreyttu ástandi, en ef lögleitt verður annað frv. um mjólkursölu, sem hér er á döfinni og hv. landbn. mælir með, um að tryggja viðskiptaráði íhlutunarrétt um verðlag mjólkur, sýnist mér, að örugglega sé gengið frá þessu atriði. Því eru ekki líkur til, að með þessu frv. vinnist neitt að ráði um lækkun mjólkurverðs.

Þá er þriðja atriðið, hvort þetta frv. mundi verða til þess að auka gæði mjólkurinnar. Ég sé ekki, að með þessu frv. sé gert ráð fyrir neinum ráðstöfunum í því skyni að bæta vöruna umfram það, sem nú er gert. Ófremdarástandið í því efni stafar að mínu viti fyrst og fremst af tvennu, en það skal raunar játað, að ég er ekki nema leikmaður á þessu sviði. Mér skilst það stafa fyrst og fremst af því, að sameinuð er ný og gömul mjólk, þannig að þegar mjólkin kemur til vinnslustöðvarinnar, er hún ekki í því ástandi, sem vera þarf, til þess að góður árangur náist. Hin ástæðan er sú, að vélar mjólkursamsölunnar eru ekki nógu góðar. Þetta tvennt þarf að laga. Það er ekki nóg að flytja mjólk til bæjarins frá fjarlægustu stöðum til þess eins að tryggja nægilegt mjólkurmagn, heldur verður einnig að tryggja, að hún sé ekki orðin of gömul og skemmd, þegar hún kemur til mjólkurstöðvanna.

Ég sé því ekki, að í frv. hv. 8. þm. Reykv. og meðflm. hans felist nein veruleg trygging fyrir því, að bætt verði úr þessum annmörkum. Til þess þarf meiri og víðtækari ráðstafanir.

Ég skal að vísu játa, að skapazt hefur nýtt viðhorf, þar sem ákveðið hefur verið, að bændur skuli fá fast verð fyrir vöru sína, og verður ekki komizt hjá að minnast á það fáum orðum, því að verð mjólkurinnar er mikilsverður hlutur í þessu sambandi og hlýtur að hafa úrslitaáhrif á það, hve mikið er framleitt, og eins hitt, hve mikið hver einstaklingur í bæjunum getur keypt til neyzlu. Einnig gefur að skilja, að áhugi bænda á að halda dreifingarkostnaðinum niðri hlýtur að minnka, þegar þeim er ákveðið fast verð, hver sem þessi kostnaður verður.

Sex manna n., sem skilaði áliti sínu nú fyrir

nokkru, komst að þeirri niðurstöðu, að bændur eigi að fá fyrir mjólkina fast verð, sem nemur kr. 1.23 á lítrann á vinnslustað, og það skuli þeir fá, hvað sem öllu öðru líður, hversu mikið sem fer í vinnslu af mjólkinni og hve mikill sem dreifingarkostnaðurinn verður.

Mér er ráðgáta, hvernig þessi tala er fengin.

Í dýrtíðarl., sem samþ. voru á síðasta þ., var gengið út frá því, að n. ætti að finna framleiðslukostnaðarvísitölu landbúnaðarafurða, eða þannig skildi ég lögin, og með því fororði var ég þeim fylgjandi. En í stað þess að finna framleiðslukostnaðarvísitöluna virðist mér n. helzt hafa lagt stund á að finna aðrar tölur, sem sé heildartekjur meðalbónda, og það, hvernig ætti að tryggja honum þær. Mér finnst því hv. n. hafa farið út fyrir það svið, sem henni var markað af Alþ.

Ég leit yfir nál., þegar það birtist í blöðunum, og átti erfitt með að glöggva mig á því. Síðan hef ég fengið eitt af eintökum þeim, sem útbýtt var hér á Alþ., en á því virtist mér ekki heldur neitt að græða umfram það, sem í blöðunum birtist. En vilji maður gera sér grein fyrir vinnubrögðum þessarar n., hefur maður engin önnur gögn um þetta mál.

Í nál. þessu er ekki minnzt á ýmis þau atriði, sem ég tel miklu máli skipta. Ef það er athugað, þá sést, að þar hefur verið lagt til grundvallar ákveðið safn búreikninga frá undanförnum árum. Þeir eru raunar ekki nema tæplega 40 talsins, en bændabýli á landinu eru hins vegar eitthvað nálægt 6000 að tölu. Má geta nærri, hvílík nákvæmni fæst með því að taka aðeins þessi fáu sveitabýli til greina. Auðvitað geta þau ekki gefið neina sanna heildarmynd af búskap á ýmsum stöðum landsins við ólíkustu skilyrði. Þetta er ekki nema rúmur ½ hundraðshluti af öllum bændabýlum landsins, og svo er þetta lagt til grundvallar útreikningi á heildarframleiðslukostnaði allra bænda landsins.

Þegar svo reikningarnir sjálfir eru athugaðir, kemur í ljós, að af öllum útgjöldum þessa meðalbús eru um 90% — eða nánar tiltekið 88% — vinnulaun. Allur annar kostnaður búsins er talinn nema 12%. Það veltur því á tiltölulega litlu, hvernig þessi kostnaður er ákveðinn í samanburði við vinnulaunin. Vinnulaunin eru aðalatriðið, sem niðurstöðurnar mótar. Þó er einn liður, sem ég ætla að nefna, sem er ekki vinnulaun, sem sé vaxtakostnaðurinn, 900 kr., sem er talinn til útgjalda bænda. En ég hef fyllstu ástæðu til að ætla, að skuldir þessa meðalbús séu nú svo litlar, að það þurfi litla eða enga vexti af þeim að greiða og alls ekki 900 kr. Ég gæti sannað þetta út frá öðrum atriðum búreikninganna. Verða því þessar 900 kr. í raun réttri einnig að færast búinu tekjumegin.

Þetta er nú stærsti liðurinn í gjaldahlið búsins, þegar vinnulaun eru frátalin, og sýnir þetta, hversu árciðanlegar þessar niðurstöður muni vera.

88% af framleiðslukostnaði búsins eru talin vinnulaun, sem skiptast í tvo hluta, annars vegar aðkeypta vinnu og hins vegar vinnu bóndans. Ég er ekki kunnugur víða um land, en ég held, að ég sé þó svo kunnugur, að ég megi fullyrða, að þau séu fá búin af þessari stærð, sem keypt hafa vinnu fyrir 12000 kr. á ári að undanförnu. Kunnugir segja mér, að tölur þær, sem n. hefur reiknað með, séu miklu hærri en þeir þekkja til.

Þó að gefið sé upp í nál., að vinnutími karla sé talinn 40 vikur, kvenna 37 vikur og unglinga verulegur hluti ársins, þá felst lítil vitneskja í því um heildarupphæð greiddra vinnulauna. Ég hef rökstudda ástæðu til að ætla, að nokkuð af þeirri vinnu, sem talin er aðkeypt vinna, sé framkvæmd af venzlamönnum bóndans, og kemur það fram síðar í álitinu, en greiðslur til vandamanna er erfitt að meta. Annars verð ég að benda á það, að kaup vandamanna fjölskyldunnar er venjulega í kaupstöðum talið með tekjum búsins.

Mér þætti ekki ósennilegt, að áætlun um upphæð greiddra vinnulauna væri helmingi of há, þó að ég geti ekki sannað það á þessu stigi málsins, þar sem gögn öll eru svo ófullkomin.

Þá ætla ég að minnast örlítið á hinn kaupgjaldsliðinn, kaup bóndans.

Það er fundið þannig, að tekið er meðaltal af tekjum verkamanna, sjómanna og faglærðra iðnaðarmanna í Reykjavík og nokkrum öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Ég veit raunar ekki, hvernig á því stendur, að faglærðir iðnaðarmenn eru teknir með. Mér skilst það mjög hæpin túlkun á fyrirmælum dýrtíðarl. En hvernig er farið að?

Þegar búið er að finna meðaltekjur þessara manna, er deilt í þá tölu með meðalvísitölu ársins 1942, sem er rúmlega 205, og síðan margfaldað með meðalvísitölunni fyrir tímabilið frá 1. sept. 1942 til 1. ág. 1943, enda þótt sannanlegt sé, að ýmsir atvinnuflokkar hafa ekki fengið tekjur sínar hækkaðar í samræmi við vísitöluna.

Sú tala, sem þannig fæst, hlýtur að vera villandi. Það nær t. d. engri átt að taka hlut sjómanna og margfalda hann með vísitölunni á sama tíma og fiskverðið hefur verið bundið. Þegar búið var að deila tekjum ársins 1942 og margfalda síðan, eins og áður er sagt, hefur fengizt áætluð tekjuupphæð, 15.500 kr., sem átti að vera meðaltekjur þessara atvinnustétta. En það er engin furða, þó að talan hækki úr hófi fram, þegar tekjur sjómanna eru teknar með og margfaldaðar með vísitöluhækkunum, sem þeir hafa aldrei fengið.

Þegar búið er að finna þetta meðaltal, er enn haldið áfram og frá þessari upphæð, þessum 15.500,00 kr., sem n. taldi, að væri meðaltal tekna fyrir þetta tímabil, dregin nokkur upphæð, sem talin er samsvara því, sem bóndinn hefur auðveldari aðstöðu til að afla sér ýmissa lífsnauðsynja en verkamenn í bæjunum.

Þessi hlunnindi hafa verið metin á 2000 kr. Ég skal ekkert um það segja, hversu rétt það mat er, en skal aðeins leyfa mér að benda á, að í þessari upphæð, kr. 2000.00, er annar tekjuliður bóndans falinn, þ. e. tekjur hans af vinnu utan heimilis.

Í búreikningum frá árinu 1939, sem ég hef

farið gegnum, eru tekjur af vinnu utan heimilis taldar um þriðjungur af áætluðu kaupi bóndans. En nú bregður svo við, að tekjur bóndans af vinnu utan heimilis — auk þeirra hlunninda, sem ég gat um, eru metnar á einar 2000 kr., samtímis því sem heildartekjur eru áætlaðar 14500 kr.

Þá er samtals búið að koma þessum áætluðu meðaltekjum af búinu upp í 13.500 kr. — Þegar hér er komið, finnst bændafulltrúunum þó ekki nóg komið, heldur er þá þess krafizt, að bætt sé við 1000 kr. vegna sunnudagavinnu bænda.

Ég vil nú spyrja, hvort tillit hafi verið tekið til nætur- og helgidagavinnu sjómanna við útreikning meðalteknanna, en það er vitað, að sjómennirnir verða allra manna mest að vinna, á hvaða tímum sem er, sunnudögum jafnt og aðra daga og um nætur jafnt og daga.

Niðurstaðan, sem sex manna n. kemst að, verður því sú, að bóndinn þurfi 14500 kr. í árslaun, en það er fjórtánföld sú upphæð, sem bóndanum var reiknað í kaup eftir búreikningum frá 1939, en þar er bóndanum ætlaðar rúmlega 1000 kr. í kaup á ári auk nokkurrar viðbótar, sem konu og börnum er þar ætluð.

Ég skal ekkert segja um það, hvort það hefur verið réttmætt, en fyrr má nú rota en dauðrota að færa kaupið úr 1000 kr. upp í 14500 kr.

Ég skal svo ekki eyða miklu fleiri orðum að þessu, en ég efast ekki um, að sú upphæð, sem talið er, að bóndinn eigi að fá, mundi lækka um ¼, ef ekki ⅓, ef tekið væri tillit til alls þess, sem ég nú hef getið um, og þá er ég ekki viss um, að þyrfti mikið að verðbæta landbúnaðarvörurnar miðað við núverandi verð.

Þá kem ég að öðru atriði, og það eru verðbæturnar. Ríkisstj. hefur ákveðið, að landbúnaðarafurðir skuli ekki seldar með því verði, sem vísitölun. hefur ákveðið, heldur skuli það greitt niður með framlögum úr ríkissjóði.

Þá koma og verðbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Því hefur verið lýst yfir af form. Framsfl., að tvennir fjórtán alþm. hafi bundizt samtökum um að standa með niðurstöðum vísitölun. og tryggja bændum þær tekjur, sem þar eru áætlaðar, og skal ég leyfa mér að lesa upp greinarstúf úr „Degi", eftir J. J., með leyfi hæstv. forseta. Sú grein sannar þetta. Þar segir:

„Fjórtán framsóknarmenn og fjórtán sjálfstæðismenn á þingi hafa lýst yfir við ríkisstjórnina, að þeir ætli að standa með tillögum sex manna nefndarinnar og tryggja bændum landsins það verð fyrir afurðir sínar, að þeir séu ekki verr settir um afkomu nú í ár heldur en launastéttirnar".

Það er sagt, að þetta eigi að þýða, að tryggja eigi verðuppbætur á allar útfluttar landbúnaðarafurðir. Mér þætti fróðlegt að fá að vita, hvort ríkisstj. hefur borizt þetta umrædda skjal, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., en hann er nú einn viðstaddur af ráðherrunum, hvort ríkisstj. muni hafa borizt það.

Landbúnaðarvísitölun. hefur skoðað það sem sitt verkefni að athuga, hvað bændum þæri að fá í kaup í samræmi við aðrar stéttir landsins, og nú virðist eiga að tryggja þeim það kaup. Þetta er annar skilningur en lagður er í lögin, er þau voru sett.

Ég vil nú fá úr því skorið, hvað á að verða úr þessu.

Ég hef séð það í Þjóðviljanum, að hann tekur greinilega afstöðu á móti því, að útfluttar landbúnaðarafurðir verði verðbættar. En ef fulltrúi flokksins í n. — því að það má telja hann fulltrúa flokksins, þótt hann hafi ekki verið tilnefndur beint af flokknum, heldur Alþýðusambandinu, — hefur verið þessu samþykkur, þá er einkennilegt, að blað flokksins skuli vera á annarri skoðun.

Ég óska því eftir að fá upplýst opinberlega, hvort vísitölun. hefur ætlazt til þess, að bændum verði tryggt það verð fyrir vörur sínar, sem hún taldi, að þeir þyrftu að fá, og það án tillits til þess, hvort vörurnar verða fluttar út eða ekki.

Það var í upphafi gert að skilyrði fyrir því, að niðurstöður þær, sem vísitölun. kæmist að, yrðu bindandi sem samkomulag, að allir nm. yrðu sammála. Hafi n. nú einnig samið um þetta atriði, þá hlýtur fulltrúi sósíalista einnig að hafa verið því samþykkur, en mér skilst, að blað flokksins líti öðrum augum á það mál.

Það yrði of langt mál að tala um allar þær verðbætur, sem nú eru greiddar, en það er ein tegund verðbóta, sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á, en það eru verðbætur þær, sem eru greiddar á landbúnaðarafurðir, sem setuliðið kaupir og neytir hérlendis.

Það er vitað mál, að mjólkurskorturinn hér í bænum stafar mikið af því, að setuliðið kaupir mikla mjólk.

Samningarnir við setuliðið eru þannig gerðir — á sumum stöðum að minnsta kosti, — að því er tryggt visst og ákveðið magn af mjólk daglega, þannig að þegar mjólkurskortur verður, þá gengur það út yfir íslenzka borgara, en setuliðið missir einskis. Þessi mjólk er svo verðbætt eins og önnur mjólk, sem seld er hér út úr mjólkurstöðinni.

Ég veit ekki með vissu, hve mikla mjólk setuliðið kaupir hér, en ég veit, að það skiptir þúsundum lítra á dag.

Við neytendur erum látnir borga þessa mjólk ofan í setuliðið, en fáum ekki nægilega mjólk sjálfir.

Ég verð að segja, að annað eins og þetta er ekki hægt að kalla fyrirmyndarskipulag.

Ég ætla svo að víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. S.-M. Hann talaði um, að það væri verið að reyna að hneppa bændur í ánauð, að þeir væru gerðir að þrælum með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég kannast ekki við það. Ég hygg, að hafi verið um þrælatök að ræða í þessu máli, hafi þau fyrst og fremst komið fram í einhliða ráðstöfunum Framsfl. og því sé málunum nú komið í það óefni, sem raun ber vitni um.

Ég hef talað við fulltrúa neytenda í mjólkurverðlagsn., og þeir hafa sagt mér, að það hafi aldrei verið tekið nokkurt tillit til krafna þeirra í sambandi við verðákvarðanir. Verðið hefur

raunverulega verið ákveðið, áður en þeir komu á fundina, sem þeir voru aðeins kvaddir á vegna formsatriða, en ekki til þess að taka nokkurn þátt í störfum þar, vegna þess að þeir hafa ævinlega verið þar ofurliði bornir.

Verðið hefur verið einhliða ákveðið af Framsfl., sem hefur haft öll völdin í sínum höndum. Þetta eru þrælatökin, sem bændur hafa verið beittir! Nei, neytendur hafa alltaf verið látnir afskiptir um þessi mál og þeim ráðið til lykta með einhliða hagsmuni bænda fyrir augum þvert ofan í það samkomulag, sem upphaflega var gert.

En ég hef alltaf talið, að hér næðist ekki árangur, nema höfð væri samvinna um málið. Og það var vissulega á sinni tíð reynt að ná samvinnu.

Árið 1934 var með samþykkt afurðasölul. rétt fram höndin til þess að fá samvinnu, og ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég tók á mig margs konar óþægindi til þess að freista að ná góðum árangri. En það hefur aldrei verið nein samvinna. Á þessa útréttu hönd hefur alltaf verið slegið í undanfarin 9—10 ár. Þessi samvinnutilraun hefur mistekizt, en við það verður ekki unað öllu lengur, að málunum verði haldið í þessu horfi. Það hlýtur að draga til þess, að neytendur taka til sinna ráða, ef þessu á að halda áfram.

Framsóknarmenn hafa í orði kveðnu tilnefnt fulltrúa neytenda til þess að ákveða verðlagið, en þeir hafa þar engu ráðið. Þetta eru öll þrælatökin, sem bændur hafa verið beittir.

Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því, að bændur fái hátt kaup og hátt verð fyrir afurðir sínar, en er nokkurt vit í því, að fulltrúar neytenda fái engu að ráða um þessi mál. Það getur reyndar vel verið, að sumir fulltrúar launþega hugsi sem svo, að það geri ekkert til, þótt bændur fái hækkað verð fyrir afurðir sínar, því að við það hækki bara vísitalan og þá fái þeir sjálfir hækkað kaup. En þetta ber í sér hættu fyrir þjóðfélagið, hættu, sem sumir hafa ef til vill ekkert á móti, vegna þess að þeir vilja ekkert fremur en þá upplausn, sem af þessu leiðir.

En frá þessu sjónarmiði séð er það óhollt, að vísitalan hækki mikið.

Útvegurinn og aðrir atvinnuvegir geta ekki staðið undir því til lengdar, að bændum sé greitt fyrir smjörið kr. 21.00, þegar hægt er að fá það frá S.-Ameríku fyrir kr. 7.00 kg., og að kartöflur séu greiddar með kr. 1.00 kg., þegar það fæst í nálægum löndum fyrir kr. 0.30—0.40 kg. Það getur aldrei staðizt til lengdar, að afurðaverð hér sé miklu hærra en í löndunum í kringum okkur, því að söluverð aðalútflutningsvöru okkar ber ekki þann tilkostnað.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að hér ætti kæmu fram sjónarmið þeirra, sem vildu byltingu, en ekki eðlilega þróun. Ég verð nú að segja það, að ef það er nokkuð, sem framkallar byltingu, þá er það það ástand, sem flokkur hans og „hinir fjórtán" í Sjálfstfl. hafa skapað með hinni ósanngjörnu, einhliða misbeitingu meirihlutavalds síns. Það er hann sjálfur, sem hefur stýrt inn á þessa braut, þó að nokkru valdi hér einnig um þau lausatök, sem Alþ. hefur tekið á þessum málum og það hlýtur að taka, meðan það er svo ósamstætt, sem það nú er.

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það ber að skoða þetta frv. sem eðlilega „reaktion" af hálfu neytenda, en það er þannig byggt upp, að ég hygg, að lítið græðist á því, því miður. En Alþfl. mun síðar koma fram með sínar till., ef ekki tekst nú að ráða á viðunandi hátt fram úr þessum málum, nú mjög bráðlega.

Hv. flm. lagði til, að frv. yrði vísað til allshn., en ég tel, að landbn. eigi að fjalla um þetta mál, og það væri mjög æskilegt, að hún gæti fengið viðunandi úrlausn fyrir báða parta, neytendur og framleiðendur, því að ástandið er óþolandi miklu lengur.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Ég vil aðeins svara fyrirspurn hv. þm. Hafnf. um það, hvort ríkisstj. hefði borizt í hendur yfirlýsing hinna tvennu fjórtán, sem hann nefndi svo.

Ég vil taka það fram, að þessi yfirlýsing hefur ekki borizt í mínar hendur, og mér er ekki kunnugt um, að hún hafi borizt hinum ráðherrunum.

Annars vil ég fyrir mitt leyti ekki fara út í ræðu þessa hv. þm., en þar komu fram ýmis atriði, sem ég er ekki svo vel kunnugur, að ég vilji fara út í að ræða þau nú.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Áður en ég vík að málinu sjálfu, vil ég rétt aðeins fara nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Hafnf. Þegar ég hlustaði á ræðu þessa hv. þm., duttu mér í hug niðurlagsorð á erindi eftir eitt af skáldum okkar, en þau hljóða svo:

„Síðan allri ævi eytt
að gera það að engu".

Það eru tvö mál, sem þessi hv. þm. hefur staðið að, af alhuga, en það eru skipulag mjólkursölunnar og skipun sex manna n. s. l. vor, en nú fordæmir hann þetta hvort tveggja. Það er um skipulag mjólkursölunnar að segja, að það hefur náðst árangur á öllum þeim sviðum, sem hann taldi fram, og ég tel bezt að sýna þennan árangur með örfáum tölum.

Hann sagði, að aðaltilgangurinn með stofnun Mjólkursamsölunnar 1934 hefði verið sá að tryggja nægilega mjólk í bæinn, en hann gat ekki um, hve mikil mjólk hefði verið hér til sölu, er samsalan tók til starfa. Þá voru hér til sölu 6.3 millj. lítrar árlega. Framleiðslan var ekki meiri með því sölufyrirkomulagi, sem þá var. Nú er mjólkurmagn það, sem selt er hér árlega, komið upp í 15 millj. lítra, þ. e. a. s., að mjólkurmagnið hefur um það bil þrefaldazt á þessum tæpa áratug, sem mjólkursamsalan hefur starfað. Ætli nokkur hefði getað sýnt meiri aukningu á mjólkurmagni þennan tíma heldur en þreföldun þess? — og það þrátt fyrir það, þótt það eigi sér stað, eins og hv. þm. Hafnf. minntist á, að talsverður hluti sé seldur til setuliðsins. Þá skulum við tala um verðið. Ég þykist mega fullyrða, að mjólkurskipulagið hafi í þessum efnum uppfyllt fyllstu vonir um það að auka mjólkurmagnið hér í bænum með því að þrefalda það. Og þá skulum við athuga

verðið. Hvað halda menn, að frjálst markaðsverð mundi nú vera hér í bænum, ef hingað væru seldir aðeins 6,5 millj. lítrar yfir árið? Halda menn, að það hefði engin áhrif á verð mjólkurinnar, ef svo mikill skortur væri á henni, að ekki væru seldir nema 8—9 þús. lítrar á dag hér í bænum í stað 20 þús. lítra og þar yfir, eins og salan er nú? Og væri frjáls sala á mjólkinni og hver keppti við annan, hvað mundi mjólkurverðið þá vera? Við skulum líta á hlutfallið eins og það er nú. Þegar mjólkurskipulagið tekur til starfa, þá kostaði mjólkurlíterinn 44 aura hér í bænum. Og hvað er þá kaup verkamanna? Það er 1,36 á klst., eftir því sem ég veit bezt. Það þýðir, að verkamaðurinn getur fyrir einnar klukkustundar vinnu fengið 3 og 1/10 úr lítra. Þetta er, áður en skipulagið byrjaði. Hvernig er þetta hlutfall svo nú? Ef það hefði orðið til þess að stórhækka mjólkina í verði, þá ætti það að vera verkamönnum í óhag. Nú er mjólkin seld út á kr. 1,45, þó að þeir ættu að borga út kr. 1,70 fyrir lítrann. Nú er kaup verkamannsins 5,51 á klst., og hvort getur hann nú keypt meira eða minna af mjólk fyrir klukkustundar vinnu nú eða áður en skipulagið byrjaði? Mér reiknast það ekki þrír lítrar, heldur allt að því fjórir lítrar, og þó er vitað, að þeir borga ekki þetta verð, heldur borga þeir kr. 1,45, svo að segja má, að sá tilgangur hafi náðst að gera mjólkina ódýrari fyrir fólkið í bænum, þó að lítils háttar skortur sé á þessari vöru suma tíma ársins, þó að það sé vitað, að mjólkurskorturinn mundi vera miklum mun gífurlegri, ef skipulagið hefði ekki starfað.

Þá vil ég segja það, að það liggur fullkomlega sannað fyrir, og það veit þessi hv. þm. (EmJ), að af því tvennu, sem skipulagið átti að stefna að, hefur þó a. m. k. tvennt náðst betur en vonir stóðu til. Mjólkurmagnið hefur þrefaldazt á þessum 9 árum, og verðlagið hefur líka hlutfallslega lækkað borið saman við kaupgjald verkafólksins í bæjunum. Þetta er ómótmælanlegt.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, hvort mjólkin sé betri eða verri. Þetta skal ég játa, að er erfitt að sanna, vegna þess að gæðamat á mjólkinni átti sér ekki stað, áður en mjólkurskipulagið tók til starfa. En eftir að skipulagið tók til starfa, fór fram gæðamat á mjólkinni á hverjum degi, og hún hefur aldrei verið seld nema undir eftirliti, síðan skipulagið tók til starfa, þó að það sé vitað, að hvar sem er í heiminum, er ekki hægt að reka mjólkursölu svo, að ekki komi fyrir óhöpp, svo lengi sem nokkrum getur skeikað. Ég sé það, að í blöðum bæjarins er talað mikið um það, að óhreinindi séu í flöskunum. Það getur komið fyrir, þegar flöskurnar eru þvegnar, að flaska fari fram hjá, ef sá, sem við það er, t. d. lítur við, og þannig geta framleiðsluóhöpp komið fyrir. En ég þori að fullyrða það, að síðan mjólkurskipulagið kom, hefur farið fram gæðamat á mjólkurvörum, sem ekki þekktist áður. Ég þori líka að fullyrða, að síðan mjólkurskipulagið tók til starfa, höfum við haft menn með betri tekniska menntun við mjólkurframleiðslu en áður. En hitt er vitað mál, að með þessu geysilega aukna vörumagni hefur ekki verið hægt að stækka mjólkurstöðvarnar eins og þörf hefði verið fyrir. En þó er það vitað, að mjólkurbúin hafa stækkað stórlega, og það hefur aldrei verið sett sig úr færi um það að fá hinar beztu vélar, sem völ hefur verið á. Mjólkurstöðin hér í bænum hefur verið endurbætt stórlega, en það hefur ekki verið hægt að ná í mjólkurvélar um lengri tíma. Nú vitum við það vel, að þessi mjólkurstöð er ekki í eins góðu ástandi og hún ætti að vera, og þess vegna hefur skipulagið ráðizt í það að leggja fram stórfé til þess að reisa nýja mjólkurstöð, og nú er þessi mjólkurstöð bráðlega komin upp. En það, sem hefur aðallega staðið á, er það, hvernig gengur að útvega mjólkurvélar í stöðina. Þó eru miklar vonir um það, að þær muni fást á þessum vetri, og ef það tekst nú á næsta vori að koma þessari fullkomnu mjólkurstöð upp með hin fullkomnustu tæki, þá má fullyrða, að ekkert skipulagsleysi hefði verið búið að koma þessu þrennu viðvíkjandi mjólkurskipulaginu í það horf, sem það þá verður komið í og hv. þm. Hafnf. telur aðalatriði málsins, að tryggja fólkinu í bænum nóg af ódýrri og góðri mjólk. Síðasta atriðið er verið að leysa, og það er honum eins kunnugt og mér, hversu erfitt það er nú á tímum að koma upp nýju fyrirtæki, fá til þess vélar og allt annað, sem til þarf. Ég vil fullyrða, að þrátt fyrir alla erfiðleika hefur aldrei verið sleppt neinu tækifæri, til þess að þessi mjólkurstöð kæmist upp eins fljótt og frekast væri auðið. Ég tel það ganga kraftaverki næst, ef þessi fullkomna stöð verður komin upp á næsta ári, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem eru á því að fá slíka hluti flutta inn, sem til slíks þarf. Ég hygg því, að hv. þm. Hafnf. þurfi ekki að sjá eftir því að hafa stutt þetta mál, ef hann leggur það niður fyrir sér, að um öll þessi þrjú atriði hefur náðst meiri árangur en nokkurn okkar dreymdi um, þegar verið var að koma mjólkurskipulaginu á.

Þá var hv. þm. Hafnf. að tala um það, að hann hefði síður en svo á móti því, að bændur bæru sæmilega úr býtum, en það mætti ekki vera svo mikið, að verðið væri ekki samkeppnisfært á erlendum markaði, framleiðslan á landbúnaðarvörunum mætti ekki vera dýrari en í nágrannalöndunum. Hann sagði, að það mætti fá smjör frá Suður-Ameríku fyrir 7 kr. kg., en það kostaði hér á landi 21 kr. kg., kartöflurnar kostuðu 30 aura kg., en kr. 1,40 hér og annað eftir því. Og hann sagði, að slíkir hlutir gætu ekki gengið. En hvernig stendur nú á því, að þetta er svona dýrt hjá okkur? Er það ekki vinnuaflið, sem því veldur? Það er ekki í nokkru landi í kringum okkur jafndýrt vinnuafl og hér á landi. Hvaða áhrif hefur þetta svo? Heldur hv. þm., að það hafi engin áhrif á framleiðsluvörurnar, hvað vinnukrafturinn kostar? Hvað segir sex manna n. um þetta? Hún segir, að vinnan sé stærsti kostnaðarliðurinn við framleiðsluna. Og þetta er rétt. Og þegar þessi kostnaðarliður er orðinn svona hár, eins og hann er hér á landi nú, þá er ekki hægt að framleiða vörurnar öðruvísi en þær verði dýrari en annars staðar. En gætum við flutt inn erlendan

vinnukraft til þess að gera þetta ódýrara? Ég skal ekki segja um það. En það hlýtur að haldast í hendur, framleiðslukostnaðurinn í landinu og kaupgjaldið.

Það land, sem hefur ódýran vinnukraft, hlýtur að vera samkeppnisfærara á erlendum markaði en það land, sem hefur dýran vinnukraft. Þess vegna er það ekki aðeins hagsmunamál bænda, að framleiðslan sé að þessu leyti samkeppnisfær á erlendum markaði, heldur eru það einnig og ekki síður hagsmunir verkamanna. Hver lætur sér koma til hugar, eins og nú er ástatt á vinnumarkaðinum hér á landi, að nokkur maður fáist til að framleiða landbúnaðarvörur og bera ekkert úr býtum, nú, þegar hver maður getur fengið vinnu, eftir því sem hann vill? Það mundi ekki þýða neitt annað en það, að framleiðslan mundi dragast niður með öllu. Að núverandi verðlag á landbúnaðarvörum er í ósamræmi við kaupgjald verkamanna samanborið við það, sem áður var, getur þessi hv. þm. séð með því að bera saman tölur um þetta fyrr og nú. Enda komst sex manna n. að þeirri niðurstöðu, að bændur hefðu ekki sett verðið nógu hátt samanborið við kaup verkamanna, og það varð samkomulag um þetta í sex manna n. Það sýnir, að allur sá rógur um það, að bændur væru að okra á vöru sinni, er á sandi byggður.

Ég held, að það sé aðeins eitt atriði í viðbót í ræðu hv. þm. Hafnf., sem ég vildi minnast á. Hann sagði, að mjólkurskorturinn hér í bænum þessa dagana stafaði að mjög miklu leyti af því, að nokkuð mikið af mjólk sé selt til setuliðsins, og hann sagði, að það væri ergilegt, að landsmenn þyrftu að borga mjólk ofan í Bretann. En það er einn ágallinn við það að greiða niður dýrtíðina, að við verðum að láta útlendingana sitja við sama borð og aðra neytendur hér á landi. En það er sannarlega ekki eingöngu fyrir bændur gert að borga mjólkina niður, því að þetta er eingöngu neytendastyrkur, og hann hefur það í för með sér, að það er ekki hægt, þegar erlendir neytendur eru í landinu, að láta þá sæta öðru verði. Nú er það satt, að nokkur þús. lítrar af mjólk eru seldir til setuliðsins. Þó hefur verið mjög dregið úr því, þó að það sé erfitt, vegna þess að setuliðið gengur fast eftir því að fá þann ákveðna skammt, sem um var samið, að það keypti. Og nú er það svo, að alla tíma ársins er okkur framleiðendum, sem með þessi mál förum, og neytendum og þjóðinni allri það nokkurt hagsmunamál, að herinn kaupi nokkra mjólk, vegna þess að mjólkurskortur á sér aldrei stað nema fáar vikur að haustinu, þ. e. frá hálfum mánuði upp í 6 vikur. Alla aðra tíma ársins er mjög mikið af umfram-mjólk, sem verður að vinna vörur úr. Þess vegna er það líka sjáanlegt, að það er mikið hagsmunamál, ekki aðeins bændum, heldur þjóðfélaginu í heild, að þessi umfram-mjólk sé keypt af þessum aðila. Ef sú mjólk, sem herinn kaupir, yrði að færast í vinnsluvöru, þá sér hver maður, að verðuppbæturnar þyrftu að aukast stórkostlega og það aðeins vegna þessa lítils háttar skorts á mjólk hér í bænum í hálfan mánuð eða svo. Og vegna þessa smávægilega skorts á mjólk þennan stutta tíma ætti svo að taka af setuliðinu alla þá mjólk, sem það annars hefði fengið. Eins og nú er ástatt þessa dagana, hefur mesta sala daglega verið í kringum 27 þús. lítra hér í bænum, en suma dagana hefur hún farið niður í 22 þúsund lítra, og af þessu er hægt að sjá það, að skorturinn er ekki mikill. Nú er spurningin, hvort ganga eigi nær og eyðileggja markaðinn hjá setuliðinu fyrir þessar fáu vikur, þar sem skorturinn er þó ekki meiri en hér er um að ræða. Nú getur vel verið, að þetta væri rétt, ef þjóðarnauðsyn væri sérstök fyrir því, en á meðan yfir 20 þús. lítrar eru sendir út til neyzlu hér í bænum daglega, er enginn voði fyrir dyrum. En nú skulum við segja, að þetta væri rétt að gera. En það kemur sannarlega úr hörðustu átt, þegar fulltrúar verkamanna ráðast á bændur fyrir það, að þeir vilja verzla með vinnu sína lítinn tíma af árinu, þegar þeir hafa átt þeim skilningi að mæta, að hvað sem við hefur legið, hafa þeir ekki getað fengið vinnukraft til framleiðslunnar, vegna þess að setuliðið hefur alltaf setið fyrir um alla vinnu, — og það ekki aðeins lítinn tíma úr árinu, heldur allan tíma ársins. Þegar tilraun hefur verið gerð til þess að setuliðsvinnan væri minnkuð og framleiðslan látin ganga fyrir um vinnuafl, þá hefur það verið kallað þrælatök og annað slíkt. Ég verð því að segja það, að það kemur úr hörðustu átt, að slíkir málsvarar skuli ráðast á bændur fyrir það, að þeir vilji ekki sleppa markaðinum hjá setuliðinu.

Ég held, að það sé ekki fleira í ræðu hv. þm. Hafnf., sem er sérstaklega þörf á að athuga. Ég vænti þess, að jafngreindur maður og hann er hafi lagt niður fyrir sér þessar staðreyndir, sem ég hef bent honum á. Meginhlutinn af því, sem hann var að drótta að bændum og Mjólkursamsölunni, það er a. m. k. á mjög veikum tölum byggt, svo að ekki sé meira sagt.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að þessu frv., sem hér liggur fyrir og hv. 8. þm. Reykv. er 1. flm. að. Ég þarf þó ekki mikið um það að ræða, því að hv. þdm. eru sjálfsagt búnir að gera sér það nokkuð ljóst, bæði innihald þess og tilgang. Frv. gengur út á þrennt: Í fyrsta lagi, að taka vörurnar, sem bændur hafa framleitt, og láta bæina fá einkarétt á því að selja þær vörur og taka þannig af framleiðendum umráðaréttinn yfir vöru sinni, áður en hún er fullunnin hvað þá meira. Þetta hygg ég að sé fullkomið eins dæmi í íslenzkri löggjöf. Þá er það að setja gerðardóm til þess að fjalla um verðlag á mjólkurvörum til bænda, sem væri ekki aðeins um stundarsakir, heldur væri það fast fyrirkomulag, að bændur skyldu alltaf vera í minni hl. um það að ákveða verð á vöru sinni og þar með réttlausir um það, hvað það væri. Ég held, að hv. 2. þm. S.-M. hafi nokkuð minnzt á það, hvernig þetta liti út, ef þetta ætti að gilda fyrir verkamenn. Því hefði a. m. k. ekki verið tekið með þökkum, hefði verið talað um gerðardóm í því skyni að ákveða verð á vinnu verkamanna. Og hvað er verð á landbúnaðarafurðum annað en verð á vinnu bænda? Ef það eru þrælalög fyrir eina stétt að mega

ekki hafa umráðarétt yfir vinnu sinni, þá eru það líka þrælalög á aðrar stéttir, þ. e. a. s., það er í öllum lýðræðisþjóðfélögum. En þar, sem einræðisríki eru, þar er réttlætið tvískipt. En nú er það skipulag ekki komið á í þessu þjóðfélagi, og Íslendingar vona, að það komi aldrei inn í þetta land. Landnámsmennirnir vildu upphaflega lifa hér sem frjálsir menn, og ég hygg, að íslenzka þjóðin mundi vera liðin undir lok, þegar ætti að fara að framkvæma réttlætið í landinu á þann veg, sem ætlazt er til með þessu frv., að einni stétt væri boðið upp á gerðardóm út af umráðaréttinum yfir vinnu sinni, en nákvæmlega sömu aðferðir væru kallaðar þrælalög gagnvart öðrum stéttum. En frv. er byggt á þessum hugsunarhætti, að hér eigi að vera tvenns konar réttlæti. Þess vegna eru þetta ekkert annað en þrælalög.

Þetta eru tvö aðalsjónarmið frv., og svo er ákvæði um stundarsakir um það, að það sé líka rétt að láta bændur hafa annan rétt, þegar farið sé að taka af þeim eignir þeirra. Hafi bændur greitt eitthvað fyrir fram í þeim fyrirtækjum, sem um er að ræða í bæjunum, undir þessu skipulagi, þá eiga þeir ekki að fá neitt greitt fyrir, heldur skulu þeir greiða skuldir, ef einhverjar eru. En öðrum en bændum er leyft að halda sínum eignarrétti, og þess vegna gildir eignarétturinn ekki fyrir okkur frekar í þessu efni en öðrum. Hér stendur orðrétt í ákvæðinu um stundarsakir: „Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsn. að hagnýta sér sérleyfisrétt sinn til sölu og dreifingar á mjólk og mjólkurafurðum samkv. 5. gr. hér að framan, og tekur hún þá við öllum eignum og réttindum, þ. á m. leiguréttindum þeirrar mjólkursamsölu, sem starfandi kann að vera í umdæminu, með skuldum, sem á þeim kunna að hvíla, og án annars endurgjalds". — Ég vil nú spyrja: Hverjir ætli eigi skuldakröfur í þessi fyrirtæki? Ætli það séu ekki bankarnir? — Með öðrum orðum: Bankarnir eiga að fá greitt það, sem þeir eiga í þessum fyrirtækjum, en bændurnir eiga að tapa eignarrétti sínum, því, sem þeir hafa átt í þessum fyrirtækjum. En hvernig stendur nú á því, að þessir menn, bændurnir, eiga að vera réttlægri en eignir bankanna? Hvernig er hugsunarháttur þeirra manna, sem þannig hugsa? Ég held, að þetta sé ekki einu sinni kommúnismi, eftir því sem honum er lýst í „Das Kapital". Þar hef ég séð því haldið fram, að eignir auðmanna eigi að taka og skipta þeim á milli þeirra, sem lítið eiga og eru lágt launaðir. — En hér er vegið að eignarrétti einnar stéttar út af fyrir sig. (**SigfS:** Væri ekki rétt, að hv. þm. læsi þessa málsgr. til enda?). Ég get gert það, ef hv. 8. þm. Reykv. er nokkur fróun í því eða ef hann hefur ekki gert það sjálfur. Þar segir svo: „Þau mjólkurbú eða þeir mjólkurframleiðendur, sem kunna að hafa lagt fram stofnfé eða önnur peningaframlög til mjólkursamsala eða mannvirkjagerða þeirra vegna, skulu fá það endurgreitt". En með hvaða hætti leggja bændur venjulega fram fé til þessara mannvirkja? Hafa þeir venjulega þau fjárráð, að þeir leggi fram stórfúlgur? Nei. Þeir hafa orðið að taka lán og greiða þau smátt og smátt með hluta af framleiðslu sinni. Það sér því hver maður, hvað í þessu felst. Þeir fá aldrei endurgreitt það verðmæti, sem þeir hafa lagt fram á þennan hátt.

Þá voru nokkur ófugmæli hjá 1. frsm., er þarf að leiðrétta. Hann sagði, að mjólkurstöðin væri byggð fyrir verðjöfnunarsjóð samsölunnar. Þetta er ekki rétt. Samsalan og verðjöfnunarsjóður hennar hafa algerlega aðskilið bókhald og eru tvö fyrirtæki. Verðjöfnunarsjóður sér aðeins um verðjöfnun til bænda. Bygging mjólkurstöðvarinnar hefur ekki verið á hans vegum, heldur sérskilins byggingarsjóðs, er bændur hafa lagt í sjálfir smátt og smátt.

Enn fremur var hv. frsm. að segja hér, að einhver meðlimur úr mjólkursölun. hefði leitað eftir að fá að kynna sér reikninga Mjólkursamsölunnar, en verið synjað um það. Hver er þessi maður? Hví hefur hann ekki komið til mín eða forstjóra samsölunnar? Hann skal óðara fá að sjá alla reikninga, sem hann vill. Þá geta allir fengið að sjá, sem vilja. Þeir hafa verið sendir mörgum, þ. á m. öllum alþm., bankamönnum, mjólkurbúum o. s. frv. Og ef þessi maður er einn úr mjólkursölun. og vill kynna sér reikninga samsölunnar, hví kemur hann þá ekki fram í dagsljósið? Hví kemur hann ekki til mín? (**SigfS:** Ég skal senda hann beint til hv. þm.). Sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að neita um að fá að sjá þessa reikninga, og það hefur aldrei verið gert. Þetta sýnir aðeins, hve mikið getur safnazt fyrir í huga manna af því, sem enginn fótur er fyrir.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að dreifing mjólkurinnar skipti neytendurna miklu meira máli en framleiðendurna. Ég fæ ekki skilið þetta. Bændur eiga allt undir framleiðslu sinni, en neytendur eiga þó aldrei nema brot af tekjum sínum undir því, hvernig dreifing mjólkurinnar er framkvæmd. Og hvort er meira allir hagsmunir eins manns eða brot af hagsmunum hans? Það er vitað mál, að í þeim vörum, sem bændur framleiða, eru allir þeirra möguleikar. Þeir eiga allt undir framleiðslu sinni og sölu framleiðsluvaranna, en neytendur eiga sáralítið undir því að skipta sér af þessu. Ég skil því ekki, að sá eigi að hafa meiri réttinn, sem minni hagsmuna á að gæta.

Það er tvenns konar réttlæti í þessu frv., nokkurs konar undir- og yfirstétt. Ef hagsmunir annars aðilans snerta lítið hagsmuni hins, þá eiga hinir litlu hagsmunir þess síðast nefnda að ráða.

Ég skal svo ekki vera að lengja umr. um þetta mál. Ég býst við, að það sé rétt, sem hv. 1. flm. gaf í skyn, er hann reifaði fyrst þetta mál hér, að á kjark þyrfti að halda til að flytja það, því að ég tók eftir, að hann byrjaði ræðu sína og endaði með því að segja, að vert væri að spara sér umr. um þetta mál, og óskaði eftir, að þær yrðu sem minnstar. Þetta er rétt frá því sjónarmiði, að þetta mál er hér til stórrar háðungar. Því legg ég til, að þingið taki nú rögg á sig og tefji sig ekki á að vísa því til n. og sýni með því, að það eru takmörk fyrir, hvað bjóða má virðingu þess.

Sigurður Kristjánsson: Ég heyri nú, að vinur minn, hv. þm. V.-Sk., vill vísa málinu út úr

deildinni. Ég held nú raunar, að það sé varla tímabært.

Ég hafði hugsað mér að verða við tilmælum hv. 1. flm. um að spara umr., unz málið væri búið að vera í n. Nú er komin fram rödd um að fella það frá n. En af því að ég geri nú hins vegar ráð fyrir, að hv. d. verði ekki við þeim tilmælum, þá mun ég stytta mál mitt mjög.

Þá er fyrst, að ég tel mjólkurskortinn aðeins einn lið í öllu því sleifarlagi og klaufaskap, sem ríkt hefur í mjólkurmálunum undanfarið. Ég hef náttúrlega orðið fyrir barðinu á honum eins og aðrir. Ég nefni til dæmis, að ég sendi minn mann í mjólkurbúð, og þá er þar auðvitað fyrir fjöldi manns. Ég fæ einn lítra í stað átta, sem ég er vanur að fá handa 14—15 manna heimili. Svo kemur næsti maður, og hann er einhleypur. Hann fær einnig heilan lítra í sitt ílát. Í fáum orðum sagt, það er sama sleifarlagið á þessu öllu saman.

Þetta er af þeim sökum, að þeir, sem stjórnað hafa í mjólkurmálunum, hafa látið sig litlu skipta hag neytendanna. Ég tek því undir með hv. þm. Hafnf., að hvort sem þetta frv. verður að l. eða ekki, þá mega þeir vita, sem að þessum málum standa, að ástandið verður ekki þolað öllu lengur. Það kemur ekki til mála.

Ég ætla þó ekki að gefa tilefni til að umræðurnar lengist eða þær fari úr hófi fram um orðalag eða annað. Ég vil aðeins benda á, að áður en málið fer til n., að það eru tveir aðilar, sem þarf að fullnægja.

Það, sem seljandann varðar mestu, er verðið og markaðurinn. En kaupendurna varðar mestu, að varan sé góð og heilnæm. Vitanlega skiptir verðið þá einnig miklu. En það er nú svo, að kaupendurnir ráða engu um það. Það er ákveðið til þeirra af sérstakri n., og þar með hygg ég, að seljendunum sé fullnægt. Með l. er svo ákveðið, að verðið sé ekki ákveðið af kaupendum, heldur af sérstakri n.

Ætla má og hefur raunar komið í ljós, að hagsmuna seljendanna væri fyllilega gætt og þeirra hlut borgið fyrir tilstilli þessarar n. Er þá nema rétt og sjálfsagt að sjá fyrir hlut neytendanna í því efni, er þá varðar mestu, en það eru gæðin? Því ekki að leyfa kaupendunum að annast það sem mest að tryggja þau?

Að sjálfsögðu geta þeir ekki tryggt, að mjólkin sé ný og góðrar tegundar, en það er þó alltaf hægt að gera verðmun á mjólkinni eftir gæðum. Meðferð, hirðingu og flutning getur bærinn þó alltaf annazt og gætt allra heilbrigðisreglna. Væri það neytendum nokkur trygging.

Þegar nú ekki er farið fram á annað en þessi hlið málsins sé falin neytendum eða umboðsmönnum þeirra, þá mætti þykja undravert, að þeirri málaleitun skuli hafa verið tekið með þvílíku offorsi.

En það kemur til greina af sérstökum ástæðum. Það er af því, að það hefur aldrei verið málefni bænda, hvernig farið hefur verið með mjólkina, eftir að verð hefur verið ákveðið á hana. Mjólkurstöðin hefur verið pólitískt vígi, en ekki fyrirtæki bænda. Þess vegna taka framsóknarmenn svo illa öllum breytingum á þessum málum, þótt þær komi ekkert við bændur. Þeir vita, að um leið er verið að brjóta þeirra pólitíska vígi.

Það er því hið mesta ranghermi, að verið sé að ráðast á bændur, þótt breytt verði fyrirkomulagi mjólkursölunnar.

Ég lít að vísu á hlið neytendanna, en loka þó ekki augum fyrir hagsmunum framleiðendanna. Og þar sem búið er að sjá hlut framleiðendanna borgið með l., þá er hlutur neytenda ekki of góður, þótt þeir fái einhverju að ráða um meðferð vörunnar.

Það er freistandi að fara hér út í starf sex manna n., en ég mun e. t. v. koma að því síðar. Ég tel heppilegt, að þetta mál fái að sæta meðferð í n., áður en farið er inn á víðara umræðusvið, og því kem ég ekki inn á niðurstöður n. að sinni.

Ég ætla ekki heldur að rekja, hvað neytendur hafa orðið að þola í mjólkurmálunum í 9—10 ár, sem margt stafar af erfiðleikum, en margt af því, að forráðamönnum mjólkurmálanna hefur ekki þótt sinn hlutur góður, nema hlutur neytenda væri illur. Þetta er óheilbrigði og verður ekki þolað lengur.

Sökum þess að ég lít aðallega á þetta sem heilbrigðismál frá sjónarmiði neytenda, þá legg ég til, að málinu verði vísað til heilbr.- og félagsmálanefndar.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Við vorum að afgreiða til 3. umr. hér í hv. d. nú rétt áðan annað allmerkilegt mál, þessu máli, sem hér liggur nú fyrir, nokkuð skylt. Og það er ekki nema rétt að minnast þess nú, að þegar það mál kom hér til 1. umr., þá risu upp nokkrir menn hér í hv. d. og töldu, að ekki bæri frekari umsvif á því að hafa, — slíkt mál ætti að fella þegar við 1. umr. En hv. landbn. varð samt sammála um það að mæla með efni frv., þó að hún gerði nokkrar formsbreyt. á því, og það virtist ríkja þar eining um að gera efni frv. að l.

Það liggur einnig fyrir, að um þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafa verið höfð stór orð af andstæðingum þess. Og hv. þm. V.-Sk. (SvbH) lagði til, að því yrði ekki vísað til n., heldur tafarlaust fellt við 1. umr. Ég gæti vonað, að undir þeim löngu umr., sem um málið hafa farið fram, þá færi það svo, að hv. þm. féllust á að láta það fá svipaða afgreiðslu sem mál það fékk, sem hér var afgreitt næst á undan til 3. umr. í hv. þd., sem sé að afgreiða það að efni til þrátt fyrir stór orð andstæðinga málsins undir umr. Og ég skal í því sambandi segja, að oft er í það vitnað, að ég hafi í frumræðu minni talið, að rétt og eðlilegt væri að hafa stuttar umr. um þetta mál við 1. umr. Ég sagði það m. a. af því, að þetta mál var þrautrætt undir umr. um annað mál, þ. e. a. s. í sambandi við frv. um niðurfelling á valdi kjötverðlags- og mjólkurverðlagsn. Hins vegar er fjarri því, að ég sjái eftir þeim tíma, sem farið hefur í að ræða þetta mál, ef það mætti verða til þess,

að sami árangur næðist af þeim umr. og um málið, sem hér var afgreitt til 3. umr. næst á undan.

Ég ætla svo að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Hafnf. (EmJ), sem hann flutti hér í hv. d. nýlega. Hann gat þess, að hann hefði verið allmjög við riðinn undirbúning lagasetningarinnar um sölu mjólkur og mjólkurafurða 1935. Hann gat þess, að um það hefði verið þá samkomulag milli Alþfl. og Framsfl., að allt, sem ynnist fjárhagslega við það breytta skipulag, skyldi skiptast til helminga milli framleiðenda og neytenda. Hann gat þess einnig, að þrennt hefði í raun og veru átt að nást með mjólkurskipulaginu: að neytendur fengju betri mjólk, að neytendur fengju ódýrari mjólk, og í þriðja lagi, að nægilega mikið yrði til af mjólk. Og síðan lýsti hann yfir, að ekkert af þessu hefði náðst með mjólkurskipulaginu og að það samkomulag, sem gert var milli Framsfl. og Alþfl., hefði af hálfu framsóknarmanna í einu og öllu verið svikið. Ég hygg, að það sé vafalaust allt rétt, sem hv. þm. Hafnf. hefur í þessu máli sagt. Og mér var á þeim tíma eins og honum allmjög kunnugt um þann undirbúning, sem að þessum l. var hafður, og það samkomulag, sem þá var gert milli Alþfl. og Framsóknarfl.

Þegar svo sá hv. þm. kemur að því að ræða það frv., sem fyrir liggur, dregur hann það mjög í efa, að það nái þeim tilgangi að bæta úr þeim meinum, sem eru á þessum málum í framkvæmd þeirra. Hann dregur í efa, að meiri mjólk fengist á markaðinn, hann dregur í efa, að mjólkin verði betri, og hann dregur í efa, að þessi ákvæði mundu stuðla að því, að mjólkin yrði ódýrari, þ. e. dreifingarkostnaðurinn minni. Viðvíkjandi fyrsta atriðinu er það að segja, að um það fjallar þetta frv. ekki að neinu leyti. Og það er rétt ályktað hjá hv. þm., að það hefur — þótt samþ. verði — engin áhrif á það, hvort mikið eða lítið framboð verður á mjólk í Reykjavík og Hafnarfirði í náinni framtíð. Til þess nær frv. ekki. Það liggur fyrir utan þess takmörk.

Annars skal ég taka undir það, sem hv. 7. þm. Reykv. (SK) sagði um þetta atriði, að mjólkurskorturinn, sem við eigum nú þessa dagana við að búa hér í Reykjavík og Hafnarfirði, er í raun og veru árstíðafyrirbrigði, sem væntanlega stendur ekki mjög lengi, en hins vegar er ekki um það að ræða, að allan ársins hring sé um skort á þessari neyzluvöru að ræða.

Að mjólkin geti orðið betri með því að lögfesta það frv., sem hér er um að ræða, það tel ég ekkert vafamál. Við vitum, að eins og sakir standa, er ástandið í mjólkurvinnslunni hér í Reykjavík með öllu óþolandi, það erum við, ég og hv. þm. Hafnf., sammála um. Og við erum sjálfsagt líka sammála um, að það sé tiltölulega auðvelt að bæta úr þessu, að svo miklu leyti sem rætur þess ástands má rekja til þess, að vinnslan hér í mjólkurstöðinni í Reykjavík sé í slæmu lagi, og að svo miklu leyti sem kynni að vera áfátt meðferð mjólkurinnar í búunum. Hitt næst sjálfsagt ekki með þessu frv. að bæta úr þeim göllum, sem á mjólkinni eru sem vöru, vegna þess að hún er langt að flutt og að sett er saman í eitt mjólk með ólíku gæðamagni o. s. frv., o. s. frv.

Að dreifingarkostnaðurinn gæti orðið minni með samþ. þessa frv., — ég held, að það sé ekkert vafamál, að það sé hægt að draga úr honum. Við vitum, að eins og sakir standa, eiga bændur að fá kr. 1,23 fyrir mjólkurlítrann heim, en útsöluverð mjólkurinnar er hins vegar ákveðið af mjólkursölun. kr. 1,70. Þarna fer í dreifingarkostnað, vinnslu og verðjöfnunargjald 47 aurar af hverjum lítra, sem sýnist vera mjög órýmilega há upphæð, og væri ákaflega illa á haldið af bæjarins hálfu, ef hann tæki í sínar hendur vinnsluna, ef ekki mætti lækka kostnaðinn við hana að verulegu leyti.

Ég vildi svo spyrja hv. þm. Hafnf. að því, hvaða till. hann vill fram bera til úrbóta í þessu máli. Sú yfirlýsing hans stendur, að mjólkurskipulagið hafi ekki að neinu leyti náð tilgangi sínum, og einnig, að ástandið sé þannig, að ekki verði við það unað til lengdar. Og sú yfirlýsing hans stendur, að sú stjórn á mjólkurmálunum, sem hefur verið undanfarið, sé ein bezta og beinasta leið til þess að framkalla byltingarástand meðal neytenda. Þar sem þessi hv. þm. hefur gefið allar þessar ákveðnu yfirlýsingar, þá er það að minni hyggju skylda hans — og vafalaust líka vilji hans — að koma fram með tillögur til úrbóta. Ég ætlast ekki endilega til þess, að hann komi með þær till. nú á þessu stigi málsins. Ég tel víst, að hann komi með þær áður en 3. umr. fer fram og undir meðferð málsins í n. Og er þá að sjálfsögðu rétt að athuga þær till. og vita, hvort þær geta ekki að einhverju eða öllu leyti samrýmzt því frv., sem fyrir liggur. Svipað vildi ég segja við hv. 7. þm. Reykv. (SK), sem hefur eindregið látið í ljós fylgi sitt við frv. í meginþáttum að mér skilst. En hins vegar hef ég séð, að flokksbræður hans í Morgunblaðinu eru á líkri skoðun og hv. þm. Hafnf., að þetta frv., sem fyrir liggur, muni ekki að öllu bæta úr þeim göllum, sem eru á mjólkurskipulaginu. Og vil ég þá einnig spyrja þann hv. þm., hverjar séu hans till. í málinu. Ég segi það sama við hann og hv. þm. Hafnf., að ég fer þess ekki sérstaklega á leit, að þessar till. komi fram við þessa umr., en komi fram milli umr. undir meðferð málsins í n. Og vænti ég þá, að við, þessir 3 þm., sem ég hygg, að tölum fyrir munn þriggja flokka, getum orðið sammála um að leggja hér fram brtt., sem gæti bætt úr öllum þessum göllum, sem þessir tveir hv. þm., þm. Hafnf. og 7. þm. Reykv., telja, að á séu og ekki verði bætt úr með okkar frv., sem hér liggur fyrir.

Annars fór meginhlutinn af ræðu hv. þm. Hafnf. í það að ræða um starf sex manna n. Það er að vísu þessu máli óviðkomandi, en samt ákaflega eðlilegt, að það sé rætt í þessu sambandi, vegna þess að sú óöld hefur nú steðjað að okkur, að svo virðist sem hin mikilvægustu mál eigi að afgreiða bak við þingið og þm. eigi þá ekki annars úrkosta en grípa tækifærið og ræða um þau mál, sem þannig eru afgreidd utan við þingið, þegar rædd eru skyld mál á Alþ. Það er alkunna, að ríkisstj. hefur í hyggju að

lækka verð landbúnaðarafurða á innlendum markaði með því að leggja fram fé úr ríkissjóði án þess að leita á ný samþykkis þingsins. Og það er kunnugt, að 14 framsóknarmenn og 14 sjálfstæðismenn hafa skrifað undir eins konar leynda yfirlýsingu um það, að þeir séu með því að verðbæta þær landbúnaðarafurðir, sem út verða fluttar, svo að bændur fái það verð fyrir þær, sem sex manna n. ákvað. Þessi meðferð máls er svo mikil árás á hæstv. Alþ., að mér finnst eðlilegt, að hv. þm. Hafnf. ræði þetta mál í sambandi við skylt mál, sem fyrir liggur.

Hv. þm. Hafnf. gagnrýndi ákaflega mikið grundvöll þann, sem sex manna n. byggði á niðurstöður sínar, og ég get sagt það, að ég hygg, að gagnrýni hans hafi verið byggð á mjög veigamiklum rökum í öllum meginatriðum. Það er mála ljósast, að búreikningar frá 40 bændum geta ekki gefið neitt ábyggilegt sýnishorn af meðalbúrekstri íslenzkra bænda, en þeir eru, sem kunnugt er, eitthvað um 6400. Það er líka augljóst, að ýmsir liðir, sem fram hafa komið í þessum búreikningum, eins og t. d. 900 kr. í vaxtagreiðslur, eru ekki réttir. Það hafa þegar verið færð að því sterk rök, að liður sá, sem áætlaður hefur verið til kaupgreiðslna vegna aðkeypts vinnuafls fyrir meðalbú, muni hafa verið reiknaður of hár. En öll þessi gagnrýni sannar ekki það, að starf sex manna n. og niðurstöður hennar hafi ekki verið ákaflega þýðingarmikið hvort tveggja. Það þýðingarmikla, sem gerzt hefur, er það, að inn á þá braut hefur verið farið að semja milli neytenda og bænda um verðlag á þeirri vöru, sem bændur selja neytendum á innlendum markaði. Sex manna n. hafði ákaflega takmarkaðan tíma til starfa, og ég fæ ekki séð, að hún hafi átt annars úrkosta en taka þá búreikninga, sem fyrir lágu, og byggja á þeim, þó að ófullkomnir séu. Hitt er svo sjálfsagt, þegar næst verður að því horfið að reikna út vísitölu landbúnaðarafurða, sem á að verða á næsta hausti, ef stríðið heldur áfram á þeim tíma, að þá verði búið að vinna að því að endurskoða þennan grundvöll rækilega, svo að þá verði hægt að byggja niðurstöður um verðlagningu landbúnaðarafurða á traustari grundvelli en tekizt hefur að þessu sinni. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um ræður þeirra hv. þm., sem eru mér sammála um, að mjólkurskipulagið hafi ekki náð tilgangi sínum og á því þurfi að gera stórkostlegar endurbætur og að það frv., sem hér liggur fyrir, sé a. m. k. mjög til athugunar. Og mér skildist á öðrum þessara hv. þm., að hann hefði trú á því, að frv. bætti verulega hér úr. Ég endurtek aðeins þá ósk mína, að þeir komi með till. sínar fram í málinu, svo að við getum fundið sameiginlega lausn í málinu til þess að bæta úr því slæma ástandi í mjólkurskipulagsmálunum, sem við eigum við að búa.

Ég skal þá víkja nokkuð að tveimur hv. þm., sem hér hafa gerzt andmælendur frv. og verjendur mjólkurskipulagsins, nefnilega hv. þm. V.-Sk. (SvbH) og hv. 2. þm. S.-M. (EystJ). Það er að sjálfsögðu nokkuð sama, hvor þeirra er til grundvallar lagður, því að meginatriðin í ræðum beggja voru þau sömu. Nú skal ég að vísu taka það fram, að mér er miklu kærara að rökræða við hv. 2. þm. S.-M. en hv. þm. V.-Sk. En hins vegar er það svo, að ræða hv. þm. V.-Sk. náði yfir ýmislegt, sem hv. 2. þm. S.-M. drap ekki á, og ég kýs þess vegna heldur að leggja ræðu hans til grundvallar svari mínu.

Hv. þm. V.-Sk. hóf mál sitt með því að benda á það, að mjólkurskipulagið hefði þó náð tilgangi sínum að því leyti, að mjólkurframleiðslan á verðlagssvæði Reykjavíkur hefði aukizt mjög mikið þau ár, sem samsalan hefur starfað. Hann sagði okkur það, að mjólkurmagnið hefði verið, þegar samsalan hóf starf sitt, 6,3 millj. lítrar, og nú væri hún 15 millj. lítra. Út úr þessu einkennilega dæmi fékk svo þessi hv. þm. það og margendurtekur það, að mjólkurmagnið hafi þrefaldazt. Skilst mér þá, að eftir hans reikningsreglum séu 3 x 6,3 = 15. En mín margföldunartafla eða sú, sem mér var kennd í skóla, er ekki svona. Mér var ekki kennd hún svona. En þetta er ekki nema sýnishorn af því, hve nákvæmur þessi hv. þm. er í málflutningi sínum, einnig þegar hann fer að styðjast við tölur. Á öðru var ég þó enn meira hissa, þegar ég fór að athuga þær tölulegu staðhæfingar hans. Ég hef hér fyrir mér hina margumtöluðu reikninga mjólkursamsölunnar, sem þessi hv. þm. hefur svo oft talað um og sagt, að hafi fengið svo rækilega endurskoðun o. s. frv. Ég hef þá frá upphafi. Þar er og reikningur síðasta árs, 1942. Á þessum reikningum sést, að mjólkurmagnið 1935 hafi verið 9,9 millj. lítra, en nú sé það 15,7 millj. lítra. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en mér kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir hjá formanni mjólkursölun., sem hann segir hér, þegar maður ber það saman við þessa margumtöluðu reikninga og skýrslur, sem hér eru fyrir hendi. En það er kannske í samræmi við þessa merkilegu margföldunartöflu, sem segir, að þrisvar sinnum 6,3 sé 15.

Næst kom þessi hv. þm. að því, að aldrei væri send svo vara frá mjólkurstöðinni, að hún væri ekki undir nákvæmu sérfræðinga eftirliti, sem framkvæmt væri með það fyrir augum, að varan væri holl og góð. Þóttist hann með því geta sannað, að stórkostlegar umbætur hefðu orðið á þessu sviði og nú þyrftu Reykvíkingar ekki að kvarta yfir því, að varan væri slæm. Það getur vel verið, að svo sé, að til séu sérfræðingar hjá Mjólkursamsölunni, sem eigi að hafa þetta verk með höndum. En samt sem áður hafa Reykvíkingar hvað eftir annað fengið óhreina mjólk. Og það hefur sjaldnar en vænta mátti borið við, að slík mjólk væri send til rannsóknar í rannsóknarstofnun ríkisins, en þegar það hefur við borið, þá hafa reynzt í mjólkinni óhreinindi, sem eiga ekki þar að vera. Það hefur líka ósjaldan komið fyrir, að Reykvíkingar hafa fundið, að mjólkin, sem þeim var seld, var með vatnsbragði, og það hefur sjaldnar en vænta mátti komið fyrir, að þetta hefur verið rannsakað. En þegar það hefur verið rannsakað, hefur það reynzt vera svo, að vatn hefur verið í mjólkinni og stundum verulegt. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að einhver óráðvandur maður standi inni í samsölunni og

helli vatni í mjólkina. Ég þykist vita, að kælivatn mjólkurstöðvarinnar hafi komið í mjólkina. Þannig getur það kannske gengið dögum saman, án þess að það sé athugað. A. m. k. þekkjast reykvískar húsmæður, sem fullyrða, að oft kenni vatnsbragðs í mjólkinni, sem þær fá. Viðvíkjandi þessu eftirliti að öðru leyti vil ég segja það, að mér hefur verið tjáð eftir góðum heimildum, að hver sá maður, sem unnið hefur hjá Mjólkursamsölunni og hefði getað talizt með einhverjum sérstökum hætti fulltrúi neytendanna þar, annaðhvort við heilbrigðiseftirlit eða annað, hafi jafnan átt undir högg að sækja hjá hv. þm. V.-Sk. við starf sitt við samsöluna eða verið látinn fara. Ég ætla, að þessi hv. þm. muni naumast neita því, að einu sinni bar við, að einn sérfræðingur samsölunnar ritaði grein í Morgunblaðið eða blaðið hafði viðtal við hann, sem það birti, þar sem þessi sérfræðingur lét þess getið, að til þess bæri brýna nauðsyn, að áhrif neytendanna á rekstur mjólkurstöðvarinnar og heilbrigðiseftirlit þar yrðu aukin. Ég hygg, að þessi hv. þm. neiti því ekki, að þegar þessi grein birtist, hafi hann sagt við þennan starfsmann, að það væri bezt fyrir hann að fá atvinnu hjá Morgunblaðinu. Og mér er kunnugt um, að ágætir menn hafa hrökklazt frá stöðinni, beinlínis vegna ógnana þessa hv. þm. og ótta við að hafa stöðugt svipu hans yfir höfði sér.

Hv. þm. viðurkenndi, að þrátt fyrir þetta makalausa eftirlit, sem á að vera á þessari stöð, þá gæti komið fyrir, að bæjarbúar fengju óhreina eða vatnsblandaða mjólk. Það er gaman að rifja upp, hvað Tíminn hefur um þetta að segja. Þegar kærur hafa komið fram frá bæjarbúum, hefur það ætíð verið kallað uppspuni frá rótum, árás á bændur og þar fram eftir götunum. Sem sagt, þetta virðulega flokksblað hefur ekki viðurkennt, að óhöpp gætu komið fyrir, það væri allt uppspuni og ekkert annað.

Þá talaði hv. þm. um, að hafin væri mesta rógsherferð gegn bændum, vegna þess að þeir okruðu á vöru sinni. Hér er ákaflega málum blandað. Ég vil a. m. k. víkja frá mér og mínum flokki öllu ámæli í þá átt. Við teljum, að bændur séu ekki neitt of haldnir af því verði, sem þeir hafa fengið fyrir framleiðsluvörur sínar. Það er ekki það, sem verið er að deila hér um, heldur hvernig nokkrir framsóknarmenn stjórna þeim fyrirtækjum, sem annazt hafa sölu og dreifingu á mjólk og mjólkurafurðum.

Þá kom þessi hv. þm. enn með það, að þegar við erum að borga niður verð á landbúnaðarafurðum, þá séum við að leggja neytendum styrk. Neytendastyrkur heitir það á hans máli. Ég verð að segja, að mér finnst fáránlegt, þegar menn eru að þrátta um, hvort þetta eigi að heita neytendastyrkur eða bændastyrkur, því að það er nefnilega hvorugt. Bændur fá nú ákveðið verð fyrir vöruna, og þá skiptir í því sambandi engu máli, hvort stj. borgar verðið niður á markaðnum eða ekki, og neytendur í Reykjavík skiptir það heldur engu máli. Það er alls ekki verið að lækka dýrtíðina í Reykjavík, heldur vísitöluna. Fyrir þessa verðlækkun fá þeir lægri laun og hækkaða skatta, og eftir þeim viðskiptum óska neytendur ekki. Hverjir eru það þá, sem græða? Því er auðsvarað. Við vitum hverjum það er til góðs, að vísitalan lækki án þess að dýrtíðin lækki. Það eru fyrst og fremst þeir, sem flytja vörur út úr landinu. Sé þessi styrkur einni stétt til góðs, þá eru það útflytjendurnir, fyrst og fremst þeir stærstu, og ef menn vilja kenna hann við einhvern hóp manna í landinu, þá er rétt, að hann sé kenndur við þá, sem það á heima hjá. Þetta er nefnilega styrkur til stórútflytjendanna í landinu.

Hv. þm. sagði, að það væri rétt, að nokkur þúsund lítrar af mjólk væru nú mitt í mjólkurskortinum seldir setuliðinu, og mér skilst, að verðið á þeirri mjólk sé lækkað með framlagi úr ríkissjóði. Það er búið að beina þessu máli til hæstv. stj., og ég vænti, að þaðan fáist skýr svör, svo að ég sé ekki ástæðu til að krefja hv. þm. frekar sagna um það, enda býst ég varla við, að upplýsingum hans verði treyst í þessu máli frekar en í svo mörgum öðrum.

Þá kom hv. þm. að því, að með frv. því, sem fyrir liggur, eigi að svipta bændur umráðarétti yfir vöru, sem þeir framleiði, áður en hún sé fullunnin. Mér er spurn: Er það vilji hv. þingmanna, að einhver mjólkurpostuli, einhver séra Sveinbjörn, eða einhver kjötpostuli, einhver kaupfélagsstjóri austan af Rangárvöllum, eigi að fylgja kjötbitanum ofan í pottinn hjá hverri húsmóður eða mjólkurdropanum í könnuna inn á borð? Kannske hann vilji ekki sleppa eftirliti sínu yfir mjólkinni, fyrr en hún er komin inn á borð? Mér skilst, að inn á borðið vilji hann láta sinn handlegg ná til að fylgja vörunni eftir. En þegar verið er að tala um, að bændur eigi að hafa rétt hliðstætt við verkamenn til að fylgja vöru sinni, þar til hún er fullunnin, þá vil ég spyrja, hvaða rétt hafa verkamenn til að fylgja þeirri vöru, sem þeir framleiða, þangað til hún er fullunnin? Sú regla gildir yfirleitt, að varan fer frá einum til annars, þar til hún er fullunnin, og sá fyrsti telur sig ekki hafa neinn sjálfskapaðan rétt til að fylgja henni að lokamarkinu. Ég veit ekki til þess, að sjómenn eða útgerðarmenn hafi gert kröfu til að annast sölu og dreifingu á fiski í Reykjavík, sem er þó sannarlega mikils vert, hvernig er framkvæmt. Á sama hátt hafa bændur engan sjálfsagðan og eðlilegan rétt til að fylgja sinni framleiðsluvöru alla leið inn á borð neytendanna. Þar sem annars staðar er eðlilegt, að hönd selji hendi, einn taki við af öðrum, eftir því sem vinnslunni þokar áfram, þar til varan kemst fullunnin í hendur neytenda.

Hv. þm. V.Sk. segir í þessu sambandi, að með þessum till. um mjólkurskipulagið sé verið að setja gerðardóm, og hann hefur ekki látið sér nægja að ræða þetta í þinginu, heldur hefur hann skrifað um þetta fjálglega grein í flokksblað sitt, Tímann. Hver er svo breyt., sem lagt er til, að verði á skipun mjólkurverðlagsn.? Hún er sú, að í stað þess, að landbrh. hefur áður skipað oddamann n., á hann nú að vera tilnefndur af hæstarétti. Áður hefur n. verið þannig skipuð, að framleiðendur hafa undir öllum kringumstæðum átt þar þrjá menn, en neytendur aðeins tvo, og það er vitað mál, að þessir full-

trúar neytenda hafa yfirleitt verið atkvæðum bornir í n. og þeirra till. að engu hafðar. Ef það er gerðardómur, sem á að koma samkvæmt þeim till., sem nú liggja fyrir, þá hefur það, sem áður var, verið sjálfdæmi, stéttarsjálfdæmi. Bændur einir og fulltrúar þeirra hafa ráðið öllu um verðlagið, eins og n. hefur verið skipuð. Slíkt sjálfdæmi hafa verkamenn aldrei farið fram á og enginn fyrir þeirra hönd, heldur hafa þeir samið um kaupgjaldið og ætíð sýnt þar mikið langlundargeð og samningalipurð.

Ég skal svo í þessu sambandi minna á og svara þá um leið hv. 2. þm. S.-M., að nú er svo ástatt, að bændur fá ákveðið verð fyrir sína vöru, eins og hún kemur í mjólkurstöðina og eins og hún kemur á markaðinn yfirleitt. Og meðan svo er, þá hefur mjólkurverðlagsn. ekki um neitt að fjalla nema till. um álagningu fyrir dreifingarkostnaði, verðjöfnunargjaldi og vinnslukostnaði, og er nú verið að leggja til, að till. hennar síðan fari í viðskiptaráð. Hv. 2. þm. S.-M. segir, að það sé aðeins bráðabirgðaástand, og það er alveg rétt, að þau ákvæði ná aðeins til þess tímabils, sem stríðið stendur yfir. Annað mál er það, að mér fyndist rétt og eðlilegt, að þingið færi inn á þá braut að gera þetta bráðabirgðaástand að varanlegu ástandi. Það er búið að semja um, að bændur fái heim til sín ákveðið verð fyrir þá vöru, sem þeir selja á innanlandsmarkaði. Og ég skal í þessu sambandi taka fram, að ég get vel hugsað mér, að þeir, sem um þetta semja, verði einmitt þessir menn, sem fulltrúar bænda og neytenda eiga að tilnefna, þessir fulltrúar semji um verðið, en oddamaðurinn komi fyrst til greina, ef ekki verður samkomulag, hann verði eins konar sáttasemjari. Það er sama fyrirkomulag og gildir í kaupgjaldsmálum. Þar mætast fyrst aðilar kjörnir af verkamönnum og vinnuveitendum, en náist ekki samkomulag milli þeirra, kemur ríkisskipaður sáttasemjari og reynir að jafna deiluna.

Þá hélt hv. þm. V.-Sk. því fram, að hér væri verið að fara fram með ódæmum miklum, þar sem ætti að taka af bændum réttmæta eign þeirra án endurgjalds. Hann las upp úr frv., sem fyrir liggur, eina setningu, sem hann hugðist styðja mál sitt við. Hann neyddist þó til að bæta nokkru síðar við, aðspurður. Þessi viðbót sýnir, að þessi staðhæfing hans er fleipur eitt og ekkert annað. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa upp það, sem um þetta er í frv. Það hljóðar svo: Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd að hagnýta sér sérleyfisrétt sinn til sölu og dreifingar á mjólk og mjólkurafurðum samkv. 5. gr. hér að framan, og tekur hún þá við öllum eignum og réttindum, þ. á m. leiguréttindum þeirrar mjólkursamsölu, sem starfandi kann að vera í umdæminu, með skuldum, sem á þeim kunna að hvíla, og án annars endurgjalds. Þau mjólkurbú eða þeir mjólkurframleiðendur, sem kunna að hafa lagt fram stofnfé eða önnur peningaframlög til mjólkursamsala eða mannvirkjagerða þeirra vegna, skulu fá það endurgreitt.

Sem sagt, það, sem framleiðendur hafa lagt fram, verður þeim endurgreitt. Hann gat þess, að slík fyrirtæki væru jafnan reist fyrir lánsfé og því yrði ef til vill komizt að þeirri niðurstöðu, að bændur ættu ekkert að fá. En þetta er hreinn misskilningur, því að ef bændur hafa af eigin fé greitt þessar skuldir niður, þá eiga þeir að fá það endurgreitt. En um mjólkurstöð Reykjavíkur er þessu ekki til að dreifa, því að þar er ekkert lánsfé fyrir hendi. Og í þessu sambandi er komið inn á merkilegt mál. Ég sagði í framsöguræðu minni, að það ætti að reisa nýju mjólkurstöðina fyrir verðjöfnunargjaldið. Nú mótmælti hv. þm. því eindregið og sagði, að það sé eitthvað annað en nota eigi verðjöfnunargjaldið til þess, því að það sé sérstakur byggingarsjóður. Þetta mun bókhaldslega vera rétt. En hvaðan hefur þeim sjóði komið fé? Eftir því sem ég fæ bezt séð af þeim margumtöluðu reikningum samsölunnar, virðist mér, að fé hafi bókstaflega allt komið frá verðjöfnunarsjóði eða fé, sem honum að l. bar. Ég fæ ekki betur séð en þetta sé hér um bil þannig saman sett: Árið 1938 greiðir verðjöfnunarsjóður um 107000 kr. til mjólkurstöðvarinnar. Árið 1939 hefur sami sjóður lagt fram um 113000 kr., árið 1940 115000 kr., árið 1941 um 153000 kr. og 1942 um 714000 kr. Svo hafa sjóðnum bæzt vextir af þessu fé, svo að nú virðist hann vera orðinn ca. 1,2 millj. kr.

Nú er þó skylt að geta þess, að í síðustu reikningum samsölunnar kemur fram nýr liður, sem heitir „Til byggingarsjóðs", og þetta fé er auðvitað tekið af rekstrarafgangi samsölunnar. Nú fæ ég ekki betur séð en það séu skýlaus ákvæði mjólkursölulaganna, að rekstrarafgangur samsölunnar eigi að renna í verðjöfnunarsjóð, þannig að allt það fé, sem runnið hefur í þennan byggingarsjóð, hafi með rétti borið verðjöfnunarsjóði. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa upp úr l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma frá 1935. Þar segir svo: „Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórnin telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á verðjöfnunargjaldið".

Nú hygg ég það lítið efamál, að hv. þm. V.-Sk. vilji skjóta sér á bak við orðin „aðrar greiðslur" og réttlæta með því, að tekið hefur verið á 8. hundrað þús. í byggingarsjóð, en ég fæ ekki séð, að það geti komið honum að neinu haldi, því að með þessu orðalagi er greinilega átt við nauðsynlegar afskriftir og önnur nauðsynleg gjöld, sem að rekstrinum lúta á hverjum tíma. Nú vil ég minna á, að með lagabreyt. frá 1937 fékk mjólkursölun. óskorað vald til að ákveða, hversu verðjöfnunargjaldið væri hátt. Það er því alveg á valdi þessara manna, hve miklar tekjur sjóðsins eru. Það er öllum ljóst, að samkvæmt l. ber sjóðnum að verðjafna mjólk og mjólkurafurðir, en ekkert annað. Það fé, sem þarna er tekið af rekstrarafgangi samsölunnar úr verðjöfnunarsjóði til byggingar mjólkurstöðvar, er því tekið af neytendum en ekki framleiðendum. Það er líka alkunnugt, að mjólkurverðlagsn. hefur alltaf ákveðið verðið þannig, að fyrst er athugað, hvað bændur þurfi að fá heim. Svo er verðjöfnunargjaldi, vinnslukostnaði og dreifingarkostnaði bætt við og alltaf stillt svo til, að bændur fái alltaf

heim það, sem þeim er nauðsynlegt. Það, sem svo álagningin reynist hærri en vera þurfti, er eign neytenda, en ekki framleiðenda.

Þá vék hv. þm. V.-Sk. að því, að það væri hvorki meira né minna en að með þessu óguðlega athæfi, að neytendur tækju dreifingu mjólkurinnar sjálfir í sínar hendur, væri verið að innleiða þrælahald á Íslandi og það í miklu verri og argvítugri mynd en átti sér stað í fornöld. Ég hef gert rækilega grein fyrir því, að aðalgrundvöllurinn fyrir, að neytendur taki þessi mál í sínar hendur, er sá, að þeir eiga í sambandi við það meiri hagsmuna að gæta en bændur og því muni þeir gæta þeirra hagsmuna betur, kostnaður verða minni og vörugæði meiri. Þessu vill hv. þm. V.-Sk. mótmæla með því að segja, að bændur eigi allar sínar tekjur undir þessu, meðalbóndi þurfi að selja nyt úr mörgum kúm, en meðalneytandi kaupi í hæsta lagi hálfa nyt. Svo segir hann, að dæmið sé augljóst, bóndinn hafi meiri hagsmuna að gæta. En þetta er eintóm blekking, og sést það bezt, þegar litið er á þá staðreynd, að við ákvörðun verðlagsins byrjar mjólkurverðlagsn. alltaf á að áætla, hvað bændur þurfi að fá heim, og síðan er öllum kostnaði bætt við það. Eftir samkomulagi sex manna n. eiga bændur að fá heim kr. 1,23 fyrir lítrann, hvort sem dreifingarkostnaðurinn er mikill eða lítill. Það er því augljóst, að það eru eingöngu neytendur, sem hafa þarna hagsmuna að gæta, og þeim er bezt trúandi fyrir að gæta þeirra vel. Hagsmunir bænda eru aðeins í því fólgnir, að ætla má, að salan örvist, þegar verðið er lágt og salan góð.

Hv. þm. V.-Sk. skoraði á mig að leiða fram þann mann úr mjólkurverðlagsn., sem hefði ekki fengið að skoða bækur samsölunnar. Ég get gert það með ákaflega mikilli ánægju og leyfi þessa manns. Maðurinn heitir Jón Brynjólfsson. Hann hringdi til skrifstofu samsölunnar snemma í þessum mánuði og spurði skrifstofumanninn, hvað bændur fengju fyrir mjólkina. Skrifstofumaðurinn svaraði: „Mér hefur verið bannað að gefa þær upplýsingar". Jón svaraði: „Það gerir ekkert til, ég kem nú á eftir og fæ að líta á bækurnar; ég hlýt að mega það sem starfsmaður í nefndinni". Skrifstofumaðurinn gat þá þess, að forstjórinn hefði bannað að veita nokkrum manni aðgang að bókunum, og sagðist þó skyldu spyrja hann, hvort það gilti einnig um þá, sem væru í mjólkursölu- og verðlagsnefnd. Forstjórinn svaraði: „Það er algerlega óheimilt að sýna bækurnar sjálfar og frumgögnin, en ég get gefið upplýsingar um, hvað bændur fá heim til sín". Þá er úr þessu máli leyst fyrir hv. þm. V.-Sk., og ef til vill gæti þetta að einhverju leyti skýrt, að við erum ákaflega margir, sem langar afar mikið að sjá fleiri gögn viðvíkjandi samsölunni en þá fjölrituðu endurskoðuðu reikninga, sem fyrir liggja, sem ég hef, eins og ég hef tekið fram áður, alla hér fyrir framan mig.

Ég vil í sambandi við endurskoðunina geta þess, að n. hefur ráðið færan endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Auðvitað lítur hann ekki svo á, að hann sé gagnrýninn endurskoðandi. Hann endurskoðar tiltölulega eins og hver annar endurskoðandi, sem fyrirtæki fá til að endurskoða reikninga. Hann telur það ekki hlutverk sitt að gagnrýna, og það liggur í hlutarins eðli, að það er ekki heldur hans hlutverk, heldur eingöngu að ganga úr skugga um, hvort allt sé tölulega rétt. Að vísu mun það hafa verið svo, að annar sá endurskoðandi mun að einhverju leyti hafa komið við sögu þessarar endurskoðunar, en ég hygg, að hans verk hafi lítið verið og hann hafi heldur ekki litið á sig sem gagnrýnandi endurskoðanda.

Það er ákaflega margt, sem ég hefði gaman af að vita, sem reikningarnir segja ekkert um, t. d., hvað hv. þm. V.-Sk. borgar mikið í húsaleigu, þegar hann býr hér í Reykjavík í íbúð, sem mjólkurstöðinni tilheyrir. Ég efast ekki um, að hann borgar þessa húsaleigu, en gott væri að fá að vita, hvað hann borgar mikið. Það hefur nú heyrzt, að íbúðin sé ekki í veglegu húsi að vísu og stundum hafi verið nefnt hrútakofi. En nú á dögum þarf jafnvel fyrir að vera í slíkum kofa að borga húsaleigu. — Það er líka margt fleira, sem ég sé ekki af reikningunum, t. d., hvað þessi hv. þm. tekur mikið í ferðakostnað, þegar hann ferðast til Reykjavíkur og heim aftur vegna samsölunnar. Ég sé ekki af þeim, hve bílstjóri samsölunnar þarf oft að aka bíl hans og gera við hann. Ég sé ekki á þeim, hvort það er rétt, sem haldið hefur verið fram í opinberum málskjölum, að hv. þm. V.-Sk. taki 300 kr. á mánuði fyrir að vera í þessari n., auk þess sem hann hefur kaup fyrir hvern fund, sem hann situr vegna mjólkursölumálanna, og aðrar uppbætur. Þetta allt hefði ég gaman af að fá að vita, en þetta tilheyrir ekki aðalreikningum samsölunnar, heldur undirreikningum og fylgiskjölum. Svo er ekki von, að það sjáist á reikningnum, sem hefur komið fram í opinberum málsskjölum, að þessi hv. þm. hafi sagt, að honum væri sönn ánægja að því að neita kerlingunum í Reykjavík um smjör. En það eru til menn, sem bera það fyrir rétti, að þannig hafi æðsti maður mjólkurmálanna í Reykjavík talað, að honum væri sönn ánægja að því að gera neytendum sem allra mestan óleik. Verkin sýna líka merkin, því að þessi stofnun sýnist líka að öðrum þræði hafa verið rekin með það fyrir augum að skaprauna neytendum, hvort sem er í Hafnarf. eða Reykjavík.

Já, hv. þm. V.-Sk. lauk máli sínu með því að skora á þingið að sýna rögg af sér og drepa þetta mál líka við 1. umr. Þetta sama gerði hann líka í sambandi við lagafrv. það, sem afgreitt var til 3. umr. hér fyrir stuttri stundu, nefnilega frv. um að afnema til bráðabirgða vald kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. En þingið sýndi þá rögg af sér að sameinast um að koma því máli áfram. (**PZ:** Í mjög breyttri mynd). Og svo vonast ég til, að fari einnig um þetta mál, sem hér liggur fyrir. (**PZ:** Þingið samþ. hitt frv. í mjög breyttri mynd). Í mjög breyttri mynd, segir þessi hv. þm. — Þessi rödd kom bara úr loftinu, . . . nei, nei, ég vildi ekki hafa sagt meira. — Allir voru samþykkir, að þar væri um formsatriði að ræða og að valdið sé með öðrum ákvörðunum af þessum n. tekið fyrst um sinn.

Ég held, að það ætti vel við allra síðast að

draga saman með nokkrum orðum þau meginatriði, sem frv. þetta felur í sér, og þau rök, sem að þeim standa.

Frv. felur í sér það að setja sem hámark 8% á verðjöfnunargjaldið, eins og var í l. frá 1935. Ég hef sýnt fram á, að þetta er hin mesta nauðsyn. Það er óhæfa ein að láta mjólkursölun. hafa þetta vald óskorað í sínum höndum, því að það hefur sýnt sig, að hún hefur þann sið að leggja á óhæfilega hátt verðjöfnunargjald, þannig að stórkostlegur tekjuafgangur hefur orðið í verðjöfnunarsjóði ár hvert. Og þessum sjóði á nú að fara að verja til annarra nota en hann var ætlaður til, nefnilega til þess að reisa fyrir hann mjólkurstöð, í stað þess, að hann átti einungis að nota til þess að verðjafna mjólkina.

Frv. felur einnig í sér breyt. á skipan mjólkursölun. og mjólkurverðlagsn., og þarf ég ekki að fara nánar út í það, hversu nauðsynlegt er að afnema það sjálfdæmi, sem áður hefur verið gefið með því, hvernig þær n. hafa verið skipaðar.

Í þriðja lagi felur frv. í sér það að heimila bæjarstjórnum og hreppsnefndum að taka í sínar hendur að annast sölu og dreifingu á neyzlumjólk og mjólkurvörum í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem hafa yfir 1000 íbúa. Ég álít þetta ákaflega þýðingarmikið atriði, og sérstaklega álít ég, að það muni mjög stuðla að því að bæta sambúðina milli bænda og neytenda. Þetta hvílir á þeirri skoðun, að bændur og neytendur eigi að semja um verðlag á þeim vörum, sem þeir verzla með sín á milli, og að viðskiptin eigi að fara fram, að því er mjólkina snertir, fyrir utan stöðvarvegginn. Bóndanum á að vera með samningum tryggt ákveðið verð fyrir sína mjólk. En neytandinn, sem mest á undir því, að mjólkin sé heilnæm og góð vara, á að taka þar við mjólkinni og með hóflegum vinnslu- og dreifingarkostnaði að gera það bezta, sem hann getur, til þess að mjólkin verði heilnæm og sem ódýrust í útsölu. — Þetta hefur af hv. þm. Framsfl. verið talið árás á bændur. Hér er sem oftar ruglað saman bændum og framsóknarmönnum. Hv. þm. V.-Sk. er kannske lítill prestur, en líklega er hann enn þá minni bóndi, en talsvert mikill atkvæðamaður í að skaprauna Reykvíkingum og að skaffa þeim dýra, lélega og skemmda vöru. Ég skil ákaflega vel baráttu þessa hv. þm. Þeir líta svo á, að með þessum yfirráðum yfir vinnslu og dreifingu mjólkurinnar og mjólkurafurðanna skapi þeir sér pólitískt vígi, sem þeir svo hyggjast að verjast í. Í öðru lagi líta þeir svo á, að það sé höfuðnauðsyn fyrir flokk þeirra, að illt sé samkomulagið milli bændanna annars vegar og verkamannanna við sjóinn hins vegar. Og með því að hafa mann á oddinum í þessum málum, sem er sönn ánægja að neita kerlingunum í Reykjavík um smjör og að vatn sé í mjólkinni og annar óhroði (Forseti hringir), með því geta þeir viðhaldið þessari sundrung. — Ég verð að segja, að hæstv. forseti er dálítið bráðlyndur nú, og ég vildi, að hann gætti svona vel hv. þm. V.-Sk., þegar hann heldur sínar dómadags ræður hér. Þegar ég hafði verið hér nokkra daga á þingi, hélt hv. V.-Sk., sem nú er, mikla ræðu, sem hann ætlaði okkur hinum yngri þm. til leiðbeiningar um hegðun. Ég sagði þá, að ég teldi mér þetta til inntekta og ég mundi reyna að horfa á þennan hv. þm. sem fyrirmynd um það, hvernig þm. eigi ekki að hegða sér. Enda hafa orð mín verið þannig, að með tilliti til allrar framkomu þessa hv. þm. eru þau réttmæt. Og ég skal endurtaka það, að það hefur oft verið óhroði í mjólkinni, og ég fæ ekki betur séð en hv. þm. V.-Sk. horfi með ánægju á þetta allt saman. A. m. k. lýsir hann yfir, að hann sé í alla staði ánægður með mjólkurskipulagið og að það skipulag hafi í alla staði náð tilgangi sínum.

Ég skil vel þessa baráttu andmælenda þessa frv. Þetta skipulag, eins og það er rekið, er bara fyrir óréttmæta flokkshagsmuni, en framkvæmd þess beinist gegn bæði bændum og neytendum. Og ég vænti þess, að meiri hl. þ. nái að sameinast gegn þessum óréttmætu flokkshagsmunum og berjast fyrir bæði hagsmunum neytenda og framleiðenda með því að taka þetta frv. til rækilegrar athugunar, gera á því þær umbætur, sem mönnum kann að virðast nauðsynlegar, og skiljast ekki við málið, fyrr en full leiðrétting er fengin á því ófremdarástandi, sem ríkt hefur í mjólkursölunni hér í Reykjavík og Hafnarfirði undir stjórn hv. þm. V.-Sk.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hafði búizt við, að þetta frv. færi til landbn., sem ég á sæti í. Ætlaði ég því ekki að blanda mér mikið í þær deilur, sem hér fara fram. En það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Hafnf., sem fram komu hér í fyrradag, sem gerðu það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs. Þætti mér æskilegast, að hann gæti verið viðstaddur hér og gæti heyrt mál mitt. En fyrst ég tók til máls, skal ég örfáum orðum víkja að frv., sem hér liggur fyrir.

Ég verð að segja það, að á undanförnum árum hefur mér þótt ískyggilega horfa í því, hve miklar deilur hafa verið á milli seljenda og neytenda mjólkur og mjólkurafurða hér á þessu mjólkurverðlagssvæði. Og mér er það fullkomlega ljóst, að það mun ekki vera á neinu öðru viðskiptasviði hér á landi, sem ósamkomulag milli seljenda og kaupenda er eins mikið. Er þetta mjög háskalegt, bæði fyrir seljendur og neytendur og fyrir þjóðina alla, því að eins og gefur að skilja, skiptir það mjög miklu, að samkomulagið sé gott og gagnkvæmur skilningur um jafn-stórfelld viðskipti og þau, sem hér er um að ræða. Nú eiga framleiðendur fullkomna og eðlilega kröfu á því að fá fyrir vöru sína það verð, sem það kostar að framleiða hana, og um það hafa verið miklar deilur á undanförnum árum, hvað það verð væri. En við skulum vona, að nú sjái nokkru betur en verið hefur fram úr þeirri þoku. En jafnhliða því, sem framleiðendur eiga kröfu á þessu, þá eiga neytendur líka fulla kröfu á, að sú vara, sem þeir fá, sé svo vel með farin og vönduð sem kostur er á. Um þessi atriði hafa deilur staðið mjög alvarlegar í sambandi við mjólkursöluna hér í Reykjavík. Og það er nauðsynlegt, að gengið sé fram í því að stilla þær deilur, eftir því sem kostur er. Ég vil benda á, að á öðrum stöðum hér á landi, þar sem mjólkurskipulag er og mjólkur-

samsala, þar ríkir að kunnra manna sögn ekki nein óánægja, hvorki um vörugæðin né viðskiptin í heild. Þess vegna er nauðsynlegt, að rannsakað verði, hvort ekki er hægt að koma því þannig fyrir, að svo gott samkomulag geti einnig ríkt á þessu verðlagssvæði hér, sem nær yfir Reykjavík. Ég hef þá trú, og hef haft hana óbreytta frá því fyrsta, er ég kom á þing, að ef þessu ósamkomulagi yrði burt rýmt, mundi það hafa m. a. þau áhrif, að mjólkurneyzlan hér í Reykjavík mundi stóraukast frá því, sem nú er. Og það eru ekki aðeins framleiðendur mjólkurinnar, sem hér er neytt, sem eiga þar hagsmuna að gæta, heldur þjóðin öll. En út frá þessu sjónarmiði verð ég að segja það, að það þarf allt annað, að ég hygg, til þess að fá úr þessu bætt en þau ráð, sem fram koma í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Því að mér virðist engin trygging liggja í því, þó að bæjum sé veitt heimild til að taka mjólkurstöðvar í sínar hendur og þar með vinnslu og sölu mjólkurinnar, fyrir því, að óánægjan í þessum málum minnkaði eða ástandið batnaði. Auk þess álít ég, að sú aðferð, sem fram á er farið í frv., að höfð verði, sé ekki sú sanngjarna leið, heldur verði að finna önnur úrræði til þess að koma á endurbótum í þessum efnum, sem hér greinir á um. Það, sem fyrst þarf að athuga, er að fá rannsakað, hvaða orsakir liggja til þess, að svo miklir gallar eru á þeirri vöru, sem hér er um að ræða, sem af er látið. Ég skal ekki að öðru leyti fara út í þær þrætur og deilur, sem hér hafa átt sér stað um þetta mál. En ég vildi aðeins láta þetta í ljós, að það er að minni hyggju ekki síður framleiðendanna vegna en neytendanna nauðsyn á, að hægt verði að setja niður þær deilur, sem hér hafa átt sér stað utan þings og innan út af þessum viðskiptum, og koma því til vegar, að báðir aðilar, framleiðendur og neytendur, gætu orðið sæmilega ánægðir.

En það, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, voru ummæli hv. þm. Hafnf. varðandi starfsemi landbúnaðarvísitölun. og þær niðurstöður, sem hún hefur komizt að. Mér þykir leiðinlegt, að hv. þm. Hafnf. er ekki hér viðstaddur. Það má að vísu segja, að þetta atriði, sem hann gerði að umræðuefni hér, komi ekki beinlínis þessu frv. við, sem hér liggur fyrir. En hv. þm. fór út á það svið að ræða þetta nál. út frá því sjónarmiði, að hér væri verið að ræða um verðlag á mjólkinni, og sagði, að verðlagið væri samkvæmt þessu samkomulagi miklu hærra en það í raun og veru ætti að vera og hærra en framleiðslan kostaði. Ég sé því fremur ástæðu til að gera aths. við ræðu þessa hv. þm., af því að það er kunnugt, að hann er greindur og mikils virtur maður, og það er þess vegna meiri hætta á því, að rangfærslur frá hans hlið séu teknar til greina heldur en það, sem ýmsir aðrir kunna að segja um þessi mál. En mér virtist hann í ræðu sinni fara með það miklar villur, að ég tel, að því megi ekki vera ómótmælt. Hann tók fram í fyrsta lagi, að sér virtist, að þessi vísitölun., sem öllum kemur saman um, að miklu skipti starf frá, hún hefði farið út fyrir það svið, sem henni hafi verið ætlað. — Já, það er gott, að hv. þm. Hafnf. er kominn inn í salinn, því að ég var að byrja að svara þeim atriðum, sem hann kom að í ræðu sinni varðandi starf landbúnaðarvísitölun. Nú var það aðaltilgangurinn með þeirri nefndarskipun að fá úr því skorið, hvert skyldi vera hlutfallið milli verðlags landbúnaðarvara annars vegar og kaupgjalds hins vegar miðað við framtöl til skatts, til þess að þeir, sem landbúnað stunda og við hann vinna, geti fengið hlutfallslega líkt fyrir sína vinnu og þeir, sem starfa í kaupstöðum landsins og taka kaup fyrir sína vinnu samkvæmt samningum stéttarfélaga og á annan hátt. Ég held, að það sé misskilningur hjá þessum hv. þm. og öðrum, sem halda slíku fram, að þessi n. hafi farið út fyrir það starfssvið, sem henni var ætlað, og niðurstöður hennar séu ekki í samræmi við þær kröfur, sem til hennar átti að gera. Og ég held, að það sé mjög illa farið, að menn beiti sér fyrir því, hvort sem það gera hv. þm. eða aðrir, að tortryggja að ástæðulausu þá starfsemi, sem þarna hefur átt sér stað. Við vitum allir, að þeir menn, sem þarna áttu a. m. k. mest að leggja til mála í þessari n., sem sé hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu ríkisins, þeir hafa lagt sig mjög vel fram um það að byggja niðurstöður n. á sem fullkomnustum upplýsingum, sem kostur var á.

Hv. þm. Hafnf. áleit rangt að reikna til gjalda við útreikning á rekstri meðalbús vexti af höfuðstól. Þeir eru af n. reiknaðir 900 kr. Mér þykir þessi fullyrðing hv. þm. Hafnf. mjög undarleg. Og ég held, að í þessu sambandi hafi sá hv. þm. haft of mjög í huga ríkisbúin, sem þurfa ekki að borga neina vexti af höfuðstól, hvorki eftirgjald af jörð né annað, sem höfuðstól varðar. En það, sem hér er um að ræða í þessari 900 kr. upphæð í niðurstöðum n., er eftirgjald af jörð og vextir af höfuðstól, sem liggur í verkfærum og áhöldum, sem hvert bú þarf að eiga. Og þegar ég sá þessa upphæð fyrst, þótti mér hún undarlega lág miðað við það, sem ég hefði gert mér hugmynd um. Upphæðin hjá n. er 900 kr. fyrir það bú, sem í raun og veru er stærra en meðalbú. En að upphæðin er ekki reiknuð meiri en þetta, mun vera af því, að þarna sé talið, að að nokkru leyti sé um eign þess að ræða, sem búið rekur, og að nokkru leyti séu þetta innlánsvextir, sem miðað er við, en ekki útlánsvextir, því að um það bil helmings munur er á þeim vöxtum nú, og þess vegna verði vaxtaupphæðin lægri en annars mundi vera. — Ég held, að þegar hv. þm. Hafnf. fer að hugsa um þetta atriði, þá hljóti hann að komast að þeirri niðurstöðu, að þar sé hann á villigötum, þegar hann telur, að þessi liður eigi ekki að teljast með rekstrarkostnaði búsins.

Þá er annað atriði, sem hv. þm. Hafnf. gerði aths. við, sem er stærsti útgjaldaliður bóndans, sem sé kaupgreiðslur. Þær eru, að ég hygg, reiknaðar af sex manna n. 8.600 kr. Þetta telur hv. þm. Hafnf. allt of hátt reiknað og mjög fjarri því, sem almennt eigi sér stað. En ég held, að hann hafi ekki athugað það, hversu ástandið er í þessum efnum breytt frá því, sem áður var. Í útreikningum n. er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi bóndi þurfi að

hafa karlmann í 41 viku, kvenmann í 37 vikur og liðlétting í 21 viku. Ég get alveg staðhæft það, að þessi vinna, vinna karlmanns í 41 viku, kvenmanns í 37 vikur og liðléttings í 21 viku, kostar miklu meira nú en 8600 kr., því að það almennasta kaupgjald fyrir fullkominn mann mun nú vera allt að 8.000 kr. árskaupið, eins og það er á þessu ári. En að þetta er reiknað lægra, byggist á því, að kauphækkunin var ekki að fullu komin á á hálfu því tímabili, sem n. tók tillit til til að byggja á þennan útreikning sinn, því að hún reiknaði með kaupgjaldi á tímabilinu frá 1. sept. 1942 til 1. sept. 1943. En kauphækkunin kom ekki fram í sveitinni fyrr en á síðasta vori, þó að hún kæmi fyrr fram í kaupstöðunum. Og þess vegna hefur n. þarna reiknað með lægri kaupgreiðslum en verða mundi, ef til grundvallar væru lagðar þær kaupgreiðslur í sveit, sem nú eiga sér stað þar almennt.

Þá áleit hv. þm. Hafnf., að bóndanum væri ekki þörf á svona mikilli aðkeyptri vinnu. Þetta er atriði, sem náttúrlega getur komið til álita, og fer þetta að mjög miklu leyti eftir aðstöðu og jarðnæði bóndans. En ég hygg, að það séu þó almennt margir af bændum landsins, sem þurfa hlutfallslega meiri vinnu að nota en þarna er um að ræða. Þeir bændur eru líka til, sem þurfa minni vinnu til þess að framfleyta búi sínu vegna góðrar aðstöðu á jarðnæði sínu.

Þeim, sem halda, að þarna sé hjá n. of í lagt um þennan kostnað, bæði hv. þm. Hafnf. og öðrum, vil ég ráðleggja það að athuga hag og rekstur ríkisbúanna. Það er eðlilegast, að einmitt þeir menn athugi þessu til samanburðar rekstrarkostnað ríkisbúanna hér í kringum Reykjavík og annars staðar á landinu, þar sem þau eru rekin.

Þá vék hv. þm. Hafnf. að því, sem er mjög mikilsvert atriði í þessu sambandi, og það er vinna barna bóndans. Hv. þm. vildi vefengja, að það væri réttmætt að reikna til gjalda þann lið að fullu. Ég tel, að þetta skipti ekki máli. Vinna þeirra barna, sem eru innan 16 ára, er reiknuð í kaupi bóndans, en þau börn, sem þar eru yfir, eru reiknuð með í útborgaðri vinnu, og er það sanngjarnt og eðlilegt, því að það er vissulega ekki neitt sanngjarnt né eðlilegt við það, að bændur, sem geta haft börn sín heima, borgi þeim lægra kaup en þau geta fengið annars staðar. Það er nú eins og stendur eitt mesta meinið fyrir landbúnaðinn og hefur verið undanfarin ár, að börnin í sveitinni, jafnóðum og þau koma upp, fara burt, af því að þeim er boðið svo hátt kaup og góð aðstaða og betri en hægt hefur verið við sveitabúskapinn. Og þess vegna væri óeðlilegt að reikna bændum lægri rekstrarkostnað við bú sín, ef þeir njóta við búreksturinn vinnu barna sinna eldri en 16 ára, og gera þannig ráð fyrir, að þeim sé borgað lægra kaup fyrir það eitt að vera börn bóndans.

Þá er þriðja höfuðatriði hv. þm. Hafnf., þar sem hann gerir mikið úr því, að útgjöldin séu reiknuð búum bænda allt of há og þó sérstaklega kaup bóndans sjálfs. Ég hef ekki aðstöðu til að vita nákvæmlega, hve þær undirstöður eru réttar, sem sex manna n. lagði til grundvallar útreikningi á tekjum annarra stétta, eða hve rækilega hefur verið í þetta farið, en eftir því, sem fram hefur komið, er ekki annað sjáanlegt en það hafi verið gert svo samvizkusamlega sem hægt er á svo stuttum tíma. N. hefur tekið skattaskýrslur hlutaðeigandi stétta eða ákveðins hóps manna úr þeim stéttum og byggt útreikning sinn á þeim. Samkvæmt ræðu hv. þm. Hafnf. var svo að sjá sem helzt hefði eitthvað verið athugavert varðandi útreikninginn á tekjum sjómanna. Hann heldur því fram, að n. hefði tekið tekjur sjómanna yfirleitt og reiknað á þær vísitöluhækkun. Ég hef nú spurt einn nm. um það, hvernig með þetta hafi verið farið, og staðfestir hann það, sem tekið er fram í nál., að sjómenn með áhættuþóknun hafi ekki verið teknir með. En hinir, sem teknir voru, eru annars vegar hlutasjómenn að einhverju leyti, en að hinu leytinu sjómenn, sem vinna fyrir kaupi og fá verðlagsuppbót. Nú er svo með þetta farið, að kaup þessara manna er tekið samkv. skattaskýrslum ársins 1942, og að svo miklu leyti sem dregið er frá, er það gert samkv. þeim breytingum, sem urðu á vísitölunni á síðari hluta ársins 1942 og fyrri hluta 1943, en þær breytingar voru litlar. Þarna getur að vísu einhverju skakkað, en nær því rétta er varla hægt að komast. Það er auðvitað aldrei hægt að fá alveg nákvæmlega rétta niðurstöðu með þessari aðferð, að taka fjóra mánuði af öðru árinu og átta mánuði af hinu, að því er snertir hlutasjómenn, því að tekjur þeirra fara eftir því, hver aflinn er. Varðandi tekjur bóndans að öðru leyti skal ég ekki fullyrða, hvort einhverju kann að muna, en sé það nokkuð, þá er það mjög lítið. En ég vil taka fram annað atriði, sem hefur ekki komið fram í umr., sem sé það, að ég álít ósanngjarnt, að atvinnurekendur eins og bændur, sem þurfa að hafa fjölþætta þekkingu á starfi sínu og eru yfirleitt fullorðnir menn, megi ekki hafa hærri tekjur en sá hluti verkalýðsstéttarinnar, sem er ekki eldri en 16—25 ára og þarf ekki neinnar sérþekkingar við til að rækja starf sitt. Þess utan er áhætta bóndans við venjulegar kringumstæður þess eðlis, að gjarnan mætti taka hana til greina. Við sjáum það þessa dagana, hver þessi áhætta er, þegar meiri eða minni hluti af heyjum manna liggur undir vatni og fönn. Þetta kemur oft fyrir, þó að meiri brögð séu að því nú en endranær.

Þá hafði hv. þm. Hafnf. orð á því, að sér virtist sem stefnt væri til byltingar í þjóðfélaginu, ef haldið yrði áfram á þeirri leið að hlaða undir eina stétt manna, eins og gert væri, en þar átti hann við bændastéttina. Hann sagði, að það gæti ekki horft til þrifa, er svo væri komið, að hægt væri að kaupa landbúnaðarafurðir frá útlöndum fyrir lægra verð en það, sem greiða verður fyrir innlendar landbúnaðarafurðir. Það má að vísu segja, að komið sé á óheillavænlega leið þegar slíkt á sér stað. En hverju er um að kenna? Því, að vinnukostnaður er orðinn hærri hér en í nágrannalöndunum. Og ég held, að þeir, sem standa nærri iðnaðinum, eins og hv. þm. Hafnf., ættu að hugleiða, hvort ekki sé svipuðu máli að gegna um iðnaðinn. Hvernig mundi aðstaða iðnaðarins vera, ef

hætt væri að vernda hann? Ég held, að nú þegar sé líka svo mikill munur á verði innlendrar og erlendrar iðnaðarframleiðslu, að ekki muni síður horfa óvænlega fyrir framleiðslu okkar á því sviði, þegar verðbólgan rénar. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en vildi þó ekki láta þessu atriði ósvarað, vegna þess að mjög er hættulegt, þegar verið er að reyna að koma á sættum í svo harðsóttu deilumáli sem þessu, að þá sé haldið fram staðhæfingum, sem byggðar eru á vanþekkingu einni saman, ekki sízt þegar það er gert af gáfumönnum, sem njóta mikils trausts. Hér er einmitt þörf á meiri gagnkvæmum skilningi en til hefur verið að dreifa að undanförnu.

Læt ég svo þetta nægja, en býst við að fá tækifæri til að ræða þetta efni nánar síðar meir.

Páll Zóphoníasson: Það er gersamlega ómögulegt að svara öllum þeim staðleysum, sem fram hafa komið í þessum umr., eða reka þær aftur, en nokkrar þeirra eru þó þess eðlis, að ég hef betri aðstöðu til að svara þeim en aðrir. Þar á meðal er sú staðhæfing hv. þm. Hafnf., að aldrei séu svo ákveðnar verðbreytingar á mjólkinni, að ekki sé fyrst haldinn fundur með fáeinum fulltrúum, áður en málið er tekið fyrir á reglulegum nefndarfundi. Þetta er alveg ósatt. Verðbreytingar hafa ævinlega farið fram samkvæmt atkv. nefndarmanna. Ég hef farið gegnum fundabók n., og kemur í ljós, að mjólkurverð hefur verið ákveðið 16 sinnum alls. Í nóv. 1934, þegar n. varð til, var mjólkurverðið samþ. með samhlj. atkv. Guðmundur Eiríksson vildi reyndar hafa sama verð á mjólk í flöskum og í lausu máli. Menn geta kallað það ágreining, ef þeir vilja, en ég kalla það ekki ágreining. Í okt. sama ár var mjólkin sett niður í 38 aura lítrinn með samhlj. atkv. allra. Svo stendur mjólkurverð óbreytt til 11. febr. 1938. Þá er hún hækkuð með samhlj. atkv. allra. Enginn ágreiningur. Næst, 12. jan. 1940, lagði ég til, að mjólkin yrði hækkuð upp í 45 aura. Meðnm. mínir, sem telja sig vera umboðsmenn neytenda, töldu, að verðið þyrfti ekki að vera meira en 44 aurar, og ráðh. fór þá fram á, að við frestuðum hækkuninni, þar til frekari athugun hefði farið fram á því, hver hækkun hefði orðið á dreifingarkostnaði. Við þeirri ósk var orðið, og fékk ráðh. þá Björn Árnason og Ara Thorlacius til að hafa á hendi þá athugun. Þeir skiluðu áliti 27. febr. og fundu dreifingarkostnað sama og ég hafði álitið hann. Ég veit ekki, hvort menn vilja kalla þetta ágreining, því að lægra verðið var látið gilda, þangað til nál. kom fram, og var það þá hækkað með samhlj. atkv. upp í 45 aura, en þá var búið að hafa af framleiðendum þennan eina eyri, meðan á rannsókninni stóð. Næsta hækkun fer fram í júní 1940. Þá var mjólkin hækkuð upp í 51 eyri, og fulltrúar neytenda voru þá báðir á móti. 30. sept. er hún aftur eftir till. frá Guðmundi Oddssyni, fulltrúa neytenda, hækkuð upp í 56 aura og þá með samhlj. atkv. 29. jan. 1941 er verðinu enn breytt í 61 eyri með 4 shlj. atkv., en einn greiddi ekki atkv. Við skulum segja, að þá hafi verið ágreiningur, en hann var þó ekki meiri en þetta. 1. apríl 1941 er verðinu breytt í 65 aura með samhlj. atkv. allra, og 6. júní í 72 aura, líka með samhlj. atkv., en einn sat hjá. 9. ágúst var mjólkin hækkuð í 80 aura með 3:2 atkv., 9. des. hækkar hún í 92 aura með samhlj. atkv. og 21. júní 1942 hækkar hún enn í kr. 1,15 með samhlj. atkv. allra í mjólkurverðlagsn. og allra í gerðardómi í verðlagsmálum, sem málið heyrði undir. 11. sept. 1942 hækkar mjólkin í kr. 1,50 með 4 shlj. atkv., en einn sat hjá, og 8. nóv. hækkar hún enn í kr. 1,75 með 3:2 atkv., en þeir tveir, sem á móti voru, lögðu til, að hækkuninni yrði frestað um sinn eða þar til Alþ. kæmi saman og gengi frá dýrtíðarráðstöfunum. Þessir nm. höfðu aðeins þessa sérstöðu, en töldu annars sjálfsagt að hækka verðið. Þetta er nú saga málsins. Og ef talið er saman, kemur í ljós, að á 8 fundum var enginn ágreiningur, en á 8 var nokkur ágreiningur, ef rétt er þá að viðhafa það orð, því að hann snerti oftast aukaatriði, sem komu ekki verðinu sjálfu við. Í annað hvort skipti hefur að minnsta kosti alls enginn ágreiningur orðið, en hv. þm. sagði, að aldrei hefði verið ákveðið verð á mjólk í n. ágreiningslaust. Gerðabókin er hér til sýnis, ef hv. þm. vill sjá hana.

Þá sagði hv. þm., að sá tilgangur l. að tryggja hagsmuni framleiðenda og neytenda hefði ekki náðst. Samt viðurkennir hann í öðru orðinu, að útsöluverð hafi, skömmu eftir að samsalan tók til starfa, lækkað í 38 aura úr 42 aurum, sem var verðið fyrir tilkomu samsölunnar. Þrátt fyrir þessa lækkun varð verðið til bænda 0,7 aurum hærra en verið hafði. Það er augljóst, að þarna hafa báðir aðilarnir, neytendur og framleiðendur, hagnazt, og verður ekki um það deilt, að það er ekki öðru en skipulaginu að þakka. Þetta mun hann eiga við, þegar hann segir, að skipulagið hafi í fyrstu verið hagræði fyrir báða aðilana. En hvað hefur síðan gerzt? Það, að mjólkurmagnið, sem var 3—4 millj. kg 1934, þegar samsalan var stofnuð (hv. 8. þm. Reykv. segir reyndar, að það hafi verið 1935, en þetta eru ósannindi, hvort sem hv. þm. segir þau vísvitandi eða ekki), — var komið upp í 15—16 millj. kg, áður en stríðsástandið hófst. Verðið til bænda hafði heldur hækkað vegna skipulagsins. Nú er ríkjandi sérstakt ástand og ekki hægt að hafa það til samanburðar. Þó hefur heppnazt að láta dreifingarkostnaðinn vera heldur minni en áður en samsalan hófst. Það er óhætt að segja, að tilgangurinn með skipulaginu hefur náðst: Lægra verð til neytenda og betri mjólk og hærra verð til bænda. Hins vegar er það, að þegar verið er að vinna að mjólkinni, verða menn að hafa það í huga, sem margur veit ekki, að, mjólkurstöðin er reist fyrir 1930, á tímum, þegar mjólkursalan nam á 2. millj. kg. Hún var reist til að taka á móti 3 millj. lítra, en nú, þegar magnið er komið yfir 10 millj. lítra, er stöðin auðvitað allt of lítil. Það hefur virzt erfitt að koma upp nýrri mjólkurstöð og margt, sem hefur tafið það mál. Nú í fimm ár hefur staðið deila um það að fá stað undir nýja stöð, þar til samkomulag náðist loks um þann stað, sem nú er verið að reisa stöðina á. Það væri eina réttmæta ásökunin um það, að ný mjólkurstöð er ekki komin fyrir löngu. En

hvern á að ásaka? Hver og einn mundi bera af sér. Það þarf ekki nema almennan skilning til að sjá, að mikið vantar á, að þessi litla stöð geti annað því að vinna alla þá mjólk, sem að berst, eins og nú er komið. Það skilja Hafnfirðingar betur en aðrir.

Þá var hv. 8. þm. Reykv. með ýmsar getsakir miður góðgirnilegar. Ég ætla ekki að svara þeim neitt að ráði, en ég held, að þótt ég sé ekki guðfræðingur, geti ég gert mér í hugarlund, hvað það er, sem liggur á bak við þetta frv.

Bændur eiga að vera skyldaðir til að afhenda mjólk sína óunna til neytenda. Þetta er réttlætt með því, að sex manna n. hafi ákveðið, hvað bændur skuli fá fyrir hana, en þó ekki nema þær mjólkurafurðir, sem seldar eru innan lands.

En það, sem ég hygg þá, að sé á bak við þetta frv., er það, að þeir, sem hér þykjast vera að hugsa um hagsmuni neytenda, vilji eignast og hafa í sinni hendi öll þau tæki, sem þarf til að gera mjólkina seljanlega vöru. Þá hafa þeir einnig í sinni hendi, samkvæmt þeirra hugsunarhætti, að segja nei, þegar þeim þykir mjólkin of mikil. Það er hugsað, að neytendur nái umráðum yfir öllum þeim tækjum, sem gera mjólkina seljanlega vöru. „Þá getum við", hugsa þeir, „skammtað verðið". Svona vilja þeir hafa það. Þeir hafa vanizt því áður. Þeir hafa haft það svona í kaupgjaldsmálum. Þeir hafa sett, — kannske ekki hnefann, heldur bara lófann, — á kollinn á Ólafi Thors og sagt: „Við hættum að skipa upp, nema við fáum þetta eða þetta fyrir vinnuna". Þegar svo þeir væru búnir að ná á sitt vald mjólkurvinnslutækjunum, þá mundu þeir segja: „Vinnslan kostar þetta og þetta, neytendur geta ekki keypt mjólkina dýrara verði en þetta eða þetta, þess vegna verða bændur að selja hana fyrir mismuninn, þ. e. a. s. það verð, sem við ákveðum. Annars kaupum við ekki mjólkina". Ég ímynda mér, að þetta séu sízt verri getsakir en ástæða er til að gera sér. Náttúrlega segja þeir þetta ekki nú, en reynslan sýnir, að þessa aðferð mundu þeir nota, ef þeir hefðu aðstöðu til þess, til að fá ákveðið verð.

Annars væri gaman að vita, hvernig þeir, sem að þessu frv. standa, hugsa sér, að neytendur reki hin ýmsu mjólkurbú. Ég hef sérstaklega í huga eina elztu mjólkurstöð landsins, mjólkurbúið á Baugsstöðum. Hvaða neytendur hugsa þeir sér, að eigi það? Það er mjólkurbú á Sauðárkróki, sem býr til vörur, sem seldar eru um allt land. Hvaða neytendur eiga að yfirtaka það? Það er mysuostur gerður í mjólkurbúinu í Hveragerði. Hvaða neytendur eiga að reka það? Mjólk er soðin niður í dósir í Borgarnesi. A. m. k. 90% neytenda hennar eru um borð í skipunum, sem ganga milli landa og út á fiskimiðin. Hvaða neytendur eiga að reka það? Hvaða neytendasamband á að taka það? Mig langar til að fá skorið úr þessu, alveg ákveðið. Það eru smjörsamlög í Dalasýslu, — ég held þau séu 3. — Hverjir eiga að taka við þeim? Þetta langar mig til að fá að vita hjá flm. þessa frv.

Þeir segja kannske sem svo: Þetta á bara við stöðina hér í Reykjavík. Gott og vel. Látum svo vera. En hver á þá að taka við því, sem er framyfir það, sem neytendur þurfa? Það, sem af er þessum mánuði, hafa verið seldir hér 22—27 þúsund lítrar á dag. Hvað ætli þeir fái mikið á dag, þegar neytendur taka við? Hvernig hugsa þeir sér það? Þeir sögðu um daginn, að ekki kæmi til mála að taka meira en það, sem þyrfti fyrir innlenda markaðinn. En nú er mjólkurneyzlan mjög mismunandi dag frá degi. Við hvað á að miða, hvað nóg er? Þegar neytendur hugsa um það sjálfir, þá hljóta þeir að sjá, hver vandkvæði eru á því, ef ekki á að taka við meira en þarf á hverjum tíma. Framleiðslan er mismunandi — allt frá 20—60 þús. lítrum á dag. Ef þeir ætla ekki að taka meira en þeir þurfa, þá þarf að senda mjólkina á aðra staði til að koma henni í verð. Nú er mjólkin tekin eins og hún kemur, það selt, sem hægt er, og unnið úr því, sem af gengur.

Það er talað um mjólkurskort þessa dagana. Það er satt. Það er ævinlega mjólkurskortur um þetta leyti árs. En þessi mjólkurskortur er minni nú en hann hefur nokkurn tíma verið. Ef við förum 10—12 ár aftur í tímann, þá munum við það, að þá var hvergi mjólk að fá, þegar komið var fram yfir hádegi. Bændurnir á mjólkursvæði Reykjavíkur hafa fært til burðinn á kúnum á þessum tíma. Í stað þess, að fyrir 10 árum voru 46% af kúnum haustbærar, eru nú ekki nema 30% haustbærar, burðurinn orðinn jafnari og nokkrar sumarbærar. Afleiðingin er sú, að nú er mjólkurmagnið meira en það hefur nokkurn tíma verið um þetta leyti árs. Þó er talað meira um mjólkurvandræði núna en nokkru sinni fyrr.

Ég vænti þess, þó að þetta frv. fari til n., — það er gott að vera góður og kurteis og lofa því það, — þá detti engum í hug í alvöru að samþykkja það. Það mundi hafa það í för með sér, að þeir, sem ættu hús mjólkurstöðvarinnar og tækin, hefðu algerlega í hendi sér að skammta bændum, ekki einungis verðið fyrir mjólkina, heldur og, hvað mikið þeir mættu selja. Það yrði óskemmtileg úlfakreppa. Þar að auki mundi það verða til þess að skapa minni hugsun á því, að varan yrði góð á því stigi, sem hún berst í stöðina, en um það þarf fyrst og fremst að hugsa á heimilunum sjálfum. Það er fyrst og fremst til hagsmuna fyrir bændur sjálfa, að varan sé ekki bara góð, heldur, að hún sé sem mest.

Þetta frv. á þess vegna ekki að verða samþykkt. Þó get ég verið svo góðhjartaður við það að senda það til n., en lengra líf á því ekki að auðnast.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það hefur nú verið sannað hér, svo ekki verður á móti mælt, að frv. það, sem hér um ræðir, er einhver hin ófyrirleitnasta árás, sem borin hefur verið fram á Alþ., gegn bændastétt landsins og samtökum bænda. Ég hygg, að hvergi verði fundið

hliðstætt dæmi nema þar, sem einræðisfyrirkomulagið hefur verið að brjóta undir sig landbúnaðinn. Það er þrennt, sem lagt er til grundvallar þessu frv. Fyrst: Það á að banna bændum að selja vöru sína þar, sem aðalmarkaðurinn er fyrir hana. Annað: Það er ákveðið að koma upp mjólkurverðsdómstól, þar sem bændur eru í minni hluta, svo að þeir hafa ekki aðstöðu til að ráða nokkru um verð vöru sinnar. Þetta á að vera framtíðarfyrirkomulag, og svipaðar hömlur eru settar á aðra þátttöku bænda í þessum málum á öllum sviðum. Og í þriðja lagi er heimild til að taka eignarnámi eigur þeirra með því að greiða fyrir þær verð, sem undir mörgum kringumstæðum yrði langt undir kostnaðarverði fyrirtækjanna, — því það verður ekki séð, að það eigi að taka neitt tillit til þess, hvort um níðurskrifaðar eignir er að ræða, eða neitt tillit til verðlags í landinu í sambandi við þessar eignir, eins og venja er þó til, þegar verið er að taka eignarnámi. Það er því ekki að furða, þó að flm. reyni að grímuklæða þetta mál, enda er það gert. Aðalgríman er þetta: að ekki sé um neina árás á bændur að ræða, heldur það, sem þeir kalla „Framsóknarklíkuna“ í landinu og þá fyrst og fremst í nágrenni Reykjavíkur. Vitanlega er þetta gert til þess, að þeir menn í þinginu, sem ekki hafa neina ofurást á Framsfl., fylgi frv., ef þeir skyldu skapa sér þá skoðun, að verið væri að vega eingöngu að Framsfl. Og það er engu líkara en þetta ætli að heppnast. Svo var að heyra á hv. 7. þm. Reykv., og er það merkilegt, að hann virtist ekki sjá neitt í þessu frv. annað en baráttu við Framsfl. Ég hélt satt að segja, að hann væri of greindur til þess að sjá ekki í gegnum þennan vef. Ef mjólkin hefði verið í höndum stjórnskipaðrar n., þar sem stjórn Framsfl. hefði nefnt menn í n., þá hefði þetta getað staðizt, en ekki, eftir að bændur hafa tekið söluna í sínar hendur. Svo hélt ég, að menn vissu, að bændur á þessu svæði senda jöfnum höndum bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn á þing, og ég veit ekki betur en stofnunin sé ópólitísk, þó að hver einstakur meðlimur hennar hafi sína ákveðnu pólitísku skoðun, eins og t. d. í Alþsambandi Íslands. Það er fleira, sem þeir bera fram sem ástæðu fyrir því, að taka þurfi upp þetta fyrirkomulag að taka yfirráðin af bændunum. Með því á að tryggja bæjarbúum meiri, betri og ódýrari mjólk. Ég get ekki séð, hvernig þetta fyrirkomulag, þótt að l. yrði, gæti tryggt vörugæði fram yfir það, sem nú er gert. Allir þessir bændur reyna að vanda vöru sína og koma henni á markaðinn í sem beztu ástandi. En l. er þannig háttað, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur allt eftirlit með þessum málum. Samkv. þeim og reglugerðum um þau hafa bæjarfélögin ekki bara rétt, heldur skyldu til að fylgjast með þessum málum, frá því að við mjólkinni er tekið af bændum og þar til hún er komin til neytenda. Og ef sóðaskapur á sér stað, eins og látið er af, þá er vanræksla heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík ekki lítil. — Bæjarstjórnin hefur í hendi sinni að setja reglur og fylgja þeim eftir. — En ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þessar ásakanir allar eru ýktar. Mjólkurrifrildi er sem sé orðin landlæg pest hér í Reykjavík.

Ég hef fylgzt nokkuð með þessum málum hér um tuttugu ára skeið. Ég var í stjórn Mjólkurfélags Reykjavíkur á þeim árum, sem það rak hér fyrstu og einu mjólkurhreinsunarstöðina á landinu. Þá var mjólkursala leyfð hér eftirlitslítið í fjósum um allan bæinn og umhverfis hann. Og þar var aldrei um sóðaskap að ræða. — En Mjólkurfélagið varð fyrir fráleitum árásum í bæjarblöðunum fyrir, að það seldi vonda mjólk og skítuga, — og ef mjólkurskortur var á haustin, var það af sumum kallað morðtilraun af hendi félagsins á börnunum í Reykjavík. Svo þegar Mjólkursamsalan tók við mjólkursölunni af Mjólkurfélagi Reykjavíkur, erfði hún ásakanirnar og í aukinni útgáfu, og nú minnist enginn annars en hún hafi verið hér í himnalagi, þangað til hin vonda Mjólkursamsala tók til starfa.

Í haust var þess getið í einu bæjarblaðanna, að samsölumjólkin væri svo vond, að setuliðið vildi ekki líta við henni. Svo gefur einn af yfirmönnum setuliðsins vottorð um, að hann drekki mjólk frá samsölunni á hverjum degi, og ber henni í alla staði vel söguna, og nú keppast blöðin um að skammast yfir því, hve mikið af þessu óæti fari til setuliðsins, í stað þess að gefa það blessuðum börnunum.

Svona er nú málaflutningurinn. Það dettur hvorki mér né öðrum í hug að neita því, að ýmislegt standi til bóta í þessum málum. En ég leyfi mér að fullyrða, að verði ekki unnt að lagfæra það, sem þarf, undir því skipulagi, sem nú er á þessum málum, þá verði það ekki frekar lagfært, sem nú er stefnt að. Þrifnaðar- og heilbrigðiseftirlitið hafa bæjarvöldin í hendi sér, og sú hliðin, sem að bændunum snýr, verður ekki betur tryggð, þótt allt vald og ábyrgð í þessum málum verði af þeim tekin.

Það, sem mestum erfiðleikum hefur valdið í þessum efnum, er það, að stöð sú, sem samsalan tók við af Mjólkurfélaginu, er orðin langsamlega of lítil, — þar sem mjólkurmagnið hefur vaxið upp úr henni á skömmum tíma. Að enn þá hefur ekki reynzt unnt að koma upp nýrri mjólkurstöð, er af ýmsum eðlilegum ástæðum, sem bent hefur verið á í umr. En nú er hafizt handa um þetta mál, og ef ekki stendur á afgreiðslu véla í stöðina af stríðsástæðum, má vænta þess, að hún verði komin upp innan árs eða svo. Er þá stærstu hindruninni um fullkomna meðferð og vinnslu mjólkurinnar rutt úr vegi. Og það er nokkurn veginn víst, að stöðin kemst ekki upp einum degi fyrr en ella, þótt þetta frv. verði samþykkt.

Þá er það aukning mjólkurinnar. Það hefur í umr. verið sýnt fram á það með rökum, að aldrei hefur aukning mjólkurinnar á Reykjavíkurmarkaðinum stigið önnur eins risaskref og undir mjólkurskipulaginu. Og þó að nokkurs mjólkurskorts hafi gætt í nokkrar vikur yfir haustmánuðina, þá er það engin nýlunda í landi okkar. Eins og sýnt hefur verið og sannað, er mjólkurmagnið nú meira en það hefur nokkru sinni verið yfir haustmánuðina. Þetta sýnir, að

þróunin fer í þá átt að jafna mjólkina yfir árið, þó að það sé bæði erfiðleikum bundið og mikill kostnaðarauki fyrir bændur að auka til muna mjólkurframleiðsluna yfir haustmánuðina.

En meðal annarra orða: Hvernig halda menn, að hægt sé að tryggja það, að alltaf verði nægileg mjólk og vaxandi, þótt bæjarstjórnirnar tækju að sér sölu hennar og vinnslu? Þeir, sem að þessu standa, hugsa máske eins og einn spekingurinn af götunni, — einn þeirra, sem alltaf eru að álasa bændunum fyrir amlóðahátt og þykjast kunna ráð við öllum meinum landbúnaðarins. Þessi spekingur sagði, að það væri einn votturinn um athafnaleysi bændanna að láta ekki kýrnar bera oftar á ári en þær gera. Þessir menn halda máske, að kýrnar yrðu svo upp með sér af því að mjólkin úr þeim ætti að fara í gegnum hinar fínu hendur bæjarstjórnar og borgarráðs, að þær tækju upp á því að bera með hverju tungli til að tryggja þeim næga mjólk.

Ég veit ekki og skil ekki rökin hjá þessum mönnum.

En af því að það eru bæjarstjórnar- og bæjarráðsformenn, sem að þessu frv. standa, finnst mér ekki úr vegi að biðja þá að stinga hendinni í eigin barm í sambandi við kröfur þeirra á hendur bændum. Þeir ætla að leysa öll vandamál mjólkursamsölunnar með því að taka þessi mál í sínar hendur. En hvernig gengur þeim með þau verkefni, sem þeir hafa tekið að sér fyrir bæinn? Hvernig er það með rafmagnið, sem þeir eiga að sjá um? Finnst þeim ekkert athugavert við það, þótt það sé af svo skornum skammti, að húsmæðurnar séu í vandræðum með að elda matinn og þeir, sem reka starfsemi sína með rafmagnsvélum, verði oft að standa verklausir tímum saman?

Hvernig er það með húsnæðisleysið, sem bæjarstjórnin hefur tekið að sér að bæta úr? Það hefur flogið fyrir, að sumt af íbúum bæjarins hafi orðið að búa í tjöldum síðastliðinn vetur og nú eigi að ráðstafa nokkru af fólkinu í skúrana hjá setuliðinu, — sem má þó ekki fá einn mjólkurdropa hjá samsölunni.

Eða þá vatnið? Nú hefur verið sagt, að í mörgum húsum væri ástandið þannig, að þangað fengist ekki vatnsdropi til suðu dag eftir dag og ekki væri hægt að hella úr koppunum daglangt (eða hleypa niður úr klósettunum, eins og það heitir á nútíðarmáli) vegna vatnsleysis. Og svo þykjast þessir sömu menn ætla að leysa allan vanda í mjólkurmálum með því að taka þau í sínar hendur. Halda þessir menn að það sé hægara að afla mjólkur en vatns í þessu landi rigninga og vatnsfalla? Mér er sem ég sæi yfirskriftina í dagblöðum þeirra, ef það væru bændurnir, sem tekið hefðu að sér að útvega borgarbúum, þótt ekki væri nema vatnið, — og leystu það ekki betur af hendi en þetta.

Nú bið ég menn að skilja mig ekki svo, að ég álíti það réttmætt að álasa bæjarstjórninni fyrir það, þótt hún hafi ekki, jafnóðum getað leyst úr öllum þeim vandamálum, sem að hafa steðjað á öllum þessum óvenjulegu tímum. En ég vil bara að þessir háu herrar skilji það, að fleiri hafa við erfiðleika að stríða í störfum sínum en þeir einir og að ekki dugar að heimta allt með frekju af öðrum, meðan þeir standa vanmáttugir gagnvart þeim verkefnum, er þeir hafa sjálfir tekið að sér.

Þá er það krafan um lægra mjólkurverð. Hún ein kynni að geta heppnazt, ef frv. yrði að l. og kæmist til framkvæmda. En það yrði ekki á þann hátt, að rekstur og sölukostnaður lækkaði. Hann er nú þegar svo lágur, að eins dæmi mun vera í þessum bæ. Rekstrarkostnaður samsölunnar var s. l. ár tæp 6% á sama tíma og t. d. er leyft að leggja um 50% á ölflösku í smásölu og annað eftir því. Það eru því mestar líkur til, að dreifingarkostnaðurinn hækkaði. En mjólkurverðið gæti vel lækkað samt sem áður á þennan ofureinfalda hátt að lækka bara verðið til framleiðendanna. Og það væri líka hægurinn hjá um það, þegar búið væri að taka alla verðákvörðun úr höndum bændanna — og öll tæki til að gera vörur úr mjólkinni, svo að þeir ættu ekki annars úrkostar en láta vörur sínar í hendur þessara manna með þeim skilmálum og gegn því verði, sem þeim væri skammtað, — eða hella henni niður. Með þessu móti væri máske hægt að tryggja lægra mjólkurverð, en ef til vill yrði vafasamt um mjólkuraukninguna.

Og svo bíta flutningsmenn höfuðið af skömminni í rökstuðningi sínum fyrir frv. með því að segja ofurmeinleysislega, að þetta frv. sé framhald af samkomulaginu í sex manna n. Framhald af samkomulaginu. Það má nú segja, að hræsnin og yfirdrepsskapurinn riði hér ekki við einteyming. Mennirnir, sem stóðu að þessu samkomulagi, en hlupu frá því og sviku það álíka fljótt og blekið var að þorna á nöfnum fulltrúa þeirra í n., sem undirskrifuðu álitið og samkomulagið, — leyfa sér að tala um framhald af samkomulaginu. Ég hef engin orð frá sjálfum mér yfir þennan málflutning. En þó að ég sé ekki eins biblíufróður og hv. 8. þm. Reykv. (SigfS), þá minnir mig samt, að einhvers staðar standi þessi setning:

„Vei yður, þér hræsnarar".

Við höfum oft heyrt það af vörum sósíalista, — einkum kringum kosningar, — að það væri nauðsynlegt, að samstarf gæti hafizt milli bænda og verkamanna á þjóðmálasviðinu, svo að þessar tvær stéttir gætu sameiginlega unnið að bættum kjörum sínum og alþýðunnar í landinu. Þeir hafa farið um þetta mörgum fögrum orðum, þó að nokkuð óljóst kæmi fram, hvernig þeir hugsuðu sér þessa samvinnu í einstökum atriðum. Nú liggur einn þáttur þessarar samvinnu fyrir í frv., svo að ekki verður um deilt.

Það er sagt, að gjöf skuli gjaldast, ef vinátta á að haldast. Ef bændur vildu svara þessu samvinnutilboði í sama tón, ættu fulltrúar þeirra að leggja fram frv. á þ. um nýtt fyrirkomulag á málum verkamanna. Þar ætti að vera kveðið svo á, að öll vinnumiðlun í landinu og ráðstöfun vinnuafls skyldi fengin í hendur félagi atvinnurekenda. Þá ætti að ákveða þar að koma upp kaupgjaldsdómi, þar sem kaupgjald verkamanna væri ákveðið — og honum þannig fyrir komið, að atvinnurekendur hefðu þar meiri hluta. Þá þyrftu að vera þar ákvæði um, að

heimilt væri atvinnurekendafélaginu að láta taka eignir verkalýðsfélaganna eignarnámi gegn greiðslu áhangandi skulda o. s. frv., ef það þyrfti á þeim að halda o. s. frv.

Og í grg. frv. væri sjálfsagt að geta þess, að nú væru verkalýðsfélögin gersamlega orðin handbendi kommúnistaklíkunnar í Reykjavík, sem réði þar lögum og lofum og reyndi að stuðla að vinnusvikum og hvers konar ótrúmennsku meðal verkamanna. Svo væri hægt að hafa dálítinn hjartnæman kafla um það, að framtíð barnanna okkar byggðist á því, að hægt væri að framleiða sem mest í landinu af sem ódýrastri vöru, bæði til neyzlu innan lands og til útflutnings, og að atvinnurekendum væri bezt trúandi til að hafa skilning á þessum málum og stjórna þeim með bændum og svo framvegis.

Svo mikið er víst, að það er ekki þessum mönnum að þakka og frumhlaupi þeirra, ef samvinna bænda og verkamanna tekur ekki þessa stefnu í framtíðinni.

Ég vil þá með nokkrum orðum snúa mér að ræðu hv. þm. Hafnf. (EmJ). Ýmsu úr ræðu hans er þegar svarað hér að framan og öðru af þeim hv. þm. V.-Sk. (SvbH) og A.-Húnv. (JPálm).

Þm. Hafnf. virtist nú ekki hafa neina tröllatrú á, að frv. þetta væri allra meina bót í mjólkurmálunum, og kemur mér það ekki á óvart um jafngreindan og venjulega sanngjarnan mann. Hitt er svo annað mál, að margt í málefnaflutningi hans var í þetta skipti allt annað en greindarlegt eða sanngjarnt. Hann gerði þetta frv. ekki nema að litlu leyti að umræðuefni, og snerist ræða hans mest um niðurstöður sex manna n. og verðlagið á landbúnaðarvörum.

Það má nú segja um ósamkomulagið út af samkomulagi sex manna n. þetta, sem skáldið sagði forðum: „Undarlegt með tíkina". — Á undanförnum árum, þegar mest var rifizt um verðlagið á landbúnaðarvörunum og kaupgjaldið, var iðulega að því vikið bæði í ræðu og riti, hver nauðsyn væri á því að fá þetta rifrildi út úr þinginu og út úr stjórnmálunum, með því að fulltrúar verkamanna og bænda semdu sín á milli um hvort tveggja og reyndu að finna sanngjarnt hlutfall þar á milli. Og um tíma var þetta orðið að slagorði, — ekki sízt hjá ýmsum fulltrúum verkamanna. Svo tók Alþ., sem ég hélt, að hefði verið búið að fá nóg af þessum deilum, þessar kröfur svo alvarlega, að það lögfesti þessa tilraun, sem eitt aðalatriði í dýrtíðarl. Svo var n. ákveðin, — tveir menn frá hvorum — bændum og verkamönnum, og til þess að tryggja það, að niðurstöður n. yrðu ekkert handahóf, voru lögskipaðir í n. tveir beztu kunnáttumenn, sem þjóðin átti völ á í þessum málum, hagstofustjórinn og forstöðumaður búreikningaskrifstofu ríkisins. Og til að tryggja enn betur, að reynt yrði að ná viðunandi niðurstöðu, var ákveðið, að niðurstöður n. skyldu því aðeins öðlast gildi, að fullt samkomulag allra nm. yrði um þær í öllum atriðum.

Ég hygg, að þeir hafi verið margir, sem kviðu því, að slík niðurstaða mundi ekki fást um svo viðkvæmt deilumál á þessum sundrungartímum í þessu sundrungarlandi. En svo gerðist hið óvænta. N. verður sammála um niðurstöðuna og skilar sameiginlegu áliti. Úr því átti þetta að vera leyst — og niðurstöður n. að vera fullnaðardómur í málinu, sem yrði ekki vefengdur og ekki áfrýjað. — Í fyrstu var sem menn fögnuðu þessum úrslitum, svo óvart sem þau komu. En Adam var ekki lengi í Paradís. Fljótlega byrjuðu árásir á niðurstöðurnar og samkomulagið, — og nú eru umræðurnar um störf n. komnar á það stig, að engu líkara er en samkomulagið í sex manna n. sé eitthvað það háskalegasta, sem hent hefur í þessum málum.

Það er ekki óeðlilegt, að þm. Hafnf. hafi forustuna hér innan þings um að ráðast á álit sex manna n., þar sem það er flokksblað hans, Alþýðublaðið, sem hefur tekið þá forustu utan þings. Ég veit, að það eru fleiri af gömlum starfsmönnum hv. þm. og flokks hans, sem hefur orðið þetta mikil vonbrigði. En ástæðan er auðsæ. Alþfl. hefur fallið fyrir þeirri freistingu að beita sósíalista sömu bardagaaðferðum og þeir beittu Alþfl. áður.

Á meðan Alþfl. var í stjórnaraðstöðu og varð oft að taka á sig ábyrga afstöðu í viðkvæmum málum, sem auðvelt var að gera óvinsæl meðal ýmissa manna, þá notuðu kommúnistar, sem nú kalla sig sósíalista, aðstöðu sína til að afflytja málin og rægja Alþfl. fyrir að fylgja þeim. Á þennan hátt tókst þeim smátt og smátt að reyta fylgið af Alþfl. og ná sjálfir allmiklu af því fylgi og valdi, sem hinir höfðu áður.

Þannig eru flokksmenn þeirra nú í meiri hl. í Alþýðusambandi Íslands, og gátu þeir ráðið fulltrúavalinu í sex manna n. Og sumir telja, að fulltrúi starfsmanna ríkis og bæjar í n. sé einnig í stjórnmálum af sama sauðahúsi.

Nú var því skipt um hlutverk þessara flokka frá því, sem áður var. Nú voru það sósíalistar, sem þurftu að taka ábyrga afstöðu í þessu vandamáli og gerðu það í bili, með því að fulltrúi þeirra eða fulltrúar tóku þátt í nefndarstörfunum og undirskrifuðu nál. Þá gat Alþfl. ekki lengur setið á sér að láta þá finna til sinna eigin vopna og beita þá sömu aðferðum og þeir höfðu áður beitt Alþfl.

Þess vegna er ráðizt á starf og niðurstöðu sex manna n. í Alþýðublaðinu og síðan af þm. Hafnf. af öllu því hlífðarleysi, sem hugsazt getur, í þeirri von að geta með því komið höggi á Sósfl., sem þeir telja að hafi staðið að nál.

En þetta herbragð Alþfl. hefur reynzt þeim vita haldlaust, eins og vita mátti. Sósíalistar láta ekki króa sig svona inni. Þegar þeir sáu hina aðsteðjandi hættu, hlupu þeir auðvitað eins og fætur toguðu frá öllu samkomulagi og allri ábyrgð og skildu fulltrúa sinn eða sína eftir eina „bölvuninni íklædda" og þóttust hvergi nærri koma. Og til að afsaka þessa augnabliksyfirsjón, að fara að taka afstöðu í vandasömu máli, hafa þeir svo reynt að friðþægja með því að láta Þjóðviljann keppa við Alþýðublaðið um að ráðast á og afflytja álit sexmenninganna — og þingmenn sína flytja hvert frumvarpið af öðru til að ráðast á hagsmunamál og félagssamtök þeirra manna, sem þeir eru ásakaðir fyrir að vera of hliðhollir í sex manna n. Þeir eru svo sem búnir að hvítþvo sig af þeirri grein.

En meðferðin á þessu máli er gott sýnishorn

af þjóðmálaástandinu, sem klofningurinn í verkalýðsflokkunum hefur skapað. Flokkarnir gera með þessum aðförum hvorn annan óstarfhæfan. Hvorugur þorir fyrir hinum að taka ábyrga afstöðu til hinna viðkvæmustu mála, vegna þess að þeir óttast, að þeir verði affluttir fyrir það og rægðir og rændir fylgi og áhrifum.

Annars verð ég að segja það, að umr., sem farið hafa fram í blöðunum og í þinginu um álit sex manna n., eru í hæsta máta óviðkunnanlegar. Alþ. tekur sér það vald að fyrirskipa ákveðnum mönnum að leysa erfitt, en aðkallandi verkefni. Þeir verða við þessu og leysa starf sitt af höndum á tilskildum tíma eftir beztu samvizku. Þegar svo því starfi er lokið, leyfa blöð sumra stjórnmálaflokkanna og jafnvel þm. sér að ráðast á hinn dólgslegasta hátt á menn þessa og störf þeirra — og lýsa þeim eins og argasta prangara-svindli.

Nú vita það allir, sem menn þessa þekkja, að þeir eru hinir samvizkusömustu í störfum sínum. Hagstofustjóri er þekktur að því að beita hinni ýtrustu nákvæmni og vísindalegri vandvirkni í öllu sínu starfi, og alveg hið sama er vitað um forstjóra búreikningaskrifstofunnar meðal þeirra, sem hafa kynnt sér vinnubrögð hans. Með þessum mönnum veljast svo til starfsins af hálfu launamanna mjög skýr og athugull hagfræðingur svo og verkamaður, sem aldrei hefur verið borið það á brýn, að hann héldi ekki jafnan fram ýtrustu kröfum verkamanna, hvað sem annars hefur um hann verið sagt. Svo er látið í veðri vaka, að fulltrúar bændanna í n. hafi vafið þessum mönnum öllum um fingur sér og sagt þeim fyrir um niðurstöðurnar — með frekju og yfirgangi. Fyrr mega nú vera ásakanir á báða bóga. Nei, þó að um einn eða annan einstakan lið í áliti sexmenninganna kunni að vera álitamál, þá er nefndin sjálf og vinnubrögð hennar full trygging fyrir því, að niðurstöður hennar eru næst því rétta, sem komizt verður í þessu flókna og vandasama máli, hvað sem líður fleipri og fullyrðingum hv. þm. Hafnf. (EmJ) og annarra, sem eru að reyna að snúa álitsgerð hennar í villu.

Eitt af því, sem þm. Hafnf. fann n. til foráttu, var það, í stað þess að finna vísitölu landbúnaðarvara, hafi hún snúið sér að því einu að fara að skapa bændunum tekjur. Þetta er með öllu óréttmætt. N. gerði nákvæmlega það, sem fyrir hana var lagt, eins og menn geta sannfært sig um með því að lesa þá grein, sem um þetta fjallar í dýrtíðarl. Hún fann grundvöll að vísitölu landbúnaðarafurðaverðsins með því að reikna út, hve mikinn þátt hver einstakur kostnaðarliður í búrekstrinum vegur í heildarframleiðslukostnaðinum, og getur þar af leiðandi jafnan séð, hve mikið framleiðslukostnaður meðalbúsins hækkar eða lækkar, með því að athuga verðbreytingu hinna einstöku kostnaðarliða. En n. var einnig fyrirskipað að ákveða bóndanum kaupgjald þannig, að þeir bæru úr býtum fyrir þann tíma, er þeir hafa unnið að framleiðslunni, álíka kaupgjald og aðrar vinnandi stéttir í landinu hafa haft á sama tíma. Báðar þessar niðurstöður liggja fyrir í störfum nefndarinnar.

Þá gerði hv. þm. lítið úr þeim grundvelli, sem n. byggði starf sitt á, en það voru hinir 40 búreikningar búreikningaskrifstofunnar. Nú vil ég minna þm. á það, að þeir búreikningar, sem lagðir voru til grundvallar fyrir vísitölu framfærslukostnaðar í landinu og launabætur allra launamanna eru reiknaðar eftir um allt land, voru ekki nema 40 — og allir teknir í Reykjavík. Einnig má geta þess, til samanburðar, að sams konar reikningar annars staðar á Norðurlöndum voru a. m. k. fyrir styrjöldina sízt fleiri tiltölulega en hér, og eru þó byggðar á þeim hagfræðilegar niðurstöður um afkomu landbúnaðarins, eins og hér er gert. Nú halda búreikninga 6—7 af þúsundi bænda. Í Danmörku munu þeir vera lítið eitt fleiri, en í Noregi og Svíþjóð aðeins 3—4 af þúsundi. Og enn má bæta við, að búreikningar í þessum löndum eru næstum allir einfaldir, en hér eru þeir tvöfaldir og sundurliðaðir og því stórum auðveldara á þeim að byggja. En nú var ekki eins og n. tæki reikninga þessa og niðurstöður þeirra gagnrýnislaust. Hún lét sannprófa þá með samanburði á skattskýrslum og verzlunarskýrslum o. fl., þar til hún hafði sannfært sig um, að þeir sýndu rétta og raunverulega mynd af meðalbúum í landinu. Þá fyrst byggði hún á þeim.

Ég geng hér fram hjá ýmsum einstökum liðum í gagnrýni þm., með því að þeim hefur þegar verið svarað af öðrum. En það, sem allar hans deilur stefndu að, var sú fullyrðing hans, að kaupgjald bóndans væri óhæfilega hátt reiknað. Í því sambandi gat hann þess, að kaup bóndans samkv. búreikningunum hefði verið fyrir stríð kr. 1000, en væri nú metið 14.000 eða meir en fjórtánfaldað. Nú er þetta út af fyrir sig rangt. Þegar bóndanum var reiknað 1000 kr. í kaup, var konu hans og börnum innan 10 ára aldurs einnig reiknað kaup og þeim öllum framfærsla af búinu. Nú er kaup og framfærsla alls þessa fólks fólgið í þessum 14 þús. kr., og verður þá munurinn engan veginn óeðlilegur. En hvers vegna var kaup bóndans fyrir stríð reiknað 1000 krónur aðeins? Það var af þeirri einföldu ástæðu, að reikningar búsins sýndu, að afkoma þess leyfði ekki hærri kaupgreiðslur. Meðalbóndinn var með öðrum orðum rétt rúmlega matvinnungur.

Nei, bændur eiga sannarlega aðra viðurkenningu skilið fyrir það, hvernig þeir hafa brugðizt við þeim margvíslegu erfiðleikum, sem stríðsástandið hefur lagt í götu þeirra. Og einhver þjóð mundi telja sig sæla að hafa heldur afgang en skortur sé á ýmsum helztu matvælanauðsynjum, þótt hún þyrfti að leggja á sig nokkurn aukakostnað því til tryggingar.

Ég minnist þess, hvern ótta margir báru í brjósti í upphafi stríðsins um það, að hér gæti orðið matvælaskortur í landinu vegna erfiðra aðdrátta á nauðsynjum og vegna þess, að hinnar innlendu matvælaframleiðslu í landbúnaðinum yrði ekki nægilega gætt. Þessi ótti jókst stórum við það, er þess varð vart, hve starfsemin við sjóinn dró ört að sér vinnuaflið frá landbúnaðinum. Verð á sjávarafurðum margfaldaðist á stuttum tíma og eftirspurnin var ótakmörkuð. Hins vegar lokuðust ýmsir beztu markaðir land-

búnaðarins í útlöndum, og vörum eins og kjöti var haldið niðri í verði, t. d. í Englandi, með greiðslum úr ríkissjóði. Hér var því ójafn leikur.

Síðan bættist starfsemi setuliðsins við, þannig að allir, sem vildu, gátu fengið störf utan landbúnaðarins, sem greidd voru með ævintýralegum vinnulaunum. Afleiðingar þessa urðu vitanlega þær, að fólkið þusti frá landbúnaðarstörfunum hvaðanæva og þess gætti mjög, að bændur voru farnir að leita til þessara starfa — og jafnvel gengu frá jörð og búi.

Það voru margar bollaleggingar uppi um það, hvernig helzt yrði við því spornað, að framleiðsla landbúnaðarins færi í auðn og fólkið yrði matvælalaust í landinu innan um allar seðlafúlgurnar, sem fylltu vasa landsmanna.

Það var hreyft þeirri hugmynd, að koma á þegnskylduvinnu við landbúnaðarstörf o. fl., o. fl., sem þó fáir fengust til að líta við, því að hver vildi sitja við þann eldinn, er bezt logaði, eins og gengur. Það ráð, sem þá var upp tekið og eitt sýndist tiltækilegt, eins og komið var, var það að haga verðlaginu á landbúnaðarvörunum þannig, að bændum yrði unnt að fá einhverja hjálp við framleiðslustörfin, en þó einkum til þess, að þeir neyddust ekki til að yfirgefa bú sín í atvinnuleit í kaupstöðunum, til að geta orðið að einhverju leyti þátttakendur í hinni auknu velmegun landsmanna, heldur fyndu hvöt hjá sér til að leggja sig fram við matvælaframleiðsluna, sem þjóðin mátti hvað sízt við að vanrækja. Bændur voru yfirleitt meira og minna skuldugir, og þeim var það nauðsyn að fá hag sinn bættan í hlutfalli við aðra. Það var því bæði óhjákvæmilegt, bæði vegna innlendu matvælaframleiðslunnar og framtíðar landbúnaðarins, að búa þannig að bændum, að þeir gætu yfirleitt unað hag sínum við landbúnaðinn og framleiðslustörf hans. Og þetta hefur tekizt öllum vonum framar. Bændur hafa staðið það vel að framleiðslumálum sínum, að hér hefur yfirleitt verið gnægð þeirra hluta, sem þeim er unnt að leggja í þjóðarbúið, eða svo hefur það verið til þessa. Þrátt fyrir það að vandræði með starfsfólk í þágu landbúnaðarins hafi verið stórkostleg víða um land, verður ekki séð annað en framleiðslu landbúnaðarins hafi verið haldið fullkomlega í horfinu, og verður að telja það út af fyrir sig afrek af bændastéttinni, sem gat því aðeins náðst, að bændur legðu óvenjuhart að sér — auk þess, sem hagkvæmt tíðarfar mikinn hluta þessa tímabils gerði sitt til.

Nú skyldi maður ætla, að þetta yrði að einhverju metið af þeim, sem framleiðslu þeirra njóta í landinu. En hér hefur viljað bera á því sem víðar, að menn kunna ekki til fulls að meta það, sem þeir hafa gnægð af og þekkja ekki, hvað er að vanta.

Ef menn hér á landi hefðu fengið, þótt ekki væri nema viku- eða mánaðartíma að kynnast af eigin raun því ástandi, sem matvælaskorturinn skapar nú í fjölda landa um allan heim, í stað þess að vaða í allsnægtum, þá hefðu þeir máske kunnað að meta betur en nú er gildi þeirra starfa, sem bændurnir annast, og þau afrek, sem þeir hafa leyst af höndum í matvælaframleiðslu fyrir þjóð sína, afrek, sem ég tel hiklaust, að gangi næst starfi þeirra manna, sem segja má að nokkru leyti, að hafi tekið þátt í styrjöldinni til að halda uppi siglingum að og frá landinu, — sjómannanna.

Í stað þess er starf þeirra þakkað með því, að þeir eru hundeltir og svívirtir í blöðum landsins dag eftir dag og viku eftir viku, — menn þeir, er bændur hafa falið forustu í félagsmálum sínum og á Alþingi, og bændastéttin sjálf, næstum eins og þetta væru landráðamenn. Þetta er gert jöfnum höndum af þeim, sem skrifa hina „ábyrgu" stjórnmálaleiðara þessara blaða, og þeim, er stjórna kjaftakerlingadálkum þlaðanna, þar sem „Konen ved Vandposten" safnar saman öllum slúðursögum bæjarins, bæði sönnum og lognum, og leggur út af þeim. Þær þykir rógsmönnum bændanna gómsætt sælgæti til að smjatta á, um framleiðslu þeirra og framleiðsluvörur, starfshætti og jafnvel lifnaðarhætti. Margt af þessu kjaftæði er svo rotið og niðrandi, að það nálgast atvinnuróg, þótt enginn hafi enn þá tekið þessar kjaftakindur svo alvarlega að draga þær fyrir lög og dóm.

Nú veit ég ekki, hvort á að skilja þennan samanburð hjá þm. þannig, að hann telji, að kaup þetta hefði átt að haldast svipað eða lítið breytt hjá bóndanum á sama tíma og allar aðrar stéttir og einstaklingar margfölduðu sínar tekjur. En eitt er víst, að ef slíkri stefnu hefði verið fylgt í landinu, þá hefðu vandamálin í sambandi við landbúnaðarafurðirnar orðið með nokkrum öðrum hætti en þau eru nú, — m. ö. o., þessi vara væri þá ekki til á markaðnum.

Það þótti mér óskiljanleg þröngsýni af þm. Hafnf., að amast við því, að kaup bænda væri að einhverju leyti miðað við tekjur iðnaðarmanna, þó að það yrði heldur til að hækka kaupgjald bóndans.

Báðar stéttirnar vinna að framleiðslu neyzluvara, hver á sínu sviði. Ég tel, að bóndinn þurfi til að bera álíka starfsmenningu og iðnaðarmaðurinn, þó að á annan hátt sé. Bóndinn vinnur að jafnaði lengri vinnutíma en iðnaðarmaðurinn og þarf að stjórna hinum margháttuðu störfum búsins, auk þess sem hann ber fjárhagslega ábyrgð á útkomunni og verður að taka á sig hallann af uppskerubresti vegna ótíðar o. s. frv. Samt telur þm. ekkert að athuga við það, að kaup iðnaðarmannsins margfaldist með því að margfalda verðið á iðnaðarvörum, sem líka í ýmsum greinum hefur hækkað ekki síður en verð á landbúnaðarvörum, en sér ótal hættur og ósanngirni í því fólgnar, ef bóndanum er leyft þetta sama. — Mér finnst þetta einkennileg „jafnaðarmennska".

Að síðustu flutti þm. hjartnæma prédikun um þann voða, sem stafaði af dýrtíðinni, sem verðið á landbúnaðarafurðunum væri einn liður í, fyrir útflutningsframleiðslu landsmanna og alla afkomu. Mikið var. En þingmaðurinn ætti að beina þeim umvöndunarorðum til annarra en bændanna. Hann ætti að snúa máli sínu til þeirra manna, sem bæði með löglegum og ólöglegum ráðum unnu að því að rífa niður allar þær hömlur, sem reynt var að setja gegn hinu ægilega dýrtíðarflóði, — með þeim afleiðingum, sem nú

eru öllum kunnar. Það er tilgangslaust að fella krókódílatár í þinginu nú út af því, sem komið er. Þm. ætti að gráta afdrif þeirra mála í einrúmi heima hjá sér eða flokki sálufélaga sinna, sem á úrslitastund tóku þá ákvörðun að sleppa öllum hömlum gegn dýrtíðarflóðinu, því að þessir menn höfðu ekki leyfi til að vera svo heimskir að sjá það ekki, að hóflaus hækkun kaupgjalds og launa hlaut að hafa í för með sér hækkun vöruverðsins í landinu, bæði á framleiðsluvörum landbúnaðarins og iðnaðarins, og auka þannig dýrtíðina.

Ég mun greiða atkvæði gegn málinu og læt mig engu skipta, til hvaða n. það fer, ef það þykir þess virði, að n. fjalli um málið.

Umr. frestað.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 12. og 14. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 21. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það er nú orðið svo langt, síðan þetta mál var hér til umr., að það er farið að gleymast mörgum, hvað fram var komið í því, og á það og við um mig. Mun ég því stikla á stóru og svara aðeins fáum atriðum.

Það er nú um það bil mánuður, síðan málið kom fram, án þess að tekizt hafi að ljúka umræðum. Það er óvenjulegur seinagangur, og tel ég leitt, að ekki hefur verið hægt að flýta því meira, því að þá hefði verið meiri von um einhvern árangur.

Í þessu máli eru það einkum tvö atriði, sem miklu máli skipta og menn gerðu sér miklar vonir um, að lögð yrði áherzla á, þegar mjólkursamlagið var sett á laggirnar. Hið fyrra var gott og nægilegt mjólkurmagn og hið síðara, að verðið væri í sem beztu samræmi við gæði vörunnar. Ég hélt því fram, að þessi atriði væru ekki til staðar. En ýmsir eru á annarri skoðun. Sérstaklega hélt hv. þm. V.-Sk. því fram, að allt hefði tekizt vel í þessu efni: mjólkurmagnið hefði vaxið gífurlega, gæðin væru óaðfinnanleg og verðið lægra en við mætti búast. Hann hélt því fram, að mjólkurmagnið hefði aukizt úr 6,3 millj. lítrum í 15 millj. á nærliggjandi svæðum. En aukningin er ekki neitt svipuð því, sem hér er sagt. Kúafjöldinn hefur 2½-faldazt þar, en í Reykjavík, Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur hann staðið í stað. Það er hið sorglega „resultat" mjólkursamsölunnar. Síðan hún tók til starfa, hefur mjög dregið úr neyzlu nýmjólkur. Austan fjalls og í Borgarfirði hefur mjólkurframleiðslan aukizt, en hér og í nærsveitunum dregizt saman. Þetta er spor í öfuga átt. Því nær neytendunum sem mjólkin er framleidd, því betri hlýtur hún að vera, þegar hún kemur á markaðinn.

Hv. þm. V.-Sk. sagðist hafa fengið sínar beztu vonir í þessu efni uppfylltar, og verð ég að segja, að þær vonir hafa ekki verið miklar, því að ég veit, að það er staðreynd, að fólk fær ekki þarfir sínar uppfylltar.

Þessi sami hv. þm. sagði í fyrradag í sambandi við annað mál, að Mjólkurbú Hafnarfjarðar nyti sérstakra fríðinda hjá Mjólkursamsölunni. Það kom mér undarlega fyrir sjónir, því að það mun fá verulegan hluta þeirrar mjólkur, sem það selur, frá samsölunni og hefur nú verið dregið svo úr því mjólkurmagni, að það fær nú um 3/4 til 4/5 þeirrar mjólkur, sem það þarf og er vant að fá. Þetta bendir á, að einhver skortur sé hjá samsölunni, þar sem Reykvíkingar fá ekki nema 3/4 þeirrar mjólkur, sem þeir þarfnast, og neytendur í Hafnarfirði fá aðeins nokkurn hluta þess, sem þeir biðja um. Svo koma þeir hv. 1 þm. N.-M. og hv. þm. V.-Sk. og segja mjólkurmagnið meira en nokkurn tíma áður á sama árstíma! Ég skal ekki ræða hér um till. um að banna sölu vatns og rafmagns til setuliðsins, heldur snúa mér að öðru atriðinu, sem er gæði mjólkurinnar.

Hv. þm. V.-Sk. hafði þau orð um gæði mjólkurinnar, að það atriði væri erfiðast að sanna. Þetta lýsir vel málsmeðferð þessa hv. þm. og það því frekar, þar sem sjálfar staðreyndirnar eru hér á bak við. Þessi málaflutningur minnir mig á skólaspekinga miðaldanna, þegar þeir voru að sanna það, sem þeir fyrir fram vissu, að var rangt. Þessi málsmeðferð er aðeins orðaleikur. Mér fannst, að hv. þm. mundi gremjast að geta ekki sannað mál sitt.

Orsakirnar eru kannske fleiri en ein: 1. Flutningur óheyrilega langur. 2. Meðhöndlun á mjólkinni ábótavant í mjólkurstöðinni. 3. Léleg mjólkurvinnslustöð.

Áður en lengra er farið, vil ég minna á ummæli hv. þm. V.-Sk. í sambandi við annað mál hér á Alþingi í fyrradag. Þá var hann að reyna að drepa því máli á dreif með því að draga mjólkurstöð Alþýðubrauðgerðarinnar inn í málið. Hann kvað hana svo lélega, að ástæða hafi verið til að kæra yfir því. Ég vil aðeins benda á mjólkursöluskýrslu, sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Við athugun á henni sést, að þessi hv. þm. fer með rangt mál, því að hreinlæti er ekki á nokkurn hátt ábótavant né öðru í þessari nýju mjólkurbúð. Í Morgunblaðinu stendur: „Nú hafa komið fram ásakanir um það m. a., að sumar mjólkurbúðirnar og hreinlætið í þeim væri í svo hörmulegu ástandi, að heilbrigðisnefnd hefði ákveðið að loka þeim 1. des., ef ekki hefði verið um bætt fyrir þann tíma". Með þessu á að draga athyglina frá kjarna deilunnar um mjólkursamsöluna. Þessi aðferð er þekkt, og þessi hv. þm. mundi reyna að nota hana. Það er ekki sagður nema hálfur sannleikurinn um þessa sölubúð Alþýðubrauðgerðarinnar. Hún hefur útbúnað til að selja flöskumjólk og er ekkert að athuga við það. Það er eins og var upphaflega í samsölunni, að alla mjólk ætti að selja á flöskum. En mjólkursamsalan hefur verið rekin þannig, að ekki hefur tekizt að halda þessari ráðstöfun áfram þar. Það hefur tekizt á Akureyri, en ekki í Reykjavík. Það hefur ekki komið ákæra á búðina, heldur hefur verið ákveðið, að hún skuli sækja um löggildingu, ekki verið kært yfir, að hún væri ekki í því standi, sem hún þyrfti að vera til þess að selja flöskumjólk, enda hefur

búðin útbúnað til þess, eins og ég gat um áðan. Þetta er sami málaflutningurinn og vant er að vera hjá hv. þm. V.-Sk., aðeins sagður hálfur sannleikurinn. Út frá því á svo sá, sem heyrir, að draga rangar ályktanir.

Það er ekki verið að hugsa um hag neytendanna. Bændur fá 6 til 8 sinnum meira en þeir fengu í upphafi, en verkamaðurinn það sama og þeir fengu, þegar lögin voru sett. Framleiðendurnir hafa sannarlega hirt hagnaðinn. L. hefur verið beitt einhliða til hagsbóta fyrir framleiðendur.

Ég skal nefna annað dæmi um þessar einhliða ráðstafanir og framkvæmdir með hag framleiðenda fyrir augum, en það er í blöndun smjörs í smjörlíki. Þetta átti að gera til þess að varan yrði neytendum hollari og til þess að losa bændur við framleiðsluvöru sína. En hvernig hefur verið haldið á þessu máli? Það var aðeins, á meðan bændur skorti markað fyrir smjör sitt. (**SvbH:** Á að blanda smjöri í smjörlíki, þegar smjörið er ekki til?) Það gerir engan mun. Það á að gera ráðstafanir til að fá það flutt inn, ef framleiðslan nægir ekki til þess að halda íblönduninni áfram. Ef það er nauðsynlegt í dag, þá er það ekki síður á morgun. Hér er sama sagan: einhliða blínt á hagsmuni framleiðenda.

Árið 1937 átti að veita ráðuneytinu rétt til að láta blanda mjólkurdufti í brauð. Bakarar treystust til þess að blanda brauðið að vissu marki án þess að hækka verð brauðsins, mig minnir um 5%. Við þetta varð brauðið bæði hollara og næringarefnaríkara en ella, og á þennan hátt var hægt að koma út hluta af þeirri mjólk, sem ekki varð komið út öðruvísi. Þetta frv. var ekki samþ., er það kom fyrst fram, en til þess að tryggja framgang þess fékk ég núv. hv. þm. V.-Sk. til þess að flytja það með mér síðar, og þá varð það að l. Þau l. hafa nú verið í gildi í 6 ár, en þessi heimild hefur ekki verið notuð, og neytendur hafa því alveg farið á mis við þá hollustu, sem af íblönduninni hefði leitt. En þetta hefur ekki verið gert. Undanrennan hefur verið send heim til bændanna aftur þeim til lítils gagns, en miklu af ostamysunni hefur verið hellt niður. Þetta mætti lagfæra, ef samsalan keypti tæki, sem kostaði ekki nema 40—50 þús. kr. fyrir stríð, og þá væri þannig hægt að fá miklar tekjur af þeim afurðum, sem nú fara til spillis, þannig að ég er ekki viss um, að þá þyrfti neitt verðjöfnunargjald. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi til þess að sýna það, hvernig rekstur framleiðslunnar gæti tryggt nógu hátt verð vörunnar.

Þá skal ég geta þess í sambandi við mjólkurstöðina í Reykjavík, að hún hefur nú lengi verið algerlega ófullnægjandi, en samtímis því, að hún hefur ekki getað annað öllu því, sem hefur verið sent til hennar, þá hefur öðru mjólkurbúi, sem er sízt lakara, mjólkurbúi Hafnarfjarðar, verið haldið mjólkurlausu af völdum samsölunnar eingöngu. Mjólkurmagn það, sem þetta bú fær, hefur minnkað úr 400 þús. l. niður í 200 þús. l. árlega, síðan samsalan tók til starfa.

Þetta er vegna þess, að forráðamenn samsölunnar og mjólkurstöðvarinnar hér hafa alltaf haft horn í síðu mjólkurstöðvarinnar í Hafnarfirði. Þeir hafa viljað láta hana hætta að starfa, af því að hún er ekki í beinu sambandi við samsöluna hér. Og nú, þegar nýja mjólkurstöðin hér kemur upp, þá er ætlazt til þess, að mjólkurstöðin í Hafnarfirði verði lögð niður. Og nú þurfa Hafnfirðingar daglega að kaupa gerilsneydda mjólk héðan frá Reykjavík. Með þessu ástandi skapast tekjuhalli af búinu í Hafnarfirði, sem samsalan telur ekkert eftir sér að borga. Það á að sanna það, að búið í Hafnarfirði eigi að leggja niður. — Svona hefur það verið á öllum sviðum. Það hefur verið reynt að þvinga alla þá, sem hafa ekki viljað senda mjólk til samsölunnar, til þess að hætta framleiðslu sinni. Nú er mjólkin flutt sunnan af Vatnsleysuströnd gegnum Hafnarfj. til Reykjavíkur, í stöð, sem er yfirfull, og síðan er hún flutt aftur til neytenda í Hafnarfirði, meðan stöðin þar hefur ekkert að gera. (**SvbH:** Af hverju hefur hún ekkert að gera?) Af hverju, segir hv. þm. Af því að framleiðendur fá ekki að láta mjólk sína þangað vegna skipulagsins. (**SvbH:** Af því að þeir vilja ekki láta hana þangað). Nei, það er af því, að þeim er ekki tryggt af hálfu samsölunnar, að þeir fái sama verð fyrir mjólkina, ef þeir láti hana til búsins í Hafnarfirði, og mér er sagt, að stjórn samsölunnar hafi reynt að aftra mönnum frá því að senda mjólk sína til Hafnarfjarðar. Ég verð nú sjálfsagt settur í einhvern glæpamannaflokk eins og á dögunum, þegar hv. þm. V.-Sk. skipaði mér á bekk með Al Capone. En undarlegt má það virðast, að á Ísafirði, Akureyri og Sauðárkróki, þar sem alls staðar eru mjólkurbú og mjólkursamlög, að þar skuli enginn ágreiningur eða úlfúð vera ríkjandi. Hvernig stendur á því að samsölunni hér í Reykjavík hefur einni tekizt að vekja þessa úlfúð og halda henni við? Ég læt hv. þm. V.-Sk. eftir að svara því. Á Akureyri er mismunurinn á verði til framleiðenda og neytenda mun minni en hér, en gæðin þó ótvírætt meiri. Og á Ísafirði, þar sem rækta verður heyið á hrjóstrum og við erfið skilyrði, þar er verðmunurinn einnig minni en hér. (**FJ:** Og þó er mjólkin flutt þar langan veg sjóleiðis og þarf að sækja á marga staði, þar sem lítið magn er á hverjum stað). Hvernig stendur á þessu? Ég skal svo ekki segja meira um þetta. Það verður sjálfsagt alltaf sama svarið. Það er allt í lagi, mjólkin er góð, mjólkurstöðin ágæt og verðið í samræmi við verkakaupið. Hér þarf því engu að breyta. Þessir menn vilja aðeins skoða þetta frá sjónarmiði framleiðenda. Það er bara um að gera, að þeir fái nóg, þótt til þess þurfi að troða inn á neytendur vöru, sem þeir eru ekki ánægðir með, og það fyrir óhæfilegt verð. Ég get ekki skilizt við þetta án þess að segja nokkur orð um störf vísitölunefndarinnar.

Ég hélt því fram í ræðu minni um daginn, að sumar þær undirstöður, sem n. komst að, væru svo hæpnar, að það gæti orkað tvímælis, hvort þær væru réttar. Meira sagði ég ekki, þar sem ég hafði ekki nægileg gögn í höndunum til þess. En þetta hefur komið við kaun ýmissa hér, og þeir hafa gert sínar aths. við það. Hv

þm. Mýr. hélt því fram, að hér væri um beina ofsókn að ræða, að við vildum ná okkur niðri á fulltrúa sósíalista í n. En þessu er víðs fjarri. Það, sem um er að ræða, er það, að ég hef við athugun talið mig finna veilur í útreikningum n., og ég álít rétt, að þær komi fram í dagsljósið. Ég skil l. þannig, að það, sem selt sé á innlendum markaði, það skuli greitt með því verði, sem vísitölun. hefur ákveðið.

En ef á að fara út á þessa hálu braut, þá mætti gjarnan taka til athugunar og lagfæringar eitthvað af því, sem ég benti á. Eitt af því, sem ég hélt fram, var það, að fjöldi búreikninganna væri naumur eða of lítill, til þess að hægt væri að draga af þeim rétta ályktun. Hv. þm. Mýr. taldi, að þetta væri allt í lagi, því að búreikningar launamanna væru ekki fleiri. En þetta er ekki sambærilegt. Búnaðarhættir hér á Íslandi eru ólíkari frá sveit til sveitar en kjör manna í kaupstöðum, þar sem allar aðstæður eru svipaðar. Það, sem lagt er til grundvallar fyrir vísitöluútreikningi hjá launastéttunum, er allt svo miklu jafnara en í sveitunum, þar sem búreikningar manna geta verið mjög svo ólíkir um land allt, að fjöldi þeirra þyrfti að vera miklu meiri en tala búreikninga launamanna í kaupstöðum. Ég veit því, að tala sú, sem hér er um að ræða, er miklu lægri en hún þyrfti að vera til þess að gefa rétta niðurstöðu. Hv. þm. Mýr. sagði, að mig hryllti við því, að bændur skyldu eiga að fá 14.500 kr. í árslaun. Þetta er ekki rétt, en mig flökrar við þeirri aðferð, sem lögð er til grundvallar þessu kaupi.

Búreikningar telja til útgjalda hjá meðalbónda 900 kr. sem vaxtagjöld, og er það mikið of hátt reiknað, þar sem skuldir bænda eru nú mjög litlar. Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að þetta ætti að taka til athugunar, hvort sem skuldir bænda væru miklar eða litlar, vegna þess að bændur yrðu að fá vexti af sínu „kapitali".

Í búreikningum frá 1939 eru skuldir meðalbóndans taldar 5000 kr., en eignir 18000 kr., og er þá hrein eign hans 13000 kr. Ef ætti nú að reikna vexti af öllu því fé, sem bóndinn hefur með höndum, þá lenda þeir í hans eigu og koma þá fram sem aukatekjur, þannig að hann kemur þá til með að hafa þessar tekjur af eignum sínum fram yfir það, sem verkamenn í kaupstöðunum hafa. Þetta hefur ekki verið vefengt, þótt því hafi verið haldið fram, að bóndinn ætti rétt á að fá þessar tekjur. Hv. þm. Mýr. sagði, að ég hefði verið að velta vöngum yfir því, að iðnaðarmenn skyldu hafa verið teknir með í þennan útreikning. Það er nú svo með iðnaðarmenn, að þeir þurfa að eyða 4—7 árum af ævi sinni til þess að læra starf sitt, þar sem þeir verða að vinna sem nemendur og fá mjög lítið kaup fyrir. Ég hefði haldið, að það starf, sem þarf að undirbúa með löngu námi, ætti að vera betur launað en önnur störf, sem þarf ekki að eyða löngum tíma til þess að læra. Þetta er ástæðan til þess, að ég taldi vafasamt, að taka bæri iðnaðarmenn með í þennan launaflokk. Þá er það þörfin fyrir aðkeypt vinnuafl, sem ég vefengdi, þar sem meðalbóndanum eru reiknaðar 12000 kr. til útgjalda í kaup og fæði. Ég hef átt tal við tvo bændur austan úr Árnessýslu, sem báðir hafa svipað bú. Ég lagði fyrir þá báða þá spurningu, hve mikinn aðkeyptan vinnukraft þeir hefðu notað s. l. ár. Annar þeirra hafði engan notað, en hinn hverfandi lítinn samanborið við það, sem áætlað er. Þetta sýnir það, sem ég veit, að er rétt, að þessi tala er of hátt áætluð sem meðaltala. Það hefur ekki að jafnaði verið keypt svona mikið vinnuafl að, nema bóndinn hafi verið mikið fjarverandi, og þá hefur hann aflað sér tekna fyrir vinnu utan heimilis, sem fara fram úr þeim 2000 kr., sem eru áætlaðar í því skyni. Ég skal ekki fara út í að ræða um kaup bóndans sjálfs, en því hefur ekki verið hnekkt, sem ég sagði, að það meðaltal á kaupi launastéttanna, sem lagt er til grundvallar, sé fundið á rangan hátt. Þar var kaupið hækkað í samræmi við vísitöluna, þótt sjómenn hefðu ekki fengið sitt kaup hækkað í samræmi við hana, þar sem þeir væru bundnir við söluverð fisksins til Bretlands. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Í hópi þeirra launamanna, sem teknir eru í útreikninginn, eru eingöngu kvæntir menn. Nú er það svo, að menn kvænast ekki yfirleitt, fyrr en þeir eru komnir í betri aðstöðu og á hærra kaup en fjöldinn. Það er líka vitað, að tekjur manna eru hæstar á vissu tímabili, og ég tel það því rangt, að ungir og ókvæntir menn skuli ekki hafa verið teknir með í reikninginn. Þá eru engin hlunnindi reiknuð bændum til tekna, og er þó vitað, að fjölmörgum býlum fylgja ýmis hlunnindi, eins og t. d. reki, selveiði, lax- og silungsveiði, dúntekja og margt fleira. En þetta er ekki talið vera til á meðalbúi, og veit ég þó ýmis dæmi þess, að bændur hafa haft miklar tekjur af reka nú á síðustu árum. Þá er eldsneyti kaupstaðarbúa ekki reiknað, en það er vitað, að bændur nota mikið af ódýrara eldsneyti en kaupstaðarbúar.

Tekjur af vinnu utan heimilis eru líka reiknaðar svo lágar, að undrum sætir, og satt að segja þá skil ég alls ekki, hvernig margt af þessu hefur getað farið fram hjá hv. n., því að það er enginn efi, að ef það hefði allt verið tekið með, þá hefði það haft mikil áhrif á vísitöluna. Ég skal svo ekki segja meira um þetta að sinni. Hv. þm. Mýr. lagði til, að málinu yrði ekki vísað til n., heldur yrði það fellt þegar við 1. umr. Svo mikla fyrirlitningu á að sýna málinu af andstæðingum þess, að það á ekki einu sinni að athuga það í n., svo að það er sjálfsagt þýðingarlítið að vera að reyna að ná samkomulagi um þessi mál. Það er því ekki annað eftir fyrir kaupstaðarbúa en láta verkin tala. Það verður ekki um annað að gera. Bæirnir verða sjálfir að fara að stofna sér kúabú til þess að fullnægja þörf neytenda sinna. Þá sjá þeir, sem hér hafa verið að verki, hvert þeir hafa stefnt hagsmunamálum bænda með þessum gauragangi og óbilgirni.

Við það, að bæirnir stofni kúabú, er einnig unnið margt annað. Þá geta neytendur fengið nýja mjólk, þá geta þeir sjálfir haft eftirlit með öllum rekstrinum og tryggt stórum betri hollustuhætti, og þá geta þeir fengið upplýst, hvert sannvirði framleiðsluvörunnar raunverul. er. (**SvbH**: Blessaðir farið þið að búa). Ég veit,

að hv. þm. getur vel sagt það núna með sínu venjulega yfirlæti, að við skulum bara fara að búa, og það verður líka eflaust gert, og þá geta þeir framleiðendur, sem nú eiga að sjá okkur fyrir mjólk, drukkið sína mjólk sjálfir, og þá getur verið, að komi annað hljóð í strokkinn hjá hv. þm. V.-Sk. Við hv. flm. hef ég ekkert að segja. Við erum sammála um það hér, að þessu sé mjög ábótavant og að þetta frv. lagi ekki gallana nema að nokkru leyti. En ég get lýst yfir því, að það skal ekki standa á Alþfl. til samvinnu um að finna viðunandi lausn á þessu máli og að við verðum að finna lausn, sem getur borið jákvæðan árangur. Vænti ég þess, að þessi hv. þm. verði ekki eins kátur og glaðklakkalegur, um það er lýkur.

Eysteinn Jónsson: Það hefur býsna margt borið á góma, síðan ég talaði í þessu máli hér á dögunum, og hafði ég ekki ætlað mér að taka til máls, fyrr en ég hefði heyrt svar við öllu, sem ég bar þá fram.

Sannleikurinn er sá, að mjög mörgu af því, sem hv. 8. þm. Reykv. og hv. þm. Hafnf. hafa haldið fram, hefur verið svarað fullkomlega af öðrum, og verður þess nú vart, að sókn sú, sem átti að vera frá þeirra hendi, hefur snúizt upp í vörn. Þó eru það nokkur atriði í ræðu hv. þm. Hafnf., sem ég vildi minnast nokkuð á.

Það hefur oft verið mikið minnzt á kaupgjaldið og um það deilt. Alþingi fól sérstakri n. að taka málið upp og gera bindandi ákvarðanir fyrir þá aðila, sem fulltrúa áttu í n., en það voru neytendur og framleiðendur, og var oddamaðurinn skipaður af hagstofunni. Þetta var gert til þess, að ekki yrði gengið á hluta neins. N. tókst að komast að samkomulagi.

Nú skyldi maður halda, að allir hefðu orðið fegnir samkomulagi sex manna n. Landsmenn urðu mjög ánægðir, því að þessi gleðitíðindi komu mjög á óvart. En það leið ekki á löngu, þar til einstaka menn fóru að ráðast á niðurstöður sex manna n. Það byrjaði með því, að blað sósíalista fór að halda því fram, að þó að samkomulag hefði náðst við bændur, þá hefði ekkert verið gert til þess að þeir fengju það. Það þýddi engan veginn það, að það þyrfti að standa til enda.

Ekki leið á löngu, unz Alþýðublaðið tók í sama streng, og brátt kom svo, að maður gekk undir manns hönd til þess að reyna að koma með alls konar dylgjur og rangfærslur um starf sex manna n. Þetta telst varla siðlegt, þegar þess er gætt, að Alþ. fól þessum fulltrúum þetta starf. En er þeir höfðu innt það af höndum, er ráðizt á þá fyrir svik í því starfi sem þeim er trúað fyrir!

Til þess að geta haldið ófriðnum áfram er ekki skirrzt við að búa þannig að þeim, sem tilnefndir voru til að taka sæti í sex manna n. Það náttúrlega sýnir bezt, hvernig komið er, hversu Alþ. lítur á hlutverk sitt og skyldur, að búa þannig að þeim, sem það hefur falið trúnaðarstörf. Flest af því, sem sagt hefur verið um n., hefur verið sagt hér á Alþ., þar sem þeir hafa ekki getað borið hönd fyrir höfuð sér. Það var komið í fullkomið óefni. Alþ. gat ekki ráðið fram úr dýrtíðinni. En þegar leiðin er fundin með starfi n. og niðurstöðum, þá er ráðizt á hana og það af þeim, sem voru algerlega samþykkir því, að þessi leið skyldi farin í málinu. Hv. þm. Mýr. rakti rækilega, hvers vegna sumir hafa gripið til þess óyndisúrræðis að ráðast á störf sex manna n. Menn voru ekki færir um að stilla sig um að ráðast á n. fyrir starf hennar, af því að stjórnin var þeim andstæð. Annar mjög stór þáttur í þessu máli er sá, að fjölmargir hér hafa leyft sér að halda því fram, að verð á landbúnaðarvörum væri of hátt. Þeir hafa sótt það með slíku offorsi, slíku kappi, mér liggur við að segja heiftrækni, að það er með fullkomnum fádæmum, að ég ekki segi endemum. Og þegar þessir menn sjá, að nefnd, sem er þannig skipuð, kemst að þeirri niðurstöðu, að verðlag landbúnaðarvara sé ekki of hátt, heldur of lágt, þá fyllast þeir gremju og ráða sér ekki fyrir ofsa og bræði í garð þeirra, sem komust að þessari niðurstöðu í sex manna n. Það er fullkomin ástæða til að harma það, að menn skuli ekki hafa tamið sér þá framkomu að beygja sig fyrir niðurstöðum. Lágmarkskrafan er sú að beygja sig fyrir því að hafa rökstuddar ásakanir sínar.

Það er líka annað, sem hefur snert illa þá þm., sem deilt hafa harðlega undanfarin ár um verð landbúnaðarvara. Þeir hafa haldið því fram, að kaupgjaldið væri ekki neitt sérstaklega stórt atriði, það væri sama, hvert kaupgjaldið væri, þótt hvert mannsbarn viti, að það er enginn einstakur útgjaldaliður, sem hefur eins mikil áhrif og kaupgjaldið á verð landbúnaðarvara.

Nú liggur fyrir sú niðurstaða sex manna n., að það sé kaupgjaldið, sem orki langsamlega mestu um það, hvert verðlag skuli vera á landbúnaðarvörum!

Ég hygg, að upp undir 80 af hundraði af verði því, sem bóndinn þarf að fá fyrir afurðir sínar, sé kaupgjaldið. Þessir menn hafa með tvennu móti strikað yfir fullyrðingar sínar um, að verð afurða landbúnaðarins væri of hátt: Í fyrsta lagi með því að samþykkja lögin og í öðru lagi með samkomulaginu í sex manna n.

Það er eðlilegt, að þeim svíði þessi niðurstaða. Hitt er annað mál, að það er ekki karlmannlegt að geta ekki unnið að því að framkvæma þær reglur, sem þeir hafa sjálfir sett.

Hér hefur verið gerður að umtalsefni sérstakur þáttur dýrtíðarmálanna: verðlagsmál landbúnaðarins í sambandi við störf sex manna n. og verð á þeim vörum, sem bændur flytja út úr landinu. Hv. þm. Hafnf. tók það skýrt fram, að það væri ekki skylt, ekki rétt, að bændur fengju uppbót á þær vörur, sem þeir flytja út, ef þær næðu því verði, sem sex manna n. hefur byggt niðurstöður sínar á. Hann sagði, að það hefði borizt, að nokkrir þm. hefðu drýgt þá óhæfu að undirrita skjal, þar sem því var yfir lýst, að þeir sömu þm. ætluðu að samþykkja, að bændur fengju það verð, sem þeir þyrftu að fá fyrir vörur sínar. Hann taldi það vítavert athæfi. Ég vil benda hv. þm. Hafnf. á, að það er ekki neitt nýtt, að þm. bindist samtökum um að koma máli fram. Þetta er ekki annað en það, að nokkrir þm. hafa bundizt samtök-

um um að flytja frv., þegar tímabært þykir. Væntanlega dettur þm. ekki í hug, að sá skilningur geti komið til mála, að verðlagsákvæðin séu bindandi fyrir bændur, þannig að þeir megi ekki selja vörur sínar hærra verði en tilgreint er. Það liggur skýlaust fyrir, að sex manna n. byggði niðurstöður sínar á því, að tiltekið verð fengist fyrir landbúnaðarvörur.

Hagstofustjóri var spurður um skilning sinn á þessu máli, hvort rétt væri að borga uppbætur á útfluttar vörur. Svaraði hann því, að innanlandsverðið byggðist beinlínis á því verði, sem fengist fyrir útfluttar vörur, það verð, sem n. byggði á.

Það hefur komið vitnisburður frá fulltrúa Alþýðusambandsins, sem sæti átti í n. Hann taldi ekki skylt að borga uppbætur á útfluttar vörur. Hann segir, að sér reiknist svo til, að út sé flutt fyrir það verð, sem bændur þurfi að fá, það sé framleiðsluverð, og þar með slegið því föstu, að það sé það verð, sem þeir þurfi að fá. Síðan þarf hann að þjóna sínum flokksbræðrum og segir, að ekki hafi verið gert ráð fyrir, að bændur gætu fengið þetta verð, þótt þeir þyrftu þess. Hann m. ö. o. telur það samþykkt, að innanlandsverðið standi fast án þess að við fengjum fyrir útfluttar vörur það verð, sem hann hefur sagt að við þyrftum að fá.

Ég er ekki að tala um þetta af því, að ég álíti, að það skipti máli, jafnvel þó að hann hafi misskilið hlutverk sitt, því að Alþ. hafði slegið þessu föstu með löggjöf. En það er merkilegt, ef ríkið verður ekki dæmt til að greiða bændum bætur. Ég vil vitna til þess, sem hv. 6. þm. Reykv. (BBen) sagði í umr. um annað mál, þegar þetta bar á góma. Ummæli hans komu heim við það, sem hagstofustjóri lét hafa eftir sér. Þingið er að lögum bundið við, að þessi fjárhæð skuli greidd, og hygg ég, að skilningur þingmannsins sé réttur.

Hv. þm. Hafnf. talaði af miklum fjálgleik um, hvernig komið væri vegna dýrtíðarinnar og verðlags á vörum landbúnaðarins. Ég hygg, að rétt væri fyrir hann að athuga, hvaða liður það er, sem átt hefur drýgstan þátt í að skapa hámarksverð þeirra vara. Ég tel rétt að benda á, að um 80% af tekjum bóndans fara í kaupgjaldið. (**EmJ:** Vill ekki hv. þm. athuga, hve mikinn þátt verðlagið á landbúnaðarvörum á í vísitöluhækkuninni?) Ég sé ekki að svo mikið dragi um það. En hann hefði átt að athuga þetta miklu fyrr. Hann og flokksbræður hans hafa haldið því fram, að kaupgjaldið hefði áhrif á verðlagið í landinu. En nú held ég, að hann hitti sjálfan sig fyrir. Hann benti á, að það ætti að flytja inn erlendar landbúnaðarvörur. Það er ekki glæsilegt að keppa við aðrar þjóðir, bæði með sjávar- og landbúnaðarafurðir. Hvernig litist honum á, ef við færum að flytja inn vinnuafl þaðan, sem það fengist ódýrast? Hvernig ætli sá samanburður liti út fyrir okkur Íslendinga? (**EmJ:** Verðlagið mundi ekki lækka). Ég sé ekki ástæðu til, að hv. þm. sé að skjóta inn fávíslegum athugasemdum. Fyrst hann hefur svona miklar áhyggjur út af dýrtíðinni, þýðir ekki fyrir hann að skjóta sér undan því með athugasemdum að benda á leið til úrlausnar.

Grundvöllurinn undir verðlaginu í landinu er kaupgjaldið. Það hefur meiri áhrif en nokkur annar einstakur þáttur. Það er eðlilegt að taka kaup fyrir að vinna, en það verður hvergi tekið nema af verði þeirra afurða, sem menn framleiða. Allt er komið í mesta óefni, ekki sízt með flutningskostnað og kaupgjald. Smjörverðið er of hátt, kartöfluverðið of hátt. Fyrsta aðvörunin er rituð á vegginn, síðan koma aðrar. Það, sem liggur beint fyrir, er fullkomin stöðvun allrar framleiðslu. Annað atriði er að færa niður afurðaverðið, fella krónuna.

Ég skal játa, að það er ekki nema mannlegt, þótt klifað sé á því, að verðlagið sé undirrót alls þessa. En dýrtíðin verður ekki felld með því einu, heldur verða þeir, sem telja sig hafa umboð fyrir launastéttirnar í landinu, að gera sitt til þess, að það takist.

Það virðist sem hv. þm. Hafnf. hafi ekki mikið álit á hv. þm. V.-Sk., og taldi hann sig þess umkominn að lýsa yfir, að allt það, sem lofað hefði verið, þegar mjólkursamsalan var stofnuð, hefði verið svikið. Þau rök, sem hann færði fyrir máli sínu, hafa þegar fengið fullkomið svar.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að eitt gleggsta dæmið um einræðið í verðlagsmálum landbúnaðarvara væri það, að það væri ákveðið þvert ofan í vilja fulltrúa neytendanna. En þm. var varla búinn að sleppa orðinu, þegar það var upplýst af 1. þm. N.-M., að í þrjú skipti af sex hefðu fulltrúar neytenda og framleiðenda staðið saman um, að verðlagið væri of lágt sett!

Þetta dæmi sýnir glöggt, að það skortir mjög mikið á, að þessi mál hafi verið athuguð á þann hátt sem þarf, og má segja, að harla lítið af því, sem hv. þm. Hafnf. hefur sagt hér, eigi sér nokkurn stað í veruleikanum.

Þótt hv. 8. þm. Reykv. hafi kosið þá aðferð að svara ræðu minni ekki ýkja mikið, en vera í staðinn með dylgjur í garð hv. þm. V.-Sk., ætla ég að víkja að ræðu hans nokkrum orðum. Þessi hv. þm. hélt því fram, að afurðir bænda væru teknar af þeim, áður en þær væru komnar í söluhæft ástand, og sagðist ekki skilja í því, að þeir þyrftu að fylgja afurðum sínum ofan í pottinn. Sjómenn og útgerðarmenn annast sölu sinna. Ætli hv. 8. þm. Reykv. þættu það ekki harðir kostir, ef þeim, sem framleiða sjávarafurðir, væri ekki leyft að fara nema ofan í fjöruna með aflann? En þetta er það, sem hann býður bændum upp á. Hv. 8. þm. Reykv. réðst með dylgjum að hv. þm. V.-Sk. og notaði þá hið sérstaka ræðusnið farandkonunnar. Þessar dylgjur voru þannig fram settar, að það var hverjum þm. ósamboðið, en ekki vantaði, að þær væru settar fram með mjúkri tungu, eins og þessu ræðusniði hæfir. Þm. taldi, að hv. þm. V.-Sk. hefði gerzt talsvert frekur til fjárins í sambandi við rekstur Mjólkursamsölunnar. Ég held, að hann hafi talað um 300 kr. mánaðarlaun. Held ég, að þm. hafi leikið á reiðiskjálfi yfir því, að hv. þm. V.-Sk. tæki 300 kr. mánaðarlaun fyrir forstöðu mjólkursamsölunnar! En þetta sýnir, hvað þm. þarf að seilast langt til raka að nefna 300 kr. mánaðarlaun fyrir forstöðu stærstu mjólkursamsölu landsins.

Þeir, sem kunnugir eru launagreiðslum nú, vita bezt, hve mikil firra það er að koma með annað eins og þetta. Þm. veit vel, að menn setjast ekki svo í bankaráð, að þeir hafi ekki mörg hundruð króna mánaðarlaun, og ef þessi upphæð, 300 kr., er borin saman við kaupgjaldið í landinu yfirleitt, sést bezt, hve smávægileg hún er.

Þá talaði þessi þm. um það, hvernig hv. þm. V.-Sk. rækti starf sitt, og var sú lýsing allt annað en glæsileg. Hins vegar væri hann hinn ógurlegi húsbóndi, sem stæði með reidda svipuna yfir starfsfólki mjólkurstöðvarinnar, svo að það þyrði ekki sig að hreyfa! Þetta var í samræmi við málaflutning þessa hv. þm., þegar hann var af veikum mætti, en fullkominni illgirni að reyna ýmist að særa hv. þm. V.-Sk. eða að fá menn til þess að grípa á lofti dylgjur og persónulegar ásakanir um hann. Hámarki sínu náði þessi kafli ræðunnar, þegar hv. þm. sagði það berum orðum, að hv, þm. V.-Sk. væri þannig gerður, að það væri mjög líklegt, — og ég held, að hann hafi fullyrt það eða þá sagt á þá leið, að ekkert væri sennilegra en það, — að hann, þm. V.-Sk., blandaði óhroða í mjólkina til þess að gera Reykvíkingum sem mesta skapraun og svívirðingu.

Þá var það einn þáttur í þessum kafla ræðunnar hjá hv. 8. þm. Reykv., þegar hann var að tala um, að hv. þm. V.-Sk. væri sennilega lítill prestur, en sennilega þó enn minni bóndi. Það hefði verið skemmtilegt mjög, ef hv. 8. þm. Reykv. hefði þá haft nokkru stærri áheyrendahóp, þegar hann sagði þetta, heldur en var, því að það mun mega búast við, að fáir, sem hér voru viðstaddir, kunni vel að meta þessa staðhæfingu hv. 8. þm. Reykv., þessa vanmáttugu tilraun til þess að særa hv. þm. V.-Sk. persónulega eða koma á framfæri um hann ákveðnum dylgjum. Það vita allir, sem kunnugir eru, að búskapur hv. þm. V.-Sk. hefur verið með þeim ágætum, að til fyrirmyndar má vera fyrir alla. Það sýnir aftur á móti stráksskap hv. 8. þm. Reykv. og vanmáttuga löngun hans til þess að ná sér persónulega niðri á hv. þm. V.-Sk., að hann skuli koma fram með þessa fullyrðingu.

Því hefur verið mjög haldið fram í þessum umr., að það sé vont samkomulag milli neytenda og framleiðenda landbúnaðarvara. Jú, við höfum heyrt það áður, að vont samkomulag væri milli þeirra. Og það er náttúrlega alveg rétt, að þegar neytandinn getur ekki fengið nóga vöru, eins og t. d. mjólk, svo að fullnægt sé eftirspurn hans, þá þykir honum það verra, og hann mundi gjarnan vilja, að nóg væri af þeirri vöru á boðstólum. En ég hygg, að það sé eitthvað meira en lítið saman við allt tal um það illa samkomulag milli framleiðenda og neytenda. Mjólkurmálin voru gerð að nokkuð miklum deilumálum fyrir nokkrum árum, og þá var fyrir þeim deilum staðið á þann hátt, sem sízt var til fyrirmyndar. Þegar þannig stendur á, er hægt að halda svo lengi fram ýmis konar ósannindum í sambandi við eitthvert mál, að þeim sé trúað að lokum, og svo var það í þessum mjólkurmálum. Og síðan hefur það verið siður, — og það hafa a m. k. hv. þm. sósíalista vitað, — að ef átt hefur að koma af stað ófriði við Framsfl., sem sérstaklega stóð að mjólkurlöggjöfinni, þá hefur verið byrjað að klifa á vondri og lélegri mjólk og yfirleitt að taka upp allan þann róg um mjólkursöluna, sem haldið var fram hér á árunum, þegar samsalan komst á. Og síðan, þegar hv. 8. þm. Reykv., — sem sennilega kaupir sjálfur mjólk, — er búinn að fylla blöðin hæfilega marga daga af þessum rógi, þá kemur hann hér fram á Alþ. og segir: Sjáið þið nú, hvað samkomulagið er orðið ógurlega illt á milli framleiðenda og neytenda mjólkurinnar. Það verður að gera eitthvað í þessu. — Þeir skrifa í blöðin þessir menn, hv. 8. þm. Reykv. og hans líkar, til þess að gera neytendur mjólkurinnar óánægða, og svo er leikinn þessi leikur.

Þá eru það gæði mjólkurinnar, sem mikið hefur verið talað um hér. Það má vel vera, að finna megi eitthvað að gæðum hennar, og það er sjálfsagt, að menn vilji ráða bót á því, ef hún er ekki nógu góð. En ef menn vilja bera saman, hvernig menn tala um gæði mjólkurinnar annars vegar og gæði annarra vara, sem á boðstólum eru, hins vegar, þá munu menn komast að raun um, að eitthvað er óhreint í pokanum hjá þeim mönnum, sem um mjólkurmálið skrifa. Það ber oft á því, að það vantar á, að gæði fisks, sem seldur er hér, séu þau, sem æskilegt væri. En hvenær er háð önnur eins herferð á hendur fisksölunum hér eins og á hendur þeim, sem framleiða og selja mjólk? Þetta tvennt er algerlega ólíkt.

Það hefur verið talað hér í þessum umr. um mjólkurskort talsvert mikið. Og það er rétt, að það hefur orðið misbrestur á því, að hægt hafi verið að fullnægja eftirspurn eftir mjólk á haustmánuðunum. Það er ekki óeðlilegt, og hefur komið oft fyrir áður. En það, sem eftirtektarverðast er nú við þessar umr. um mjólkurskortinn, er ekki það, að það geti vakið óánægju, að það skorti mjólk, heldur er ráðizt á bændur fyrir mjólkurskortinn eins og einhverja óbótamenn eða allt að því, fyrir að þeir skuli ekki geta séð bæjunum fyrir nægilegri mjólk, hvenær sem eftir henni er spurt og hvenær sem er á árinu. Og frá hverjum koma þessar árásir á bændur og ásakanir út af þessum mjólkurskorti? Er það frá þeim mönnum, sem lagt hafi sig sérstaklega fram til þess að greiða fyrir því, að bændur hefðu nóga mjólk á boðstólum? Koma þær frá mönnum, sem tekið hafa þannig á verðlagsmálum landbúnaðarins, að það væri eftirsóknarvert fyrir menn að framleiða mjólk? Nei. Því fer svo alls fjarri, að því sé til að dreifa. Þessar árásir á bændur og forráðamenn mjólkurskipulagsins út af því, að ekki sé nóg mjólk til boða hér í bænum, þær koma frá mönnum, sem heimtað hafa, að látið skyldi átölulaust, þó að hver maður, sem það vildi, réði sig í þjónustu setuliðsins hér og yfirgæfi framleiðsluna. Og þessir sömu menn hafa haldið fram, að verkamenn hefðu engar skyldur til að sinna þeim verkefnum, sem landsmenn þyrftu sjálfir að láta vinna, ekki einu sinni matvælaframleiðslunni. (**EOI:** Verkamenn buðust til þess, en Framsóknarráðh. neituðu því). Þetta eru hreinustu ósann-

indi, og veit ég betur um þetta en hv. 2. þm. Reykv., því að ég hef staðið í stórdeilum við þá, sem talið hafa sig fulltrúa verkamanna, út af því, hvort takmarka ætti vinnu manna hjá setuliðinu. (**EOI:** Hverju var svarað tilboði Dagsbrúnar?) Þeir héldu fram í því félagi, að það væri sjálfsagt, að menn hefðu óbundnar hendur til þess að ráða sig í setuliðsvinnu. Ég veit ekki betur en hv. 2. þm. Reykv. hafi krafizt þess um skeið, að setuliðsvinnan væri látin sitja fyrir öðru hér á landi um vinnuafl landsmanna. Það var, þegar hann áleit, að það væri verið að hjálpa Rússum með því gegn Þjóðverjum. Það áttu þá að heita landvarnir hjá honum, sem hann setti þá í fyrirrúm fyrir framleiðslu landsmanna sjálfra. Þá held ég, að hv. 2. þm. Reykv. hafi ekki verið svo viðkvæmur fyrir því, þó að landbúnaðarframleiðslan gæti dregizt saman, þegar hann áleit um það að ræða að hjálpa Rússum. (**EOI:** Hefur hv. þm. lofað að hjálpa formanni Sjálfstfl.?) Þetta er engin fyndni, vegna þess að það, sem ég á við með þessu, er, að hv. 2. þm. Reykv. fjandskapaðist við Bandamenn, meðan Rússar voru með Þjóðverjum, eftir samningum að dæma. Svo var þessi hv. þm. fluttur úr landi, sem var að vísu óhæfuverk af þeim, sem það gerðu, en var samt af þessum orsökum, sem ég nefndi. Svo snerist þessi hv. þm. með Bandamönnum aftur, þegar Þjóðverjar réðust á Rússa. Og nú er hann að undirbúa sig undir það í blaði sínu að snúast gegn Bandamönnum aftur, til þess að vera viðbúinn að gera það, ef svo kynni að fara, að Rússar yrðu ekki með þeim til styrjaldarloka. Það hafa komið greinar í Þjóðviljanum, sem ganga í þá átt, að svo geti farið, að Þjóðviljinn snúist gegn Bandamönnum, ef á þarf að halda að dómi þessa hv. þm. — Aðalatriðið er það, að þessar ádeilur á framleiðendur fyrir það að hafa ekki nóga mjólk á boðstólum koma frá mönnum, sem hafa gert allt, sem þeir geta, til þess að torvelda það, að mjólkurframleiðslan gæti átt sér stað, og sífellt hafa haldið því fram, að verðlag á landbúnaðarafurðum væri of hátt. En hvernig halda þessir menn, að hefði verið orðið ástatt hér í Reykjavík, ef verðið á mjólkinni hefði verið mun lægra en verið hefur? Er mögulegt fyrir þessa menn að gera sig svo auvirðilega að halda því fram, að mjólkurverðið hafi verið of hátt, en hins vegar sé mjólkurskortur, af því að ekki sé nægilega mikið framleitt af mjólk? En það er auðvitað af því, að menn hafa ekki sótzt eftir því að taka á hendur mjólkurframleiðsluna. (**EmJ:** Mjólkurskorturinn er af því, að öðrum er seld mjólkin en Íslendingum). Já, því er haldið fram, að mjólkurskorturinn sé nú af því, að mjólkin sé seld öðrum en Íslendingum, og það hefur að vísu verið samið við setuliðið um að selja því nokkra mjólk, og á það hefur verið ráðizt af þeim sömu mönnum, sem heimtuðu skilyrðislausan rétt handa verkamönnum til þess að ráða sig hjá setuliðinu, hversu mikil sem þörfin væri í landinu annars fyrir vinnu þeirra. Og þetta m. a. sýnir samræmið og sanngirnina í málflutningi og atferli þessara manna, sem flutt hafa þetta mál hér, að þeir vilja, að bændum sé óheimilt að selja setuliðinu nokkra mjólk, en heimta hins vegar ótakmarkaðan rétt fyrir verkamenn til þess að ráða sig í vinnu hjá setuliðinu, hvernig sem á stendur.

Nú vil ég segja það um þessa setuliðsmjólk, að vitanlegt er það og upplýst, að það er ekki hægt að halda markaðinum fyrir mjólkina hjá setuliðinu, nema með því að tryggja því að geta fengið nokkurt mjólkurmagn allt árið. Og var þá nokkurt vit í því að sleppa markaðinum hjá setuliðinu fyrir mjólkina aðeins vegna þess, að það vantaði nokkurt mjólkurmagn nokkrar vikur á einum stað á landinu? Hvað segja þeir um þetta, sem hafa haft þá afstöðu gagnvart verkamönnum að halda fram, að þeir eigi að fá að ráða sig hjá setuliðinu í vinnu, hvernig sem á stendur í landinu um þörf á vinnuafli? Er vit í að sleppa þessum markaði aðeins fyrir það, að ekki er alveg nóg mjólk í nokkrar vikur á einum stað á landinu, þegar vitað er nú líka, að sá mjólkurskortur er ekki tilfinnanlegri en það, að það stafar engum hin minnsta hætta af honum? Spurningin er þá sú, hvort það hafi verið óeðlilegt að gera ráðstafanir, sem valda því, að mjólkin er þannig nokkru minni á einum stað á landinu í nokkrar vikur, til þess að fá mjög þýðingarmikinn markað hjá setuliðinu allt árið fyrir mjólk. Mér finnst það fullkomið undrunarefni, að þeir, sem hafa tekið á verkalýðsmálunum í sambandi við setuliðsvinnuna eins og ég hef lýst, skuli finna að þessum ráðstöfunum.

Auk þessa er rétt að benda á í þessu sambandi til þess að sýna samræmið í þessu, að þeir sömu menn, sem ætla að rifna yfir því, að bændur hafi drýgt þá óhæfu að selja mjólk til setuliðsins, þeir hafa ekkert við það að athuga, að mjög mikið af rafmagni og mikið neyzluvatn, sem tekið er gegnum kerfi bæjanna, gengur til setuliðsins. Hv. þm. Hafnf. ætti vel að vita það, að nú er stórfelld stöðvun í iðnrekstrinum vegna rafmagnsskorts. (**EmJ:** Það er ekki samboðið hv. þm. að bera þetta saman við það að neita setuliðinu um vatn). Þetta er ekki annað en slúður. Heldur hv. þm. Hafnf., að ekki sé hægt fyrir setuliðið að fá vatn öðruvísi en gegnum vatnsleiðslur Reykjavíkur og Hafnarfjarðar? Ef hv. þm. Hafnf. heldur, að það sé hægt að neita setuliðinu um mjólk, mætti ekki alveg eins heimta af því, að það hefði sitt eigið vatnsleiðslukerfi? Það er ekki um að ræða að taka allt vatn úr ám og lækjum landsins, til þess að setuliðið geti ekki náð í það. En frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja neita setuliðinu um mjólk, ætti þá aðeins að vera sanngjarnt að banna setuliðinu að nota vatn úr vatnsleiðslukerfi bæjanna. En ég álít hvorugt rétt að gera.

Og svo er rafmagnið. Halda hv. þm., að það geti verið nokkur vitglóra í því frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja ekki, að setuliðinu sé seld mjólk, að selja þá setuliðinu svo mikið rafmagn, að meiri og minni stöðvun sé á vinnu hér í bænum, vegna þess að setuliðinu er selt rafmagn? En hv. árásarmennirnir hér á bændur landsins hafa ekkert við þetta að athuga, bara af því að það er ekki mjólk og þeir álíta sig

ekki þurfa á því að halda til að æsa upp pólitíska mótstöðu gegn vissum flokki.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um þetta, og geri ekki ráð fyrir að taka til máls aftur um þetta mál.

Ég vil loks segja nokkur orð um afstöðu Sjálfstæðisflokksins í þessu máli. Hér hefur í þessu máli talað einn af hv. þm. þess flokks, hv. 7. þm. Reykv. (SK), og mér fannst hann tala ákaflega einkennilega um þessi mjólkurmál yfirleitt, þó að ég gæti ekki fundið, að hann væri með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil taka það fram, til þess að það verði bókað eftir mér, að mér virðist, að það liggi augljóslega fyrir hvaða afstöðu Sjálfstfl. tekur til þessa máls. Frá öndverðu hefur Sjálfstfl. krafizt þess, að mjólkurmálin væru í höndum bændanna sjálfra, eins og þeir kalla það, mjólkurbúanna, og stjórn mjólkursamsölunnar skipuð kjörnum fulltrúum bænda. Nú hefur þessum málum verið skipað á þann hátt, sem Sjálfstfl. hefur tjáð sig vilja hafa á þessu, og kemur það því væntanlega ekki til mála, að sá flokkur ljái frv. þessu, sem hér liggur fyrir, sitt lið. Þetta tek ég fram út af því, að það hefur ekki komið beint fram við þessar umr., hvað sá flokkur vill í málinu. (**SigfS:** Sór formaður Sjálfstfl. þessum hv. þm. það?) Þessi hv. þm. er ekki málsvari Sjálfstfl. hér á hæstv. Alþ. og þarf ekki að vera að kalla fram í þess vegna. (**BÁ:** Sjálfstæðisfl. hefur engan annan málsvara nú í þingsalnum). En ég útskýrði þetta, af því að ég áleit, að flokkurinn hlyti að hafa þessa afstöðu í samræmi við það, sem komið hefur áður fram frá þeim flokki. Annars býst ég við, að hv. 8. þm. Reykv. fái orðið síðar og geti þá rætt um þessa svardaga, sem hann er að tala um hér, ef hann hefur mikinn áhuga á því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt það líti út fyrir, að ýmsir af þeim mönnum, sem eiga sæti í þessari hv. d., vilji ekki hafa það, sem sannara reynist, þó að það sé lagt upp í hendurnar á þeim, heldur trúa því, sem þeim þykir bezt að trúa, þykir mér samt rétt að leiðrétta nokkur atriði, sem hér hafa komið fram.

Ég vil þá fyrst benda á, að því hefur jafnan verið haldið fram, ekki reyndar mikið við þessa umr., en áður, annars vegar, að verðjöfnunarsvæðið væri allt of stórt og þyrfti að vera miklu minna, og hins vegar, að það vantaði mjólk til bæjarins. Í þessu sambandi talaði hv. þm. Hafnf. um það rétt áðan, að aukningin á mjólkurmagni því, sem til bæjarins væri flutt, stafaði að verulegu leyti af því, að minna væri neytt af mjólk á heimilunum en áður. Það kann að vera rétt hjá honum, en ég vildi benda honum á tvennt, annars vegar það, að kúnum hefur fjölgað, og hins vegar, að nythæð kúnna hefur vaxið. Árið 1933 voru fluttir hingað til bæjarins 3410374 lítrar af mjólk, en nú yfir 15 millj. lítra, og á sama tíma hefur kúnum fjölgað um því nær 3000.

Hv. þm. Hafnf. segir, að ein afleiðing af l. sé sú, að kúm í Reykjavík hafi fækkað, þar sem hann taldi, að þær ættu að vera flestar. Það er rétt, að þeim hefur ekki fjölgað mikið í Reykjavík, en ég hélt, að þar sem þær eru 700 nú, en voru 655 1934, þá væri sú breyt. ekki á þann veg, að þeim hefði ekkert fjölgað hér. Sama er að segja, ef tekin er Gullbringu- og Kjósarsýsla eða Hafnarfjörður. Þar er ekki mikil fjölgun, en fjölgun er það eigi að síður. Það er því rangt, að mjólkurskipulagið hafi leitt til þess, að kúm hafi fækkað. Þeim hefur ekki fækkað, en þeim hefur fjölgað minna en annars staðar, og liggja til þess aðrar ástæður, sem ég skal ekki rekja nú.

Í þessu sambandi vildi hv. þm. halda því ákveðið fram, og það hafa fleiri gert, að það að þurfa að flytja mjólkina svo langt að sem nú væri gert væri orsök til þess, að nú væri mjólkin verri en áður, og það hefur ekki verið hægt að skilja annað á neinum þeirra hv. ræðumanna, sem um þetta hafa talað, en að þessi langi flutningur á mjólkinni til að fullnægja þörf bæjarbúa væri orsök þess, að mjólkin væri nú slæm. Nú er þarna ákaflega margt, sem til greina kemur, og þó langmest ýmsir staðhættir heima á hinum fjöldamörgu heimilum, sem mjólkin kemur frá, en þau eru nokkuð á þriðja þúsund. Það eru mjög mörg atriði, sem koma til greina um það, hvort mjólkin verður góð eða slæm. Það er fyrst og fremst aðstaðan til að kæla mjólkina, þrifnaður á heimilunum og í fjósunum o. s. frv. En sé sú kenning rétt, að sú mjólk, sem langt er flutt, verði verri en sú, sem framleidd er hér í nágrenninu, þá ætti að vera hægt að upplýsa það með því að gera samanburð á mjólkinni á hinum ýmsu stöðum.

Þann 12. nóv. 1940 skipaði ríkisstj. mann til að rannsaka ýmislegt viðvíkjandi mjólkurmálunum og athuga, hvernig mætti úr bæta. Eitt af því, sem þessi maður, Stefán Björnsson mjólkurfræðingur, sem var eini maðurinn hér, er hafði fullkomna menntun á þessu sviði, rannsakaði, var einmitt þetta atriði, gæði mjólkurinnar frá ýmsum stöðum. Það eru til tvær aðferðir til að rannsaka gæði mjólkur. Önnur þeirra er litprófun, sem skiptir mjólkinni í fjóra flokka eftir gæðum, þar sem fyrsti flokkur er beztur og sá fjórði lakastur. Hún segir, hvað mikið sé af óhreinindum og bakteríum í mjólkinni og þess háttar. Svo er líka til efnagreining á mjólk, sem segir, hversu feit mjólkin sé. Mér þykir leitt, að hv. þm. Hafnf. er ekki við, því að hann var að hæla mjólkinni í Hafnarfirði. En þar er þannig ástatt, að þar er ekki hægt að dæma um mjólkina, hvort hún er góð eða vond, feit eða mögur. Það hefur verið vanrækt að fitumæla og litprófa hana þar undanfarin ár.

Það liggur fyrir fjölrituð skýrsla, sem Stefán Björnsson samdi að rannsókn sinni lokinni. Þar er mjólkin frá hverjum stað flokkuð í fjóra flokka eftir gæðum samkvæmt litprófun. Kemur þá í ljós, að 45% af mjólkinni úr nágrenni Reykjavíkur er í fyrsta flokki, en af mjólkinni, sem kemur úr Flóabúinu, er 82,5% í fyrsta flokki. Í fjórða flokki er 1,6% af Reykjavíkurmjólkinni, en 0,9% af Flóabúsmjólkinni. Ég veit, að það þýðir ekki að segja þessum hv. þm. þetta. Líklega segja þeir ekki, að Stefán Björnsson hafi falsað þessa skýrslu, en þeir segjast

bara ekki trúa því, þó að þeir sjái það sjálfir í fjölritaðri skýrslu. Og sjálfsagt hafa margir þeirra fengið hana, því að hún var til í stjórnarráðinu á sínum tíma, og þar fékk ég hana, og ég veit, að hvaða þm., sem er, hefur getað fengið hana, hafi hann óskað þess. Það er því greinilegt, að það er þveröfugt við það, sem þessir hv. þm. hafa haldið fram. Með þessu tel ég þá sannað, að langflutningarnir hafa ekki átt afgerandi né verulegan þátt í því að gera mjólkina verri, því að mjólkin hefur reynzt betri úr austursveitunum þrátt fyrir langan flutning, en af hverju það er, skal ég ekki fara út í að þessu sinni.

Þá gætum við hugsað sem svo, að Reykjavíkurmjólkin væri þó feitari og það miklu feitari. Því svarar einnig þessi athugun. Og hvað segir hún um það? Þar er mjólkinni skipt niður í fimm flokka eftir fitumagni. Í lægsta flokki var mjólk með fitu fyrir neðan 3%, en 3% er það minnsta fitumagn, sem mjólk má hafa, sem hér er seld. Annar flokkur var 3—3,3%, þriðji flokkur með 3,3—3,6%, fjórði flokkur með 3,6—3,9% og fimmti flokkur með yfir 3,9%. — Sá samanburður er þannig:

	Undir:				Yfir:
	3%	3-3,3%	3,3-3,6%	3,6-3,9%	3,9%
Reykjavík	2,14	15,89	39,87	24,97	17,13
Flóabúið	0,25	5,32	30,95	38,12	25,16

Þetta er þá það, sem þessi skýrsla segir um fitumagn mjólkurinnar: Reykjavík og nágrenni hafa hærri prósenttölu af mögru mjólkinni, en austursveitirnar hærri prósenttölu af feitu mjólkinni alveg eins og mjólkurgæðin voru meiri að austan en úr nágrenni Reykjavíkur. Þetta er það raunverulega ástand. Svona er það, en ég efast um, að það þýði að segja frá þessu, því að menn vilja ekki heyra staðreyndirnar í þessu efni.

Það eru því ekki flutningarnir á mjólkinni, sem valda því, ef eitthvað er áfátt um gæði hennar. Það er eitthvað annað, sem þar kemur til greina, og þá fyrst og fremst það, að á Reykjavíkursvæðinu hefur enginn verðmismunur verið gerður á mjólkinni eftir gæðum eða fitumagni. Þar hefur sama verð verið borgað fyrir hvern lítra, hvort sem mjólkin hefur verið feit eða mögur. Á Flóabússvæðinu aftur á móti fá bændur mjólkina borgaða eftir fitumagni, og þar að auki er hún verðfelld, ef hún lendir í lægri gæðaflokkunum. Bændur þar eystra gera því, sem þeir geta, til að hafa mjólk sína sem bezta og feitasta. Þetta er fyrst og fremst ástæðan til þess, að mjólkin er betri og feitari í austursveitunum en í nágrenni Reykjavíkur.

Í umr. í dag var starf sex manna n. dregið nokkuð inn í þessar umr. Þar var því haldið fram, að verð á landbúnaðarafurðum hefði hækkað á undan kaupgjaldinu. Þessu mótmæli ég. Verð á landbúnaðarafurðum hefur aldrei hækkað fyrr en á eftir kaupgjaldinu í sveitunum. Þeir, sem halda hinu fram, hafa ekki áttað sig á, að kaupið í sveitunum hefur hækkað hálfu og heilu ári og stundum meira en heilu ári fyrr en taxtakaupið í bæjunum hefur verið hækkað. Ef menn reyna að afla sér upplýsinga um, hvað kaupið hefur verið í sveitum á hverjum tíma, þá munu menn sannfærast um þetta.

Það virðist svo, að ýmsum mönnum sé það lítt skiljanlegt, hvers vegna hefur orðið vart mjólkurskorts hér í bæ á s. l. hausti, þó að vitað sé, að meira hefur verið selt af mjólk í bænum nú en undanfarin haust. Ég hygg, að þetta þurfi ekki að vera mönnum neitt undrunarefni. Til þess liggja tvær ástæður og kannske fleiri. Önnur er sú, að kaupgeta almennings er nú hin mesta, sem hún hefur verið, mjólkurkaupendur því flestir nú og mjólkurkaupin hjá hverjum manni hvað mest. Þó hugsa ég, að það sé ekki það, sem ræður hér úrslitunum, heldur hitt, að það er búið að hræða fólkið með og telja því trú um, að það fái ekki mjólk. Afleiðingin af því er sú, að í staðinn fyrir að koma smátt og smátt allan daginn og sækja mjólk sína eins og á venjulegum tímum, þá þyrpist fólkið í hópum í búðirnar á morgnana, líkt og fé er smalað úr högum í hús eða rétt. Allir vilja fá afgreiðslu í einu af ótta við, að ef þeir komi ekki svona fljótt, muni þeir ekki fá neitt. Þetta verður til þess, að afgreiðslan verður miklu erfiðari og verri. Og þegar fólk hefur staðið lengi í þrengslum og beðið, þá kaupir það meira þegar það kemst að en það er vant að gera. Þetta hugsa ég, að geri mest, biðin í þrengslum og hræðslan við að fá ekki nóga mjólk. Og af þessu hefur svo leitt allt þetta umtal og allur þessi hávaði, sem orðið hefur út af vöntun á mjólk hér í bæ.

Það er nú farið að fréttast út til bænda um þetta frv., hvert það stefnir og hvert efni þess er. Þó að það sé langt síðan samþ. var hér á þingi að skipa n. í því skyni að bæta póstsamgöngur, þá hefur það starf ekki gengið betur en svo, að enn hafa engar bætur verið gerðar á póstsamgöngunum. Þetta frv. og fréttir um það í blöðum hafa þó borizt út um land og eru nú komnar í hendur margra landsmanna.

Einnig hafa menn í haust átt í margs konar annríki og ekki gefið sér meira en svo tíma til þess að fylgjast með því, sem gerzt hefur hér á Alþ. Hins vegar sé ég það, að nú eru menn bæði búnir að fá blöð með fréttir af þessu frv. og sömuleiðis þá líka hitt, að menn eru búnir að kynna sér það úti um land, því að í dag voru send til mín tvö mótmælaskeyti gegn frv. frá bændum utan af landi, annað frá Reyðarfirði, þar sem bændur úr Reyðarfirði og Fljótsdalshéraði orða mótmæli sín þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur framleiðenda af Héraði og Reyðarfirði, haldinn á Reyðarfirði 20. okt. 1943, mótmælir eindregið frumvarpi sósíalista á þingskjali 77, er nú liggur fyrir Alþingi, um breytingar á mjólkurlögunum. Fundurinn telur frumvarp þetta ganga í öfuga átt, þar sem framleiðendum einum beri að annast sölu og dreifingu á framleiðsluvörum sínum svo og að verðleggja þær. Fundurinn skorar því fastlega á Alþingi að fella frumvarp þetta".

Önnur samþ. liggur hér fyrir frá fundi í Loðmundarfirði og fer í sömu átt. Og það er víst, að enginn bóndi verður með þessu frv., frá hve mörgum þeirra sem mótmæli koma. Enginn bóndi

verður með því að láta ekki leyfa sér að hafa sínar eigin stöðvar til þess að vinna sínar eigin vörur. Og ekki er nóg með það, að bændur eigi ekki að fá að vinna úr vörum sínum, heldur vilja formælendur líka láta taka af bændum þau tæki, sem þeir hafa komið sér upp til vinnslu mjólkurinnar. Og svo vilja þeir láta kaupa af bændum til sölu og vinnslu bara það mjólkurmagn, sem bærinn á hverjum stað þarf til sinna nota. Það er margyfirlýst af frumvarpsflytjendunum, að það sé ekki meiningin að borga kr. 1,23 fyrir lítrann fyrir meira af mjólk en það, sem selst innan lands, en þau rúml. hundrað tonn af ostum, sem liggja hér og er verið að byrja að selja út úr landinu, þau á ekki að vera hægt að gera. Bærinn á að eiga mjólkurstöðina, eftir því sem þessir menn vilja, og á ekki að þurfa að taka við meiri mjólk í hana en selst sem neyzlumjólkurvörur á verðlagssvæðinu, mun vera meining þeirra. Svo getur vel verið, að bændur megi fyrir náð og miskunn fá að hafa sína eigin stöð til þess að vinna úr þeirri mjólk, sem framleidd er á verðlagssvæðinu fram yfir það, sem bærinn þarf að kaupa á hverjum tíma. Annars veit ég ekki, hvort þeir vilja leyfa það eða ekki. Það liggur ekkert fyrir um það, og sýnilega er það ekki meiningin. En þó að hér séu nokkrir einstakir menn á þingi, sem eru svo illviljaðir í garð bænda, að þeir vilja ekki lofa þeim að ráða yfir sínum eigin vörum, vinnslu þeirra og afhendingu, heldur taka hana af þeim, þá skipa þeir mikinn minni hluta á hæstv. Alþ. enn, og vonandi lengi enn.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál allmikið, og búin eru að koma fram í því ýmis atriði til upplýsingar. En það virðist vera svo sem þeim, er flytja þetta mál hér og deila á það skipulag og fyrirkomulag, sem er hér um mjólkurmálin í bænum, sé um annað meira hugað en að fá réttar staðreyndir í málinu, því að þær ræður, sem þeir hafa flutt hér, hafa allar gengið út á það, a. m. k. upp á síðkastið, að neita staðreyndum og segja, að það séu staðlausir stafir, sem liggur fyrir í skýrslum, sem framkvæmdar hafa verið af því opinbera, og neita yfirleitt tölum, skýrslum og staðreyndum. Og þessir menn virðast hafa mestan áhuga á því að þyrla upp sem mestum blekkingum og ósannindum í þessu máli, þannig að maður hefur alls ekki geð í sér til þess að ræða við þessa menn um málið, vegna þess að þeim er annað í hug en að komast að því eða tala um það, sem rétt er í málinu. Það eru það mörg atriði búin að koma hér fram hjá hv. flm. frv., að ef fara ætti að hrekja þau öll, þá væri það vitanlega margra klukkustunda verk, enda sé ég enga ástæðu til að gera það neitt að ráði. Vil ég aðeins drepa á örfá atriði, þó að hv. þm. Hafnf. segi, að minn málflutningur sé sá að taka einstök atriði í málinu og kryfja þau til mergjar og hleypa svo fram hjá mörgum öðrum atriðum ósvarað. Þetta er rétt. Ef ég ætti að taka hvert einasta atriði og sýna blekkingarnar í því, þá entust mér ekki margir dagar til þess. Það er ekki hægt að taka allar þær blekkingar og rekja þær í sundur á stuttum tíma og sýna, hvernig málflutningurinn er. Ég held, að það sé vísindaleg aðferð, sem notuð er, að þegar um mikið magn er að ræða af einhverju, sem þarf að prófa, þá eru tekin sýnishorn og rannsökuð og sýnt, hvers eðlis þau eru á ýmsan hátt. Þegar t. d. er reiknuð út vísitalan, þá eru tekin nokkur sýnishorn, ég held 40, og er það talið nægilegt til þess að sýna, hver er hinn raunverulegi framleiðslukostnaður hér í Reykjavík. Og ég held, að hv. þm. Hafnf. hafi flutt hér þáltill. fyrir fáum dögum um það, að nauðsynlegt væri að auka fjörefnarannsóknir á lýsi, og við þær rannsóknir eru tekin tiltölulega fá sýnishorn til að rannsaka það, en ég held, að honum hafi ekki dottið í hug að taka allt lýsismagnið til þess að láta rannsaka það, heldur aðeins sýnishorn. Og þessa aðferð ætla ég að nota enn þá, vegna þess að ég tel hana þá einu, sem hægt er að nota gagnvart mönnum, sem þyrla upp jafnmiklum blekkingum í málflutningi sínum eins og hv. 8. þm. Reykv. og hv. þm. Hafnf. og aðrir fleiri, sem í þessu máli hafa talað. Hv. 8. þm. Reykv. var að tala um það m. a., að ég hefði farið skakkt með tölur, þegar ég sagði, að árið 1934 hefði mjólkurmagnið, sem talið hefði verið koma hér á markaðinn í Reykjavík, verið 6,3 millj. lítrar, á móti því, að árið 1942 hafi það verið 15,5 milj. lítra. Ég ætla að standa við þær tölur. En sá hv. þm. vildi hrekja það, að þetta væru réttar tölur með því móti að segja, að árið 1935 hefði mjólkurmagnið verið 9,9 millj. lítra. Þetta er nú málflutningur í lagi! — að taka allt aðrar tölur og annað ár og segja svo, að ekki sé rétt með tölur farið. Þetta er náttúrlega ekki vísindaleg aðferð, og þó að reynt sé að bjarga sér úr klípu með þessu lagi, þá er þetta það, sem kallað hefur verið á íslenzku að fara á hundasundi eða hundavaðsháttur.

Þá var hv. 8. þm. Reykv. að tala um það, hversu gífurlegur dreifingarkostnaðurinn væri, þar sem munurinn væri hvorki meiri né minni en 47 aurar á útsöluverði mjólkurinnar og því, sem bændur fengju. Og vitanlega er ekki neitt verið að tala um það, hvernig þessi mismunur er til kominn. Það er ekki verið að leggja sig fram til þess að finna þann raunverulega dreifingarkostnað eftir reikningum samsölunnar, sem hv. 8. þm. Reykv. hafði í höndunum og gat eftir þeim fundið, ef hann hefði viljað, heldur ekki tekið það meðalverð, sem hér er um að ræða. En í þessum 47 aurum er innifalinn vinnslukostnaður auk sölukostnaðar og verðjöfnunargjalds. Og þótt útsöluverð neyzlumjólkur sé ákveðið kr. 1,70 hver lítri, þá er um mjólkina það að segja, að hún er langverðmesta varan af mjólkurafurðunum, og þegar bezt hefur gengið að selja hér mjólk, þá hefur það verið tæpur helmingur mjólkurframleiðslunnar, sem komið hefur til samsölunnar, sem hefur selzt með þessu verði, en hitt mjólkurmagnið fer í vinnsluvörur, osta, smjör og skyr. Og ef maður seldi ⅓ vörumagns einhverrar vöru á kr. 1,70 lítrann, ⅓ hlutann á kr. 1,50 og ⅓ hluta á kr. 1,20, þá hef ég ekki heyrt, að meðalverðið sé kr. 1,70. En þetta er kannske sýnishorn af reikningskunnáttu hv. 8.

þm. Reykv. Ég held, að meðaltalið mundi reynast vera annað. Það liggur fyrir ótvírætt samkvæmt reikningum mjólkursamsölunnar, að allur dreifingarkostnaður mjólkurinnar hér í Reykjavík var á síðasta ári um 6% af verði vörunnar, og af því eru 4,9% kaupgreiðslur, þannig að það er rúmlega 1%, sem fer í allt hitt. Nú má það vera, að hv. 8. þm. Reykv. og öðrum þyki það of mikið, að sölu og dreifingarkostnaður einnar vöru sé 6%, og það vöru, sem er jafnvandmeðfarið og mjólk og mjólkurvörur. En er þá ekki rétt að taka til samanburðar, hver sölu- og dreifingarkostnaður er á öðrum neyzluvörum í Reykjavík? Ég hef hér hjá mér allar ákvarðanir verðlagsn., þar sem hún ákveður, hvað megi leggja á vörur í sölu og dreifingarkostnað, sem sé til þess að dreifa þeim í smásölu. Og þó að ég leiti með logandi ljósi, þá finn ég hvergi heimild til álagningar undir 15%, sem ákveðið er, að megi leggja á vörur hér í Reykjavík sem sölu- og dreifingarkostnað. Fyrir fáum dögum var það upplýst hér á Alþ., að sölu- og dreifingarkostnaður í smásölu á olíu hefði verið 200% hér á landi. Fiskur, sem seldur er hér í bænum, er keyptur inn til fisksala á 40 aura kg og 45 aura ýsan. Fiskurinn er svo seldur út í smásölu á 80 og 85 aura, og fer þar mikið yfir 80% í dreifingarkostnað. Yfir þessu fæst enginn, en 6% dreifingarkostnaður af mjólkinni og mjólkurvörum á að vera svo óhæfilegur, að helzt þurfi á það opinbera rannsókn. Fyrir að dreifa silkisokkum hér í Reykjavík, sem ætti ekki að vera erfiðara en að dreifa mjólkurvörum, leyfir verðlagsn. 42% álagningu, sem lagt sé í smásölu á þessa vöru. Fyrir að dreifa rafmagnsvörum úr búðum leyfir verðlagsn. 46% álagningu. Það eru vörur, sem m. a. hv. þm. Hafnf. er eitthvað við riðinn, og honum er leyft til þess að dreifa þessum vörum að leggja á þær 46%. Fyrir að dreifa nöglum hér í búðum er leyft að leggja á vöruna 26% eða 20% meira en fyrir að dreifa mjólkurvörum. Fyrir að dreifa hrífusköftum og amboðum, sem ætti ekki að vera mjög mikil hætta á rýrnun á, leyfir verðlagsn. að færa þau fram um 20%. — Ég skal ekki þreyta hv. þd. með því að taka mjög mikið af þessum dæmum, en vil þó taka örfá fleiri. Fyrir að dreifa rörum og járnvír, sem þarf ekki að fara mjög gætilega með, er leyft að leggja á vöruna 40% í smásölu, og fyrir að dreifa ýmsum rafmagnsvörum, öðrum en ég nefndi áðan, er leyft að fara allt upp í 50% með álagninguna. Þannig er að heita má, hvar sem maður grípur niður í þessu. Dreifingarkostnaður á skóm og skófatnaði má fara upp í 32% af verðinu, og hvar sem ég lít í þessi verðlagsákvæði, þá er sú lægsta álagning, sem ég hef fundið, 15%.

Nú ætla ég að biðja hv. þm. að bera saman þessar staðreyndir, og þeir geta reiknað út sjálfir, hverju munar hér. Dreifingarkostnaðurinn hefur verið 6% á mjólkinni, og ég ætla að skora á hv. þm., ef þeir geta, að finna eina einustu neyzluvörutegund hér í Reykjavík, sem fer minna í sölu- og dreifingarkostnað á en í þessu tilfelli. Og ef þeir geta það ekki, þá er það fullkomlega sannað, hvað á bak við málflutning þeirra manna liggur, sem deila sérstaklega á mjólkursölufyrirkomulagið, vegna þess að þeir telja, að dreifingarkostnaðurinn sé óþarflega og óhæfilega mikill og biðja um rannsókn í þessum efnum og tefja störf Alþ. með ógeðslegum málflutningi í þessum efnum. Ég efast ekkert um, að þessir menn, sem sérstaklega standa með þessu máli, bregði því vopninu fyrir sig að neita tölum þeim, sem hér liggja fyrir hverjum manni, sem vill ganga að þeim, og segi, að þær komi sér ekki við, heldur séu þær aukaatriði, þegar búið er að reka þá á stampinn, því að vitanlega kemur þessum hv. þm. það illa, að tekin séu svona atriði og rakin sundur og sýnt fram á, hve mikið hald er í þessum ádeilum, sem þeir eru að flytja.

Það sem hv. 8. þm. var hér að tala um mig persónulega og um það, hvað ég væri lítill maður sennilega og lítill prestur og lítill bóndi, þá er það kannske gott fyrir hann og hans sálufélaga að geta leikið sér að slíkum hugsunum. Þeir skulu þá bara hugsa sér að vera meiri menn. Þessi maður, 8. þm. Reykv., hefur fengið mikinn styrk frá ríkinu, og það hefur verið varið of fjár til þess að mennta hann til prests. Ég veit ekki til þess, að hann hafi notað það enn. Ég býst við, að þessi maður sé hvorki góður né vondur, og ekki hefur hann sýnt dugnað í búskap. En þegar hann fer að reka þessi miklu kúabú, þá skulum við sjá, hvað hann verður skeleggur, — ég hlakka til. Ég fagna hverjum góðum starfsmanni, sem kemst úr þeim vesaldómi, sem þessi hv. þm. virðist helzt hafa lagt fyrir sig, eftir því sem ræður hans gefa til kynna, með þeirri persónulegu rætni, sem þar kom fram. Ég mundi fagna því, ef hann gæti fengið sig til þess að vinna nytsöm störf í þjóðfélaginu.

Þá var hv. 8. þm. Reykv. enn fremur að tala eitthvað á þessa leið: Hvaða rétt hafa verkamenn t. d. til þess að fylgja vöru sinni eða vinnunni, sem er þeirra vara, þar til hún er fullunnin. Ég veit ekki betur en verkamenn hafi haft fullkominn yfirráðarétt yfir vinnu sinni og að það sé a. m. k. einhver af fyrstu setningunum í trúarjátningu þessara hv. þm., að verkamenn eigi að hafa frjálsræði um að ráða yfir vinnu sinni, en það eigi að bjóða bændum upp á allt annað, — þeir eigi að koma undir ákvæði gerðardóms um það, hvernig þeirra vinna skuli verðlögð. Já, ég vil segja við hv. 8. þm. Reykv.: Hann um það. Ef hann hefur þann hugsunarhátt, að hann vill hafa mismunandi rétt handa mönnum eftir því, í hvaða stétt þeir eru, þá er gott, að það komi fram, og þá er hann búinn að gera sig beran að því að stuðla að ranglæti í þjóðfélaginu. Þess vegna skora ég á hann að koma með till. um vinnulöggjöf, þar sem sett verði hliðstæð ákvæði um það, hvað bændur annars vegar og verkamenn hins vegar eiga að fá fyrir vinnu sína, þannig að þar séu sett ákvæði um það, hvernig vinnulaun verkamanna skuli vera metin, hliðstæð við það, sem sá hv. þm. hefur sett hér fram í þessu frv. um það, hvernig vinnulaun bænda skuli metin.

Hv. 8. þm. Reykv. var enn fremur að ræða um það, að bóndanum væri vinnsla og dreifing

mjólkur og mjólkurafurðanna í raun og veru óviðkomandi, þar sem nú væri búið að ákveða honum visst verð fyrir mjólkina. Þessum hv. þm. ferst nú helzt að tala um þetta ákveðna verð, sem bóndinn eigi að fá fyrir afurðir sínar! Þessum mönnum ferst fremur illa slíkt tal, um leið og þeir eru búnir að viðurkenna, hvaða verð bóndinn eigi að fá fyrir afurðir sínar, og eru búnir að láta mann frá sér vera með í samningum um þessa hluti, sem viðurkenna þá samninga með undirskrift sinni, þá hlaupa þeir svo fljótt frá því samkomulagi sem þeir geta og skrifa í blað sitt fyrir fáum dögum, að bóndinn þyrfti að fá þetta fyrir vörur sínar, sem þeir skrifuðu undir, að hann fengi, en það hafi bara ekki verið meining þeirra, að hann fengi það. Það er víst gott fyrir bændur að fá svona yfirlýsingar frá þessum mönnum. Það er ekki ónýtt fyrir þá að byggja búskap sinn á þess háttar hlutum. Þó að jafnvel væri við menn að eiga, sem stæðu við samninga sína um að fá bændum það verð fyrir framleiðsluvörur sínar, sem samkomulag landbúnaðarvísitölun. komst að niðurstöðu um, eða síðar hliðstætt samkomulag, þá er það ekki nóg fyrir bændur, ef þeir hafa aðeins aðstöðu til þess að selja það af framleiðsluvörum sínum, sem vissum bæjum á landinu, Reykjavík, Akureyri eða öðrum kaupstöðum, þóknaðist að taka og nota, ef þeir svo eru ráðalausir með afgang framleiðsluvaranna á hverjum tíma. Það er svo mestan hluta ársins, að það er mikið vörumagn af framleiðslu bænda, sem verður að vinna fyrir aðra staði á landinu en aðalverzlunarstaðina fyrir vörurnar á hverju verðlagssvæði og einnig til útflutnings í stórum stíl. Og hvernig væru bændur settir með þann hluta vara sinna, ef þeir hefðu ekki mjólkurstöðvar sínar og sláturhús sín? Ég sé ekki, að annað lægi þá fyrir bændum að gera við þann afgang en hella mjólkinni niður og fleygja kjötinu í sjóinn, sem frystihúsin gætu ekki tekið á móti. En það kemur fram hér nákvæmlega sami hugsunarháttur og í blaði hv. 8. þm. Reykv., að þeir hafi aldrei ætlað sér annað en finna, hvað bændur þyrftu að fá, til þess að neytendur í kaupstöðum þyrftu aldrei að kaupa vöruna hærra verði en því, sem bændurnir þyrftu að fá fyrir hana. Þó að bændur svo þurfi að fá sama verð fyrir aðrar vörur sínar en þær, sem kaupstaðarbúar þurfa að nota, þá er þeim sama, hvað um þá vöru verður, bara ef bændur fá ekki sanngjarnt verð fyrir hana og vinnslustöðvarnar eru í höndum neytendanna. Mér þætti gaman að sjá, hve lengi varan kæmi með þessu móti nægilega mikil á markaðinn handa þeim, sem þannig hugsa og vilja búa þannig að framleiðslunni í þessu landi.

Þá var hv. þm. að láta skína í, að það, sem bændur hefðu lagt til hliðar til þess að koma upp nýrri mjólkurstöð, væri allt frá neytendum tekið og þeir hefðu því enga heimild til að ráðstafa því. Í öðru orðinu eru bændur skammaðir fyrir það, að ekki séu nægilega fullkomin skilyrði til mjólkurvinnslu, á meðan nýja stöðin er ekki komin, en í hinu er þeim legið á hálsi fyrir að vilja koma upp mjólkurstöðinni og leggja fé til hliðar í því skyni, þó að í l. segi skýrum stöfum: „Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stj. telur nauðsynlegar". Þetta ákvæði er sett inn í l. sérstaklega með það fyrir augum, að fé verði notað til að koma upp nýrri mjólkurstöð. Og svo kemur hv. þm. með þá staðhæfingu, að allt þetta fé sé tekið frá neytendum, eftir að búið er að ákveða verðlagið með samþ. fulltrúa neytenda. Vitanlega hafa bændur oft haft þörf fyrir þá peninga, sem lagðir voru þannig til hliðar, en þeir kusu þó heldur að neita sér um þá til þess að geta ráðizt í þessar framkvæmdir. Það er annars einkennilegur hugsunarháttur, að þegar búið er að greiða peninga fyrir ákveðna vöru, þá eigi greiðandinn peningana eftir sem áður. Það er eins og ef verkamaður legði nokkur % til hliðar af kaupi sínu til að koma sér upp húsi og svo væri sagt: Það er vinnuveitandinn, sem á húsið, verkamanninum hefur verið greitt of mikið fyrir vinnuna. Ég skil yfirleitt ekki, að hægt sé með nokkru móti að fá féð öðruvísi en fyrir selda vöru. og ég hef alltaf heyrt, að sannvirði vörunnar væri eign þess, sem seldi hana, en ekki hins, sem keypti. Það getur verið, að þetta sé austur í Rússíá, en ég hef ekki heyrt því haldið fram í okkar þjóðfélagi.

Hv. þm. Hafnf. var að tala um það í dag, að vísu með mun minni rembingi en áður, hve miklu væri áfátt í þessu efni, og hann vildi, enn að nýju, rengja þær tölur, sem fyrir liggja. Þegar ég upplýsi, að mjólkurmagnið hafi verið 6,3 millj. lítra 1934, þá segir hann, að þar að auki hafi mikið verið selt í lausasölu. Þetta er ekki rétt. Það var ekki svo mikið magn, sem kom til mjólkurbúanna, heldur er hér innifalin öll sú mjólk, sem hægt var að ná til þetta ár, einnig sú, sem seld var utan mjólkurbúanna á þessu svæði.

Þá viðurkennir hv. þm. Hafnf., að mjólkurmagnið hafi aukizt mikið, síðan skipulagið gekk í gildi. Hann segir, að aukningin hafi verið mest á svæðunum lengst í burtu, en minnst á svæðinu næst Reykjavík, þó að hv. 2. þm. N.-M. upplýsi reyndar, að aukning hafi einnig orðið mikil þar. Hv. þm. Hafnf. segir, að skipulagið hafi haft þau áhrif að draga úr mjólkurmagninu á svæðunum næst Reykjavík, þar sem það ætti að vera mest, en auka það á svæðunum, sem eru fjærst. En hann gætir ekki að því, að svæðin í Gullbringu- og Kjósarsýslu höfðu búið að bezta markaðinum áður og voru sennilega komin í hámark bæði með ræktun lands og mikilli fóðurbætisgjöf og því erfitt að fá fram frekari aukningu. Það er því skiljanlegt, að aukning yrði minni á þessu svæði, þar sem búið var að pína framleiðsluna upp eins og hægt var, en þar, sem enginn fóðurbætir hafði verið notaður. Af þessu stafar meðal annars það, sem fram kemur í skýrslu Stefáns Björnssonar og 2. hv. þm. N.-M. las upp, að mjólkurgæðin fari minnkandi eftir því, sem kýrnar eru þvingaðar til að mjólka meira með aukinni fóðurbætisgjöf.

Þá segist hv. þm. Hafnf. hafa séð undarlega hluti, er hann skyggndist í plögg Mjólkurbús Hafnarfjarðar, sem ég bað hann að gera. Hann

kveðst hafa komizt að þeirri undarlegu niðurstöðu, að mjólkurbúið hafi ekki fengið í haust nema ¾ af því magni, sem það var vant að fá áður. En það er ekkert sérstaklega undarlegt, þó að dregið sé úr mjólkursölu til Hafnarfjarðar, þegar mjólkursalan í Reykjavík er komin upp í 28 þús. lítra á dag, sem aldrei hefur átt sér stað fyrr, en minnkar svo raunar niður í 23 þús. lítra í haust. Þetta er mun meira en selt var í fyrra haust, og er eðlilegt, að dregið sé af Hafnfirðingum, þegar svo er ástatt. Þetta afsannar auðvitað ekki, að það sé rétt, sem við höfum gefið upp, að selzt hafi 4 þúsund lítrum meira nú á dag en í fyrra haust, þegar enginn mjólkurskortur var í bænum. En mér finnst furðulegt, þegar þessi staðreynd er athuguð, að bera skuli á mjólkurskorti í Rvík. Þar verður að leita að skýringum, sem líklegastar þykja, og þær geta ekki verið nema þrjár og kannske bara ein sú rétta. Í fyrsta lagi er sú skýring, að fólkið hafi meira fé en áður og vilji hagnýta sér þessa fæðu sem bezt. Önnur skýringin er sú, að verðið sé nú hagstæðara en í fyrra haust, og svo er líka í raun og veru, því að þá hafði nýlega farið fram verðhækkun, en nú raunveruleg verðlækkun, þar sem ríkissjóður borgar niður mjólkurverðið. Þriðja skýringin er svo sú, að þeir menn, sem staðið hafa að því að æsa upp fólkið út af mjólkurskortinum og borið fram þetta frv., hafi fyrirskipað sínu fólki að kaupa meiri mjólk en það hefði gert annars, í því skyni að reyna að skapa öngþveiti í mjólkurmálunum. Ég skal ekki segja, hver af þessum ástæðum ræður mestu, en einhver þeirra hlýtur að koma til greina með 4 þús. lítra markaði umfram það, sem var í fyrra.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að ekki hefði náðst að meðaltali í Reykjavík 23 þús. ltr. sala, og þetta verður líka að teljast gífurlega mikil neyzla einmitt á þeim tíma, þegar mjólkin er minnst. En þess ber að gæta, að á haustin safnast fólk í bæinn úr ýmsum áttum. Á vorin getur salan aftur minnkað um helming, þegar fólk fer úr bænum og börnin í sveitina. Salan stórminnkar þá, einmitt á þeim tíma, þegar mjólkurframleiðslan er mest. Hv. þm. sagði líka, að ég hefði verið með ýmsar skólaspekingshugleiðingar um það, hvernig gæðin væru. Ég játaði hispurslaust, að þau væri það atriðið, þar sem erfiðast væri að koma sönnunum við. En það er annað, sem hægt er að sanna, sem sé það, að mjólkurstöðin er undir því strangasta eftirliti, sem nokkur mjólkurstöð er undir gefin: eftirliti gerlafræðings, heilbrigðisstjórnarinnar, jafnvel lögreglunnar, og af hálfu setuliðsins er daglegt eftirlit í mjólkurstöðinni í Reykjavík. Það er vitanlegt, að herstjórnin mundi ekki kaupa mjólkina, ef hún teldi hana skaðlega heilsu hermannanna, og yfirmaðurinn þar hefur lýst yfir því, að hann teldi mjólkina mjög góða vöru og neytti hennar daglega sjálfur. En hv. þm. hélt því fram, að mjólkin væri orðin svo vond, að setuliðið hefði neitað að kaupa hana, og hinu sama hélt flokksblað hans fram. Hins vegar var því svo haldið fram í haust, af því að það hentaði betur vegna mjólkurskortsins, að setuliðið fengi of mikla mjólk keypta, og er borin fram till. um að banna að selja nokkurn dropa til setuliðsins. Hér er jafnvel gengið svo langt að leggja til, að bannað verði að selja mjólk til sjúkra manna. Ég skal játa, að ég get engan greinarmun gert á því í þessu sambandi, hvort um er að ræða mjólkursölu til sjúkrahúsa erlendra eða innlendra manna. Annars hef ég sjaldan skemmt mér betur en þegar hv. þm. kom að því, að ástandið í nokkrum mjólkurbúðum væri svo herfilegt, að loka yrði þeim, ef ekki yrði úr bætt fyrir 1. desember. En þá kom í ljós, er ég fór að rannsaka málið, að þetta voru allt mjólkurbúðir Alþýðubrauðgerðarinnar. Það kemur m. ö. o. í ljós, að það er flokkur hv. þm., sem á þessar búðir, er reynast ekki færar um að selja mjólk. Honum mun ekki hafa verið þetta kunnugt áður, því að honum varð auðsjáanlega bilt við, þegar á þetta var bent. Það voru sannarlega hlægilegar skýringar, sem hann kom með í þessu sambandi, og ég sárvorkenndi honum að verða nú að kyngja þessu, eftir að hann hafði borið á okkur, að ekkert fengist um bætt í mjólkurbúðum samsölunnar. Hann sagði, að búðir þessar hefðu aldrei verið löggiltar nema til að selja mjólk á flöskum, en forstjóri þessa fyrirtækis hefur nú verið í stj. samsölunnar þangað til í sumar, og með hans samþ. hefur verið seld mjólk í lausasölu í þessum búðum frá byrjun. Vill nú hv. þm. saka forstjórann um, að hann hafi þverbrotið l. allan tímann? Slíkar ásakanir hef ég ekki borið á hann og trúi því ekki, þó að ég geti trúað ýmsu á þessa menn, bæði af gamalli og nýrri reynslu. Hv. þm. vill gefa í skyn, að þar sem samsalan hefur ekki tök á að selja mjólk á flöskum, sé það henni að kenna, hvernig þessar búðir Alþýðubrauðgerðarinnar eru. Þó veit hann, að forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar hefur verið í samsölustj. frá byrjun, og honum er kunnugt um, að maður var sendur til Ameríku, eini sérfræðingurinn í þessum málum, sem við eigum, í því skyni að útvega vélar, svo að hægt yrði að halda áfram að selja mjólkina á flöskum. En það reyndist ókleift að fá þessar vélar. Það er ekki að miða við Akureyri, þar sem ekki þarf að loka nema svo sem 3 þús. flöskum á dag. Þetta er hægt að gera með handvél, en slíkt kemur ekki til mála hér, þar sem loka þyrfti 30 þús. flöskum á dag eða upp undir það.

Það, sem ég hneykslast mest á hjá hv. þm. Hafnf., er það, að hann ber á okkur þungar sakir fyrir að hafa ekki bætt úr neinu, en lætur sem hann og samherjar hans standi fremstir í flokki um að lagfæra hlutina, þó að það komi svo í ljós, að sá litli hluti mjólkurbúða, sem þeir ráða yfir, 4 búðir hér í Reykjavík, eru í slíku ásigkomulagi, að loka verður þeim fyrir 1. des., ef ekki verður um bætt, þar sem engar af okkar búðum koma undir það, og síðan reynt að láta skína í það, að mjólkursamsalan eigi sök á þessu.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að samanburður minn, að því er snerti verðið til neytenda nú og áður, væri ekki réttur. Þó að ég segði, að hægt væri að kaupa meiri mjólk nú en 1934 fyrir einnar vinnustundar kaup, þá bæri þess að gæta, að verðið til bænda hefði sex- eða áttfaldazt. En hefur ekki verkamannakaupið hækkað gífurlega

líka? Ég hélt, að svo væri til ætlazt, að kjör bænda væru ekki lakari en verkamanna hlutfallslega, en eins og nú er komið, fá bændur tiltölulega ekki eins mikið fyrir hvern lítra mjólkur og verkamenn fyrir hverja vinnustund. Þetta hefur verið sannað af n. þeirri, sem sett var til að athuga þessi mál. Þó að ýmsir aðilar reyni að svíkja það samkomulag, sem náðst hefur, og hlaupa frá því, hafa bændur fengið það viðurkennt, að þeir hafa gengið skemmra í því að verðleggja vinnu sína en allar aðrar stéttir í landinu. Eigi að síður hafa þeir lengi orðið að liggja undir þeim áróðri, að þeir hafi gengið óhóflega langt í þessu efni.

Hv. þm. Hafnf. minntist á annað atriði, sem hann telur sanna, að mjólkurskipulagið sé eingöngu og einhliða til hagsbóta fyrir framleiðendur, en ekki neytendur. Hann sagði, að íblöndun smjörs í smjörlíki hefði alltaf verið framkvæmd eftir því, hve mikið smjör væri fyrir hendi á hverjum tíma, og að þannig væri horft einhliða á hag framleiðenda. En segjum, að það ætti alltaf að vera eitthvert ákveðið magn smjörs í smjörlíkinu, segjum t. d. 10%. Hvernig ætti þá að fara að, þegar ekki er nægilegt smjör fyrir hendi? Hvernig ætti þá að fullnægja þessu ákvæði um íblöndunina? Mér sýnist óskiljanlegt, að það sé hægt.

Hitt atriðið, sem hann ræddi um líka í þessu sambandi, voru l. um þurrmjólkurvinnslu, sem voru samþ. 1937. Það sagði hann, að hefði átt að vera gert sérstaklega fyrir framleiðendur. Nú veit hv. þm., að á sínum tíma lét samsalan fara fram allýtarlega athugun á möguleikum fyrir vinnslu þurrmjólkur, en það var ekki talið æskilegt að leggja fjármagn í það vegna þess, að verð það, sem fékkst fyrir þá framleiðslu, var of lágt. Svo kemur þessi hv. þm. og leggur þetta út á þann veg, að hér sé verið að bera hag neytenda fyrir borð með því að gefa bökurum ekki kost á að fá þurrmjólk til íblöndunar í brauð. Mig furðar nú ekkert á því, þótt fyrirtæki, sem hafa hagnazt svo vel, að þau hafa ráð á því að láta reisa nú á þessum tímum annað eins stórhýsi og það, sem Alþýðubrauðgerðin er að láta reisa núna, hafi efni á því að blanda lítils háttar þurrmjólk í brauð án þess að hækka verð þeirra. Ef brauðsalar hefðu viljað blanda þurrmjólk í brauð, þá hefur þeim líka staðið það opið alla tíð, því að samsalan hefur alltaf mælt með því að flytja inn þurrmjólk, svo að ef brauðsalar hefðu viljað bera hag neytenda sérstaklega fyrir brjósti, þá stóð þeim það opið. Það má því segja, að hér hafi hv. þm. seilzt heldur langt til raka og það í hluti, sem eiga sér enga stoð í veruleikanum.

Þá minntist hv. þm. á það, að mjólkurbú Hafnarfjarðar hefði ekki getað fengið nóga mjólk, þótt mjólkurstöðin hér hafi verið yfirfull. Nú greip ég þá fram í fyrir honum og spurði, hvernig á þessu stæði, og hann sagði, að það væri af því, að framleiðendur fengju ekki að láta mjólk sína þangað. En ég veit, að það er af því, að þeir hafa ekki viljað skipta við mjólkurbúið í Hafnarfirði, og þó hefur samsalan hvatt bændur þarna syðra til þess að skipta einmitt við það bú. Það er líka vitað, að það bú hefur verið talið lítt nothæft, tæki þess eru svo léleg, að það hefur verið kvartað undan því í mín eyru, hve varan þaðan væri slæm. Og það hefur gengið svo langt, að búið varð um tíma að hætta að gerilsneyða mjólkina og senda hana ógerilsneydda út til neytenda og brjóta þannig lögin, og það hefur sennilega verið á vitorði hv. þm. Hafnf.

Það var helzt að skilja á þessum hv. þm., að það eina, sem gæti komið að gagni fyrir Hafnarfjarðarbúið, væri það að losna úr skipulaginu eins fljótt og unnt væri. Og ég óska þess eindregið, að skipulagið losni við búið eins fljótt og unnt er, og ég vil biðja hv. þm. að skila því frá mér, að ég skuli styðja það af öllum mætti, að búið geti losnað úr skipulaginu, ef þess er óskað, því að búið hefur verið til stórbyrði fyrir skipulagið, sem hefur þurft að borga 17½ eyri með hverjum lítra, sem fer í Hafnarfjarðarbúið. Mér væri því sönn ánægja að því að losna við það úr skipulaginu, og ég vænti þess, að hv. þm. Hafnf. komi þessum skilaboðum áleiðis, ef honum er svo annt um að losa búið úr þessum fjötrum sem hann lætur.

Hv. þm. sagði, að það væri víst, að hér væru miklar kvartanir yfir mjólkursölunni, en á Ísafirði og Akureyri — þar væru engar kvartanir. Mér segja þó allt annað menn, sem eru nýkomnir frá þessum stöðum. Vestur á Ísafirði er nú mjög tilfinnanlegur skortur á mjólk, og sama sagan heyrist frá Akureyri. En það er alltaf gott að vitna í staði, sem eru langt í burtu, þótt menn hafi ekkert til þess að sanna mál sitt með, í trausti þess, að aðra skorti kunnugleika til þess að hrekja staðhæfingarnar. Það er úrræði þeirra, sem vilja ekki kryfja málin til mergjar og vantar rök. Þetta minnir mig á frambjóðanda, sem ég var eitt sinn með á fundum. Hann sagði, þegar hann var austantil í héraðinu: „Ég veit, að þið eruð ekkert hrifnir af mér hérna, en þeir þarna vestantil í héraðinu, — þeir fylgja mér". Þegar hann svo kom í vesturhluta héraðsins, þá sneri han við blaðinu, þá voru þeir þarna austurfrá hans vinir. Það er alltaf þægilegt að bregða fyrir sig svona rökum.

Ég hefði gaman af því að fá hingað allmargt fólk vestan af Ísafirði til þess að bera vitni um ástandið í mjólkursölumálunum þar, og ég hefði gaman af að heyra frá Hafnfirðingum, þegar þeir eru búnir að fá lausn í náð, hvort þeir verða alltaf ánægðir.

Hv. þm. endaði ræðu sína með borginmannlegum hótunum. Af því að rök hans voru harla bágborin, þá ætlaði hann nú að ná sér upp og sagði, að það eina, sem væri eftir fyrir kaupstaðarbúana, væri það að láta verkin tala og þá skyldu þeir sjá til, hvernig syngi í mér, þótt ég væri nú brosandi að orðum hans. En ég mun brosa enn þá meira, þegar Hafnfirðingar eru búnir að láta verkin tala. Þessi hv. þm. mun hafa átt eina kú, en honum mun hafa fundizt það borga sig betur að eiga hana ekki nú síðustu árin, og ég er ekkert að lá honum það. Það mun verða mér til mikillar gleði, ef þessi hv. þm. fer að koma upp og reka kúabú í stórum stíl og birgja kaupstaðina að mjólk og öðrum landbúnaðarafurðum. Við getum þá ef til vill haft gott af því líka þarna fyrir austan fjall. Við getum

þá hætt við okkar búrekstur og farið að stunda iðnað eða eitthvað þess háttar, ef við getum fengið mjólk frá hinum ágætu kúabúum hér í kaupstöðunum. Við getum þá alveg skipt um hlutverk við kaupstaðabúana, — þeir taka að sér framleiðslu landbúnaðarafurðanna og við tökum þá að okkur eitthvað af störfum þeirra í staðinn. Við bændur óttumst sannarlega ekki þá tíma. Það er aðeins eitt, sem við óttumst í því sambandi, og það er, að þeir renni alls ekki upp, og ég skora á hv. þm. Hafnf. að standa við orð sín í þessu máli. Ég vil svo aðeins segja honum það að síðustu, að ef fara á að haga sér eins og hann og hv. 8. þm. Reykv. hafa gert, að vera með dylgjur, hótanir og svívirðingar í garð bænda, þá getur skeð, að þessi stétt fari einnig að láta verkin tala, og það gæti skeð, að það yrði ekki sem þægilegast fyrir þessa menn, og það verður þeim sjálfum að kenna, ef þeir láta koma til átaka um þessi mál. Ef bændur eiga að liggja undir þessu til lengdar, þá verða það þessir menn, sem bera ábyrgð á afleiðingum þess.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki gera langa aths. við ræðu hv. þm. V.-Sk.

Ég tók eftir því, að eftir því sem lengra leið á ræðu hans, æstist hann upp og lauk henni með hótunum án þess þó að nefna, hvað það væri, sem ætti að gera. Ég vil því óska þess, að hann geri betur grein fyrir því, hvað hann á við með þessu.

Hann minntist á það, að ég hefði átt kú og stundað þannig búrekstur, en að ég hefði talið borga sig betur að hætta því. En af hverju hætti ég því? Af því að skipulagið gerði mér ómögulegt að halda því áfram. (**SvbH:** Það var af því, að hv. þm. fór á snið við l. og borgaði ekki verðjöfnunargjald). Það var nú ekki ástæðan, vegna þess að það var nóg land á bak við, til þess að ég þyrfti ekki að greiða verðjöfnunargjald. En Framsfl. reyndi að ná af mönnum verðjöfnunargjaldi, þótt nægilegt land væri á bak við nautgripaeign þeirra. Þetta gjald var tekið í nýrri mynd af þeim framleiðendum, sem sendu mjólk til búsins. En það var ekki þetta heldur, skortur á beitilandi á sumrin, sem gerði það nauðsynlegt að koma kúnni fyrir utan bæjarlandsins, en þá fær eigandinn ekki að láta senda sér mjólkina úr henni heim. Ég ætla ekki að segja fleira um þetta, en ég er hv. þm. þakklátur fyrir það, að hann skuli nú hafa fallizt á það, að Hafnarfjörður skuli fá að vera svæði út af fyrir sig og engum öðrum háður í mjólkursölumálunum. Ég mun því með ánægju koma skilaboðum hv. þm. áleiðis, og ég get fullvissað hann um það, að Hafnfirðingar muni ekki láta standa á sér, ef þeir fá tækifæri til þess að losna úr skipulaginu, og ég vona þá, að hv. þm. V.-Sk. láti ekki heldur standa á sér að samþ. það fyrir sitt leyti, eins og hann hefur lofað.

Hv. þm. sagði, að Mjólkurbúið í Hafnarfirði hefði ekki fengið næga mjólk vegna þess, að bændur hefðu ekki viljað láta mjólk sína þangað, og hann gekk svo langt að segja, að hann hefði sjálfur hvatt menn til þess að senda mjólk sína til búsins í Hafnarfirði, en ég veit, að hann hefur heldur hrætt menn frá því að skipta við það bú en hvatt þá til þess, með þeim rökum, að þar væri þeim ekki tryggt sama verð fyrir framleiðslu sína eins og ef þeir sendu hana beint til samsölunnar.

Þá minntist hv. þm. á dreifingarkostnaðinn og sagði, að hann væri ekki nema 6% og það væri lægra en þekktist á nokkurri annarri vörutegund. En hann minntist ekkert á það, að í mjólkurbúðunum er einnig verzlað með aðrar vörutegundir, sem bera uppi dreifingarkostnaðinn. En þrátt fyrir það að sölukostnaðurinn sé svona lítill, þá er álagningin þó ekki 6% af kr. 1.23, heldur er álagningin 47 aurar á hvern lítra, frá því að hann er sloppinn úr kúnni og þar til hann kemur til neytenda, þar sem bændur fá kr. 1.23 fyrir lítrann, en neytendum er seldur hann á kr. 1.70, þannig að það er 47 aura verðmunur frá framleiðendum til neytenda, og er því heildarálagningin 32% á þessari vörutegund þrátt fyrir hinn lága dreifingarkostnað.

Ég skal nú fara fljótt yfir sögu. Hv. 2. þm. N.-M. tók að sér að sanna það, að mjólkurgæðin færu vaxandi með fjarlægðinni, sem mjólkin væri flutt. Ég verð nú að segja það, að ég er ekki búinn að átta mig á þessari kenningu, því að ég hef alltaf haldið, að mjólk væri eftir því betri, sem hún væri nýrri og að hún skemmdist á því að geyma hana, og ég veit, að víða erlendis er framleiðslu- og sölusvæðunum skipt niður í hverfi með það fyrir augum að flytja mjólkina sem allra stytzt, þannig að tryggt sé, að hún verði ný og þannig óskemmd neyzluvara.

Þá vil ég aðeins víkja örlítið að því, sem hv. þm. sagði um Alþýðubrauðgerðina. Hann sagði, að það hefði verið kvartað um óhreinlæti í fjórum búðum Alþýðubrauðgerðarinnar. En um þetta er það að segja, að tvær af þessum búðum höfðu ekki verið leigðar áður sem mjólkurbúðir, en þriðja búðin var tekin í því ástandi, sem hún var í, þegar Kaupfélag Reykjavíkur seldi hana, en það er búðin í Bankastræti, og er hún eign ríkisins. Í fjórðu búðinni hefur einvörðungu verið seld flöskumjólk. Þegar svo sú skipulagsbreyting var gerð, að hætt var að selja flöskumjólk, en mjólkin var seld í lausu máli, þá voru gerðar aðrar kröfur og strangari til búðanna, og því var ekki nema eðlilegt, að það þyrfti að breyta þeim eins og búðum samsölunnar hefur verið breytt. En þessar kröfur hafa ekki enn komið til Alþýðubrauðgerðarinnar, heldur hefur henni verið tilkynnt, að hún yrði að sækja um það á löglegan hátt að fá að halda sölunni áfram. Eftir því sem ég veit bezt, hafa nauðsynlegar breytingar farið fram á búðum samsölunnar, vegna þess að mjólkin er seld í lausu máli.

Hv. þm. minntist á blöndun smjörlíkis með smjöri, og það virtist honum óskiljanlegt, að hægt væri að fara eftir nokkurri annarri reglu en þeirri, hversu mikið væri til af smjöri innan lands. En ég hélt því fram, að ef hér hefði átt að bera fyrir brjósti hollustuhætti, hefði átt að blanda smjörlíkið jafnmikið, hvort sem smjörið var framleitt innanlands eða keypt frá útlöndum. En þetta var aldrei gert, þegar nóg

var til af smjörinu. Og það var jafnan í lausu lofti, hvað mikið smjörlíkið var blandað á hverjum tíma. Það var eingöngu miðað við það, sem til var hjá samsölunni eða mjólkurbúðunum af smjöri. Þá sagði hv. þm., að vegna þess, hvað verð á þurrmjólk hefði verið lágt, hefði ekki verið stofnað til þurrmjólkurvinnslu úr undanrennu. En vill ekki þessi hv. þm. lesa næst síðasta hefti „Freys", þar sem Sigurður Pétursson gerlafræðingur, sem oft er vitnað til í þessum umr., segir álit sitt um þetta. Hann telur eitt af þeim fáu úrræðum til að bæta úr mjólkurvandræðunum einmitt þurrmjólkurblöndun í brauð, sem fékkst samþ. fyrir 6 árum, en hefur aldrei verið notað. Hv. þm. vildi halda því fram, að umsögn mín um þetta stafaði af ókunnugleik eða þá, að ég færi með hreina blekkingu. En væntanlega vill hann ekki væna þennan sérfræðing um ókunnugleik eða blekkingar, en hann (S. P.) kemst samt að sömu niðurstöðu og ég hef áður komizt.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en þó get ég ekki stillt mig um að minnast lítið eitt á atriði, sem kom fram hjá hv. 2. þm. S.-M. hér í dag. Hann sagði, að það væri fullkomið áhyggjuefni, hvernig málum þjóðarinnar nú væri komið, og kaupgjaldið hefði meiri áhrif en nokkuð annað á framleiðslustarfsemina og iðnaðurinn og framleiðslustarfsemin yfirleitt væri komin á þá heljarþröm, að annaðhvort mundi bráðum henda, að kaupgjaldið yrði að lækka eða gengið yrði að lækka eða þá að allt mundi hrynja saman í rúst. Og hann vildi kenna þetta kaupgjaldi launamanna í landinu. En hann gleymdi að taka það til greina, af hverju kaupið hefur hækkað. Vísitalan er nú 262 stig, og helmingur þessarar vísitöluhækkunar stafar af landbúnaðarvörunum tveim, kjöti og mjólk. Sjá nú ekki allir hv. þm., að með slíkri hækkun á þessum tveim vörutegundum hefur málinu verið stefnt í þann voða, sem það er nú komið í. Ég skal svo ekki lengja þetta frekar, umr. eru orðnar nógu langar, en þó get ég ekki stillt mig um að lokum að lesa ummæli sérfræðings Mjólkursamsölunnar um það, hvernig málefnum landbúnaðarins er nú komið í höndum þeirra manna, sem með þau hafa farið undanfarin ár. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr grein þessa sérfræðings, en hún birtist í ágúst-hefti „Freys" í sumar og er á þessa leið: „Hver lagasetningin hefur rekið aðra um verðjöfnunargjöld, styrkveitingar, verðuppbætur o. fl. vegna þessarar framleiðslu, en ekkert virðist hafa dugað. Landbúnaðarmálin eru eftir sem áður í mesta öngþveiti. Úreltir búnaðarhættir, vanhugsaðar styrkveitingar, fjárpestir, atkvæðaveiðar og óseljanlegar afurðir eru þær plágur, sem íslenzkur landbúnaður líður nú hvað mest undir". Þeir taka svo til sín sneiðina, sem eiga, frá þessum sérfræðing Mjólkursamsölunnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt, var í gær lokið umr. um frv. til l. um breyt. á mjólkurlögunum, og hafði ég vænzt atkvgr. um málið í dag.

Það er vitað að þetta er vegna þess að marga hv. framsóknarþm. vantar. Ég vil og geta þess, að tvívegis áður hefur þetta mál verið tekið af dagskrá af sömu ástæðu og einu sinni ekki tekið á dagskrá vegna fjarveru þm. sama flokks.

Get ég ekki séð annað en verið sé að draga málið á langinn og fresta nú atkvgr. fram á mánudag.

Vil ég hér með leyfa mér að óska eftir, að það verði tekið á dagskrá í dag.

Skúli Guðmundsson: Ég vil af þessu tilefni vekja athygli á, að jafnvel í tvö skipti hefur mál þetta tafizt vegna fjarveru hv. 1. flm. og það síðast í gær, því að þá þurfti hann að fara á bæjarstjórnarfund. Árásir hans á Framsfl. fyrir, að málið hafi ekki fengið afgreiðslu fyrr, eru með öllu óréttmætar, en eins og ég hef þegar bent á, hefur það tafizt nokkuð sökum þess að 1. flm. þess, hv. 8. þm. Reykv., hefur þurft að gegna störfum annars staðar.

Sigfús Sigurhjartarson: Það er rétt, að ekki var haldinn fundur í málinu í gær, af því að ég var bundinn á bæjarstjórnarfundi, en það varð að samkomulagi með mér og forseta, að málið var tekið á dagskrá í gærkvöldi. En í þetta skipti er drátturinn vissulega ekki mér að kenna, heldur stafar hann af því, að vissir framsóknarþm. geta ekki verið til staðar. Enn þá er þá málið dregið í fjóra daga.

Forseti (EmJ): Ég mun kynna mér, hvernig í málinu liggur. En ef margir þm. hafa fengið fjarveruleyfi, er óviðkunnanlegt að taka málið á dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 25. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, JJós, JPálm, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÁÓ, ÞG.

nei: BÁ, BFB, EystJ, GSv, IngJ, JS, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, JörB.

4 þm. (GG, JakM, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 18:12 atkv.

Frv. vísað til landbn. með 17:7 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

17. Botnvörpu- og dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Á 15. fundi í Sþ., 28. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa (þmfrv., A. 108).

Á 25. fundi í Nd., 30. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég get að mestu látið nægja að vísa til grg. frv. og grg. þáltill., sem ég flutti í Sþ. um friðun Faxaflóa. Þessi mál eru nátengd, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eingöngu borið fram í því skyni, að það gæti orðið allveigamikill þáttur í því að ýta undir, að við gætum fengið framgengt því gamla áhugamáli Íslendinga að fá aukna friðun við strendur landsins, en mikilverðasta atriði í því efni er friðun Faxaflóa. Við höfum lagt fram allmikið fé í því skyni að rannsaka Faxaflóa, auk þess sem tveir vísindamenn okkar, annar látinn, en hinn á lífi, hafa lagt fram mjög mikið starf í þessu efni af hálfu Íslendinga.

Það, sem mér virðist á skorta, er, að við sýnum í verki, hver alvara er á bak við þessar óskir okkar, en það verður ekki undirstrikað betur en með því að sýna, að við viljum offra nokkrum stundarhagsmunum til að fá þessu máli framgengt.

Ég get látið þessi orð nægja á þessu stigi, en óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

18. Búreikningaskrifstofa ríkisins.

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins (þmfrv., A. 146).

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. þetta er till. um smávægilega breyt. á l. um búreikningaskrifstofu ríkisins, sem komið hefur í ljós, að er nauðsynleg.

Þegar skipuð var n. til þess að reyna að finna grundvöll fyrir verðvísitölu landbúnaðarafurða á síðasta þingi, þá var fyrirsjáanlegt, að sú n. þyrfti nauðsynlega annað hvort sjálf að útvega sér búreikninga til þess að leggja til grundvallar fyrir athugunum sínum eða þá að fá búreikninga annars staðar að. Þá var vitað líka, að búreikningaskrifstofa ríkisins hefði verið starfrækt frá því árið 1936. Og það kom á daginn, að verk þessarar n. hefði verið óvinnandi, ef nm. hefðu ekki haft þau gögn, sem búreikningaskrifstofan hafði. En það kom fram að ýmsu leyti, að ekki var gengið svo frá búreikningunum þar, að fullnægt gæti þeim kröfum, sem gera þyrfti til skrifstofunnar, þegar eins mikið er lagt upp úr starfi hennar og gert var, þegar n. lagði það til grundvallar niðurstöðum sínum. Og það er tilgangur frv. að laga það.

Það er nú svo, að niðurstöður þessara búreikninga eru yfirleitt lagðar til grundvallar verði á íslenzkum landbúnaðarafurðum. Og þá er óeðlilegt, að búreikningaskrifstofan sé undir stjórn þess aðilans, sem telur sig fulltrúa aðeins annars aðilans eða stéttarinnar, af þeim, sem koma til greina um, að samið sé fyrir, þegar ákveðið er verðlag landbúnaðarafurða með tilliti til kaupgreiðslna til stétta. Þessi stofnun, búreikningaskrifstofan, á að vera hlutlaus, en ekki sem fulltrúi einnar eða annarrar stéttar í þjóðfélaginu. Það þarf að koma í veg fyrir, að henni geti missézt vegna of þröngra sérhagsmuna. Ég er ekki með þessu móti að segja, að búreikningarnir séu rangir hjá þessari stofnun eða þar sé hallað réttu máli til góðs fyrir annan aðilann. En það er ekki hægt að slá neinu föstu um það, vegna þess að frumgögn búreikninganna voru ekki lögð fram. N. gat því ekki farið yfir það verk, sem búreikningaskrifstofan hafði unnið, vegna þess að búreikningarnir sem frumreikningar voru týndir eða endursendir bændum og ekki tiltækir.

Í þessu frv. er farið fram á, að búreikningaskrifstofu skuli starfrækja í sambandi við og undir yfirstjórn Hagstofu Íslands og skuli hagstofustjóri fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til. Og ég hygg, að með þessu móti mundi verk búreikningaskrifstofunnar verða eitthvert þýðingarmesta mál og nauðsynlegasta fyrir landbúnaðinn.

Það segir sig sjálft, að hagstofustjóri verður að fela einhverjum ákveðnum manni stjórn og framkvæmdir í þessu efni. Og það er ekki meining okkar flm. að breyta í nokkru til um starfsmannahald skrifstofunnar.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um það, að allur kostnaður við rekstur skrifstofunnar verði greiddur úr ríkissjóði, eins og gert er nú, en að á því verði hafður annar háttur en verið hefur, að búnaðarfélög greiði ákveðnar upphæðir.

Þá eru sett ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að frumgögnum búreikningaskrifstofunnar verði fyrirfarið á einn eða annan hátt. Og hér er því lagt fyrir, að hagstofustjóri varðveiti búreikninga, sem búreikningaskrifstofunni berast, og önnur gögn hennar, þannig að þau séu ávallt tiltæk, ef einstaklingar, ríki eða alþingisnefndir þurfa eitthvað á þeim að halda til þess að fá upplýsingar, sem búreikningarnir kynnu að geta gefið.

Ég býst við, að allir séu sammála um, að hér sé um að ræða mjög eðlilega breyt. á fyrirkomulagi búreikningaskrifstofunnar út frá því sam-

komulagi, sem gert var í landbúnaðarvísitölun., þar sem gera má ráð fyrir, að samkomulagi verði reynt að ná einnig eftir stríðið um verð landbúnaðarafurða eftir sömu leiðum og gert var nú í sumar með starfi n. Ég hef hvergi heyrt því haldið fram, að það hafi verið rangt í „prinsipinu" að koma á því samkomulagi, sem þar var gert, þannig að tengdir séu saman hagsmunir neytenda og framleiðenda íslenzkra neyzluvara, eins og gert var í þeirri n. Og það þarf að búa svo um hnútana í sambandi við starf þessarar n., að þegar hún endurskoðar landbúnaðarvísitöluna árlega og þann grundvöll, sem hún hefur byggt á, þá geti hún haft sem fullkomnust tæki og upplýsingar um málið, sem hún þarf að fjalla um, svo að hennar niðurstöður geti verið sem beztar. Ég býst við, að allir, sem talið hafa niðurstöður hennar rangar, — og það hafa verið færð sterk rök fyrir því, að þær séu ekki réttar, — telji það hafa verið vegna þess, að hún hafi haft ónóg gögn. Held ég því, að allir geti fallizt á, að þessi leið sé hin öruggasta til að byggja á niðurstöður í þessum efnum.

Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að þessari umr. lokinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er að sumu leyti samþykkur þessu frv., en að öðru leyti ósamþykkur því. Ég gleðst yfir því, að hv. flm. sjái ástæðu til þess, að mjög miklu meira fé verði varið til rekstrar búreikningaskrifstofunnar en gert hefur verið og að safnað verði sem beztum gögnum til hennar og sem víðs vegar að eða frá sem flestum. Það hefur ekki verið veitt til hennar nema sem svarar helmingi af launum til eins manns og ekki það, og þetta hefur að ýmsu leyti staðið verkinu fyrir þrifum og sérstaklega í því, að vegna þess hafa allar niðurstöður frá henni komið seinna, verið síðbúnari. En þegar hv. n. fer að athuga þetta mál, sem ég legg til, að verði landbn., þá hygg ég, að hún muni komast að raun um, að þetta er ekki svo létt viðgerðar eins og hv. flm. virðast halda. Það er verið að tala um, að ónógar og ófullkomnar upplýsingar hafi legið fyrir sex manna n. (landbúnaðarvísitölun.), sem orsakað hafi það, að niðurstöður hennar hafi ekki verið réttar, sem hún komst að eftir athugun búreikninganna og með hjálp þeirra. Og í því sambandi er bent á ýmislegt, sem fæst hefur við rök að styðjast. Það er líka talað um, að búreikningarnir hafi verið of fáir, sem n. hafði til athugunar. Þetta er rétt. En ef flm. vissu, hvílíka vinnu forstöðumaður búreikningaskrifstofunnar hefur lagt í það að fá þessa fáu reikninga, og hugleiddu svo, hve margir muni fást, þegar Hagstofa Íslands, sem mundi ekki hafa nema örlítið brot af áhuga núverandi forstöðumanns, hefði tekið við, þá hygg ég, að enginn, sem vill fá reikningana fleiri, muni fylgja þessu frv. Því að hagstofustjóranum ólöstuðum þá mundi hann hvorki hafa kunnugleika né áhuga til þess að vera eins og útspýtt hundskinn um allt til þess að fá menn, sem hafa ólíka aðstöðu, til þess að halda búreikninga og senda búreikningaskrifstofunni, svo það fáist sem bezt yfirlit yfir heildina. Því að það er hvort tveggja, að bændur eru ekki vanir við þessa tvöföldu reikningsfærslu og þeim er óljúft að færa þannig búreikninga sína, og á hinn bóginn hafa þeir líka lítinn tíma til þess oft og einatt. Þess vegna er mjög erfitt að fá menn til þess að gera þetta, og til þess hafa ekki enn fengizt nema 40 menn. Og ég veit ekki, hvort það er nokkuð valtara að byggja á búreikningum 40 manna, eins og sex manna n. gerði með landbúnaðarverðið, heldur en að byggja á útgjaldareikningum 40 manna hér í Reykjavík niðurstöður til að finna eftir framfærsluvísitöluna, eins og gert er af kauplagsn. Þetta síðar talda er álitinn nógu traustur grundvöllur til þess að slá því föstu, að meðalheimili á landinu eyði nákvæmlega eins og meðalheimili þessara 40 í Reykjavík og hafi því sama framfærslukostnað og þess háttar, og mér dettur ekki í hug að segja, að svo sé ekki. En mér finnst, að þeir menn, sem þykja búreikningarnir hafa verið allt of fáir, sem sex manna n. lagði til grundvallar undir niðurstöður sínar, megi athuga það, að það eru byggðar alveg eins þýðingarmiklar niðurstöður á framfærsluvísitölunni, sem byggð er á útgjöldum 40 fjölskyldna hér í Reykjavík, eins og ég hef tekið fram, þar sem gert er ráð fyrir, að meðaltal þessara 40 fjölskyldna í Reykjavík sé í þessu tilliti það sama og meðaltala allra fjölskyldna á landinu jafn stórra. Þessar 40 fjölskyldur í Reykjavík eru tiltölulega færri, miðað við húsfeður, en þessir 40 bændur, miðað við bændur alla.

Ég legg til, að landbn. fjalli um þetta frv., af því að ég geri ráð fyrir, að þar sé miklu meiri kunnugleiki á þessum málum. En ef þetta er lagt undir hagstofuna og hún skyldi svo ekki hafa þrotlausan áhuga á að afla búreikninga, og ég álít, að hún hafi hann ekki nægilega mikinn, þá munu ekki líða nema fáein ár, þangað til ekki einn einasti búreikningur kemur til athugunar frá bændum til búreikningaskrifstofunnar. Þess vegna álít ég það sama sem að drepa þessa viðleitni til að afla búreikninga, ef þetta frv. verður samþ. Guðmundur Jónsson á Hvanneyri, sem annazt hefur búreikningaskrifstofustörfin, hefur þrotlausan áhuga á að afla búreikninga. Hann hefur staðið í sambandi við unga menn, sem hann fær til aðstoðar í þessum efnum, og sex manna n. hefði aldrei fengið búreikninga til þess að geta athugað þá, ef hans starfs í þessu hefði ekki notið við. Þess vegna tel ég, ef þetta búreikningahald og söfnun reikninganna er slitið úr þeim tengslum við búreikningaskrifstofuna eins og hún er starfrækt nú, að það sé til hins verra og verði sennilegast til þess að eyðileggja þessa árangursríku viðleitni. Hins vegar teldi ég betra að veita miklu meira fé, til þess að sá sami maður, sem hefur haft þetta starf með höndum, Guðmundur Jónsson, geti unnið enn meiri fróðleik úr þeim búreikningum, sem hann safnar, og gert þá almenningi kunna fyrr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði hér nú, vil ég segja það, að ég fæ ekki séð, að nokkur rök séu fyrir því, að erfiðara sé að halda þessa búreikninga

eða fá menn til þess, þó að Guðmundur Jónsson, kennari á Hvanneyri, væri talinn gera það í umboði Hagstofunnar, heldur en þótt hann sé, eins og nú er, talinn gera það í umboði Búnaðarfélags Íslands. Ég sé enga ástæðu til þess að halda, að það yrði verra verk hjá honum, þó að þannig væri breytt til. Það er engin ástæða til þess að álíta, að hagstofustjóri gæti eða ætti fremur öðrum að safna þessum reikningum og vinna úr þeim. Ég býst við, að enginn annar maður en Guðmundur Jónsson komi til greina til þess fremur hér eftir en hingað til, meðan hans nýtur við og hann getur fengið þessa 40 bændur til þess að halda þessa búreikninga, því að Guðmundur Jónsson hefur staðið sig mjög vel í þessu starfi, eftir því sem ég bezt veit. Heldur er það hitt, sem fyrir mér vakir, að gengið sé þannig frá, að með búreikningaskrifstofurnar sé farið nákvæmlega á sama hátt og gögn hagstofunnar og þar sé um fyrirkomulag fylgt ráðum þess manns, sem falið er það tekniska starf, sem hagstofunni er falið að láta framkvæma.

Ég sé engin rök til þess liggja að vísa þessu máli til landbn. Þessa breyt. er fyrst og fremst lagt til að gera með tilliti til þessarar n., sem skipuð var á síðasta þingi, sex manna n. Fjhn. gekk frá ákvæðunum um þá n., þess vegna er ákaflega eðlilegt, að fjhn. fái þetta mál til meðferðar, vegna þess að hér er gert ráð fyrir því, að sex manna n., landbúnaðarvísitölun., hafi úr betri gögnum að vinna en verið hefur í þessum efnum, sem hér er um að ræða.

Í öðru lagi hefur hv. síðasti ræðumaður sagt, að þetta mundi stórauka útgjöld ríkissjóðs til þessarar skrifstofu. Það kann vel að vera, en mér finnst það enginn galli á þessu máli, vegna þess að það skiptir svo miklu máli fyrir þjóðina í heild, að réttar upplýsingar fáist í þessum efnum, að það er ekki horfandi í þann aukna kostnað til þess að tryggja það. Og einmitt með tilliti til þess, að þarna er um aukin fjárútlát fyrir ríkissjóð að ræða, er það líka eðlilegast, að málið fari til fjhn. Þetta er ekki mál, sem snertir landbúnað eingöngu, heldur bæði framleiðendur og neytendur landbúnaðarvara. Mér finnst því öll rök hníga til þess, að þetta mál eigi að fara til fjhn., en ekki landbn.

Pétur Ottesen: Ég get ekki komið auga á, að þær niðurstöður, sem fást við búreikningana geti orðið nokkuð öruggari, þótt framkvæmd laganna sé lögð undir hagstofustjóra. Ekki svo að skilja, að það sé neitt vantraust á hann. Hann er viðurkenndur heiðursmaður og sér um sitt verk prýðilega. Samt sem áður finnst mér málið þannig, að ekki sé hægt að fela það hagstofunni, því að vitað er, að eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur hér, er ekki hægt að vinna þetta verk öðruvísi en að það sé sérstakur maður, sem finnur hvöt hjá sér til að afla þeirra gagna, sem með þarf, og það er mjög mikill áhugamaður á þessu sviði, sem gerir þetta nú, og hefur hann aðstöðu til þess að standa í nánu sambandi við bændur úti um allt land. Auk þess er hann kennari við annan bændaskóla landsins og hefur þannig sérstætt tækifæri til að koma á framfæri hvatningu til bænda um búreikningshald. Það er fullvíst, að þessi maður er alveg óhlutdrægur í starfi sínu. Hann stundar ekki búskap sjálfur. Að því leyti er afstaða hans sú sama og hagstofustjóra. Ég sé því ekki, að það veiti neitt meira öryggi gagnvart því verki, sem á að vinna, að færa það inn á hagstofuna.

Mér skilst, að miðað við það, sem nú er, þá ætlist flm. raunar til, að Guðmundur Jónsson hafi áfram þetta starf. En það liggur í hlutarins eðli, að hann getur ekki haft það áfram, ef það er lagt undir hagstofuna, nema hann vinni það undir handleiðslu hagstofustjóra. En þetta mundi valda því, að Guðmundur Jónsson þyrfti að gera þetta starf að aðalstarfi sínu, en leggja niður kennsluna. En hann hefur innt bæði störfin af hendi, án þess að að hafi verið hægt að finna. Ég held, ef þessi breyt. verði gerð, að þá yrði Guðm. Jónsson að leggja niður starf sitt við bændaskólann. En það er einmitt starf hans við bændaskólann, sem veitir honum sérstaka aðstöðu til þess að hafa áhrif á, að búreikningar séu haldnir. Enda kennir hann nemendum skólans færslu búreikninga, og er það mikils virt.

Það hefur ekki ævinlega verið auðvelt að fá nægan fjölda búreikninga, því að eins og hv. 2. þm. N.-M. sagði, hefur hann oft þurft að beita sérstökum áróðri til þess að fá næga tölu þeirra til að styðjast við. Þarna höfum við alveg sérstakan áhugamann og í þeirri stöðu og þeirri aðstöðu, sem hið mesta óráð er að spilla á nokkurn hátt. Mér skilst, að aðalástæðan fyrir því, að þessi till. kom fram, sé sú, að landbúnaðarvísitölun. hafi verið neitað um frumgögnin að búreikningunum. Ég hef ekki talað við Guðm. Jónsson um þetta, en ég hef ástæðu til að ætla, að hér sé ekki rétt með farið, en hitt getur verið, að á þeim takmarkaða tíma, sem n. hafði, hafi ekki verið hægt að nota frumgögnin, svo sem æskilegt hefði verið. Hins vegar væri gott, að tekin væru afrit af þessum reikningum, sem lægju hjá þeim manni, sem hefði starfið með höndum, svo að hægt væri að nota frumritin, ef þörf gerðist. Og ef hægt væri að gera þær breyt. á þessu frv., að því yrði komið þannig fyrir, skal ég vera með þeim. En ég tel ekki hyggilegt að samþ. aðalbreytinguna, sem frv. gerir ráð fyrir, a. m. k. ekki á meðan við höfum svo ötulan mann sem Guðmundur Jónsson er við búreikningana. Hitt er sjálfsagt, að málið fari til n. og fái venjulega afgr. Tel ég þá sjálfsagt, að það fari til landbn. Mig minnir, að öll mál þessu viðvíkjandi hafi verið samstarfsmál landbn. og fjhn.

Flm. (Áki Jakobsson): Ég get fallizt á það, að bæði hagstofustjóri og Guðmundur Jónsson eru hlutlausir menn, hvað búreikninga snertir, og ég veit, að Guðmundur Jónsson rækir starf sitt eftir beztu getu. Það er ekki heldur það, sem deilt er um. Það er ekki ætlazt til samkv. till., að Guðm. Jónssyni sé vikið frá þessu starfi, enda er það tekið fram í grg., af því að við vildum láta koma í ljós, að við viljum ekki breyta fyrirkomulaginu, að því er starfsmanninn snertir. Það er annað, sem um er rætt: hver skuli vera húsbóndinn, hagstofan eða Búnaðarfélag Íslands. Það finnst mér skipta máli, sérstaklega

með tilliti til framtíðarinnar. Ef ákveða á verð landbúnaðarafurða samkv. búreikningunum, þá finnst mér eðlilegast, að hagstofan hafi með þá að gera, af því að hún er opinber stofnun, sem ekki er hægt að skoða sem fulltrúa fyrir neina nema þjóðfélagið, en Búnaðarfél. Ísl. er fulltrúi bænda. Nú, hitt atriðið, sem kom fram í ræðu hv. þm. Borgf., að ef starfið yrði lagt undir hagstofuna, þá yrði Guðmundi Jónssyni fyrirmunað að vinna það starf, um það vil ég segja, að ég sé ekki ástæðu til þess. Ég er viss um, að það er erfitt að finna mann, sem er eins fær um að annast það starf eða hefur betri aðstöðu til þess. Ég get einmitt fallizt á það, að ef hann hætti að kenna, þá yrði erfiðara fyrir hann að fá þær upplýsingar, sem hér koma til greina. En ég sé ekki, að það geti á nokkurn hátt orðið til þess, að hann hætti að kenna, þó að hann ynni starfið fyrir hagstofuna í staðinn fyrir að vinna það á vegum Búnaðarfélags Íslands. Og ég held fast við, að þetta mál eigi að fara til fjhn.

Pétur Ottesen: Út af þessari skýringu, sem kom fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., um, að afstaða hagstofustjóra gagnvart Guðm. Jónssyni væri önnur en afstaða Búnaðarfélagsins er nú, vildi ég taka það fram, að Guðm. Jónsson vinnur algerlega sjálfstætt að búreikningunum. Honum eru ekki settar neinar reglur, en Búnaðarfélagið notar aðstöðu sína til þess að greiða götu þess, að búreikningarnir fáist. Annars starfar hann alveg sjálfstætt, eins og t. d. hagstofustjóri gagnvart ríkisstjórninni. Guðm. Jónsson er forstjóri búreikningaskrifstofunnar. Samkv. frv. er ætlazt til að fela hagstofustjóra forstöðuna. Það er því alger misskilningur, að þótt Guðm. Jónsson kynni að starfa áfram að þessum málum, sem hann mundi ekki gera, að afstaða hans yrði sú sama og hún er nú, ef frv. yrði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til fjhn. með 13:7 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

19. Hafnarlög fyrir Siglufjörð.

Á 29. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 150).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 12. og 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Áki Jakobsson): Frv. þetta er flutt samkv. beiðni bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar, og hefur hún samið frv., en ég gert á því smábreytingar.

Eldri hafnarl. eru frá 1915 eða áður en Siglufjörður fékk bæjarréttindi, og eru þau því orðin ákaflega úrelt samanborið við hafnarl. annars staðar á landinu, enda hefur Siglufjörður tekið miklum breytingum, síðan þau voru sett. Þetta frv. hefur að geyma ýmsar leiðréttingar í samræmi við l. um þessi efni, sem samþ. hafa verið á undanförnum þingum. Þó er eitt atriði, sem segja má, að sé aðalatriði, og er höfuðorsök þess, að frv. er borið fram. Þetta atriði felst í 6. gr. Svo er mál með vexti, að á innri höfn Siglufjarðar, þar sem mestöll síldarsöltun landsins fer fram, eru þrengslin nú orðin svo mikil, að allar syðstu bryggjurnar eru lítt nothæfar. Þetta hefur að vísu ekki komið svo mjög að sök að undanförnu, vegna þess, hve söltunin hefur dregizt saman af þeirri ástæðu, að markaðir hafa lokazt, en þetta verður að sjálfsögðu mjög bagalegt, þegar markaðir opnast aftur að stríðinu loknu. Og í 6. gr. er nú gert ráð fyrir, að bæjarstj. verði veitt heimild til að framkvæma þær endurbætur, sem hún telur nauðsynlegar í þessu sambandi.

Það eru nokkrar milljónir rúmmetra, sem þarf að grafa upp úr höfninni. Enn fremur er óhjákvæmilegt, að reistur verði fyrirstöðugarður á leirunum og loks fyrirstöðuþil fyrir hverja lóð undir bakkann. Liggur þegar fyrir áætlun, sem vitamálastjóri hefur gert, um tilhögun þessara framkvæmda. Ég veit raunar ekki með vissu, hvort búið er að taka endanlegar ákvarðanir um þessi mál, en ég held það þó, að minnsta kosti að því er aðalatriðin snertir.

Nú er það augljóst mál, að þessar lóðir hljóta að verða miklu verðmætari við það, að fjórir metrar af sjó liggja að þeim, og getur það því ekki talizt nein sanngirni, að bæjarstj. leggi ein í þessar framkvæmdir. Þess vegna er í þessari gr. gert ráð fyrir því, að eigendur eða leigjendur lóðanna sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum séu skyldir að láta gera fyrirstöðuþil fyrir lóðum sínum, en vilji þeir ekki framkvæma fyrirmæli bæjarstj. um þetta, getur bæjarstj. látið framkvæma verkið á þeirra kostnað, en kostnaðinn greiði þeir með 10 ára greiðslufresti. Gegn þessu mundi svo hafnarsjóður fá lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð hlutaðeiganda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla, hafi þeim verið þinglýst fyrir 15. september 1943. En sú takmörkun er sett til þess að raska sem minnst hag þeirra manna og félaga, sem hér eiga hlut að máli.

Annars get ég sagt það, að ég hef ekki athugað þetta gaumgæfilega að öðru leyti en því, sem fram kemur í grg., en tel þó, að frv. sé þannig úr garði gert, að vel sé hægt fyrir hæstv. Alþ. að taka það til vinsamlegrar athugunar og samþ. það í því formi. Þeir menn, sem eiga hér hlut að máli, hafa sjálfir mestan hagnað af þessum framkvæmdum, og ég býst við, að þeir hafi ekki síður en aðrir áhuga á því, að hafizt verði handa um þær.

Ég vil leggja til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn., sem fer væntanlega rækilega yfir

það og athugar sérstaklega, hvort þessi 6. gr. muni vera í því formi, sem æskilegt er.

Finnur Jónsson: Það er rétt, að 6. gr. frv. er algert nýmæli, en hins vegar er vitað, að hún er sett í frv. af fullkominni nauðsyn, af þeirri ástæðu, að Siglufjarðarhöfn, sem er ein af beztu höfnum landsins, hefur lengi verið nærri því óstarfhæf, vegna þess, hvernig hún grynnist ár frá ári. — Annað mál er það, að ekki verður séð, að í þessari 6. gr. sé bent á leiðir til að gera það tvennt, sem gera þarf í málinu: framkvæma dýpkun hafnarinnar og tryggja það, að þeir, sem eiga lóðirnar, taki þátt í kostnaðinum af dýpkuninni. Ég skal ekki segja, hvort það næst með þessu frv. eins og það liggur fyrir, en ég hefði talið, eftir fljótlega athugun, að réttara hefði verið að reyna að ná samningum við lóðareigendurna, og ef það hefði ekki tekizt, þá hefði verið sett eignarnámsheimild til handa Siglufjarðarbæ, eins og lagt er til í frv. Hér virðist annars fullmikið vald lagt í hendur bæjarstj., en hins vegar engin trygging fyrir því, að réttur lóðareigenda sé ekki fyrir borð borinn. Mér finnst sjálfsagt að reyna að samræma þetta, og verður að gæta þess vel að afgreiða ekki l., sem fara í bág við allar reglur, sem gilt hafa hér á landi til þessa. Ég viðurkenni fyllilega nauðsyn þess, sem í frv. felst, og tel áríðandi, að málið verði afgreitt á þann hátt, að höfninni á Siglufirði sé borgið, en ég tel, að gæta verði þess, að framkvæmdirnar verði ekki algerlega einhliða, þannig að ekki verði eingöngu litið á hagsmuni annars aðilans.

Garðar Þorsteinsson: Við lauslega athugun hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að telja verði þetta varhugavert mál að því leyti, sem hér er farið út fyrir hin almennu ákvæði, er um hafnir gilda. Hér er sem sé gengið inn á nýjar brautir, sem ég tel vafasamt, að séu réttmætar, og eru aðallega fólgnar í því að leggja kvaðir og skyldur á menn, sem eiga byggingar og mannvirki á Siglufirði, og skylda þá til að gera tilteknar framkvæmdir á sjálfs sín kostnað. Þess ber og að gæta, að það kemur ekki fram í frv., hvað þessar framkvæmdir muni kosta, og er látið nægja að taka fram, að vitamálastjóri hafi gert áætlun um verkið. Mér hefði fundizt eðlilegt, að hv. d. hefði verið skýrt frá því, hvað kostnaðurinn hefði verið áætlaður, svo að þm. hefðu getað gert sér grein fyrir, hversu margar milljónir gert væri ráð fyrir, að hér ætti að leggja fram á ekki meira en 10 árum.

Ástæðan, sem á að vera veigamest, er sú, að Siglufjarðarhöfn grynnist um 5 cm á ári. En hvers vegna grynnist höfnin? Ekki er það lóðareigendum að kenna, heldur því, að bæjarstj. Siglufjarðar hefur verið svo forsjál að hafa haft frárennsli í innri höfnina. M. ö. o., borgararnir fylla sjálfir upp höfnina um 5 cm á ári. Ég hefði álitið, að nær hefði verið að byrja á því að leiða frárennslið frá innri höfninni. Ég þori reyndar ekki að fullyrða, að frárennsli í innri höfnina sé frá öllum bænum, en það er áreiðanlega frá miklum hluta bæjarins, og það veit hv. flm. vel, út af máli, sem Tynæs á í við Siglufjarðarbæ vegna þess, hvern kostnað hann hefur haft af dýpkun fram af lóð sinni.

Í síðustu málsgr. 5. gr. segir svo: „Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsfjöru". Ég held, að það sé algert nýmæli í l., ef fara á að ákveða, að bær eða sveit eigi allt land, sem upp kemur með stórstraumsfjöru, því að það er viðurkennd regla, að landeigendur eigi allt það land, sem upp kemur með stórstraumsfjöru.

Ég hafði álitið, að allir bryggjuhafar á Siglufirði væru leigutakar, en nú segir í grg.: „Nú hagar svo til, að mikill hluti lóða að sjó er í eign eða eigu einstaklinga." — En ef svo er, að nokkur hluti lóðanna sé í eign einstaklinga, þá kemur ekki til mála að setja í l., að hafnarsjóður eigi það land, sem kemur upp úr um fjöru. Slíkt væri algert brot á öllum gildandi l., og til þess þyrfti þá eignarnámsheimild. En ef skilja á þetta svo, að það sé bókfærsluatriði milli bæjarsjóðs og hafnarsjóðs og fullt samkomulag um það þeirra í milli, þá þarf ekki um það neitt lagaákvæði. Rísi bærinn hins vegar á móti hafnarsjóði og vilji ekki láta landið af hendi, þá þarf eignarnámsheimild. Það er því ekki hægt að setja svona ákvæði í l., og bendi ég á þetta til athugunar fyrir hv. sjútvn.

Svo kemur aðalatriði frv., að leggja á landeigendur eða leigutaka þær kvaðir, að láta gera fyrirstöðuþil framan við lóðir sínar. Hv. frsm. minnist ekki á, hvað þetta mundi kosta. Í grg. segir: „Nú hagar svo til, að langflestar söltunarstöðvar við innri höfnina eru mjög úr sér gengnar, þar sem viðhald af eðlilegum orsökum hefur verið af skornum skammti síðustu 3—4 ár". — Hverjar eru þessar eðlilegu orsakir? Þær, að bryggjueigendur hafa engar tekjur haft af þessum fasteignum undanfarin ár, ekki einu sinni til þess að geta haldið þeim við. Samt á með þessum l. að skylda hvern þeirra til að leggja tugi eða ef til vill hundruð þúsunda kr. til að byggja þær upp að nýju.

Í grg. segir: „Allir aðilar, sem hlut eiga að máli, eru sammála um, að vegna þess, hve höfnin er orðin grunn og heldur áfram að grynnast af fram- og niðurburði í höfnina, sé brýn þörf skjótra aðgerða". Þetta er að vissu leyti rétt, en ég vil þó vefengja það, að nokkur bryggjueigandi óski þess, að þessar aðgerðir verði framkvæmdar, eins og nú standa sakir. Margir af þessum mönnum hafa orðið að greiða stórfé í staurabryggjur undir síldarsöltunarstöðvar. Svo á að skylda þá til að rífa þetta allt niður, láta síðan gera þil fyrir framan og fylla svo upp. Þó að þetta væri að vísu æskilegt út af fyrir sig, þarf enginn að segja mér, að menn, sem hafa lagt í að reisa söltunarstöð, séu ásáttir um að rífa hana niður aftur, og ég skora á hv. flm. að koma með yfirlýsingar varðandi þetta frá nokkrum söltunarstöðvaeigendum. Það er sitt hvað að hugsa sér, að þetta verði gert einhvern tíma í framtíðinni, eða skylda menn til að gera það á næstu 10 árum, þegar vitað er, að atvinnurekstur sá, sem í hlut á, síldarsöltunin, ber sig hvergi nærri. Það er von, að bæjarstj. vilji hafa hönd í bagga um það, ef fara á að rífa bryggjur, enda er það sjálfsagt, en að skylda

menn til að ráðast í slíkar framkvæmdir á eigin kostnað á einum 10 árum, það getur ekki komið til mála. Ég vil því vona, að hv. sjútvn. athugi málið vel, áður en hún samþ. að leggja slíkar kvaðir á Siglfirðinga.

Flm. (Áki Jakobsson): Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, vil ég endurtaka það, sem ég tók fram í fyrri ræðu minni, að ég er ekki viss um, að þetta sé heppilegasta lausnin, og tel það einmitt verk n. að athuga þetta sérstaklega. Hins vegar er hæpið að vísa bæjarstj. á að ganga til samninga við stóran hóp manna, sem kunna að vera alveg ósammála sín á milli, í stað þess að setja tiltekin ákvæði, sem menn yrðu að beygja sig undir. Ég held, að lítill árangur yrði af þeirri aðferð og hætt við, að málið yrði þá aftur að fara til Alþ. En ríkisstj. verður hins vegar að hafa hönd í bagga um það, að vald bæjarstj. verði ekki of mikið eða að ekki verði gengið á rétt þessara manna.

Um orð hv. 2. þm. Eyf. er það að segja, að þau voru að mestu reist á þekkingarleysi. Út af því, sem hann sagði um kostnaðarhliðina, get ég játað það, að ég veit ekki, hver kostnaðurinn mundi verða, og ég hef ekki séð áætlanir vitamálastjóra um það, en ég býst við, að bæjarstj. mundi senda þessar áætlanir, ef þess yrði óskað. Hún getur ekki haft neina ástæðu til að neita að láta þessar upplýsingar í té, og þarf því ekki að gera neitt veður út af því. Hitt er annað mál, hvort ráðast ætti í þessar framkvæmdir nú þegar eða síðar. En auðvitað verður að sjá svo um, að þessi kostnaður komi jafnt niður á alla, kostnaðinum verði jafnað niður á menn undir eftirliti vissra stjórnarvalda, og væri þá langeðlilegast, að vitamálastjóri ákvæði þá upphæð, sem hver einstakur ætti að borga.

Um það, hversu höfnin grynnist ár frá ári, talaði hv. þm. af algerðu þekkingarleysi. Hefði honum verið innan handar að fá upplýsingar hjá mér um þetta atriði. Það er að vísu rétt, að Siglufjarðarbær gerði þá villu að leggja skólpræsi út í innri höfnina, en veit ekki hv. þm., að bærinn hefur lagt upp undir 100 þús. kr. í kostnað til lagfæringar á þessu? Sem sagt, eina leiðin til þess að koma í veg fyrir þennan framburð, er sú, að byggja fyrirstöðuþil, eins og getið er um í 6. gr. Ég álít, að það sé ekkert vit í að taka eingöngu tillit til útgerðarmanna og lóðareigenda í sambandi við þessar framkvæmdir, eins og virðist helzt vera stefna hv. 2. þm. Eyf. í þessu máli. Siglufjörður hefur um 4 þús. íbúa, sem eiga afkomu sína undir því, að sæmileg lendingarskilyrði séu þar, auk þess, að þar er stærsta síldarútvegsstöð landsins, og það er hart, ef Alþ. ætlar að taka meira tillit til þessara 20—30 lóðareigenda en allra þeirra landsmanna, sem afkomu sína eiga undir síldarútveginum á Siglufirði. Alþ. verður að taka tillit til hagsmuna heildarinnar og jafnframt sjá um, að ekki sé gengið um of á rétt þeirra einstaklinga, sem þarna er um að ræða. Það hefur aldrei verið farið fram á það af bæjarstj., að réttur þessara einstaklinga yrði fyrir borð borinn, en bæjarstj. vill, að þessir einstaklingar, sem koma til með að eignast stórkostleg verðmæti vegna framkvæmda bæjarfélagsins, verði látnir borga nokkurn hluta þeirrar verðmætaaukningar, sem þarna er um að ræða. Hvort 6. gr. sé sanngjörn, það er mál, sem ég vil ekkert fullyrða um, en vænti þess, að það fáist betur úr því skorið með þeirri afgr., sem málið fær í n. og á þingi. Þá er atriðið um það, „að hafnarsjóður eigi allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsfjöru". — Það er alveg rétt, að þetta ákvæði er nýlegt ákvæði og í fyrsta skipti tekið upp í þetta frv., en það er næsta skrítið, ef þessi hv. þm., sem hefur setið á allmörgum undanförnum þingum, er nú fyrst að reka augun í þetta, því að þetta ákvæði mun vera til í nokkuð mörgum frv. af þessu tagi. En þetta virðist benda til þess, að hv. þm. hafi ekki fylgzt alltof vel með í þessum málum, og ég hef ekki tekið eftir því, að þessi hv. þm. hafi gert aths. við þetta ákvæði, þegar það hefur komið fram áður í frv. Það má auðvitað deila um réttlæti slíks ákvæðis, en það er enginn vafi á því, að gömlu ákvæðin, um það að landeigandi eigi land út í stórstraumsfjöruborð, getur ekki átt við þar, sem um þröngar hafnir er að ræða, og ég býst við því, að þegar þessi ákvæði hafa verið samþ. fyrir allar hafnir, þá hafi það verið gert með tilliti til þess, að landareign var yfirleitt miðuð við stórstraumsfjöruborð. En það getur auðvitað ekki gengið, að þingið láti þetta úrelta ákvæði gilda, þegar um hafnir er að ræða. En þetta er atriði, sem hv. sjútvn. mun athuga og bera það saman við önnur hliðstæð l., sem nýlega hafa verið samþ. hér á hv. Alþ.

Garðar Þorsteinsson: Um þetta síðasta atriði skal ég ekki segja annað en það, að þetta sýnir, að þessi hv. þm. veit vel, að fjöreigandi á þetta land. En ég vil benda honum á annað, og það er það, að á þeim stöðum, þar sem svo hefur viljað til, að land hefur komið upp úr sjó, er viðurkennt, að fjöreigandi eigi það land líka. Það kann að vera, að það sé eitthvað í hafnarlögum um þetta, en það hefur þá farið fram hjá mér, en það er alveg víst, að það hefur ekki í l. verið gerður neinn greinarmunur á því, hvort hér sé um fjöru að ræða í útfiri eða innfiri. En það er alveg víst, að það þyrfti þá eignarnámsheimild fyrir hafnarsjóð, ef það ætti að taka af fjöreigandanum þetta land, og yrði þá að koma fullt verð fyrir.

Svo var hv. þm. að tala um það, að það sé lóðareigenda að borga nokkurn hluta af þessu, þeir eigi að njóta góðs af þessu og þeir eigi því að taka þátt í kostnaðinum, og lóðareigandi á að láta rífa burtu öll mannvirki og hús, sem hann hefur áður á lóðinni, ef þess þykir við þurfa vegna hafnarinnar. Og mér er ekki kunnugt um, að höfnin eigi að borga annan kostnað en þann að rífa þetta niður. — Svo kemur það, að höfnin á að halda nægu dýpi við bryggjurnar, og má vera, að það sé nokkurt framlag frá hennar hálfu, en ef þessi hv. þm. vill fara í gegnum rekstrarkostnað söltunarstöðvanna á Siglufirði, þá getur hann séð, að það eru ekki nema tvær bryggjur, sem hafa haft verulegan kostnað af þessu, svo að það hefur ekki hlotizt mjög mikill kostnaður af

því, og ég býst við, að þetta loforð um að halda ákveðnu dýpi á höfninni geti ekki lokkað þessa menn til þess að leggja í mikinn kostnað.

Þá eru þessir menn skyldaðir til að byggja þetta upp á næstu 10 árum. Þetta er svo fjarstætt, að það kemur náttúrlega ekki til mála, að slíkt ákvæði geti staðizt. Það vita allir, sem til þekkja, hvað það kostar mikið fé að byggja þessar bryggjur. En það er ekki nóg, að það eigi að skylda þessa menn til þess að halda þessum bryggjum við, heldur eru þeir skyldaðir til að rífa allar bryggjur upp og fylla þar upp, sem með þarf. Það er síður en svo, að það sé hægt að segja, að þessir menn eigi að taka smávægilegan þátt í þessum framkvæmdum, eftir því sem fram kemur í frv.

Flm. (Áki Jakobsson): Ég vil enn leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. Það er að vísu alveg rétt, að þeir, sem eiga bryggjurnar einir, eiga að kosta mannvirkin, en þessum hv. þm. finnst það hins vegar einskis virði, að það á að auka dýpið fyrir framan þessi mannvirki um fjóra metra um stórstraumsfjöru. Honum finnst, að það sé engin verðmætaaukning að þessum bryggjum. Ég skil ekki slíkan hugsanagang. Hann hlýtur að koma af því, að hv. þm. fylgist ekki nógu vel með þessum málum. En það þarf stórt átak til þess að koma þessum mannvirkjum í framkvæmd, uppmoksturinn á innri höfninni mundi þurfa að verða um 4 millj. rúmmetra, til þess að fjögra metra dýpkun fáist um stórstraumsfjöru, og fyrirstöðuþilin eru smámunir miðað við það stóra átak, sem þarf til þess að moka þetta upp og fylla upp fyrir innan. Ég get fullyrt, að þau fyrirstöðuþil, sem yrðu byggð upp, og uppfyllingin í kringum þau eru sáralítil verðmætaaukning á þeim lóðum, ef sömu grynningarnar eiga að vera áfram á höfninni og nú. Ég veit um menn, sem hafa byggt svona fyrirstöðuþil og fyllt upp fyrir innan þau og þeim fannst þetta dýrt, en það var aðallega vegna þess, að þeir urðu að leggja í helmingi meiri kostnað en ella til þess að hindra það, að uppfyllingin rynni ekki inn á lóð nágrannans. Í slíku tilfelli varð einn maður að byggja fyrirstöðuþil beggja vegna við sig, vegna þess að nágranni hans vildi ekki hafa samstarf við hann. Þar var verðmætum kastað, vegna þess að þessir aðilar gátu ekki komið sér saman, og þess vegna urðu þessar framkvæmdir svo kostnaðarsamar.

Hvað viðvíkur því, að þetta sé óheppileg lausn, þá vil ég segja það, að ég kæri mig ekkert um að fullyrða neitt um það að svo stöddu. En hver, sem vill líta á þetta mál með sanngirni, hlýtur að viðurkenna, þegar bæjarfélag sem þetta er að leggja í svona stórframkvæmdir til þess að eignast betri bátahöfn en áður, að það sé réttmætt, að þessir einstaklingar séu skyldaðir til þess að taka þátt í kostnaðinum með því opinbera, þannig að þeir að einhverju leyti greiði fyrir þá verðmætaaukningu, sem fellur þeim í skaut.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 150, n. 527).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið alllengi til athugunar í sjútvn., og var það einkum vegna þess, að frv. inniheldur ákvæði, sem eru nokkuð frábrugðin því, sem gerist um hafnarframkvæmdir víðs vegar á landi hér, sökum þess að aðstaðan á þessum stað er talin önnur. Kemur þetta einkum fram í 6. gr. frv., og var hún nokkuð ýtarlega athuguð, og þá einkum og sér í lagi skiptingu kostnaðar milli þeirra einstaklinga, sem eiga eða hafa á leigu lóðir, er liggja að höfninni á Siglufirði, milli þeirra og bæjarfélagsins. 6. gr. inniheldur allströng ákvæði viðvíkjandi þessu, sem beita mætti og beitt yrði gagnvart þeim einstaklingum, er til mála koma. Þetta er vegna þess, að kaupstaðurinn á ekki sjálfur nærri því allt það land, sem að höfninni liggur, og er aðstaðan þarna því ólík því, sem er á mörgum öðrum stöðum, þó ekki öllum.

N. sendi mál þetta, eins og venja er til, til vitamálastjóra, enda hafði hann það mál, sem frv. ræðir um, til meðferðar og hefur skipzt á bréfum við bæjarstjórn Siglufjarðar um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru samkv. frv., og hvernig réttlátast er að hafa skiptingu þess kostnaðar og þess verks, er hér um ræðir.

Að öðru leyti skal ég geta þess, að í frv. er prentvilla í 1. gr., um kostnaðarhlutföllin, þar sem talað er um, að ríkissjóður greiði ⅔ kostnaðar, ætlaðist flm. til, að væri ⅓ kostnaðar, eins og venja er til við sambærilegar framkvæmdir í öðrum kaupstöðum. Þetta leiðréttir n., svo og þar af leiðandi þær upphæðir í 1. og 2. grein, sem tilgreindar eru.

Þá segir svo í 5. gr. frv.: „Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði". — Til þess að koma í veg fyrir misskilning síðar út af þessu ákvæði, þótti n. rétt að bæta við þessa setningu: „En leigumálar þeir, sem nú eru í gildi, haldist, eftir því sem samningar um lóðaleigu standa til". — Þetta er gert með það fyrir augum, að þótt hafnarsjóður kunni að eignast meira land en nú er talið hans eign, þá haggi það ekki leigumálum, sem nú hafa verið gerðir, heldur standi þeir. En breyt. er sú, að þar, sem leiga félli nú í einhverju tilfelli til einhvers eins manns, þá yrði hafnarsjóður leigusali og fengi leiguna sér greidda.

6. gr. breytir n. á þá leið, er segir í þskj. 527, og er það í samræmi að mestu við þær ráðleggingar um fyrirkomulag, sem hv. vitamálastjóri hafði í sínu álitsskjali sett niður. N. er sammála um orðun þessa. Þó skal geta þess, að eftir að gengið var frá nál., hefur komið fram ósk um, að tekið væri til athugunar milli 2. og 3. umr., hvort bærinn ætti að leggja til endurgjaldslaust uppgröft úr höfninni, sem mokað yrði inn fyrir fyrirstöðuþil, sem á að byggja á kostnað lóðareigenda, — að frádregnu því, sem ríkissjóður leggur til hlutfallslega við kostnað lóðareiganda. Í viðtali við hv. þm. Siglf. kom upp sú spurning, hvort bærinn ætti að fá end-

urgjald fyrir það, sem mokað er inn fyrir fyrirstöðuþilin upp úr höfninni. Sjálfur hafði ég tilhneigingu til að líta þannig á, að bænum væri það engu óhentugra, þó að hann léti moka leðjunni úr höfninni inn fyrir fyrirstöðuþil, en ef hann þyrfti að flytja hana þangað, sem hún nýttist ekki jafnvel á haf út. Um þetta atriði skal ég í bili ekki hafa fleiri orð. Það var þetta, sem hann og einn meðnm. minna hafði við till. að athuga, og sjálfsagt að hlusta á öll skynsamleg rök.

Þá þótti n. rétt að bæta við 6. gr. ákvæði um, að þær verðhækkanir á lóðum á Siglufirði, sem óhjákvæmilega verða, þegar þetta er gert, reiknist ekki til tekna þeirra, sem lóðirnar eiga, að svo miklu leyti sem endurbæturnar eru kostaðar af opinberu fé, ef bærinn síðar meir þarf að kaupa þessar lóðir.

Annars vil ég geta þess, að það bezta fyrirkomulag, þar sem bæði bær og ríki leggja til fé í framkvæmdir, væri, að bærinn eignaðist allar lóðir, sem að framkvæmdunum liggja. En það bar á góma, að bænum væri ofurefli að kaupa þær allar í þessu tilfelli. Þess vegna varð að finna skynsamlega leið, til þess að þessar framkvæmdir gætu farið þannig fram, að hvorugum yrði íþyngt um of, bæjarfél. eða einstaklingum þeim, sem nú ráða yfir lóðum þeim, sem að höfninni liggja.

Ég hef svo ekki meira að segja um þetta, en vona, að hv. d. geti séð sér fært að láta frv. halda áfram til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 527,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 527,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 527,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 527,4—5 samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
7.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 552).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég gat þess við 2. umr., að eftir að gengið hafði verið frá brtt., þá hefðu komið fram raddir frá hlutaðeigendum og þá sérstaklega frá bæjarstjóra Siglufjarðar um það, að þeir væru ekki fyllilega ánægðir með þessa afgreiðslu málsins og þá sérstaklega það, að bærinn skyldi láta endurgjaldslaust af hendi uppgröft úr höfninni, sem yrði notaður til uppfyllingar.

Með því að það er fjarri því, að sjútvn. vilji setja inn ákvæði, sem verði bænum til óþæginda, þá lýsti ég yfir því, að við 3. umr. mundi verða borin fram brtt. til þess að ráða bót á þessu. Ég hef nú sem frsm. sjútvn. haft aðstöðu til þess að ræða við bæjarstjóra Siglufjarðar og fleiri, og það hefur orðið samkomulag milli okkar um brtt., sem ég vil nú leggja fram skriflega, og er hún sem hér segir:

Við 6. gr. Fyrir orðin „en uppfylling . . . eftir því sem hann hrekkur til“ í 1. málsgr. komi: en uppfylling innan við fyrirstöðuþil annast bæjarfélagið með uppgreftri úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaeigenda, eftir því sem um semst.

Þessa skriflegu brtt. vil ég nú afhenda hæstv. forseta með tilmælum um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá sjútvn., eins og hv. þm. Vestm. hefur nú lýst, og þarf tvenns konar afbrigði fyrir henni, þar sem hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 554) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 554 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., 3. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 555).

Á 61. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 631).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Mál þetta er komið frá hv. Nd., og hefur sjútvn. Ed. athugað það gaumgæfilega og birt álit sitt á þskj. 631. N. leggur með frv., en er einróma samþykk því að gera á því viðeigandi breytingar.

Í niðurlagi 5. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði, en leigumálar þeir, sem nú eru í gildi, haldast, eftir því, sem samningar um lóðaleigu standa til.“

Hér er um nýmæli að ræða, en n. lítur svo á, að ekki sé hægt að afnema eignarrétt þeirra, er hlut eiga að máli, á þennan hátt, og telur það vera á móti stjskr. og gildandi l. um þessi efni. Samkv. þeim telst landeigandi eiga 60 faðma út fyrir fjöruborð, og getur Alþ. því ekki afnumið þennan rétt, nema þessum l. sé fyrst breytt. Mér hefur verið bent á það af frsm. sjútvn. Nd., að þetta sé ekkert einsdæmi, og tilnefndi hann Dalvík. En því er til að svara, að þar standa yfir málaferli um skilning á núgildandi l. um þetta efni, þar sem eigandinn álítur ekki hægt að taka af sér land á þennan hátt, meðan þau l. eru í gildi. En ef þetta skyldi standa í öðrum hafnarl., sem mér er þó ekki

kunnugt um, en getur þó skeð, að sé einhvers staðar annars staðar og þá líklega komið inn af þeim ástæðum, að landið er eign viðkomandi bæjarfélags, þá skerti það einskis manns rétt, og þá er það aðeins atriði milli hafnarstjórnar og sveitarstjórnar, hvernig farið er með það land, sem bærinn á. En þegar rætt er um land einstakra aðila, þá lítur sjútvn. svo á, að ekki sé rétt að lögbjóða, að réttur þeirra verði tekinn af þeim. Samkvæmt 3. gr. er sérhver skyldugur til að láta af hendi mannvirki og land gegn fullu verði. N. sér ekki annað en að hér sé tryggður að fullu réttur hafnarsjóðs Siglufjarðar og hann geti fengið ákveðið land tekið eftir þeim ákvæðum, sem eru í 3. gr. N. leggur því til, að þessi liður sé felldur úr frv.

Í 6. gr. eru sérstök og víðtæk ákvæði snertandi eignarrétt einstaklinga. N. lítur svo á, að hér sé á ferðinni breyt., sem sé að sumu leyti mjög hættuleg. Þess vegna leggur hún til, að 6. gr. verði felld úr frv. N. hefur átt viðtal við hv. flm. frv., og viðurkennir hann, að þetta geti valdið stórkostlegum deilum, þó að það verði samþ. á Alþ. Einnig hefur n. leitað upplýsinga hjá bæjarstjóra Siglufjarðar. Hafa þeir báðir sameiginlega lýst yfir, að þeir óski eftir því, að ef þessar tvær gr. kæmu til með að valda ágreiningi á Alþingi, þá verði þeim heldur sleppt úr frv., til þess að unnt sé að fá frv. samþ. í heild. Siglufirði er bráðnauðsynlegt að fá frv. samþ., m. a. vegna þess, að það þarf að fá breytt 1. gr. um fjárframlög og 2. gr. um ábyrgð. Hins vegar eru möguleikar fyrir Siglufjörð að bera fram breyt. á næstu þingum um þau atriði, sem nú yrðu felld burt, og er þá undir þeim þingum komið, hvernig fer um það mál. Það er því samkomulag við þessa aðila, eins og ég hef tekið fram, að þetta sé fellt burt og frv. flýtt gegnum þessa d. eins og hægt er, og er þess að vænta, að það fái þá einnig greiðan gang gegnum Nd., svo að það öðlist gildi á þessu ári.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í efni 6. gr. Það er farið inn á það nýmæli, að hafnarstjórn geti fyrirskipað öðrum aðilum að byggja vissan hluta hafnarmannvirkisins, og þegar hann er byggður, geti hafnarstjórn haldið áfram að fylla upp landið á kostnað einstaklinganna. Sjútvn. telur, að þetta sé a. m. k. ekki nægilega vel undir búið, til að það verði samþ. á þessu þingi.

En úr því að n. fór að gera breyt. á frv. á annað borð, þá þótti henni rétt að gera á því einnig smávægilegar breyt. til samræmis við það, sem gilt hefur í öðrum hafnarl. Hefur hún því lagt til, að 11. gr. verði breytt, en það er aðeins til að færa til samræmis við það, sem stendur í öðrum hafnarl., en engin efnisbreyt., og þarf því eigi að fjölyrða um það.

Loks ber n. fram till. um, að nýrri gr. verði bætt aftan við frv., um, að l. skuli þegar öðlast gildi, en það var ekki í frv. upphaflega og ekki eins og það kom frá Nd.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar. Ég vil óska þess, að d. samþ. frv. með þeim breyt., sem n. leggur til, og málinu verði svo flýtt áfram, því að Siglufirði er mikil nauðsyn að fá frv. afgr. sem l. frá þessu þingi.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. þm. Siglf. hefur tjáð mér, að þær breyt., sem hv. sjútvn. ber fram á þskj. 631, séu nokkru víðtækari en hann hafði gert ráð fyrir eftir samtal við n. Honum hefur ekki unnizt tími til að ræða málið við bæjarstjóra og bæjarstjórn og óskar að fá tækifæri til þess, áður en gengið er til atkv. um þessa till. Vil ég því fara þess á leit, að málinu verði nú frestað.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því, að málinu sé frestað eftir ósk hv. flm., en ég vil leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að breyt. séu víðtækari en rætt hafði verið um, því að þær voru allar ræddar. Flm. segist ekki hafa haft ástæður til að tala um breyt. við bæjarstjóra, en eins og ég tók fram, hefur n. rætt þær við hann. Þetta vildi ég aðeins leiðrétta, en ég hef ekkert á móti því, að málinu sé frestað.

Forseti (StgrA): Eftir þessari framkomnu ósk mun ég fresta umr. um málið.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 631, 1. a. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 631, 1. b. samþ. með 11:3 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 631,2 (6. gr. falli niður) samþ. með 10:3 atkv.

7.—10. gr. (verða 6.—9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 631,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 631,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

13.—19. gr. (verða 12.—18. gr.), samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 631,5 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 631,6 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

20. Flugvellir, flugvélaskýli o. fl.

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu flugvalla, flugvélaskýla og dráttarbrauta fyrir flugvélar (þmfrv., A. 164).

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á síðasta Alþ. fluttum við flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, till. til þál. um flugmál Íslendinga. Meginkjarni þeirrar þáltill. var sá, að skorað var á ríkisstj. að láta fram fara í samráði við Flugfélag Íslands rækilega athugun á flugvallastæðum á landinu, — enn fremur, að hafinn yrði undirbúningur að því að taka flugið inn í heildarkerfi samgangnanna og komið yrði upp ákveðnu kerfi flugvalla og flugskýla í landinu. Þessi þáltill. var einróma samþ. á Alþ., en síðan hefur ekkert verið gert í þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstj. Hins vegar hefur okkur flm. frv. fundizt rétt að halda áfram á þeirri braut, sem hæstv. Alþ. markaði með samþ. fyrrgreindrar till., og því höfum við flutt þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Með þessu frv. er fyrst og fremst lagt til, að flugvellir, flugvélaskýli og dráttarbrautir verði gerð á allmörgum stöðum á landinu. Þeir staðir, sem greindir eru í 1. gr. frv., þar sem lagt er til, að flugvellir skuli koma, eru teknir upp í þessa gr. í samráði við formann og framkvstj. Flugfélags Íslands, sem framkvæmt hafa allvíðtæka rannsókn á þessu máli af sjálfsdáðum. Um allmarga þessara staða er það að segja, að þegar er tekið að nota þá sem flugvelli. En allur viðbúnaður þar er svo ófullkominn, að ekki verður við það unað til lengdar. Okkur flm. er það að vísu ljóst, að til þess að flugvellir verði gerðir, þarf töluvert ýtarlegri rannsókn að fara fram á því en fyrir liggur, á hvaða stöðum skuli byggja flugvelli hér á landi, enda er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að ákveðnum skilyrðum þurfi að fullnægja, áður en Alþ. veitir fé til þess að byggja slík mannvirki á hinum einstöku stöðum, sem þarf, til þess að flugvélar geti lent þar.

Í 2. gr. frv. er svo gert ráð fyrir því, að flugskýli fyrir sjóflugvélar og dráttarbrautir skuli vera á ákveðnum stöðum. Um þá staði er sama að segja og um hina staðina, sem 1. gr. er um, að þeir eru settir í frv. í samráði við þá menn, sem fyrr voru greindir og bezt skyn hafa á þörfum í flugmálum hér á landi.

Nú er það hins vegar svo, að samkv. 1. gr. frv. eru nokkur héruð tekin upp í þá gr., þar sem til er tekið, að flugvellir skuli byggðir, en ekki hefur verið unnt að ákveða flugvallastæðið nákvæmlega í frv. og hins vegar gert ráð fyrir því, að áður en komi til fjárveitinga til slíkra framkvæmda, þá skuli ýtarleg rannsókn fara fram í þessum efnum. Og því hugðum við flm., að ekki kæmi að sök, þó að ekki væri í þeirri gr. nánar til tekið um flugvallastæðin en þar er gert. Og sama gildir um staðina, sem í 2. gr. getur viðkomandi flugvélaskýlum og dráttarbrautum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þessa staði, sem í frv. getur, og val þeirra. Það verður hlutverk framtíðarinnar að rannsaka möguleikana nánar í þessum efnum. En við flm. höfum með flutningi þessa frv. viljað fyrst og fremst leggja hornstein að því, sem síðar verður, og hyggjum hins vegar, að sú bráðabirgðarannsókn liggi fyrir í þessum efnum, sem sanni, að tímabært sé að hefjast handa um að setja löggjöf um þessi efni.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv., að hafizt verði handa um að koma upp öryggistækjum fyrir flugsamgöngur landsmanna, þ. e. a. s. þráðlausum sendi- og móttökutækjum, sem flugvélar geti notað til öryggis á ferðum sínum. En eins og málum er háttað í þessum efnum, munu engar stöðvar vera fyrir hendi hér, sem séu beinlínis til aðstoðar fyrir flugvélar sérstaklega. Sérfræðingar í þessum efnum telja, að grundvallaratriði flugsamgangna sé, að slík tæki séu fyrir hendi. Þess vegna höfum við tekið ákvæði um þetta inn í frv. okkar. Og reynslan hefur sannað það hér hjá okkur, sem höfum þær ófullkomnu aðstæður, sem flugsamgöngur okkar búa við, að til þess beri brýna nauðsyn, að þessum tiltölulega ódýru tækjum verði upp komið á allmörgum stöðum á landinu.

Ég kem þá að einu meginatriði þessa frv., sem er það, að með því er lagt til, að ríkissj. kosti að öllu leyti mannvirkjagerð þá, sem þar um ræðir. Með því er farið inn á nýja braut í þessum efnum hér hjá okkur. Þeir flugvellir, sem hafa verið gerðir til þessa í þessu landi af íslenzkum aðilum, hafa í raun réttri verið réttlausir í þessum efnum, þ. e. a. s. þeir, sem fyrir gerð þeirra hafa staðið, hafa ekki átt heimtingu á sjálfsögðu framlagi úr ríkissjóði til þeirra. Það er hins vegar vitað, að hér er oft um svo dýr mannvirki að ræða, að sjálfsagt er og eðlilegt, að ríkissjóður beri raunverulegan hluta kostnaðar við þau. Hins vegar er það einnig vitað, að á flugvelli og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru í sambandi við flugsamgöngur, ber beinlínis að líta svipuðum augum og þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til þess, að greiðar og góðar samgöngur séu milli allra landshluta þessa lands. Þess vegna hafa forustumenn flugmálanna álitið rétt og tímabært, að sama „prinsip“ sé tekið upp um þátttöku ríkissjóðs í þessari mannvirkjagerð eins og um það, að ríkissjóður ber allan kostnað af lagningu þjóðvega. Það er skoðun okkar flm. frv., að flugið eigi eftir að verða mjög mikilsverður þáttur í samgöngumálum okkar Íslendinga. Og öll reynsla, ekki aðeins okkar þjóðar, heldur fyrst og fremst margra annarra þjóða, sannar, að flugsamgöngur eiga sér mjög mikla framtíð. Þess vegna hefur okkur flm. fundizt eðlilegt og sjálfsagt, að ríkissjóður tæki að sér að annast þá fjárhagslegu hlið þessa máls, þ. e. a. s. bæri allan kostnað af byggingu flugvalla og annarra mannvirkja, sem þarf, til þess að greiðum flugsamgöngum verði á komið við alla landshluta á sem skemmstum tíma og í samræmi við fjár-

hagslegt bolmagn þjóðarinnar á hverjum tíma. Það er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður verði skyldugur til þess að leggja þetta fé fram allt í senn, heldur er gert ráð fyrir, að hér gildi sama regla og þegar um þjóðvegi er að ræða, til þeirra verði veitt fé eftir því, sem fjárveitingarvaldið sér ríkissjóði fært á hverjum tíma, þannig að þetta árið verði flugvöllur eða flugskýli eða dráttarbraut byggt á þessum stað og svo næsta ár annars staðar o. s. frv., eftir því sem fjárhagslegt bolmagn ríkissjóðs er. Það hlýtur einnig þannig að verða um gerð flugvalla og flugvélaskýla og dráttarbrauta, að þessi mannvirki verði ekki öll til í einu, alveg eins og þjóðvegir okkar lands hafa fyrst verið fáir og síðan greinzt til fleiri landshluta, er fleiri og fleiri byggðum og bæjum var veitt samband við akvegakerfi landsins. Þannig hlýtur þetta einnig að verða með flugvellina og önnur þau mannvirki, sem í frv. greinir. En til tryggingar því, að ekki verði rasað fyrir ráð fram í þessum efnum og ríkissjóði þannig bundnir baggar með ófyrirsjáanlegum kostnaði, eru tekin hér upp í 5. gr. frv. skilyrði þau, sem gerð eru fyrir því, að fé verði á hverjum tíma veitt í fjárl. til slíkrar mannvirkjagerðar, og er þar fyrst og fremst það gert að skilyrði, að nákvæm rannsókn um slíka mannvirkjagerð hafi farið fram á hverjum stað, og í öðru lagi, að kostnaðaráætlun liggi fyrir um framkvæmd verksins. Með því að setja þessi skilyrði og mörg önnur fyllri skilyrði, sem atv.- og samgmrn. er falið að setja með reglugerð samkvæmt þessari gr., er trygging fengin fyrir því, að hér sé með allri forsjá farið af stað.

Og kem ég þá að því, að samkvæmt frv. er yfirstjórn allra flugmálanna sett undir atv.- og samgmrn. og vegamálastjóra í samráði við flugfélag Íslands. Okkur flm. þykir það eðlilegur hlutur, að atv.- og samgmrn. í samráði við vegamálastjóra, sem hefur stjórn allra vegaframkvæmda í landinu undir sinni umsjón, hafi einnig með framkvæmdir og yfirumsjón slíkrar mannvirkjagerðar að gera, sem um er að ræða í þessu frv., sem fyrst og fremst krefst verklegrar kunnáttu og þekkingar. Okkur fannst eðlilegt, að þessum aðilum væri falin yfirstjórn þessara mála í samráði við þá menn, sem hafa haft forustu í þessum efnum á þeim stutta tíma, sem flugsamgöngur hafa verið tíðkaðar í þessu landi. Og það er ekki of djúpt tekið í árinni, þótt sagt sé, að þegar hafizt er handa um verulega átök í flugmálum landsins, þá sé rétt og skylt að hafa samráð við þá menn, sem hafa unnið mikið og heillavænlegt starf á þessu sviði, því að vissulega hefur Flugfélag Íslands og ýmsir í sambandi við það unnið hér heilladrjúgt starf, sem þjóðinni ber að þakka og meta, því að brautryðjendastarf er oft erfitt, og hefur það að sjálfsögðu einnig verið það í þessu efni eins og mörgum öðrum efnum.

Ég tel nú ekki ástæðu til að fara að skýra fleiri einstakar greinar þessa frv. Þau ákvæði, sem tekin eru upp í 7.—11. gr. frv., eru hliðstæð ákvæðum vegal. um þau efni, sem þar greinir, þ. e. a. s. um skyldur landeigenda til þess að láta af hendi land sitt og um bætur fyrir jarðrask og landnám o. fl., sem lýtur að þessum framkvæmdum. Öll rök hníga til þess, að slík hin sömu ákvæði gildi í sambandi við þessi mannvirki, sem í frv. greinir, eins og þegar um lagningu þjóðvega er að ræða.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, að það er tilgangur okkar flm. með flutningi þessa frv. að hraða því, að Íslendingar geti tekið flugið í þjónustu sína og notið þeirra miklu samgöngubóta, sem að því er. Það er áreiðanlegur hlutur, að áður en þessi mál eru komin í fullkomið horf hér heima hjá okkur Íslendingum, sem þau þurfa að komast í og munu komast í, þarf mikill undirbúningur og mikið starf að fara fram. Og það er rétt að hefjast handa heldur fyrr en seinna um þann undirbúning. Við flm. þykjumst hafa leitt rök að því, að nægilegur undirbúningur sé þegar farinn fram, til þess að hornsteinninn verði lagður í þessum málum. En okkur er ljóst, að ýtarlegri rannsóknir þurfa að fara fram á mörgum stöðum á landinu, til þess að hægt sé að snúa sér að því með fullu öryggi og festu að gera flugvelli og önnur mannvirki, sem upp þarf að koma til þess að skapa greiðar flugsamgöngur og öruggar í landinu. En það er trú okkar, að með þessum bættu samgöngum sé þjóðin ekki að reisa sér hurðarás um öxl fjárhagslega, heldur muni þessar samgöngur skapa þjóðinni margháttuð þægindi. — Það er sem sé takmark okkar, að í tiltölulega náinni framtíð skapist öruggar flugsamgöngur innan lands milli allra landshluta.

Annað atriði flugmála okkar eru millilandaflugferðir, en inn á þær brautir höfum við ekki farið í þessu frv., enda má segja, að þegar þjóðin hefur komið flugmálum sínum innan lands í sæmilegt horf, hafi hún skapað sér möguleika til þess að hefja millilandaflug.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgöngumálanefndar.

Sveinbjörn Högnason: Það er sjálfsagt tímabært, að það sé hafizt handa að undirbúningi að einhverjum flugsamgöngum í landinu, og þar af leiðandi er ekki nema eðlilegt, að frv. komi fram, sem gangi í þá átt, að þessi undirbúningur verði hafinn. Í grg. þessa frv. segir, að á síðasta ári hafi verið borin fram og samþ. þáltill. um, að rækilegur undirbúningur skyldi hafinn að þeirri löggjöf, sem sett yrði í þessum efnum og það frv., sem borið væri fram næst til að leysa þetta mál, þar af leiðandi yrði byggt á. Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta, að ríkisstj. hafi verið falið „að láta fara fram í samráði við Flugfélag Íslands rækilega athugun á því, hvernig og hvar byggingu flugvalla og flugskýla verði fyrir komið, þannig að flugsamgöngur geti í nánustu framtíð hafizt með reglubundnum og tryggum hætti við alla landshluta. Verði unnið að því að koma upp ákveðnu kerfi lendingarstaða fyrir landflugvélar og flugskýla og dráttarbrauta fyrir sjóflugvélar". — Og síðar í grg. standa þessi orð: „Síðan þessi tillaga um flugmál Íslendinga var samþykkt, hefur þó enn þá ekkert verið gert af hálfu ríkisstj. í þá átt að hefjast handa um þann nauðsynlega undirbún-

ing, sem þar er gert ráð fyrir". M. ö. o., það hefur ekkert verið gert að undirbúningi þess, sem þessir hv. flm. þessarar þáltill., sem flutt var á síðasta þingi, töldu nauðsyn á, að fram færi á undan löggjöf á þessu sviði. Engu síður hafa þeir nú flutt frv., sem ber með sér á áberandi hátt, að þetta frumverkefni, undirbúningurinn, hefur ekki verið framkvæmt. Þar af leiðandi má þá telja það mjög vafasamt, að hér sé verið að leggja nokkurn hornstein undir víðtækari framkvæmdir. Það er a. m. k. mjög vafasamt, að það sé heppileg aðferð að leggja hornstein, sem er svo illa valinn eða undirbúinn, að það er skýrt tekið fram í grg. frv., að þessi rannsókn, sem til var ætlazt af Alþ. á síðasta þingi, hafi alls ekki verið framkvæmd. Enda kemur hér fram í grg., að hv. flm. hafa ekki einu sinni leitað umsagnar þess aðila, sem ætti að vera þessum hlutum kunnugastur og ríkið ber mest traust til í þessum efnum, eftir því sem það hefur ráðið hann til starfs, sem sé flugmálaráðunauts ríkisins.

Það kemur líka fram í þeim ákvæðum, sem í 1. gr. þessa frv. felast, að þar eru staðirnir mjög af handahófi valdir, sem lagt er til, að þessum mannvirkjum verði komið upp á. Í sumum héruðum, þar sem íbúarnir geta ekki notað þjóðvegina og eru hundruð km frá vegum, t. d. alla leið frá Hornafirði að Helluvaði í Rangárvallasýslu, sem er ein lengsta og erfiðasta leið á landinu, þar er ekki gert ráð fyrir í þessu frv., að neinn lendingarstaður sé undirbúinn. Ég hygg, að þetta sé 300—400 km vegalengd. Og ef þessi 1. gr., sem inniheldur ákvæði um það, hvar lendingarstaðir fyrir landflugvélar skuli vera, er álíka vel undirbúin með tilliti til annarra staða, þar sem ég er ekki kunnugur, þá er hér um að ræða fullkomið handahóf, sem ekki er líklegt til að verða hornsteinn undir þær framkvæmdir, sem hér er ætlazt til, að frv. verði. Það er vitað t. d., að í Vestur-Skaftafellssýslu eru víða staðir, sem með mjög hægu móti mætti undirbúa flugvelli á. Þar eru verstu samgöngurnar á landinu, en það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að þar verði neinn flugvöllur.

Í öðru lagi er í 3. lið 1. gr., undir A, gert ráð fyrir, að flugvöllur skuli vera við Helluvað í Rangárvallasýslu, en þar efast ég um, að sé hinn heppilegasti staður fyrir flugvöll, hvorki fyrir íbúa héraðsins né heldur, að það sé heppilegast að koma lendingarstað þar fyrir. Mér hefur verið sagt af þeim, sem kunnugir eru í þessu efni, að þeir telji staðinn á söndunum annars staðar vera betri. Og þessi staður, sem þarna er valinn, er þannig settur, að íbúar héraðsins mundu langminnst not hafa af flugvelli þar. Og ég tel varhugavert, ef á að taka upp sömu stefnu í þessum málum og fylgt hefur verið á undanförnum áratugum, að fara upp á heiðar eða afrétti með vegina, en hugsa ekkert um það, þegar aðalvegirnir hafa verið lagðir, að þeir komi sveitunum, sem þeir liggja næst, að sem mestu gagni. Í þess stað hafa þeir verið lagðir með langleiðir um of fyrir augum, og svo verður að breyta þeim síðar í stórum stíl, til þess að fólk hafi betri not af þeim. — Fyrsta krafan, sem gera verður, þegar um samgöngubætur er að ræða, er, að þær nái til fólksins. T. d. er það svo í Grímsnesinu, þar sem vegur er lagður milli bæjanna langan veg frá þeim, að til þess að ná þar góðum samgöngum verður að leggja tvo vegi í viðbót til þess að geta notað aðalveginn. Þetta ólag á vegalagningunni hefur líka átt sér stað þar, sem farið er með þjóðveg yfir heiðar, þar sem hann er í kafi mestan hluta vetrar, en í staðinn eru sveitirnar samgöngulausar mikinn hluta ársins.

Þessa þarf að taka tillit til, þegar lagður er hornsteinn að flugsamgöngum í landinu, að lendingarstaðir verði, að öðru jöfnu a. m. k. valdir þar, sem þeir koma fólkinu í héruðunum að sem beztum notum og geta náð til íbúa héraðanna. En þessa er ekki tekið tillit til í frv. viðkomandi þeim stöðum, þar sem ég er kunnugur, en ég er ekki alls staðar kunnugur staðháttum í þessu efni. Hins vegar er ég á því, að það hafi verið gersamlega vanrækt að líta til þessa atriðis m. a., þegar þetta frv. var samið, sem hér liggur fyrir. Vil ég biðja þá hv. n., sem ég veit, að fær þetta mál til meðferðar, að taka þetta atriði mjög rækilega til yfirvegunar.

Þá er eitt atriði hér, sem ég er ekki sammála í þessu frv. Það er það, að vegamálastjóri skuli fyrst um sinn stjórna framkvæmdum í þessu máli. Það er vitað, að vegamálastjóri er orðinn svo önnum kafinn, að ekki verður við það bætt með góðu móti. Það er búið að leggja svo margt á hann í verklegum framkvæmdum hér á landi, að það eru mörg og stór mannvirki, sem hafa mætt fullkominni vanrækslu fyrir það sennilega, að hann hefur ekki tíma til að sinna þeim. Ég álít kominn tíma til þess, að minnkuð verði störf vegamálastjóra, svo að hann þurfi ekki að vanrækja þau störf, sem honum ber að framkvæma, eins og t. d. fyrirhleðslur í Rangárvallasýslu, sem ekkert hefur verið unnið að í 2—3 ár, sem eingöngu er fyrir vanrækslu þessa manns, sem hefur ekki sinnt því verkefni vegna tímaskorts. Og að fela þetta mál vegamálastjóra, sem vitanlega hefur ekki sérstaka sérþekkingu í þessum málum, getur orðið til þess, að það verði vanrækt, eins og átt hefur sér stað um aðrar framkvæmdir, sem honum hafa verið falðar framkvæmdir á, en alveg hefur vanrækzt að framkvæma á undanförnum árum.

Ég mun fyrir mitt leyti flytja á þessu þingi frv., til þess að frekar verði farið að draga úr því og taka aftur undan yfirumsjón vegamálastjóra, þar sem hann virðist ekki anna öllu því, sem hann þegar hefur, heldur en að bætt sé við hann störfum, sem hann hefur enga sérþekkingu á. Mér finnst sjálfsagt, að ef um yfirstjórn sé að ræða samhliða ríkisstj., þá kæmi flugmálaráðunautur ríkisins til greina, því að hann ætti að vera hliðstæður stjórnandi um flugmál eins og vegamálastjóri er um vegamál, og hygg ég, að til þess hafi verið ætlazt, þegar það embætti var stofnað hér á landi. A. m. k. ætti að fela þessi mál manni, sem áhuga hefur á þeim, en ekki þeim, sem er svo störfum hlaðinn, að hann getur ekki nema að mjög litlu leyti sinnt því, sem nú er undir hans umsjá.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, um leið og frv. fer til n.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Í framsöguræðu minni fyrir þessu máli gerði ég allýtarlega grein fyrir því, sem fyrir okkur flm. vakti með flutningi þessa máls, og jafnframt skýrði ég einstök ákvæði þess, og tel ég þess vegna ekki þörf á að fara frekari orðum um frv. sjálft. En út af þeim orðum, sem féllu hér hjá hv. þm. V.-Sk., vildi ég segja nokkur orð.

Þessi hv. þm. taldi, að þetta mál væri mjög borið fram að ófyrirsynju, þar sem ekkert hefði verið gert til undirbúnings því, en jafnframt viðurkenndi hv. þm., að hér væri um mjög gagnlegt mál að ræða, sem vissulega bæri að gefa fullan gaum í framtíðinni. Ég skal nú taka undir það með hv. þm., að þetta mál hefur ekki fengið þann undirbúning, sem við flm. á síðasta þingi ætluðumst til, að það hefði fengið nú á þessu stigi málsins. Hins vegar verða ekki réttlætt þau ummæli þessa hv. þm., að málið hafi engan undirbúning fengið. Það er þá þess fyrst að gæta, að mörg undanfarin ár hefur Flugfélag Íslands, sem hefur eiginlega verið eini aðilinn í þessu landi, er hefur látið sig þessi mál verulega skipta, látið fara fram rannsókn á því, hvar í landinu heppilegast væri að hafa flugvelli, séð frá því sjónarmiði, hvað bezt hentaði samgöngumálunum í heild. Í sumar hefur flugfélagið haldið þessum rannsóknum áfram, og þeir staðir, sem hér eru teknir upp sem lendingarstaðir flugvéla, eru teknir upp í samráði við flugfélagið á grundvelli þeirra athugana, sem það hefur látið fram fara í þessum efnum. Ég get þess vegna ekki tekið undir þau ummæli hv. þm. V.-Sk., að málið sé ekkert undirbúið, og hef ég þegar fært rök að því gagnstæða. Að vísu er þessum undirbúningi ekki komið á þann veg, sem við flm. höfðum óskað, þegar við fengum samþ. þáltill. á síðasta þingi, þar sem gert var ráð fyrir því, að fram mundi fara nákvæm og ýtarleg rannsókn sem allra fyrst í þessu efni. Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um þessa staðhæfingu hv. þm. V.-Sk., en vil ítreka það, að það er skoðun okkar flm., að þetta mál hafi fengið þann undirbúning, að það sé tímabært að hefjast handa um setningu löggjafar í svipuðu formi og hér er lagt til í þessu frv. Hitt er svo annað mál, að málið verði frekar athugað í n. og reynt verði að leita að því formi, sem heppilegast er og líklegast til samvinnu.

Hv. flm. V.-Sk. sagði, að það hefði ekki verið leitað álits flugmálaráðunauts ríkisins um þetta frv., og taldi rétt, að til hans væri leitað. Þetta hefur að vísu ekki verið gert, en það hefur verið leitað til þeirra manna, sem forustu hafa haft í þessum málum undanfarin ár. — Ég get svo verið hv. þm. V.-Sk. sammála um það, að það sé rétt að senda þetta mál til álits flugmálaráðunauts ríkisins, þegar það kemur til n. Það er fjarri því, að fyrir okkur flm. vekti að sniðganga þann embættismann.

Það er ómögulegt að ætlast til, að upphaflega hafi flugvellir verið gerðir alls staðar þar, sem þeir hljóta að koma í framtíðinni. Þegar vegal. voru sett, vantaði fjölmarga vegi, sem komu síðar. Á síðasta Alþingi voru fjölmargir nýir þjóðvegir teknir upp í þjóðvegatölu. Eftir þörfum þjóðarinnar í flugmálum hlýtur að verða bætt við mörgum nýjum flugvöllum. Það er þess vegna misskilningur, ef hv. þm. telja það móðgun, ef í héruðum þeirra verða ekki þegar gerðir flugvellir á þessu stigi málsins. Það þarf rannsókn í framtíðinni, hvar flugvelli ber að gera. Með þessari byrjun á að leggja hornsteininn að því, sem á að verða í framtíðinni.

Mér þykir miður, að hv. þm. V.-Sk. lét falla þau ummæli um vegamálastjóra, sem hann viðhafði. Vil ég aðeins mótmæla því, að þessi embættismaður hafi vanrækt sín störf. Hv. þm. V.-Sk. sagði það fráleitt að setja flugmálin undir umsjón vegamálastjóra. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að vegamálastjóri fái sérstaka starfsmenn til þess að annast þessi mál. Mætti starfssvið þessa embættismanns rýmkast sem þessu nemur. Vil ég endurtaka, að lagt er til, að mál þessi séu sett undir vegamálastjóra, af því að þetta er mjög skylt þeim mannvirkjum, sem heyra undir hann. Mér sýnist það nokkuð þungt í vöfum, ef strax á að setja á stofn flugmálaráðuneyti, þegar til er annað embætti, sem beint liggur við, að þessi mál heyri undir.

Ég vil bæta því við, að flm. eru til viðræðna við n. þá, sem um málið fjallar. Kann að vera að margt í till. þarfnist leiðréttingar. Kröfur tímans eru þær, að flugsamgöngurnar verði teknar inn í heildarkerfi samgangnanna, og er nauðsynlegt, að það verði sem allra fyrst.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Ég er samdóma þeim flm. þessa frv., að flugsamgöngurnar séu það, sem koma skal. Ég er sannfærður um, að flugvélarnar verða mikilvirkt samgöngutæki hér á landi. En þessi mál þarf að undirbúa vel. Flas er enginn flýtir. Þessir sömu menn báru á síðasta þingi fram frv. um undirbúning þessa máls. En þeim er svo brátt, að þeir flytja nú frv. um mál, sem ríkisstj. hefur verið falið, og segja, að hún hafi ekkert gert í málinu.

Flugfélagið hefur þegar framkvæmt mjög mikið verk, og veit ég ekki, hvaðan þær upplýsingar, sem fram koma í grg., sem frv. þessu fylgir, eru komnar. Stjórn flugmálanna stendur vel á verði, og sýnist því undarlegt að taka tvo menn af þremur út úr.

Agnar Kofoed-Hansen hefur verið fyrsti hvatamaður í flugmálum hér á landi, og ef þakka á einum frekar en öðrum, ætla ég hann eiga fyrsta rétt til hróss án þess að hnekkja hinum tveimur, sem nefndir eru í grg. Það er ógætilega sagt af hv. þm. N.-Ísf., að þeir tveir hafi alla forustu í þessum málum. Ég segi þetta ekki til að níða hina tvo, ég er ekki að hæla einum, en níða annan.

Um undirbúning málsins vil ég taka það fram, að hann hefur að nokkru verið falinn þessum mönnum, sem eru í stjórn Flugfélags Íslands. Hefur verið sérstaklega náin samvinna milli ríkisstj. og stjórnar þessa félags. Allt, sem flug-

félagið hefur gert, er í sambandi við ráðuneytið. Allt, sem gert hefur verið til bóta í flugsamgöngunum, hefur verið gert í samvinnu við ráðuneytið og á kostnað ríkissjóðs. Þetta vildi ég upplýsa.

Hitt atriðið, að þetta er gert að frv. á þessu stigi málsins, er að mörgu leyti athugavert.

Ég vil beina því til n. þeirrar, sem hefur frv. til athugunar, að í 1. gr., A. kafla, sakna ég sérstaklega eins staðar, sem ég ætla, að mundi koma að miklum notum fyrir flugvélar, sem koma frá útlöndum. Ég ætla, að þar ætti að standa: á Reykjanesi. Það er og til athugunar, hvort ekki væri rétt að bæta inn í á eftir tölulið 2: á Akureyri. — Þar er þegar dráttarbraut fyrir sjóflugvélar, og er nauðsynlegt, að sjóflugvélar hafi þar örugga lendingarstöð. Vildi ég aðeins skjóta því fram á þessu stigi málsins.

Sveinbjörn Högnason: Það voru aðeins örfá atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf., sem ég vildi athuga. Út af því, sem hann vitnaði í ummæli mín, vil ég taka fram, að ég gerði ekkert annað en segja það sama og flm. gera í grg. sinni, og vísa ég á hana. Þar segja þeir, að sá undirbúningur, sem þeir töldu óumflýjanlegan, hafi ekki verið framkvæmdur. En þetta er ekki rétt samkv. skýrslu hæstv. atvmrh. Hitt er gefinn hlutur, og það geri ég ráð fyrir, að öllum sé ljóst, að þörf er frekari undirbúnings og athugunar, að því er stæði fyrir flugvelli snertir. Það þarf stórfelldan undirbúning, því að ekki munu líða mörg ár, þar til flugferðir verða stór liður í samgöngum okkar. Hv. þm. N.-Ísf. taldi ekki hægt að gera í upphafi ráð fyrir flugvöllum alls staðar þar, er þeir hlytu að koma síðar. Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að flugvellir eigi í upphafi að koma miklu víðar en gert er ráð fyrir í upphaflega frv. Víða eru þeir að heita má sjálfgerðir frá náttúrunnar hendi, og ég hygg, að þegar flugsamgöngur verði komnar á, muni fá héruð sætta sig við að verða alveg afskipt. Það hlýtur að vera ljóst frá upphafi.

Hv. þm. N.-Ísf. harmaði, að ég hafði látið falla óviðeigandi ummæli um vegamálastjóra, en ég ætla að endurtaka það, að þessi embættismaður er ofhlaðinn störfum. Því verður ekki hnekkt. Og þá hljóta einhver þeirra að vanrækjast. Ég hygg, að vegamálastjóri hafi enga sérstaka þekkingu á flugmálum frekar en hver annar. Hvers vegna ætti að setja þau undir stjórn sérfróðs manns, sem lyti aftur stjórn vegamálastjóra? Það gæti orðið fjötur um fót í málinu, ef sá, sem framkvæmdirnar hefði á hendi, væri ekki fullkomlega frjáls gerða sinna. Enda hygg ég það enga bót að slengja saman mörgum greinum, því að þótt hv. þm. N.-Ísf. harmi ummæli mín um vegamálastjóra, þá er það nú svo, að ekki er heppilegt, að sami maður gegni mörgum mismunandi störfum: (**SigfS:** Það ætti ekki að hafa prest í mjólkursölunefnd). Ég held, að þessi sami hv. þm. (SigfS) hafi aldrei treyst sér til að vera prestur neins staðar. (**SigfS:** Það er alveg satt!) Ég held, að menn hafi almennt sérstaka menn við þessi störf, enda er það æskilegast. Samgöngur okkar fara áreiðanlega meira upp í loftið á næstu árum en orðið er, og undir það þurfum við að búa okkur.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Hv. þm. V.-Sk. kveðst vísa í grg. okkar flm. til þeirra ummæla, að ekkert hafi verið gert í nauðsynlegri rannsókn. En hann benti aðeins á vissan kafla í henni og fór ekki lengra en honum gott þótti. Vil ég endurtaka, að undirbúningur hefur farið fram.

Við flm. gerum ekki ráð fyrir störfum flugmálaráðuneytis, heldur, að vegamálaskrifstofan taki þessi mál fyrst um sinn að sér, og erum við fyllilega viðmælandi um þessa hlið málsins.

Við teljum vegamálastjóra ekki ofhlaðinn störfum. Þótti mér vænt um, að hv. þm. V.-Sk. batt ummæli sín nú við það atriði, að þessi embættismaður væri ofhlaðinn störfum, og er það afsláttur frá fyrri fullyrðingum.

Hæstv. atvmrh. lýsti yfir, að flas væri ekki til fagnaðar. Veit ég ekki, hvort við flm. höfum átt að taka það til okkar. Hitt hefði ég kosið, að nokkru hraðar gengi framkvæmd þeirrar till., sem ríkisstj. var falin á síðasta Alþingi. Ég mundi ekki harma, þótt meira hefði verið gert í því máli. — Þá sagði hann, að framkvæmdir í þessum efnum hefðu verið gerðar fyrir atbeina ráðuneytisins. Um það atriði brestur mig kunnugleika til að dæma. En ég hef ekki fengið yfirlýsingu, sem styður þá yfirlýsingu hv. ráðherra.

Mér þótti vænt um að heyra um áhuga ráðherrans og vona, að hann birtist í því, að hann sýni nú meiri áhuga í að sinna frv. því, sem síðasta Alþ. fól ráðuneytinu á hendur.

Ég tel það vandsagt, að gengið sé fram hjá stjórn flugfélagsins, þegar rætt er við forstjórann. Fæ ég ekki séð annað en að við þrír þm. höfum gert rétt, þegar við leituðum upplýsinga hjá formanni félagsins. Það fer svo fjarri því, þegar við flm. leituðum ráða og upplýsinga hjá þessum tveimur mönnum, að við viljum með því ganga fram hjá öðrum stjórnarmeðlimum félagsins, og það er aðeins misskilningur hjá hæstv. atvmrh., ef hann hyggur, að svo sé. Við viljum hafa sem mesta samvinnu um þetta mál við alla, sem unna framkvæmdum í þessum málum.

Ég ætla ekki að fara að ræða mikið um það, hvort einstakur maður, sem hæstv. ráðh. nefndi, muni vera frumkvöðull þessa máls hér á landi. Ég hygg þó, að aðrir menn hafi komið á undan honum sem áhugamenn í þessum málum hér. Ég tel það ekki hlut, sem skipti máli að ræða hér. Og ég vil láta það koma enn skýrar fram en hér hefur komið nú, að þó að samráð hafi verið haft um þetta mál af flm. þess við formann flugfélagsins og framkvæmdastjóra þess, þá viljum við hafa samráð við alla stjórn flugfélagsins um þessi mál. En sú stjórn er ekki öll búsett hér í Reykjavík, ef ég man rétt, og það eru nokkrir örðugleikar á því fyrir okkur alþm. að hafa jafnfullkomin samráð við menn, sem eru ekki búsettir í bænum, eins og þá, sem í bænum eru.

Ég get tekið undir það með hæstv. atvmrh.,

að það sé nauðsynlegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, athugi það gaumgæfilega. Og þar sem sá hæstv. ráðh. nefndi sérstaka staði, sem að hans áliti vantaði í 1. og 2. gr. frv., þá vil ég svara því sama til og ég svaraði hv. þm. V.-Sk., að vissulega getur svo farið í framtíðinni og jafnvel á þessu þingi, að fjölmargir fleiri staðir verði teknir upp í l. en í frv. eru nú. En það er reynslan, að þróun slíkra mála er sú, þ. e. a. s. samgöngumálanna, að fleiri og fleiri staðir eru teknir upp í löggjöfina, og þannig hygg ég, að fleiri og fleiri staðir í byggðarlögum landsins verði einnig að þessu leyti teknir upp í l. um flugvallagerð og þess háttar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Ég get að vissu leyti verið þakklátur fyrir þær undirtektir, sem það hefur fengið við þessa 1. umr., bæði frá hv. V.-Sk. og hæstv. atvmrh. Þeir hafa báðir verið sammála okkur flm. um það, að flugmálin séu einhver hin mestu framtíðarmál okkar varðandi samgöngur í þessu landi. Og það, sem mestu máli skiptir í þessum efnum, er það, að um slík mál, sem almenningur er sammála um, að horfi til heilla fyrir þjóðina, sé sem bezt samvinna. Og það er von okkar flm. frv., að í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og á hæstv. Alþ. verði sem allra bezt samvinna um málið og sem farsælust lausn þess náist á Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

21. Iðnskólar.

Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um iðnskóla (þmfrv., A. 251).

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um iðnskóla er nú borið fram í 3. sinn hér í d. Fyrst var það í lok aðalþingsins 1941, og var tilgangurinn, að mönnum gæfist kostur á að kynna sér málið fyrir næsta þing. Á aðalþingi 1942 var málið athugað af iðnn. og frv. breytt nokkuð og síðan borið fram, er langt var liðið á þing. Skorti þá tíma til afgreiðslu þess, fremur en það mætti nokkurri andstöðu. Samkv. beiðni frá landssambandi iðnaðarmanna leggur iðnn. frv. enn fram, óbreytt frá því sem það var samþ. á síðasta iðnþingi. Það hefur verið athugað á tvem iðnþingum í röð og verið samþ. þar jafnt af sveinum sem meisturum. Þarna er ætlazt til, að lagður sé fastur grundvöllur fyrir iðnskólana í landinu, fjallað um hlutverk þeirra og fyrirkomulag og hverjir beri kostnað af stofnun þeirra og rekstri. Ákveðið er, að ríkið beri 2/5 stofnkostnaðar, bæjar- eða sveitarfélög aðra 2/5 og iðnaðarmenn 1/5. Um þetta hafa verið nokkuð skiptar skoðanir og ýmsir talið eðlilegast, að ríkið bæri kostnaðinn eitt, eins og það ber allan kostnað af bændaskólum, sjómannaskóla o. s. frv. En iðnaðarmenn vilja hafa þetta svona, og sízt ætti það að torvelda samþ. þessa frv., að vonum minni kostnaður er ætlaður ríkissjóði. Gert er ráð fyrir, að ríki og bær eða sveitarfélag beri rekstrarkostnað nokkurn veginn að hálfu hvort.

Frv. er að öðru leyti rammi um það, hvað kennt skuli, hverjir kennslukraftar skuli vera o. s. frv. Í skólanefnd skulu vera þrír menn kosnir af iðnaðarmönnum á staðnum, einn tilnefndur af ríkisstj. og einn af bæjar- eða sveitarstjórn, alls fimm menn í n. Rætt er um undirbúningsskóla fyrir þá, sem ætla sér að læra iðnaðarstörf, og stendur sá skóli nærri ár. Þá ræðir um kvöldskólana, sem nú er haldið uppi, og verða það þó a. n. l. dagskólar, þegar eins stendur á og nú í Rvík, að 560 nemendur verða að komast fyrir í sjö litlum og óvistlegum kennslustofum, og liggur í augum uppi, að ekki er hægt að kenna þeim þar öllum að kvöldinu. Það er mál, sem hlýtur mjög bráðlega að koma til kasta ríkis og bæjarstjórnar, ef þetta verður samþ., að bæta úr húsnæðisvandræðunum. Þá eru þau nýmæli frá síðasta iðnþingi, að halda skuli námskeið hér í Rvík í þeim námsgreinum, sem skólar úti um land eiga erfitt með að útvega sérkennara í og fyrir iðnnema, sem stunda nám sitt á þeim stöðum, þar sem engir iðnskólar eru. Einnig er gert ráð fyrir sendikennurum í sérgreinum. Þetta er nauðsynlegt og miklu heppilegra en setja hvarvetna á stofn fullkomna iðnskóla. Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

Þá er í fjórða kafla gert ráð fyrir skóla fyrir sveina og er algert nýmæli, en um það hefur mikið verið rætt, að menn yrðu að ljúka nokkru skólanámi til þess að geta fengið meistararéttindi. Engu er slegið föstu um, hvenær það komist í framkvæmd, nema það verður eins fljótt og ástæður leyfa. Það, sem mest kallar að, er að koma kvöldskólunum í frambúðarhorf. Þeir eru enn mjög í lausu lofti. Í l. er ekkert um þá nema það, sem er í iðnnámsl. og hrekkur það skammt.

Undirbúningur frv. er orðinn rækilegur, eins og ég hef lýst, og ætti það ekki að þurfa til n. Ágreiningur gæti helzt orðið um það, hvort ekki sé of skammt gengið um framlög af hálfu ríkisins til bygginga fyrir skólana og hvort eigi væri rétt, að ríkið bæri eitt allan veg og vanda af rekstri þeirra. En úr því að iðnaðarmenn treysta sér til að bera 1/5 kostnaðar og vilja, að sveitir og bær beri jafnt og ríkissjóður, virðist mega hlíta því, og ætti þetta að flýta samþ. frv., en ekki tefja. Ég óska, að málinu verði vísað til 2. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil láta það sjónarmið koma fram við þessa umr., einkum þar sem frv. mun ekki fara til n., að ég álít, að iðnaðarmenn séu svo mikilsverð stétt, að þeir eigi siðferðilegan rétt á, að ríkið beri allan kostnað

við iðnskólana eins og það ber kostnað við embættismannaskóla, bændaskóla, sjómannaskóla o. s. frv. Ég hygg, að þegar málið er krufið til mergjar, sé nám þessarar stéttar sízt þýðingarminna en hinna fyrir þjóðfélagið. Mér er það ljóst, hversu vel sem gengur nú, að þegar fram í sækir, verður erfitt að sameina iðnaðarstéttina um það að leggja fram 1/5 kostnaðar. Ég tek orð hv. flm. trúanleg um það, að nú séu þeir menn fúsir til að leggja allmikið í sölurnar. Mig uggir, að bráðar framkvæmdir þurfi í húsnæðismálinu. Hér í Reykjavík er það ástand skólans svo, að það háir mjög bæði nemendum og kennurum og verður ekki við unað til lengdar. T. d. er skólastjórastofan, skrifstofan og kennarastofan eitt og sama herbergið og haft fyrir allt mögulegt, og lætur að líkum, hve kennarar njóta sín þar að ræða sín mál og hvílast milli kennslustunda. Ég hef ekki hugsað mér að gera brtt., þó að mér þætti eðlilegt, að ríkið stæði undir kostnaði við menntun svo þýðingarmikillar stéttar sem iðnaðarstéttin er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
15.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
30.—36. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Ég hef veitt því athygli, að í 5. gr. frv., 1. kafla, er ákvæði um, hvernig stofnkostnaður iðnskóla skuli greiddur, og er þar gert ráð fyrir því, að stofnkostnaður viðurkenndra iðnskóla skuli greiddur að 2/5 hlutum af ríkinu, en að öðru leyti af öðrum aðilum. — Nú minnist ég þess, að t. d. í l. um héraðsskóla eru ákvæði um greiðslu ríkisins til stofnkostnaðar, og þar er tekið fram, að stofnkostnaður greiðist eftir því, sem fé er veitt til í fjárl. En í þessari gr. frv. er ekki neitt tekið fram um þetta. Nú vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hv. iðnn., hvort hún gæti ekki á það fallizt að setja inn í þessa gr., að stofnkostnaður greiðist þannig eftir því, sem fé er veitt til í fjárl., og virðist það vera í samræmi við það, sem er í öðrum l. um framlag til stofnkostnaðar skóla. Tel ég, að það eigi betur við og sé viðeigandi að hafa þetta einnig í þessum l. Ef n. vildi taka þetta til athugunar og flytja um það brtt., tel ég það gott, en annars mun ég leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. um þetta atriði.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég get aðeins sagt álit mitt um þetta mál, hvað mig snertir persónulega, því að ég hef ekki haft tækifæri til þess að ræða um það við meðnm. mína, en ég fyrir mitt leyti get sagt það, að það, sem vakti fyrir mér, var, að þetta fé yrði ekki veitt fyrr en eftir því, sem það yrði veitt í fjárl. Ég fyrir mitt leyti get sætt mig við það, að um þetta komi fram skrifleg brtt., hvort sem hún kemur frá n. eða öðrum, þar sem þessu sé slegið föstu. Annars minnti mig, að þetta stæði einhvers staðar í frv., en það má vel vera, að það sé nauðsynlegt að setja það þar til þess að gera ákvæðin um þetta ótvíræð.

Umr. frestað.
Á 44. fundi í Nd., 11. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 251, 372, 375).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 372 og 375. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 375 tvær brtt. við 5. gr. frv., sem hér liggur fyrir. — 5. gr. er um það, hverjir skuli greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað viðurkenndra iðnskóla. Er þar lagt til, að stofnkostnaður, þ. e. a. s. húsnæði, húsbúnaður og áhöld skólans, greiðist að tveim fimmtu hlutum af ríkinu og að tveim fimmtu hlutum af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en að einum fimmta hluta annars staðar að. — Brtt. mín, sú fyrri, er um það, að á eftir orðunum „2/5 af ríkinu" bætist inn í: „eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum". Þetta er í samræmi við það, sem tekið er fram t. d. í l. um héraðsskóla.
Síðari brtt. mín er um það, að þrjú orð falli niður úr sömu gr., þ. e. orðin „endurbætur og aukningu" í síðari málsl. 5. gr. frv. En þessi síðari málsliður er um rekstrarkostnað iðnskóla. Er þar sagt, að „af rekstrarkostnaði viðurkenndra iðnskóla greiði ríki og hlutaðeigandi sveitarfélög viðhald, endurbætur og aukningu húsnæðis, húsbúnaðar og áhalda og kaup skólastjóra og kennara að hálfu hvort". Ég vil láta orðin „endurbætur og aukningu" falla niður, vegna þess að þegar um aukningu og endurbætur er að ræða, þá er það stofnkostnaður, en ekki rekstrarkostnaður, og gegnir öðru máli um það en árlegan viðhaldskostnað. Endurbætur og aukning kemur því undir fyrri málslið 5. gr., sem fjallar um stofnkostnað, en á ekki heima þarna í síðari málsl. gr.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að þessar brtt. verði samþ. af hv. deild.

Áki Jakobsson: Á þskj. 372 flyt ég brtt. við 18. gr. frv., sem hér liggur fyrir. 18. gr. frv. er um skólanefndir þessara skóla, sem eiga að annast stjórn þeirra. Og samkv. þessari frvgr. skulu vera í skólan. fimm menn, sem kosnir skulu þannig, að sveitarstjórn eða bæjarstjórn kýs einn manninn, en iðnaðarmálaráðh. annan, sem á að

vera formaður n., en þrjá nm. skal eftir 18. gr. skipa „af iðnaðarmannafélagi á staðnum", eins og það er orðað þarna.

Það er nú bæði, að iðnaðarmannafélög munu ekki vera alls staðar til á þeim stöðum, sem þarna kæmu til greina, og víða þar, sem þau eru til, eru þau aðeins að nafninu til, þannig að þau starfa ekki stöðugt. En það er til önnur stofnun, sem er miklu betri spegill af vilja manna á þessum stöðum, það er iðnráð á hverjum stað. Það er skipað eftir sérstökum l. Það eru til ákveðin lagafyrirmæli, sem eru í l. um iðju og iðnað, sem stofnsetja þessi iðnráð, og það á að stofna það þannig á hverjum stað, að í því sé fulltrúi úr hverri grein iðnaðarmanna á staðnum. Og þetta eru stofnanir, sem hafa ákveðið verkefni samkv. l., það að mæla með eða móti þeim beiðnum, sem berast um löggildingu réttinda iðnaðarmanna. Þessi iðnráð eru starfandi í öllum þeim bæjum, þar sem til mála kæmi að hafa iðnskóla, og þess vegna hygg ég, að þessi iðnráð væru bezt til þess fallin að tilnefna þessa þrjá menn — og í öllu falli betur til þess fallin en iðnaðarmannafélögin.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Síðast þegar um þetta frv. var rætt, lýsti hv. þm. V.-Húnv. þeirri till. sinni, sem nú hefur komið fram á þskj. 375, undir a-lið brtt. Og ég lýsti þá yfir fyrir mitt leyti, að ég gæti fallizt á hana, enda hafa þeir nm., sem ég hef átt tal við um þetta í iðnn., tjáð mér, að það hafi einnig vakað fyrir þeim sá háttur, sem hv. þm. V.-Húnv. gerir ráð fyrir í brtt. sinni. — B-liður brtt. hv. þm. V.-Húnv. er aftur nýr. En ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að sú brtt. verði einnig samþ., því að það er rétt hjá þeim hv. þm., að endurbætur og aukning húsnæðis og annars, sem þarna er nefnt, heyrir frekar til stofnkostnaðar en rekstrarkostnaðar og kemur þá vitanlega undir þá skiptingu, sem stofnkostnaður fellur undir, þegar um hann er að ræða. Ég sé sem sagt ekkert því til fyrirstöðu, að þessar brtt. hv. þm. V.-Húnv. verði samþ.

Aftur á móti teldi ég ekki heppilegt, að brtt. á þskj. 372 yrði samþ. Hv. þm. Siglf. færði fram sem aðalrök fyrir þeirri brtt., að iðnaðarmannafélög væru ekki alls staðar til á viðkomandi stöðum, en aftur á móti væri önnur stofnun þar til, sem sé iðnráð, sem víða væri til þar, sem iðnaðarmannafélög væru ekki starfandi. Eftir minni reynslu og þekkingu á þessu er þetta alveg öfugt. Það er til fjöldi staða, þar sem iðnaðarmannafélög eru starfandi, en engin iðnráð, t. d. í Keflavík og á öðrum fleiri stöðum þar nálægt. Þar hafa íbúarnir iðnaðarmannafélög, sem telja nálega alla iðnaðarmenn þeirra viðkomandi staða, en iðnráð eru þar ekki, því að ákvæðin um þau munu í l. vera bundin við kaupstaðina. En iðnaðarmannafélög eru víða starfandi, og þau hafa hingað til haft með þetta að gera, og ég sé ekki ástæðu til að breyta þessu. Iðnaðarmannafélögin hafa undantekningarlaust rekið þá iðnskóla, sem reknir hafa verið hér á landi, en iðnráðin hafa ekki gert það. Enda er eðlilegt, að svo sé, þegar athugað er, hvernig iðnráð eru byggð upp, því að þar kemur ekki fram réttur spegill af vilja iðnaðarmanna, þó að þau samþ. eitthvað, því að þar kemur fram til atkvæða einn fulltrúi frá hverri iðngrein á svæðinu, sem iðnráðið er fyrir á hverjum stað, hvort sem hver iðngrein er fámenn eða fjölmenn. Þannig hefur einn fulltrúi, sem er fyrir mjög fámenna iðngrein, jafnmikinn rétt í iðnráði og annar, sem er fyrir fjölmenna iðngrein. T. d. á einum stað, þar sem ég þekki til, hefur einn úrsmiður eins mikinn rétt við atkvgr. í þessu iðnráði og fulltrúi húsasmiða þar, en sú iðngrein hefur kannske 30—40 menn innan sinna vébanda. Ég tel það því ekki gefa betri mynd af vilja iðnaðarmanna á hverjum stað að láta slíkt iðnráð taka ákvarðanir en ef iðnaðarmannafélög á staðnum segðu sitt álit, heldur mundi iðnráð miklu fremur gefa ranga mynd af vilja þeirra, af því að fulltrúatala í iðnráði er ekki bundin við félagsmannafjölda eða fjölda þeirra manna, sem iðnað stunda yfirleitt, heldur við fjölda iðngreina. Og af því að þessu er þannig farið og einnig af því að iðnaðarmannafélögin hafa haft þetta mál með höndum hingað til, sé ég enga ástæðu til, að þessu verði breytt.

Áki Jakobsson: Það kann að vera rétt, að til séu þeir staðir, þar sem iðnaðarmannafélög eru, en ekki iðnráð. En ég þekki bæ, þar sem iðnráð er til, en ekki iðnaðarmannafélag. En þar, sem iðnráð er til og starfandi, finnst mér réttara, að iðnráð tilnefni þessa menn, en ekki iðnaðarmannafélög, jafnvel þótt iðnaðarmannafélög hafi haft þetta með höndum fram að þessu, vegna þess að hér er tekið nokkuð stórt skref frá því, sem verið hefur hér í þessum málum. Það eru prívatsamtök, þ. e. samtök meistara á hverjum stað, sem staðið hafa fyrir þessu skólahaldi og notið til þess mjög óverulegs styrks úr ríkissjóði og bæjarsjóði. Að undanteknum þessum styrkjum hafa þetta verið skólar, sem meistarar hafa annazt algerlega rekstur á samkvæmt þeim skyldum, sem iðnnámsl. leggja þeim á herðar um menntun iðnaðarmanna. En nú, þegar þessu er breytt í það horf, að ríkið og bæir taka að sér að kosta þessa skóla að mestu leyti, þá er eðlilegt, að breytt sé til að þessu leyti, sem ég geri hér brtt. um, þannig að skólanefndir séu kosnar á þennan hátt, til þess að sem bezt komi fram við þá kosningu óskir meiri hl. iðnaðarmanna á staðnum, — því að ég tel, að í iðnráði komi betur fram spegilmynd af vilja iðnaðarmanna almennt. Og mér er kunnugt um, að það er í samræmi við vilja mjög mikils hluta iðnaðarmanna hér í bænum, að það verði ekki iðnaðarmannafélögin, heldur iðnráð, sem skipi menn í þessa skólan. Og ég býst við, að sama megi segja víðast annars staðar á landinu.

ATKVGR.
Brtt. 375,a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 372 felld með 13:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd., (A. 392).

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki tekið á dagskrá framar.

—o—

22. Styrktarsjóðir verkalýðsfélaga.

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um framlög til styrktarsjóða verkalýðsfélaga** (þmfrv., A. 258).

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur sýnt sig, að alþýðutryggingal. hafa komið í mjög góðar þarfir, en í sumum efnum ná þau engu að síður skammt. Það hefur m. a. verið viðurkennt af þeim bæjarfélögum, sem veitt hafa árlegan styrk þeim sjóðum, sem hér ræðir um og verkalýðsfélögin hafa komið upp á mjög mörgum stöðum. Ýmislegt getur komið fyrir menn, svo að þeir geti ekki unnið fyrir sér og sínum um stund og fái þess vegna engar bætur eftir alþýðutryggingal. Þess vegna hafa þessir styrktarsjóðir verið stofnaðir um land allt, án þess að neitt hafi verið gert til að ýta undir það af heildarsamtökum verkamanna, og þar sem verkalýðsfélög hafa ekki hrundið því í framkvæmd, hafa stundum aðrir aðilar eins og kvenfélög gert það. Það sjónarmið kom fram í n. á síðasta þingi, að þessi starfsemi ætti að falla undir alþýðutryggingar, en meðan svo er ekki orðið, er rétt, að þessi mjög svo virðingarverða viðleitni njóti viðurkenningar og stuðnings bæjar- og sveitarsjóða og ríkissjóðs. Þó að styrkur til sjóðs sé ekki hár, getur munað um hann og orðið veruleg hvöt til að koma alls staðar upp slíkri styrktarstarfsemi. Það er til marks um vinsældir styrktarsjóðanna, að víða hafa atvinnurekendur sett það af fúsum og frjálsum vilja í samninga við verkalýðsfélögin að leggja styrktarsjóðum nokkurt fé, lágar upphæðir að vísu, en nóg til að sýna, að þeir líta þetta svipuðum augum og verkamenn.

Nú hafa verið í fjárl. undanfarinna ára nokkrir styrkir til einstakra sjóða af þessu tagi, 200—1000 kr. til hvers og nokkru meira hér í Reykjavík. Við samning hverra fjárl. koma beiðnir frá ýmsum sjóðanna um styrk, og Alþ. hefur sýnt vilja sinn til að veita þar úrlausn. En ég held það sé miklu óeðlilegra að veita þannig í mörgum smáveitingum án fastrar reglu og togast kannske á um, hvort veita skuli tvö eða þrjú hundruð í þennan staðinn og fimm eða sex hundruð í hinn, heldur en skera úr um þetta með löggjöf í einu lagi. Ég óska, að málinu verði vísað til 2. umr., og ef það fer til n., þá til félmn.

Sveinbjörn Högnason: Í þessu frv. er farið fram á, að líknar- eða hjálparstarfsemi vissrar stéttar þjóðfélagsins sé veittur réttur í löggjöf og styrkt af ríki og bæjar- eða sveitarfélögum. Það er að sjálfsögðu atriði til athugunar, hvernig haga eigi slíkri starfsemi í landinu og hver framlög hins opinbera skuli vera. En þetta á ekki að vera bundið við eina stétt manna, heldur hvar sem hjálpar er þörf. Hér eiga að koma til greina öll þau félög, sem styrktarstarfsemi stunda, enda séu reglugerðir þeirra um starfsemina samþ. af hinu opinbera. Eins og hv. flm. tók fram, er hér að ræða um margs konar félög, t. d. kvenfélög og sum sjúkrasamlög. Þarna er sjálfsagt, að tekið sé tillit til allra aðila og ekki farið í kapphlaup milli stétta. Þetta vildi ég láta koma fram, um leið og frv. fer til n., til athugunar fyrir hana. Ef yfirleitt verður sett löggjöf um líknarstarfsemi í landinu, verður hún að vera miðuð við þjóðarheildina, en ekki vissar stéttir, hvernig svo sem þar er ástatt.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Ég hefði ekkert á móti því, að það yrðu lögleiddar víðtækari tryggingar en farið er fram á í þessu frv. En ég álít ekki til bóta að fara að hnoða inn í þetta frv. félögum, sem vinna að líknarmálum almennt. Það er svo mikið álitamál, hvar takmörkin ættu að vera. Hitt finnst mér, að vel gæti komið til mála og ætti mikinn rétt á sér, að styrkja ýmsan félagsskap, sem starfar á líku sviði og þessu, en það er mál út af fyrir sig. Það gildir ekki heldur sama máli um almenna líknarstarfsemi og samtök verkalýðsins. Stundum er það kannske bundið við fundarsamþykkt, hvað gert er við fé í hvert sinn, en ekki farið eftir neinu sérstöku prógrammi. Eitt árið er t. d. ákveðið að verja fé til að prýða kirkju, annað árið til að hjálpa konum að komast í sumarleyfi o. s. frv. Það er bara bundið við fundarsamþykkt og er allt annars eðlis en þetta mál. Styrktarsjóðir verkalýðsfélaga eru þegar starfandi í föstu formi og reynsla komin á um þá. Það er lagt í sjóðina visst framlag, t. d. ein til fimm kr. á mann.

Sveinbjörn Högnason: Hv. flm. vildi benda á, að það stæði sérstaklega á um félög þau, sem hér um ræðir, þar sem félögin legðu framlag sjálf, eina til fimm kr. á mann. Það gildir það sama um alla sjóði, að þeir halda uppi starfsemi til að safna inn fé. T. d. er svo í minni sveit.

Flm. vildi halda því fram, að það væri vafasamt, hvar ætti að setja mörkin, en það er gefinn hlutur, að það er ekki hægt fyrir hið opin-

bera að leggja til fé, nema staðfestar samþykktir liggi fyrir um, hvað eigi að gera. Það gildir jafnt um alla sjóði.

Það eina, sem er rétt hjá hv. flm., er, að verkalýðsfélögin eru búin að koma sér betur fyrir en önnur félög um að fá framlög. Sum hafa styrk úr bæjarsjóðum, sum í fjárl., sum jafnvel frá atvinnurekendum. Þau eru því betur sett en önnur félög og því frekar ástæða til að líta til hinna, sem hafa ekki náð þessum fríðindum, en eru nákvæmlega jafnrétthá. Þegar um líknarstarfsemi er að ræða, má ekkert tillit taka til stétta, aðeins miða við þörf þess einstaklings, sem um er að ræða, og ekkert annað, hvort sem hann er sjómaður, iðnaðarmaður, bóndi eða annað.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Það er kannske vangá hjá mér að hafa ekki skýrt mál mitt nógu vel, en ég gerði ráð fyrir, að öllum þm. væri ljóst, að hér er ekki um almenna líknarstarfsemi að ræða. — Það er hæpin röksemd hjá hv. þm., að ekki beri að styrkja sjóðina, þegar búið sé að koma þeim á fót. Það sýnir einmitt bezt, hvað þörfin var mikil, að búið er að koma þeim á fót, og er sérstök ástæða til að styrkja þá viðleitni.

Sveinbjörn Högnason: Hv. flm. vill enn halda því fram, að af því að sjóðirnir séu búnir að skapa sér góða aðstöðu, þá eigi að styrkja þá. Ég hélt ekki, að það mundi koma úr þessari átt, að þeir, sem hefðu mikið, ættu að fá meira. Flm. hlýtur að viðurkenna, að það getur verið jafnmikil neyð hjá öðru fólki en fólki úr verkamannastétt. Þeir, sem kunna ekki að maka krókinn, eiga ekkert að fá, samkv. því, sem hv. flm. heldur fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr. og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

23. Raforkusjóður.

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ríkislántöku til raforkusjóðs (þmfrv., A. 264).

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af 5 þm. og flutt eftir tilmælum mþn. í raforkumálum. Í þeirri n. hefur orðið samkomulag um að hefja fjársöfnun til raforkuframkvæmda. Það er vitað, að þær framkvæmdir, sem væntanlega verður ráðizt í á næstu árum, kosta mikið fé. Við álítum tímann heppilegan til að hefja fjársöfnun. Nú ætti að vera auðvelt að safna talsverðu fé í þessum tilgangi; en vafi leikur á, að það verði eins auðvelt síðar.

Í frv. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að taka innanlands lán handa raforkusjóði, allt að 20 milljónir króna, með útgáfu skuldabréfa, sem yrðu boðin til sölu víðsvegar um land. Þess er að vænta, að áður en langt líður, komi ákveðnar tillögur frá mþn. í raforkumálum og þá verði ákveðið, hvernig framkvæmdum ríkisins í þeim málum skuli fyrir komið.

Mikill áhugi er ríkjandi meðal almennings á því að fá rafmagn, og væntum við flm., að enginn ágreiningur verði um málið hér á Alþ. Við treystum því, að frv. nái samþykki Alþ. og að ríkisstj. noti heimildina, sem þingið væntanlega veitir, til þeirra framkvæmda, sem frv. þetta fer fram á.

Sigurður Thoroddsen: Af því að ég er í raforkunefnd, langar mig til að greina frá afstöðu minni til málsins.

Það er kunnugt, að Reykjavík, Akureyri og Siglufjörður hafa hafið stórfelldar framkvæmdir og fjár til þeirra framkvæmda hefur verið aflað á sama hátt og ætlazt er til með þessu frv. Ef farin er þessi leið, getur það dregið frá nauðsynlegum framkvæmdum, byggingum og þess háttar. Þetta frv. miðar að því að taka fé úr umferð. Afleiðingarnar hljóta að verða minnkandi framkvæmdir. Það blæs ekki svo byrlega um útvegun á efni til raforkuframkvæmda, og er það varhugavert að taka 20 milljón króna lán og greiða af því vexti. Með 4% vöxtum yrðu það 800 þús. á ári, og þykir mér líklegt, að þm. hefðu séð eftir þeirri upphæð, ef um mannúðarmál hefði verið að ræða. Loks sé ég ekki, að erfitt geti verið að útvega fé, þegar þar að kemur, og mun ég því vera á móti frv.

Einar Olgeirsson: Mþn. í raforkumálum hefur lagt til, að tekið verði lán innan lands til raforkuframkvæmda að upphæð 20 milljónir kr. Nú er það svo, að þetta er allhá upphæð, miðað við þær framkvæmdir, sem lagt er í hér á landi. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að menn verða að gera sér grein fyrir, til hvers á að verja fénu, að hverju á að stefna. Við þurfum að vita, á hvaða efnahagslegum grundvelli á að standa. Ekki er miðað við það, að landbúnaðurinn sem atvinnuvegur geti staðið undir þessum eða öðrum framkvæmdum, heldur er borgað með honum frá öðrum atvinnuvegi. Við því væri heldur ekkert að segja, ef með því væri verið að skapa lífvænlegan atvinnuveg. Það fé, sem ætlazt er til, að lagt verði fram til þessara framkvæmda, er tekið fyrst og fremst frá sjávarútveginum. Undirstaða atvinnulífs bæj-

anna er sjávarútvegurinn. Það er vitanlegt, að þetta byggist fyrst og fremst á sjávarútveginum og blómgun hans.

Síðastliðin fjögur ár hefur meiri gróði fallið Íslendingum í skaut en nokkru sinni fyrr. Ef þjóðinni væri ljóst, hve sjávarútvegurinn á mikinn þátt í þeim gróða, ætti hann að koma miklu sterkari út úr þessari veltu en hann var áður. En hvernig lítur þetta út í reyndinni? Hafa verið samþ. lög um byggingu fiskiflotans? Og nýbyggingarsjóðirnir, — er fé þeirra undanþegið skatti? Það sýnist nærri því smávægilegt að skapa stórfelldan fiskiflota og stórfelldan fiskiðnað á Íslandi eftir stríðið, ef litið er á það fjármagn, sem borizt hefur hér á land. En ég veit ekki til, að það opinbera hafi gert ráðstafanir til að skapa nýjan fiskiflota eða fiskiðnað, ég man ekki til, að það hafi verið samþ. Það opinbera á fyrst og fremst að einbeita sér að nýsköpun á atvinnusviðinu.

Ég sé ekki betur en með þessu frv. sé verið að stofna til deilna, að sá aðilinn, sem harðdrægari er, geti dregið til sín svo mikið fé sem hann getur. Ég held, að þetta kunni ekki góðri lukku að stýra. Ég held, að það geti ekki farið vel, ef einstakir menn hér í þinginu koma með sína hít og stinga í hana 10 milljónum í þetta skipti og 20 milljónum í hitt. Ég held, að ekkert vit sé í því háttalagi. — Ég held, að athuga ætti, hvað hátt lán er hægt að bjóða út. Þegar þetta hefur verið athugað, þá á að ákveða, hvernig verja á fénu.

Við erum sammála um, að margt þurfi að gera í landinu. Það þarf að smíða fiskiflota, reisa síldarverksmiðjur, áburðarverksmiðjur, og fleira þarf að gera. En við þurfum að koma okkur niður á, hvað eigi að vera nr. 1 af þessu. Við mundum m. ö. o., ef við höguðum okkur eins og skynsamir menn, búa til einhverja áætlun um þessar fjármálaráðstafanir, í staðinn fyrir að gera einhverjar samþykktir hér á Alþ. með „frjálsu samkomulagi innan þings", baktjaldamakki, klíkuskap og þess háttar. Við ættum að gera fjármálaáætlanir um þetta til þess að áætla, hvernig því fjármagni skuli varið, sem það opinbera treystir sér til að ná ráðstöfunarrétti á. Og ef við við athugun komumst að þeirri niðurstöðu, að í þeim framkvæmdum, sem við þurfum að gera eftir styrjöldina, sé nr. 1 að kaupa fiskiskip, fleiri en við höfðum fyrir síðasta stríð, þannig að ekki væri aðeins hægt að koma upp skipaflota í staðinn fyrir það, sem nú hefur farizt, heldur miklu meira, því að við vitum, að nýbyggingarsjóður, sem nú er til, mundi ekki hafa fjármagn til að sinna því hlutverki til fullnustu, — ef við komumst enn fremur að þeirri niðurstöðu, að næst fiskiskipunum þyrfti að koma hér upp verksmiðjum til þess að vinna úr sjávarafurðum meira en við nú gerum, til þess að við þurfum ekki að flytja þær sem hráefni til annarra þjóða, til þess að þær geti unnið úr þeim, — og ef við síðan álítum við þessa athugun, sem gera þarf, að næst komi t. d. nauðsynin á að koma fram nauðsynlegum raforkuframkvæmdum í landi okkar og þá kannske þar næst að umskapa landbúnað okkar og taka til þess alveg sérstök svæði, t. d. í Ölfusinu og víðar, — ef við komumst að slíkum niðurstöðum og gætum búið okkur til nokkra áætlun um það, hvernig við ættum að ráðstafa því fjármagni, sem ríkið treystir sér til að hafa með að gera, þá held ég, að það væri skynsamlegast, en hins vegar, að illa væri farið, ef við færum nú í flýti að ráðstafa þessu fjármagni kannske þveröfugt við það, sem okkur fyndist eftir á, að rétt hefði verið. Ég er hræddur um, að okkur færi þá í síðara tilfellinu eins og segir í sögunni um gulleggið, að við rifum burt þann stofn, sem við þyrftum að byggja þetta á, í bráðlætinu eftir að fá ávextina af því, sem þetta fjármagn á að byggja upp, ef skynsamlega er með farið.

Eins og ég hef drepið á áður í sambandi við frv. hæstv. ríkisstj. um greiðslu skulda ríkisins erlendis, álít ég nauðsynlegt, að þessi mál séu tekin til heildarathugunar. Það eru mörg vinsæl mál, sem hægt er að koma fram með till. um, sem þarf að vinna með þjóð okkar. Og við vitum, að það eru til peningar til að framkvæma mikið af nauðsynlegum málum. Við þurfum bara að koma okkur niður á, í hvaða röð heppilegast er að taka þessi mál til að framkvæma þau og í hvaða orsakasambandi þessar nauðsynlegu framkvæmdir standa hverjar við aðra. Og ég er á þeirri skoðun, að 20 millj. kr. lán til handa raforkusjóði sé ekki mál, sem sé það nauðsynlegasta. Þar með vil ég engan veginn segja, að eitthvert lán til handa raforkusjóði gæti ekki komið til mála. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hve mikið er þegar í þann sjóð komið. (**STh:** Það munu vera komnar í hann eitthvað yfir 10 millj. kr.). Ef það er rétt, að komnar séu í sjóðinn yfir 10 millj. kr., þá álít ég alls ekki illa að verið af hálfu Alþ. viðvíkjandi þeim sjóði. Það er til sérstakur sjóður, sem heitir framkvæmdasjóður ríkisins, og ef ég man rétt, var komin álitleg fjárupphæð í hann, og á að verja honum til allmargra nauðsynlegra hluta.

Umr. frestað.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 8. og 10. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 6. des., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eitt af þeim málum, sem liggja fyrir óafgreidd hér í hv. d., er frv. til l. um ríkislántöku fyrir raforkusjóð. Það er 133. mál. Þetta frv. var til meðferðar í hv. fjhn., og 22. nóvember eða fyrir rúmum hálfum mánuði skilaði meiri hl. n. áliti um málið, sem er á þskj. 479. Hins vegar hefur ekki enn komið álit frá minni hl. n. um málið. En þar sem nú er svona langt um liðið, síðan meiri hl. n. skilaði áliti um málið, vildi ég mælast til þess, að hæstv. forseti tæki það á dag-

skrá næsta fundar, hvort sem minni hl. hefur þá skilað áliti eða ekki.

Forseti (JörB): Ég mun taka þetta til athugunar og kynna mér, hvað líður afgreiðslu minni hl. n. á málinu.

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 264, n. 479).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að fjölyrða um þetta mál. Á þskj. 479 er lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:7 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Svo tókst til með 2. umr. þessa máls, að hún varð stutt. Ég var ekki viðstaddur, þar eð ég bjóst við að ræða frsm. yrði lengri. En það hefði ekki átt að gera neitt til, þótt nokkuð væri ósagt til 3. umr.

Efni þessarar till. er í aðalatriðum um heimild ríkisstj. til að bjóða út lán til raforkusjóðs. Þetta er alleinkennilegt mál, og vil ég, að það verði síðar tekið ásamt öðrum raforkumálum hér á landi. Vil ég nú mælast til, að afgreiðslu málsins verði frestað, með því að nú er langt liðið á nótt. Ég ætlaði samkvæmt viðtali við forseta að falla frá orðinu, en ég sé, að ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð í svo mikilvægu máli, en vil hins vegar síðar gera það yfir tómum bekkjum.

Forseti (JörB): Þm. Siglf. getur þá ekki búizt við því, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Hefði ég því kosið, að hann tæki fram aðalatriði, svo að einungis atkvgr. væri eftir.

Áki Jakobsson: Það hafa komið fram till. frá þessari n. áður, og þær till. hafa verið svo úr garði gerðar, að menn hafa getað ætlað, að hún væri á skakkri leið, og minntist ég á það í sambandi við virkjun Fljótaár. Hún lét sér sæma að leggja á móti ábyrgð, sem ríkisstj. hafði veitt fyrir virkjun þessa vatnsfalls. Þingið lét þetta ekki ná fram að ganga, enda hefði þá Siglufirði verið gerður mikill óréttur. Þetta orsakaði þó allmikinn hita, og páv. ráðherra gaf í fyrstu ekki út ábyrgð nema fyrir helmingnum. Þetta tafði svo verkið, að um gífurlega hækkun var að ræða, en af því leiðir, að nú þarf að leita til þingsins í annað sinn.

Það var einnig að undirlagi þessarar n., að hindra átti Keflavíkurveituna. Vildi hún hindra, að efnið yrði keypt, fyrr en ákveðið væri, hvert það ætti að fara. Þessi tillaga er að ýmsu leyti svipuð. Vextir af lánum, sem till. hljóðar upp á, eru um átta þús. kr., og getur sjóðurinn hvergi nærri staðið straum af því. Og þetta leyfir n. sér að koma fram með, meðan ekki er einu sinni farið að hugleiða á hvern hátt verkið skal framkvæmt.

Það eru tvö stór vatnsföll, sem virkja á, Sogið og Laxá úr Mývatni. Frumáætlun að þessu verki liggur ekki fyrir, og tekur það minnst tvö ár að gera hana. Það væri því lítt ráðlegt að taka þessi lán nú og láta þetta fé liggja þannig vaxtalaust. Það er rétt, að dýrtíðin er mikil, og eru það mörg atriði, sem valda henni. Vel getur svo farið, að við getum ekki fengið vörur þær, sem þarf til virkjunarinnar. Ef hægt er að fá virkjunarvörur nú frá Ameríku, þá er það e. t. v. eina tækifærið nú í nokkur ár, og engar upplýsingar eru til um, að ekki sé rétt sagt hér frá.

Ég hef áður bent á, hver yrði eðlilegasta þróunin í virkjunarmálinu, þ. e., að ríkið styðji einstök bæjarfélög. Þegar því er lokið, eru möguleikarnir á því að leggja leiðslur í stærri þorp meiri. Það er ekki rétt, að ríkið taki framkvæmdir þessar í sínar hendur, heldur á það að styðja bæi og þorp, eins og ég áður tók fram. — Þá er það ekki rétt, að gera veitur, ef orkan er ekki til. Við skulum taka Sogið. Það er ekkert vit í að ganga frá veitunni, áður en búið er að ganga frá virkjuninni. Reykjavík ætlar að hafa þrjár vélasamstæður við Sogið. Akureyri ætlaði að hafa tvær við Laxá, en hefur eina, því að gjaldeyrisnefnd neitaði um fyrirgreiðslu, þó að möguleikar hefðu verið á að fá lán. Það hafði örlagaríkar afleiðingar, því að nú er ekki hægt að veita það an orku til annarra staða. Það liggur fyrir að veita orku frá Soginu um öll Suðurnes. Búið er að gera áætlun um að leggja til Hveragerðis, Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Það hefur stórfellda þýðingu fyrir allt atvinnulíf þjóðarinnar, að vel gangi með virkjunarmálið. Vegna hraðfrystihúsa á Reykjanesi er þjóðinni bráðnauðsynlegt að fá raforku þangað. Framleiðslan hlýtur að aukast þá á þessum slóðum. Menn gætu þá farið að stunda landbúnað með. Þá mundi rísa upp margvíslegur iðnaður, sem engin leið er að stunda þar nú vegna rafmagnsleysis.

Þá liggur fyrir að leggja rafleiðslu til Vestmannaeyja frá Soginu. En það er í rannsókn. Frumáætlun bendir til, að ekki sé óhagstætt að fá orku frá Soginu til Eyja. Þetta er einhver mesta verstöð landsins og liggur einna bezt við fiskimiðum okkar. Það mundi verða til stórkostlegrar aukningar á söluhæfni fiskafurða, ef orka úr landi væri leidd þangað.

Það eru víða þorp í myndun. Þangað þarf að leiða orku. Kringum Stórólfshvol t. d. er að myndast þorp, og mundi það gefa þorpsbúum möguleika á að stunda landbúnað betur en nú er, ef þeir fengju orku.

Í sambandi við Laxárvirkjunina var gjaldeyrisnefnd skaðlega þröngsýn, svo að Akureyrarbær neyddist til að leggja háspennulínu, sem ekki er hægt að taka afleggjara af handa öðrum stöðum. Ef það er gert, þarf að gera stöðina

sterkari. Það er hægt að leggja um Eyjafjörð og til Siglufjarðar og tengja við virkjun Fljótaár. Vinningurinn yrði sá, að hægt væri að virkja 10 þús. hestöfl. Vatnsaflið er mikið og miklir möguleikar þess vegna, að því er verkfræðingar telja, og álíta þeir hæfilegt að beizla 10 þús. hestöfl.

Akureyri hefur stundum verið raforkulaus í heila viku í einu, og er slíkt geysióþægilegt. Engin olíutæki eru til að gripa til þegar rafmagnið bregzt, og er þetta því hreinasta hörmungarástand. Það þarf að auka mikið öryggi beggja staðanna með því að tengja þá saman. Mundi það verða hin mesta lyftistöng sjávarútveginum. Menn hafa notað olíumótora til orkuframleiðslu, en þeim er hætt við að bila, og því byggja menn vonir sínar á vatnsorkunni. Þjóðin hefur ekki þorað að leggja í að koma upp lýsisherzlustöð vegna skorts á rafmagni. Ef hún hefði verið komin fyrir stríð, hefði verið hægt að selja allt síldarlýsi. Herzlustöðvar Englendinga eru flestar í Noregi. Þeir urðu því að neita sér um þessa vöru, þótt þörfin væri mikil. Engin leið er að komast hjá að fá orku til þessa gegnum vatnsvirkjun, því að annars yrði orkan of dýr til þessarar vinnslu.

Ef viðsýnir menn hefðu setið við stjórn, áður en stríðið skall á, hefðu þeir átt að koma auga á það, að Ísland hlyti að eiga stað í hagkerfi Evrópu, og hefðu þeir þá lagt kapp á að koma virkjununum í framkvæmd til þess að geta notað orku við framleiðsluna, því að það var auðveldara að leysa verkefnin fyrir stríð en nú er — og einfaldara. Ríkið á að útvega efnið og veita smærri stöðunum styrk til framkvæmdanna. Ég álít, að Akureyri, Siglufjörður og Reykjavík geti staðið undir sínum veitum án stuðnings. Ríkið þyrfti að virkja Sogið, þegar vélasamstæðan er komin, sem nú er verið að vinna að, og eru það 20 þús. hestöfl. Í Efra-Sogi eru 50 þús. hestöfl. Þetta er því upplagt efni fyrir ríkið. Það er upplagt fyrir það að ganga í þá virkjun. Þá eru möguleikar á að dreifa orkunni um þá staði, sem ég nefndi áðan. En að vera að rífast um háspennulínu í stað aðalatriðanna er að byrja á öfugum enda. Það eru hreinustu smámunir í samanburði við virkjunina sjálfa.

Það var rangt, að raforkunefnd lagði ekki fyrir ríkisstj. að undirbúa virkjun við Sogið. Það er ekki rétt að láta tímann renna svo úr höndum okkar. Þegar Evrópumarkaðurinn opnast, væri hægt að flytja afurðir okkar út með flugvélum. Það er hart, þegar eftirspurnin kemur, að þurfa að segja: Okkur vantar raforku. — Þá þurfum við að sleppa Evrópumarkaðinum í 1, 2 eða 3 ár.

Möguleikar fyrir stórvirkjun á Íslandi eru afar miklir, og við getum framleitt með aðstoð raforkunnar afar mikið. Járn er nú að víkja fyrir léttari málmum. Magnesíum er unnið úr sjó. Hvergi í Evrópu eru talin eins góð skilyrði til þessarar vinnslu og hér á landi. En hér er lítið hugsað um annað en sjávar- og landbúnaðarafurðir. Auk magnesíumvinnslu má nefna ýmis önnur efni, t. d. sement og áburð og ýmisleg efni unnin úr brúnkolum. Kolalögin á Skarðsströnd eru þykkari en menn hafa vitað. Þetta er allt órannsakað, og um framleiðslu af þessu tagi er ekki hægt að vita, fyrr en við höfum fengið raforkuna og vitum, hvað hún er ódýr. Verkefni raforkunefndar, sem nú hefur unnið að athugunum á þessum málum, er ekki eins erfitt og hún vill vera láta.

Um lánsútboð þau, sem gerð hafa verið, vil ég taka fram, að ekki hefði átt að gera þau út í bláinn, eins og stundum hefur verið gert, og leggja þannig fé raforkusjóðs í hættu.

Það hefur komið fram, að höfuðmarkmið raforkunefndar sé, að mér skilst, að neyða helzt bæjarfélög til að vera öll saman um veitu. Það á að leiða rafmagn inn á hvern bæ og hvert hús í þorpunum. Í framkvæmdinni yrði þetta að tengja sveitar- og bæjarfélög þannig — til þess að leggja skatt á íbúa þéttbýlisins. Þeim yrði seld raforkan dýrar en þyrfti, og þar með yrði lagður á þá hár skattur, sem yrði nokkurs konar styrkur til sveitanna. En út af fyrir sig er þetta ekki það versta. En afleiðingin af þessu verður sú, að raforkunotkun á þessum stöðum, sem þannig eru skattlagðir og þess vegna selt rafmagnið dýrt, hlyti að verða ákaflega takmörkuð. Það er reynsla fyrir því, að það er ákveðið jafnvægishlutfall á milli raforkunotkunarinnar í hverjum bæ og verðsins á rafmagninu. Þegar verðið er komið upp fyrir visst mark, þá lækka tekjurnar af sölu þess. Þetta er reynsla okkar og annarra þjóða. Og það þýðir ekki að ætla sér að brjóta í bág við þetta lögmál, því að það verður til þess, að fólkið neitar sér um að nota raforkuna, og til þess að hindra, að nokkur iðnaður geti komizt upp. Og ef farið yrði inn á þessa braut, þá hefðum við litla raforku, sem notuð væri, því að fólkið mundi sem mest koma sér hjá að hafa rafmagnseldavélar og önnur slík rafmagnstæki, og um raforku til iðnaðar væri ekki að ræða, meðan slíkt ástand ríkti.

Það verður ekki hjá því komizt, ef gera á öllum landsmönnum kleift að nota raforkuna, sem er æskilegt og bráðnauðsynlegt, að viðurkenna líka, að það þarf að breyta fyrirkomulagi landbúnaðarins, færa byggðina saman. Það ætti að vera tiltölulega einfalt. Það er oft talað um það, að ætti að færa byggðina saman, þyrfti að hafa samyrkjubúskap. En þetta er fjarstæða. Það má reka búskap með sama fyrirkomulagi um eignarrétt, sem nú er hér hjá okkur, enda þótt byggðin sé færð saman. Hver fjölskylda gæti ræktað fyrir sig sitt land, þar sem fólkið byggi í eins konar þorpum í beztu sveitum landsins. Í öllum beztu sveitum landsins er upplagt að koma upp slíkum þorpum með öllum þeim kostum, sem þéttbýlið hefur í för með sér, og með fullkomnum samgöngutækjum er þannig kleift að hagnýta jörðina með svipuðum hætti og þar hefur verið gert. Hitt er svo allt annað mál, að viðbúið er, þegar menn eru komnir saman í þorp, að þeir sjái gildi samstarfsins og noti sér það, svo að samstarfið aukist mjög mikið. Og það gæti þá orðið til þess, að vísir skapaðist til samyrkju. En hún verður ekki sköpuð, nema menninirnir, sem taka þátt í henni, séu sannfærðir um, að hún sé það bezta fyrirkomulag í búskapnum. Þess vegna þýðir ekki heldur að fyrir-

skipa með lagaboði, að bændur skuli taka upp samyrkju. En það þarf að benda á, að það er þeim hagnaður, ef þeir geta sameinað sig um vatnsleiðslur, skolpleiðslur, rafmagn og annað. Þar, sem landbúnaður er stundaður í dreifbýlinu, þarf einnig oft að senda smáhlut, sem þarf viðgerðar við, langar leiðir til þess að fá gert við hann, vegna þess að skilyrði eru þar ekki til þess að annast slíkt. En slík skilyrði mundu skapast í sveitaþorpum til hagræðis fyrir bændur. T. d. við Ölfusá eru að skapast ýmis slík þæginði, svo sem bakarí, viðgerðarverkstæði o. s. frv. Þetta kemur, strax og fólkið færir sig saman, en möguleikana til þessara þæginda er ekki hægt að skapa, meðan fólkið býr eins dreift og nú er. Það er sem sagt þetta, sem við þurfum að gera okkur ljóst, að til þess að slagorðið „að koma rafmagni inn á hvert heimili á landinu" verði að veruleika, þá þarf að fara þessa leið. Það skal þó viðurkennt, að víða er í sveitum slík aðstaða, að hægt er að koma við smávirkjunum, sem eru ódýrar. Og á þeim stöðum er vitanlega sjálfsagt að koma þeim upp. Og það hefur víða verið gert, og þær hafa gert sitt fulla gagn og meira að segja ekki verið neitt tiltakanlega dýrar. Og vitanlega er sjálfsagt að halda því áfram. En víða á landinu — og það í okkar beztu sveitum — er slík aðstaða ekki fyrir hendi, t. d. sunnan lands, þar sem eru okkar blómlegustu landbúnaðarsveitir.

Ég vil ekki lengja þetta mál mitt fram yfir það, sem er nauðsynlegt, og þess vegna mun ég hlaupa yfir ýmislegt það, sem ég annars mundi taka fram, ef tími væri nægur fyrir hendi.

En hvernig verkar stórt lánsútboð, eins og nú standa sakir? Nú er verið að bjóða út 11,4 millj. kr. lán fyrir Reykjavíkurkaupstað. Og viðbúið er, að Reykjavík verði að bjóða auk þess út a. m. k. nokkurra millj. kr. lán til þess að ljúka hitaveitunni. Siglufjarðarkaupstaður á eftir að bjóða út 3 millj. kr. af láni sínu, og ef rafvirkjunin þar fer 1 eða 2 millj. kr. fram úr áætlun, þá þarf að bjóða út lán fyrir því, sem á vantar. Þarna eru því komnar um 20 millj. kr. í lánum, sem þarf að bjóða út hjá þessum kaupstöðum. Hver yrði afleiðingin af því, ef skyndilega væri skellt inn á markaðinn 20 millj. kr. skuldabréfum? Þá yrðu þessi bæjarfélög að hækka vextina af þeim eða selja bréf sín með afföllum. Þau hafa hingað til getað selt bréf affallalaust. Hvaða gagn gerði þá raforkusjóður — með því að auka við þessi lánsútboð — Reykjavík og Siglufirði og öðrum stöðum og héruðum hér á landi, sem ráðast í raforkuvirkjanir og verða sennilega mörg á næstu tímum? Það, að þessir staðir yrðu að selja bréf sín með afföllum, en það mundi verða til þess að auka stofnkostnaðinn við virkjanirnar hjá þeim og gera þeim erfiðara fyrir um að standa undir þessum framkvæmdum. Og mér er ekki grunlaust um, að undirrótin að flutningi þessa máls, sem hér liggur fyrir, sé einmitt sú að koma þessu til vegar, vegna þess að annars tel ég líklegt, að fyrir raforkusjóð hefði verið stefnt að lánsútboði, þar sem ljóst lægi fyrir, hvar hugsað væri, að virkjanir ættu að byrja með aðstoð þess sjóðs. Mér er ekki grunlaust um, að þarna sé verið að hyllast til þess að skemma fyrir þessum virkjunum, — þetta sé svona hálfgerður þrái, — það sé enn þá hjá þessum mönnum, sem forustuna hafa í mþn. í raforkumálum, dálítill kali og gremja út af því, að þeir komu ekki sínum vilja fram um það að stöðva virkjun Fljótaár og þar með ýmsar aðrar framkvæmdir í landinu. Það hefur verið mikið kvartað undan því, hvað atvinnulíf væri mikið og það yrði til þess að skapa glundroða. Og við vitum, að úrræði Framsóknarfl. hið helzta í því efni var, ef því mætti við koma, að setuliðið minnkaði vinnu til þess að skapa pínulítið atvinnuleysi, til þess svo einnig, að hægt væri að viðhalda gerðardómsl., því að þeir sáu, að þau voru einskis virði, ef ekki minnkaði atvinna. — Mér er ekki grunlaust um, að þetta sé undirrót þess, að sú till. er fram komin, sem hér liggur fyrir. Og mér finnst, að þessir hv. þm. og enda þeir menn, sem eru í mþn. í raforkumálum, sækja það mjög hart að koma á slíku atvinnuleysi með því að vinna á móti því, að atvinna í landinu geti aukizt, þegar þeir hika ekki við að fórna kannske 800 þús. kr. í því skyni í vaxtatapi til þess að koma þessu til leiðar.

Ég vil loks taka það fram, að ef eitthvað ákveðið lægi fyrir um það, til hvers ætti að nota þessa peninga, sem nú á að biðja um með því að taka þetta lán til raforkusjóðs, — ef það lægi fyrir, hvaða verk eða framkvæmd ætti að ráðast í fyrir þetta fé, og ef það lægi fyrir, að það væru stórvirkjanir, annaðhvort við Laxá eða Sogið, þá væri ég tilbúinn að vera með þessu lánsútboði, en auðvitað með því fororði, að ríkisstj. byði það ekki út örar en svo, að það yrði ekki til þess að fella þessi bréf og önnur bréf, sem eru á verðbréfamarkaðinum. Og ég vona það, að þeir menn, sem helzt eru áhugamenn um það að koma þessu frv. fram í því formi, sem það er í nú, þeir losi sig við alla gremju yfir því, að þeir fengu ekki vilja sínum framgengt á síðasta þingi, heldur sætti þeir sig við orðinn hlut og séu ekki að reyna að leggja stein í götu virkjana, sem eru í framkvæmd, því að það verður aldrei til þess að stöðva þær, heldur aðeins til þess, að þær verða dýrari.

Eins og þetta frv. liggur fyrir, er ég andvígur því og mun greiða atkv. móti því og hef í n. lagt til, að það verði fellt. En ef það yrði sett í samband við virkjun eða virkjanir, sem verkfræðingar teldu forsvaranlegar og í samræmi við eðlilega þróun raforkumála í landinu, þá er eðlilegt að samþ. það, þó með því fororði, að varlega sé farið við lánsútboð. Mun ég svo ekki taka frekar til máls um þetta mál. En ég vildi ekki láta hjá líða, að sjónarmið mitt kæmi fram í þessu máli, vegna þess að ég átti sæti í þeirri n., sem hafði frv. til meðferðar, þó að þau mistök hafi orðið hjá hv. 3. þm. Reykv., sem átti að vera frsm. minni hl. n., að það fórst fyrir að skila minnihlutaáliti um málið.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég mun ekki eyða nema fáum mínútum til þess að svara málþófi hv. þm. Siglf. Mikill meiri hluti af fjasi hans snerti ekki þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þarf ég þar af leiðandi

lítið um það að ræða. — Hann talaði hér um virkjun Fljótaár svo og um till. um virkjun Andakílsár, sem var á þinginu hér í fyrra, setuliðsvinnu og tilhneigingar einhverra manna til þess að takmarka hana og margt fleira, sem ekkert er minnzt á í þessu frv. og kemur þessu máli ekkert við. Svo voru auðvitað viðeigandi slettur til ýmissa manna og dylgjur, eins og venjulegt er í ræðum hans, og kippi ég mér ekki upp við það.

Eitt af því, sem hann hélt fram, var það, að mþn. í raforkumálum og sérstaklega þá við, sem höfum flutt þetta frv., hefðum reynt að hindra framgang till., sem hér var til meðferðar á þingi í vetur, um kaup á efni til raforkuveitu Keflavíkur. Hann hefði helzt ekki átt að minnast á Keflavíkurveituna, því að það gefur tilefni til þess að rifja upp feril Sósfl. í því máli. Það er fullkomið ranghermi, að af hálfu okkar, sem stöndum að þessu frv., hafi nokkuð verið gert til þess að hindra, að efni yrði keypt til Keflavíkurveitunnar, þegar það væri fáanlegt. Þvert á móti studdum við að því með till. okkar og atkvgr. hér á þingi. Hv. þm. G.-K. flutti á þessu þingi þáltill. um raforkuveitu til Keflavíkur, sem var 125. mál þingsins. Samkv. þeirri till. var ríkisstj. heimilað að verja úr ríkissjóði 1 millj. kr. til kaupa á efni í Keflavíkurveituna. Fljótlega komu fram brtt. við þá þáltill., tvær eða þrjár, um að gera þáltill. víðtækari, þannig að jafnframt væri heimild veitt á sama hátt til kaupa á efni til rafveitna til annarra staða á Suðurnesjum og til byggða austan Hellisheiðar. Skömmu síðar kom fram till. frá Sósfl., sem var 141. mál þingsins, um raforkuveitu frá Laxárvirkjuninni og Sogsvirkjuninni, þar sem gerð var till. um að heimila ríkisstj. að kaupa efni til rafveitna frá þessum virkjunum, þegar það væri fáanlegt, til kauptúnanna í Árnessýslu og til Suðurnesja og til Húsavíkur og Reykjahverfis. Þáltill. um rafveitu til Keflavíkur fór til athugunar í fjvn., og við sumir fjvnmenn töldum heppilegast af hálfu þingsins að sameina þetta í eitt, gera úr þessu öllu eina till., sem næði yfir þetta allt saman. Um þetta var ekki samkomulag í n., vegna þess að hv. þm. G.-K. mun hafa litið svo á, að sér væri eitthvað misboðið, ef breytt væri einum stafkrók í þeirri þáltill., sem hann bar fram. Og þess vegna munu flokksbræður hans í fjvn. hafa lagt til að samþ. till. hans óbreytta. Og hv. þm. G.-K. fékk hv. þm. Sósfl. til þess að gera það fyrir sig að vera ekki að breyta þessari þáltill., ekki einu sinni orðalaginu á henni. Því var það, að hv. meiri hl. fjvn. lagði til, að till. yrði samþ. óbreytt. Hins vegar lögðum við þrír nm. í fjvn. til, að till. yrði gerð víðtækari, þannig að Alþ. ályktaði að heimila ríkisstj. að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á rafveituefni, sem útflutningsleyfi fæst fyrir í Ameríku, þar til næsta Alþ. kemur saman. Það urðu um þetta nokkrar umr. í sameinuðu þingi. Og ríkisstj. lýsti þá yfir því, að hún mundi kaupa efnið í Keflavíkurveituna alveg jafnt, hvort sem till. okkar minnihlutamanna í fjvn. yrði samþ. eða þáltill. hv. þm. G.-K. eins og hún upphaflega var, því að í okkar till. fólst fullkomin heimild handa ríkisstj. til að kaupa efni í Keflavíkurveituna. Og með því að samþ. okkar till. var hægt fyrir þingið að spara sér meðferð annarra tillagna á þessu þingi í þessu efni. En hv. þm. Sósfl. höfðu fallizt á það við hv. þm. G.-K., formann Sjálfstfl., að gera það fyrir hann að samþ. þáltill. hans óbreytta og gerðu það ásamt sjálfstæðismönnum.

En svo kemur nú að því, að tekin var til afgreiðslu till. þeirra um raforkuveitur frá Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni. Og þá fallast þeir á að afgreiða þá þáltill. nákvæmlega eins og við í minni hl. fjvn. höfum lagt til, að þáltill. um Keflavík yrði afgreidd. — Ég er aðeins með þessu að benda á, hvað það er fjarri öllum sanni hjá hv. þm. Siglf., að nokkuð hafi verið gert af okkar hálfu, sem flytjum þetta frv., til þess að hindra kaup á efni til Keflavíkurveitunnar, og bara til að sýna, að þessi hv. þm. og samflokksmenn hans hafa gert það fyrir hv. þm. G.-K. og aðra sjálfstæðismenn að éta ofan í sig fyrri orð sín í málinu, þar sem þeir síðar á þinginu samþ. þáltill. nákvæmlega eins og þeir áður á þessu þingi höfðu greitt atkv. á móti. Ég held, að hv. þm. Siglf. hefði ekki átt að minna á þetta, því að það verður honum og flokki hans ekki til sóma.

Annars var það svo um ræðu þessa hv. þm., að oftar en einu sinni og oftar en tvisvar fór hann alveg í hring. Hann hélt því t. d. fram, að það vantaði fullnaðaráætlanir um virkjanir í Soginu og Laxá og það væri því ekki tími til þess kominn að taka stór lán vegna rafvirkjana, en það tæki mörg ár að undirbúa framkvæmdir í þessum efnum í sambandi við þessar virkjanir. En síðar í ræðu sinni sagði hann, að það væri gagnslaust fyrir mþn. í raforkumálum að ákveða, hvað gera ætti, og leggja fram ákveðnar till. um framkvæmdir. Og þetta tal hans um undirbúningsleysi, hvernig kemur það heim við það, sem hann sagði um rafveitur frá Soginu og Laxá? Um það lögðu þeir sósíalistar til, að ríkisstj. yrði heimilað að kaupa í rafveitur frá þessum virkjunum til margra staða. En það virðist allt benda til þess, að þegar betur er að gætt, að þeir meini ekki neitt með þessari till., vegna þess að þeir vilja sjá svo um, að ríkisstj. hafi enga peninga til þess að kaupa þetta efni fyrir, þó að fáanlegt verði. Fjárl., sem við vorum að afgreiða í dag, eru ekki þannig, að horfur séu á því, að um tekjuafgang verði að ræða hjá ríkissjóði, — þrátt fyrir það að hv. þm. Siglf. og flokksbræðrum hans hafi ekki tekizt að hafa greiðsluhalla á fjárl. sem nemi milljónum eða tugum milljóna. (**ÁkJ**: Jú, hann er víst, — eða er það ekki?). Nei, en þrátt fyrir það eru engar horfur á því, að þar verði um tekjuafgang að ræða, þannig að ríkisstj. geti varið miklu fé úr ríkissjóði á næsta ári til kaupa á efni til rafveitna. Það er því ljóst, að þeir menn, sem meina eitthvað með þeim till., sem var verið að samþ. nú nýlega, um að heimila og fela ríkisstj. að kaupa rafveituefni, ef fáanlegt væri, þeir verða að sjá til þess jafnframt, að eitthvert fé sé til þess að greiða það efni með. Þess vegna höfum við lagt fram þetta frv. Ef það verður samþ., þá getur ríkisstj. t. d. sagt við íbúana á

Suðurnesjum og íbúana í þorpunum austan fjalls og í byggðum Norðurlands, ef hægt væri að ná í efni: Viljið þið ekki greiða fyrir þessu með því að lána eitthvað af því fé, sem þarf til þess að kaupa þetta efni? — Ég er viss um, að eins og nú er ástatt, þegar mikið er af peningum í umferð manna á milli yfirleitt, þá væri hægt á þessum stöðum að afla allmikils lánsfjár í þessu skyni, vegna þess hve áhugi manna er mikill á því að fá rafmagnið. Ég er því ekki í vafa um það, að lánsútboð mundi bera nokkurn árangur til þessara hluta. En andstaða Sósfl. gegn því, að sú leið verði farin, bendir ótvírætt til þess, að þeir meini ekkert með þessum tillöguflutningi sínum um kaup á rafveituefni. Þetta virðist vera hrein loddaramennska allt saman og ekkert annað. Og tal hv. þm. Siglf. og útreikningar um það, hve mikið tjón það yrði fyrir raforkusjóð að taka þetta lán, þar sem borga þyrfti vexti af því árum saman, bendir til þess, að hann búist við, að ekki verði hægt að ná í neitt rafveituefni á næstu tímum. En ég er ekki svo svartsýnn. Það hefur þegar fengizt efni í rafveitu. Og ríkisstj. verður einhvers staðar að fá fé til þess að borga það með og verður þá að taka það að láni. Og ef hún má ekki taka lán til þess, þýðir það að hindra, að þessar framkvæmdir verði, sem samþ. hafa verið efniskaup til. Þetta verður ekki heldur keypt til annarra staða, ef engir peningar verða til þess að kaupa efnið fyrir. Læt ég mér ekki detta í hug, að raforkusjóður þurfi til lengdar að liggja með það fé, sem hann tekur að láni, vaxtalaust. Þó að þessi lántökuheimild verði samþ. nú, þá er enginn heldur kominn til þess að segja, að þetta fé fengist allt í einu. Og ég geri ráð fyrir, að það yrði nóg við það að gera.

Langur kafli í ræðu hv. þm. Siglf. var um það, hvað nauðsynlegt væri að koma rafmagninu sem víðast. Það er rétt, en allt voru þetta meðmæli með því frv., sem hér liggur fyrir. Vitanlega er ekki hægt að framkvæma neitt í þessu efni, nema peningar séu til, og allt tal hans um, að frv. sé einkennilegt og varhugavert, svo að ekki megi samþ. það, sýnir, að hann meinar ekkert með því, þegar hann segir, að koma þurfi upp rafveitum víða um land. Hann segir með réttu, að ríkið ætti að taka þessi mál í sínar hendur og virkja Sogið, en er á móti því, að aflað sé fjár til þess. En þetta var ekki í sína skiptið, sem hann fór hringferð í sinni löngu ræðu.

Þá minntist hann á, að framsóknarmenn mundu ætlast til, að raforkan yrði seld sama verði um allt svæðið, eins og hann nefndi það. Ég veit ekki, hvort hann man, að á sumarþinginu 1942 var samþ. þáltill. um raforkumál. Þar er ákveðið, að kjósa skuli mþn. þá, sem nú starfar, og þar var ákveðið að fela stj. að láta rafmagnseftirlitið vinna að undirbúningi og rannsóknum, og þar var ennfremur mörkuð framtíðarstefnan í þessum málum, og hún var sú að koma rafmagninu til allra byggða landsins, og skyldi það eigi selt hærra verði til dreifbýlis en kaupstaða á hverjum tíma. Flokkur þessa hv. þm. mun hafa greitt atkv. með þessari till. á sumarþinginu 1942, ef til vill vegna þess, að kosningar stóðu þá fyrir dyrum. Nú vill talsmaður sama flokks sýna fram á, að það sé hneyksli að hugsa sér, að þetta verði gert. Það er ekki það fyrsta af kosningaloforðunum, sem þessi hv. þm. og flokkur hans ætlar að laumast frá, — það er eitt af mörgum.

Þá var það í tali hans, að þetta frv. væri fram komið frá mönnum, sem vildu spilla fyrir lántöku Reykjavíkurbæjar til ýmissa framkvæmda, og hann sagði, að það gæti farið svo, að Reykjavík neyddist til að hækka vexti á lánum sínum. Ég veit ekki betur en gert sé ráð fyrir jafnháum vöxtum í þessu frv. og eru hjá Reykjavíkurbæ, 4%. Það er því alveg út í bláinn, þegar hann heldur því fram, að með þessu frv. sé lagður steinn í götu þeirra lána, sem kaupstaðirnir bjóði út. Álíka fjarstæða er það, sem hann var að segja, að það mundi verða til að koma af stað atvinnuleysi, ef þetta frv. yrði samþ. og reynt að fá fé til raforkusjóðs og að leiða rafmagn sem víðast um byggðir landsins. Ég held, að tæplega nokkur annar en hv. þm. Siglf. hefði getað sagt þetta. Svona málfærsla er honum samboðin og engum öðrum.

Áki Jakobsson: Ég þarf að leiðrétta nokkrar rangfærslur, sem hv. síðasti ræðumaður kom með, í fyrsta lagi það, að ég hefði margsinnis farið í kringum sjálfan mig og gegnum sjálfan mig, og þá fyrst og fremst það, að ég hefði bent á ýmsar framkvæmdir, sem ætti að gera, en ég hefði svo sagt, að ekki væri hægt að gera. Ég benti á, að það horfði öðruvísi við, ef þetta væri sett í samband við ákveðnar framkvæmdir. Þessi n. er búin að vera það lengi, að hefði hún strax komið sér niður á, hvað þýðingarmest væri, hefði hún þegar komizt nokkuð áleiðis með það, sem eðlilegast er, að ríkið gerði. Það er liðið a. m. k. eitt ár, því að n. var kosin haustið 1942, og á þessum tíma hefði verið hægt að gera mikið, en starf n. virðist hafa farið í eitthvað annað, sem hefur ekki verið þýðingarmikið.

Lánsútboðið átti ekki að fara fram, fyrr en möguleikar væru orðnir fyrir að byrja þessar framkvæmdir. En þó að við séum á móti þessu láni, þá þýðir það ekki það, að við séum á móti því, að efni sé keypt til virkjananna. Það er fjarstæða. Ef stj. býðst skyndilega efni, getur hún vitanlega gripið til að taka bráðabirgðalán til að festa kaupin og leitað síðan heimildarinnar á eftir. Það eru því engin rök fyrir því, að þessi heimild sé skilyrði fyrir því, að unnt sé að kaupa efni, enda kemur þingið oft saman, og er því fyrirsjáanlegt, að þingið getur alltaf veitt þessa heimild, ef á þarf að halda, og því engin ástæða til að veita 20 millj. kr. heimild nú af þeim sökum.

Hv. þm. rakti sögu Keflavíkurmálsins. Sakirnar stóðu þannig, að þegar fyrir lá tilboð um efni til ákveðins staðar, þá vildi hann, að ekki stæði í þáltill., til hvaða staðar efnið ætti að fara. En hvers vegna ekki að taka fram í þál., að efnið ætti að fara til Keflavíkurlínunnar, fyrst fyrir lá ákveðið tilboð um þá línu? Það var ekki hægt að bera fram neina ástæðu fyrir því, að efnið ætti ekki að fara til Keflavíkur. Hv. þm. G.-K., flm. till., bar fram þá fyrirspurn við

ráðh., hvort heimildin mundi ekki notuð og efnið látið ganga til Keflavíkur, og hæstv. ráðh. svaraði því, að stj. mundi nota heimildina til að kaupa efni til Keflavíkurlínunnar. Mér fannst eðlilegt, að það væri tekið skýrt fram, að efnið skyldi fara í þessa línu, þar sem fyrir lá ákveðið tilboð um efni til hennar. Síðan átti að taka hinar línurnar í einni till. og fela stj. að leitast fyrir um kaup á efni til þeirra, en það var fyrirsjáanlegt, að það mundi ekki takast, fyrr en þing kæmi saman nú eftir nýárið, og hafði hæstv. stj. þá næg tök á að leitast eftir heimildum. Síðan kom fram ýtarleg tillaga frá Sósfl., svipuð þeirri, er hv. þm. V.-Húnv. flutti í sambandi við Keflavíkurtill., þar sem beinlínis var gert ráð fyrir, að stj. safnaði tilboðum í þessar línur. Það er þess vegna engin mótsögn í að hrapa ekki að því að samþ. þessa tuttugu milljóna útboðsheimild og gera grein fyrir, hvernig eigi að haga þessu kerfi og í hvaða röð framkvæmdirnar eigi að koma. Það hvílir vitanlega á n. að sjá um, að byrjað sé á réttum stað.

Ég hélt fram, að ríkið ætti ekki að eiga allar rafveiturnar, heldur bæjarfélögin og þorpin, hvert til síns staðar. En ég tel rétt, að ríkið eigi orkuverin og selji raforkuna almenningi og til iðnaðar í heildsölu, ef svo mætti segja, og það er því hreinn útúrsnúningur að setja þetta hvort á móti öðru. Það er eðlilegt, ef ráðizt er í ný stórvirki við Sogið, að ríkið geri það, vegna þess að raforkan verður að skiptast milli margra þorpa, kannske margra tuga þorpa. Það er því eðlilegt, að ríkið eigi orkuverin og selji síðan til bæja og þorpa. Svo er það, sem er minna atriði, hvort ríkið á að eiga hluta af háspennulínunum út frá þessum stöðum. Ég tel ekki ástæðu til að það eigi orkuverið, sem er við Sogið og Reykjavíkurbær fær sína orku frá, ef hann fær ekki að selja orku til neinna annarra. Það er rétta leiðin, að ríkið reisi þessi orkuver og síðan sé vel athugað, hvort ríkið um leið eigi að reisa stór iðjuver sjálft eða stofna félög til þeirra hluta og selja þeim raforku. Hitt næði engri átt, að ríkið færi að eiga rafveitu hvers þorps og kaupstaðar og takmarka þannig sjálfsákvörðunarrétt þessara staða í jafnnauðsynlegum málum. Það væri álíka fjarstætt og ríkið færi að leggja undir sig hverja vatnsveitu á landinu. Þetta eru svo óaðskiljanlegir hlutar bæjarfélaganna, að það er ómögulegt að hugsa sér annað en bæjarfélögin verði að ákveða, t. d. hvenær eigi að stækka æð þangað og hvernig eigi að haga þeim framkvæmdum. Það eina skilyrði, sem ríkið verður að setja, er það, að aðgerðir og framkvæmdir bæjarfélaganna brjóti ekki í bága við heildaráætlunina, og um það mundi fást samkomulag við hvert bæjarfélag, enda munu þessar framkvæmdir ætíð verða gerðar eftir ráðum eða fyrirmælum trúnaðarmanna ríkisins. Það er því engin ástæða til að ætla, að það komi í bága, enda er svo frá gengið, að bæjarfélögin leggja ekki í virkjun nema með ríkisábyrgð, og getur þá Alþ. sett þau skilyrði, að framkvæmdirnar verði í samræmi við heildarkerfið. Þetta er líka mjög mikils virði fyrir bæjarfélögin sjálf, vegna þess að það er ákaflega mikið öryggi, að mörg orkuver séu á sama neti, og er það víðast svo erlendis, þó að enn þá séu ekki tök á því hér á landi sökum dreifbýlis, þar sem bæir eru fáir og smáir og langt á milli þeirra.

Það fór sem mig grunaði, að hv. þm. V.-Húnv. mundi halda fram, að það væri ákvörðun Alþ., að raforkan skyldi alls staðar seld sama verði, hvar sem væri. Það er engin heimild til að leggja þessa till. út á þann hátt, enda var það ekki gert, þegar hún var til meðferðar á sínum tíma. Sósfl. hefur frá upphafi verið andvígur þessari stefnu, því að þetta er hlutur, sem allir sjá, að nær engri átt og verður til tjóns, að svo miklu leyti sem reynt er að framkvæma það. En ég er sannfærður um, að það verður ekki nema tiltölulega skamman tíma, vegna þess að reynslan sýnir, að ef við eigum að eiga þess nokkurn kost, að þjóðin taki framförum atvinnulega og iðnaður eigi að geta risið upp, bæði í sambandi við sjávarútveginn og annars staðar, þá er það lífsskilyrði, að raforkan sé ekki seld hærra verði en óhjákvæmilegt er á hverjum stað. Það er skilyrði til, að hægt sé að koma upp áburðar- og sementsvinnslu, magnesíumvinnslu og lýsisherzlu, að orkan sé seld svo lágt sem nokkur kostur er. Við getum ekki hugsað okkur að keppa við erlendar þjóðir á þessum sviðum, ef stöðvar okkar eiga að borga raforkuna hærra verði en hún kostar komin á staðinn, til þess að hægt sé jafnhliða að leiða rafmagn til svo sem 20 sveitabæja í næstu sveit. Þetta er fjarstæða, enda var þál. aldrei skilin svo, að aldrei kom neitt fram um það, fyrr en Eysteinn Jónsson kom með það á fundi í níu manna n., þegar framsóknarmenn voru að slíta upp úr umr., en það kom ekki til mála, að Sósfl. og Alþfl. skildu till. svo, að ætlazt væri til, að kaupstöðunum yrði seld raforka óeðlilega dýrt, til þess að dreifbýlið gæti fengið hana óeðlilega ódýrt. Ef það er meiningin, verður að greiða mismuninn úr ríkissjóði, en engin sanngirni að ætlast til, að bæjarfélög og þorp séu skylduð til að taka slíkt á sig. Það verður heildin að greiða og bæta því við þá styrki, sem við erum svo vanir að greiða til sveitanna í því skyni, að mér virðist, að reyna að halda þar öllu sem mest með sama svip og nú er þar og hindra samdrátt byggðarinnar og þar með alla atvinnulega þróun þar.

Það, sem hér er spurt um, er, hvort við eigum að tileinka okkur raforkuna fullum fetum og leggja út í að hagnýta okkur það, sem okkar hrjóstruga og erfiða land hefur fram yfir önnur lönd, vatnsaflið, til að koma upp blómlegum atvinnuvegum og nægilega fjölbreyttum til þess að þurfa ekki að greiða atvinnubætur. hvenær sem einhver grein atvinnuvega okkar bregzt, eins og orðið hefur, ef sjávarútvegurinn hefur brugðizt. Það er beinlínis skilyrði fyrir þessum möguleikum, að við lærum af reynslu annarra þjóða. Og enginn verkfræðingur í landinu mun treysta sér til að mæla með slíkri framkvæmd raforkumála, sem hv. þm. V.-Húnv. segir, að Alþ. sé reiðubúið að ákveða, sem er vitleysa. Þeir taka allir skýrt fram, að þetta sé slík reginfjarstæða, að það nái engri átt. Reynsla annarra þjóða sýnir ekki heldur neitt fordæmi fyrir slíku, og þó er dreifbýlið ekki eins mikið þar. Byggðin

er þar miklu þéttari, af því að þar er minni kvikfjárrækt. Þeir þurfa því ekki eins mikið beitiland, og það er ekki eins hrjóstrugt land og erfitt til ræktunar og Ísland. Annars býst ég við, ef framsóknarmenn halda þessu til streitu, að ekki verði úr því skorið fyrr en fyrsta virkjunin kemur til ákvörðunar, sem rekin yrði með þessu fyrirkomulagi.

Þá vill þessi hv. þm. halda fram, að þótt 20 millj. kr. í skuldabréfum væri nú bætt á markaðinn, þá mundi það ekki spilla fyrir lánunum og þau ekki verða neitt dýrari, því að vextir væru jafnir af öllu, 4%. Það er rétt, að allir vextirnir eru 4%. En ef við bættum nú á markaðinn 20 millj. kr. í skuldabréfum, þá er meira en hugsanlegt, að bréfin falli niður fyrir nafnverð, svo að hundrað krónur verði ekki hundrað, heldur níutíu. Það er ekki langt, síðan skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga voru boðin fyrir 5—6% afföll og stundum meira, og veðdeildarbréf komust lengra, allt niður í 65%. Það er því hægt að gera ráð fyrir verðfellingu á þessum bréfum, ef mjög mikið er af þeim á markaðinum, og getur það orðið til þess, að bæir eins og Siglufjörður og Reykjavík, sem eru nú að framkvæma virkjanir, verði til neyddar að selja bréf sín með afföllum. Þeir standa með verkin hálfgerð og því enn meira tap fyrir þá, ef ekki væri unnt að ljúka þeim framkvæmdum. Hér verður því að fara varlega til þess að gera þeim bæjarfélögum, sem nú standa í virkjun, ekki erfiðara fyrir en ástæða er til.

Ég vil því skora á n. að taka alvarlega til athugunar undirbúning undir framkvæmd þessara mála, og fylgja meira ráðum sér vitrari og fróðari manna, sem hafa aflað sér þekkingar á reynslu annarra þjóða, sem n. hefur skellt skollaeyrunum við og ekki tekið mark á nema að nokkru leyti.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Út af ummælum, sem hv. þm. Siglf. hefur látið falla, ætla ég að rifja upp hér örlítinn kafla úr þeirri þál. um raforkumál, sem samþ. var á Alþ. 4. september 1942. Hún byrjar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er geri tillögur um fjáröflun til þess að byggja rafveitur í því skyni að koma nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar í allar byggðir landsins á sem skemmstum tíma, enda verði raforkan ekki seld hærra verði í sveitum landsins en stærstu kaupstöðunum á hverjum tíma". Þannig var þetta samþ. Og ég held, að flestum öðrum en kannske hv. þm. Siglf. ætti að vera það auðskilið, sem þarna er sagt, því að það er greinilegt. Ef ég man rétt, mun flokkur hans hafa verið með því að samþ. þetta. En vitanlega er þeim líkt að vilja svo hlaupa frá samþykktinni á eftir. — Ég mun svo ekki að öðru leyti gera þessa síðari ræðu hv. þm. Siglf. að umtalsefni.

Ég lifi í þeirri von og trú, að hægt verði innan skamms að hefjast handa um að framkvæma þessi raforkumál víða um landið, þjóðinni til gagns og hagsbóta, þrátt fyrir andstöðu hv. þm. Siglf. og annarra slíkra.

Áki Jakobsson: Ég get glatt hv. þm. V.-Húnv. með því, — og ég segi það út af síðustu ummælum hans, — að það er svo komið, að raforkustöðin á Siglufirði tekur að öllu forfallalausu til starfa á næsta hausti þrátt fyrir andstöðu hans við það mál, þannig að mér hefur tekizt betur en mþn. í raforkumálum — með allan sinn áhuga á raforkumálum — að koma raforkumálunum í framkvæmd. Og út af því, að hv. þm. V.-Húnv. las hér upp úr þessari þál. frá 4. sept. 1942, þá er vel hægt að leggja þessa mjög svo afkáralegu merkingu í þessi orð, er þarna er um að ræða, sem hv. þm. gerði. En ég fullyrði, að þm. almennt lögðu ekki þennan skilning í þetta, heldur að það ætti að selja raforkuna þannig, að orðin „með sama verði" þýddu með samsvarandi verði, þannig að maður, sem býr á Siglufirði t. d., verði ekki látinn borga rafmagn fyrir bónda í Eyjafirði. Það verður að miða nákvæmlega við það sama um þetta og vörur yfirleitt, að flutningsskortur verður að bætast við til þeirra, sem raforkuna nota. Og í orðin „sama verð" eða „ekki hærra verð" er fullkomlega heimilt að leggja þá merkingu, sem ég nú hef greint, enda mun meiri hl. hv. þm. hafa lagt þann skilning í þessi orð. En ef þingið væri svo ógæfusamt að leggja þann skilning í þessi orð, sem hv. þm. V.-Húnv. gerir, þá væri það mikil ógæfa fyrir þetta land.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, EystJ, FJ, GSv, GTh, BFB, IngJ, JPálm, JS, PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, JörB.

nei: ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, JakM, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh.

4 þm. (GG, JJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Áki Jakobsson: Þar sem nú þegar eru til í raforkusjóði 10,5 millj. kr. og ekki hafa verið færð rök fyrir því, að þörf væri á meira fé í hann að svo stöddu, segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Með því að ég álít, að það sé nauðsynlegra, ef við leggjum í að taka svona stórt lán nú, að við notum það til annars en þessa, og með því að ég tel óviturlegt að taka stórlán til þess að láta það í sjóð og eyðileggja í rekstrartapi upphæð, sem nemur verulegum hluta af því, sem ríkið leggur fram til raforkusjóðs, segi ég nei.

Jakob Möller: Það er upplýst, að það eru 10,5 millj. kr. í raforkusjóði. Og ég hafði nú álitið, að það væri fyrirhugað af þinginu að verja því til nytsamari hluta en greiða það í vexti af láni, sem lagt væri í slíkan sjóð, og segi ég því nei.

Sigurður Bjarnason: Ég vil raforkusjóði ekki svo illt, að ég leggi lið mitt til þess að samþ. þetta frv., og segi því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, en frv. var aldrei á dagskrá tekið þar í deild.

—o—

24. Iðnaðarnám.

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og l. nr. 43 12. febr. 1940, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 288).

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. — Breyt., sem farið er fram á með þessu frv., eru þrjár: Í fyrsta lagi, að starfstími iðnnema megi ekki fara fram úr 48 klst. á viku í stað 60 í t., í samræmi við vinnutíma sveinanna, sem þeir vinna með. Kaffitími breytist úr ½ klst. í ¼ klst. Í öðru lagi er breytt ákvæði l. um, að ekki megi taka nemanda til iðnkennslu yngri en 16 ára. Það er lagt til, að heimilt sé að veita undanþágu í 15 ára, ef um er að ræða iðn, sem krefst ekki verulegs líkamlegs erfiðis. Þá er loks síðasta breyt., en hún er um það, að meistari megi aldrei ráða til sín fleiri nemendur en hann hefur fullgilda iðnaðarmenn í vinnu, en ákvæðið er á þá leið í l., að meistari megi aldrei ráða til sín fleiri nemendur en hann hefur fulllærða iðnaðarmenn í vinnu. Þetta hefur gefið tilefni til erfiðleika, sem nú á að afnema með þessari breytingu.
Till. þessar eru fluttar samkvæmt tilmælum iðnaðarfulltrúa, þ. e. a. s. tvær þær fyrstu, en sú þriðja er sjálfsögð afleiðing af styttingu vinnutíma hjá iðnsveinum, því að það er í alla staði eðlilegt, að vinnutími nemenda verði styttur í samræmi við það.
Frv. þetta er flutt af n., og sé ég því ekki ástæðu til þess að gera till. um, að því verði vísað til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43., 44. og 45. fundi í Nd., 10., 11. og 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 288, 379).

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef í iðnn. eins og aðrir nm. áskilið mér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við þetta frv. um iðnaðarnám. Í 1. gr., a—d, er um að ræða sjálfsagða samræming á vinnutíma iðnnema og sveina. 2. gr. lítur einnig sakleysislega út og er til þess ætluð að gera gildandi lög frá 1940 framkvæmanlegri en þau eru. Þar segir í 4. gr., að aldrei megi meistari hafa fleiri nemendur en fullgilda iðnaðarmenn. Í frv. er lagt til að orða þetta þannig: Aldrei má meistari ráða fleiri nemendur til iðnaðarnáms hjá sér en hann hefur fullgilda iðnaðarmenn í vinnu á sama tíma". Maður getur þá hugsað sér, að hann ráði til sín marga sveina og jafnmarga iðnnema, segi því næst sveinunum upp, en reki fyrirtækið síðan að mestu með nemum. Það gæti rekizt mjög á hagsmuni sveina, spillt þeirri kennslu, sem nemarnir fá, og dregið fleiri dilka eftir sér. Brtt., sem ég flyt á þskj. 379 til þess m. a. að vega móti þessari breyt. á 4. gr., eru um tvær nýjar gr. og fluttar eftir ósk formanna 13 sveinafélaga, sem í er hátt á 2. þús. sveina eða ⅔ sveina hér nærlendis, og fullvíst er, að vilji enn fleiri iðnaðarmanna stendur þar að baki. Menn gleyma því ekki, hve algengt það var áratuginn fyrir stríðið, að meistarar tækju sveina, útskrifuðu þá og segðu þeim svo upp í atvinnuleysinu. Með fyrri brtt., um að sveinafélögin séu samningsaðilar fyrir hönd iðnnema um kaup þeirra og kjör, ætti að skapast það jafnvægi, sem þarf vegna breytingar 2. gr. frv. Það er í sjálfu sér gott, að nemum fjölgi. Ég er ekki frá því, að þeim eigi að fjölga mjög á þessum tímum, en sveinar vilja ekki glata valdi sínu yfir þeirri fjölgun. Þá er síðari brtt. þess efnis, að verði vinnustöðvun í iðngrein, sé nemum ekki skylt að vinna, meðan hún stendur. Nemum er nú bannað að vera í sveinafélögum og félögunum bannað að veita þeim vernd í vinnudeilum, og þarf þá löggjöfin að líta á það.

Frsm. (Emil Jónsson): Viðvíkjandi þessum aths. hv. 11. landsk. skal ég taka fram, að það er rétt, sem hann sagði, að einstakir nm. áskildu sér rétt til að koma með frekari brtt. við l. eða styðja aðrar, er fram kæmu, en hins vegar mig eigi, að neinn nm. kæmi með brtt. við það, sem n. óskipt hafði komið sér saman um að flytja, slíkt finnst mér nú koma úr hörðustu átt.
Í l. frá 1940 var 4. gr. orðuð þannig, að meistarar máttu aldrei hafa fleiri nemendur en sveina, og færu sveinar frá þeim, urðu þeir óviljandi lögbrjótar, með því að þeir höfðu nema samningsbundna til langs tíma og sveinar fengust ekki. 2. gr. frv. átti að færa l. í það horf, að þau yrðu framkvæmanleg. Ég hefði heldur kosið l. þarna óbreytt, en það verður þá að vera unnt að framkvæma þau. Það er meining l., að sveinn eigi að fylgja hverjum nemanda, og sú meginregla raskast ekki við breyt. í frv. Í þeirri breyt. tel ég ekki felast þá hættu, að sveinum fjölgi um of. Í l. eru sveinafélögum tryggð áhrif á það, hve nemendur megi vera margir, og meðan sá íhlutunarréttur er tryggður, er hinn yfirlýsti höfuðtilgangur brtt. á þskj. 379 þarfleysa. Með

seinni brtt. gegnir nokkuð öðru máli. Það atriði var rætt hér á þingi fyrir ekki löngu og tilsvarandi ákvæði tekið út úr l., og ég býst ekki við, að þm. hafi skipt þar svo um skoðun, að mikið þýði að fara fram á þessa breytingu. Ég efast um, að unnt verði að fella þessar brtt. inn í l. án þess að breyta um leið mörgu öðru, sem til árekstra gæti þarna leitt. Þegar nemendur hafa gert einkasamning hver um sig við meistara sinn, eru þeir honum miklu bundnari en sveinar, sem ráðnir eru með kjörum ákveðnum af félögum fyrir stéttarheild, og það er ekki hægt með svona lagabreyt. að leysa nemandann undan öllum skuldbindingum.

Ég vænti þess, að frv. verði samþ. eins og það er.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Hv. þm. Hafnf. ásakar mig um að flytja brtt. við það, sem n. hafi verið sammála að bera öll fram. En brtt. mínar við l. frá 1940 eru ekki breyt. á till. n., þótt þær séu afleiðing af 2. gr. í frv. n., og þann rétt áskildi ég mér að flytja eða styðja slíkar brtt. Það tjáði ég ákveðið formanni n. Hv. þm. Hafnf. var líka vel kunnugt, að ég var mótfallinn 2. gr. frv., nema eitthvað kæmi til mótvægis. Hann tók fram, að greinin er sett af því, að eldra ákvæði var óframkvæmanlegt, það var gat í lögin. En er betra að bæta það með því að gera nýtt og verra gat í l.? Annars vísa ég til þess, sem ég sagði um álit sveinafélaganna, sem standa að brtt. Þau telja, að þarna eigi þau brýnna hagsmuna að gæta.

ATKVGR.
Brtt. 379,1, felld með 14:6 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 379,2, felld með 16:7 atkv.
2. gr. samþ. með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, JörB.
nei: EOl, SigfS, SG, ÞG, ÁkJ.
STh greiddi ekki atkv.
7 þm. (GG, GTh, JJós, LJós, PO, BÁ, BFB) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

25. Stríðsgróðaskattur.

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 21. maí 1942, um stríðsgróðaskatt (þmfrv., A. 291).

Á 41., 42., 43. og 45. fundi í Nd., 3., 8., 10. og 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 612).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál lengi til meðferðar, en hefur ekki orðið fyllilega sammála um það, þótt hún hafi ekki gefið út nema eitt nál. Frv. þetta er eiginlega í tveim höfuðatriðum; annað þeirra fjallar um það, að hækka þann hluta stríðsgróðaskattsins, sem skiptist milli bæjar- og sýslufélaga, þar sem enginn stríðsgróðaskattur er greiddur, úr 5% upp í 15%, en hitt atriðið er það, að þau bæjar- og sýslufélög, sem að vísu fá skatt sem hluta af stríðsgróðaskatti samkv. 2. gr., en er lægri en þau mundu fá samkv. 3. gr., skuli fá stríðsgróðaskatt samkvæmt þeirri gr. Þetta mun hafa verið framkvæmt þannig, að minnsta kosti af stjórn Sjálfstfl. Ef l. hefðu verið framkvæmd samkv. orðanna hljóðan, þá hefði t. d. Siglufjörður eitt árið átt að fá 146 kr. í stað þess að fá skatt samkv. 3. gr., sem gerði 16000 kr. — Hér er því ekki verið að gera annað en að staðfesta „praksis", sem verið hefur. N. gat ekki verið sammála um að hækka stríðsgróðaskattshlutann, sem úthlutað er samkv. 3. gr. Í nál. er birt bréf frá eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna og brtt., sem hann leggur fram, en n. varð þó ekki sammála um að taka upp, þó að ekki sé hægt að neita því, að hún sé að nokkru leyti til bóta, og er það til athugunar, hvort ástæða er til að taka hana upp. Á þessu stigi málsins hef ég ekki gert frekari till. um þetta, en ég býst við, að nm. telji sig hafa

óbundnar hendur við að flytja brtt., þó að þeir hafi hafnað því, sem felst í frv.

Samkvæmt þessu hefur minni hl. n., sem er ég einn, lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, en meiri hl. leggur til, að þessum 5% í 3. gr. l. verði ekki breytt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér þykja þær undirtektir, sem fjhn. hefur veitt þessu frv., vera heldur daufar. Aðaltilgangurinn með þessu frv. var sá að hækka þann hundraðshluta, sem sýslu- og bæjarfélög fá af stríðsgróðaskatti. Oft hefur verið rætt um það hér, að bæjar- og sveitarfélög séu mjög þurfi fyrir aukna tekjustofna, og nú á þessum tímum, þegar innheimtur er mjög verulegur stríðsgróðaskattur, þá virðist ekki óeðlilegt, að þau bæjar- og sveitarfélög, þar sem þannig háttar til um, að lítill stríðsgróðaskattur fellur til, fái nokkra hlutdeild í þessum skatti, sem rennur til ríkissjóðs. Þessi hluti bæjar- og sveitarfélaga hefur verið fram til þessa 5% af stríðsgróðaskattinum. Hins vegar hafa þau bæjar- og sveitarfélög, sem fá 45% af áföllnum stríðsgróðaskatti á viðkomandi stað, fengið á þennan hátt allverulegar upphæðir, og auðvitað hæstar í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem mestur hluti stríðsgróðans fellur til. En fjöldi annarra bæjarfélaga hefur fengið mjög lítið í sinn hlut, — sem hafa fengið þessi 5%. Um leið og ákveðið var, að þessi bæjar- og sýslufélög fengju 5% af stríðsgróðaskattinum, var fellt niður ákvæðið um, að þessi félög fengju 12½% af áföllnum tekjuskatti á viðkomandi stað. En nú hefur það sýnt sig, að í flestum þessara bæjar- og sveitarfélaga nema þessi 5% tæplega því, sem þau voru svipt með því að taka af þeim 12½% af áföllnum tekjuskatti. Í raun og veru má segja, að þau hafi ekki fengið nokkurn hlut af þessum stríðsgróðaskatti, því að það, sem þau fengu af honum, kemur rétt upp á móti því, sem þau höfðu fyrr samkv. öðrum l. — Það, sem vakti fyrir mér, var að hækka nokkuð þann heildarhlut, sem af þessum skatti gengi til bæjar- og sýslufélaga, eða úr 5% upp í 15%. En meiri hl. hv. fjvn. vill ekki hreyfa við þessu ákvæði, ekki einu sinni hreyfa við þeim ákvæðum, sem gilt hafa um dreifingu þessarar litlu upphæðar. Þó hefur eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna gert allýtarlegar tillögur til n. um það, hvernig haga mætti úthlutun þessa fjár. Og hann leggur einnig til, að 10% af stríðsgróðaskattinum verði tekið og skipt á milli sýslufélaga, bæjarfélaga og hreppsfélaga. Ég álít þá uppástungu, sem kemur fram frá þessum manni, mjög athyglisverða. Ég álít það form, sem hann bendir á um úthlutun á þessu fé, til verulega mikillar réttlætingar frá því, sem verið hefur. En það virðist vera svo hjá meiri hl. hv. fjhn., að stefnan sé að hreyfa alls ekki við þessu né auka framlagið af stríðsgróðaskatti til bæjar- og sveitarfélaga og að fara ekkert inn á að hreyfa við þeirri reglu, sem farið hefur verið eftir um skiptingu þessa fjár. En það þýðir kannske ekkert að fást um það. Það verður að sýna sig í hv. d., hvort meiri hl. hv. þm. lítur svo á, að það sé réttmætt að neita bæjar- og sýslufélögum þeim, sem lítinn stríðsgróðaskatt hafa, um dálítið ríflegra framlag af þessu fé en þau hingað til hafa fengið. En ég vil alveg sérstaklega undirstrika þetta, að þessi litla hlutdeild, sem bæjar- og sýslufélög hafa fengið í stríðsgróðaskattinum, hún rétt aðeins vegur upp á móti því, sem þau höfðu áður með öðrum l., en tekið var út, þegar þetta ákvæði var sett inn, um hlutdeild þeirra í stríðsgróðaskattinum. Það má því segja, að þau fái ekki neitt af þessum stríðsgróðaskatti. En ef hæstv. Alþ. vill ekki breyta þessu, verður vitanlega við það að sitja. Bæjarfélögin hafa fundið, að lítill skilningur er á hæstv. Alþ. um þetta atriði, að það þurfi að gefa þeim aukin skilyrði til þess að afla sér tekna. En mér hafði skilizt á allmörgum hv. þm., að þeir vissu mjög vel, að full þörf er á að breyta þarna um og að full sanngirni er, að hlutdeild bæjar- og sýslufélaga verði aukin í stríðsgróðaskattinum frá því, sem nú er. Vil ég því eindregið mælast til þess, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en brtt. hv. meiri hl. fjhn. við frv. verði ekki samþ.

Jakob Möller. Út af aths. hv. 6. landsk. þm. (LJós) vil ég víkja aðeins að því, að ég sem fjhnmaður get ekki fallizt á að hækka þessa hlutdeild í stríðsgróðaskattinum vegna þeirra bæjar- og sýslufélaga, sem enginn stríðsgróðaskattur er greiddur í. Frá mínu sjónarmiði væri allt öðru máli að gegna, ef um það væri að ræða að veita hlutdeild í tekjuskattinum, reglulegum tekjuskatti, sem greiddur er til ríkissjóðs, vegna þess að tekjuskattur er víðast hvar greiddur, en stríðsgróðaskatturinn er tekjustofn þeirra sveitarfélaga, þar sem hann fellur til. Og þegar gengið hefur verið inn á þá braut að ætla þeim sveitar- og bæjarfélögum sérstakl., þar sem stríðsgróðaskattur fellur til, hlut af honum, þá byggist það á því, að með því að taka stríðsgróðaskattinn sé gengið á tekjustofna þeirra bæjar- og sveitarfélaga. En um slíkt er ekki að ræða, þar sem enginn stríðsgróðaskattur er greiddur. Þess vegna horfir þetta öðruvísi við, þegar fara á inn á þá leið að láta önnur bæjar- eða sveitarfélög en þau, sem greiða stríðsgróðaskatt, fá hlutdeild í honum, því að þá er verið að gera þau sveitarfélög, sem greiða ekki stríðsgróðaskatt, þátttakandi í tekjustofnum annarra sveitarfélaga. Og það er ákaflega mikið umdeilanlegt, hvort það er réttlætanlegt á nokkurn hátt.

En hins vegar geri ég ráð fyrir því í sameiginlegu nál. meiri hl. fjhn., sem mælir á móti því, að þessi hækkun verði gerð, sem í frv. er gert ráð fyrir, á hlutdeild bæjar- og sýslufélaga í stríðsgróðaskattinum, að ekki sé fært að ganga lengra í því að skerða þessar tekjur ríkissjóðs með því að hækka þennan hlut úr 5% í 15%.

Lúðvík Jósefsson: Út af þeim ummælum, sem hér féllu hjá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), vil ég segja það, að þetta mál liggur hreint ekki þannig fyrir, að um það sé að ræða, að þótt hlutdeild þessara bæjar- og sýslufélaga af stríðsgróðaskatti verði aukin eins og hér er lagt til, frá því sem verið hefur, þá verði það á nokkurn hátt til þess að skerða samkv. núverandi 1. hluta þeirra

bæjar- og sveitarfélaga, sem nú fá 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem á er lagður hjá þeim hverju fyrir sig. Það verður ekki á nokkurn hátt. Þau fá nákvæmlega jafn mikið af þeim hluta, þó að þetta frv. verði samþ., eftir sem áður. En sá einn munur, sem á þessu yrði, er, að ríkið kæmi til með að sleppa nokkru af því, sem það hefur. Það, sem því hefur ráðið úrslitum hjá hv. meiri hl. fjhn., er það, sem síðast kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að þeir hafa ekki álitið, að ríkið mætti við því að sleppa þeirri fjárhæð, sem hér ræðir um, en ekki hitt, að í raun og veru væri verið að draga til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem greiða ekki stríðsgróðaskatt, af þeim skatti, sem önnur bæjar- og sveitarfélög ættu, þar sem stríðsgróðaskattur væri á lagður.

ATKVGR.
Brtt. 612 (ný 1. gr.) samþ. með 16:6 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 629).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. og 66. fundi í Ed., 13. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 15.. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Bernharð Stefánsson: Hafi það verið hið sama og að drepa næsta mál á undan (frv. um laun háskólakennara) að vísa því til n., þá á það ekki síður við um þetta mál. Ég skal ekki segja, hvort undirbúningur málsins, sem var á dagskrá hér á undan, og upplýsingar þær, sem fyrir liggja um það, eru eins rækilegar og um þetta mál. Ég vil leyfa mér að benda á það, að mál þetta fékk rækilega meðferð í fjhn. Nd. og n. var sammála um það og lagði til, að það yrði afgr. í því formi, sem það hefur nú. Þeim hv. dm., sem kynnu að líta svo á, að málið lægi ekki nógu ljóst fyrir, vil ég benda á, að allýtarleg fylgiskjöl eru með nál. Nd., sem mikilsverðar upplýsingar eru í. Að vísu er engin till. komin fram um að vísa málinu til n. og þetta því e. t. v. óþarfi, en ef till. kemur fram, vil ég fara fram á, að hv. þm. hugsi sig um, áður en þeir samþ. hana, því að þá brygði að minnsta kosti til beggja vona um það, hvort málið nær fram að ganga á þessu þ., en það væri illt, ef þetta mál dagaði uppi.

Bjarni Benediktsson: Ég vil gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað til n. Ég álít, að hv. d. geti ekki fallizt á það, að hingað séu send mál á síðasta degi þ. og þeim fleygt í gegn, án þess að n. fjalli um þau, enda nægileg reynsla fyrir því, að slíkt hefur ekki gefizt vel.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, skal ég ekki ræða efnislega að öðru en því, að það þyrfti miklu rækilegri endurskoðunar við en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég hafði hugsað mér að koma með till. í þá átt, en lét það undir höfuð leggjast, af því að ég vissi um þetta frv. í Nd. og ég hélt, að ég mundi hafa svigrúm til að bera fram till. hér um enn frekari ráðstafanir. En þó er það svo, að ég hefði kosið að athuga þetta mál rækilegar, auk þess sem þar við bætist, að engum hagsmunum er stefnt í hættu, því að hægt er að taka málið upp í janúar og afgreiða það þá fljótt, því að það mundi þá njóta góðs af nefndarmeðferð nú, enda mundu ákvæði frv. ekki koma til greina fyrr en við næstu álagningu stríðsgróðaskatts. En aðalatriðið er, að þessi hv. d. getur ekki látið bjóða sér það, að málin séu rekin í gegn, án þess að þau fái þinglega meðferð.

Gísli Jónsson: Ég vil taka undir með hv. 6. þm. Reykv. um það, að málinu sé vísað til n. Það er óviðunandi, að málið verði látið fara gegnum hv. d., án þess að það fái þinglega meðferð, og hv. d. hefur fengið þá reynslu í þessum efnum, sem ætti að verða víti til varnaðar. Auk þess vil ég benda á, að frágangur Nd. er engin lausn á málinu. Tekjustofnar hinna smáu sveitarfélaga eru svo litlir, að til stórvandræða horfir, og úr því þarf að bæta. Samkv. útsvarsl. hefur það komið fyrir, að sveitarfélög hafa orðið að endurgreiða til manna, sem orðið hafa að leita atvinnu utan sveitarfélagsins, meiri upphæðir en unnt hefur verið að leggja á þá heima fyrir. Það kemur raunar ekki þessum l. við, en sýnir ástandið.

Ég tel nauðsynlegt, að þetta mál fari í n., til þess að athugað verði, hvort ekki sé hægt að koma því betur fyrir með tilliti til hinna fátæku hreppa úti á landinu.

Bernharð Stefánsson: Ég er sammála hv. 6. þm. Reykv. um, að það sé ósiður, sem tíðkazt hefur á síðari tímum, að málin komi hingað til Ed. á síðustu dögum þ. og ætlazt sé til, að þau séu samþ. hér óbreytt, af því að ekki vinnst tími til að afgr. þau með öðru móti. En áðan beindi ég nú máli mínu eiginlega fyrst og fremst til þeirra manna, sem voru á móti því, að næsta mál á undan færi til n. Ég vil sízt draga úr því, að þessi hv. d. mótmæli með einhverjum hætti þeirri framkomu, sem hv. Nd. hefur stundum leyft sér gagnvart henni, en á hinn bóginn er á það að líta, hvort nokkur ávinningur er að því, að þetta mál nái fram að ganga eða ekki.

Hv. 6. þm. Reykv. sagðist hafa óskað að bera fram brtt., en beðið með það, af því að þetta frv. hafi legið fyrir hv. Nd. Nú er vonlaust um, að þó að frv. væri vísað til n. og hv. þn. gæti komið brtt. að, að það gæti orðið að l. á þessu

þingi. Hæstv. forseti Sþ. hefur gefið í skyn, að þingi muni verða slitið á föstudag. Það segir sig sjálft, að frv. það, sem hér er til 1. umr. og á að fara til n. o. s. frv., getur ekki fengið afgreiðslu á þessu þingi, jafnvel þó að því yrði ekki slitið fyrr en á laugardag.

Viðvíkjandi því, að það megi taka það upp á næsta þingi, þá er það satt, en svo er líka um öll óafgreidd mál.

Annars var ræða hv. 2. þm. Barð. um útsvarsl., en ekki þessi l., sem hér er ráðgert að breyta, þó að þetta sé skylt hvort öðru.

Gísli Jónsson: Ég vil benda á, að þó að ég ræddi um útsvarsl., þá ræddi ég einnig um, að afla þyrfti tekna gegnum smærri álagningar á einstaklinga, en ekki gegnum stríðsgróðaskattinn.

Við athugun á fylgiskjali III. á þskj. 612 sé ég, að Barðastrandarsýsla mundi fá meira en helmingi minna en hún fær nú, ef l. þessum er breytt. Ég mótmæli því. Ég sé, að ýmsar aðrar sýslur hafa hagnað af því, m. a. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður, en ég vænti, að það komi ekki til að ráða atkv. hv. þm., hvað sýslur þeirra græða á kostnað annarra. Ég held því fast við þá kröfu, að málið fari í n. og fái þinglega afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, BBen, EE, GS, GÍG.

nei: JJ, KA, BSt, BrB, StgrA.

HG, HermJ, IngP greiddu ekki atkv.

2 þm. (PM, ÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu.

Ingvar Pálmason: Ég sé ekki, að það skipti miklu máli, hvort þessu frv. verður vísað til n. eða ekki, og greiði því ekki atkv.

Haraldur Guðmundsson: Með sama rökstuðningi og hv. 1. þm. S.-M. sit ég hjá.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

26. Siglingalög.

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 (þmfrv., A. 292).

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þessa framsöguræðu mína stutta.

Þessar breyt., sem hér er lagt til, að gerðar verði á siglingal., miða að tvennu og í fyrsta lagi að því, hvernig skipta beri björgunarlaunum milli skipverja innbyrðis. Eins og nú er, fá skipverjar ⅓ hluta björgunarlaunanna í sinn hlut, en af því á skipstjóri að fá helming. En hér er lagt til, að björgunarlaununum skuli skipt í réttu hlutfalli við tekjur skipverja og að svo skuli skipstjóri fá til viðbótar frá útgerðarmanni það, sem á vantar, til þess að hann fái samtals ⅓ hluta þess, sem skipt var milli skipshafnarinnar.

Þá er það önnur breyt. Eins og nú er, þá gera l. mun á björgunarlaunum fyrir seglskip og gufuskip, þannig að skipshöfn fái hærri björgunarlaun, ef það er seglskip, sem bjargar. Hér er enginn greinarmunur gerður á því, hvers konar skip það er, sem bjargar, því að seglskip eru nú að heita má úr sögunni, þannig að það hefur enga „praktiska" þýðingu að hafa þarna sérstakt ákvæði um þau, þar sem við höfum nú bara gufuskip og mótorskip.

Síðasta breytingin er svo sú, að undanskilja frá þessu skip, sem þegar hafa ákveðnar reglur um skiptingu björgunarlauna, en ákvæði um það er nú ekki til í lögum. En eins og kunnugt er, þá eru til l. um varðskip ríkisins, frá 1935, þar sem eru sérstök ákvæði um björgunarlaun, sem eru þó í flestum tilfellum eins nema að því, er snertir skipstjóra.

Svo er það loks, ef um björgunarskip er að ræða, þar sem skipshöfnin er beint ráðin til þess starfa með ákveðnum launum. Slík skip höfum við nú að vísu ekki, en það er altítt erlendis, að til séu heil félög, sem gera út slík björgunarskip. Þetta eru aðalbreyt., sem lagt er til með þessu frv., að gerðar verði.

Ég taldi rétt, að þetta frv. kæmi fram nú á þessu þingi, og ég tel mjög æskilegt, að það gæti fengið afgreiðslu nú, vegna þess að það hafa risið deilur um það, hvernig skipta beri björgunarlaunum, og þá einkum, þegar um fiskiskip er að ræða. Í gömlu l. er skiptingin miðuð við kaupgjald, en á fiskiskipum eru sumpart hlutaskipti, en sumpart fast kaup. Þetta frv. er því flutt til þess að varna ágreiningi, enda er full þörf á að samræma þetta, og mér þætti því mjög æskilegt, að Alþ. gæti afgreitt þetta mál nú á þessu þingi. Þótt siglingal. sjálf séu alþjóðleg, þá raskar þetta þeim á engan hátt, því að hver þjóð getur vitanlega haft sín eigin ákvæði um það, hvernig hún skiptir björgunarlaunum milli þegna sinna. Að lokum vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. JPálm og GTh).

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og l. nr. 66 31. des. 1937 (þmfrv., A. 310).

Á 42. og 43. fundi í Nd., 8. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér á þskj. 310 ásamt hv. þm. Snæf., felur í sér, að inn í mjólkursölul. skuli sett ákvæði um lögbindingu á verðjöfnunarsvæðunum, en ákvörðun á þeim hefur fram að þessu verið á valdi mjólkurverðlagsnefndar. Ég geri ráð fyrir því, að menn hafi veitt því athygli í grg., að tilgangur þessa frv. er að gefa þeim sýslum á Norður- og Vesturlandi, sem hafa möguleika á því að koma mjólk á markað í kaupstöðunum, tækifæri til þess með því að taka þær inn á verðlagssvæðin, enda er hægt að flytja mjólk úr þeim sýslum, sem við leggjum til, að teknar verði inn á verðlagssvæði Reykjavíkur, á jafnskömmum eða skemmri tíma en það tekur að flytja mjólkina úr þeim sveitum, sem nú eru fjarlægastar á verðlagssvæðinu. Þetta er nú orðið mögulegt vegna þess hve mjög ástandið hefur breytzt, síðan mjólkursölul. voru sett. Sú breyt. liggur einkum í því, að samgöngur hafa batnað mjög og auk þess hefur fólkinu í kaupstöðunum fjölgað meira en í hlutfalli við vöxt mjólkurframleiðslunnar á verðlagssvæðinu, þannig að það hefur komið í ljós, að framleiðslan hefur ekki fullnægt þörfinni fyrir mjólk og mjólkurafurðir, og hefur þetta komið gleggst fram í haust, þótt það hafi nokkuð sýnt sig áður, einkum með smjörið.

En aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. er þó sú, að atvinnuskilyrði í þeim héruðum, sem hér um ræðir, hafa breytzt mjög til hins verra, vegna þess að fjárpestirnar hafa höggvið mjög stórt skarð í fjárstofninn, svo að útlit er fyrir, að mjög verði örðugt um alla atvinnuhætti í þessum héruðum, ef þau eiga að bjargast á sauðfjárrækt eingöngu. Sama máli er að gegna með Suður-Þingeyjarsýslu, sem við höfum lagt til, að tekin verði upp á verðlagssvæði Akureyrar og Siglufjarðar. Þar mun ástandið nú vera einna verst á öllu landinu, vegna þess að þar lifa menn nær eingöngu á sauðfjárrækt og fjárpestirnar hafa gert þar enn þá tilfinnanlegri usla en víðast annars staðar á landinu. Það er staðhæft af mönnum þar norður frá, að það horfi til fullkominna vandræða, ef ekki verði fundin einhver ráð til úrbóta. Í Þingeyjarsýslu eru ekki góð skilyrði til mjólkurframleiðslu, en það gæti þó létt undir með mörgum, ef þeir gætu komið einhverri mjólk frá sér á markað.

Þessu frv. verður sennilega andmælt með þeim rökum, að úr þessum héruðum þurfi að flytja mjólkina svo langa leið að hún hljóti að verða léleg neyzluvara. En hluturinn er sá, að eins og ég gat um áðan, hafa samgöngur batnað svo mjög, að fjarlægðanna vegna munar það nær engu, þótt þessi héruð verði tekin inn á verðlagssvæðin.

Ég skal svo að öðru leyti láta nægja að vísa til grg. og mun ekki ræða þetta meira að sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni þessari umræðu.

Sveinbjörn Högnason: Það má nú segja, að það er margt furðulegt, sem kemur fram í sambandi við þessi mál, og þá ekki sízt frá þeim, sem hafa haldið uppi þrálátum ásökunum á mjólkursöluskipulagið, sem nú hefur staðið í 9 ár.

Eitt af því, sem hefur verið haldið fram, er það, að verðjöfnunarsvæðið hafi verið alltof stórt. Ég held, að það standi í grg. fyrir þál. um rannsóknarnefnd mjólkurmála frá hv. 2. flm. þessa frv., að nauðsynlegt sé að rannsaka, á hvern hátt gæði vörunnar verði bezt tryggð og við hver rök kvartanir um lélega og gallaða vöru hafi að styðjast. Hv. þm. A.-Húnv. mun hafa látið svipuð ummæli falla. Nú flytja svo þessir hv. þm. frv. um það að stækka verðjöfnunarsvæðið um nokkuð á fimmtu sýslu, og á það víst að vera einhver trygging fyrir auknum vörugæðum, því að í grg. segir, með leyfi hv. forseta: „auk þess sem þrálátar kvartanir hafa verið um litla vöruvöndun".

Nú er það kunnugt, að hér á verðjöfnunarsvæðinu sunnan lands eru mjólkurbú starfandi, sem geta tekið á móti mjólk úr tiltölulega litlum fjarlægðum. Og maður skyldi ætla, að undirstaðan undir sæmilegri vöruvöndun væri sú, að a. m. k. væru til mjólkurbú á svæðunum, sem mjólkin kemur frá, útbúin nauðsynlegustu tækjum til þess að geta meðhöndlað hana. Þess vegna er það að furða, að flm. þessa frv. leggi til, að bætt verði við verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur hér um bil 4½ sýslufélögum í mörg hundruð km fjarlægð frá Rvík, — sem eiga engin mjólkurbú til þess að meðhöndla vöruna. Manni skilst, að þessir mjólkurframleiðendur úr þessum 4½ sýslufélagi eigi að komast inn á mjólkurverðlagssvæði Rvíkur, mjólk þeirra eigi að nota sem neyzlumjólk og þeir eigi að flytja hana til mjólkurstöðvarinnar í Rvík, þegar hún verði fullgerð. Eins og kunnugt er, er hún ekki byggð til þess að fást við vinnsluvörur, heldur aðeins til þess að annast neyzlumjólk fyrir Reykjavíkurmarkaðinn. Hið eina hugsanlega er því, að þessi viðbót við mjólkurframleiðsluna, sem kemur frá héruðunum norðan lands eða úr þessum 4½ sýslufélögum, verði notuð sem neyzlumjólk, en aftur á móti eigi mjólkin úr héruðunum hér sunnanlands að fara til vinnslu.

Annað atriði finnst mér furðulegt, og það eru þau ummæli, sem flm. láta falla í grg., er frv. fylgir. Þeir segja, að mjög þrálátar deilur hafi staðið um mjólkurskipulagið hér sunnan lands, en engar norðanlands, þar hafi hins vegar allt verið í bezta lagi. Þeir láta skína í það, að þetta sé eingöngu þeim vondu mönnum að kenna, sem hafa hér með framkvæmd þessara mála að gera, *og svo hafi farið í þessum efnum*, að allt sé hér í þeim ólestri, að rannsaka þurfi þetta, sem hvert annað sakamál. Hvernig er þetta norðan lands? Fyrri flm. þessa frv. er úr héraði, sem hefur fullkomið mjólkurbú, sem getur unnið úr mjólk til vinnslu, og þetta er norðan lands. Það er ekki meira en 40—50 km langur vegur til þess að komast að þessu mjólkurbúi, sem vel getur tekið við mjólkinni. Á þessum slóðum á allt að vera í bezta lagi og engir vondir menn. Það er því undarlegt, að þessir hv. þm. geti ekki hugsað sér að fela mjólkina umsjá þessara góðu manna, heldur en að fara þessa þrjú-til fjögurhundruð km leið til þess að koma mjólkinni til hinna vondu manna, þar sem allt er í ólestri — og þar sem mjólkurbú eru alls ekki til að taka á móti þessari mjólk. Það virðist ekki vera neitt lítið traust, *sem þessir flm.* bera til þeirra manna, sem hafa hér sunnan lands með meðferð mjólkur að gera, ef þeir kjósa heldur að flytja mjólk sína 300—400 km vegalengd til mjólkurstöðvar, sem hefur enga aðstöðu til þess að vinna mjólk undir slíkum kringumstæðum, heldur en að senda hana aðeins 40—50 km vegalengd til mjólkurbús, sem hefur góða aðstöðu til að taka við mjólk þeirra.

Álíta þessir menn, að það sé sama, hvernig mjólkin er flutt, eða er meiningin hjá flm. aðeins sú, að það sé nóg að róta upp nógu miklu ryki, svo að enginn skilji neitt í neinu.

Flm. þessa frv. láta skína í það, að það sé einkasala á mjólkurafurðum, en þetta gildir aðeins um rjóma, það er engin einkasala á smjöri. — Í grg. láta þeir skína í, að m. a. af þessari ástæðu sé smjörekla og það þurfi því að flytja smjör inn í landið frá öðrum heimsálfum. Þeir álíta því, að úr þessu megi bæta með því að taka þessar sýslur inn á verðjöfnunarsvæðið. *Ég veit ekki betur en öllum sé frjálst* að framleiða smjör á þessum svæðum, hvort sem þeir eru á þessu umnefnda verðjöfnunarsvæði eða ekki, þannig að þetta er því eintóm blekking.

1. flm. þessa frv. tók fram í framsöguræðu sinni, að hér væri tilfinnanlegur mjólkurskortur og þó einkum smjörskortur, en það er kunnugt, að mjólkurskortur er hér aðeins í nokkrar vikur á hausti hverju, og er hann ekki meiri en svo, að aðeins 7% vantar upp á til þess að fullnægja markaðinum að öðru leyti. Nú, þegar þessi mjólkurskortur er um garð genginn, eru um 25 þús. lítrar mjólkur seldir á dag, en voru 24 þús., þegar mjólkurskortur var sem mestur, þannig að fjölskylda, sem kaupir vanalega 10 lítra mjólkur, hefði getað keypt 9¼ lítra, meðan mjólkurskortur var. Svo heldur hann fram, að þetta fyrirkomulag, að hafa verðjöfnunarsvæðið ekki stærra, sé til þess að útiloka smáframleiðendur frá markaðnum, þó að vitað sé, að þeir hafa sömu aðstöðu til smjörframleiðslu og til að selja smjörið sem aðrir hér á þessum markaði.

Það er mjög margt í þessu sambandi, sem væri þess vert að ræða um. Verðjöfnunarsvæðið hér var síðar stækkað um einn hrepp í Snæfellsnessýslu og annan í Vestur-Skaptafellssýslu, og var það gert eftir ósk þeirra manna, er þar áttu hlut að máli og töldu sig vera færa um að hafa þessa sölu. Nú er mér kunnugt um, að menn á þessum svæðum hafa farið fram á, að breyt. verði á þessu gerð, og hafa þeir engan áhuga á að komast inn á þetta verðjöfnunarsvæði, því að bændur, sem hafa hugsað þetta mál, vita, að það er ekki hægt að hugsa um mjólkursölu fyrir þá í stórum stíl öðruvísi en til að reyna grundvöllinn. Nú er svo komið, að fram er komið frv. um, að bændur á þessu stóra svæði komist inn á verðjöfnunarsvæðið hér, svo að þeir geti farið að stunda mjólkursölu. En engum manni, sem þekkir til, dettur í hug, að bændur, sem ég veit, að eru vel skyni bornir, verði þessu glaðir, og veit ég, að bændur á Norðurlandi geta ekki hugsað til þess að flytja mjólk sína til mjólkurstöðvar í Reykjavík, sem *hefur engan útbúnað til að taka á móti mjólk* til vinnslu, heldur eingöngu sölumjólk. Þetta frv., sem nú er það síðasta í langri röð viðvíkjandi mjólkurskipulaginu, sýnir ljóslega, hversu þeir menn, sem mest halda uppi áróðri gegn mjólkurskipulaginu, hafa lítil rök að færa fyrir máli sínu. Það dettur engum í hug, sem þekkir til þessarar framleiðslu, að hægt sé að halda hér uppi mjólkursölu frá Norðurlandi án þess að hafa nokkra mjólkurstöð, sem geti tekið á móti mjólk til vinnslu, og ég held, að enginn hafi komizt jafnlangt í yfirborðshætti og flm. þessa frv., enda stangast hver röksemdin á við aðra í grg. þess. Ég mun nú ekki ræða þetta miklu meira, en það er aðeins eitt í frv., sem mér og öðrum fleiri ætti að vera þökk á, en það er að sjá það mikla traust, sem þessir tveir flm. sýna mjólkurmálunum hér sunnan lands. Nú treysta þeir engum öðrum til þess að leysa þetta mál nema þessum slæmu mönnum hér sunnanlands, þótt þeir hafi engin tæki til þess að framkvæma þetta, *en gefa engan gaum að mjólkurbúi í 30—40 km fjarlægð*, sem er fært um að taka þetta að sér, og er þetta því meiri traustsyfirlýsing til okkar Sunnlendinga en Norðlendinga. Annars gef ég lítið fyrir yfirlýsingar frá þessum mönnum, hvort sem þær lýsa trausti eða vantrausti, því að málflutningur þeirra er á þá leið, að annan daginn halda þeir uppi árás á mjólkurfyrirkomulagið, en hinn daginn gefa þeir út traustsyfirlýsingu á það, og verður nú Alþ. að taka plögg þessi til meðferðar, eftir því sem undirbúningur og aðstaða frv. verður.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það er nú engin ný bóla, þótt hér á Alþ. sé rætt um mjólk. Þó kom í ljós af ræðu hv. V.-Sk., að hann einn þykist vita allt, sem þarf að vita um þetta mál, en allt, sem aðrir leggja til þeirra mála, sé tóm vitleysa, og er þetta að vísu atriði, sem við hér í d. erum búnir að venjast, allt frá því að þetta mjólkurskipulag hófst.

Ég mun víkja fyrst að því, sem þessi hv. þm. að vísu endaði mál sitt á, en það var, að röksemdir mínar og annarra flm. till. þeirrar, sem hér um ræðir, stangist svo á, að annan daginn væri málflutningur okkar árásir og illgirni gegn skipulagi mjólkurmálanna, en hinn daginn ótakmarkaðar traustsyfirlýsingar. Þetta getur alls ekki átt við mig, því að ég hef ekki flutt neina árás á þennan hv. þm., svo að hann þarf ekki þess vegna að vera með neinar umkvartanir í þessum efnum. En hins vegar er ekki heldur rétt, að ég sé að sýna honum eða meðstjórnendum hans í mjólkursamsölunni neitt sérstakt oftraust í þessum efnum, vegna þess að ég reikna ekki með því, að við eigum að miða löggjöfina varðandi mjólkursölu héraða landsins við það, að þessir menn verði þarna alltaf við stjórn, og vona ég, að þeir verði þar ekki eilífir augnakarlar. En til þess að hægt verði að nota miklu meira af mjólk og öðrum vörum, sem úr henni eru unnar, þá tel ég einmitt undirstöðuatriðið, að hægt verði að koma á meiri friði um þessi mál en verið hefur fram til þessa. En út í það skal ég ekki fara nú. Það er því ekki út í bláinn, þar sem sagt er í grg. fyrir þessu frv., að um þetta mál hafi staðið þrálátar deilur, þótt þar með sé ekkert um það sagt, hverjum þær deilur séu sérstaklega að kenna, enda er það mál, sem liggur ekki fyrir varðandi þetta frv. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki flutt neinar aðrar till. um mjólkurframleiðslu en þetta frv., en það er alveg augljóst mál, að til þess að unnt sé að koma því í kring að koma á mjólkurframleiðslu, svo að nokkru nemi, á þeim svæðum, sem við leggjum til, að bætt verði við, er undirstaðan sú, að menn á þessum svæðum fái tryggingu fyrir því hjá löggjafarvaldinu að þeir fái að njóta sama réttar og aðrir annars staðar á landinu.

Þess er að gæta, að nú er orðin breytt aðstaða, að því er þetta snertir, frá því, sem verið hefur. Að undanförnu hefur einn aðalþátturinn í deilum þeim, sem hér hafa staðið, verið viðvíkjandi verðdeilum, en því er þó ekki til að dreifa hér, vegna þess að verðið, sem bændur eiga að fá fyrir mjólk, er lögbundið, og lítum við flm. svo á, að í þessu felist mikil ósanngirni, sem sé, að þetta verð, sem er miðað við framleiðslukostnað, skuli eingöngu vera til hagsbóta fyrir nokkur héruð, en önnur útilokuð frá þeim á komandi árum. Til þess því að undirbúa, að hægt sé að koma því í kring, að þessi fjögur héruð, sem við leggjum til, að bætt verði við, geti hafið framleiðslu í þeim stíl, er hér um ræðir, þá er fyrsta skilyrðið það, að þau geti notið sama réttar og önnur héruð á landinu. Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að þetta skilyrði er ekki fyrir hendi eins og nú stendur á, því að í viðkomandi héruðum eru ekki til fullnægjandi mjólkurbú. Og líkur eru ekki til þess, að bændur á þessum svæðum sjái sér fært að leggja út í að skapa sér aðstöðu í þessu sambandi, meðan þeir hafa ekki vissu fyrir því að fá að njóta sama réttar og aðrir landsmenn. Hins vegar er vegalengdin ekki meiri en fjögurra klst. leið frá fjarlægasta stað, sem hér um ræðir, en það er leiðin Blönduós—Borgarnes, og ef möguleiki væri á að taka við meiri mjólk hjá mjólkurbúinu í Borgarnesi, er það tækifæri, sem gæti komið til athugunar.

Þá skal ég ofurlítið víkja að því, sem hv. þm. V.-Sk. gerði mjög mikið úr og fjallaði um það, að í því fælist undarleg mótsögn af minni hálfu, að ég væri sannfærður um, að verra lægi í þessum málum hér sunnan lands en norðan, en vildi samt senda mjólkina hingað suður í stað þess að senda hana í næstu mjólkurstöð, 40—50 km leið. Þessu er því til að svara, að þegar hann talar um mótsögn í þessum efnum, stafar það eingöngu af athugunarleysi, því að það er algengt á vetrum, að meginhluti leiðarinnar frá Húnavatnssýslu er fær til Borgarness, þó að ófært sé frá Sauðárkrók, af þeirri ástæðu, að Holtavörðuheiði er oft fær, þó að Vatnsskarð sé ófært, og er þetta atriði, sem liggur undir athugun, hvort menn vilja skipta Húnavatnssýslu um Blöndu, þannig að austurhlutinn fylgi Norðurlandi, en vesturhlutinn Suðurlandi. En það, sem annars gerir það verkum, að öll þessi sýsla ætti að fylgja Suðurlandi, er, að flutningaleiðin þaðan er betri suður en norður og austur. Áður en hafizt er handa á þessu, er þó aðalatriðið að fá tryggingu fyrir því með þessu frv., að þessi héruð fái að njóta sömu réttinda og önnur þau, er nú stunda mjólkursölu á verðjöfnunarsvæðinu. Svo er eitt atriði í þessu sambandi, sem ég tel mjög athugunarvert og kom það fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann vildi halda því fram, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að við í þessum héruðum, er hér um ræðir, gætum framleitt smjör og selt það á markaði hér, og þess vegna þyrftum við ekki að kvarta. Ég vil spyrja hann að því, hvort honum mundi finnast það girnilegt fyrir þau héruð, sem hann hefur stjórn yfir sunnanlands, ef ekki væri byggt á neinu nema smásölu og ekki nein verðjöfnun að öðru leyti, heldur yrðu að búa eingöngu við það að fá fyrir vörur sínar það, sem hægt er að selja vinnsluvörur fyrir. Þess vegna eru þessar röksemdir hans um það, að engra breytinga sé þörf, vegna þess að við getum selt smjör og ost, augljós sönnun þess, að hann vill ekki leyfa þeim, sem búa í umræddum héruðum, að njóta sömu réttinda og þeir, sem búa sunnan lands eða í nágrenni Reykjavíkur.

Að öðru leyti held ég, að ekki sé ástæða að fara um þetta fleiri orðum, því að það, sem fram kom í ræðu hv. þm. V.-Sk. að öðru leyti, var ekkert nema þessi venjulegi skætingur, sem ekki er ástæða til að svara.

Sveinbjörn Högnason: Ég hélt nú satt að segja, að hv. þm. A.-Húnv. hefði það mikinn skilning á sjálfum sér og sinni framkomu, að það eru aðrir, sem ferst betur að tala um skæting hjá mönnum en honum, en það er misjafnt, hvað sjálfsvirðing manna nær, og er auðvitað ekkert við því að segja. Hann segist engar árásir hafa flutt hér gegn mér, en mikið má nú minnisleysi hans vera, ef hann man það ekki, að í hvert skipti, sem mjólkurmálið hefur komið

til umr. hér á Alþ., þá hefur ekkert komið frá honum nema skætingur einn, og munu þingtíðindin bera þess vitni.

Hv. þm. A.-Húnv. segir, að það sé misskilningur, að við hinir sömu verðum alltaf í stjórn. En eftir öllum líkindum að dæma verðum við í stjórn þetta ár, og ætli hann að bíða eftir stjórnarbreyt., þá verður hann sennil. að bíða eitt þing enn. — Þá finnst mér það óviðkunnanlegt, að þessi maður skuli bera það fram, að friðurinn sé undirstaða, sem allt byggist á, — þessi líka friðarpostuli, sem hefur nú valið þann kostinn að fylla flokk þeirra, sem ætíð efla ófrið. Han ætti að minnsta kosti að reyna, áður en hann talar meira um frið, að gera sér grein fyrir, að réttur skilningur á málunum er fyrsta skilyrðið til friðar. Og þá er það nauðsynlegt að verða ekki tvísaga, en það hefur því miður hent þennan ágæta mann. Annars vegar segir hann, að mjólkin hér í Reykjavík sé slæm, af því að verðlagssvæðið sé of stórt og flutningar of langir, en hins vegar leggur hann til, að verðlagssvæðin séu stækkuð stórlega. Ég vil ekki nota stór orð í þessu sambandi, en það getur ekki farið hjá því, að mér kemur einatt í hug dómur, sem ein tegund manna fékk. „Vei yður, þér hræsnarar".

Þá segir hv. þm. A.-Húnv., að verðlagið sé aðalatriðið. Þetta er ekki rétt, eins og skýrslur hafa sýnt, er hér hafa verið lagðar fram. Verðið hefur aldrei verið verulegt ágreiningsatriði.

Í grg. frv. segir: „Þeir bændur, sem fjær búa og útilokaðir hafa verið frá að njóta þeirra hlunninda, sem þessi einkasölu- og verðjöfnunarlög hafa skapað þeim sveitum, er þau eru sett fyrir, munu flestir hafa litið svo á, að þeim gæfist ekki svo fljótt færi á að rjúfa hringinn og komast sjálfir með sína framleiðslu á hinn lokaða markað".

Ég held, að það sé alveg nýtt, ef þessir þm. telja það hlunnindi fyrir bændur að hafa þessa stjórn og þetta verðlag, og grun hef ég um, að annar þeirra hafi haft í smíðum till. um að afnema þetta skipulag. En nú lætur hann sem hann vilji koma kjósendum sínum undir þetta ok. Þetta mundi undra mig, ef ég væri ekki orðinn kunnugur framkomu þessara manna.

Mótsögnum þeim, er hér hafa komið fram, og öllum málaflutningi þessara manna þykir mér helzt mega líkja við það, sem útbreiðslumálaráðherra Þýzkalands sagði eitt sinn: „Það skiptir ekki máli, hvort það er satt, aðeins ef það kemur að gagni". — En ég vænti, að hér séu fleiri menn, sem hafa hugarfar Ara fróða og hugsi, að það skuli hafa í hverju máli, er réttara reynist. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp úr grg.: „Aðallega hafa komið til greina í þessu sambandi Reykjavík og Hafnarfjörður sunnan lands og Akureyri norðan lands. Jafnframt þessari einkasöluaðstöðu tryggja lögin verðjöfnun til hagsbóta fyrir þá, sem fjær búa, en á kostnað hinna, sem næstir eru sölustað".

Lögin hafa miðað að því að skapa jafnrétti meðal framleiðenda. Áður var það svo, að þeir, sem nær voru sölustað, fengu hærra verð. En það eina, sem er jafnrétti í þessu máli, er, að sama verð fáist fyrir sömu vöru á sama stað. Það er mesti misskilningur, að þessi mjólkursölulög séu hagsmunamál sveitanna. Það er allra hagur, að framleiðslan sé sem fullkomnust, og bændur hafa orðið þess varir, að þeir hafa orðið að leggja á sjálfa sig til að byggja mjólkurbúin. En þeim mun ekki finnast eðlilegt, að þeir, sem viljað hafa vinna samtökum þeirra allt ógagn, uppskeri nú árangur af starfi þeirra. Ég efast um, að margir framleiðendur innan núverandi verðlagssvæða kæri sig um, að þau verði stækkuð á þennan hátt. Og samkvæmt þeirri venju, að bændur reisi sjálfir sín mjólkurbú, þá er Sauðárkrókur hinn rétti staður til slíkra hluta fyrir Austur-Húnavatnssýslu. Við vitum, hvaða erfiðleikum það er bundið fyrir Borgnesinga að stunda mjólkursölu til Reykjavíkur, enda þótt sú mjólk hafi ekki komið norðan yfir Holtavörðuheiði. Annars liggur það eðlilega fyrir til athugunar, hvort ný verðlagssvæði og verðjöfnun geta ekki komið til greina, þegar samgöngur og flutningar komast í betra horf. En eins og sakir standa, tel ég það fráleitt að bæta inn á svæðin heilum héruðum.

Þá spurði hv. þm. A.-Húnv., hvort mér fyndist það réttlátt, að bændur úr sumum héruðum yrðu eingöngu að byggja á smjörsölu og engin verðjöfnun kæmi þar til greina. En þetta er það, sem við urðum einnig að gera, áður en við reistum okkar mjólkurbú. En það er vitanlega mikil og ánægjuleg framför að framleiða smjörið í mjólkurbúum, en ekki í heimahúsum og bjarga þannig ⅔ af verði þess úr höndum milliliða. En þetta er að þakka því skipulagi, sem þessir menn hafa alla tíð barizt á móti og reyna að eyðileggja á allan hátt. Og loks er það þýðingarlaust að samþykkja þetta frv., þar eð víst má telja, að ekkert mjólkurbú mundi sjá sér fært að taka við mjólk af þessum svæðum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er allundrandi yfir því að sjá þetta frv. frá þessum mönnum. Mér hefur ætíð skilizt hingað til, að þeir vildu takmarka verðjöfnunarsvæðið og minnka frá því, sem nú er, en ekki stækka það. Ég undrast þó sérstaklega, að hv. þm. A.-Húnv. skuli vera 1. flm. þessa frv. Ég get skilið þm. Snæf. Hann hefur löngum viljað allt skipulag í þessum málum feigt. Hann veit, að þegar kvartað hefur verið um vonda mjólk, hefur því verið borið við, að hún væri of langt að komin. Það er því af fjandskap einum við þetta mál, að hann ber fram þetta frv., þar eð það er líklegt til ógagns, yrði það samþ. Ég hefði ekki trúað, að þm. A.-Húnv. gæti gengið hið sama til, en ég tek þó að efast um hug hans í þessu máli.

Svo að ég víki að aukningu virðjöfnunarsvæðanna, þá hefur verið um það deilt, hvort Borgarnessvæðið ætti að vera með, sökum erfiðra flutninga. Og ekki nóg með það, að stækka eigi verðjöfnunarsvæðið, heldur á að bæta við þrem svæðum, en á engu þeirra er mjólkurbú, og því vantar þau öll grundvöll fyrir því að geta komizt inn í mjólkurskipulagið, eins og nú er. Hvar eiga Húnvetningar að safna sinni mjólk saman, hvar Dalamenn og hvar Snæfellingar? Ekkert þessara þriggja samtakasvæða geta unnið vörur úr mjólk sinni. Það vantar því frumskilyrði

þess, að hægt sé að framkvæma mjólkursöluna eins og lög gera ráð fyrir. Og það er enginn undirbúningur í þá átt. Það er vitað um hv. þm. Snæf., að honum gengur það eitt til, að með þessu móti sé hægara að ráðast á skipulag þessara mála og gagnrýna þau, ef eitthvað þykir vera hægt að finna að, og ég gruna hv. þm. A.-Húnv. um það sama, þótt ég eigi bágt með að trúa því á hann, — það verð ég að játa.

Með þessu er ekki verið að vinna að því, að hægara sé að koma mjólkinni á markaðinn, heldur er þetta gert, eins og ég sagði áðan, til þess að hægara sé að ráðast á skipulagið. Því stærra sem umdæmið er, því meiri líkur eru til þess, að eitthvað verði að, því fleiri höggstaðir og nokkur von um, að hægt verði að koma því svo fyrir, að mjólkurskipulagið verði lagt niður.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 16. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem nú er hér til 1. umr., er tiltölulega einfalt mál og hefði ekki átt að kosta miklar umr. í d., enda var sæmilega gerð grein fyrir því í grg., en það fór eins og áður, þegar minnzt er á mjólk í þessari d., að þá æsast þeir upp hv. þm. V.-Sk. og hv. 2. þm. N.-M., hafa allt á hornum sér og þjóta um allar landsins byggðir til að tala um ágæti sitt í framkvæmd sinni á þessu mjólkurmálasviði. Það leyndi sér ekki í ræðum þessara manna, að þeir ætla að reyna að koma í veg fyrir, að þeir menn, sem búa á því svæði, er með frv. á að bæta við verðjöfnunarsvæðið, verði aðnjótandi þeirra réttarbóta, sem ætla mætti, að af því gæti orðið, að þeir fengju aðstöðu til að selja mjólk á þeim markaði, sem til er beztur. Þessi barátta af þeirra hálfu er auðsjáanlega gerð í þeim tilgangi að viðhalda því einkaréttarskipulagi, sem á þessu er. Skal ég ekki langt út í það fara, því að ég gerði það í gær.

Hv. þm. V.-Sk. lagði á það megináherzlu, að það mundi af hálfu okkar flm. vera aðaltilgangurinn með þessu frv. að gera þeim óleik, sem nú selja mjólk á þessu verðjöfnunarsvæði, reyna að koma því til leiðar, að þetta skipulag eyðilegðist o. s. frv., því að eftir því sem hægt væri að koma að fleiri ágöllum á skipulagið, því hægara væri að koma því fyrir kattarnef, eins og hv. þm. orðaði það. Ég vil segja það um hv. meðflm. minn, hv. þm. Snæf., sem er einn af allra drengilegustu mönnum hér á þingi, að fyrir honum vakir ekkert nema að gera sínum kjósendum gagn, það er ég viss um. Varðandi sjálfan mig ætla ég ekki að fara mikið út í það, hvort ég flyt þetta frv. í illum eða góðum tilgangi, en ég verð að segja, að það er mér fullt svo gott, að hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. V.-Sk. haldi fram, að ég flytji frv. í illum tilgangi, vegna þess að ég hygg, að meiri hluti þjóðarinnar hafi fengið þá reynslu, að till. og tal þessara hv. þm. sé ærið oft í andstöðu við sannleikann.

Varðandi það, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði frá upphafi verið á móti mjólkurl. og gert allt, sem í mínu valdi hefði staðið hér á þingi til þess að koma þeim fyrir kattarnef og eyðileggja hagsmuni þeirra manna, sem af þeim hefðu gagn, þá er það eitt með öðru, sem sýnir, hvernig minnið svíkur þennan hv. þm., því að þegar mjólkurl. voru sett í upphafi, greiddi ég atkv. með þeim, og deilurnar, sem hafa um þau staðið frá upphafi, hafa ekki verið um, hvort l. ættu tilverurétt, heldur aðallega, hvernig framkvæmd þeirra væri.

Varðandi það, sem hann sagði, að hann hefði nú í fyrsta sinn heyrt frá minni hálfu, að það væru einhverjir menn til, sem hefðu hlunnindi af þessum l., þá hef ég aldrei dregið það í efa, að ýmsar sveitir, sem eru fjarri Reykjavík og hefðu komizt undir þessi l., hefðu haft af þeim nokkur hlunnindi fram yfir það, sem aðrir hefðu. Hitt hefur orkað miklu meira tvímælis, hvað sveitirnar í nágrenni Reykjavíkur hefðu haft gott af þessari löggjöf. Þessi umsögn hv. þm. er því ekki mál, sem snertir mig að neinu leyti, vegna þess að það er ekki frá minni hálfu nein ný viðurkenning á, að þessi l. geti haft í för með sér hlunnindi, og þess vegna vilji ég koma mínum kjósendum og annarra héraða, sem ég fer fram á að koma undir þessi l., í þá aðstöðu, að þeir geti notað þann markað, sem hér er um að ræða.

Hv. þm. talaði um, að þessir menn yrðu engu nær, þó að þetta frv. yrði samþ., vegna þess að þá vantaði mjólkurbú o. s. frv., en ég veit, að hann og aðrir hv. þm. skilja og vita, að það er ekki gert í einni svipan að breyta úr sauðfjárrækt, sem hefur verið aðalbúgreinin, og færa yfir í nautgriparækt. Til þess að það verði gert, er fyrsta skilyrðið, að þeir menn, sem hlut eiga að máli, hafi tryggingu fyrir því, að þeir fái að nota markaðinn með sama rétti og aðrir, en þurfi ekki að vera útilokaðir eins og þeir eru nú samkvæmt þeim l., sem hér er farið fram á að breyta.

Þá sagði þessi hv. þm., að þessi héruð gætu auðveldlega byggt á smjörsölu og vinnslu og þyrftu ekki að vera upp á aðra komin eða komast undir verðjöfnunarákvæði þessara l. Ég vil ítreka það, sem ég veik að í ræðu minni í gær, að það hefur aldrei þótt aðgengilegt fyrir fjársveitir Reykjavíkur, sem nú eru undir þessum l., að byggja eingöngu á smjörsölu og vinnslu, en fara á mis við þann hagnað, sem verðjöfnunin hefur í för með sér.

Þá kom þessi hv. þm. að atriði í ræðu sinni, sem ég finn ástæðu til að víkja aðeins að, þótt að sjálfsögðu verði tækifæri til að minnast síðar á það. Hann sagði, að það sýndi hug minn til þessara mála, að ég hefði tekið mig út úr og gengið í bandalag með fjandmönnum bændastéttarinnar um að hefja sakamálsrannsókn á hendur þeim bændum, sem hér eiga hlut að máli. Ég veit ekki vel, við hvað hann á, þegar hann er að tala um fjandmenn bændastéttarinnar, en ég býst við, eftir því sem skrif og orð hafa fallið frá honum, að þá séu það aðallega flokkar Alþýðuflokksmanna og sósíalista, sem hann velur þetta nafn. Ég verð að segja, þótt þessir menn hafi flutt ýmsar till., sem samrýmast ekki hag bænda, að það sé of mikið sagt, að þeir séu allir fjandmenn bænda. En þar sem ég á að hafa gengið í bandalag við þá, þá hlýtur það að vera á ein-

hverjum misskilningi byggt hjá þessum hv. þm., því að það, sem hann virtist eiga við, var það, að tveir af fulltrúum þessara flokka hafa undirskrifað nál. ásamt mér út af till., sem flutt var af flokksmanni mínum hér á þingi. Það mætti frekar segja, að þeir hafi gengið í félagsskap við mig og hann en ég hafi gengið í bandalag við þá. En að hér sé um sakamálsrannsókn á bændastéttina að ræða, er fjarstæða ein. Það, sem hér er um að ræða, er það eitt að rannsaka framkvæmd þess fyrirtækis til þess að fá á þann hátt úr því skorið, á hvern hátt er hægt að koma þar á endurbótum og lægja þá óánægju, sem verið hefur á þessu sviði.

Ég skal svo ekki fara miklu lengra út í þetta, en aðeins víkja að því, að hv. þm. V.-Sk. talaði mikið í gær um fals og hræsni, ósannindi og ófrið. Hann virtist telja, að ég og meðflm. minn hefðum gert okkur seka um það, sem hann kallaði þessum nöfnum. Ég gæti talið upp nokkur dæmi þess, hvernig sannleiksást hans kom fram í síðustu ræðu hans. Hann segir, að ég hafi alltaf verið á móti mjólkurl., sem ég greiddi þó atkv. með, og hann sagði, að verðjöfnunin hefði aldrei verið framkvæmd á kostnað þeirra, sem nær búa sölustað, heldur á kostnað þeirra, sem fjær búa, og þeim til hagræðis, sem nær búa. Hann segir, að það séu 300 km úr Austur-Húnavatnssýslu í Borgarnes. Það eru ekki nema 160 km úr miðri sýslunni, svo að það munar um helming, svo að allt þetta og margt fleira sýnir glöggt, hvernig sú sannleiksást, sem hann talar svo mikið um, speglast í framkomu hans. Ég verð að segja, að þegar þessi hv. þm. talar um fals, hræsni, ósannindi og ófrið, þá held ég, að það láti í eyrum kunnugra manna á svipaðan veg og ef þrástagazt væri á orðinu „snöru“ í húsi þess manns, sem nýbúinn væri að hengja sig.

Sveinbjörn Högnason: Ég hef ekki mikla ástæðu til að ræða mikið við þennan sannleiksleituð hér á þingi, hv. þm. A.-Húnv., því að málflutningur hans ber með sér, hver tilhneigingin er.

Hann kom með nokkur dæmi þess, að ég hefði farið með ósatt mál í gær. Þau voru þrjú. Hann sagði, að ég hefði sagt, að hann hefði jafnan verið fjandsamlegur þessum skipulagsmálum bænda. Af því að ég hef ekki tíma til að fletta þingtíðindunum nú, skal ég taka upp parta úr ræðum hans og birta í dagblöðunum til þess að láta ekki eingöngu þm. skera úr, hvað hann hafi lagt þessum málum mikinn stuðning, heldur allan almenning. Ég skal láta hann sjálfan tala þar, en ekkert segja sjálfur, aðeins taka nokkra kafla úr ræðum, sem hann hefur flutt hér á þingi, þegar þessi mál hafa verið til meðferðar, og láta almenning dæma um, hversu góður fylgismaður þessara mála hann hafi verið. Þangað til skulum við bíða og láta dóminn koma af sjálfu sér.

Þá segir hann það ósatt mál, þegar ég sagði, að verðjöfnunin hefði aldrei verið framkvæmd á kostnað þeirra, sem nær hafa búið sölustað, heldur á kostnað þeirra, sem fjær bjuggu. Þó veit hann, að verðjöfnunin hefur aldrei verið framkvæmd lengra en það, að menn hafa fengið sama verð fyrir sömu vöru á sama stað, og verða þá þeir, sem fjær eru, að bera uppi þann flutningskostnað, sem leggst á þá vöru, sem flutt er frá þeim fjarlægari stöðum. Þetta segi ég, að sé á kostnað þeirra, sem fjær búa, því að hitt væri herfilegasta ranglæti að láta þá ekki fá sama verð á sama stað, því að þá væri munurinn enn þá meiri en svarar flutningskostnaðinum, og þá er verðjöfnunin framkvæmd á kostnað þeirra, en ekki hinna, sem fá hærra verð. Þetta skilja allir, en ég játa, að ég hef enga ofsatrú á, hversu hv. þm. A.-Húnv. sé skilningsgóður á eitt og annað, en ég hélt, að þetta skildi hvert barn, hvað þá alþm.

Þá segir hann, að ég hafi sagt, að það væru 300 km úr Austur-Húnavatnssýslu til Borgarness, og segir, að hér hafi ég sagt ósatt. Hann getur gáð í ræðu mína frá í gær, og ég vona, að það standi þar rétt hjá þingriturunum. Ég sagði, að það væru 3—400 km frá Blönduósi til Reykjavíkur. Hitt hef ég aldrei sagt. — Hv. þm. talaði líka um, að mjólkin yrði flutt til Reykjavíkur, en ekki til Borgarness. Það veit hver maður hér á þingi, að vegalengdin er þessi. Það er ekki nema sigraðra manna háttur, sem eru gersamlega búnir að finna vanmátt sinn í orðaviðskiptum, að snúa út úr og segja, að menn hafi sagt allt annað en þeir hafa sagt, sérstaklega þegar svo margir hafa hlustað á og átti sér stað á þingi í gær, enda öfunda ég hann ekki af aðstöðu sinni í þessum efnum, þegar litið er á, hvernig hann hefur komið fram í þessum málum undanfarið.

Þá segir hann, að ég hafi sagt, að það sýndi bezt, hvernig hann væri innan rifja í þessum málum, að hann hefði gert bandalag við fjandmenn bænda. Ég sagði við þá, sem væru þeim fjandsamlegir. Sósíalistar hafa borið fram frv. um að taka eignir bænda af þeim. Þetta segi ég, að sé fullur fjandskapur í garð stéttarinnar, og ég skal standa við það hvar sem er. Ég skal koma með honum, ef hann vill, norður í Austur-Húnavatnssýslu og vita, hvort bændur þar álíta ekki það sama. Þetta hefur verið þegar prófað á nokkrum stöðum, síðast á fjölmennum fundi Búnaðarsambands Suðurlands við Ölfusá nú fyrir nokkrum dögum. Þar heyrðist ekki til eins einasta bónda, sem var ekki fullur gremju yfir þeirri ósvífni, sem komið hefur fram í garð bænda, jafnt hvort sem þeir voru úr þeim flokki, sem hv. A.-Húnv. tilheyrir, eða ekki. Sjálfstæðisbændur tóku þar ekki síður djúpt í árinni en framsóknarbændur. Það er því hinn mesti fjandskapur, sem bændum hefur verið sýndur að flytja slíkt frv. eða till., sem hv. þm. A.-Húnv. hefur nú skilað sameiginlegu áliti um með kommúnistum, þar sem á að skipa rannsóknarnefnd á fyrirtæki bænda. Ég hef engan bónda hitt, sem skilur þetta öðruvísi en sem fjandskap. Það á að fyrirskipa opinbera rannsókn á fyrirtæki bænda, þegar ekkert liggur fyrir um að skipa rannsókn á önnur fyrirtæki, sem meiri ástæða er til. Mér er ekki grunlaust, að hann greiði atkv. móti rannsókn á olíufélögin, skýrslu, sem gefur efni til ýmiss konar ályktana. En hann er ákveðinn í að skipa pólitíska rannsókn á fyrirtæki bænda, sem tekur ekki nema 6% í dreifingarkostnað og ekkert komið

fram, svo að ég viti, sem gefur tilefni til að halda, að þar sé neitt óheiðarlegt á bak við. Þegar fara á að koma þannig fram við eina stétt, þá segi ég, að það sé fullur fjandskapur. Hann hefur tekið sig út úr í n., slitið sig frá flokksbróður sínum þar og gengið í félag með mönnum, sem vilja sýna bændastéttinni slíkan fjandskap á hæsta stigi. Hann er þeim sammála um, að sjálfsagt sé að gera árás á það fyrirtæki, sem hann telur nú lífsnauðsyn að koma umbjóðendum sínum undir, svo að þeir geti lifað. Þetta er fjandskapur á hæsta stigi.

Ég sé, að hæstv. forseti telur mig hafa notað rétt minn til að koma fram aths. Hv. þm. A.-Húnv. segir, að ég og hv. 2. þm. N.-M. þjótum um allar landsins byggðir til þess að tala um ágæti okkar í framkvæmd mjólkurmála. Við höfum hvergi verið hræddir við að koma fram með málstað okkar, við höfum þar ekkert að óttast, og ég skal aldrei vera hræddur við að mæta hv. þm. A.-Húnv. í þessu máli, og ég vona, að það geti orðið innan skamms.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

28. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. fjhn. Nd.).

Á 29. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 398).

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Áki Jakobsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er óbreytt frv. það, sem mþn. í skattamálum, sem kosin var á fyrri hluta þessa þings, kom sér saman um og birt er í nál. hennar. Fjhn. þessarar hv. d. taldi rétt að taka þetta frv. upp. Þó hafa einstakir hv. nm. áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við það. Vil ég fara nokkrum orðum um þetta frv., til að lýsa nokkuð innihaldi þess, áður en það fer áfram til 2. umr.

Í fyrsta lagi er samkv. 1. gr. frv. ákveðið, að skattal. verði breytt á þann hátt, að í staðinn fyrir það, að aðeins hefur verið til einn skattstjóri, sem sé hér í Reykjavík, þá séu þeir skipaðir 5 á þessum stöðum: Í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Neskaupstað og í Hafnarfirði. Eiga þessir skattstjórar að koma í staðinn fyrir skattanefndir, þar sem þeir hafa ekki verið áður, hver á sínum stað, og gegna þeim störfum, sem skattstjóra í Reykjavík hafa verið falin þar. Auk þess á með reglugerð að skipta landinu utan Reykjavíkur í fjögur skattaumdæmi, og hefur hver þeirra fjögurra skattstjóra, sem eru utan Reykjavíkur, eftirlit með skattanefndum í hverju umdæmi fyrir sig. Skattstjórar þessir skulu vera umboðsmenn ríkisskattan. í umdæmi sínu og ráðunautar yfirskattanefnda þess, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Þessi till. mþn. var upphaflega til komin vegna frv., sem n. var sent til athugunar. Það frv. gerði ráð fyrir að skipta landinu niður í ákveðin skattaumdæmi og að skipaður yrði sérstakur skattdómari á hverju því svæði fyrir sig. En mþn. taldi þá lausn ekki eins heppilega og að fjölga skattstjórum og taldi sérstaka hættu á því, að þetta skattdómaraembætti væri byggt á sandi, þar sem skattdómarar hefðu ekkert starf, sem gæfi þeim góða aðstöðu til að rannsaka skattaframtölin, en að það mundi yfirleitt verða lítið um það, að málum yrði skotið til skattdómaranna út af skattaframtölum, enda hefur sú orðið raunin á um þann eina skattdómara, sem skipaður hefur verið samkv. l., að mjög fáum málum hefur verið til hans vísað. Og þá var hætta á, ef svo færi um skattdómarana í heild, að þau l. kæmu ekki að haldi, þó að sett yrðu l. um skattdómara, eins og ég tók fram. Þegar hins vegar um skattstjóra væri að ræða, mundi það eðlilega falla inn í starf þeirra að rannsaka skattaframtöl. Og er þá eðlilegt, að í sambandi við það verði skattstjóra fengið það vald, sem gert er ráð fyrir í 3. málsgr. 1. gr. frv., að komi fram krafa um réttarrannsókn frá skattstjóra, sé héraðsdómara skylt að framkvæma hana þegar í stað, og að skattstjóri eigi rétt á því að vera viðstaddur í réttarhöldum og bera sjálfur fram spurningar fyrir skattþegn eða vitni, sem í réttinum mæta. Með þessu er tryggt, að hægt sé, ef á þarf að halda, að grípa til þeirra ráðstafana, sem rannsóknarvaldið hefur til þess að knýja fram upplýsingar um eitt eða annað. En skattstjórar munu þó eðlilega aðallega beita því vopni í starfi sínu, sem skattan. hafa nú þegar og skattstjórinn í Reykjavík, en það er að áætla mönnum tekjur, ef þeir neita að gefa upplýsingar um tekjur sínar og gjöld eða færast undan því.

Ég býst við, að mér sé óhætt að segja, að meiri hl. fjhn. sé þeirrar skoðunar, að þessi till. mþn. sé heppilegri lausn en sú, sem stungið er upp á í frv. um rannsókn skattamála, sem lá hjá n., og að meiri hl. n. þess vegna telji, að með því að leggja fram þetta frv. sé afgreitt frv. um skattdómara, sem til hennar var sent.

Þá er ákvæði frv. varðandi nýbyggingarsjóðina. Þar varð ekki samkomulag um neitt annað í n. því viðkomandi en um það að gera ráðstafanir til þess að hindra, að menn gætu tekið þetta fé út og notið skattívilnana, sem þeim eru veittar með fyrirmælum l. um nýbyggingasjóði, án þess að tryggt sé, að féð sé notað til nýbygginga. Og till. frv. að þessu leyti ganga út á það, að hver sá, sem vill taka út þetta fé, án þess að það fari til nýbygginga, verði að borga af því fullan skatt eftir þeim reglum, sem hann hefði orðið að borga skattinn eftir, þegar teknanna var aflað, ef þær hefðu þá komið til skattálagningar ásamt öðrum tekjum viðkomandi aðila, og að ríkisskattan. eigi að reikna út, hve

hár þessi skattur sé. Og hér er ákvæði um, að ekki megi afhenda þetta fé út úr banka, fyrr en búið er að draga frá það, sem á þessum tíma, sem um var getið, og eftir þeim reglum, hefði átt að borga í skatt af þessu fé. Í mörgum tilfellum mundi sá skattur af þessu fé hafa orðið 90%, þannig að þarna er í framkvæmdinni gengið mjög tryggilega frá því, að þetta fé verði ekki notað á annan hátt en til nýbygginga, því að þótt um gjaldþrotabú væri að ræða, mundi kröfuhafi hafa séð um, að féð væri notað til nýbygginga, en ekki notað á annan hátt, til þess að missa það ekki í skatta. — Frv. snertir ekki annað fé nýbyggingasjóða, vegna þess að ekki varð samkomulag um aðra liði, eins og sjá má í nál.

Þá er í 4. gr. frv. það ákvæði, sem samþ. var í dýrtíðarl., að þeir einstaklingar, sem ræktju útgerð sem aðalatvinnu, mættu draga ⅓ hluta af hreinum tekjum sínum frá og leggja í nýbyggingarsjóð — eða sem sagt eins og útgerðar- og hlutafélög. Þetta ákvæði var lögfest í dýrtíðarl. En þar sem þau eru aðeins til bráðabirgða, taldi n. rétt, að þessi ákvæði kæmu hér fram aftur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta mál lýsa óánægju minni yfir því, hvernig haldið hefur verið á þessum skattamálum, sem voru til meðferðar á síðasta Alþ., þó að það hafi kannske litla þýðingu að láta slíka óánægju koma fram. Það var samþ. þá að kjósa mþn., sem átti að ljúka störfum fyrir 15. ágúst s. l., og átti ríkisstj. að velja formann n. En þetta tókst þannig, að n. lauk ekki störfum fyrr en komið var langt fram í október. Svo dróst það enn talsvert hjá ríkisstj. að koma niðurstöðum n. til þingsins, og er nú aðeins fyrir örskömmu þetta frv. komið til hv. fjhn. þessarar d. Það er eins og þarna hafi mörg öfl verið að verki til þess að draga afgreiðslu á störfum þessarar n. með öllu móti, og fer ég ekki nánar út í það að sinni, en lýsi óánægju minni yfir þessu.

Þá hefur það komið í ljós, að innan mþn. í skattamálum hefur hver höndin verið upp á móti annarri um flest af því, sem mestu máli skiptir og fyrir hana var lagt í þessum efnum, þannig að árangur af starfi n. hefur orðið sáralítill, — eiginlega aðeins sá að tefja þessi mál í meðferð þingsins. Auðvitað hefði þingið ekki þurft að láta þessa málsmeðferð í mþn. tefja sig, en sú hefur orðið raunin á, að þetta hefur orðið að þeirri töf, sem dugir til þess, að ekki er nokkur von til þess, að á þessu þingi verði afgreitt nokkuð, sem að gagni má koma í þessum málum, ef að vanda lætur um afgreiðslu þeirra atriða, sem menn greinir á um, um það, hvaða tíma það tekur að afgreiða mál, sem menn eru ekki sammála um.

Ég ætla ekki að fara mikið út í efni frv. við þessa umr., en vegna ummæla hv. flm. vil ég minnast á skattadómaraembættið. Í frv., sem ég flutti með tveim öðrum þm. í byrjun þings, var gert ráð fyrir, að skattadómara yrði skylt að taka upp mál til rannsóknar. Í þessu frv. er það ekki gert, en hins vegar á í staðinn að skipa skattstjóra í öllum kaupstöðum og gera þeim skylt að leita aðstoðar héraðsdómara að kalla menn fyrir rétt, og þar hafa þeir réttindi til að bera fyrir menn spurningar. Heimild til að fjölga skattstjórum er í lögum, og e. t. v. er ekkert móti því að ákveða nú, að það skuli gert og þeim veittur þessi aukni réttur að bera fram spurningar. En þarna er gengið fram hjá því, hvert hlutverk skattadómara sé, og ekkert tillit tekið til frv. okkar um það efni. Ef n. og Alþingi getur ekki fallizt á að skipa skattadómarastörfum nokkuð á þann veg, sem við lögðum til, væri réttast að fella embættið niður. Bæði hefur þannig til tekizt um val manns í stöðuna, að áhrifin eru lítil, enda er honum ekki lögskylt að taka mál upp að fyrra bragði. Fyrir 2. umr. þætti mér rétt, að rætt yrði milli okkar, sem fluttum fyrra frv., og flm. þessa frv. og fjhn., hvort ekki yrði samkomulag um brtt.

Áki Jakobsson: Í mþn. var ekki samkomulag um þetta atriði, hvort rétt væri að halda embætti skattadómara eða ekki. Hann mun ekki hafa fengið nema ein tvö mál til meðferðar, og má segja, að árangur af embættisstofnuninni sé enginn og geti lítill orðið, eins og í haginn er nú búið. Ég held, að réttast væri að fella embættið niður. Það væri að vísu umbót, sem hv. 2. þm. S.-M. og tveir aðrir þm. fara fram á, að gera skattadómara skylt að taka upp mál, en hitt er áhrifameira að fjölga heldur skattstjórum. Það mun verða athugað í n., hvort fella eigi skattadómarastarfið niður. En mér er ekki kunnugt um, hver þar er afstaða einstakra nefndarmanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 398, 436, 451, 457, 458, 473).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 473. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér með fyrir hönd fjhn. að mælast til, að mál þetta verði tekið af dagskrá, vegna þess að n. ætlar að taka þessar till. til nánari athugunar.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 398, 436, 451, 457, 458, 473, 478).

Emil Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 473 flyt ég ásamt þremur öðrum þm. brtt. við þetta frv.

Í 1. mgr. 1. gr. segir, að skattstjórar skuli — hver í sínum kaupstað — hafa sama starf og sömu völd og skattanefndir — eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan þessara kaupstaða. Nú er í útsvarsl. gert ráð fyrir því, að formenn skattanefnda séu jafnaðarlega viðkomandi bæjarfógetar, sem eru líka formenn niðurjöfnunarnefnda á staðnum. Ef þessir skattstjórar, sem skipaðir verða samkv. þessu frv., taka einnig við störfum bæjarfógeta í niðurjöfnunarn., þá gæti það raskað hlutfallinu milli þeirra flokka, sem eiga fulltrúa í viðkomandi bæjarstjórn. Þetta er það, sem við viljum koma í veg fyrir, enda mun ekki hafa verið reiknað með því, að þetta kæmi þannig út. Eftir skiptingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík var þetta „praktiserað" lengi eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, en samkvæmt eindregnum óskum, sem komu fram, var þessu breytt, þannig að nú eiga ekki aðrir sæti í niðurjöfnunarn. Reykjavíkur en þeir, sem kosnir eru af bæjarstjórn.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða um þetta. Ég tel sjálfsagt, að menn geti verið sammála um þessa litlu breyt., sem till. á þskj. 473 gerir ráð fyrir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 436 flyt ég ásamt hv. 8. þm. Reykv. brtt. um það, að aftan við 2. efnismgr. 3. gr. l. nr. 20 20. maí 1942 bætist ný setning, svo sem segir á þskj.

Í þessum l. frá 1942 er svo ákveðið, að félög, sem geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, þ. e. samvinnufélög, megi draga frá tekjum sínum, áður en skattur er reiknaður, varasjóðstillag, sem nemur ⅓ af hreinum tekjum félagsins, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. En í l. nr. 46 frá 1937 er ákvæði í 24. gr. um framlag slíkra félaga í varasjóði, og er þar svo fyrir mælt, að varasjóðsframlag slíkra félaga skuli ekki vera minna en 1% af viðskiptaveltu félagsins. — Nú hefur það komið í ljós, eftir að lögfest var áðurnefnt ákvæði frá 1942, um, að varasjóðstill. mætti nema allt að ⅓ af tekjunum, að ýmis af þessum félögum fá samkv. þessu ákvæði ekki að draga frá tekjunum allt það fé, sem þeim er skylt að leggja í varasjóð samkv. l. nr. 46 frá 1937. Brtt. okkar er því flutt til leiðréttingar á þessu, þannig að varasjóðstillag það, sem draga má frá tekjunum, verði aldrei minna en það, sem skylt er að leggja í varasjóð samkv. l. nr. 46 frá 1937. Það virðist sjálfsagt, að félögunum sé gert kleift að leggja í varasjóð eins og l. frá 1937 mæla fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till., en vænti, að hv. deildarmönnum sé málið nægilega ljóst.

Hv. 6. landsk. hefur flutt brtt. á þskj. 457. Nú vildi ég beina því til forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að bera okkar till. upp á eftir, verði till. 6. landsk. samþ., þannig að hún komi inn á viðeigandi stað, þótt hún sé miðuð við lögin eins og þau eru nú.

Í till. 6. landsk. er ákvæði um nýbyggingasjóðstill. útgerðarfélaga. Í niðurlagi þeirrar gr. er sagt, að þegar nýbyggingarsjóður er orðinn jafnhár hæfilegu vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns, þá skuli hið skattfrjálsa framlag til sjóðsins lækka um helming. Ég vildi leyfa mér að koma með till. um breyt. á þessu ákvæði. Í stað þess að miða við vátryggingarupphæð skips, þá sé miðað við innborgað hlutafé. Þykir mér eðlilegra, að þessi sjóðhlunnindi fari eftir áhættu atvinnurekenda við reksturinn. Till. mín er svo hljóðandi: Nú er nýbyggingarsjóður orðinn jafnhár innborguðu hutafé félags, enda nemi hann 2 millj. kr. eða þar yfir, og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingarsjóð þá eigi nema meira en 1/6 af hreinum tekjum félags samkv. framansögðu.

Þessi till. felur í sér nokkru rýmri heimild fyrir smærri útgerðarfélög til að leggja í nýbyggingarsjóð. Vil ég leyfa mér að afhenda forseta þessa till.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt hér till., en þar sem hún er of seint fram komin og skrifl., þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 512) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 505 ásamt hv. 2. þm. Skagf. En till. er um það, hversu viðhald fasteigna skuli ákveðið.

Hin síðustu ár hefur reyndin verið sú, að viðhald fasteigna í landinu hefur verið mjög lítið. Þær hafa yfirleitt drabbazt niður, en menn hafa orðið að greiða skatt af því fé, sem samkv. 10. gr. skattal. er ætlað til viðhalds og eðlilega hefði þurft til viðhalds.

Þessi till. hefði eðlilega átt að vera fyrr fram komin, en við hugðum, að betra væri seint en aldrei, og væntum, að hún verði tekin til greina.

Forseti (JörB): Brtt. á þskj. 505 er of seint fram komin, og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. við þetta frv. og vil fara um þær nokkrum orðum.

Mér skilst, að breyt. þær, er fjhn. hefur gert á skattal., séu aðallega tvær, hin fyrri á 1. gr., um að skipa skuli fjóra nýja skattstjóra og um leið leggja niður skattanefndir. Þessi breyt. er sennilega til bóta. Þó efast ég um, að hún komi að tilætluðum notum alls staðar, t. d. á hinum fámennari stöðum. Yfirleitt er það hæpin leið að fela einum manni slíkt vald, þar sem allir eru persónulega kunnugir. Hins vegar er það til bóta, að skattstjóri fær vald til að herða á eftir skattanefndunum. — Síðari aðalbreyt. er í því fólgin, að reynt er að tryggja, að framlagi til nýbyggingasjóða fiskiskipa verði í reyndinni varið til þess, sem upphaflega var ætlazt til.

Ég undrast, að n. skuli ekki hafa flutt fleiri brtt., og með því að aðrar brtt., sem fram hafa

komið, ná skammt, þá hef ég leyft mér að flytja hér nokkrar brtt. um það, sem mest hefur verið rætt um, að breyta þyrfti.

1. brtt. mín er um, að skattfríðindi fyrir almenn hlutafélög verði afnumin. Fyrir þeim sérréttindum er engin frambærileg ástæða, — eða hvaða ástæða getur verið til þess, að hlutafélag, sem rekur kvikmyndahús eða verzlun, skuli njóta skattfríðinda fram yfir aðra, sem slíkan rekstur hafa með höndum?

2. brtt., sem ég flyt, er um, að hlutafélög, sem reka útgerð, séu skyld að leggja í nýbyggingarsjóð allt skattfrjálst fé sitt. — Nú njóta hlutafélög, sem útgerð stunda, betri kjara en aðrir þeir, sem sams konar rekstur hafa með höndum, þar eð þau þurfa ekki að greiða til nýbyggingasjóðs nema helming þess fjár, er þau njóta skattfrelsis fyrir. Þessu legg ég til, að verði breytt og hlutafélög verði eftirleiðis látin sitja við sama borð og einstaklingar og sameignarfélög, sem útgerð stunda. — Þá segir svo í till. minni: „Nú er nýbyggingasjóður orðinn jafnhár hæfilegu vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns að dómi ríkisskattan. eða sjóðurinn er orðinn 2 milljónir króna, og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingasjóð þá eigi nema hærri upphæð en 1/6 af hreinum tekjum félags samkv. framansögðu.“ — Ég sé ekki ástæðu til, þegar nýbyggingasjóður er orðinn það hár, að hann er jafn virðingarverði skipa — eða 2 millj. kr., að þá þurfi að leggja jafnmikið í nýbyggingasjóð.

Enn fremur legg ég til, að persónufrádráttur sé hækkaður. Það er nú orðið almennt viðurkennt, að hann sé of lágur, og hafa menn úr öllum flokkum látið það í ljós. Nú legg ég til, að hann sé hækkaður um helming. Þó er mér ljóst, að hann er ekki það hár, að nokkur maður geti lifað af honum.

Loks geri ég ráð fyrir, að skattdómaraembættið verði lagt niður, ef hin fjögur skattstjóraembætti verða stofnuð, eins og fjhn. leggur til. — Því miður kom ég of seint inn í deildina til að heyra brtt. hv. þm. V.-Húnv. við till. mína, og get því ekki tekið afstöðu til hennar.

Björn Björnsson: Við 2. hv. þm. N.-M. höfum borið fram brtt. um það, að hækkuð verði laun skattanefnda. En þar eð ég sé, að fjhn. hefur komið með till. sama efnis, þá erum við fúsir að taka till. okkar aftur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég vil fyrst benda á það, að ég tel brtt. á þskj. 505 ekki til bóta. Ég hygg, að svo erfitt sem það er að finna eðlilegar prósentur fyrir fyrningu, þá verði algerlega ókleift að finna réttar prósentur fyrir viðhaldi fasteigna. Ég held því, að hinar ýmsu skattan. hafi betri aðstöðu til að ákveða þetta á hverjum tíma heldur en ríkisstj. einu sinni fyrir allt.

Þá vil ég mæla með till. um afnám skattfríðinda hlutafélaga, sem reka ekki áhættusama framleiðslu, þar eð í þeim er ekkert réttlæti og ekkert vit.

Um persónufrádráttinn er það að segja, að ég er mótfallinn því, að hann sé hækkaður, ekki af því, að hann sé ekki of lágur, heldur af því, að ég tel, að það sé ekki gerlegt nema umreikningum verði einnig breytt. Verði persónufrádrátturinn hækkaður, verður einnig að hækka umreikninginn. Hins vegar hef ég haldið því fram, að umreikningurinn væri óréttlátur og ætti að hverfa.

Ég óska að fá upplýsingar frá lögfræðingum deildarinnar viðvíkjandi till. á þskj. 473. Ég er í vafa um, hvaða regla eigi að gilda um formenn niðurjöfnunarnefnda, eftir að búið er að samþ. þessa breyt. á l., en ekki að breyta útsvarsl. Útsvarsl. mæltu svo fyrir, að í Reykjavík skuli skattstj. vera formaður, en annars staðar formenn skattanefnda. En 1942 var þessu breytt þannig, að ákveðið var, að í Reykjavík skyldi formaður niðurjöfnunarn. vera kosinn af bæjarstjórn eins og n. öll. Annars staðar á landinu skyldi formaður skattan. vera formaður niðurjöfnunarn. En ef skattan. verða lagðar niður, hvort eiga þá að koma inn sem formenn niðurjöfnunarnefnda þeir, sem hefðu átt að vera formenn skattanefnda, ef þær hefðu verið til, eða á að hafa það eins og á þeim eina stað, sem hefur skattanefnd, að sveitar- eða bæjarstjórn kjósi alla n.? Ég lít svo á, að eðlilegt sé, að skattstjórar séu formenn niðurjöfnunarnefnda, og vil, að útsvarsl. sé breytt í samræmi við það. Ég veit, að ef till. á þskj. 473 verður samþ., þar sem fram er tekið, að þeir skuli ekki eiga sæti í niðurjöfnunarn., þá er tekinn af allur vafi um, hvorn skilninginn beri að leggja í þetta. Ég tel, að á hverjum stað sé nauðsynlegt að sem nánast samband sé milli þeirra manna, sem endanlega úrskurða skatt og þeirra, sem úrskurða útsvör. Þar, sem það samband er slitið, eins og er sums staðar á landinu, sýnir sig, að í augum manna er ákaflega mikill munur á því, hvað menn eru látnir bera mikinn skatt annars vegar og há útsvör hins vegar og ekkert samræmi í, hvernig þessi tvenns konar gjöld eru lögð á. Þetta bendir til, að aðrir hvorir, sem gjöldin ákváðu, hafi ekki verið málum nógu vel kunnugir og því ekki jafnað gjöldunum nógu réttlátlega niður, og þá er ástæða til að ætla, að það séu fremur þeir, sem jafna niður útsvörunum, en þeir, sem skattinn leggja á. Ég tel því heppilegt, að skattstjórar séu formenn niðurjöfnunarnefnda, og álít ég því, að brtt. á þskj. 473 sé til hins verra. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það sé til hins betra, að skattstjórar séu settir í stórum kaupstöðum, og því betra sem þeir eru stærri, en síður ástæða til þess í þeim minni, þar sem menn bera kennsl á að heita má hvern mann, sem þar er. Ég er því þess vegna meðmæltur, að skattstjórar séu settir í kaupstöðum, og tel því, að það ætti að vera búið að því. Það er heimild til þess í núgildandi l., en ríkisstj. hefur fram að þessu ekki notað hana.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um það, að fjmrh. hefði heimild til að skipa skattstjóra á þeim stöðum, sem hann teldi nauðsynlegt, að það mál hefur verið til athugunar í fjmrn. í nokkurn tíma og er nú komið svo langt, að ég geri jafnvel ráð

fyrir, að innan nokkurra daga verði skipaðir skattstjórar á nokkrum stöðum úti á landi. — Nú hef ég tekið eftir, að í 1. gr. þessara l. er ekki gert ráð fyrir einum af þeim stöðum, þar sem fjmrn. telur sjálfsagt, að skattstjóri verði skipaður. Þessi staður er Vestmannaeyjar. Ég tel, að það sé engu síður nauðsynlegt, að skipaður sé skattstjóri þar en í Hafnarfirði, á Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað. Það er nú þegar fullkomin heimild til að skipa þessa skattstjóra, og ég tel, að ég hafi þá heimild í fullu gildi, þó að þetta frv. sé fram komið, meðan það er ekki samþ., svo að ég vænti, að það komi ekki flatt upp á menn, þó að skattstjóri verði samkvæmt núgildandi l. skipaður í Vestmannaeyjum. Ég teldi þess vegna rétt, að þessu frv. verði breytt í þann veg, að Vestmannaeyjar yrðu teknar upp í 1. gr. frv. sem einn af þeim stöðum, þar sem skattstjóri skuli vera.

Frsm. (Áki Jakobsson): Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, vil ég taka fram, að það er vitanlega rétt, að stj. hafi heimild til að skipa skattstjóra, og það breytist ekkert, þó að þetta frv. verði samþ. Ég get vel fallizt á, að rétt sé, að skattstjóri sé í Vestmannaeyjum, og í mþn. kom það beinlínis til orða, að n. gerði till. um það, þó að ekki yrði horfið að því ráði, vegna þess að svo miklu minni skattatekjur eru þar en á hinum stöðunum.

Í sambandi við brtt. hv. 1. þm. Rang. og hv. 2. þm. N.-M. varðandi nm. vil ég taka fram, að fjhn. tók málið til meðferðar og varð ekki samkomulag um neitt atriði nema það, sem fyrir liggur í brtt. á þskj. 478. Þar er gert ráð fyrir 25 kr. og verðlagsuppbót fyrir hvern fullan vinnudag og auk þess, að yfirskattan. fái greiddan ferðakostnað samkv. reikningi. N. sá ekki ástæðu til að gera greinarmun á kaupi skattanefndarmanna og yfirskattanefndarmanna. Yfirskattanefndarmenn hafa lengi haft tvöfalt hærra kaup, án þess að þeir hefðu meira starf, og býst ég jafnvel við, að skattanefndarmenn hafi sízt minna starf. Töldum við því rétt að samræma þetta, en það þýðir, að a- og b-liður 30. gr. eru færðir saman í einn lið, sem verður a-liður, þar sem þetta er tekið fram. Það hefur fallið niður við þessa till. að koma henni þannig fyrir, að hún geti, þegar þetta frv. hefur hlotið staðfestingu, fallið inn í upphaflegu l. Hef ég gert ráðstafanir til að láta prenta þskj. upp á ný, þar sem þetta yrði leiðrétt.

Þá flytur n. brtt. við síðustu gr. frv. á þskj. 453, um að l. öðlist þegar gildi. Hafði láðst að setja það í frv., og var því nauðsynlegt að lagfæra það.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hér er ekki um að ræða skattal. yfirleitt, heldur fyrirkomulag samkv. því frv., sem fjhn. flytur hér.

Almennt mun mega segja, að skattar og útsvör hér á landi séu orðin það há, að ekki sé hægt að sjá, hvað lengi gjaldendur geta undir þeim staðið, og a. m. k. kemur fljótlega í ljós, þegar einhverjir erfiðleikar mæta atvinnuvegunum, að upphæð þessara útgjalda verður ofvaxin öllum atvinnurekstri, og kemur það þá fram í stöðvun og atvinnuleysi fyrir þá, sem við atvinnufyrirtækin eru tengdir. Það má kannske segja, að nú liggi ekki fyrir að ræða um þessa hlið málanna, og skal ég því ekki fara lengra út í það, en þegar sú staðreynd blasir við, að skattstiginn og útsvarsstiginn eru jafnháir og þeir eru, þá er nauðsynlegt, að það sé tryggt, eftir því sem unnt er, að álagning þessara gjalda sé svo réttlátleg sem kostur er. Og mér skilst, að það, sem þetta frv. stefnir að, sé að bæta það veika kerfi, sem fyrir hendi er, til þess að skattálagning og skattheimta megi verða sem réttlátust.

Undanfarið hefur það verið svo og er enn þá, að ríkisskattan. er nokkurs konar hæstiréttur í deilumálum öllum, er varða skattálagningu og útsvör. Það er að vísu ekki útilokað að láta úrskurði hennar ganga til dóma, en það má þó segja, að raunverulega sé ríkisskattan. nokkurs konar hæstiréttur í þessum sökum. Hún hefur haft viðleitni til þess að reyna að kryfja til mergjar skattamál einstaklinga og í einstökum héruðum landsins, en mér hefur virzt, að aðferðir hennar í því efni hafi oft verið ærið tvíræðar, burtséð frá því, að hún hefur litið á sig nokkuð mikið sem einhliða aðila ríkisvaldsins. Þá hefur gætt talsverðra mistaka í aðgerðum hennar gagnvart því að finna og greina rétt og rangt í hinum ýmsu skattaheruðum. Ég vil t. d. taka, að á síðasta vori, að mig minnir, voru sendir sendimenn frá ríkisskattan. í mitt kjördæmi. Þeir gerðu það, sem menn gætu kallað „razzíu“ í framtölum manna, og gengu svo hart til verks, að þeir tóku völdin af yfirskattanefnd. Það er ekki til hróss þeirri ágætu stofnun í mínu kjördæmi, að þeir skyldu láta aðvífandi sendimenn taka verkið úr höndum sér. Þetta var þannig, að sendimenn hennar komu, tveir að mig minnir, þegar yfirskattan. kaupstaðarins var að byrja starf sitt. Þeir völdu úr höndum yfirskattan. framtöl ákveðinna gjaldenda og fóru með eftir vild og ákváðu sjálfir skattinn. Ég veit ekki, hvort þeir höfðu fyrirmæli um að gera þetta eða hvort þeir gerðu það af eigin hvötum, en ég verð þó að álíta að öðru ósönnuðu, að þeir hafi ekki farið fram yfir það umboð, sem umbjóðendur þeirra, ríkisskattan., gaf þeim í hendur. Eftir þessu ákváðu þeir skattahækkun hjá fjölda manna. Mér liggur við að ætla, að hér hafi verið farið ólöglega að og það sé engin afsökun fyrir ríkisvaldið, þótt til séu yfirvöld á staðnum, sem fyrir einhverra hluta sakir af misgáningi eða fyrir misskilning láti rífa embættisverk sín út úr höndunum á sér og fari þannig með, sem ég hef nú lýst.

Þá er annað mál, sem ég hef fengið staðfesting á, að ríkisskattan. hafi til þess að komast að sannleikanum um framtöl sent töluglögga menn á vissa staði, í vissa kaupstaði og kannske sveitir líka. Fyrir nokkrum árum var sendur til Vestmannaeyja einn slíkur maður, Svavar að nafni. Það er gott, hvort hann er nú ekki kominn í áfengið. Hann tók framtöl manna, fór í þau og krotaði í þau með rauðu tölur á bak við gjaldendur, án þess að þeir væru aðspurðir, og úrskurður hans var látinn gilda sem grundvöllur fyrir skattálagningu. Þetta getur ekki verið

rétt aðferð. Hitt hefur líka komið til greina, að þeir töluglöggu menn, sem ríkisskattan. hefur haft í þjónustu sinni og sent sem hæstarétt til ákveðinna staða, að þeir hafi gengið í þjónustu framteljanda, þannig að maður hefur séð undirskrift þeirra, eftir að þessir menn höfðu verið notaðir af n. sem trúnaðarmenn hennar til að rannsaka hjá Pétri og Páli. Þetta finnst mér skjóta skökku við, og það getur ekki verið tilætlunin, að sendimenn ríkisskattan. grípi inn í gang þessara mála hjá löglegum yfirvöldum á hverjum stað, eins og gert hefur verið í seinni tíma í Vestmannaeyjum, því að þar voru framtölin tekin hreint og beint úr höndum yfirskattan., og horfir einkennilega við, ef þessir sömu menn geta einnig verið trúnaðarmenn einstaklinga. Þess vegna tel ég, að það sé til bóta, að reynt sé að koma betra skipulagi á þessi mál. Ég vil leyfa mér að halda fram, að sú n. og þeir embættismenn, sem hefur þessi hæpnu afskipti af skattamálum þegnanna, beri í raun og veru jafnt skylda til að varðveita hag gjaldþegna fyrir áföllum, sem geta stafað af skökkum framtölum og misgáningi, eins og að varðveita hag ríkisins og rétt til að fá rétt skattaframtal lögum samkvæmt. M. ö. o., þessir trúnaðarmenn mega ekki skoða sig sem algera skattheimtumenn, sem ekkert tillit taki til annars en að fá sem mest með einu eða öðru móti. Ég vil mega skoða skattayfirvöldin sem trúnaðarmenn eða hlutlausa embættismenn, en ekki einvörðungu þá embættismenn, sem hugsi ekki neitt um aðstöðu gjaldþegnanna. Með þessu frv. er stigið spor til að fá hreinni línur í þessu máli og betri vinnubrögð, og það er rétt að reyna að stíga það. Auðvitað veltur mest á framkvæmdinni og að í þessi embætti veljist hæfir menn og óhlutdrægir.

Ég heyrði, að hæstv. fjmrh. minntist á, að til viðbótar þeim stöðum, sem nefndir eru á þskj. 398 og eiga nú að fá skattstjóra, þurfi einnig að koma Vestmannaeyjar. Ég vil ekki andæfa þessari skoðun hæstv. ráðh. Ég tel, að það sé erfitt, þegar um svona hluti er að ræða, að samræma skattstjórastarfið í Hafnarfirði við það, að hann verði líka skattstjóri í Vestmannaeyjum. Mér sýnist, að það sé alt eins rétt, að sérstakur maður sé hafður í Vestmannaeyjum, þó að það kynni að vera rétt, sem hv. þm. Siglf. hélt fram, að þar séu ekki eins miklar tekjur og á þeim fjórum stöðum, sem rætt er um í frv. En ég get þó ekki betur séð en sérstaða Vestmannaeyja komi þarna til greina og skattstjóri sé þar eigi síður nauðsynlegur en annars staðar á landinu. Það er þegar komið á það stig með skattana, hvort sem það eru útsvör eða tekju- og eignarskattur, að það er svo þýðingarmikið, að þeir, sem fjalla um þau mál af hendi þess opinbera, hafi nægan tíma til að athuga þau mál á hverjum stað og einkum, að það séu samvizkusamir og óhlutdrægir menn.

Hér er komin fram brtt. á þskj. 473 frá fjórum hv. þm., sem mér virðist, að allir séu kaupstaðaþm., um það, að þessir skattstjórar, sem ætlazt er til, að skipaðir verði, skuli ekki eiga sæti í niðurjöfnunarn., nema þeir séu til þess kosnir af viðkomandi bæjarstjórn. Já, það er nú svo, það er valdast, hvernig á það er litið. Ég hef svipaða aðstöðu á Alþingi og þeir þm., sem að þessari till. standa, en ég er ekki sammála því, að skattstjóri eigi ekki að skipta sér af niðurjöfnun. Niðurjöfnunin á að vera a. m. k. í öllum stærri kaupstöðum byggð á „skala", sem kallaður er, sem er miðaður við framtöl hvers og eins. Útfærsla þeirra framkvæmda er að sjálfsögðu fullkomnust hér í Reykjavík, því að þar er mestum starfskröftum á að skipa og þeir hafa lengsta æfingu í að vinna með þeim vinnubrögðum að byggja útsvarsálagningu eins og tekju- og eignarskatt á framtölum manna, sem er alveg rétt. En ég er hræddur um, að það sé ekki eins fastur grundvöllur fyrir þessu víða úti um land. Ég fæ ekki séð, að rétt rök mæli með því, að skattstjórar, sem eru óhlutdrægir og óháðir embættismenn, skipaðir af ríkisvaldinu, séu nokkuð verr til þess fallnir að sitja í niðurjöfnunarnefndum og vera formenn þeirra heldur en menn, sem eru kosnir til þess af þessum og þessum meiri hluta bæjarstjórnar í það og það sinn, sem eiga sæti sitt og embætti undir geðþótta kjósenda. Ég lít svo á, að til þess að fá sem óhlutdrægastan úrskurð sé bezta ráðið, að sem beztir og óháðastir embættismenn fjalli um þessi mál. Þess vegna er ég andstæður brtt. á þskj. 473, sem ætlast til, að skattstjórum sé bægt frá að hafa afskipti af niðurjöfnun á þann hátt, sem l. ætlast til nú, því að það er aðgætandi, að þar sem áður var jafnað niður í kaupstöðunum 190—250—300 þús. kr., þá er það orðið nú hátt á aðra milljón, sem niðurjöfnunarn. í þessum sömu kaupstöðum verða nú að jafna niður á gjaldendurna. Það er því nauðsynlegt, að á þessum stöðum sé beitt svo góðum vinnubrögðum sem frekast er unnt. Í þetta eru menn úr athafnalífinu kosnir af sveitar- og bæjarstjórnum, menn, sem hafa miklum störfum að sinna og koma saman nokkrar kvöldstundir til þess að jafna niður svona gífurlegum upphæðum, og sums staðar kemur þetta meira að segja niður á mesta annatíma ársins. Ég verð að segja, að undir þeim kringumstæðum, þegar við erum komnir út í það, að útsvörin, sem voru fyrir stríð 2—300 þús. kr., eru nú komin upp undir hálfa aðra millj. kr., og þessari upphæð á að jafna niður á jafnmarga eða því sem næst jafnmarga menn og áður, þá virðist ekki vanþörf á, að þar eigi sæti einn óháður embættismaður, sem hefur nægan tíma fyrir og eftir fundi til að athuga gang þessara mála, hvernig réttast skuli að þeim starfað. Af þessu er það, að ég get ekki aðhyllzt, að skattstjóri hafi engin afskipti af niðurjöfnuninni. Ég er þess fullviss, að það sé til mikilla bóta fyrir skipun þessara mála, að þessir menn starfi í niðurjöfnunarnefndum, en það er eitt hið þýðingarmesta atriði bæði fyrir gjaldendur og eins ríki og bæjar- og sveitarfélög, að heppileg vinnubrögð eigi sér stað við ákvörðun þessara gjalda, því að það er höfuðatriði, til að þau komi sem réttlátast niður.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég mun fylgja þessu frv. og eins brtt. um, að sérstakur skattstjóri skuli vera í Vestmannaeyjum, ef hún kemur fram. Ég vil undirstrika, að það er skoðun

mín, að því aðeins hljótist gott af þessari breyt., að vel sé vandað val þeirra skattstjóra, sem hér eiga að starfa, og ég álít, að það sé alveg eins nauðsynlegt, að þeir hafi aðstöðu gjaldþegna fyrir augum eins og réttmæti innheimtu og álagningar skatta og útsvara og að þeir séu þar sem hlutlausastir og óháðastir á báða bóga. Ég sé enga ástæðu, nema síður sé, til að bægja slíkum mönnum frá að vera í niðurjöfnunarn. og hafa þar afskipti af útsvörum manna, eins og þeir hafa afskipti af tekju- og eignarskatti o. s. frv., sem til ríkisins fellur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. Vestm. gerði hér ríkisskattan. nokkuð að umtalsefni. Ég hef átt sæti í þessari n. og vil gjarnan leiðrétta nokkurn misskilning hjá honum.

Það er alveg rétt hjá þessum hv. þm., að þeir, sem í ríkisskattan. vinna, eiga jafnt að hafa hag skattþegna og ríkisins fyrir augum og gera öllum þar jafnt undir höfði. En einmitt af því, að víðar er tilhneiging til að draga undan skatti en telja fram of miklar tekjur, kemur það þannig út, að n. virðist fremur vinna fyrir ríkið en skattþegnana.

Það er líka rétt, að n. hefur alloft sent menn til Vestmannaeyja, stundum eftir beiðni yfirskattan. þar. En það hefur ekki ævinlega gengið vel að fá þar þær upplýsingar hjá skattþegnum, sem þurft hefur. Hefur ósjaldan komið fyrir, að þurft hefur að biðja um bækur manna, og hafa þær ekki æfinlega fengizt. T. d. var þar einn gjaldandi, sem taldi fram milli 20 og 30 þús. kr. tekjur. Sendimanninum virtist, að tekjurnar ættu að vera meiri, og lagði fram drög fyrir því. Manninum var skrifað, og komst hann þá upp í milli 60 og 70 þús. kr., en hann hafði neitað að láta fram bækurnar. Við rannsókn síðar reyndust tekjurnar á annað hundrað þús. kr., og þær varð hann að viðurkenna, eftir að búið var að skoða bækur allar. Ég held því, að ekki sé hægt að álasa n. fyrir þessar sendiferðir, eins og hv. þm. vill gera. Þær eru alls ekki óeðlilegar og hafa verið farnar til fleiri staða en Vestmannaeyja. Það hafa stundum orðið árekstrar, en það hefur þá helzt verið af stífni og að menn hafa neitað að gefa fulltrúum n. upplýsingar.

Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að fyrst fara á að breyta þessum l., þá er nauðsynlegt að afnema skattfrelsi hlutafélaga, sem engan áhætturekstur reka, svo sem félög, sem stofnuð eru til að leigja út lóðir og húseignir. Að láta slík félög njóta skattfrjáls frádráttar til þess að stofna varasjóði er svo mikil fjarstæða og vitleysa, að það eru undur, að það skuli ekki hafa verið afnumið fyrir löngu. Sama er að segja, þegar félög hafa margskipt sér niður til þess að geta fengið sem mest skattfrelsi.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. við 1. gr. frv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 513].

Þar sem till. er of seint fram borin og auk þess skrifl., verður að veita tvenn afbrigði til þess, að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jakob Möller: Það hefur verið ýmislegt sagt um þetta mál, ekki sízt eins og farið hefur verið með það. Þetta frv. mun hafa verið samið af n., sem skipuð var til að athuga skattamál eftir þingfrestunina í vor. Nú er farið að blanda inn í frv. atriðum, sem ekkert samkomulag varð um. Það er auðséð, að með þessum hætti er málinu sjálfu stofnað í voða, svo að það getur jafnvel farið svo, að þeim atriðum, sem n. varð sammála um, sé teflt í hættu með þessum ágreiningi. Þar við bætist svo, að hér liggja fyrir till., sem n. hefur ekki fengið tækifæri til að lesa. Ég vil því mælast til þess, að umr. verði frestað á þessu stigi, til þess að n. geti athugað málið og einstakar till., sem borizt hafa. Vil ég beina þessu til hæstv. forseta, en annars áskil ég mér rétt til ræðu.

Forseti (JörB): Hv. 3. þm. Reykv. hefur beint til mín þeirri ósk, að umr. verði frestað og málið tekið af dagskrá, og mun ég verða við þeirri ósk hans.

Umr. frestað.

Á 56., 57. og 58. fundi í Nd., 30. nóv., 2. og 3. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 398, 436, 451, 457, 458, 473, 478, 505, 512, 513, 518).

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. 1. flm. brtt. á þskj. 473 er nú ekki viðstaddur frekar en síðast, þegar málið var á dagskrá, og þó að ég sé síðastur flm. og ætlaði ekki að ganga þar fram fyrir skjöldu, vildi ég svara andmælum, sem beint var að brtt. af hv. þm. Vestm. (JJós). Hann taldi eðlilegra, að skattstjóri væri formaður niðurjöfnunarn. En við fjórir, sem stöndum að brtt., teljum það nauðsyn fyrir bæina að ráða formanni hennar, það sé bæjunum hættulegt að taka oddamanninn og þar með valdið í niðurjöfnunarn. af þeim meiri hl. bæjarstjórnar, sem ber á hverjum tíma ábyrgðina á stjórn bæjarins. Fordæmi í þessu máli var gefið í Rvík, en horfið frá því aftur. Meiri hl. bæjarstjórna skapast náttúrlega af ýmsum ástæðum, en þar kemur fram kjósendavilji, sem treysta verður á, og það verður farsælast, að vald og ábyrgð séu í höndum bæjarstjórnar. Ég tel þetta ekki óhyggilegt og tel, að með því móti sé miklu betur tryggt, að kunnugur maður verði oddamaður í niðurjöfnunarn. en ef einhver maður verður skipaður af ríkisstj., a. m. k. í fyrstu, ókunnugur. Ég mæli því með þessari brtt. og get ekki fellt mig við það, sem hv. þm. Vestm. hefur haldið fram viðvíkjandi þessu atriði.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætlaði einnig að tala um þessa sömu till., sem hv. þm. Ak. hefur lýst hér, út af ummælum, sem hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. N.-M. hafa látið falla um hana, þar sem þeir teldu báðir, að hún stefndi í öfuga átt og væri þannig til ógagns. Ég áleit

hins vegar, þegar ég gerðist meðflm. að henni, að hún væri til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Ég varð alveg undrandi, þegar ég heyrði koma fram raddir um það, að ríkið ætti að blanda sér í skipun niðurjöfnunarn. í kaupstöðum. Því var haldið fram, að það væri nauðsynlegt, að í hverri niðurjöfnunarn. væri maður, sem mætti telja óháðan og vanur væri að fást við kerfisbundinn útreikning í skattamálum, og að það væri nóg að hafa í n. fjóra pólitíska fulltrúa, sem gætu rifizt um það sín á milli, hvernig jafna skyldi niður. Ég held, að sá, sem verður skipaður þannig af ríkisstj., verði jafnpólitískur og hinir, sem kosnir verða. Ég hef ekki orðið þess var, að þeir, sem hafa verið skipaðir af ríkisstj., væru neitt óháðari en aðrir. Það er nú þannig, að sá pólitíski ráðh., sem situr á hverjum tíma, hefur tilhneigingu til að skipa sinn pólitíska flokksmann, og þá er hætt við, að hin eðlilegu pólitísku hlutföll í viðkomandi bæjarstjórn mundu raskast. Hvers vegna ætti ríkið að fara að blanda sér í bæjarmálefni eins og niðurjöfnun útsvara? Ég tel það í mesta máta óeðlilegt, ef þessir fjórir kaupstaðir eiga á þennan hátt að verða harðar leiknir en önnur sveitar- og bæjarfélög landsins, að hafa þannig einn starfsmann sinn skipaðan af ríkinu, meðan aðrir bæir fá að ráða alla sína starfsmenn sjálfir. Ég vil benda á það, að munurinn á niðurjöfnunarn. og skattan. er mjög mikill. — Skattan. fá visst form til þess að fara eftir við útreikning skattanna, en niðurjöfnunarn. þurfa að ákveða, eftir hvaða mælikvarða útsvörin skulu innheimt á hverjum tíma, og það er óeðlilegt, að fulltrúi ríkisins skuli geta tekið völdin af meiri hl. bæjarstjórnar um ákvörðun þessa mælikvarða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en ég trúi því varla, fyrr en ég tek á, að Alþ. fari að samþ. að svipta þessa fjóra kaupstaði réttindum til þess að velja starfsmenn sína sjálfir.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Fjhn. hefur haldið fund um þær brtt., sem fyrir liggja, en orðið sammála um fátt eitt. Það er nú svo, að þegar enginn stjórnarmeirihl. er fyrir hendi í þinginu, þá er erfitt að ná samkomulagi um mál eins og þetta. Ég skal nefna brtt. á þskj. 478, þar sem lagt er til, að skattanm. og yfirskattanm. skuli fá greiddar 25 kr. á dag auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Þessi brtt. er ekki stór, en hún raskar því jafnvægi, sem verið hefur. Um þessa till. varð ekki ágreiningur í fjhn.

Þá flytur fjhn. brtt. á þskj. 518 um, að framtalsfrestur í Reykjavík skuli styttur frá 31. jan. til 20. jan. Þessi till. er borin fram eftir tilmælum skattstjóra og niðurjöfnunarnefndar.

Að vísu styttist fresturinn ekki nema fyrir einstaklinga, því að öll stærri fyrirtæki fá frest, enda mundu þau þurfa að fá hann, þótt engin breyt. væri gerð á þessu. Störfin við að vinna úr framtölunum eru orðin svo umfangsmikil, að aðilar telja sig þurfa að fá þessa 10 daga viðbót til þess að geta lokið störfum fyrir ákveðinn tíma.

Þá hefur n. orðið sammála um að mæla með till. hv. 2. þm. N.-M. um að bæta Vestmannaeyjum í tölu þeirra kaupstaða, sem skulu hafa skattstjóra. Ríkisstj. hefur einnig borið fram tilmæli um þetta sama. Enn fremur hefur n. lagt til, að bætt verði inn því ákvæði, að l. þessi skuli þegar öðlast gildi.

Þá hef ég lokið að tala um þær till., sem fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með, en frá sjálfum mér vil ég bæta því við, að ég tel sjálfsagt að samþ. brtt. á þskj. 473 um það, að kaupstaðirnir skuli ráða niðurjöfnunarn. sínum eins og Reykjavík nú. Áður en sú brtt. var gerð hér fyrir Reykjavík, þá hefði orkað tvímælis um að samþ. þessa till., en eftir að sú breyt. var gerð, þá er ekki hægt að gera breyt. í öfuga átt í öðrum kaupstöðum. Þetta er ekki frá allri fjhn., en sumir nm. eru þessu samþykkir. Ráðuneytið hefur einnig vakið athygli okkar á þessari nauðsyn, enda hygg ég, að till. mþn. um þetta sé sprottin af misskilningi.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var rætt hér fyrir skömmu, þá sagði ég, að ég skoðaði þetta spor nauðsynlegt, að skipa skattstjóra eins og segir í frv., því að með þeim háu skattstigum, sem nú gilda, bæði til ríkis og bæja, þá væri það nauðsynlegt, að óháðir embættismenn ríkisins fjölluðu einnig um þessi mál, en ekki eingöngu þeir menn, sem væru kosnir af pólitískum flokkum í það og það skiptið. En ég sé það á till., sem fjórir hv. þm. hafa flutt hér, að þetta hefur ekki fundið hljómgrunn hjá þessum hv. þm., enda hefur það komið fram í ræðum, sem tveir þeirra, þeir hv. þm. Ak. og hv. 6. landsk., hafa nú haldið hér. Hér er í raun og veru ekki um mikið að deila. Þetta er „princip"-atriði um það, hvort skattálögur á hverjum tíma skuli vera sem mest undir hæl pólitískra fulltrúa eða hvort reynt skuli að afgreiða það eins óhlutdrægt og hægt er. Hér greinir á milli mín og hv. þm. Ak. og hv. 6. landsk. um þetta atriði. Ég er ekkert feiminn, þótt ég sé fulltrúi bæjarfélags, að ganga á móti þessum skoðunum þeirra, því að það kemur fram, að rök þeirra eru á misskilningi byggð, einkanlega þau, sem komu frá hv. 6. landsk. Hann taldi það mjög óheppilegt fyrir bæjarfélögin, að skattstjóri hefði forustu um álagningu og að með því væri raskað þeim pólitíska meiri hl., sem fyrir hendi væri í bæjarstjórninni. Það vita allir, að bæjarstjóri hvers bæjar er háður hinu pólitíska meirihlutavaldi í hverjum bæ og þá um leið pólitískum flokkum og ákveðnum persónum. Þetta er líka bein afleiðing af því, að hann er kosinn af meiri hl. bæjarstjórnar. Sá bæjarstjóri, sem er þannig kosinn af ákveðnum pólitískum flokki eða flokkum, getur ekki talizt ópólitískur eða óháður gagnvart bæjarstjórn. Nú má segja, að ég sé að halda fram málstað minni hl., en ég vil aðeins, að minni hl. sé eins öruggur og meiri hl., ef þess er nokkur kostur. Nú hefur ekki verið sá háttur á að hafa skattstjóra nema hér í Reykjavík, en

nú stendur til að skipa einnig skattstjóra í öðrum kaupstöðum.

Hv. þm. Ak. og hv. 6. landsk. virtust vilja leggja þann skilning í það, að skipaður skattstjóri skyldi eiga sæti í niðurjöfnunarn., að þá hefðu bæjarbúar ekkert að segja og vald meiri hl. í kaupstöðunum fengi þá ekki notið sín. Nú vil ég benda á það, að skattstjórinn er þó ekki nema einn af fimm mönnum í niðurjöfnunarn. Hvers konar lýðræði hafa þessir menn í höfðinu, ef þeir halda, að einn maður ráði alveg yfir hinum fjórum og álagningarmælikvarðinn verði algert „pródúkt" skattstjórans og hinir fái þar engu um ráðið? Ég segi ekki, að skattstjórinn hafi engin áhrif, en hann hefur ekki meiri áhrif en hver hinna.

Þá hélt hv. 6. landsk. því fram, að niðurjöfnun útsvara væri eingöngu mál bæjanna og kæmi ríkisvaldinu alls ekkert við. Þetta verð ég að segja, að sé furðuleg villa. Bæjarfélögin hafa alls ekki ótakmarkað vald til þess að leggja útsvör á, því að þegar komið er að vissu marki, þá þurfa þau að fá leyfi ríkisvaldsins til hærri álagningar, og hefur ríkið þannig heimild til þess að grípa þar inn í. Þetta er nægilegt til þess að sanna, að það er rangt, að niðurjöfnunin komi ríkisvaldinu ekki við, en það er þó meira en þetta. Ríkisvaldið hefur einnig rétt til þess að grípa inn í þessi mál gagnvart einstökum mönnum, því að ríkisskattan. er hæstiréttur í úrskurðun á útsvarskærum. Ríkið hefur því þarna tvöfalt vald. Fjmrh. getur gripið inn í gagnvart of hárri álagningu almennt og ríkisskattan. gagnvart einstökum mönnum.

Þá sagði hv. 6. landsk. enn eina vitleysu. Hann fullyrti, að skattstjóri gæti alveg tekið ráðin af meiri hl. bæjarfélagsins um ákvörðun á mælikvarða til útsvarsálagningar. Ég verð að segja, að það er a. m. k. ekki venja hér sunnan lands, að einn taki ráðin af fjórum í sömu n., hvað sem tíðkast austan lands. Ég veit ekki, hvernig einn maður ætti að geta tekið ráðin af allri n. Það, sem okkur hv. flm. greinir á um þessar brtt., sem hér er um að ræða, er það, að ég vil, að skattstjórinn verði eins konar málamiðlari milli meiri og minni hl. í bæjarstjórn, og ég get ekki séð, að það sé neitt skaðræði í því. Það er einmitt brýn nauðsyn á því, að um þessi mál fjalli sem allra óháðastir menn, en því er ekki hægt að ná, meðan pólitískur meiri hl. fer með völdin í þessum málum. En það er það, sem þessir hv. flm. vilja. Þeir hafa haldið því fram, að það væri óheppilegt að hafa ókunnugan skattstjóra í niðurjöfnunarn., en ég tel það miklu meira virði, að skattstjórinn geti látið þekkingu sína á skattamálum vera hinum til leiðbeiningar, því að það er vitað, að þekking á skattamálum er mjög takmörkuð hér á landi, og það er einmitt þetta þekkingarleysi, sem er ein af meginástæðunum fyrir því, að nú er lagt til að skipa þessa skattstjóra. Þegar skattstjóri situr með fjórum heimakunnugum mönnum í niðurjöfnunarn., þá þarf þekkingarleysi hans ekki að koma að sök, er hann hefur fjóra kunnuga menn með sér. Hann á ekkert að gera einsamall, heldur hefur hann fjóra menn, sem eru nákunnugir högum bæjarbúa, og get ég því ekki séð, að neinu sé stefnt í hættu, þótt hann sé ókunnugur. En það sýnist vera, að þar sem eru fjórir menn aðrir, þá muni störfin ekki líða af þeim sökum. Skipun skattstjóranna getur verið réttarbót fyrir þjóðfélagið, en ekki nema að hálfu leyti, ef færni þeirra og hæfileikar eiga ekki að njóta sín nema við þá skatta, er eiga að ganga í sjálfan ríkiskassann. Þetta væru líka kyndug vinnubrögð í kaupstöðum, ef sleppa ætti helmingi skattheimtunnar (sem bærinn fær) undan hinum faglegu áhrifum skattstjóranna, þegar bærinn gæti orðið aðnjótandi menntunar þeirra og reynslu. Nei, hv. fjórmenningar, er standa að þessu, þurfa að halda skattstjórunum utan við allt, er snertir útsvör, af því að þeir halda, að hið pólitíska meirihlutavald í kaupstöðunum líði við það, að 5. maður komi óháður inn í niðurjöfnunarnefndirnar.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég vil aðeins segja það um mitt kjördæmi, þar sem einn skattstjórinn á að vera, að starf hans verður lítið, ef hann á eingöngu að fjalla um ríkisskattana. Hins vegar yrði það fullkomið starf, ef hann ætti sæti í niðurjöfnunarn., og þessir skattar eru svo skyld mál víðast, goldnir eftir sama skattstiga og af sömu eignum. Mér finnst þetta því hreint Bakkabræðralag.

Hv. þm. V.-Ísf. færði það sem rök fyrir þessu máli, að Reykjavík væri undanþegin þessu. Hvað sem því líður, þá eru þetta engin rök. Þótt Reykjavík hafi sloppið við að hafa skattstjórann í niðurjöfnunarn., þá er það jafnskakkt fyrir því. Og þetta voru hans einu rök. Ef ein vitleysa er gerð í Reykjavík, þá er sjálfsagt að gera sömu vitleysurnar úti um land, eftir þessu að dæma.

Hér greinir á um verulegan stefnumun. Vilja menn koma í veg fyrir pólitísku áhrifin í þessum álagningum, eða vilja menn viðhalda þeim og jafnvel auka þau? Ég fyrir mitt leyti álít, að óháð, hlutlaus framkvæmd í þessum efnum sé heppilegust. Og það er því mín till. sem kaupstaðarþingmanns, að skattstjórarnir eigi sæti í niðurjöfnunarnefndum.

Jakob Möller: Ég gat þess, að mér þætti komið út á nokkuð vafasama braut um afgreiðslu þessa máls. Eins og kunnugt er, var í lok fyrri hluta þessa þings kosin n. til að taka til athugunar fram komin skattafrv. og leitast við að ná einhverju samkomulagi um afgreiðslu þeirra, ef unnt væri, og leggja síðan niðurstöður sínar fyrir framhaldsþingið. Árangur þessara umleitana er svo þetta frv., sem var það eina, er n. varð sammála um, en í henni áttu sæti fulltrúar allra þingflokkanna. Menn skildu þetta nú þannig, að það væri a. m. k. óbeint samkomulag um það milli flokkanna, að stuðla að því í þinginu að hreyfa ekki öðrum breyt. á skattal. en fram koma í þessu frv., og ég hef skilið þá nm. þannig, sem ég hef talað við, að svo hafi verið. Jafnvel hafa þeir sagt, er þeir sáu, hvernig málið var að snúast, að verið væri að bregðast samkomulagi. Að sjálfsögðu er þm. þó heimilt að bera fram brtt., en þeir verða að gera sér ljóst, að því róttækari brtt. sem þeir

bera fram, því meiri hættu stofna þeir þessu frv. í, svo að þau atriði, sem n. varð sammála um, geta fallið niður fyrir þær sakir.

Það eru nú komnar fram brtt. á æði mörgum þskj. Margar þeirra eru lítilvægar fyrir afgreiðslu málsins, en aðrar eru allróttækar, og á einu þskj. er tekið upp eitt af þeim skattafrv., sem lágu fyrir þinginu í vor og liggur raunar enn, og er borið fram sem brtt. við þetta frv. Það hefði verið ofur auðvelt að ýta á eftir því frv., án þess að stofna þessu þannig í hættu með því að blanda þeim saman.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um þessar brtt. í réttri röð þskj.

Þá er fyrst brtt. á þskj. 436 frá hv. þm. V.-Húnv. og hv. 8. þm. Reykv., þess efnis að taka upp nýja gr. á eftir 1. gr. á þá lund, að heimilt skuli félögum að draga frá skattskyldum tekjum ⅓ tekjuafgangs, „þó aldrei lægri upphæð en félögum þessum er skylt að leggja í varasjóð, samkvæmt l. nr. 46 frá 13. júní 1937, 24. gr.", eins og segir í þessari brtt. Þau l., sem hér er vitnað til, eru um samvinnufélög, og eru rök brtt. þau, að samkvæmt þessari tilvitnuðu gr. í þeim er samvinnufélögum gert að skyldu að leggja í varasjóð vissa prósenttölu af keyptum og seldum vörum, og telja flm., að ⅓ tekna, sem skattfrjáls er, fullnægi stundum ekki þessari kvöð. Þetta er náttúrlega ekki næg ástæða til að veita félögunum þessar skattívilnanir, því að þá væri hægt eins vel að koma öllum félögum undan skatti með því að skylda þau til að leggja svo og svo mikið í varasjóð. Þar að auki bendi ég á, að hinar miklu skattívilnanir þessara félaga byggjast raunverulega á röngum forsendum, því að með l. eru þessar ívilnanir bundnar því, að félög geti ekki úthlutað varasjóðum sínum. En það er mjög vafasamt, að þau félög, er hér um ræðir, uppfylli þessi skilyrði. Þetta er að vísu ákveðið í l. um félagsslit, en í l. um samvinnufélög sé ég þetta ekki fastákveðið og því ekki hægt að tala um óskiptanlega sjóði þeirra. Í l. um samvinnufélög er beint heimilað að greiða allar greiðslur úr varasjóði, ef félagsstjórnin leggur það til og ⅔ hlutar fulltrúa samþykkja það. Það er m. ö. o. hægt að skipta upp varasjóðunum. Því sé ég ekki annað en ívilnanir þessara félaga í skattal. séu byggðar á röngum forsendum. Ég get því ekki fallizt á þessi hlunnindi.

Till. á þskj. 451 hefur í rauninni verið rædd í sambandi við till., er n. hefur tekið upp, og verður hún væntanlega tekin aftur.

Á þskj. 457 er brtt. frá hv. 6. landsk., þar sem tekið er upp heilt frv. sem brtt. við þetta frv., en í sambandi við þessa brtt. sagði hv. 2. þm. N.-M., að ekkert vit væri í því að styðja að því með skattalöggjöf, að almenn hlutafélög gætu safnað varasjóðum, eða stuðla að þessu með skattfrelsi. Ég veit ekki, hvaða mun er hægt að gera á þessum félögum og samvinnufélögum, allra sízt þegar það er aðgætt, að varasjóðir beggja eru skiptanlegir.

Það, sem um er að ræða með varasjóðssöfnun hjá öllum, er að tryggja reksturinn annars vegar, og það er vissulega heilbrigt af hvaða félagi eða fyrirtæki, sem er, og hins vegar að stuðla að fjársöfnun í landinu. Þetta á jafnt við um samvinnufélög og hlutafélög. Ef ekkert vit er í að veita hlutafélögum skattívilnanir, til þess að þau geti safnað í varasjóði, þá er heldur ekkert vit í að veita samvinnufélögum þær. Bæði félagaformin eru í rauninni einkafyrirtæki, aðeins eru samvinnufélögin venjulega fyrirtæki fleiri manna.

Hv. 2. þm. N.-M. nefndi í þessu sambandi félög, sem hefðu það fyrir atvinnu að komast yfir lóðir og leigja þær síðan eða selja. Má vera, að það væri ekki ástæða til að tryggja starfrækslu þessara eða annarra einstakra félaga með varasjóðssöfnun vegna skattfríðinda, en þau stuðla þó eins og önnur að almennri fjársöfnun í landinu. En ef menn vilja undanskilja sérstakar tegundir atvinnurekstrar, þá ætti að vera vinnandi vegur að gera þær undantekningar.

Þá er það brtt. á þskj. 457. Hún fer fram á að takmarka skattívilnanir til útgerðarfyrirtækja, þannig að þeim sé óheimilt að leggja í nýbyggingarsjóð ⅓ af hreinum tekjum, en þó aldrei meira en vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns nemur og aldrei yfir 2 millj. kr. Nú er fram komin brtt. við þessa brtt. frá einum hv. þm., þess efnis að miða við innborgað hlutafé félaganna í staðinn fyrir hæfilegt vátryggingarverð skipanna. Við þessari takmörkun hef ég ekki svo mikið að segja, en hitt að takmarka síðan sjóðsupphæðina við 2 milljónir tel ég alveg fráleitt, á sama tíma sem flokkur þessa hv. þm. flytur hér stórkostlegar till. um, að ríkið veiti svo og svo háar upphæðir til að smíða ný skip. Að leggja síðan hömlur á það, að núverandi útgerðarfélög í landinu geti endurnýjað skipastól sinn, það er alveg furðulegt. Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því, að með því að takmarka þannig söfnun í nýbyggingasjóð, þá er í rauninni verið að stuðla að því, að skipastóllinn minnki. Það er vitað, að skipastóllinn er að ganga úr sér og minnka að vöxtum og þarf skjótrar endurnýjunar við, sem verður ekki framkvæmd með þessu móti. T. d. er hér eitt félag, sem á sjö togara. Tvær milljónir eru ekki nóg fé til að endurnýja einn þeirra, eins og nú árar. Hv. 6. landsk. ætlast þá ekki til, að unnt verði að endurnýja sex þessara togara. Þar að auki eru a. m. k. 2—3 félög önnur, sem mundu ekki geta endurnýjað skipastól sinn með þessari upphæð. Það yrðu því ekki aðeins þessi sex skip, sem yrði ekki hægt að endurnýja, heldur sennilega 3—4 í viðbót, eða m. ö. o. hátt upp í 2/5 af togaraflotanum, sem á ekki að endurnýja. Hverju er svo bættara með því að taka þetta fé í ríkissjóð og verja því síðan til að styrkja nýgræðing í þessum atvinnurekstri eða þess háttar? Þvert á móti er það ótryggara en láta féð vera bundið í grónum og reyndum atvinnufyrirtækjum.

Till. hv. þm. V.-Húnv. að miða framlagið við hlutafé félaganna hefur verið rædd á hverju þingi í mörg ár, og mér skilst, að allir hv. þm. utan Framsfl. séu sammála um, að sú regla sé óheppileg, vegna þess að þá mundi þetta langhelzt koma þeim að notum, sem sízt þyrftu þess með, því að það eru sterku fyrirtækin, sem eiga mest hlutafé, en þau, sem veikari eru og hafa lítið hlutafé, mundu fá lítið eða ekki neitt.

Hv. 6. landsk. leggur til á sama þskj., að gerð verði veruleg hækkun á persónufrádrætti hjá einstaklingum eins og þskj. greinir. N. hefur enga afstöðu tekið til þessarar till., en ég geri ráð fyrir, að hún fái nokkru meira fylgi fyrir það, hve mikil óvissa hefur ríkt um skattálögur af hálfu Alþingis, þar sem hinar og þessar breyt. hafa verið gerðar til hækkunar, oft með litlum fyrirvara, nú síðast verðhækkunarskatturinn á síðasta ári, sem að vísu hefur verið fellt að framlengja á þessu þingi, en kynni að rísa upp aftur í einhverri mynd, og er því eðlilegt, að menn vilji hafa vaðið fyrir neðan sig um að tryggja menn fyrir allt of þungum búsifjum af hálfu skattal. með því að hafa ríflegri persónufrádrátt en áður hefur verið.

Þá er á sama þskj. önnur brtt., þar sem lagt er til, að 11. gr. l. verði felld niður. Þessi till. á við það að fella niður að skipa skattadómara. Það mun að nokkru leyti vera talið sem rök fyrir þessari till., að samkvæmt því frv., sem hér er um að ræða, á að skipa fjóra skattstjóra til viðbótar, en þessir skattstjórar eiga að sjá um framkvæmd skattal. í þeim umdæmum, sem þeim eru fengin til umsjónar. Hins vegar er þetta ekki nægileg ástæða til að fella niður ákvæðið um skipun skattadómara, vegna þess að eftir sem áður verða skattan. og skattstjórar í ýmsum tilfellum að leita til dómaranna til að rannsaka mál, og í frv. er gert ráð fyrir, að þeir leiti til héraðsdómara í hlutaðeigandi umdæmi. Sannleikurinn er sá, að ég hygg, að það geti orðið tafsamt, a. m. k. í þeim héruðum, þar sem mikið er um dómsmál og mikil störf hvíla á héraðsdómurunum. Það er því hentugt að eiga aðgang að sérstökum manni til þess að hafa rannsókn slíkra mála með höndum engu síður en áður. Ef það vakir fyrir hv. þm., að betur verði gengið frá að rannsaka slík mál framvegis en verið hefur, þá hygg ég, að það sé ekki spor í þá átt að fella niður skattadómaraembættið.

Á þskj. 473 er brtt. flutt af hv. þm. Hafnf. og nokkrum hv. þm. öðrum, að skattstjórar, sem skipaðir verða, skuli ekki eiga sæti í niðurjöfnunarn., nema þeir séu kosnir til þess. Um þessa till. er nokkur ágreiningur, og sérstaklega er hv. þm. Vestm. andvígur þessari till. Það má ýmislegt um þetta segja. Eins og nú er, þá eiga skattstjórar alls staðar nema í Reykjavík að vera sjálfkjörnir formenn niðurjöfnunarn., en þar, sem skattstjórar eru ekki, skulu formenn skattan. vera það, en í bæjum séu bæjarstjórar formenn skattan., sem að vísu eru kosnir af bæjarstjórn. Hv. þm. Vestm. sagði, að það væri heppilegt að bægja burt pólitískum áhrifum úr niðurjöfnunarn. með því, að sá hlutlausi skattstjóri, sem skipaður væri af ríkisstj., væri þar formaður. Þetta hljómar vel, en pólitískum áhrifum verður ekki bægt burt úr niðurjöfnunarn. með þessu móti. Það getur aðeins orðið til þess, að þar, sem meiri hl. bæjarstjórnar er fylgjandi annarri stefnu en ríkisstj., sem skipar skattstjórann, verði þau pólitísku áhrif gagnstæð því, sem hlutaðeigandi sveitarfélag vill vera láta. Ég get fullkomlega skrifað undir það, sem hv. 6. landsk. sagði um það, og einmitt fyrir þessa sök var það, að í Reykjavík undu menn þessu fyrirkomulagi illa, meðan það var, og fengu því breytt. Hv. þm. Vestm. sagði, að það væri nauðsynlegt að fá þannig hlutlausan mann í niðurjöfnunarn., en það hefur sýnt sig, að skattstjórar fylgja jafnan stefnu síns flokks, hvort sem það er í samræmi við stefnu meiri hl. í viðkomandi bæjarfélagi eða ekki. Ég sé því ekki annað fært en samþ. þessa brtt. á þskj. 473, enda mun hv. form. fjhn. hafa lýst afstöðu meiri hl. á þann veg.

Þá er till. á þskj. 478 um kaup skattanefndarmanna. Meiri hl. n. er sammála um þessa till. Ég hefði talið álitamál, hvort kaupið ætti að vera 20 eða 25 krónur á dag auk uppbóta. Eins og kunnugt er, þá er kaup alþm. 15 kr. auk 30% uppbótar, og svarar það nálægt því til 20 kr., en ef menn vilja hafa þetta hærra, þá skiptir það ekki verulegu máli.

Till. á þskj. 505 frá hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. skilst mér, að sé tekin aftur. Hún er um það, að viðhald verði ákveðin hundraðstala af verðmæti eignar. Ég hygg, að ekki sé heppilegt að svo komnu að gera þessa breyt. og fyrirskipa, að allt viðhald sé reiknað svo og svo mörg prósent af verðmæti eignar, þó að ég skuli fúslega játa, að margt mæli með, að slíkt sé gert á venjulegum tímum. En ég held, að það sé óheppilegt, eins og nú er.

Hv. 2. þm. N.-M. leggur til á þskj. 513, að skattstjórar verði fimm, þ. e. a. s., að Vestmannaeyjum verði bætt við. Eins og kunnugt er, þá hefur skattstjóri verið aðeins einn, en stj. hefur haft heimild í skattal. til að skipa þá. Nú er lagt til, að þeir verði í öllum kaupstöðum landsins nema Siglufirði og Seyðisfirði. Ég er í vafa um, að þetta sé rétt, sérstaklega að því er varðar Siglufjörð. Segja má, að lítil ástæða sé til að hafa sérstakan skattstjóra á Seyðisfirði, og segja má, að þessi ár sé ekki mikið að vera á Siglufirði, en vel getur sú breyt. á orðið, að full ástæða sé til að hafa þar skattstjóra ekki síður en í hinum kaupstöðunum, sérstaklega Ísafjarðarkaupstað. Hins vegar mun það vera tilgangurinn með þessari löggjöf, að skattstjórarnir hafi ekki aðeins yfirumsjón með skattamálum í viðkomandi kaupstað, heldur einnig í ákveðnum umdæmum, og þá er á það að líta, að Norðurlandsumdæmið hlyti að verða nokkuð umfangsmikið fyrir skattstjórann á Akureyri, sem að sjálfsögðu hefur talsverð störf í sínu eigin umdæmi, Akureyrarkaupstað. Það er kunnugt, að verksvið skattan. þar er geysimikið, og er því vafasamt, hve miklu má á þann mann bæta. Ég tel, að það sé því rétt að bæta hér við Siglufirði, einmitt með tilliti til þess, að skattstjóri þar mundi geta tekið nokkurn hluta af því umdæmi, sem annars er lagt undir skattstjórann á Akureyri. Mun ég því bera fram skrifl. brtt. um, að skattstjóra á Siglufirði verði bætt við þá fimm, sem hv. 2. þm. N.-M. leggur til, að skipaðir verði.

Ég held, að ég hafi þá farið yfir þessar brtt., og vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. þm. Reykv., sem hann hefur nú lýst. Hún er of seint fram komin og þar að auki skrifl. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 586) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Ég vildi segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. þm. Vestm. Hann hélt fram, að af sinni hálfu væri um „principmál" að ræða og af þeirri ástæðu gæti hann ekki fallizt á till. á þskj. 473, því að hann væri þeirrar skoðunar, að að því bæri að stefna að minnka vald hinna pólitísku flokka um álagningu yfirleitt og innheimtu gjalda til ríkis og bæja. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að ef hann vill flytja þetta sem „princip" frá sinni hálfu, þá hefði verið nauðsynlegt, að fram hefði komið í þessu heildarstefna gagnvart öllum aðilum, en hér er stefnt að því, að 4—5 kaupstaðir skuli ekki hafa sama rétt og aðrir til að kjósa niðurjöfnunarnefndir. Reykjavík má hafa hann áfram og Seyðisfjörður líka, sömuleiðis Siglufjörður, Akranes og allir hreppar, en aðeins þessir tilteknu kaupstaðir verða sviptir þessum rétti. Hér er því ekki um þann grundvöll að ræða, að þetta geti heitið „principmál".

Hv. þm. Vestm. dregur þetta mál upp á rangan hátt. Hann sagðist vilja, að ríkið skipi formenn niðurjöfnunarn. á þessum stöðum til þess að tryggja, að þeir verði óháðir og óhlutdrægir, og til þess að minnka vald hinna pólitísku flokka á þessum stöðum. Hann nær þessum góða tilgangi sínum alls ekki með því, sem hann leggur til. Það þýðir ekki að stangast á við það, því að það er veruleiki, að þessir menn geta verið alveg eins pólitískir og bæjarstjórar mundu vera. Hv. þm. Vestm. lýsti því fyrir fáum dögum, hvernig ýmsir hæpnir starfsmenn hefðu komið í byggðarlag hans í sambandi við þessi mál. Við getum gengið út frá því, að sá pólitíski ráðh., sem er á hverjum tíma, muni fyrst og fremst velja til skattstjóra menn, sem eru af sama pólitíska sauðahúsi og hann, og getur það leitt til þess, að niðurjöfnunarn. verði skipuð í andstöðu við vilja meiri hl. bæjarstjórnar. Við skulum taka dæmi. Við skulum hugsa okkur, að í einni bæjarstjórn séu kosnir fjórir framsóknarmenn og fimm sjálfstæðismenn. Hvernig verður niðurjöfnunarn. skipuð þar? Samkv. till. hv. þm. Vestm. kysi bæjarstjórn tvo framsóknarmenn og tvo sjálfstæðismenn. Svo skulum við hugsa okkur, að framsóknarmaður sé ráðh., og hann skipar skattstjóra og þá um leið formann n. Hann skipar framsóknarmann, ef að venju lætur, og er þá niðurjöfnunarn. skipuð þremur framsóknarmönnum og tveimur sjálfstæðismönnum eða þvert á móti því, sem bæjarstjórnin var skipuð. Ég tel eðlilegt, að sá meiri hl., sem er í bæjarstjórn á hverjum tíma, fái að ráða því, hvernig megintekna skuli aflað, en ekki sá minni hl., sem ber ekki ábyrgðina. Það, sem um er að ræða, er það, að einn maður getur, þegar svo ber undir, tekið valdið af meiri hl. bæjarstjórnar í niðurjöfnunarn., en ekki hitt, eins og hv. þm. Vestm. vildi halda fram, að ég hefði sagt, að þessi eini stjórnskipaði maður mundi einn ráða öllu í n. Mér hefur ekki dottið í hug, að hann mundi hafa meira vald en það, að hann gæti lagt atkv. sitt í vogarskálina, þannig að meiri hl. ráði ekki n. Ég viðhafði þau orð, að niðurjöfnunarn. væri fyrst og fremst einkamál kaupstaðanna, en ekki ríkisstj. Hv. þm. Vestm. þótti hér of djúpt tekið í árinni og nefndi tvö dæmi þess, að ríkið hefði vald umfram bæjarstjórnir, fyrst það, að niðurjöfnunarn. eru sett takmörk um hæð álagningar, og svo hitt, að menn geta kært til ríkisskattan. yfir álagningu útsvars. Þetta afsannar ekki á nokkurn hátt það, sem ég hef sagt í málinu. Það er vitað, að niðurjöfnun útsvara fer eftir útsvarsl., og svo er til sérstök n. eða yfirdómstóll, sem á að dæma um, hvort lagt hefur verið á skattþegna samkvæmt skattstiganum. En þó að það sé svo, að ríkisvaldið hafi sett þessi l. og áðurnefndur kærufrestur sé til, sé ég ekki, að það réttlæti, að Alþ. fari að skipta sér af því, eftir hvaða reglum bæjarfélögin skipa niðurjöfnunarn. sínar.

Þá eru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði út af brtt. minni á þskj. 457. Hann hélt því fram, að till. mundi stuðla að því að skerða rétt hinna stærri útgerðarfélaga til að leggja fé í nýbyggingarsjóð. Þetta er misskilningur, því að till. mín miðast við það, að framlag þessara útgerðarfélaga í nýbyggingarsjóð megi vera hin sama og áður, ef sjóðirnir eru komnir yfir 2 millj. kr., en hins vegar er samkv. till. minni tillag þeirra, sem hafa lægri sjóði en 2 millj. kr., aukið úr 1/6 í 1/3. Þetta vildi ég leiðrétta, en sé annars ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, enda er ég búinn með tímann.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það voru aðallega tvö atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem mig langaði til að leiðrétta. Hann sagði, að sama væri aðstaða hlutafélaga og samvinnufélaga til varasjóðs. Hann sagði þetta í samræmi við þau orð mín, að engin ástæða væri til að veita hlutafélögum, sem rekin væru með engri áhættu, ýmiss konar hlunnindi. Hv. þm. vildi halda því fram, að hér stæði eins á um hlutafélög og samvinnufélög, og þennan misskilning vildi ég leiðrétta. Mig undrar raunar að heyra þetta frá honum. Í 3. gr. samvinnul., 9. lið, er beint tekið fram sem skilyrði þess, að félag geti talizt samvinnufélag, að innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skuli það að loknum öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar, unz samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Hvaða ákvæði hefur hv. þm. um þetta mál í hlutafélagal.? Skyldu félög hér í Reykjavík, sem fá að leggja skattfrjálst í varasjóð og eiga dálitla lóðarbletti eða hús, sem þau leigja út, — það er nú öll áhættan — skyldu þau eiga einhver ákvæði í l. um það, að bæjarstjórn eða lögmaður ætti að taka við varasjóði, ef þau hættu störfum, þangað til annar aðili kæmi, sem hefði

sama markmið? Nei, slík ákvæði eru ekki til. Aðstaðan er hér allt önnur en hjá félögum, þar sem ekki er um annað að ræða en menn, sem fá fé handa sjálfum sér og skattívilnanir, og þar sem ekki er um neina áhættustarfsemi að ræða. (**ÓTh:** Fá hluthafar þetta fé við upplausn hlutafélaganna?) Já, og oft með alls konar friðindum.

Á þskj. 457 er talað um breyt. á persónufrádrætti. Ég hef minnzt á þetta áður. Ef persónufrádrátturinn er hækkaður, dugir ekki að vera að umreikna tekjurnar, eins og nú er gert, og draga svo frá því, sem búið er að hækka. Í því er ekkert vit. Annaðhvort verður að umreikna tekjurnar, eins og nú er gert, og draga síðan persónufrádráttinn frá eða hætta umreikningnum og hækka persónufrádráttinn í nokkur þúsund.

Sömuleiðis féllst Alþ. á það að hafa persónufrádrátt jafnan, hvar sem er á landinu. Hér er frá því horfið og fallizt á, að persónufrádráttur sé lægri, þegar út fyrir kaupstaðina er komið. Þetta tel ég illa farið og órétt að gera það nú, þegar á öðrum sviðum er verið að jafna aðstöðu manna um land allt, sbr. till. um jafnari launakjör, jöfnun mjólkur- og kjötverðs o. s. frv. Á meðan verið er að vinna þetta í jöfnunarátt, er nú sagt við fólkið úti á landinu: Þið eyðið minna en almenningur í Reykjavík og eigið því að hafa lægri persónufrádrátt. — Þetta tel ég ranglátt og legg því til, að þessi till. verði felld.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Jakob Möller: Herra forseti. Ég vil fara fram á það, þó að það sé kannske óvenjulegt, að umr. verði tekin aftur upp um þetta mál, og vil ég gera grein fyrir þeirri ósk minni. Þetta er síðasta umr. um þetta mál hér í hv. d., a. m. k. að sinni. Henni lauk með þeim hætti, þegar þetta mál var við þessa umr. rætt hér á dögunum, að klukkan var orðin fjögur, sem er venjulegur fundarlokatími. Ég hafði þá talað og gert grein fyrir málsatriði. Þegar ég fór af fundi kl. fjögur, þá var hv. 6. landsk. þm. (LJós) að tala, og auk þess vissi ég, að einn hv. þm. var á mælendaskrá, 2. þm. N.-M. (PZ). Og ég gekk þá út frá því sem vísu, að umr. um málið mundi þá verða frestað. Nú er það að vísu ekki algild regla, að umr. sé frestað kl. 4, en þó svo venjuleg, að ég gerði ráð fyrir, að svo mundi verða um þetta mál, þó að ég vilji ekki ásaka hæstv. forseta fyrir það, þó að hann sliti umr. þá um málið, þar sem enginn var á mælendaskrá. En þar sem þetta atriði er mjög þýðingarmikið, þá óska ég eftir þessu, — án þess að ég geri grein fyrir því, hvað það er, — en það var sem sé ágreiningur um l. um samvinnufélög, hvernig þau beri að skilja, og ég hafði lýst skoðun minni, þar sem talað er um, að samvinnufélög hafi óskiptilega varasjóði og að það sé óeðlilegt, að þær reglur gildi um varasjóði þessara félaga, þar sem, þegar allt er athugað, enginn munur væri á þessum félögum og öðrum félögum, sem varasjóði hafa. Og þetta byggist á því, að þótt í 3. gr. l. um samvinnufélög sé svo ákveðið, að innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum sé ekki útborgað við félagsslit, þá er í annarri gr. þessara sömu l., 24. gr., lagt svo fyrir, með leyfi hæstv. forseta: „Fé má ekki greiða úr varasjóði nema eftir tillögu félagsstjórnar, í samráði við endurskoðun og með samþykki aðalfundar, enda séu tillögunni fylgjandi eigi færri en ⅔ þeirra félagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum". Það er augljóst, að þetta ákvæði 24. gr. ónýtir gersamlega ákvæði 3. gr., því að samkv. 24. gr. er hægt, hvenær sem er, að skipta varasjóði slíks félags upp, greiða félagsmönnum úr honum á hverju einasta ári og ganga þannig frá, að við félagsslit sé enginn varasjóður til, og þannig gera það að verkum, að þessi félög séu nákvæmlega með sama hætti og önnur hlutafélög, sem um er að ræða í landinu, hvers konar hlutafélög sem eru.

Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið nú aftur á dagskrá til umræðu.

Forseti (JörB): Mér skilst nú, að hv. 3. þm. Reykv. sé í grg. sinni fyrir ósk sinni um það, að málið verði tekið nú á dagskrá aftur, búinn að koma að þeirri leiðréttingu, sem hann taldi nauðsyn til bera, og þannig ná þeim tilgangi, sem hann hafði með ósk sinni. Ég get ekki orðið við þeim tilmælum hans að opna nú umr. þá aftur, sem lokið var nú nýskeð um þetta mál. Það er að vísu svo, að það er ýmist með það, hvort fundi er lokið í þessari hv. d. kl. 4 eða honum er frestað, þannig að veitt er fundarhlé í klst. En þannig stóð nú á í þetta sinn, að það var ekki nema einn á mælendaskrá á þessum venjulega fundartíma, þegar hv. 6. landsk. hafði lokið sínu máli, sem sé hv. 2. þm. N.-M. (PZ), og þá með aðeins athugasemd, sem hann fékk að gera, og er því var lokið, voru ekki fleiri á mælendaskrá, og þess vegna lauk umræðum þá.

ATKVGR.

Brtt. 512 felld með 17:10 atkv.

Brtt. 457,1 a samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, STh, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, EOl, EystJ, FJ, BFB, LJós, PZ, PÞ, JörB.

nei: SB, SEH, SK, ÁÁ, GSv, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS.

SÞ, EmJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (PO, GÞ, GG, ÓTh) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Ég hefði talið æskilegt, að möguleikar smærri útgerðarfyrirtækja til þess að leggja í nýbyggingasjóði væru nokkru rýmri en í þessari brtt. er gert ráð fyrir, og var brtt. mín í þá átt, sú sem nú síðast var felld. En þrátt fyrir það greiði ég atkv. með þessari brtt. og segi já.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég tel nokkurs vert, að frv. eins og það er borið fram, nái afgreiðslu á þinginu. En ég tel aftur á móti, að það sé ólán, ef meiri háttar brtt. verða samþ. á því. Þegar af þeirri ástæðu mun ég greiða atkv. á móti öllum meiri háttar brtt. við það og segi því nei.

Eysteinn Jónsson: Já, með tilvísun til grg. hv. þm. V.-Húnv.

Jörundur Brynjólfsson: Já, með skírskotun til aths. hv. þm. V.-Húnv.

Brtt. 436,1 samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, BG, BÁ, EOl, EystJ, FJ, JörB.
nei: GTh, JakM, JJós, JPálm, SB, SEH, SK.
IngJ, JS, SÞ, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GSv greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÓTh, PO, GÞ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 457,1 a, svo breytt, samþ. með 17:11 atkv.
Brtt. 457,1 b samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EystJ, FJ, BFB, LJós.
nei: SEH, SkG, SvbH, BÁ, IngJ, JPálm, JS, PZ, PÞ, JörB.
SÞ, ÁÁ, EmJ, GSv, GTh, JakM, JJós greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (GÞ, GG, ÓTh, PO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég tel bæði óeðlilegan mismun gerðan þarna á persónufrádrætti og auk þess alls ekki fært að hækka hann eins og hér er stefnt að, meðan sá umreikningur á tekjum er framkvæmdur, sem nú er, og segi ég því nei.

Páll Þorsteinsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. V.-Húnv. segi ég nei.

Brtt. 586 samþ. með 16:6 atkv.
Brtt. 513, svo breytt, samþ. með 17:2 atkv.
Brtt. 473 samþ. með 16:10 atkv.
Brtt. 478 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 451 og 505 teknar aftur.
Brtt. 457,2 samþ. með 17:7 atkv.
Brtt. 518 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 457,3 samþ. með 19:5 atkv.
Brtt. 458 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 436,2 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:12 atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., 11. des., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég sé, að hér er 3. mál á dagskrá frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Frv. þetta var afgr. frá hv. Nd. í gær og þá með ýmsum flóknum brtt. Þótt það sé nú komið nokkuð í samfellda heild, þá hef ég ekki enn haft tíma til að kynna mér það til hlítar, síðan það var afgreitt. En þar sem frv. þetta gerir ráð fyrir miklum breyt. á skattal., sem ég álít ekki heppilegar og vildi gjarnan fá svigrúm til að athuga og ræða síðan, þá óska ég eftir því við hæstv. forseta þessarar d., að hann taki þetta mál ekki til umr. í dag.

Brynjólfur Bjarnason: Ég sé litla ástæðu til að fresta umr. um þetta mál. Það hefur legið lengi fyrir þinginu, kom fram áður en því var frestað í vor, og hefur auk þess verið til athugunar í mþn., og liggur álit hennar fyrir þinginu. Frv. þetta, er var samþ. frá Nd. í gær, er öllum þm. jafn kunnugt, þótt það hafi ekki komið fyrir þessa hv. d. fyrr en nú, og hefur hæstv. ráðh. haft jafnlangan tíma til að átta sig á því og þingið. Því meiri ástæða hefði verið til að kynna sér þetta frv., sem búast mátti við, að það næði samþykki. Það hefur líklega verið ólíkt betri tími til að átta sig á þessu frv. en sumum stjfrv., eins og t. d. því, er var til umr. í Nd. í fyrradag, auk þess sem ekki voru í því jafnhreinar línur og þessu frv., svo að þm. eiga bágt með að átta sig á, hvernig það muni verka. Ég álít því alveg ófært að fresta þessu máli, þar sem það er með allra fyrstu málunum, sem fram hafa komið á þessu þingi.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. á, að þótt þetta mál hafi legið fyrir þinginu síðan í byrjun þessa þings, þá hlýtur hann að sjá, að ekki var séð fyrir, í hvaða formi það yrði samþ. Það kom fyrst í ljós í gærkvöldi. Það voru komnar fram flóknar brtt. við það, er gripu hver inn í aðra margar hverjar, svo að illt var að átta sig á. Ég sé ekki, að til mikils sé mælzt, þótt ein nótt sé látin líða enn, þar sem frv. var afgr. í gærkvöldi, svo að ég geti fengið að átta mig vel á þeirri endanlegu afgreiðslu, er það fékk.

Forseti (StgrA): Það er með þetta mál eins og fleiri hér á dagskránni, að það verður ekki tekið fyrir nema með afbrigðum. Það er því nokkuð á valdi hæstv. ríkisstj., hvort hún lætur það koma fyrir eða ekki. Hún getur náttúrlega neitað um afbrigði, ef hún sækir fast að fresta umr. þess.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd.

Forseti (StgrA): Eins og hæstv. ráðh. veit, þá vildi ég verða við beiðni hans. En eins og hv. dm. vita, þá er ekki hægt að afgreiða mál, sem eftir eru, án afbrigða. Mér finnst því réttast, að hv. d. ráði fram úr því, hvort slá á málinu á frest eða ekki, og mun ég því leita afbrigða.

Bjarni Benediktsson: Ég lít á það sem ókurteisi við hæstv. ráðh., að þetta mál komi hér til umræðu nú, þar sem hann óskar eftir, að það verði tekið af dagskrá, og er ég því á móti því.

ATKVGR.
Afbrigða synjað með 5:5 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 660).
Nefndarálit ekki komið úr prentun.
Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 6:5 atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég tók eftir því, að Sjálfstfl. synjaði um afbrigði fyrir þetta mál, en ég lít svo á, að það sé ekki gert til að hindra framgang þess, heldur sé ástæðan sú, að minni hl. fjhn. hefur ekki enn þá skilað áliti. Nú hefur verið haft á orði að slíta þingi fyrir helgi, og er því ljóst, að málið nær ekki fram að ganga, nema því sé hraðað og afbrigði veitt. Vil ég því spyrja hæstv. forseta, hvort ekki muni vera hægt að taka málið á dagskrá á fyrsta fundi á morgun. Væri æskilegt að fá að vita, hvort nokkuð er því til fyrirstöðu, að málið fái að ganga sinn gang.

Lárus Jóhannesson: Ég vil upplýsa, að okkur í minni hl. fjhn. hefur ekki unnizt tími til að undirbúa nál., af því að við höfum ekki ætlað, að málinu þyrfti að hraða á óvenjulegan hátt, og við vildum auk þess koma með brtt., en til þess þurfti góðan tíma.

Forseti (StgrA): Ekki verður hægt að taka málið til afgreiðslu nú, en tilraun verður gerð til þess við fyrsta tækifæri. Annað get ég ekki um málið sagt að svo stöddu.

Á 68. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Ed., 17. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 634, n. 660 og 681).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil aðeins vísa til nál. á þskj. 660, þar sem ég hygg, að deilur um þetta mál séu þýðingarlausar, þar sem þinglausnir standa alveg fyrir dyrum. Ég vil hins vegar spyrja fulltrúa Sjálfstfl., hvort þeir muni veita afbrigði við þessa umr., svo að hægt væri að taka málið fyrir til 3. umr. á næsta fundi fyrir kl. 2,30. Ef yfirlýsing liggur fyrir um það, að þeir muni ekki gera það, þá er þýðingarlaust að halda þessu áfram.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. veik að, er ekki ástæða til að metast um það, hvort afbrigði mætti veita, með það fyrir augum, að málinu yrði lokið á þeim eina klukkutíma, sem er til stefnu, þar til þinglausnir eiga að fara fram. En þar sem hér er um stórt og þýðingarmikið mál að ræða, að það þurfi að ræða allýtarlega í n., ef einhver árangur ætti að nást af þeim viðræðum, held ég, að það sé tæplega hægt að ljúka því á svo skömmum tíma, svo að í nokkru lagi sé. Það má því einu gilda, hvort afbrigðin yrðu leyfð eða ekki.

Þetta frv. er, eins og það kemur til okkar, breytt frá því, er það var lagt fram í Nd. af fjhn. þeirrar d. Eins og getið er um í grg., er frv. samið af mþn. í skattamálum, sem starfað hefur undanfarið. Fjhn. hafði aðeins stuttan tíma til umráða, og á þeim stutta tíma var ekki hægt að finna sameiginlegan grundvöll til þess að við gætum gefið út sameiginlegt nál. Ég tel það mjög óheppilegt að leggja mikið kapp á að afgreiða málið nú. Hér er um verulega grundvallarbreyt. að ræða, og við vitum, að þingið kemur fljótt saman aftur, og þá ætti að vinnast betri tími til þess að fjalla um málið heldur en nú er um að ræða. Ég skal ekki fara langt út í einstakar breyt. Þarna er t. d. um það að ræða að fjölga skattstjórum upp í sjö. Ég skal ekkert hafa á móti því, en þó er þetta nokkurt tímanna tákn. Hér eru komnir sjö embættismenn eingöngu vegna þess, hvað skattheimtan er orðið umfangsmikið starf í þjóðfélaginu. Þessir sjö skattstjórar munu nú rísa upp til þess að standa fyrir þessum málum, og það er út af fyrir sig ekki ágreiningsmál, vegna þess að þegar þessi l. eru í landinu, er áríðandi, að hægt sé að framfylgja þeim. Ég álít, að skattal. eigi að vera sanngjörn, en það verður að framfylgja þeim, jafnvel þó að þau séu ósanngjörn, en ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar.

Annað atriði í breyt. við frv., sem við í minni hl. erum alveg með, er hækkun persónufrádráttarins. Þessi hækkun er allveruleg. Í Rvík er hún úr 900 kr. í 1500 kr. fyrir einstakling, fyrir hjón úr 1800 kr. í 3000 og fyrir hvert barn úr 700 kr. upp í 1200 kr. Það getur alltaf verið álitamál, hvað persónufrádrátturinn eigi að vera mikill, en mín skoðun er sú, að hann eigi að vera mynd af því, sem talið er, að menn geti komizt af með minnst. Hjón með eitt barn hafa 7500 kr. skattfrjálst, ef frv. verður samþ., en þá er miðað við það ástand, sem er, áður en vísitalan sjálf er á lögð. Ég held, að víðast þar, sem tekjuskattur er á lagður, t. d. í Englandi, þar sé hann ekki lagður á, fyrr en menn hafa nokkuð háar tekjur, og það er í sjálfu sér góð regla. En við höfum ekki getað beitt þeirri reglu hér, af því að það hefur alltaf verið tekið verulega af tekjum manna, hvort sem þær hafa verið háar eða lágar.

Aðalbreyt. þessa frv. frá því, sem nú er, er um hið skattfrjálsa tillag til varasjóðanna. Samkvæmt tekjuskattsl. hafa þessi félög rétt til þess að draga 20% frá skattskyldum tekjum, ef þau hafa varið því til varasjóða. En um hlutafélög, sem sjávarútveg stunda sem aðalatvinnuveg, er það að segja, að þau mega draga frá allt að ⅓ af tekjum sínum, og í 3. lagi getur einstaklingur, sem gerir út, lagt 20% af hreinum tekjum sínum í varasjóð. Um útgerðarfélögin gildir svo sú aukaregla, að af ⅓, sem skattfrjáls er, verða þau að leggja helming í nýbyggingasjóð. Þetta er engum takmörkunum háð. En upphaflega gátu þau varið ⅓ í varasjóð með því skilyrði að leggja helming þess í nýbyggingasjóð, án tillits til þess, hvað miklar tekjur félagsins yrðu. Hér er farið fram á þær stórvægilegu breyt., að þetta skattfrelsi verði með öllu afnumið. Með þessu frv. er skattfrjálst varasjóðstillag almennra hlutafélaga, sem áður höfðu 20% ívilnanir, afnumið. Þá er skattfrádráttur einstaklinga, er sjávarútveg reka og ákveðinn var 33½% í stað

20% af tekjum ársins 1942 með l. um dýrtíðarráðstafanir, í frv. ákveðinn til frambúðar. Þetta er bein afleiðing af því, að varasjóðstillagið er afnumið. Þetta tillag er allt lagt í nýbyggingarsjóð. Ég vil segja fyrir mitt leyti um þessar breyt., að ég get ekki fylgt þeim, þar sem þær eru teknar upp svo einhliða. Annað mál er það, að um það mætti tala, hvort ekki mætti miða varasjóðshlunnindin við það, að varasjóðstillagið væri ákveðin fjárhæð, sem varið væri til þess að tryggja reksturinn. En svo vil ég segja það, að það hefur reynzt þannig, að iðnaðarfyrirtæki og þess konar sérfyrirtæki eru áhættusöm fyrirtæki. Þessi hlunnindi hafa víða orðið til blómlegs atvinnurekstrar, og það væri ranglátt að hugsa sem svo, að verzlunin mætti tapa, ef vildi, en útgerðina bæri að efla, enda þótt hún sé mikilvæg. Þar að auki er þess að gæta, að mörg þessi félög hafa fjölda manns í þjónustu sinni, og þótt ekki væri nema til að tryggja atvinnu þessa fólks, þá þarf að fara hér einhverja millileið. Það dugir ekki eingöngu að afnema þessi réttindi, enda óréttmætt gagnvart félögum, sem nú eru nýstofnuð í trausti þessara hlunninda. Þetta mundi loka fyrir allan nýgróður fyrirtækja.

Ég held nú, eftir því sem fram kom í n., að þá hefði nú verið hægt að brúa þetta bil, ef tími hefði unnizt til þess. En eins og skattfríðindi útgerðarinnar eru eftir þessu frv., þá sé ég ekki betur en breyt. sú, sem fyrirhuguð er, verði fremur til að rýra en auka möguleikana á endurnýjun skipaflotans og atvinnumöguleika. Að vísu er sjálft nýbyggingarsjóðstillagið hærra eftir frv. en eftir núgildandi l., en sú hækkun er keypt fyrir mikla rýrnun á varasjóðstillaginu, svo að ágóðinn ézt upp af þeirri hækkun, þegar öll kurl koma til grafar. Þótt ekki sé að vísu skylt að láta varasjóðstillagið ganga til endurnýjunar skipastólsins, þá gerir það fyrirtækin vitanlega miklu sterkari og atvinnulífið tryggara.

Eins og ég sagði áðan, þá hefði vel getað farið svo, ef n. hefði getað haft þetta mál nægilega lengi til meðferðar, að þessu hefði eitthvað fengizt breytt og betri lausn náðst. En þar sem tími er ekki fyrir hendi til að reyna þetta til þrautar og þar sem ég játa, að ekki sé hægt að fallast á frv. óbreytt, þá legg ég til, að það verði fellt. Að vísu hefði verið hægt að bera fram við það brtt., en þær hefðu að líkindum aðeins verið felldar, ef ekki hefði tekizt áður að ná um þær samkomulagi.

Gísli Jónsson: Ef ekki stæði svo á, að kominn væri jólahugur í menn og þinglausnir stæðu fyrir dyrum, þá væri freistandi að ræða um glundroða þann, óheilindi og stefnuleysi, sem fram kemur hjá flm. þessa frv. og eignaaukaskattsins.

Hv. þm. Str. er nú eins og krossfestur milli tveggja ræningja í þessu máli og hefur ekki látið sjá sig hér nema til þess eins að greiða atkv. Aðrir höguðu sér eins og Júdas og stukku út og sýndu með því heilindin, er á átti að herða. Sannleikurinn er sá, að mál þetta var upplásið af flm. þess, er þeir voru að braska við að mynda ríkisstj. á síðasta þingi. Síðan urðu þeir nauðugir viljugir að halda áfram með það, gátu illa dregið sig til baka, og e. t. v. hefði bara verið rétt af Sjálfstfl. að hjálpa þeim til að koma því í gegn, svo að þeir sætu í gildrunni og öllum lýðum yrði ljóst, hvílíkt þjóðskemmdarstarf þeir hefðu unnið. Hv. 3. landsk. er svo viti borinn, að hann veit vel, hvers kyns þessi mál eru.

Ég hef þó ekki tíma til að rekja þá sorgarsögu, og sný ég mér því beint að málinu og því ranglæti, sem framið væri gegn útveginum, ef það næði fram að ganga, þótt þm. allir viti og viðurkenni, að hann er það, sem allt hvílir á.

Það er um nýbyggingarsjóðsákvæðin. Það er lagt til í þessu frv., að allt varasjóðstillagið, sem er ⅓ af hreinum árstekjum, skuli allt lagt í nýbyggingasjóð. Ég veit ekki, hvort þeir menn, sem að þessu standa, vita, hvernig dæmið kemur til með að líta út í veruleikanum, ef fara á að framkvæma þetta. En við, sem í þessu vinnum, vitum ofur vel, að við verðum oft að starfa undir l., sem sett eru af litlum skilningi, stundum af illgirni eða pólitískum hrossakaupum.

Ég skal taka til dæmis útgerðarfélag, sem græddi 268 þús. kr. á síðasta ári að ófrádregnum sköttum. Félagið greiddi svo af þessu 164 þús. kr. í skatta og útsvar. Ef það ætti nú að búa við þau skattalög, sem þetta frv. fer fram á, þá greiddi það 90 þús. kr. í nýbyggingasjóð, eða 254 þús. kr. í sjóð og opinber gjöld. Þá væru eftir 16 þús. kr. af tekjunum. Þá er og vitað, að ekkert slíkt fyrirtæki kemst hjá töluverðum útgjöldum vegna alls konar kvabbs, til sjómannaheimilis, til kirkjubygginga, til vetrarhjálpar o. s. frv. — Já, hv. 5. þm. Reykv. má hlæja að þessu, það hefur sjálfsagt aldrei verið leitað til hans í þessu skyni, svo að hann þekkir þetta ekki. — Þessar 16 þúsundir gengju þá til þess að mæta öllum óhöppum í atvinnurekstrinum, og það sér hver maður, að þau mega ekki vera mikil né mörg, svo að fyrirtækin verði ekki að sökkva sér í skuldir eða taka úr nýbyggingarsjóðunum til þess að greiða skuldir, og þá eru fyrirmælin þau, að af hverjum 100 krónum, sem fyrirtæki tekur úr sjóðnum, skal greiða 90 krónur til ríkisins, en 10 ganga í fyrirtækið.

Allir sjá, að undir slíkum l. væri ekki hægt að vinna. Annaðhvort hafa þessir menn ekki lagt afleiðingar frv. niður fyrir sér eða það er eingöngu fram borið í pólitísku auglýsingaskyni. Ég sé nú, að hv. 5. þm. Reykv. er illa við þessar upplýsingar, því að þær fletta greinilega ofan af þeirri staðreynd, að með þessu er verið að leggja útveginn í rúst.

Nú vildi ég taka annað dæmi. Ef útgerðarfélag væri það heppið, að það græddi eina millj. kr., þyrfti það að greiða 904.850,00 í útsvar, skatta og nýbyggingarsjóð. Þá héldi það eftir 95 þúsundum fyrir allri áhættu, ef frv. þetta næði fram að ganga. Það má geta nærri, hve 10% af tekjunum hrökkva fyrir mikilli áhættu. Mér er því alveg óskiljanlegt, hvernig þessir menn geta barið sér á brjóst í Sþ. og glamrað um fjandskap Sjálfstfl. við útgerðina á sama tíma og þeir eru að ræna hana öllum möguleikum. Hvílík frámunaleg tvöfeldni. Mig undrar hreinlega, að hv. 3. landsk. og hv. þm. Str. skyldu leyfa sér að krefjast umræðna um þetta mál. (**BSt:** Hver biður hv. þm. um að tala?) Var

meiningin, eftir að málið var fram komið, að það skyldi keyrt umræðulaust í gegn móti öllum þingsköpum, þm. neitað um orðið og neitað, að það gangi til n.? Það væri svo sem ekki nema í framhaldi af heimskunni. (**BSt:** Það græðir enginn á þessari ræðu a. m. k.) Í nótt var samþ. þál. í Sþ. á þeim forsendum, að búið er að íþyngja þessum atvinnuvegi þannig, að ríkisstj. er gefin heimild til að veita útgerðinni skattívilnanir vegna sérstakra afskrifta á fiskiskipum. Till. þessi var samþ. með miklum meiri hl. atkv., þótt vitað sé, að þetta stappar nærri lagabroti. En nauðsynin er svo mikil, að þetta er álitið sjálfsagt. Það er eins og hv. þm. finni, að núgildandi skattalög eru að sliga útveginn. — Með því að forseti hefur nú óskað eftir, að ég ljúki máli mínu, þar eð fundur á að hefjast í Sþ. innan stundar, þá læt ég hér staðar numið að sinni. En ég vænti þess, að ég fái ótakmarkaðan ræðutíma við 3. umr. þessa máls.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

——o——

29. Samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum (þmfrv., A. 453).

Á 54. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég skal fyrir mitt leyti verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að eyða litlum tíma í framsögu fyrir þessu frv., sem ég flyt á þskj. 453 ásamt hv. 11. landsk. þm. (STh). Ég get að mestu látið nægja að vísa til þeirrar grg., sem frv. fylgir. En það vildi ég þó segja, að ef við lítum yfir land okkar, komumst við fljótlega að raun um það, að við eigum ákaflega fátt gamalla og varanlegra mannvirkja. Varanleg mannvirki hafa að heita má ekki verið reist á landi hér fyrr en á allra síðustu árum. Og það verður ekki komizt hjá að viðurkenna þá staðreynd, að svo virðist, að nokkuð skorti á um, að vel hafi tekizt til um útlit og fyrirkomulag þeirra mannvirkja. Ég hygg, að til þessa liggi eðlilegar orsakir, sem ekki tjái að sakast um, því að sjálfsagt höfum við átt fremur fátt fræðimanna á þessu sviði, verkfræðinga og byggingarmeistara. En á því hefur orðið gerbreyting síðustu árin, þannig að þetta eru nú orðnar fjölmennar og vel menntaðar stéttir. Og ég hygg það ekki ofsagt, að þjóðinni sé þess nokkur nauðsyn, að kraftar þessara manna nýtist sem allra bezt. Og til þess að það geti orðið, er það nauðsynlegt, að þeir fái störf til þess að reyna krafta sína og þá auðvitað fyrst og fremst í sambandi við öll þau meiri háttar opinberu mannvirki, sem reist kunna að verða. Ég hygg, að þetta sé nauðsynlegt, bæði til þess, að við getum vænzt þess að eignast vel þroskaða kunnáttumenn á þessu sviði, og einnig til þess, að þjóðin geti notið þeirra krafta, sem fyrir hendi eru. Þess vegna er lagt til sem meginatriði þessa frv., að um allar meiri háttar opinberar byggingar og mannvirki skuli fram fara hugmyndasamkeppni, þ. e. a. s. samkeppni um það, hversu mannvirkin skuli líta út í höfuðdráttum og hvernig þeim skuli fyrir komið í höfuðdráttum.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., og mér skilst, að það helzt mundi eiga heima í félmn. En mér er satt að segja ekki fyllilega ljóst enn, hvar mætast starfsvið allshn. og félmn. Og mér virðist, að ekki geti komið til greina nema önnur þessara n. til þess að fjalla um málið. (**JakM:** Ég legg til, að frv. fari til menntmn.) Ég get á það fallizt, ef hv. þm. vilja það heldur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

——o——

30. Atvinna við siglingar.

Á 52. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 476).

Á 54. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við höfum flutt þetta frv. hér þrír þm. þessarar d., og er það eftir tilmælum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Á síðasta þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins var tekið fyrir að ræða það ástand, sem smám saman hefur skapazt hér, að því er snertir réttindi fiskimanna og sjómanna til þess að vera með fiskiskip þau, sem nú tíðkast. Og óskirnar voru nú víst mjög á víð og dreif til að byrja með. En þó kom svo að lokum, að þau 14 stéttarfélög, sem eru í Farmanna- og fiskimannasambandinu,

komu sér niður á þær till., sem liggja hér fyrir í aðalatriðum, þ. e. a. s., mergur af till. þessum er frá þeim. En við flm. höfum gert breyt. á ákvæði því til bráðabirgða, sem fylgdi þessu frv. frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Þó skal ég taka það fram, að sérstaklega hvað snertir eitt atriði í ákvæðum til bráðabirgða, hafði okkur, sem fluttum frv., láðst að gera breyt. á því, þegar í stað. En við munum sætta okkur við, að sú breyt. verði gerð í þeirri hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar. Getur og verið, að við flm. munum sjálfir koma fram með brtt. um það atriði, því að það stóð til að breyta þessu, en það féll niður af vangá, þegar farið var yfir málið. En þetta ákvæði er, þar sem talað er um, að þeir einir, sem hafa náð 35 ára aldri, geti fengið að ganga undir það sérstaka próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem um ræðir í þessu ákvæði til bráðabirgða. Þetta aldurstakmark er að okkar áliti, þó að það standi þarna, allt of hátt. Og þó að ég vilji ekki fara út í það hér, hvað við munum álíta hæfilegt aldurstakmark í þessu tilliti, þá erum við flm. frv. fúsir til þess að fallast á breyt. eða koma sjálfir með brtt. um þetta ákvæði.

En um óskir sínar á þessu sviði segir Farmanna- og fiskimannasambandið í skjali, sem borizt hefur frá því, eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er stefna sambandsins, að menntun sjómanna sé sem bezt og skipin stækki og verði fullkomnari. Á síðustu árum hefur einnig risið hér upp allverulegur skipastóll frá 30—150 rúmlesta, en fyrir stærðina 75—150 rúmlesta nægir ekki hið minna fiskimannapróf. En sú stefna að veita réttindi til skipstjórnar á sífellt stærri skipum án þess að auka á menntunina er í mótsögn við kröfur tímans um framfarir og aukna þekkingu, og því er 75 rúmlesta prófið orðið algerlega ófullnægjandi. En þar sem margir þeirra manna, sem það próf hafa tekið, hafa öðlazt mikla reynslu í sjómennsku og skipstjórn og eru sumir orðnir fullorðnir menn, þá er varla sanngjarnt að ætlast til þess, að þeir fari að setjast á skólabekk að nýju með lítt reyndum piltum. Því er það tillaga vor, að stofnuð verði sérstök kennsludeild við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti þeim þann viðbótarlærdóm, sem þeir þurfa til þess að öðlast sömu réttindi og þeir, sem útskrifast úr fiskimannadeild, og verði um prófkröfurnar farið eftir tillögum þeirra manna, sem um það eru dómbærastir".

Að öðru leyti er hér farið fram á, að próf, sem hafa gilt fyrir 6—15 rúmlestir, gildi framvegis fyrir 6—30 rúmlestir og síðan verði próf, sem veitir réttindi á 30 rúmlesta skipum og upp í stór fiskiskip, látið vera eitt og hið sama, með þeim tíma, sem ákvæðið til bráðabirgða ákveður fyrir þá, sem hafa mikla reynslu í sjómennsku og þurfa ekki annað en lítilsháttar aukna bóklega þekkingu í þeim fræðum, til þess að þeir geti verið full-forsvaranlegir skipstjórar á stærri skipum. Till. miðast enn fremur við það, að það vandræðaástand hverfi, að menn miði stærð skipanna við réttindi þeirra manna, sem stjórna skipunum. Þetta ástand hefur skapazt smátt og smátt, að menn hafa látið smíða skip og miðað stærð þeirra við það, að þeir gætu fengið þau í hendur duglegum fiskimönnum, sem þeir hafa trúað fyrir skipum sínum. En þessir menn eru komnir fram yfir það aldursskeið, að þeir hafi setið lengi á skólabekk, og hafa menn því orðið að slá af kröfunum, hvað stærð skipanna snertir, til þess að geta haft þá formenn á skipunum, sem þeir helzt kjósa. Þetta vandræðaástand þarf því að lagfæra. Það getur vel verið, að eitthvað fleira sé við þetta frv. að athuga en það, sem við flm. við fljótlega athugun höfum getað komið auga á, enda áskiljum við okkur að fylgja eða flytja brtt. eftir þeirri meðferð, sem málið kann að sæta hjá hæstv. Alþ. — Ég vil sérstaklega benda á þetta aldurstakmark, sem við höfum ætlað okkur að breyta, áður en málið væri lagt fram, en fyrir vangá var það ekki gert. Hins vegar hefur Farmanna- og fiskimannasambandið ekki gert ráð fyrir, að þeim námskeiðum, sem haldin hafa verið úti um landið, verði haldið áfram. En það höfum við sett inn hér í ákvæði til bráðabirgða, b-lið, vegna þess að þó segja megi, að það sé ekki til of mikils ætlazt af þeim mönnum, sem þannig fá þá aðstöðu, sem meira prófið veitir, að þeir verji part af tveim vetrum við Stýrimannaskólann í Rvík, þá er svo ástatt um ýmsa menn, sem þar gætu komið til greina, að þeir eru ekki lengur ungir menn og eru komnir í fast form með atvinnu sína, eru t. d. með bát og eiga örðugt með að vera þannig að heiman. Með þessari breyt. viljum við, sem flytjum frv., koma í veg fyrir það, að þessir menn þyrftu að fórna nema einum vetri í Stýrimannaskólanum í Rvík, en námskeiðin, sem gert er ráð fyrir, að haldin verði á fjórum stöðum á landinu, geta gert hvort tveggja í senn að veita farmannaefnum fræðslu, sem nægi, til þess að þeir menn geti tekið þau próf, sem ætlazt er til fyrir 30 tonna báta, og einnig ættu þessi námskeið að geta veitt þá undirbúningsfræðslu, sem þeir menn þurfa, er ætla sér að taka inntökupróf í Stýrimannaskólann í Rvík, en mega ekki missa sig að heiman.

Ég skal svo taka það fram, að þó að ætlazt sé til þess, að þessi l. öðlist gildi þegar í stað, er til þess heimild fyrir stj. í 11. gr. að fresta framkvæmd þeirra, þar til Stýrimannaskólinn tekur til starfa í hinu nýja húsnæði. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en tel rétt, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

31. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 57. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (þmfrv., A. 549).

Á 58. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Frv. þetta flutti fjhn. f. h. fjmrh. Hún flutti það óbreytt eins og það kom frá fjmrn., en hefur við athugun talið þörf að gera á því tvær smábreytingar, sem breyta engu um efni, aðeins formi. Okkur þykir rétt, að vitnað sé í l. frá 1943, en það er síðasta framlenging þessara l., og tekið sé fram, að l. gangi í gildi 1. jan. 1944, þegar tími gildandi laga rennur út. Við flytjum því tvær skrifl. brtt. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:
„1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Í stað orðanna „til ársloka 1943“ í 1. lið 3. greinar laganna (sbr. lög nr. 29/1943) kemur: til ársloka 1944.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.“

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 576) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 576,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 576,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

32. Háskólakennarar.

Á 39. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara (þmfrv., A. 590).

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af menntmn. og fer fram á þá breyt., að tveir skuli vera prófessorar í viðskiptafræðum.
Viðskiptaháskólinn var stofnaður fyrir fimm árum og var sameinaður lagadeild háskólans með l. nr. 78 27. júní 1941. Til kennslu í viðskiptafræðum var skipaður einn dócent 1941, og ári síðar var skipaður annar dócent til kennslu í sömu grein. En af því að ekki eru til lagaákvæði um þetta, þykir sjálfsagt að lögfesta embættin. Það hefur engin aukin útgjöld í för með sér, og vænti ég, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. og 66. fundi í Ed., 13. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Ed., 15. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Eiríkur Einarsson: Ef málinu er ætlað fram að ganga, hlýtur það að vera til tafar að vísa

því til n., og er auk þess algerlega óþarft. Ég legg því til, að málinu verði ekki vísað til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

33. Húsaleiga (frv. GÞ).

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (þmfrv., A. 614).

Á 61., 62. og 63. fundi í Nd., 10., 11. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

34. Eignaraukaskattur.

Á 3. fundi í Sþ., 17. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um eignaraukaskatt (þmfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Í frv. því um dýrtíðarráðstafanir, er ríkisstj. lagði fyrir Alþ., var kafli um eignaraukaskatt. Sá kafli var með þeim hætti, að ég gat engan veginn á það fallizt. Enda hef ég persónulega jafnan verið þeirrar skoðunar, að það væri ýmissa hluta vegna óeðlilegt, að hafa í einu frv. ákvæði um beinar dýrtíðarráðstafanir og verðlagsákvarðanir og um skatta fram yfir það, sem bein þörf er á í sambandi við hinar ráðstafanirnar. Skattamálin eru einnig svo umdeild, að sú ástæða ein er nóg til að blanda þeim ekki við þau mál, sem samkomulag allra flokka þyrfti um. Hér er gert ráð fyrir sérstökum eignarskatti fyrir 3 s. l. ár, 1940—42. Sá eignaauki þessara ára, sem farið hefur fram úr vissu marki, er tvímælalaust að okkar hyggju fenginn mestmegnis án tilverknaðar þess eðlis, að verðlauna þurfi hann, fenginn, án þess að hann stafi af dugnaði sérstaklega, sparsemi né skarpskyggni og framsýni. Hverja skoðun sem menn annars hafa á einkaeign og atvinnurekstri einstaklinga, munu menn ekki deila mjög um, að þetta er rétt, gróðinn kom af óviðráðanlegum ástæðum upp í hendur flestum þeim, sem um er að ræða. Þess vegna álítum við flm. eðlilegt, að eignaaukinn verði látinn sæta annarri skattmeðferð en eignir almennings yfirleitt og nokkur hluti hans tekinn til að jafna kjör almennings, tryggja þau betur en orðið er og skapa undirstöðu atvinnulífs í framtíðinni. Við viðurkennum þó, að nauðsyn sé að undanþiggja skattinn þær eignir atvinnufyrirtækja, sem verða eiga þeim til endurnýjunar (nýbyggingarsjóður), og tillit þarf að taka til örðugleika, sem miklar verðsveiflur hafa í för með sér. Markið, þar sem skatturinn byrjar, er sett nokkuð hátt, 80 þús. kr. hjá einstaklingi eða 26—27 þús. kr. eignaauki á ári, en það er það, sem talið er eðlilegt, að einstaklingur hafi getað safnað, án þess að slíkur stríðsgróðaskattur eigi að koma á hann.

Ekki er unnt að sjá, hver eignaauki landsmanna hefur orðið á hverju ári, því að skýrslur eru ónógar. En talið er, að skattskyldar tekjur hafi aukizt árin 1940—41 um 70 millj. kr., og minni aukning mun ekki þurfa að gera ráð fyrir s. l. ár, svo að ætla má, að aukningin þetta 3 ára bil nemi röskum 100 millj. króna. Mjög mikill hluti þess er hjá eigendum, sem komizt hafa yfir 80 þús. markið. Þessar skýrslur, sem skattstofa Rvíkur hefur látið í té, eru þó aðallega vísbending um eignaaukann, en ekki fullkomin heimild, og má færa rök að því. Samkv. skýrslum banka voru inneignir manna þar komnar upp undir 450 millj. kr. um s. l. áramót. Þá höfðu og aukizt innstæður erlendis upp í 285 millj. kr., en þær áttu bankarnir að langmestu leyti. Auk þess hafði mjög mikið af skuldum verið greitt að fullu, svo að greiðslujöfnuður við útlönd hafði batnað miklu meira en innstæðunum nam. Þá höfðu verið gefin út og seld mjög mikil skuldabréf, sem flest eru handhafaskuldabréf og munu að litlu leyti koma í ljós á skattskýrslum. Lágmarkið fyrir skattfrjálsa menn hefur verið hækkað úr 5 þús. kr. í 10 þús. Það mun svara til 7—8 millj. kr. lækkunar skattskyldra tekna á landinu. Árið 1942 var sú breyt. gerð, að hlutabréf skyldi ekki telja fram eftir verðmæti, heldur nafnverði án tillits til söluverðs, og veldur það áreiðanlega margra milljóna lækkun á framtölum eigna. Stórmikið hefur verið byggt af fasteignum og skipt um eigendur þeirra og bundið í þeim feiknafé. Mismunur kostnaðarverðs og matsverðs dregst frá þeim eignum, þegar þær eru taldar fram á skattskýrslum. Eignaaukningin er því miklu stórfelldari en skýrslur skattstofunnar sýna, en þær eru góð ábending um aukninguna. Eftir því, hver hún reynist, fer, hve miklar tekjur skattur þessi gefur, og með nákvæmni verður ekkert sagt um það fyrir fram. Framkvæmd laganna og eftirlit geta ráðið miklu. Ég hef reynt að skapa mér nokkra skoðun um þetta og virðist, að þá sé mjög slælega á málum haldið, ef ekki fáist nálægt 15 millj. kr., og er þá miðað við örlítið hærri upphæð en skattstofan telur fram. Eitt, sem taka verður tillit til, er það, að skattar verða til muna hærri árið 1943 en 1940, og lækkar það eignaaukann, sem skattskyldur verður.

Við flm. höfum ekki séð ástæðu til þess að semja margbrotinn skattstiga fyrir þennan skatt. Við teljum, að þegar komið er upp fyrir 80 þús., sé ekki mikill munur á, hve háan hundraðshluta rétt sé að taka. Af því, sem er umfram 80 þús., allt að 200 þús. kr., er gert ráð fyrir,

að 1/5 sé tekinn í skatt, síðan 24 þús. af 200 þús. kr. og 25% af afgangi, en af 1 millj. greiðist 224 þús. og 30% af því, sem þar er fram yfir. Áður er dregið frá það, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóði.

Okkur flm. er það ljóst, að ekki er hægt að fylgja fram l. um tekju- og eignarskatt svo sem bezt verður á kosið. Við leggjum til, að er um eigendaskipti á fasteignum hefur verið að ræða á þessu tímabili og vafi leikur á um það, að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um kaupverð eignarinnar, þá skuli ríkisskattan. eða fulltrúar hennar meta eignina. Á þetta einungis við, þegar um eigendaskipti fasteignar er að ræða, eins og ég tók fram.

Þá er okkur flm. ljóst, að mikið veltur á því, að hægt sé að fá rétt framtöl eignaaukningarinnar, og ætla má, að mikið skorti á, að verðbréfaeignir og innstæðufé í bönkum komi allt fram í eignaframtölum. Ráðh. hefur og heimild til þess að gefa út reglugerð, þar sem setja skal m. a. ákvæði um nafnskráningu verðbréfa. Svo getur ráðh. og gefið greiðslufrest allt að þremur árum, ef nauðsyn þykir til bera.

Vil ég þá að lokum geta þess, að þótt svo megi virðast sem um nokkurt nýmæli sé hér að ræða, þá er þetta mál í raun og veru athugað þó nokkuð í sambandi við dýrtíðarfrv. hæstv. stj. í fjhn. beggja d., þar sem þar var ákvæði um eignaraukaskatt. Vil ég því mega vænta þess, að mál þetta gangi greitt í gegnum báðar d. Legg ég til, að málinu að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og fjárhagsnefndar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hv. aðalflm. þessa frv. lét þau orð falla í lok ræðu sinnar, að hann óskaði eftir að mál þetta fengi fljóta afgreiðslu vegna þess, að það væri nú þegar athugað allverulega af fjhn. beggja d. í sambandi við dýrtíðarmálin. Býst ég þó ekki við, að hann með þessari ósk sinni sé að fara fram á, að mál þetta hljóti ekki venjulega þinglega meðferð og að umr. um það fari fram á þinglegan hátt.

En ég vil leyfa mér að benda á, að ekki hefur enn farið fram sú athugun á þessu máli, sem hv. 3. landsk. vildi gefa í skyn, að fram hefði farið. Það er að vísu rétt, að þetta mál, eignaraukaskatturinn, var rætt í sambandi við dýrtíðarfrv. hæstv. ríkisstj., en það var fellt úr dýrtíðarfrv. á þeim forsendum, að málið væri ekki nærri nógu vel athugað. Ég tel það hið mesta óráð að ætla sér að afgreiða þetta mál á stuttum tíma, vegna þess að þar er nú um algera nýjung að ræða í íslenzkri löggjöf. Einnig eru í frv. mörg óljós atriði, sem ég tel óráðlegt, að samþykkt séu óbreytt, og yfirleitt þarf frv. að athugast vel og hljóta þinglega meðferð. Það vona ég, að hv. flm. geri sér ljóst þegar í stað.

Ég sagði, að hér væri um að ræða nýjung, og því er ekki hægt að mótmæla, að nýjung yrði þetta í íslenzkri skattalöggjöf, ef frv. yrði óbreytt að l., en mér er ekki kunnugt um, hvort slík löggjöf, sem hér er ráðgerð, tíðkast í öðrum lýðræðisríkjum. Vil ég nú þegar gera um það fyrirvara, að ég mun e. t. v. síðar leita forsetaúrskurðar um þetta frv., þar sem ég tel það áhorfsmál, hvort ekki sé með því verið að brjóta í bág við stjórnarskrá landsins, því að ég efast um, að ákvæði þessa frv. rúmist innan þeirra takmarkana, sem nú gilda í stjórnarskrá vorri um skattaálagningu. Liggur nærri að telja, að hér sé verið að fara fram á skerðingu eignaréttarins, sem stjórnarskráin bannar. Ekki vil ég þó láta þessi orð mín skiljast þannig, að af þeim einum megi draga þá ályktun, að frv. þetta sé fjarstæða að efninu til. Ég vil aðeins benda á þann möguleika, að með frv. sé verið að ganga nær stjórnarskránni en leyfilegt er.

Það má segja, að þetta frv. sé að vísu nýjung í íslenzkri löggjöf, en þó ekki svo mikil sem ég vildi vera láta, því að í frv. stj. hefur líkt ákvæði verið og ákvæði þetta hafi efnislega verið rætt í 8 manna n. í haust og svo aftur í 9 manna n. vinstri flokkanna. Það er rétt, og það skal ég játa, að þetta mál hefur borið á góma áður og komið að nokkru leyti fram í till. hæstv. stj., en með því er ekki slegið föstu, að það fái staðizt né að hyggilegt sé að leiða það í íslenzk lög.

Ég vil og leyfa mér að benda á, að mikill munur er hér á þessu frv. og þeim ákvæðum stjfrv., sem snerta skattamálin. Þar var skatturinn fyrst og fremst áætlaður miklu lægri, en í sjálfu sér hefur það ekki neina úrslitaþýðingu um afstöðuna til þessa frv., heldur hitt, að í frv. stj. voru till. bornar fram beinlínis sem þáttur í þeirri viðleitni að verðfesta og halda í gildi íslenzkum verðmætum, jafnframt því að tryggja atvinnurekstrinn og verðmæti eignanna. Og þótt að nafninu til hafi verið lagður nokkur skattur á eignir manna með ákv. þess frv., þá átti sá skattur að renna aftur beint til skattgreiðenda, með því að eignir þeirra voru gerðar verðmeiri en áður. Þetta var eftir efnum og ástæðum skynsamleg ráðstöfun og verjandi.

En í þessu frv. er hugmyndin tekin út úr samhengi við önnur mál og flutt sem beint skattamál eða eignatökumál. Að vísu á að rökstyðja þessa ráðstöfun með því, að óhæfilega mikill gróði hafi skapazt í einstakra manna hendur eða félaga án nokkurs tilverknaðar af þeirra hálfu. Um þetta atriði eru menn nú ekki sammála, enda er það, ef svo mætti segja, endalaust deilumál, hvort þannig beri að líta á þann gróða, sem til verður af stríðsorsökum. T. d. má segja, að skipaeigendur eigi ekki sök á stríðsgróðanum, eða hann sé þeim að þakka, en þá er hitt aftur víst og sannanlegt, að e. t. v. meiri hl. þeirra manna og félaga, sem skip eiga nú, eru einmitt þeir sömu aðilar, sem fyrst fluttu skipakost sinn til landsins, og það löngu áður en stríð það hófst, er nú geisar. Svo er t. d. um Eimskipafélag Íslands, sem nú kemur til með að lenda undir þennan skatt, og einnig er hið sama að segja um mikinn hluta togaraútgerðarinnar. Og víst er um það, að landsmenn hefðu ekki fengið í sínar hendur þann stríðsgróða, sem þeir hafa fengið nú, ef þessi framleiðslutæki, skipaflotinn, hefði ekki verið til þess að sækja hann. Töluverður hluti stríðsgróðans er þannig kominn til landsins fyrir tilverknað stórút-

gerðarinnar, sem oft undanfarið hefur orðið að horfa fram á tap og hrun vegna óáranar og ófyrirsjáanlegra örðugleika. Það er því órökstudd fullyrðing að halda því fram, að útgerðarfélögin hafi ekkert til þess unnið, að gróðinn skuli safnast til þeirra meira en oft áður, og allra sízt er hægt að bera slíka fullyrðingu fram í þeim tilgangi að réttlæta með henni það stórmál, sem fram hefur verið lagt og birtist í því frv., sem hér er nú til umr. Ekki vil ég þó með þessu vera að halda því fram, að það eigi að ráða úrslitum, hvað þetta mál snertir, heldur vil ég benda á þá staðreynd, að stríðsgróðinn er fyrst og fremst kominn hingað til lands fyrir þær sakir, að flutningatækin voru fyrir hendi, sem atorkusamir menn höfðu með áræði og dugnaði flutt til landsins og standa nú á áratuga gömlum grundvelli. En hvort þetta á að ráða úrslitum, um það má segja, að öllu helzt sé siðferðilegt deiluatriði.

Þetta, sem ég hef hér bent á, sýnir, að röksemdafærslan í grg. frv. er á misskilningi byggð. Má í þessu sambandi og nefna til viðbótar einstakan útgerðarmann eða hlutafélög, sem undir mjög erfiðum og áhættusömum kringumstæðum reynir að ná í skip í stríðsbyrjun, tekst það, og stundar síðan þá arðbæru atvinnu, sem útgerðin hefur nú seinustu árin verið. Það er óvéfengjanlegt, að fyrir tilverknað þessara manna sjálfra er stríðsgróðinn kominn í þeirra hendur. Hið sama er að segja um alla þá, er með atorku sinni hafa komið upp einhvers konar iðnaði. Hver væri ágóði þess iðnaðar, ef ekki hefðu brotizt í gegnum örðugleikana atorkusamir menn og reist sér fyrirtækin? Hið sama er að segja um verzlunarmennina. Sumir þeirra hafa orðið fljótir til að útvega sér sambönd í öðrum löndum með því t. d., eins og sumir gerðu í stríðsbyrjun, að leggja upp í áhættusamt og mikið ferðalag til Vesturheims í þeim erindagerðum að tryggja sér sambönd þar vestra. Þessir menn hafa vissulega átt sinn þátt í því að græða meira á stríðinu en bæði ég og hv. 3. landsk. þm., a. m. k. svo að vitað sé.

Eins og ég hef tekið fram, lít ég ekki svo á, að þetta eigi að ráða úrslitum um afstöðuna til þessa máls, en á þetta drep ég til þess að sýna fram á villuna, sem liggur í röksemdafærslu hv. flm. Því að það er alger óhæfa að láta óáreitt þau bersýnilegu falsrök, sem látin eru renna sem stoðir undir þetta frv.

En ef viðskiptasveiflurnar eiga að fara að réttlæta skattafrv. þetta, sem sé, tekinn sé gróðinn af tilteknum fyrirtækjum, ef almennar breytingar í viðskiptamálum hafa í för með sér gróða þeim til handa, þá hygg ég, að við séum komnir út í þær öfgar, sem við ráðum ekki við og vildum, að ekki hefði verið í ráðizt. Ef fara ætti eftir till. þeim, sem hér eru lagðar fram, þá mætti eins vel álykta, að ef einhver hagnast á „normal"-tímum á saltfisksölu á Spáni eða ísfisksölu í Englandi, af því að góðir sölumöguleikar eru fyrir hendi þar, að þá beri honum ekki sá ágóði, er af sölu hans yrði, því að ágóðinn væri ekki að þakka útgerðarmanninum, heldur verðlaginu í hinu fjarlæga landi. Þannig má sjá af þessu, að hér er verið að fara út í hreinar öfgar og út á þá braut, sem mundi kollvarpa því efnahagsskipulagi, sem meiri hluti landsmanna vill, að í gildi sé.

Auðvitað er hægt að segja, að á stríðsárunum sé mikil auðsöfnun og er ég ekkert að bera á móti því. En að svo miklu leyti sem hún kemur fram í skattaframtölum, hygg ég, að hún sé ekki hættuleg fyrir jafnvægi og heill þjóðfélagsins. Og eitt er áreiðanlega víst, að menn halda þessa auðsöfnun hjá okkur vera meiri en efni standa til. Það er alveg rétt hjá hv. aðalflm., að eignir hafa aukizt mikið, en það á engan veginn að vera hættulegt atvinnulífi landsmanna, heldur þvert á móti. Ég hygg það óráð, ef fara á að taka eignirnar meira eða minna af þeim aðilum, sem að útgerðinni standa. Það mundi verða atvinnulífinu mikið tjón, ef fara ætti þannig að svipta útgerðarmenn þeim að ástæðulausu.

Hugmyndirnar um stríðsgróðann hér hjá okkur eru áreiðanlega ýktar, eins og ég sagði. Við skulum t. d. taka stórútgerðarfélögin, sem alltaf er verið að vitna í. Segjum, að eitt félag, vel stætt, eigi um 200 þús. kr. í sjóði í stríðsbyrjun og að á þeim tíma stríðsins, sem af er, hafi það aukið sjóðinn um 800 þús. og eigi nú 1 millj. kr. í sjóði. En hvers virði eru þessir peningar miðað við verðgildi þeirra í stríðsbyrjun? Er ekki öll vinna o. fl. 4—5 sinnum dýrari nú en fyrir stríð? Við skulum nú segja, að þetta lagaðist, en er þá ekki einmitt nauðsynlegt fyrir þessi fyrirtæki að nota veltitímann til þess að safna í sjóð til verri áranna? Í frv. er gert ráð fyrir, að nýbyggingarsjóður fái að standa óhaggaður, og er það lofsverð framför frá því, sem í upphafi mun hafa verið ráðgert. Sannleikurinn er sá, að nýbyggingarsjóðirnir eru enn allt of lágir. Láta mun nærri að þeir, sem mest eiga í nýbyggingarsjóði, eigi þó ekki að meðtöldu því, sem þeir leggja í hann árið 1942, meira en sem svarar ¼ hluta byggingarkostnaðar eins togara, eins og hann er í dag og verður, meðan á stríðinu stendur, og næstu árin þar á eftir. Því fer þess vegna svo fjarri, að þessir sjóðir hrökkvi til þess að standa undir nýbyggingunum, þar sem þeir eru aðeins brot af byggingarkostnaðinum. Jafnvel þeir, sem flest skipin eiga og mest hafa grætt, hafa ekki safnað meira en sem svarar verði eins eða tveggja togara. Því fer og fjarri, að stríðsgróðinn hafi ekki verið skattaður. Hann hefur verið skattaður bæði með hækkun á almennum sköttum og svo með sérstökum stríðsgróðaskatti, enda er nú komið svo, að mikill meiri hluti stríðsgróðans hefur þegar fallið til ríkisins. Því fer mjög fjarri, að stórútgerðin hafi safnað nægilegu fé til þess að byggja upp allan flotann, og ég efast um, að hún geti nú byggt hann upp að hálfu leyti, hvað þá, að hún hafi auk þess nægilegt fé til þess að mæta þeim skakkaföllum, sem búast má við, að hún verði fyrir eftir þennan hildarleik, á meðan allt fjármálalíf er að komast aftur í samt horf. Ef við annars viljum halda einkarekstrinum við, þá verðum við að búa þannig að honum, að á veltiárum geti hann lagt í varasjóði og safnað til erfiðu áranna, því að atvinnurekstrinn á engan rétt á

sér, nema hann geti veitt almenningi atvinnu og brauð á erfiðu árunum líka, en til þess verður hann að fá tækifæri til þess að safna fé í góðærum. Sama máli gegnir um verzlunina. Hér hafa margir grætt mikið á henni, en hafa menn gert sér það ljóst, að ef þessir menn eru skyldu sinni trúir, þá verða þeir að sjá um, að landið sé alltaf nægilega birgt af vörum til nokkurs tíma, en þá verða þeir einnig að geta lagt fé til hliðar, til þess að þeir geti staðið undir verðlækkuninni að stríðslokum. Það er ekki hægt að skipa mönnum að birgja landið upp af vörum, nema tryggt sé, að þeir geti staðið undir hallanum, þegar hann kemur. Ég verð að segja, að það kemur úr hörðustu átt, þegar sumir, sem standa að þessu frv., eru að tala um óhæfilegan gróða verzlunarstéttarinnar, því að hverjir eru það, sem hafa áður skammtað þennan gróða, ef það eru ekki sumir þeir, sem standa að þessu frv. Ég á hér þó ekki við hv. flm., en þá miklu fremur hv. 2. flm., hv. þm. Str., og þá ekki síst hv. 2. þm. S.-M., sem að vísu er ekki flm. þessa frv., en mun þó vera eindreginn stuðningsmaður þess. Það eru þessir menn, sem hafa ráðið verðlaginu lengst af á þessu tímabili, og með sköttum hafa þeir ákveðið, hvað mikið væri skilið eftir af stríðsgróðanum í höndum einstaklinga. Þá kem ég að því, sem er alvarlegast í þessu máli, og það er öryggisleysið, sem skattgreiðendur eiga við að búa, ef farið er inn á þessa braut. Hér hafa verið í meiri hluta þeir menn, sem hafa lýst yfir því, að þeir hafi litla löngun til þess að hlífa stríðsgróðanum og að þeir vilji jafna lífskjörin. Þessir menn hafa um langt skeið verið allsráðandi hér á Alþ., og þeir hafa lengst af ráðið mestu í ríkisstjórninni. Þeir hafa sett sinn svip á skattalöggjöfina, og þar hafa þeir þegar gengið lengra en verjandi er gagnvart þeim, sem vilja gæta einhverrar varúðar. En menn treystu því þó, að þegar búið væri að taka af þeim það, sem gert var með skattal., og þegar búið var að ganga frá þeim málum á Alþ., þá mundi þeim þó vera óhætt að ráðstafa því, sem eftir var, eins og hverri annarri frjálsri eign, innan þeirra takmarka, sem löggjöfin setur á hverjum tíma. Ef menn geta ekki fengið að ráðstafa því fé í sæmilegu trausti og byggt á því framtíðaráætlanir sínar, þá er algerlega kippt grundvellinum undan því efnahagsskipulagi, sem við búum nú við. Það má segja, að það sé óheppilegt, en það er það, sem við lifum nú við, og ef menn vilja halda því, þá mega þeir ekki viðhafa aðferðir, sem miða ekki að því að byggja það upp, heldur að því að rífa það niður og stofna til enn meira öngþveitis en verið hefur fram að þessu. Ég tel það vera stórhættulegt, ef sú trú kemst inn hjá mönnum, að það fé, sem er skilið eftir hjá þeim af skattheimtunni, megi þeir ekki í fullu trausti skoða sem eign sína og ráðstafa því samkvæmt því, heldur kunni að koma til þess, að löggjafarvaldið átti sig mörgum árum síðar á því, að það hafi skilið of mikið fé eftir í höndum einstaklinga, og muni því ráðlegast að taka nú meira af því. Slíkt hlýtur að hafa mjög lamandi áhrif á allt atvinnulíf og framtak í landinu. En því er ekki að neita, að hjá meðhaldsmönnum og andstæðingum þessa frv. gætir gerólíks skilnings á eignarréttinum.

Meðhaldsmenn frv. álíta, að auðsöfnun sé eins konar þjófnaður og fara beri með þá menn, sem safna fé, sem nokkurs konar þjófa og óbótamenn og að allt það, sem þeir hafa undir höndum, sé illa fengið. Við hinir álítum aftur á móti, að á meðan ekki sé ákveðið að taka upp annað þjóðskipulag og það byggt upp, þá verði að halda núverandi þjóðskipulagi við og skapa því þau skilyrði, að það geti starfað á heilbrigðan hátt. En eitt helzta skilyrðið til þess, að svo geti orðið, er það, að á veltutímum sé atvinnufyrirtækjum heimilt að safna fé til þess að standast skakkaföll erfiðu áranna. Og ef menn óttast, að fé verði notað til annars en æskilegt þykir, þá ætti að herða eftirlitið með því, að ekki yrði illa farið með það. En hitt er með öllu óverjandi að draga fé út úr atvinnurekstrinum.

Ég hef þá drepið á nokkur atriði viðvíkjandi meginstefnu þessa frv., og ég tel þau svo þung á metunum, að menn verði að gæta allrar varúðar í að samþ. þetta frv. Ég tel, að sá siðferðislegi grundvöllur, sem það er byggt á, fái ekki staðizt og að áhrif þess á efnahagssviðinu verði til ills eins, en ekki góðs. Ég vil einnig benda á ýmis einstök atriði í sambandi við frv., sem ég tel stórum varhugaverð og þarfnast frekari aðgerða. Ég get t. d. ekki séð, að í frv. séu gerðar nógu gagngerðar ráðstafanir til þess að komast að því, hvað sé raunveruleg eignaaukning, en það verður að gera, ef frv. á ekki að verða hreinn skrípaleikur, jafnvel frá sjónarmiði þeirra, sem fylgja því. Ég skal geta þess sérstaklega í þessu sambandi, að það eru sum atriði frv., sem hafa við nokkur rök að styðjast, t. d. ef maður selur eignir sínar langt yfir verði venjulegra tíma. Þá játa ég, að ekki sé ósanngjarnt að taka einhvern hluta andvirðisins af honum með sköttum, þar sem þetta fé er dregið út úr atvinnurekstrinum og reynt að koma því á þurrt land. En samkv. frv. er það verðlaunað mest, ef menn hafa dregið fé sitt út úr framleiðslunni og komið því fyrir í sparisjóðsbókum, en hitt er gert refsivert, ef menn halda fénu áfram í fyrirtækjum sínum. Þegar á að fara að meta eignaaukningu manna, væri þá ekki réttmætt að leyfa þeim að leggja dýrtíðarvísitöluverð á eignir þær, sem þeir áttu fyrir stríð? Launþegar segja, að laun þeirra hafi ekkert hækkað nema samkvæmt vísitölu, en hér er maður talinn stríðsgróðamaður, ef eignir hans hafa aukizt eitthvað að krónutölu, og þá ekki tekið tillit til vísitölunnar. Þetta er og gert jafnt fyrir því, þótt maðurinn fái ekkert meira af verðmætum fyrir eignir sínar en í stríðsbyrjun. Ef menn vilja gera sér grein fyrir því, hvort verðhækkun eigna stafar af stríðsgróða eða ekki, þá má ekki miða við það, við hvaða verði væri hægt að selja þær nú, heldur verður að miða við það, á hvað þær hefðu verið seljanlegar fyrir stríð.

Loks vildi ég benda á það, að þótt það sé allt mjög þarft og nauðsynlegt, sem verja á fénu til samkvæmt 5. gr. frv., þá get ég ekki betur séð en sveitarsjóðirnir verði að fá bróðurpartinn af þessu fé, ef taka á eignirnar með þessu móti. Það er vitað mál, að sveitarsjóðunum hefur um

langt skeið verið bannað að taka nema sem nemur vissu hámarki í sinn hlut af ótta við það, að sveitarsjóðirnir kynnu að fara lengra í þessum efnum en verjanlegt væri, ef þeim væru engar hömlur settar, þannig að þeir gengju þá á rétt ríkisins. Ef nú ríkið kemst að þeirri niðurstöðu, að of lítið hafi verið tekið af skattgreiðendum, þá á mismunurinn fyrst og fremst að renna til þess opinbera aðilans, sem án síns samþykkis hefur verið sviptur réttinum til þess að taka svo háa skatta sem hann hefði annars kunnað að gera. Ég mun því síðar bera fram brtt. við þetta frv., þess efnis, að einhver ákveðinn hluti þessa skatts skuli renna til sveitarsjóðanna.

Ég hef bent á þau atriði, sem mæla á móti þessu frv., og ég hef bent á þau atriði, sem gæta þarf varúðar við við afgreiðslu þess.

Þrátt fyrir allt þetta vil ég segja það sem mína skoðun, að ég get hugsað mér, að allir geti orðið sammála um að taka einhvern ákveðinn hluta af eignum manna til ríkisins þarfa, ef ríkið er sérstaklega illa statt eða ef það er nauðsynlegt til þess að koma á þeim friði í þjóðfélaginu, sem ég tel, að sé því meira virði en t. d. hvaða efnahagsskipulag skuli gilda í framtíðinni. Ef það væri tilgangurinn, þá skyldi ég vera tilbúinn til viðræðna um þetta mál og ekki standa á móti framgangi þess, en ég er á móti því, að það sé slitið úr samhengi við önnur mál, ekki til styrktar ríkissjóði og ekki til þess að efla friðinn, heldur til þess að efla glundroða og koma á enn meiri óvissu og öngþveiti í þjóðfélaginu en við höfum átt við að búa til þessa. Ég er á móti málinu, ef þetta er tilgangurinn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er táknrænt í þessu máli, að því nær allir fylgismenn þessa frv. sitja ekki í deildinni undir umr., heldur eru þeir úti á göngum og í hliðarherbergjum. Hv. 1. flm. gengur hér um eins og á glóðum, en 2. og 3. flm. þykjast ekki þurfa að hlusta, því að það mun vera búið að ákveða, hvernig þetta frv. skuli afgreitt. En mér finnst það ekki óviðeigandi, að hv. þm. sýndu deildinni þá virðingu að hlusta á þau rök, sem borin eru fram í þessu máli, þar sem um svo stórt spor er að ræða sem hér. Það væri ekki óhugsandi, að það gæti breytt einhverju í málinu. Ég skal geta þess, að þetta frv. kemur engum á óvart, sem fylgzt hefur með þeim álögum, er ríkt hafa í skattamálunum undanfarin ár. Þegar svo langt er gengið, að næstum því allar tekjur eru teknar, er vitanlega næsta sporið að taka eignirnar. Það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar, þegar haldið er áfram á þeirri braut ár eftir ár að hækka sífellt þann skerf, sem tekinn er til ríkisins af tekjum manna, og það alveg án tillits til þess, hvort ríkissjóður á hverjum tíma þarf á þeim tekjum að halda eða ekki.

Annars vil ég ekki fara mjög langt út í þetta mál, aðeins bera fram fyrirspurnir til hv. 3. landsk. þm. (HG) í sambandi við þetta mál, og ég vænti þess, að hann svari þeim, áður en umr. um þetta mál er lokið hér í þessari d. Fyrsta fyrirspurnin er sú, hvort hann álíti ekki að hér sé með þessu frv., líkt og með l. þeim um dýrtíðarráðstafanir, sem samþ. voru hér á Alþ. fyrir fáum dögum, gengið á bak loforða, sem hæstv. Alþ. hefur gefið þegnum sínum áður með skattal., þar sem þessi l. eiga nú að verka aftur fyrir sig, þvert ofan í l. og loforð þingsins á undanförnum árum. Í sambandi við þetta bar ég fram fyrirspurn til þessa sama hv. þm., þegar dýrtíðarfrv. var til umr., en henni var aldrei svarað. Vænti ég nú að fá um þetta svar. Þá spurði ég, hvort menn álitu sæmandi fyrir þingið að semja l. um það, að uppbætur, sem ákveðnar væru með þáltill., til embættismanna, yrðu felldar niður um næstu mánaðamót. Það væri alveg hliðstætt þessu, ef t. d. samþ. væri, að ekki skyldu greiddar uppbætur til bænda að sumrinu, sem einnig voru ákveðnar með þáltill. Og í þriðja lagi vil ég nefna síldarmjölið, sem samþ. var að selja bændum fyrir ákveðið verð. Hvernig ætli hv. þm. þætti það, ef fram kæmi till. um að innheimta verðið fyrir það hærra en samþ. var á síðasta þingi? Þetta væri eins og það, þegar fara á að ganga aftan að atvinnurekendum, sem byggja atvinnurekstur sinn á hverjum tíma á gildandi skattal. og selja eignir undir ákveðnum skattal., eignir, sem þeir hafa átt árum saman og þeir vita, að samkv. gildandi lögum eru ekki skattskyldar til tekna við sölu. Mér finnst nú á þrem undanförnum þingum vera búið að stíga svo stór spor í þessum efnum, að hv. þm. ættu að fara að athuga vandlega, hvort þeir vilja láta halda áfram á þessari braut, og að þegnarnir í þjóðfélaginu ættu þá að fá að vita, bæði atvinnurekendur og aðrir, hvort slíkt muni eiga að halda áfram.

Annað, sem ég vil spyrja hv. 3. landsk. þm. um, er það, hvort hann hafi gert sér ljóst, hvernig það kunni að snerta ýmsar stéttir og þegna þjóðfélagsins, ef frv. þeirra verður að l. Ég vil taka dæmi, sem er raunverulega úr lífinu. Það var skipstjóri nokkur, sem sigldi öll þessi stríðsgróðaár. Hann átti 60 þús. kr. eign í lok ársins 1939. Hann hafði skipti á eign sinni fyrir aðra eign, sem er seljanleg fyrir 150 þús. kr. og er á öðrum stað í landinu. Hann hefur haft 90 þús. kr. á ári hverju í áhættuþóknun, sem honum hefur verið lofað, að helmingurinn af skyldi vera skattfrjáls. Á þessu hefur hann auðgazt og bætt við sig öðrum 150 þús. kr. Svo fórst þessi maður, og ekkjan fékk greidda stríðstrygginguna, 50 þús. kr. Ef þessi l. verða samþ. af hinu háa Alþ., þá á þessi ekkja, sem á þessar 350 þús. kr., að greiða af þeirri upphæð 80 þús. kr., og verða þá 270 þús. kr. eftir. Og þá skilst mér, að þessi ekkja fái, rétt eftir minningarathöfnina, að greiða 41.500 kr. eftir þessum nýju skattal. Það getur vel verið, að Alþfl. hafi hugsað sér að vernda þannig rétt þessara ekkna og munaðarleysingja. En bágt á ég með að trúa því, að hv. 3. landsk. þm. (HG) hafi hugsað þessa hugsun til enda. Þetta er aðeins dæmi úr lífinu, og það er dálítið rökfast dæmi. Þessi skattur mun í mörgum tilfellum verka þannig, í sumum tilfellum kannske ekki eins hörmulega og í þessu, en í mörgum líka aftur verr. Ég tel, að fyrir það eitt, að gengið er hér aftan að þeim mönnum, sem á sínum tíma var lofað

því af Alþ., að þeir skyldu vera frjálsir með það fé, sem aflað var fyrir að sigla á hættusvæðinu og halda uppi siglingum milli Íslands og annarra landa, þyki þetta kaldar kveðjur, sem með þessu frv. er verið að koma með í þeirra garð.

Þá vildi ég einnig mega gera fyrirspurn til hv. þm. um það, hvort hann hafi kynnt sér það mál, hverjir það voru, sem héldu uppi baráttunni fyrir því, að Íslendingar yrðu ekki skipalausir á erfiðustu árunum, 1934—1939. Mér er það ákaflega vel ljóst, að þá var ekki einasta að etja við fátækt um að afla þjóðinni skipakostsins, heldur líka við ákaflega róttækt skilningsleysi þeirra manna, sem fóru með innflutnings- og gjaldeyrismál þessa lands, og það svo mjög, að þeir menn, sem yfirleitt sáu fyrir fram, að Ísland gat ekki átt framtíð nema með því að eiga skip, þeir urðu að heyja þessa baráttu gegn þessum myrkravöldum og taka á sig þá smán að brjóta lög landsins, til þess að atvinnuvegir landsmanna færu ekki í rústir. Það eru þessir menn, sem í grg. þessa frv. eru að heita má taldir glæpamenn í þessu þjóðfélagi, þeir hafi svo sem ekki fyrir dugnað sinn né atorku verið orsök þess, að Ísland hefur nú safnað til sín meiri gróða fyrir einstaklingana og alla heildina en nokkurn tíma áður. En það væri ömurleg sjón hér á Íslandi nú, ef einmitt þessir menn hefðu ekki staðið í starfi sínu eins og þeir stóðu á þeim tímum, þegar erfiðast var hér í þessum málum.

Ég þekki einnig aðra menn, sem um 20 ára skeið háðu þrotlausa baráttu fyrir því, að kikna ekki undir þeim erfiðleikum, sem þessi útvegur átti við að stríða á þeim árum. Og þessi sami útvegur er þó, ef ekki eina, þá a. m. k. aðalframleiðslutækið, sem hefur nú orðið til þess, að þjóðin hefur hlotið þá góðu afkomu, sem hún hefur haft fjárhagslega á undanförnum árum, en hefur ekki orðið að svelta hér úti í reginhafi.

Í sambandi við þetta vildi ég minna á ummæli hv. 5. landsk. þm. (BrB), þar sem hann hélt því fram, að það væri ekki óeðlilegt að leggja skatt á þá menn, sem hefðu sinnt nýbyggingum, en væru hættir við þann starfa og hefðu dregið fé sitt út úr áhættunni við það. Mér er kunnugt um nokkra menn, sem þetta hafa gert. Þeir voru orðnir þreyttir á tveggja ára baráttu í þessum efnum og persónulegri ábyrgð fyrir sín fjárlitlu félög, og seldu þess vegna til þess að komast úr þessum þrengingum. En það er dálítið merkilegt, að frv. nær bara ekki til þessara manna. En það eru þeir menn, sem keypt hafa þessi fyrirtæki og eiga að líða fyrir það að hafa verið þeir glópaldar að leggja fé sitt í þennan atvinnurekstur, sjávarútveginn, til þess að þjóðin gæti lifað menningarlífi.

Mér er ákaflega vel ljóst, að þessu frv. er sérstaklega stefnt að tvennu, sjávarútveginum, sem vitanlega hefur grætt mikla peninga, en hefur einnig veitt meira fé bæði til ríkisins og til þeirra, sem fyrir það starfa, og það meira en nokkur annar atvinnuvegur í landinu, — og svo er því einnig stefnt að þeim verkstæðum, sem eru að rísa hér upp og sjálft Alþ. hefur talið svo nauðsynlegt, að upp kæmust hér á landi, að það hefur séð ástæðu til að skipa milliþn. til þess m. a. að rannsaka, hvernig megi reisa hér skipasmíðastöð og skipaviðgerðarstöð eða -stöðvar í stórum stíl, af því að það sé óverjandi og óþolandi, að landið eigi ekki slík iðjuver. En með þessu frv., sem hér er á ferðinni, er verið að gera róttækar tilraunir til þess að eyðileggja möguleikann til þess, að sá litli vísir, sem vaxið hefur hér upp að slíkum viðgerðaverkstæðum, geti komið undir sig fótum til þess, eftir því sem unnt er, að forða því, að eftir stríð fari allar skipaviðgerðir út úr landinu. Ég hef séð í blöðum nýlega árás á þessi verkstæði, þar sem þau eru talin mikil okurfyrirtæki. En mér þykir gaman að benda á, að bezta árið, árið 1941, sem var í raun og veru gullár þessara fyrirtækja, þá hefur þó það þessara fyrirtækja, sem ríkið sjálft á og rekur, Landssmiðjan, ekki skilað nema 17.100 kr. í beinan hagnað samkv. landsreikningnum, sem nýlega var lagður fram. Og ef afkoman er ekki betri en þetta, þá fer að verða ákaflega tvísýnt, að það séu mikil rök á bak við þær ásakanir, sem fram hafa komið á þessi fyrirtæki, og að mikil ástæða sé til þess að gera alveg sérstakan lagabálk, sem skerði mjög framgangsmöguleika þessara fyrirtækja og kannske stríðir á móti stjórnarskrá landsins, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, til þess að ná í þann ógurlega(!) gróða, sem hv. þm. geta sjálfir sannfært sig um af landsreikningnum, að er þó ekki meiri en þetta. Ég er persónulega kunnugur þessum málum utan lands og innan. Og mér var það kunnugt, að öll árin frá 1934—1939 áttu öll þessi fyrirtæki hér á landi í erfiðleikum vegna samkeppninnar frá útlöndum. Og þó lögðu útlendu fyrirtækin alla jafna 125% á vinnu sína og efni sitt, þegar þau innlendu lögðu ekki á það nema 40%. Þessi mismunur var ekki af því, að hver einstaklingur hér á landi, sem að þessu vann, afkastaði ekki eins miklu, ef aðstæður hefðu verið hinar sömu, heldur af hinu, að þessi fyrirtæki gátu ekki búið að sér þannig, að verkstæðin gætu afkastað eins miklu og hjá öðrum þjóðum með sama starfsmannafjölda. Vonir þeirra manna, sem að þessum verkstæðum stóðu, glæddust árin 1941 og 1942 um, að þeir gætu notað þann gróða, sem þeir höfðu fengið, til þess að bæta aðstöðuna um þessar viðgerðir. En með þessum l. sé ég ekki annað en komið sé í veg fyrir, að þessi fyrirtæki geti náð nokkurri fullkomnun. Er þetta kannske gert til þess, að þessi fyrirtæki verði tekin og þau rekin af ríkinu?

Ég vil í sambandi við þetta taka fram, að samþ. voru l. á Alþ., ég held, að það hafi verið 1937 eða 1938, um að heimila ríkisstj. að leggja fram allt að 25% af andvirði nýrra skipa sem styrk til þeirra, sem vildu auka flotann með því að smíða ný skip. En þá varð útkoman sú vegna reynslu margra undanfarinna ára, að enginn útgerðarmaður vildi þiggja slíkt kostaboð, vegna þess að útgerðinni var þá sniðinn þannig stakkurinn, að þó að menn hefðu fengið skipin gefins, þá vildu þeir ekki gera þau út undir þeim reglum, sem framlög þessi áttu að veitast eftir, og þeim sköttum og skyldum, sem á þeirri

útgerð hefði hvílt þá og mundi hvíla, ef hagur hennar batnaði eitthvað. Mér finnst þetta allt ákaflega athyglisvert, áður en farið er inn á þessa nýju braut.

Nú vildi ég minnast hér dálítið á 4. gr. frv., að jafnvel sjálfir flm. hafa raunverulega ekki trú á því, að frv. þetta nái tilgangi sínum, ef að l. verður, þannig að þetta, sem á að ná, komi nokkurn tíma í ríkissjóð. Því að þeir hafa sett hér inn í frv., að fjmrn. skuli vera heimilt að veita þriggja ára gjaldfrest á þessum skatti, ef fé, sem taka á, liggur bundið í atvinnufyrirtækjum eða byggingum. Og má geta nærri, að verði nokkur frestur á því yfirleitt, að þessi l. verði samþ., þá mun hávaðinn af þeim mönnum, sem eitthvert vit hafa á fjármálum, reyna að binda þetta fé einhvern veginn þannig, að það fengist, a. m. k. þessi lögboðni frestur á greiðslu þessa skatts. En hvaða trygging er fyrir því, að fé þetta komi nokkurn tíma inn? Hver getur tryggt, að þessir sömu menn eða aðilar verði færir um að greiða þessar upphæðir, nema betur sé búið um þessa hnúta en gert er í 4 gr.? Vil ég benda hv. flm. og allshn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, á, að það veitir ekki af að setja miklu strangari reglur þessu viðvíkjandi, annaðhvort um veð eða annað, til þess að tryggja það, að ríkissjóður fái þetta fé, og helzt, að fyrirtæki þau, sem eiga þessar eignir, séu rekin undir svo sterku eftirliti ríkisins, að ókleift sé að komast hjá því, að ríkissjóður fái þetta fé. Það þurfa ekki að vera miklar verðbreytingar á næstu árum, til þess að útilokað sé, að hægt sé að innheimta þennan skatt í slíkum tilfellum, að óbreyttri þessari grein.

Þá vildi ég benda á það atriði 5. gr., til hvers á að nota þetta fé. Ég er viss um, að þetta er ekki sett inn til þess að styrkja þau mál, heldur til þess að fá frv. fylgi í þinginu. En ég vildi bara mega benda hv. flm. á, hvað hér hefur skeð undanfarið, m. a. um húsaleigumálin. Þegar þau voru á döfinni, þá þótti ekki neinn þegnskapur að eiga hús eða byggja þau. Það þótti sjálfsagt að ganga svo nálægt þeim mönnum, er það gerðu, sem hægt var án þess að vera sekur við stjórnarskrána eða lög landsins. Það þótti sjálfsagt að ganga svo nærri þeim, að þeir yrðu að búa við allt önnur l. í landinu en aðrir menn. Nú, nokkrum dögum síðar, er lögð áherzla á það að taka stórkostlegt fé með nýjum skatti til þess að byggja verkamannabústaði. Af hverju? Af því að svo er búið að þrengja kosti þeirra manna, sem séð hafa fyrir húsbyggingarmálunum, að þeir fá ekki að koma nálægt þeim. Það getur vel verið, að þetta sé viturlegt, en ég fæ ekki séð, að svo sé. Sama má segja um raforkusjóð. Að setja þetta ákvæði um hann inn í 5. gr. frv. er gert til þess að fá sveitamenn og umboðsmenn þeirra til þess að fylgja þessu skattamáli. En þó að raforkusjóður fái þessa upphæð, getur það ekki náð tilgangi sínum, nema í landinu séu þau starfandi framleiðslutæki, sem geti skapað tekjur handa ríkissjóði. En hér virðist stefnt að því markvisst, að það geti ekki orðið. Og með því, að svo færi, væru þessar framkvæmdir líkar því, að bóndi skæri kú sína til þess að fá beljusteik. Ég get hugsað mér, að hv. 3. landsk. skilji þetta ekki, En aðrir menn, sem til slíks þekkja, skilja það.

Sama máli gegnir um tryggingarnar. Það þarf ekki langan tíma til þess að éta upp alþýðutryggingasjóð, ef ekkert kemur inn í hann. En það getur verið, að hv. 3. landsk. þm. vilji tryggja allt milli himins og jarðar, en hann lítur bara alls ekki á erfiðleikana, sem eru á því, að hægt sé að fá féð til framkvæmda slíkrar tryggingar. En öruggasta ráðið til þess, að hvers konar tryggingar, hve góðar sem þær eru í sjálfu sér, fari í hundana, er að drepa framleiðslufyrirtækin, því að framleiðslufyrirtækin verða að standa undir öllum tryggingum. Það lifir enginn maður á því, sem hægt er að greiða úr tryggingastofnuninni, ef ekkert er hægt að greiða inn í hana. Ég hygg því, að ekki einasta sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, ætti að athuga mál þetta rækilega, heldur einnig, að sjálfir flm. ættu að athuga, hvert stefnir í þessu, ef þessi leið er farin, — svo framarlega sem nokkuð stendur bak við flutning þessa frv. annað en einhver leikaraskapur til þess að afla sér fylgis hjá einhverjum kjósendum í landinu.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt, ef með því móti mætti takast að koma þessu máli til 2. umr. á þessum fundi. En ég get ekki komizt hjá því að drepa á nokkur einstök atriði, sem fram hafa komið. Ég vil byrja með því að leyfa mér að mælast til þess við þá, sem hér ætla að tala, að þeir stytti mál sitt svo sem föng eru á, eins og ég mun gera, til þess að málið komist til n. í dag. Ég mun því ekki ræða einstök atriði, sem nokkuð var drepið á af hv. 6. þm. Reykv., en aðeins taka það fram, að ég tek þakksamlega öllum bendingum til bóta á frv., sérstaklega ef það mætti verða til þess, að það þætti sýnt, að framkvæmdin á málinu yrði öruggari með þeim breyt. og löggjöfin næði þannig betur tilgangi sínum.

Mér virðist nú annað veifið, enda þótt hv. 6. þm. Reykv. talaði með fyllilegri rökfestu og skynsemi um frv., að hann þó telji þetta miklu meira stórmál en það er í raun og veru. Hann lauk máli sínu, ef ég man rétt, eitthvað á þá leið, að þessi lagasetning væri einstök út af fyrir sig, ætti engan rétt á sér og hann mundi verða á móti henni. Hins vegar gæti hann hugsað sér lagasetningu eins og í frv. er stefnt að, ef hún væri liður í sáttagerð milli einstakra stétta í þjóðfélaginu. Og minnir það mig á grein, sem þessi hv. þm. hefur ritað í Morgunblaðið. En ef hann heldur, að þetta frv. og framkoma þess í þinginu sé á við einhvern Bastilludag, þá vex honum það mjög um of í augum.

Hitt undrar mig þó enn meir, að hv. 6. þm. Reykv. skuli ætla, að frv., ef að l. verður, fari í bága við stjórnarskrána, enda verð ég að segja, að hann vildi ekki hafa um það neinar fullyrðingar, og virðist mér það honum til sóma. Hins vegar virtist mér hv. þm. Barð. (GJ) ekki vera í eins miklum vafa um það, og hann hefur sínar ástæður til þess. En hæstv. ríkisstj. lagði fyrir síðasta þing frv. sama eðlis. Og þar sem sú hæstv. ríkisstj. sat þá og situr nú með forsæti

manns, sem er lögmaður, og einnig skipuð þeim manni, sem er dómari í hæstarétti og fyrrverandi lagakennari, þá vona ég, að hv. 6. þm. Reykv. geti haft mig afsakaðan, þó að ég álíti, að slík ríkisstj. leggi ekki fram frv. í þessu efni, sem ríði í bága við stjórnarskrána.

Í öðru lagi vil ég minna á það, að 8. des. s. l. birtist yfirlýsing í Morgunblaðinu frá sjálfstæðismönnum í 8 manna n., þar sem greint var, hver boð þeir gerðu um 4 flokka samvinnu, og eitt atriði í tilboðum þeirra var það, að innheimta skyldi eignarskatt af eignaaukningu stríðsáranna í eitt skipti. Og ég efast ekki um, að ráðamenn Sjálfstfl. hafi, áður en þeir gáfu út þessa yfirlýsingu, athugað, að hún færi ekki í bága við stjskr. Að fenginni þessari yfirlýsingu verð ég að segja það, að mig furðar á því, að þessum hv. þm. skuli finnast svo mikið til um þær till., sem felast í þessu frv. Ég held einmitt, að till. þær, sem í frv. felast, séu shlj. þeim yfirlýsingum, sem Sjálfstæðisfl. var búinn að gefa í þessum efnum. Ég fæ ekki séð, að það sé hægt að gera neinn eðlismun á því, hvort þessar till. eru fluttar af þrem flokkum eða fjórum.

Þá talaði hv. þm. um friðhelgi eignarréttarins og minnti á ákvæði stjskr. þar um. Svo gerði hann samanburð á stjfrv. og frv. því, sem hér liggur fyrir, og taldi, að á þeim tveim frv. væri enginn eðlismunur. En það er hin mesta fjarstæða. Eignaaukaskattur í frv. stj. var ákveðinn 25%, en í þessu frv. er hann ákveðinn 30%, þegar komið er yfir 1 millj. kr. Í frv. stj. átti að verja þessum tekjum til þess að byggja stjórnarráðshús og fleiri slíkar byggingar, en hér er gert ráð fyrir, að þær renni til alþýðutrygginganna, verklegra framkvæmda o. s. frv. En ég get ekki hugsað mér, að það geri þann eðlismun, að þetta frv. geti talizt stjórnarskrárbrot, en stjfrv. ekki. Ég hygg því, að það sé fyrirsláttur einn, að óttast þurfi að þetta frv. fari í bága við ákvæði stjskr., og vil vænta þess, að það verði ekki látið draga úr fylgi við málið.

Þá sagði hv. þm., að eftir frv. stj. mætti ætla, að þessir skattar gæfu aukin verðmæti, en svo væri ekki eftir þessu frv. Þetta held ég, að sé alveg rangt. Með því að hefjast handa um ýmsar opinberar framkvæmdir nú, svo sem byggingu stjórnarráðshúss o. fl., eins og gert var ráð fyrir í stjfrv., getur það dregið úr þörfinni til skattaálagningar í því efni síðar. Hið sama gildir og um þetta frv., því að með því er tryggt, að eftir stríðið, þegar erfiðleikarnir verða meiri en nú, þarf síður að grípa til skatta í því skyni að auka byggingar og ræktun í sveitunum, reisa verkamannabústaði og annað slíkt, sem ætlazt er til, að þetta fé renni til. Það verður að nota það tækifæri, sem nú er fyrir hendi, til þess að leggja þessa skatta á, því að síðar verður það miklum mun erfiðara. Þá taldi hv. þm., að það væri ofmælt í grg. frv., að mikið af þessari fjársöfnun hefði orðið til án tilverknaðar þeirra, sem grætt hafa. Þetta er umdeilt atriði, en ég skal þó játa, að sú auðsöfnun hefði orðið minni, ef engin slík viðleitni hefði komið til. Enda er þess að gæta, að það er tekið fullt tillit til þessarar viðleitni, því að auk þess sem nýbyggingarsjóðirnir eru undanskildir með öllu, þá er ekki lengra gengið en svo, að hver skattþegn má halda eftir 80 þús. kr. skattfrjálsum. Þegar hv. þm. flutti þennan kafla ræðu sinnar, þá talaði hann eins og um það væri að ræða að taka allt það fé, sem safnazt hefði hjá þessum skattþegnum, en það er hin mesta fjarstæða, eins og ég hef þegar sýnt fram á.

Þá sagði hv. þm., að það væri enn síður ástæða til þess að leggja á þessa skatta, þar sem ekkert benti til þess, að auðsöfnunin væri svo ójöfn, að hætta stafaði af. Ég býst við, að okkur greini verulega á um þetta. Hvað auðsöfnunin er orðin mikil, er ekki hægt að sýna með sönnum tölum, en það er ekki minnsti vafi á því, að hún er geysilega mikil, og miklu hærri en tölur skattstofunnar segja til um. Þær segja ekki heldur til um það, hvað misskiptur auðurinn er. En það er bersýnilegt, að honum er ákaflega misskipt. Hv. þm. gerði að umtalsefni hag útgerðarinnar í þessu sambandi. Ég held, að ég muni það rétt, að eftir þeim skýrslum, sem frammi hafa legið um þetta, þá hafi 10 útgerðarfélög hér í Rvík átt innan við 4 millj. kr. í sjóði fyrir áramót 1939. En þessi félög hafa á árunum 1940—1941 lagt í nýbyggingarsjóð 5 millj. og í varasjóð 11 millj. eða fast að því ferfaldað sjóðseign sína á þessum tveim árum. Við þetta bætist svo árið 1942. Ef gert er ráð fyrir, að sjóðurinn hafi orðið svipaður það ár og meðaltal tveggja síðustu ára, þá eru eignir þessara félaga 25—26 millj. kr. Það er ekki til neins að neita því, að hér er um mikla auðsöfnun að ræða. En menn meta það auðvitað eftir því, hvaða skoðun þeir hafa á þessum hlutum, hversu heppileg þessi auðsöfnun sé.

Þá sagði hv. þm., að hér væri um fullkomið öryggisleysi að ræða fyrir skattþegnana. Ég vil ekki fallast á, að þetta mál gefi neitt tilefni til þeirrar ályktunar. Hér er aðeins um að ræða skatt, sem tekinn er í eitt skipti vegna hins sérstaka ástands, og við þurfum ekki að gera ráð fyrir því, að aðrir eins viðburðir og nú hafa átt sér stað, gerist í fjármálalífi okkar nema með mjög löngu millibili. Þess vegna vil ég undirstrika það, að ég álít ekki fært að hafa skattaálagninguna minni en gert er ráð fyrir í frv. einmitt vegna þess, að skatturinn verði á lagður í eitt skipti. Það er ekki ætlazt til, að hann verði á lagður undir venjulegum kringumstæðum. Hér er ekki um venjulega álagningu að ræða. Ég skal líka benda á það, að ég hygg, að hvergi muni það látið óhindrað af löggjöf, að jafn stórfelld auðsöfnun hlutafélaga eigi sér stað og raun hefur á orðið hér á landi. Í öðrum löndum er slík auðsöfnun hindruð, annaðhvort með því að haga verðlagi þannig, að auður myndist ekki, eða þá með því að taka með sköttum allt fé umfram visst hámark.

Þá sagði hv. þm., að form frv. væri mjög hæpið. Um þetta efni ber okkur sjálfsagt svo mikið á milli, að ég tel ekki ástæðu til að ræða mikið um það. Þó þykir mér rétt að benda á, að þó að skattstiginn eigi að vera sá sami fyrir alla, þá er það ekki svo í framkvæmdinni, vegna þess að viss stétt manna hefur aðstöðu til þess að gefa ekki upp allar eignir sínar. Þessu er ekki til neins að neita.

Þá sagði hv. þm., að hann teldi, að nokkur hluti þessa skatts ætti að renna til sveitarsjóðanna, ef hann yrði á lagður. Ég skil vel hans sjónarmið í þessu. En ég vil benda honum á það, að verði skatturinn á lagður eins og gert er ráð fyrir í frv., þá hefur hann sama gildi og ef fé rynni til bæjarsjóða, því að þetta er í rauninni ekkert annað en fyrirframgreiðsla til þess að létta útgjöld ríkissj. og bæjarsjóða. Hins vegar er ekki ætlazt til, að fé renni beint í ríkissj., heldur til sérstakra framkvæmda, sem ég hygg, að í flestum tilfellum sé kappsmál fyrir ríkið, að eigi sér stað. Ég álít hins vegar, að það væri ekki til bóta að breyta till. á þá leið, að þetta fé skiptist milli bæjarsjóða og ríkissjóðs.

Hv. þm. Barð. tók svo til orða, að í rauninni væri þetta frv. ekkert annað en framhald af því, sem gerzt hefur á undanförnum árum. Undanfarin ár hefði allt verið tekið af mönnum og nú ætti að taka eignirnar líka. Ég sé nú ekki, hvernig þetta fær staðizt. Ef allar eignir hafa verið teknar af mönnum undanfarin ár, hvernig á þá eignaauki að geta komið fram? Ég er hræddur um, að þetta tvennt fái ekki staðizt. Ég hygg, að stóryrði manna um hina gífurlegu skatta á undanförnum árum sýni það einmitt, að auðsöfnunin hefur orðið stórfelld á síðustu árum, og það dettur engum í hug að ætla, að auðsöfnunin hafi numið minna en á annað hundrað millj. kr. hin síðustu ár. Þessi auðsöfnun liggur sumpart í því, að skattal. heimila sérstaka auðsöfnun óskattaða; í öðru lagi eru skattarnir ekki hærri en það, að svigrúm er fyrir auðsöfnun. Í þriðja lagi hafa menn fundið leiðir til þess að koma eignum sínum undan sköttum, eins og ég drap á í fyrri ræðu minni. Þessi hv. þm. getur því fellt niður allt tal sitt um, að allar eigur manna hafi verið teknar með sköttum. Þegar þess er gætt, að eignaaukningin mun hafa numið um 150 millj. kr. þessi 3 ár, en í frv. er gert ráð fyrir, að þessir skattar nemi 15 millj. kr., þá sést, hvað lítið brot það er, sem tekið verður af þessum eignaauka.

Þá spurði þessi hv. þm., hvort ég hefði fengið loforð um, að frv. yrði samþ. í þinginu. Ég vil svara þessu neitandi.

Þá spurði hann, hvort launamenn mundu að fullu halda launauppbót sinni. Þessu hefur þingið þegar svarað með því að heimila ríkisstj. að greiða slíka launauppbót til næstu áramóta. Út af útreikningum þessa hv. þm. um það, hve óskaplega væri farið með ekkjurnar, skal ég ekki fara mörgum orðum. Ég vil þó aðeins benda honum á það, að ég veit ekki betur en tryggingarfé sé skattfrjálst, og gilda um það sömu ákvæði, hvort sem þessi skattur verður samþ. eða ekki. Ég man ekki betur en dánarbætur og slysatryggingar séu einnig skattfrjálsar.

Þá var þessi hv. þm. að vísa til orða hv. 6. þm. Reykv. um það, að ef þetta frv. yrði að l., þá yrðu þeir, sem athafnasamastir eru, mest fyrir sköttunum, en hinir, sem minni dugnað sýndu, slyppu við skattana. Ég fæ nú ekki séð, hvernig hv. þm. komast að þessari niðurstöðu. Þó að maður selji hlutabréf með þrítugföldu verði, þá lendir hann samt í skatti, og sé gróðinn undir 80 þús. kr., þá ber honum að greiða tekjuskatt eins og öðrum mönnum. Að mönnum sé gert erfitt fyrir að halda áfram starfsemi sinni, fæ ég ekki séð, þar sem ekki er gert ráð fyrir að hækka mat á fasteignum, sem hafa verið í eigu sama manns.

Þá upplýsti þessi hv. þm. það, að vélsmiðjur í Englandi mættu leggja 125% á vinnu og efni, en hér mætti álagningin ekki vera nema 40%. Einnig sagði hann, að Landssmiðjan hefði ekki grætt nema 17 þús. kr. 1941. Ég er svo heppinn að hafa fyrir framan mig ríkisreikninginn fyrir þetta ár, og ég fæ ekki betur séð eftir reikningnum en gróðinn sé talinn 340 þús. kr. Ég vildi ráða þessum hv. þm. að vanda betur til upplýsinga sinna en þetta, ef hann ætlar að fara að auðga þekkingu dm. í þessum efnum. Ég býst við, að hv. þm. hafi farið dálka villt, áætlunarupphæðin mun hafa verið 17 þús., en reynslan hefur orðið 340 þús. kr. Gæti nú ekki verið, að fleiri útreikningar hans væru byggðir á álíka traustum grundvelli og þetta? Hann sagði, að 5. gr. væri ekki sett í öðrum tilgangi en þeim að afla frv. fylgis, og taldi það mikinn galla á gr. Ég verð að játa á mig þá sök, að þetta er tvímælalaust rétt hjá þessum hv. þm. Þessi ákvæði eru sett til þess að afla frv. fylgis. Ég álít, að það muni greiða fyrir samþ. frv. að hafa þessi atriði eins og þau eru.

Í sambandi við það, sem talað hefur verið um minnkandi öryggi fyrir atvinnufyrirtækin, ef þessi skattur verður ákveðinn, vil ég minna á í sambandi við þá þróun, að atvinnurekendur dragi sig út úr atvinnurekstrinum, að því miður er nokkur ástæða til að ætla, að svo geti fleiri hugsað en stóratvinnurekendur, og þá þurfi meira að leita til hins opinbera um stuðning til atvinnuframkvæmda og leggja þurfi fram fé úr ríkissj. til útgerðarinnar. Og eigi það að verða meira en loforð, verður ríkissj. að vera þess megnugur að geta eitthvað gert í þessum efnum.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Ed., 14. okt., utan dagskrár, mælti

Haraldur Guðmundsson: Snemma á þessu þingi, 17. apríl, var útbýtt hér í d. frv. til l. um eignaraukaskatt, sem ég var flm. að ásamt hv. þm. Str. og hv. 3. þm. Reykv. Þann 19. sama mánaðar var frv. til 1. umr., en henni varð ekki lokið, og síðan hefur málið ekki verið tekið á dagskrá. Nú vildi ég mælast til þess, að hæstv. forseti tæki málið á dagskrá hið allra fyrsta.

Forseti (StgrA): Í tilefni af þessum ummælum hv. 3. landsk. þm. vil ég taka það fram, að skýringin á því, að málið hefur ekki verið tekið á dagskrá aftur, er sú, að mþn., sem starfað hefur í skattamálum, er nú um það bil að ljúka störfum og væri æskilegt, að álit hennar kæmi fram, áður en málið yrði tekið á dagskrá. En eftir þessa ósk mun ég reyna að taka málið á dagskrá svo fljótt sem unnt er.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hefði nú heldur kosið, að álit mþn. hefði komið áður en málið

hefði verið tekið fyrir hér, og þar sem ég sé, að einn hv. dm., sem á sæti í mþn., er hér staddur, þá vildi ég leyfa mér að spyrja að því, hvað starfi n. líður og hvort ekki sé að vænta þess, að hún geri till. í þessu máli. En aftur á móti, eigi það að dragast á langinn, að n. skili áliti, þá tel ég alveg sjálfsagt, að málið verði nú þegar tekið til 1. umr., því að það er ekki seinna vænna, ef takast á að afgr. málið á þessu þingi.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Í tilefni af ummælum síðasta ræðumanns vil ég upplýsa það, að mþn. í skattamálum er þegar búin að ljúka störfum, og hefur form. n. nú í dag skilað áliti til ríkisstj., eða það er aðeins ógert. Af hálfu n. verður því ekki frekari dráttur á þessu máli.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að málið hefur ekki einu sinni enn þá gengið gegnum 1. umr. í d. En að sjálfsögðu þyrfti ekki að bíða eftir áliti mþn. til þess að hægt væri að ljúka 1. umr. og vísa málinu til n. Að öðru leyti nægja mér svör hæstv. forseta.

Bjarni Benediktsson: Ég var einn af þeim, sem voru á mælendaskrá, þegar þetta mál var til 1. umr. í vor, en fékk þá ekki að ljúka máli mínu. Hins vegar er nú óheppilegt að þurfa að svara ræðum, sem fóru fram í vor. Ég hafði hins vegar hugsað mér, að umræður mundu nú fara fram á þeim grundvelli, að mþn. hefði framkvæmt þá athugun, sem hún hafði ráðgert. Úr því að mþn. hafði málið til meðferðar, þá finnst mér sjálfsagt að láta hinar almennu umr. bíða, þangað til sá grundvöllur er fenginn, sem nauðsynlegur er (þ. e. nál.), úr því að 1. umr. hefur dregizt svona lengi.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil benda hæstv. forseta á það, að eftir þeim upplýsingum, sem hv. 9. landsk. hefur gefið, þá hefur mþn. þegar lokið störfum, og eru engir erfiðleikar fyrir hv. síðasta ræðumann að kynna sér umsögn n. um þetta atriði og hafa það til hliðsjónar við framhald 1. umr.

Bjarni Benediktsson: Úr því að það liggur fyrir, að nál. sé til og hafi verið afhent ríkisstj., hlýtur því að verða útbýtt hér á Alþ. næstu daga. Og þar sem hv. 3. landsk. og meðflm. hans hafa beðið rólegir í 40 daga án þess að hreyfa við málinu, þá er það sannarlega furðulegt, að þeir skuli nú, þegar gögnin eru svo að segja komin í hendurnar, rjúka til og ætla að knýja málið áfram áður en upplýsingarnar liggja fyrir. Að ætla sér að knýja málið áfram, þegar hillir undir upplýsingarnar, það er tortryggilegt.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil benda hv. þm. á það, að þó að við höfum haft biðlund í 40 daga, þá rekur að því, að sú biðlund þrýtur. Hins vegar er það ofmælt, að hv. þm. eigi þess ekki kost að kynna sér nál., þó að ekki sé búið að útbýta því hér í þinginu.

Bjarni Benediktsson: Ég vil mótmæla því, að ég eigi nokkurn aðgang að þessu skjali, fyrr en því verður útbýtt hér á Alþ. Það hefur verið gengið út frá því, að beðið yrði með meðferð málsins, þangað til mþn. hefði skilað áliti sínu og því yrði útbýtt hér meðal þm. Þess vegna sætir það furðu, að nú skuli eiga að knýja málið fram, hvað sem öllum rökum líður.

Hermann Jónasson: Ég vildi aðeins spyrjast fyrir um það hjá þeim meðlim mþn. í skattamálum, sem hér er í d., hvenær seinasti fundur var haldinn í n., og hvort búið sé að senda skjölin. Í þriðja lagi, hvort ákveðið hafi verið að senda þau næstu daga til þingsins og hvort nál. verður útbýtt hér næstu daga.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil aðeins út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. benda honum á það, að það er engin hætta á því, að málið verði knúið fram, áður en upplýsingarnar liggja fyrir, ekki einu sinni í þessari hv. d. Málið þarf að ganga í gegnum umr. í þessari d. og fara til n. Hér er aðeins um það að ræða, hversu lengi eigi að draga að ljúka 1. umr. málsins.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Það eru aðeins nokkur orð út af fyrirspurn hv. þm. Str. Hann spurði, hvenær nefndin hefði seinast haldið fund og hvenær skjölin mundu verða prentuð og þeim útbýtt meðal þm. Ég get upplýst það, að nm. gengu fyrir nokkru síðan frá sameiginlegri niðurstöðu. En í gær var fundur seinast haldinn í n., og var þá farið sameiginlega yfir þau skjöl, sem fyrir lágu, og að þeim fundi loknum gekk ritari n. í það að láta vélrita skjölin, sem síðan ganga beint til ríkisstj., og það má vel vera, að þau hafi verið send í dag, þó að mér sé ekki kunnugt um það. En út af hinu atriðinu, hvort n. muni láta prenta skjölin til þess að útbýta þeim á meðal þm., get ég tekið það fram, að n. mun að sjálfsögðu engar ráðstafanir gera í þá átt. N. sendir sitt álit til ríkisstj., og hún mun svo gera sínar ráðstafanir þar á eftir.

Bjarni Benediktsson: Mér skilst, að ef farið væri að till. hv. 3. landsk., þá yrði það til þess, að prentun á þessum skjölum gæti dregizt von úr viti. Ég vil því nota tækifærið og skora á ríkisstj. að láta prenta nál. og útbýta því meðal þm. Ég vil vekja athygli á því, að við 1. umr. málsins í vor áskildi ég mér rétt til þess að bera fram till. um það, að hæstv. forseti vísaði þessu frv. frá, ef það skyldi koma fram, að frv. bryti í bága við stjskr. ríkisins. Nú veit eg ekkert, hvað þessi n. hefur um þetta atriði að segja, — það er eitt af því, sem ég vildi fá upplýst. Mér finnst því á allan hátt eðlilegt, að þessi gögn í málinu liggi fyrir, áður en það kemur til umr.

Hermann Jónasson: Ég vil ekki blanda mér í þessa umr. að öðru leyti en því, að ég vil taka undir þá ósk, að málinu verði ekki frestað öllu lengur. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég hef ekki talið, að mér bæri að bera þá

ósk fram að fyrra bragði, þar sem ég er ekki 1. flm. málsins.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að það ætti að verða hægt að hafa einhver ráð með að ná í nokkur eintök af þessum skjölum, til þess að þm. gætu áttað sig á því, sem þar kemur fram. Að því er snertir það atriði, hvort till. færi í bága við stjskr., þá mætti kannske spyrja þennan hv. þm., hvort ekki hefði komið frá honum nein till., sem vafi gæti leikið á um, hvort forseti neyddist ekki til að vísa frá umr.

Ég vildi leyfa mér að ítreka fyrri tilmæli mín til hæstv. forseta um að taka sem fyrst á dagskrá frv. um eignaraukaskatt.

Forseti (StgrA): Ég skal verða við þessum tilmælum og taka þetta frv. á dagskrá á næsta fundi þessarar d.

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Ég kvaddi mér hér hljóðs í vor um þetta mál til þess að svara hv. 3. landsk., því að ég taldi sumt fráleitt af því, sem hann hélt fram.

Nú hef ég ekki allt það í huga, og fell því frá orðinu að svo stöddu, en tala þá við 2. umr., ef svo vill verkast. Enda eru nú atvik breytt frá því, sem var í vor, þar sem fyrir liggur nál. mþn. í skattamálum. Ég áskil mér svo rétt til ýtarlegri umræðna við 2. umr., ef verða vill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 3. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 519 og 551).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. á nokkuð langa sögu á Alþ. að þessu sinni, þótt ekki hafi verið mikið um það rætt af d. hálfu. Það var borið fram í byrjun þ. á síðast liðnu vori. Síðan var það sent til skattan., sem valin var á síðasta þ., en n. varð ekki sammála, og engar till. hafa komið frá n. um breyt. á frv. né heldur till. um að fella það eða samþykkja, enda ætla ég, að 4 mismunandi nál. hefðu komið út varðandi þetta frv. Málið var tekið fyrir í fjhn. þessarar d., og kom í ljós, að n. var ekki sammála um það. Ætlunin var að taka það fyrir aftur, en skömmu síðar veiktist form. n. Hér liggur fyrir álit meiri hl., sem í eru 1. þm. Eyf. (BSt), 5. þm. Reykv. (BrB) og ég. Við leggjum til, að frv. verði samþykkt að efni til sem sagt óbreytt eins og það var lagt fram á þskj. 3, en þær einar breyt. gerðar, sem leiðir af því, að gildistaka l. færist aftur um næstum eitt ár, og þar af leiðandi er gert ráð fyrir, að skatturinn nái til 4 ára, í staðinn fyrir, að í frv. er gert ráð fyrir, að hann nái til áranna 1940, 1941 og 1942. Í samræmi við þetta er lagt til, að skattfrjálst hámark eignaaukningar hækki nokkuð. Í frv. er gert ráð fyrir, að það sé 80 þús. kr., en samkvæmt brtt. okkar er lagt til, að það verði nú 100 þús. kr. Það er lagt til, að sú breyt. verði gerð á 2. gr., að í upptalningu þeirra skatta, sem frá skuli dregnir eignaauka í árslok 1943, skuli fella niður verðlækkunarskatt. Það stafar af því, að l. um verðlækkunarskatt falla úr gildi um næstu áramót, þannig að hann kemur ekki til á árinu 1944. Þá stafar breyt., að í staðinn fyrir „1943 og 1944" komi 1944 og 1943, af því, að gert er ráð fyrir, að l. komi til framkvæmda í árslok 1943, í staðinn fyrir árslok 1942, eins og það er í frv. Þá er lagt til, að gerð sé sú breyt., að við bætist, að eignaauki, sem stafar af útborgun líftryggingarfjár, örorku- eða dánarbóta, sé ekki skattskyldur skv. l. þessum, og er það í samræmi við frv. eins og það var lagt fram og í samræmi við það, að þetta eru ekki skattskyldar tekjur, eins og liggur í hlutarins eðli. Þá eru nokkrar brtt. við 3. gr. um, að hún orðist um. Þetta eru mest orðabreyt., en er ætlað að taka skýrar fram en í 3. gr. er, þegar um er að ræða eignatilfærslu, þ. e. a. s., þegar skattgreiðandi breytir eign sinni úr einni fasteign í aðra. Ætlunin er, að með því orðalagi eins og nú er á gr., sé það nokkurn veginn tryggt, að skatturinn sé ekki á aðra eignaaukningu en þá, sem er raunveruleg, þ. e., ef efnahagur manns sé gerður upp við sölu eða á annan hátt. Þetta eru þær breyt., sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á frv., og mælir hann mjög með því, að hv. d. samþ. frv. með þessari breyt.

Um réttmæti þessa skatts og það, hve mikils tekjuauka megi af honum vænta, skal ég fátt eitt segja. Ég gerði grein fyrir því hér í d. við 1. umr. og skal ekki bæta við það öðru en að segja, að skv. upplýsingum, sem mþn. í skattamálum aflaði sér, er ætlað, að skatturinn nemi nokkru lægri upphæð en við höfðum gert ráð fyrir. Ætlunin er, að skatturinn nemi hér í Reykjavík 6 millj. kr. á 3 árum. Að vísu er ætlazt til, að árið 1943 bætist við, og ætti hann því samkvæmt áætlun skattstofunnar að nema 8 milljónum kr. Ef það er eins og um aðra skatta, mætti búast við, að skatturinn næmi annars staðar frá 50% eða 12 millj. kr., þ. e. a. s., ef miðað er við skattaframtöl, sem skattstofan hefur lagt til grundvallar. Því er ekki að neita, að þessum skattaframtölum er mjög áfátt. Það er hverjum manni vitanlegt, að það eru margir tugir millj. kr., sem eru í eigu manna í verðbréfum og hundruð millj., sem menn eiga í sparisjóðum, og enginn vafi er á því, að þessi framtöl eru mjög fjarri því að gefa rétta hugmynd um eignir manna. Við lítum svo á, flm., að það, hvað mikils megi vænta af þessum skatti, sé mjög undir því komið, hvað vel er af stj. hálfu gengið eftir réttum framtölum, og því er í frv. heimild um viðtæka reglugerð um framtöl, og er beinlínis tekið fram í 4. gr. eftirfarandi: „Nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð, og skal þar m. a. setja ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem nafnskráningu verðbréfa, „— ef ekki þyki önnur

leið nægilega sterk til þess að fá rétt framtöl á þessum eignaliðum.

Það skal játað, að þessi skattur er nokkuð annars eðlis en aðrir skattar hér, þar sem gera má ráð fyrir, að skattur þessi geti orðið hærri en svo, að hægt sé að greiða hann af tekjum ársins. Hér er því um beinan skatt af eignum að ræða eða fyrirmæli um það, að viss hluti eignanna skuli ganga til hins opinbera. Þó má ekki blanda þessum skatti saman við það, sem venjulega er kallað eignarskattur, þ. e. sá eignarskattur, sem verkar eins og eignarnám. Hann er þeim skatti frábrugðinn að því leyti, að hann er aðeins lagður á þær ákveðnu eignir, sem hafa orðið til eftir 1939 sem afleiðingar af hinu óvenjulega ástandi síðustu ára, er hefur valdið því, að einstöku menn hafa rakað saman fé alveg af hreinni tilviljun. Þessi eignaaukaskattur, sem hér er um að ræða, er ekkert annað en lítilsháttar leiðrétting á því, sem vanrækt hefur verið undanfarin 4 ár. Það er ætlazt til þess, að þessi skattur sé notaður í ákveðnum tilgangi. Hann á að verða varanleg eign, sem hægt verður að nota til þess að létta byrðar framtíðarinnar. Hér er því ekki verið að afla ríkisstj. venjulegs eyðslufjár, heldur er hér verið að leggja til hliðar hluta af stríðsgróðanum til þess að tryggja afkomu fólksins betur í framtíðinni. Ég læt þetta svo nægja að sinni, en óska þess, að málið fái skjóta afgreiðslu.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Það vildi svo til, að ég var kosinn til þess að taka sæti í fjhn. í veikindaforföllum hv. 8. landsk., svo að ég hef ekki haft tækifæri til þess að athuga þetta mál eins og æskilegt væri, en ég held, að ég hafi þó getað kynnt mér það nægilega til þess að geta með góðri samvizku skrifað undir nál. um, að þetta frv. verði fellt.

Ég hef þó ekki gert till. um að beina því til hæstv. forseta að láta athuga, hvort hér sé um skatt að ræða eftir skilningi stjskr. Undanfarin 8 ár hefur verið farið mjög rúmt með hugtakið skattur, en þetta flæðir vissulega út yfir öll takmörk. Ég sé ekki annað en hér sé um beint eignarnám, „konfiskation", að ræða. Það eru um 100 menn á landinu, sem á að skattpína á þennan hátt. Þegar ég segi hér „skattpína" eða tala á annan hátt um skatta í sambandi við þetta frv., þá á ég alltaf við, að orðið skattur sé innan gæsalappa, því að þetta er ekki skattur. Þetta frv. er afsakað með því, að fé þetta eigi ekki að vera eyðslufé fyrir ríkissjóð, heldur eigi að verja því til sérstakra framkvæmda og til þess að tryggja afkomu þjóðfélagsins, sem allir eru sammála um, að nauðsynlegt sé. En það breytir engu í þessu sambandi. Ef byggja á upp fyrir þjóðfélagið, þá er sjálfsagt að gera það á venjulegan hátt. Það verður þá að spara á öðrum sviðum það, sem er síður nauðsynlegt. En það verð ég að segja, að með því að fara inn á þessa braut, er komið inn á braut, sem er meira en hál.

Ég get hugsað mér, að það geti komið fyrir, að hagur þjóðfélagsins verði þannig, að það þurfi að grípa lengra niður í vasa einstaklinga en nú er gert. En það verður þá að liggja eitthvað alveg sérstakt við, hrun þjóðfélagsins yrði þá að standa fyrir dyrum, og þá ætti hver og einn að rétta glaður fram sinn skerf til þess að afstýra því og rétta við hag þjóðfélags síns. Í þessu frv. er farið fram á að leggja minnst 20% og upp í 30% eignaaukaskatt á þá, sem hafa sparað saman fram yfir 100 þús. kr. frá því, sem skattframtal frá 1939 segir til. Ég bið menn nú að gæta þess vel, að eignaaukning verður til á tvennan hátt. Önnur ástæðan er sú, að menn hafa meiri tekjur en þeir eyða og geta þannig lagt fyrir, en hin er sú, að verðgildi krónunnar lækkar. Nú hefur það lækkað stórkostlega og er alltaf að lækka, og þannig hafa eignir manna ekki orðið verðmætari, heldur seljanlegri fyrir hærri krónutölu. Ef menn hafa svo selt eignir sínar með þessu hækkaða verði, þá hafa þeir þegar borgað tekjuskatt af eignaaukningunni og það svo háan, að hann er ósambærilegur við önnur lönd, sem eiga þó í ófriði og þurfa að taka af þegnum sínum allt það, sem tiltækilegt þykir.

Hér er því ekki verið að tvískatta, heldur þrískatta þessa menn, það er verið að refsa þeim, sem hafa sparað, og einmitt það, hve takmarkið er lágt á eignaaukaskattinum, sýnir það, að hér er um beinar refsiaðgerðir að ræða og þær eiga að ná til sem flestra.

Annars verð ég að segja það um þá, sem hafa selt eign sína fyrir hærri krónutölu en matsverð 1939, að ég get bent á mörg dæmi þess, að þeir hafa ekki grætt, heldur tapað, því að í dag geta þeir ekki keypt eignina fyrir sama verð og þeir seldu hana fyrir, svo að í dag hafa þeir raunverulega tapað, þótt framtalið sýni nú reikningslegan gróða. Ég skal taka t. d. hús, sem ég seldi í fyrra og ekkja átti. Húsið var metið á 40 þús. kr., en var selt á 140 þús. kr. Við skulum gera ráð fyrir því til þess að gera dæmið auðveldara, að ekkjan hafi átt 100 þús. kr. fyrir. Hún gæti nú ekki fengið húsið keypt aftur fyrir 250 þús. kr., svo að í dag hefur hún ekki grætt 100 þús. kr., heldur tapað 100 þús. kr. Hvað seinna kann að verða, vita hvorki hv. flm. né ég, en svona stendur dæmið í dag. Nú hefur hún tapað. Það var líka embættismaður utan af landi, sem flutti til Reykjavíkur. Hann seldi ágætt hús, sem hann átti, fimm sinnum dýrara en það var metið á við síðasta fasteignamat. Hann er nú að krónutölu 120 þús kr. ríkari en hann var fyrir 4 árum, en þetta fé ætlar hann að nota til þess að kaupa hér hús, en það er vafasamt, hvort hann fær það. Þessum manni á að refsa með 24 þús. kr. skatti fyrir það, að hann á eign, sem að verðmæti nægir ekki til þess að bæta honum upp það verðmæti, sem hann lét af hendi.

Svo skal ég taka aðra menn, sem hafa ekki selt eignir sínar, en þær hafa hækkað í verði. Segjum t. d., að ég eigi hús, sem metið er á 30 þús. kr. við síðasta fasteignamat. Ég tek þetta aðeins sem dæmi, því að ég á ekki húsið. Nú gæti ég selt þetta hús á 150 þús. kr., en ég vil það ekki. Miðað við þessa menn, sem ég gat um, er ég nú áreiðanlega 120 þús. kr. ríkari, en mér á ekki að hreyfa við.

Ég get ekki séð, að nokkur skynsamleg rök

mæli með því að taka svona eignaaukaskatt af mönnum. Í grg. fyrir frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Flm. eru þeirrar skoðunar, að stríðsgróðinn, gróðinn, sem ekki er hægt að halda fram, að nokkur einstaklingur hafi sérstaklega aflað með eigin atorku eða fyrirhyggju, og er umfram nauðsynlega sjóði til endurnýjunar og starfrækslu gagnlegra fyrirtækja, sbr. nýbyggingarsjóði, sem lagt er til, að verði undanþegnir skattinum, eigi í raun réttri að vera sameign almennings.

Ég veit ekki um nokkurn einasta mann, sem hefur ekki einmitt eignazt fé vegna sinnar eigin fyrirhyggju eða vegna þess, að hann hefur haft fyrir því að afla þess, og hefur þannig notað eigin atorku. Yfirleitt er það þannig, að menn þurfa að leggja á sig til þess að afla sér fjár, þeir þurfa annaðhvort að vera gleggri í hugsun eða inna af hendi meira starf en almennt gerist. Fyrir þetta á þjóðfélagið að virða menn og lofa þeim að halda fé sínu að undanteknum eðlilegum sköttum, en það á ekki að reyna að ná því af þeim og refsa þeim fyrir dugnað sinn.

Tökum t. d. útgerðarmennina hér. Ég vil halda því fram, að þeir hafi eignazt fé sitt vegna eigin verðleika. Hefðu þeir ekki haft dugnað til þess að halda úti skipum sínum, oft á versta tíma og oft vitandi það, að þau mundu ekki afla nægilegra verðmæta til þess að reksturinn gæti borið sig, þá hefðu þeir ekki heldur notið ágóðans, þegar vel gekk. Þegar verst stóð á fyrir útgerðinni, bauð ríkið fram styrki og lán til þeirra, sem vildu halda skipum úti, og ég man ekki betur en að Alþfl. væri að bisa við að koma á fót útgerðarfélagi með slíkum styrkjum og lánum, en tókst ekki. Í þeim hópi voru ekki til menn, sem vildu leggja sparifé sitt í slíka hættu, þeir vildu eiga allt sitt á þurru, sem kallað er. Svo voru það aðrir, sem með lítið fé brutust í því að koma framleiðslunni í gang. Þeir hafa hagnazt á því núna, og af þeim á nú að taka, — mér liggur við að segja eins og í biblíunni, — jafnvel það, sem þeir eiga ekki. Þetta finnst mér fjarri öllu viti og sanngirni. Það er verið að tala um það í 1. gr. frv., að það eigi að taka 20% af fyrstu 100 þús. kr., sem eru fram yfir 100 þús. kr. Hvar liggur nú þessi eignaauki? Ég man eftir því, að fyrir nokkrum árum kom hingað til landsins duglegur maður og hann kepyti hér fyrirtæki, sem heitir „Svanur". Honum vegnaði það vel, að félagið græddi 50 þús. kr. á ári. Þá var skattaránið svo mikið, að fyrirtækið átti að borga 36 þús. kr. í skatta og útsvar. Þessi 50 þús. kr. gróði lá í auknum vörubirgðum, í útistandandi skuldum og öðru slíku, en skattana átti hins vegar að greiða í peningum, og það var því ekki hægt að greiða skattinn á árinu. Þá var hins vegar hægt að draga frá skattaframtali næsta árs þau opinberu gjöld, sem búið var að greiða fyrir áramót. Þar sem félagið hafði ekki getað greitt skattinn fyrir áramót, fékk það hins vegar engan frádrátt fyrir næsta ár, og til þess að það yrði ekki gjaldþrota, varð það að skipta ágóðanum upp á milli viðskiptamanna, annars hefði hann allur farið í skatta og félagið orðið gjaldþrota þrátt fyrir gróðann. Ef greiða á 20 þús. kr. af 100 þús. kr. í skatta, þá er það engin smávegis blóðtaka, og ég efast um, að þeir, sem hafa fengið þennan pappírsgróða, séu færir um það. Af 200 þús. til 1 millj. kr. eignaaukningu á að greiða 25% og svo 30% af því, sem er þar yfir. Ég hef það ekki fyrir framan mig, en mig minnir, að það hafi verið lagt fyrir fjhn. Nd. í fyrra, hve miklir varasjóðir og nýbyggingarsjóðir útgerðarinnar voru þá. Þar sést, að eignaaukning stærsta útgerðarfyrirtækisins í Reykjavík hefur verið 2,9 millj. kr., og af þessu eru 2 millj. kr. í nýbyggingarsjóði. Hvað er þetta? Fyrir þetta er engin leið til þess að smíða ½ hluta af þeim skipum, sem félagið á og vitað er, að eru orðin gersamlega úrelt, jafnskjótt og stríðinu lýkur. Það er líka vitað með ýmis verzlunarfélög, að eignaauki þeirra, ef svo skyldi kalla, liggur í vöruleifum, og ég efast um, að það fé, sem farið er fram á, að tekið verði af þeim með þessum skatti, mundi nægja til þess að mæta nauðsynlegum afskriftum af vörunum, þegar fyrirsjáanlegt er, að stríðið er að verða búið. Verðlækkun á vörunum kemur jafnvel fyrr hér en á erlendum markaði, því að þegar séð er fyrir, að hún muni koma erlendis, þá draga kaupendur sig heldur til baka frá innkaupum í von um, að lækkunin komi þá og þegar. Eftir því, sem reiknað hefur verið út, þá eru það einir 100 skattgreiðendur hér í Reykjavík, sem koma til með að greiða þennan skatt, en það munu verða um 5 millj. kr. eða um 5% af heildarupphæð fjárhagsáætlunarinnar nú. Það munar þannig litlu fyrir þjóðarheildina, en það munar miklu fyrir einstaklingana, sem eiga að greiða það. Ég er á þeirri skoðun, sem Gladstone hélt fram, að hver eyrir væri betur kominn í vasa einstaklingsins en í fjárhirzlu ríkisins, ef ríkið gæti með nokkru móti án hans verið. Við höfum ekki enn borið fram brtt. við þetta frv., en ef það verður samþ. til 3. umr., sem ég á bágt með að trúa, þá er nógur tími til að koma þá fram með brtt. Það er þó eitt atriði í 4. gr., sem ég vildi benda á, en það er um nafnskráningu verðbréfa. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „. . . og skal þar m. a. setja ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem með nafnskráningu verðbréfa . . ." Ég held, að hér sé farið inn á svo stórhættulega og hála braut, að menn ættu að hugsa sig tvisvar um, áður en það verður gert. Það hefur komið í ljós, að veðdeildarbréf og ríkisskuldabréf eru seljanlegust af öllum verðbréfum, og svo er einnig í öðrum löndum. Hér hjá okkur mundi umstangið við að hafa hvert bréf nafnskráð verða svo mikið, að það mundi draga stórkostlega úr sölu bréfanna. Að setja l. um slíka nafnskráningu verðbréfa mundi því draga mikinn dilk á eftir sér. Ég bendi sérstaklega á þetta vegna þeirra útlendinga, sem eiga hér allmikið af verðbréfum, en þeir munu ekki skilja þessar reglur.

Eins og ég sagði í byrjun ræðu minnar, þá æski ég eftir, að hv. forseti vildi athuga, hvort þetta frv. er samrýmanlegt stjskr.

Ef seilast á svo langt sem hér er gert inn á jafnóeðlilegt svið, þá er það því aðeins verjandi, að það sé liður í kerfi til að halda dýrtíðinni niðri í einhverju vissu marki. En það er ekki

verjandi með það fyrir augum að afla tveggja milljóna til alþýðutryggínganna og annars eins til verkamannabústaða og svo framvegis.

Gísli Jónsson: Það er nú eiginlega leiðinlegt, þegar menn hafa lagt höfuðið í bleyti við að semja frv. til að bjarga þjóðinni, að þeir skuli þá ekki hafa tíma til að vera við umræður, eins og hv. þm. Str., sem er einn af flm. þessa frv., nema því sé þá þannig háttað, að hann sé fyrirfram seldur hv. 3. landsk. með sál og samvizku og greiði atkv., ef aðeins er klipið í lærið á honum. En þá sný ég mér beint að málinu.

Ég vil benda hv. 1. flm. á, að nái þetta frv. fram að ganga, þá mun skatturinn skiptast þannig samkvæmt núgildandi skattstiga á fyrirtækin eða atvinnuvegina í landinu: Verzlunin mun greiða 1.099.703 kr. Ég get fallizt á, að sérstaklega beri að athuga, hvort ekki megi leggja nýjan tekjuskatt á verzlunina, en ekki neinn arðránsskatt. Ég er fús til að ræða þetta við hv. 3. landsk. á skynsamlegan hátt. Það er vitað, að verzlunin hefur fleytt rjómann af stríðsgróðanum og þá jafnt samvinnufélögin, sem þessir menn vilja slá skjaldborg um.

Þá er það annar aðili, iðnaðurinn, sem kemur til með að greiða 364.490 kr. í þennan skatt. Ég tel nú ekki viturlegt að íþyngja iðnaðinum um of, þegar tekið er tillit til þeirrar hörðu samkeppni, sem hann verður að heyja eftir stríð. Hann á að verða ein meginstoðin í atvinnulífi landsmanna ásamt útveginum og landbúnaðinum og það á ekki eingöngu að vægja honum hans vegna, heldur einnig vegna hinna atvinnuveganna. Það er lífsskilyrði, að hann komist á það stig, að hráefnin, sem eru sótt í djúp hafsins og skaut jarðarinnar, séu unnin til útflutnings. Ég held því, að það sé vanhugsað, að skattræna þennan atvinnuveg eins og hér er gert ráð fyrir.

Þá er þriðji aðilinn, sem mun greiða rúmlega 234 þúsund kr. Ég ætla ekki að bera blak af þeim mönnum. En ef fremja á þvílíkt glapræði og ranglæti til þess að ná þessari upphæð, þá er málið ekki djúpt hugsað. Það gæti líka orðið svo, að þessir menn yrðu ofan á, áður en lýkur, ef þannig á að fara að.

Þá er aðeins einn aðili eftir, og það er útvegurinn. Hann á að greiða 3.427.575 kr. Nú bar hv. 3. landsk. fram hér till. í gær við annað skattafrv., þar sem hann lagði til að leggja fé í sérstakan sjóð til eflingar sjávarútveginum. Má gera þá kröfu til þessa hv. þm., að hann sé svo samkvæmur sjálfum sér, að hann arðræni ekki annan daginn þann atvinnuveg, sem hann þykist vilja styðja hinn daginn? Það er vissulega ekki hægt að taka þessa menn alvarlega um skattamál. Og svo bera sósíalistar fram till. um að leggja fram 5 eða 10 milljónir til eflingar útveginum, en eru jafnframt með því að taka af honum 3, 4 milljónir með þessu frv.

Hv. 3. landsk. hélt því fram, að þetta ætti ekki að verða eyðslufé, heldur til þess að auka varanleg verðmæti í landinu. Hið sama var sagt um verðlækkunarskattinn í fyrra. Ég er sammála hv. þm. um það, að þetta ætti að tryggja, og ef þetta er meining hans, þá ætti hann að geta verið samþykkur brtt., sem ég ætla að leyfa mér að bera fram við 5. gr. til þess að tryggja þennan árangur. Brtt. *mín hljóðar svo, með* leyfi hæstv. forseta:

„Tekjum þeim, sem aflað er samkvæmt 1. þessum, skal varið til að standast kostnað við dýrtíðarráðstafanir".

Sé það rétt, sem hv. fjmrh. heldur fram, að hann vilji tryggja eignir manna, og það rengi ég ekki, og sé það rétt hjá hv. 3. landsk. að taka eignir til að tryggja eignir, eins og hann orðar það, en það skil ég ekki, þá er eðlilegast að sameinast um, að þetta fé sé lagt til dýrtíðarráðstafana. Ég ætla svo ekki að ræða þessa hlið nánar. Ég hef bent á þá hugsunarvillu að taka fé úr einum atvinnuvegi og setja það í annan. Í því felst engin björgun í málinu. En í sambandi við það, sem gefið er í skyn í grg. fyrir þessu frv., að fénu hafi skolað upp að landinu í hafróti ófriðarins, þá vil ég gefa svolítið yfirlit um þau mál, og taka einkum eitt dæmi máli mínu til skýringar.

Öllum eru kunn gjaldeyrisvandræðin hér á árunum 1933—1939, sem voru svo mikil, að atvinnuvegirnir voru að kikna af þeim orsökum. Hverjir voru það þá, sem sköpuðu gjaldeyrinn, aðrir en einmitt útgerðarmenn? Var þó ekki hver eyrir tekinn af þeim til að kaupa nauðsynjar handa þjóðinni? Voru það ekki þeir, sem börðust í bökkum allan þennan tíma, þótt betur hafi látið í ári nú um skeið? Hvernig hefði farið, ef þessir menn hefðu bognað við erfiðleikana? Þá væri engum milljónum að skipta hér. Þá hefði hv. 3. landsk. ekkert í kassanum til að moða úr. Og hann er þó ekki svo gersamlega laus við rökrétta hugsun, að hann skilji ekki, að atvinnuvegirnir verða fyrst og fremst að bera sig og græða, til þess að nokkru fé sé yfirleitt hægt að ráðstafa. Hvernig sem hann reiðir skattabrjálæðið á öðrum klakk og tryggingaæðið á hinum, þá verður þó alltaf að fóðra truntuna á einhverju.

Árið 1933 mynduðu nokkrir bláfátækir sjómenn félag með sér til þess að kaupa skip ásamt nokkrum efnaðri mönnum. En þeim var neitað um gjaldeyri fyrir skipinu. En þá gátu þeir útvegað sér skipið á þann hátt, að þeir fengu lán úti. Þetta fyrirtæki starfaði í landinu þar til árið 1940. Þá hafði það greitt eina milljón í skatta og margar milljónir í vinnulaun og gjaldeyri. Þegar þessir menn seldu svo skipið, þá heimtaði ríkið 90% af söluágóða þess í krafti gildandi skattalaga.

Hv. 3. landsk. ætti að kynna sér lítils háttar þróunarsögu þessara mála, áður en hann fer að tala um, að þessu fé hafi skolað upp að landinu.

Ég vil í sambandi við þetta benda á, að þeir menn, sem ég sagði frá áðan, vildu kaupa sams konar skip og þeir seldu 1940, og það fyrir gott verð, en þeim var fyrirmunað það af þáverandi viðskmrh. Þeir nenntu þá ekki að taka upp fyrri baráttu sína, þess vegna kom það skip aldrei til landsins, og engar milljónir skoluðust hingað með því.

Ég ætla mér svo ekki að eyða fleiri orðum að þessu, en vænti þess, svo framarlega sem

frv. þetta verður samþ., að brtt. mín við 5. gr. verði einnig samþ., svo að tryggt sé, að féð gangi til dýrtíðarráðstafana.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt hér brtt. frá hv. þm. Barð., og þarf að veita tvöföld afbrigði fyrir henni, svo að hún megi koma fyrir, þar eð hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR. ..

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 566) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal nú vera stuttorður, en þó kemst ég ekki hjá að svara einstaka atriðum.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að þessi skattur kæmi til með að lenda á mönnum, sem raunverulega hefðu ekkert aukið eignir sínar, eða svo gæti a. m. k. orðið í sumum tilfellum. Ég get huggað hann með því, að ótti hans er alveg ástæðulaus í þessu sambandi, ekki sízt ef breyt. verður gerð á 3. gr., sem verða mun.

Hv. þm. var að taka dæmi máli sínu til sönnunar. Hann sagði, að embættismaður t. d., sem seldi hús sitt fyrir fimmfalt kaupverð, mundi lenda í þessum skatti. Þetta er alveg rétt, ef sölugróðinn kemst yfir 100 þúsund. En þá væri líka um raunverulega mikinn gróða að ræða. Þótt þessi maður seldi fyrir fimmfalt kaupverð, þá skal ég játa, að peningagróði hans þyrfti ekki að verða að neinu ráði, eins og tímarnir eru, ef hann hugsaði sér að endurnýja húsið, byggja eða kaupa annað. En hann væri ekki neyddur til að byggja, ef hann á annað borð seldi hús sitt. Ég hygg, að hús séu yfirleitt keypt í skuld að meira eða minna leyti, og gæti þá maðurinn greitt skuld sína og átt þar að auki mikið í reiðu fé, ef hann seldi fyrir fimmfalt kaupverð. Við skulum hugsa okkur, að ég eigi hús, sem hefur kostað mig 40 þúsund, og ég hafi fengið allt kaupverðið að láni. Nú sel ég þetta hús á 140 þúsund, borga skuld mína, þessi 40 þúsund, af söluverðinu og á auk þess 100 þúsund í reiðu fé sem hreinan gróða. Langflest af þeim tilfellum, sem skatturinn getur átt við, eru svipuð þessu, er ég nefndi, því að venjulega fylgja áhvílandi veðskuldir fasteignum. Vitanlega er maðurinn svo sjálfráður, hvernig hann ráðstafar þessum gróða. Hins vegar skal ég játa, að mismunandi meðferð er á þeim, sem búnir eru að selja fasteignir, og hinum, sem eiga þær enn. Mér er þetta ljóst, og eðlilegt væri, að síðar yrðu sett l. um verðhækkunarskatt, og er ég fús til að ræða um það við hv. þm. Seyðf., hvort við getum orðið sammála um ráðstafanir í þá átt.

Skáldsögur hv. þm. um, að jafnaðarmenn hefðu ekki viljað leggja fram fé til útgerðar, eru nú ekki réttar. Það stóð á gjaldeyri.

Hv. þm. sagði einnig, að hann væri sammála Gladstone um, að hver eyrir væri betur kominn hjá skattþegninum en ríkinu, nema hann færi til nauðsynlegra fjárútláta. En það er nauðsyn til svo margs. Það getur orðið erfitt að skilja á milli þess nauðsynlega og hins ónauðsynlega. Munu t. d. ekki allir hv. þm. álíta þær fjárveitingar nauðsyn, sem þeir greiða atkvæði með? Ég hugsa, að hv. þm. þurfi ekki að bregða vináttu sinni við Gladstone, þótt hann greiddi þessu frv. atkvæði.

Þá taldi hv. þm. nafnskráningu verðbréfa miklum annmörkum háða. Ég skal játa, að ég hefði kosið aðra leið fremur, og því hef ég áður flutt frv. um vaxtaskatt, í því skyni að ná skatti af verðbréfum, sem eru ekki sem beztar heimtur á. Hins vegar sé ég ekki, að nein stórhætta geti stafað af þessu.

Hv. þm. Barð. sagði hér sögur um ýmsa erfiðleika, sem menn hefðu átt við að stríða. Ég skal ekki fara út í að rekja þær sögur og að sumu leyti staðhæfingar. Hann spurði, hverjir hefðu barizt við erfiðleikana 1932—1937 í sjávarútveginum. Þeir voru margir, sem gerðu það, ekki er því að neita, og þeir, sem þyngstu byrðarnar báru, voru í augum sumra útgerðarmennirnir. En það er vitað, að á síðari hluta þessa tíma voru það í raun og veru lánsstofnanirnar, sem báru megináhættuna af útgerðinni, þannig að ef illa fór, þá lenti skellurinn á þeim. Og þegar svo var komið, að þeir, sem töldust eigendur fyrirtækjanna, voru það raunverulega ekki, þá báru þeir enga sérstaka áhættu. Ef á að tala um áhættu í þessum efnum, þá var hún vitanlega á almenningi í gegnum meðferð þess fjár, sem bankarnir höfðu til ávöxtunar, auk þeirrar áhættu, sem hvíldi á því fólki, sem vann við þessi fyrirtæki á sjó og landi og átti sína lífsafkomu undir því, að þau gætu haldið áfram.

Hann mótmælti því, að sá gróði, sem hér hefur safnazt, sé tilviljunargróði. Það má deila um það óendanlega, því að menn munu leggja á það mismunandi mat. En ég hygg, að ef menn ræða þetta í alvöru, geti enginn látið sér detta í hug, að gróði styrjaldaráranna sé til orðinn fyrir sérstaka atorku þessara manna umfram það, sem þeir hafa sýnt í starfi sínu á öðrum tímum. Það er vitað, að það verð, sem hefur nú verið greitt fyrir fiskinn, er í engu sambandi við það, sem útgerðarmenn hafa á sig lagt, heldur er það hrein og bein tilviljun, hrein og bein afleiðing þess óskaplega ástands, sem nú er í heiminum.

Hv. þm. segir, að það sé ekki annað en tilfærsla að setja l. um að skattleggja útgerðina og leggja síðan fé fram henni til styrktar. Allir skattar eru tilfærsla, en við álítum, að það sé betur tryggt, að þetta fé fari til þeirra framkvæmda, sem mest er áríðandi, með því að viðhafa þá tilfærslu, sem gert er ráð fyrir í frv., en að það sé áfram í eigu einstaklinganna, og það sé aukið öryggi fyrir þjóðina. Og reynslan sýnir okkur, að fullkomin ástæða sé til að fara þannig að.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 3, n. 519 og 551, 566).

Gísli Jónsson. Herra forseti. Það var rætt töluvert um þetta frv. hér á síðasta fundi í þessari hv. d., og komu lítil svör frá hv. 3. landsk. þm. (HG) við því, sem spurt var um, og verð ég að taka þögn hans í flestum þeim atriðum, sem spurt var um, sem samþykki, þótt það hins vegar komi í bága við skoðun hans á málinu

almennt, eftir því sem kom fram í ræðu hans. Hann minntist á nokkur atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni hér. M. a. sagði hann, að Alþ. gæti ekki setið hér ár eftir ár án þess að gera tilraun til að ná sköttum af skattsvikurunum, sem ekki teldu fram. Ég vil spyrja: Telur hann, að þetta sé bezta leiðin, að fara inn á enn strangari skattalög? Verður það ekki eins og með Stóradóm, þegar átti með honum að uppræta öll sifjaspjöll? Ég held, að það væri hollt fyrir hv. 3. landsk. að kynna sér þá sögu til þess að vita, hver árangurinn varð. Ég vil benda hv. 3. landsk. (HG) á það, að þau ummæli eru höfð eftir mjög þekktum lögfræðingi, að það væru nú orðin föðurlandssvik að svíkja ekki skatt í þessu landi, því að skattalöggjöfin væri þannig, að ef ekki væri eitthvað gert til þess að komast undan henni, væri allt atvinnulífið í landinu lagt í rústir. Það væri rétt fyrir hv. 3. landsk. (HG) og aðra flm. að kynna sér þetta nánar, áður en þeir halda lengra. Það hefur mikla þýðingu, að gera skattal. þannig úr garði, að skattþegnarnir geti borið virðingu fyrir þeim. Skattal. eru einhver viðkvæmustu l. hverrar þjóðar. Það er hægt að móta hverja þjóð með fyrirmælum skattal., og þess vegna er nauðsynlegt, að rætt sé skynsamlega um þau mál og þau athuguð gaumgæfilega og reynt sem mest að hafa eina stefnu í skattamálum, en ekki eina í dag og aðra á morgun. Að vísu er eðlilegt, að það þurfi á tímum eins og nú eru ýmsu að breyta um skattal., en grundvallarreglunni á ekki að breyta, heldur hafa hana fasta, svo að þegnarnir viti, við hvað þeir eiga að búa.

Hvað snertir þessi l. vil ég segja, að einn af nm. í mþn. dregur það skýrt fram, að ef þessi l. verði samþykkt, komi þegnarnir til með að búa við mismunandi skattal. í landinu. Það er hv. 9. landsk. (GÍG), sem segir, að ef farið sé inn á það að undanskilja sjóði samvinnufélaganna, séum við látin búa við tvenn skattal. Þetta er ekki frá sjálfstæðismanni komið, en frá manni, sem er flokksmaður 1. flm. Ég vil spyrja hv. þm. Str. (HermJ), sem er meðflm. að þessu frv., hvort hann viti, hvaða stefnu hann er að innleiða hér. Það er ekki loku fyrir það skotið, að flokkarnir, sem eru meira til vinstri, haldi áfram fordæminu og taki svo og svo stóran hluta af sjóðum samvinnufélaganna, byggt á þeim ábendingum, sem hv. 9. landsk. hefur tekið svo skýrt fram í áliti sínu um þetta mál, og þá er ekki ugglaust um, að til væru þeir menn í þinginu, sem barizt hafa á móti frv., en væru til í að taka hluta af sjóðum samvinnufélaganna, og vil ég benda á, að það eru ekki sjálfstæðismenn, sem hafa leitt asnann í þær herbúðir. Þetta er góð hugvekja fyrir hv. þm. Str. (HermJ). Það gæti verið, að eggin í þessu máli sneri að þeim sjálfum, áður en hann veit af.

Ég vil benda á það, sem hv. 9. landsk. þm. (GÍG) hefur glögglega sýnt fram á í áliti sínu, að raunverulega langmestur hlutinn af þessum upphæðum er tekinn af aðeins tveim aðilum hér í landinu. Það er sjáanlegt, hvert þetta stefnir. Þetta er út af fyrir sig ekkert annað en hefndarpólitík, sem rekin er hér í landinu, en það er ekkert nýtt, að hún sé rekin gagnvart öðrum þessum aðila. Hitt er annað, hvort á að láta Alþingi taka þátt í þessum árásum, því þær eru ekki betur séðar en það meðal þjóðarinnar, að flokkur hv. 9. landsk. (GÍG) tapaði stórkostlega fylgi við þær hjá þeim mönnum, sem áttu lífsafkomu sína undir sjávarútveginum, og þeir fengu svo mikla skömm á framferði Alþfl. í þessu máli, að margir þeirra snerust á móti honum. Það að reka hefndarpólitík er svo hál braut, að það er furða, að nokkur flokkur, sem vill telja sig ábyrgan í landsmálum, skuli fara inn á það. Ég vil einnig benda á það, að ef lesin eru nákvæmlega öll álit þeirra manna, sem voru í þessari n., kemur betur í ljós, að n. er algerlega ósammála um, að frv. skuli ná fram að ganga. Þeir telja, að málið þurfi að athugast betur, og það er raunverulega enginn, sem er með því, að frv. nái fram að ganga óbreytt, burtséð frá því, hvort gengið skuli inn á þá stefnu, sem hér á að marka. Það út af fyrir sig ætti að vera nóg til þess, að frv. yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, a. m. k. til betri undirbúnings og láta það koma fram í einhverri annarri mynd.

Ég vil í sambandi við nýbyggingarsjóðina minnast á, að í frv. er gert ráð fyrir, að sjóðirnir skuli ekki teknir, en ég vil benda flm. á það, að nú er svo komið — illu heilli —, að á Ísafirði er einn aðili kominn í greiðsluþrot m. a. vegna þess, að þessi aðili hefur ekki leyfi til að leggja til hliðar ⅓ af ágóðanum, vegna þess að þetta er bara einstaklingur, og nú er svo komið, að bæjarsjóður Ísafjarðar hefur þegar gert fjárnám í nýbyggingasjóðnum. Þetta er alvarlegt mál, og ég vil segja, að það er nauðsynlegt að spyrna hér fótum við og búa svo um, að hvorki sé hægt að nota þetta fé til þess að greiða taprekstur eða skatta til ríkis og bæja, og ef svo væri, yrði að setja það skilyrði fyrir þá aðila, sem hirða féð, að það yrði lagt til hliðar til endurreisnar sjávarútvegsins. Þetta þarf athugunar við, og veit ég, að allir þeir, sem vilja sjávarútveginum vel, vilja búa svo um, að ekki sé hægt að gera sjóðina að eyðslueyri. Þetta frv. gerir það að vísu ekki, en það gerir mönnum erfiðara að standa undir skuldbindingum sínum, þegar búið er að taka af þeim 33% af því, sem er umfram ákveðið hámark. Ég vil leyfa mér að benda á það í sambandi við útreikninginn á þessu, að vel gæti svo farið, að maður yrði ekki aðeins að greiða það, sem hann hefur handbært, heldur allar eigur sínar í þetta. Ég vil taka t. d., að maður, sem átti 200 þús. kr. fyrir stríð, hefði eignazt allt að einni millj. kr. og notaði það fé til þess að kaupa hlutabréf, sem stæðu í fimmföldu verði. Eign hans verður ekki meiri við þetta, en eftir þessu verði á hann að greiða skattinn. Þegar búið er að skatta hann, kanske með 50%, getur hann ekki gert annað en selja eignir sínar, og ef hann selur ekki góðu verði, er sjáanlegt, að eignirnar hrykkju engan veginn til þess að greiða skattana upp. Ætti hann að taka til láns, gæti hann aldrei komizt út úr þeirri skuld aftur, því að af hverjum 200 þús. kr. færu minnst 180 þúsund í ríkissjóðinn, svo að hann gæti aldrei greitt þær skuldir niður. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem ekki er hægt að komast fram hjá, enda kemur það skýrt fram í áliti mþn.,

að það þurfi að gera miklu skýrari reglur um mat á eignum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Hv. 3. landsk. þm. (HG) gaf það svar við því, þegar ég spurði hann um, hverjir hefðu staðið undir erfiðleikunum frá 1930—1939, að það hefðu verið lánsstofnanirnar og almenningur. Ég vil bara benda honum á það, að fyrst og fremst báru áhættuna þeir menn, sem persónulega urðu með öllum sínum eigum að bera ábyrgðina á þeim skuldum, sem hvíldu á hlutafélögunum, og mun það vera einsdæmi hér á Íslandi, að menn verði að ganga í persónulega ábyrgð fyrir skuldbindingum hlutafélaganna, þegar eigur þeirra eru þrotnar. Þessi stefna gilti allan tímann, svo að það getur ekki farið fram hjá þessari hv. d., að það voru þessir menn, sem báru alla ábyrgðina. Mér er kunnugt um það, að á þeim tíma voru reyndar allar mögulegar leiðir. Það var reyndur samvinnuútvegur. Sá atvinnurekstur gafst upp, sumpart vegna þess, að starfsfólkið sjálft fékk ekki það, sem það þurfti, og sumpart vegna þess, að lánsstofnanirnar fengu þá reynslu, að þær vildu ekki lána til þessa. Nákvæmlega það sama reyndist um bæjarútgerðina. Í Hafnarfirði var hún að setja bæinn á höfuðið, og ég veit ekki, hvað hefði orðið, ef ekki hefði orðið sú breyting, sem þá varð á öllu atvinnulífi. Og þó var bæjarútgerðin það betur sett, að hún þurfti ekki að svara sköttum og skyldum af rekstri sínum. Það minnsta, sem hægt er að gera, er að halda atvinnurekstrinum áfram undir því formi, sem reynzt hefur heppilegast, en þetta er ekki gert, heldur er skorið á afltaugina á þeim rekstrinum, sem hefur gefið bezta reynsluna, ekki aðeins á góðu árunum, heldur betur en nokkur annar á hörðu árunum.

Ég vænti því, að þeir menn, sem eiga að ákveða um þetta hér í þessari hv. d., fallist á þau rök, sem hér eru borin fram í málinu, — ekki aðeins af mér, heldur og af þeim, sem áttu sæti í mþn., og ekki einasta minni hl. þeirrar n., sem vildi fella frv., heldur af hinum líka, sem halda því fram, að frv. eigi ekki fram að ganga eins og það er.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að svara hv. 3. landsk. (HG). Við vitum allir, hvílíkur mælskumaður hann er og hve rökfastur, og þegar hann hefur ekki annað fram að færa þessu máli til stuðnings en rök hans á síðasta fundi báru vott um, er það vitni þess, að ekki sé um gott málefni að ræða. Eins og ég gat um í ræðu minni, er verðgildi íslenzku krónunnar þannig, að það er hér um bil ómögulegt að segja, hvort um raunverulegan gróða er að ræða í mörgum tilfellum eða ekki, og er verðgildið mismunandi eftir því, til hvers peningarnir eru ætlaðir. Framfærsluvísitalan er hjá okkur milli 250 og 260, en svo eru aðrar vísitölur, t. d. byggingavísitalan, sem er a. m. k. fimmföld. Þegar seilzt er svo langt niður að taka skatt af 100 þús. kr. á 4 árum, er gengið svo langt, að ég býst við, að menn geri sér ekki grein fyrir, hvað verið er að gera. Ég býst við, að fyrir stríð hefði engum vaxið svo í augum, að það þyrfti að grípa til eignaaukaskatts, þó að maður hefði lagt fyrir 5000 kr. á ári til þess að koma yfir sig húsi. Ef hann hefði lagt fyrir 5000 kr. á ári í 4 ár, hefði það verið fyrir 4 herbergja íbúð. Þegar hann leggur fyrir 100 þús. kr. nú, nægir það varla fyrir sams konar íbúð. Yfir höfuð það, að fara niður í svo lága upphæð miðað við dýrtíðina og stöðuga verðlækkun peninganna, er út af fyrir sig óverjandi. Í ræðu minni á fundinum benti ég á það, að þar sem um verulegan gróða er að ræða, eru ríkissjóður og bæjarsjóðir búnir að fá bróðurpartinn. Ég álít því, að ef setja á þetta frv. gegnum þingið, verði að hækka að mjög miklu leyti þá upphæð, sem tekinn er eignaaukaskattur af, og sé ekki betur en að í áliti mþn. og jafnvel af GÍG sé fallizt á það, að takmarkið sé of lágt. Ég verð því að áskilja mér rétt til við 3. umr., ef þetta frv. fer gegnum 2. umr., að koma fram með till. um, að hækkuð verði til mikilla muna sú upphæð, sem eignaaukaskatturinn verði tekinn af, og þá um leið lækkuð sú prósentuupphæð, sem taka megi, því að hún er allt of há og getur leitt til stóróþæginda fyrir hlutaðeigendur, enda gerðu sjálfir flm. ráð fyrir því, að svo djúpt yrði seilzt niður í vasa manna, að það þyrfti að skipta skattinum á allmörg ár.

Í þetta skipti ætla ég að láta mér nægja að athuga tvö atriði í frv. Það er í fyrsta lagi þar, sem gert er ráð fyrir að nafnskrá verðbréf. Það hefur gengið, eins og hv. 3. landsk. (HG) sagði, nokkuð vel að selja skuldabréf ríkis og bæjar, en þó ekki nærri því eins vel og menn höfðu búizt við. Það er t. d. kunnugt, að verzlun á kaupþingi Landsbankans hefur verið örlítil, og það er kunnugt, að Landsbankinn liggur með miklu meira af bréfum þeirra bæjarfélaga, sem hann hefur annazt sölu á, en búizt var við, og eru þó öll bréfin gefin út á handhafa. Ég held, að ekki komi til mála að leggja þær stórkostlegu hömlur á viðskiptalífið að banna handhafaskuldabréf, og verði það gert, mun það sjást, að það verður ákaflega erfitt að fást við verðbréfasölu og þá um leið erfitt að fá lán í stórum stíl. Það, að menn vilja handhafaskuldabréfin, er ekki vegna þess, að þeir vilji svíkja undan skatti, heldur vegna þess, að þau eru seljanlegri en önnur bréf. Þetta eru bréf, sem menn kaupa, þegar þeir telja sig hafa reiðufé aflögu. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. um, að orðin: „svo sem með nafnskráningu verðbréfa“, falli niður.

Svo er annað. Ég tók það fram um þessa eignatöku, sem stappar eins nærri því að brjóta 62. gr. stjórnarskrárinnar og hægt er, að ég gæti hugsað mér hana í sambandi við t. d. ríkisgjaldþrot eða til að bjarga atvinnuvegunum frá bráðu hruni. Það var á lokuðum fundi í Sþ., sem hæstv. atvmrh. kom fram með hugmynd, sem væri ekki fjarri lagi, ef þessi eignataka á að fara fram, nefnilega að tekjunum verði varið til að greiða það, sem við höfum skuldbundið okkur til að greiða til alþjóðahjálparstarfsemi eftir stríðið.

Ég hef leyft mér að skrifa hér brtt. við 5. gr. og æski þess, að hv. d. veiti afbrigði fyrir henni. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjum þeim, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til að standast kostnað ríkisins við alþjóðahjálparstarfsemi“.

Það getur verið, að það megi orða hana betur, en hitt sé ég ekki, að sé verjandi, að búta þessa fjárfúlgu niður í þrennt eftir aðalinteressum þriggja flokka. Hitt er nær að láta hana fara í skuldbindingar, sem við höfum tekið á okkur og eru í samræmi við vilja þjóðarinnar, að við tökum á okkur og stöndum við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 584) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Ég hef enga sérstaka ástæðu til að hlaupa í skörðin fyrir meðnm. mína í minni hl. fjhn., en ég vil samt gjarnan láta í ljós skoðun mína. Í sjálfu sér er það engin furða, eins og leitað er eftir fé í ríkissjóðinn, þó að borið sé niður hér. Hv. flm., 3. landsk. þm., sagði, að Alþ. gæti ekki horft upp á, að hundruð milljóna söfnuðust saman, og vildi með öllu móti reyna að koma í veg fyrir slíkt þjóðarböl. Það er út af fyrir sig, þó að mönnum þyki þurfa löggjöf til að koma í veg fyrir slíkt. Þetta er nú gert frá ári til árs svona allsæmilega, en menn þykjast sjá, að eitthvað hafi upp hrúgazt, og vilja nú þjóta upp til handa og fóta til að taka rökin eftir hirðinguna.

Um eignaaukaskatt í þessa átt kemur fyrst fram í till. ríkisstj. í frv. um dýrtíðarráðstafanir, III. kafla. Er þar ekki farið mjög djúpt í vasann, en þó sæmilega, en byrjað á því, að af 50—100 þús. kr. átti að greiða 5% og svo hækkandi um 1% fyrir hverjar 100 þús. kr., þar til er eignaaukningin hefur náð 2 millj., og ef út í þetta á að fara á annað borð, er þar með stillingu í hlutina farið, enda muna þm., að á móti þessum eignaaukaskatti var haft af okkur sumum, sem erum á móti slíku yfirleitt, og svo hinum, sem þótti of skammt gengið. Tekjuaukanum átti að verja til að reisa nauðsynleg hús handa ríkinu á sínum tíma, og kom í ljós, að þessi skattur var ætlaður til að taka úr umferð fé, því að engum kom í hug, að um stórkostlegar dýrtíðarráðstafanir væri að ræða, heldur var tilgangurinn að taka féð og geyma og nota á sínum tíma.

Eftir að þetta blóð var komið á tunguna, var mikið um slíkan skatt rætt, og virtist svo sem allir flokkar nema Sjálfstfl. væru í kapphlaupi um þetta, og nú er frv. fram komið, sem hér liggur fyrir. Það hefur legið lengi fyrir, þó að það kæmi ekki fyrr en seint á þ. til meðferðar, meðfram af því, að mþn. hafði ekki skilað áliti sínu. Ég ætla ekki að fara út í það álit, enda er þess ekki þörf, því að hv. þm. Barð. hefur mikið vitnað til þess og sýnt, með hve miklum rökum minni hl. mælti á móti því.

Ég vil segja það almennt, að ég vil ekki mæla alveg á móti því sem grundvallarreglu, að ríkið taki eignaaukaskatt. Ég hygg, að það gæti komið fyrir, að hann væri réttmætur, en til þess fyndist mér, að þrjú atriði þyrftu að fara saman: Í fyrsta lagi, að hrúgazt hefðu upp miklar eignir og mikill gróði, sem að mestu leyti væri óforþéntur, í öðru lagi, að á þeim árum, sem þessar eignir voru að safnast, hefði ríkisvaldið vanrækt að taka verulega skatta; og í þriðja lagi, að þjóðfélagið væri statt í mikilli neyð. Ég get líka bætt við fjórða atriðinu: Að úr þessu væri hægt að bæta með einni stórri ráðstöfun. Þegar á þetta er litið, mætti í fljótu bragði ætla, að fyrsta atriðið væri þó fyrir hendi. Hér hefði sannarlega safnazt stríðsgróði og það hjá tiltölulega mörgum mönnum. En ég vil ekki fallast á það óskorað, að um óforþéntan gróða sé að ræða. Flestum kemur saman um, að þessi skattur sé miðaður við nokkra stórútgerðarmenn, t. d. nokkur togarafélög, og það er alveg satt, að stórútgerðin hefur fengið mikla bita á stríðsárunum. En þegar á það er litið, hvað gróðinn er óforþéntur, verður að taka tillit til margra hluta. Við skulum taka til dæmis togarafélögin Kveldúlf og Alliance, sem störfuðu á byrjunarárum togaraútgerðar á Íslandi. Fyrst í stað voru ekki góðir tímar fyrir útgerðina, enda gáfust margir upp. Ég þekkti Jón Ólafsson vel, og hann sagði mér margar sögur frá þessum árum, sögur um það, þegar gengið var á milli bankanna og einstaklinga til að reyta saman fé til að halda þessum fyrstu togurum úti. En félögin komust yfir örðugleikana og græddu, en ekki komu miklir peningar í vasa stjórnendanna. Það, sem græddist, var lagt í að koma upp einhverju af því, sem þurfti til útgerðarinnar, því að í raun og veru var ekki til neitt til neins. Það þurfti að koma upp húsum og bryggjum og auka flotann. Svona var togaraútgerðin byggð upp hér á Íslandi, og er langt frá því, að þjóðfélagið þurfi að hefna sín á þeim mönnum, sem þar voru að verki. Eftir þetta fór nú svo, að um þennan gróða þurfti ekki mikið að tala, því að í gamla stríðinu og í kringum 1920 var allur þorrinn af togurunum seldur úr landinu, en eftir 1920 kom svo mikil kreppa, að lá við bankahruni, og þá var tekið í Englandi þetta mikla lán, sem stj. sætti árásum fyrir að hafa tekið, en allir sannfærðust um, að var góð ráðstöfun, því að það fleytti útgerðinni áfram og reyndist borga sig. Nú hélt allt vel áfram, og félögin voru orðin stórefnuð, þegar nýja kreppan kom um 1930. En síðan komu árin hvert eftir annað, þegar félögin fóru smátt og smátt að skila þessum gróða frá sér aftur. Fyrst hvarf inneignin, svo fóru skuldirnar að aukast. Við bankaráðsmennirnir fylgdumst með þessu. Yfir þetta hefur svo þetta síðasta stríð fleytt félögunum. En þá er mest talað um óforþéntan stríðsgróða. Tvisvar hafa félögin orðið að skila öllu sínu til þess að halda uppi lífvænlegri atvinnu við fyrirtækin.

Þetta vil ég ekki kalla stríðsgróða, heldur hjá nýgræðingum, sem aldrei hafa barizt í bökkum til að geta haldið uppi atvinnu í landinu. Það eru þrautseigustu mennirnir í okkar þjóðfélagi, sem hafa fleytt félögum sínum gegnum gott og illt.

Þetta fyrsta atriði af þeim fjórum, sem ég nefndi, er því að þessu leyti ekki fyrir hendi eins óskorað og menn láta. Útgerðin hefur ekki verið neinn Aladdinslampi. Það er sjálfsagt eitthvað til af hreinum stríðsgróða manna, sem hafa verið heppnir, en það mun áreiðanlega reyna á þennan gróða seinna, og það verður ekki stór kúfurinn á honum nokkrum árum eftir stríð.

Þá skulum við taka annað atriðið, hvort þessara tekna hafi verið aflað á tímum, þegar ríkið

hafi vanrækt að taka skatta. Ónei, á þessum árum hafa skattar verið hér einhverjir þeir hæstu, sem við höfum nokkurs staðar spurnir af. Ég veit ekki, hversu hart hefur verið gengið að mönnum í stríðslöndunum, en gerður hefur verið samanburður við nágrannalönd okkar, og hefur hann sýnt, að hvergi hefur verið gengið eins hart að mönnum og einmitt hér, hvað þessa skatta snertir. Þessi eignaauki hefur alltaf verið tekinn jafnóðum af mönnum, þótt þeir hafi ekki verið neinir nýgræðingar, svo að því er ekki til að dreifa, að þjóðfélagið hafi látið hjá líða að innheimta skatta af gróða stríðsáranna.

Þriðja atriðið, sem þarf að vera fyrir hendi eftir minni skoðun, til þess að hægt sé að samþ. þetta frv., fjallar um, til hvers þessum gróða skuli varið. Ef þetta atriði væri fyrir hendi, mundi það þýða það, að þjóðfélagið væri komið á heljarþröm, skattstofnar tæmdir og allt atvinnulíf að þrotum komið. Þó að menn að vísu séu kankvísir yfir nokkrum atvinnuleysistilfellum í Hafnarfirði og krunkhljóð heyrist í mönnum yfir að heyra þetta, þá er samt, eins og kunnugt er, engin alvara á ferðum enn þá. Þetta þriðja atriði eða þetta ástand, sem ég minntist á, liggur til allrar hamingju ekki fyrir, og það er því ein af þeim ástæðum, að ég er á móti þessu frv. Þetta frv. er því ekki aðeins rangt, heldur stórhættulegt, þar sem þetta ástand stendur ekki fyrir dyrum, því að með því er verið að reyna að éta upp þá möguleika, sem þjóðfélagið kynni að geta haft til þess að bjarga sér úr erfiðleikunum, ef til þess kæmi, að þeir mundu skapast.

Það má taka sem dæmi ferðalang eða pólfara, sem leggur til hliðar birgðir af mat eða slíku til heimferðarinnar og ætlar sér að geyma sem nokkurs konar varasjóð. En það væri einkennilegur pólfari, sem skeytti ekkert um þetta, æti allt nesti sitt upp, sem hann ætlaði sér til heimferðarinnar, meðan hann hefur nóg af öllu. Ef efnahagur manna hefur aukizt, á þjóðfélagið þar eins konar varasjóð, en frv. það, er hér um ræðir, gerir ráð fyrir, að fé þetta renni í venjulega eyðslu og verði varið til trygginga, bygginga og annars slíks, rétt eins og öðrum tekjum ríkisins. Sama máli gildir um aðrar þær brtt., sem fram hafa komið, og er ég því á móti þeim, en mundi þó helzt kjósa brtt. hv. þm. Seyðf., sem fjallar um að eyða þessu fé til dýrtíðarráðstafana. Ég gæti trúað því, að ef atvinnuleysi brytist út, yrði farið ofan í vasa manna og tekið þaðan stórfé eins og hér um ræðir, 12 millj. kr., en ég vil, að nú sé hafizt handa og komið upp verksmiðjum og keypt skip til þess að styrkja þá menn, sem vilja koma upp fyrirtækjum í þágu atvinnuveganna. Það gæti aftur á móti orðið til þess að fleyta fólkinu yfir hina dauðu punkta eftir stríðið, sem þyrftu ekki að vera langir, því að á þann hátt gæti vinna komizt í sama horf aftur. Ég hef nú dregið fram í stórum dráttum, að ekkert af þeim atriðum eða skilyrðum, sem ég tel, að ættu að réttlæta slíka löggjöf, eru fyrir hendi, og er það því ærið nóg til þess, að ég er slíkri löggjöf andvígur.

Eins og ég hef áður sagt, er fyrsta skilyrðið, að hér væri um óvæntan og óverðskuldaðan gróða að ræða. Annað atriðið er, að ríkið hefði látið hjá líða að innheimta verulega skatta af þessum tekjum, og hið þriðja, að þjóðfélagið væri komið í mikla neyð, sem hægt væri að bæta úr með slíkri eignatöku. Ég tel því þetta frv. stórkostlega hættulegt, þar sem ekkert af þessum skilyrðum er fyrir hendi, því að það miðar að því að taka það fé af mönnum, sem gæti orðið nokkurs konar síðasta neyðarvörn okkar, ef það ástand skyldi skapast, sem nú er ekki fyrir hendi, en gæti því miður síðar komið.

Þetta voru grundvallaratriðin, en fyrir utan það eru ýmis önnur atriði, sem hér hafa verið rædd. Þessi aukaatriði í frv. eru ýmist skaðleg eða vanhugsuð, þótt að vísu væri hægt að bæta úr þeim að einhverju leyti.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að eignaaukningin er ekki fyrir hendi sem skattstofn, og þetta verða flm. frv. að játa.

Við skulum segja, að ég væri orðinn stríðsgróðamaður og hefði keypt togara fyrir 300 þús. kr., græddi á honum 600 þús. kr. og tæki af þeirri fjárhæð til þess að gera skipið upp. Togarinn stendur mér nú í tæpri milljón króna, en hvernig á ég að borga stríðsgróðaskatt af þessu? Er þarna í raun og veru um stríðsgróða að ræða? Ef stríðið hættir nú allt í einu og höfin fyllast af ágætum skipum, getur þessi togari fallið í verði niður fyrir 300 þús. kr. En meðan hann stendur mér í hinu háa verði, get ég ekki borgað þennan eignaaukaskatt, vegna þess að ég á ekki grænan eyri til þess að borga með, en yrði að fara í lánsstofnun og biðja einhvern banka um lán út á þessa eign. Ég hef minnzt á þetta við bankamenn, og kemur þeim saman um það, að ef þessi skattur verður að lögum, muni verulegur hluti þessara 12 millj., sem hér um ræðir, verða að koma sem lánsfé úr bönkum, vegna þess að þetta fé liggur ekki fyrir sem laust fé. Hér kemur því fram gamla hugmyndin um maurapúkann, sem hrúgar upp peningum, sem hann getur talið fram úr handraðanum, og að það sé því ekki mikið fyrir mann, sem hefur grætt 1 millj. kr., að telja fram nokkur hundruð þús. En hér er ekki um neinn slíkan handraða að ræða, því að þessi gróði, sem talað er um, er sumpart ímyndaður gróði, sumpart fastur í fyrirtækjum eða eignum, og eini möguleikinn til að greiða skattinn er því að leita til lánsstofnunar. Ég kysi, að svona frv. færi til umsagnar bankanna, því að gaman væri að vita, hvað þeir segðu um svona vanskapning, ef leggja á á 10—20 millj. kr. skatt, en að 10 millj. af þessu yrðu að koma sem lánsfé úr bönkum. Þeir tímar fara nú ef til vill í hönd, að erfitt fer að verða fyrir ýmsum fyrirtækjum og þess því ekki að vænta, að bankarnir vilji taka að sér þessi lán, því að svo getur farið eins og fyrr, að bið verði á greiðslum og lánin „frjósi", og gæti þetta því orðið til þess að setja bankana og marga fleiri á höfuðið.

Eignaaukningin er sem sagt í fyrirtækjunum og þar af leiðandi ekki skattstofn. Fyrirtækin eru skattstofn með tekjum sínum og hefur ríkið séð fyrir því að ná þeim tekjum.

Næst er atriði, sem mest hefur verið rætt hér um og manni dettur alltaf fyrst í hug, þegar maður sér löggjöf eins og þessa. Hér vantar alveg grundvöllinn, — nefnilega að maður geti metið,

hver gróðinn er. Ef reiknað er með allt annarri fjárhæð í byrjun og svo aftur með hærri upphæð í lok, er sagt, að þar sé gróði. Frsm. minni hl., hv. þm. Seyðf., dró þetta mjög vel fram með einstökum dæmum. Það eru því algerlega rangar rökfærslur að rekja eignaaukningu eftir krónutölu einni saman, þegar það er vitað, að þær krónur, sem reiknað er með, eru sífellt fallandi í gildi.

Hv. þm. Seyðf. tók dæmi, sem ég held, að rétt sé að rifja upp aftur í þessu sambandi. Tveir menn eiga sitt húsið hvor, og kostaði hvort 50 þús. kr. Annar þeirra selur hús sitt fyrir 250 þús. kr., en sér eftir því og kaupir alveg eins hús fyrir 250 þús. kr. Hver er munurinn á aðstöðu þessara tveggja manna? Þeir áttu báðir eins hús fyrir stríð. Annar þeirra selur hús sitt, en hann kemst fyrir það í stórkostlegan eignaaukaskatt, en hann hefur slegið því föstu, að hann hafi grætt með því að selja hús sitt. Frsm. meiri hluta fjhn. taldi bezt að bæta úr þessu misrétti með því að leggja einnig á verðhækkunarskatt, sem kæmi þá á þann, sem seldi ekki. Þá lenda báðir mennirnir í stórkostlegum skatti fyrir það að vera jafnríkir. En sannleikurinn er sá, að hvorugur á að borga, því að hvorugur hefur grætt neitt. En þetta sæist bezt, ef allt færðist að nýju í sama horf um gildi peninganna, því að á þessum tímum eru krónurnar í raun og veru ekki annað en 25 eyringar og ekki einu sinni það.

Slík löggjöf er því hreinasta vitleysa, og allt mat á eignaaukningu og verðhækkun er í flestum tilfellum ekkert annað en ímyndun ein vegna breytingar þeirrar, sem orðið hefur á gildi peninga. Hér er enginn skattstofn, hvorki fyrir eignaaukaskattinn eða verðhækkunarskattinn.

Þegar ég kom hér fyrst á Alþ., var mikið um þessi mál rætt og strandaði alltaf á því, hve erfitt var að gera upp á milli raunverulegs og ímyndaðs gróða. En nú þýðir ekki annað en setja einhverjar nýjar útreikningsaðferðir eða dómstóla til þess að kveða upp úr um, hvað er raunveruleg verðhækkun, því að við þetta þarf að hafa einhverja útreikninga. En hafa verður það í huga, að sama vísitala á ekki við alls staðar.

Þá kem ég að atriði, sem oft er notað til þess að færa rök fyrir slíkum skatti, en það er, að ef hann verður ekki lagður á í svipinn, þá sé hætta á að tækifærin fari fram hjá. Fyrst þegar verðhækkun varð hér vegna núverandi styrjaldarástands, ryfjuðust upp fyrir mörgum mönnum árin 1919—1921, og þó sérstaklega árið 1921, þar sem tækifæri var þar látið fara fram hjá til að taka skatt af mönnum, og er þetta vissulega mikil ástæða. En þetta er hins vegar í einasta skiptið, sem slíkt tækifæri hefur verið látið fara fram hjá, því að við höfum ávallt haldið skattalöggjöfinni hér í þeirri háspennu, sem unnt hefur verið. Eignaaukaskatturinn er skattur, sem er þannig varið, að engin ástæða er fyrir okkur að óttast um, að við séum að sleppa einhverju tækifæri, því að mín skoðun er sú, að ríkið fái aldrei neinn stórgróða af þessu. Hina raunverulegu eignaaukningu, sem orðið hefur þrátt fyrir hina gífurlegu skatta, á ekki að snerta, því að af henni mun ekki veita, þegar erfiðari tímar koma, en að minnsta kosti ekki, á meðan ekkert kallar eftir slíkum aðgerðum.

Ef þessi skattur verður samþ., getur hann haft hinar alvarlegustu afleiðingar, því að honum er ekki aðeins stefnt að þeim, sem eignaaukann hafa fengið, heldur einnig að þeim, sem vinna við viðkomandi fyrirtæki. Þessi skattur gerir því ekkert annað en að éta upp fyrirfram þá möguleika, sem eru fyrir atvinnuveitendur til þess að reka fyrirtækin, eftir að þau fara að borga sig illa eða gefa tap. Varasjóði þeirra má því alls ekki skerða, því það verður aðeins til þess að flýta fyrir því, að ríkið þurfi að hlaupa undir bagga, þegar erfiðleikarnir skella á. Ég hef nú vikið að því atriði, sem ég hef ávallt haldið fram, að fé þetta eigi að leggja til hliðar nú og geyma til vondu/ áranna. En ég hef nú sýnt fram á, að eins og frv. er, er ekki gert ráð fyrir, að fé þetta eigi að leggja til hliðar. Eins og 5. gr. ber með sér, er svo fyrir lagt, að fé því, er aflast samkvæmt þessum lögum, skuli varið þannig, að ⅓ gangi til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, ⅓ til raforkusjóðs, byggingar nýbýla og landnáms í sveitum og ⅓ til framkvæmdasjóðs ríkisins, en í þann sjóð rennur það, sem afgangs er venjulegum ríkistekjum.

En hér er alls ekki verið að tala um að leggja fé þetta til hliðar, sem með þessum skatti mundi fást. Ef sagt væri: Þetta fé skal geyma í þeim eignum, sem menn telja tryggastar, og má ekki snerta það fyrr en eftir stríð og eftir að stórkostlega fer að halla undan fæti fyrir atvinnuvegunum, þá gæti maður sagt, að þetta væri í svipinn einhver viðleitni til að gera þetta. En ég hef bara enga trú á, að Alþ. léti þetta fé í friði. Þegar hækkaður var skatturinn á benzíninu forðum, sem ég var með, þá átti hann að fara til þess að tengja meginhéruð landsins saman með vegalagningum. En hvað skeður? Á næsta ári þurfti að framkvæma einhverja vegalagningu á Ströndum, gera einhvern vegarstubb þar, og hv. þm. S.-M. þurfti að fá einhvern vegarspotta þar eystra. (**IngP:** Það hefur ekki mikið fé farið til vega í Suður-Múlasýslu). Þennan vegarspotta þurfti að leggja einnig fyrir þetta fé. Annars átti ég ekki við þennan hv. þm. S.-M., sem hér situr. — Nei, Alþ. getur aldrei stillt sig um að snerta ekki fé, sem svona er lagt til hliðar, eins og hér á að gera eftir frv. Ef fé þetta væri tekið með þessum skatti og geymt, þá hef ég ekki trú á því, að næstu þing létu það ósnert. Undir eins á næsta þingi yrði farið að grípa til þessa atvinnuleysissjóðs, þegar menn álitu, að með þyrfti. Ég er alveg með Gladstone-reglunni, að það sé bezt að geyma þetta fé hjá þeim, sem hafa það, því að þeir mundu halda miklu fastar utan um það en Alþ. mundi gera og auka við það, ef unnt væri, — alveg eins og við sjáum, að ríkisstj. treystir sér ekki til að miða við 50 þús. kr. Nú er miðað í þess stað við 80 þús. kr., og á næsta ári verður kannske miðað við 100 þús. kr. Og þetta er ágætt í sjálfu sér, þannig að það sýnir, hvað álitið er, að þetta fé ávaxtist hjá einstaklingunum. Það er kosturinn við þennan gallaða eignarrétt, að menn leggja svo mikið

á sig til þess að eignast fjármuni, þegar þeir mega það. Og við skulum bara geyma þetta fé hjá einstaklingunum. Það er miklu öruggara heldur en fara að henda því út um hvippinn og hvappinn og eiga svo ekkert eftir, þegar á liggur.

Ég veit ekki, hvort ég skildi hv. flm. rétt, ég skil varla í því, nefnilega að þessi skattur mundi verða til þess, að það næðist inn svo eða svo mikið hjá þeim mönnum, sem hafa getað skotið tekjum sínum undan skatti. En það nærri hlýtur að vera meiningin, því að eins og skattal. hafa verið og ef þau hefðu verið framkvæmd út í yztu æsar, þá er ákaflega erfitt fyrir menn að safna eignum, svo að þetta frv. hlýtur að vera byggt á því, a. m. k. að verulegu leyti, að til eigna þeirra verði náð, sem menn hafi komið undan skatti. En eins og þetta frv. er byggt upp, sýnist mér, að gersamlega sé vonlaust um, að þessu mundi verða hægt að ná. Því að það á að byggja þennan skatt á framtölum manna. Þetta er bara miðað við þá opinberu eignaaukningu, og mér skilst, að skattsvikarar séu friðhelgir eftir þessu frv. Ég get ekki séð, hvaða möguleiki er eftir þessum l., ef frv. yrði samþ., að ganga harðar að mönnum til að telja rétt fram en með núgildandi reglum, sem um það gilda. Þetta mundi heldur verka þvert á móti, eins og hv. þm. Barð. sagði, að ef þeir, sem háar tekjur hafa og nokkrar eignir, hafa reynt að koma einhverju undan þeim venjulega, árlega skatti, hví skyldu þeir þá ekki reyna til þess að koma tekjum eða eignum undan skatti, ef fyrst er tekinn hinn árlegi skattur af þeim, sem kemur fram eftir þeirra eigin uppgjöf á tekjum og eignum, og síðan þessi nýi skattur lagður ofan á? Ef á að herða á þeim mönnum til að draga undan skatti í framtölum, þá er þetta frv., sem hér er á ferð, góð ráðstöfun til þess. Ég get í þessu sambandi aðeins minnzt á verðbréfin. Hv. þm. Seyðf. sýndi fram á, hvaða erfiðleikar eru á því að fá fram verðbréfaeign manna. En ég vil í því sambandi bara segja: Ef maður lítur á allt það, sem gert hefur verið hér í landinu með hjálp verðbréfanna, þá held ég, að menn mundu skoða huga sinn um það, áður en þeir rýrðu þann tekjumöguleika, en það mundi verða gert með því að nafnskrá hvert bréf. Menn eru nú einu sinni englar í þessum efnum. Menn kaupa þessi bréf með það fyrir augum, að þau eru ekki nafnskráð og það er viss möguleiki til þess að skjóta þeim undan í framtali. Rannsókn hefur sýnt þetta í sambandi við vaxtaskattinn, og það kom í ljós í framtölum þeirra bréfa, sem eru hjá opinberum sjóðum, að það virtist eins og engin bréf væru úti. Þetta er vitanlega slæmt og bölvað. En hvað vinnum við á þessu? Við getum starfað fyrir þetta fé að stórkostlegum framkvæmdum. Veðdeildin hefur getað í staðinn fyrir að taka lán erlendis safnað fé í lánum hér innan lands með því að bjóða út bréf og það einmitt með þessu móti, að bréfin eru ekki nafnskráð. Ég er ekki viss um, að menn hefðu álitið það borga sig að nafnskrá bréfin, sem hefði orðið til þess, að það hefði tekið fyrir þessa lánsfjáröflunaraðferð.

Ég hef komið að því áður, hverjir hafi borið töpin eftir 1930. Hv. þm. Barð. tók fram, eins og satt er, að mikill taprekstur á stórum fyrirtækjum lendir á öllum, alveg eins og mikil auðlegð kemur líka niður á öllum. Ég vil spyrja: Hverjir hafa haft gagn af dýrtíðinni nú? Ætli stríðsgróðinn fari eingöngu til þeirra manna, sem hafa rekið fyrirtæki? Ætli það hafi ekki ofurlítil pína líka komið fram í kaupgreiðslum, alls konar verðlagsuppbót og náttúrlega aukinni atvinnu? Haldið þið, að hægt væri án þess gróða að borga allar þær áhættupremíur, sem borgaðar hafa verið og hafa kannske stundum verið eins miklar í einni ferð til Englands til eins manns og lág embættislaun allt árið fyrir stríð? Hitt er jafnsatt, eins og hv. þm. Barð. dró fram, að fyrst af öllu yrðu þessi fyrirtæki að láta allt sitt í þetta. Svo kemur fram, þegar þau eru orðin lömuð fjárhagslega, að þau geta ekki veitt atvinnu. Töp skella þá á bönkunum og atvinnuleysi á fólkinu. Stríðsgróðinn hefur dregizt út, sem betur fer, og margir hans notið. En ef fara á að taka svo af eignum manna, eins og hér er stefnt að, og ef það tekst, þá óttast ég það, að þau félög og fyrirtæki, sem tekið hafa stríðsgróða í sinn hlut, geti ekki tekið á móti því tapi, þegar að kreppir aftur. Stríðsgróðinn hefur dreifzt út, ekki bara með sköttum, heldur sennilega í miklu stærra mæli með því, hvað almenningur hefur getað tekið meira út úr þeim atvinnurekstri og fengið meira frá þeim fyrirtækjum, sem hann hefur unnið við, heldur en áður. Stríðsgróðinn hefur verið svo ótrúlega almennur án milligöngu stórfyrirtækja. Öll atvinna, sem af því stafar, að stríðsgróði hefur komið með þessum undarlega hætti til okkar hér á landi, að setulið hefur verið hér, hefur orðið til þess, að stríðsgróðinn hefur farið út til fjölda fólks, sem betur fer. Það er ekki svo, að hér séu örfáir maurapúkar, sem safnað hafi og safni að sér hundruðum þúsunda og milljónum króna, eins og stundum hefur skeð í löndum, t. d. í Þýzkalandi eftir fyrri heimsstyrjöldina, þar sem allir peningar almúgans urðu þá að engu, en örfáir menn græddu svo, að aldrei hafa verið dæmi til annars eins í veraldarsögunni. Slíkur gróði er óvæntur og óforþéntur, og ætti aldrei að eiga sér stað.—En svona hefur það ekki verið hér.

Ég hef þá fært hér fram nokkur rök fyrir því, hvers vegna ég get ekki fylgt þessu frv. og að ég legg til, eins og í nál. er greint, að það verði fellt.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín og er ekki löngun mín að halda langa ræðu um þetta mál. En af því, hvernig því er háttað, sé ég mér ekki annað fært en gera aðeins grein fyrir afstöðu minni til þess við atkvgr. En það, sem vekur furðu mína, og ég geri ráð fyrir ýmissa annarra, er það, hvernig þessi tekjuöflunarfrv. ber að á Alþ. Af slíkum stærri frv. er þetta a. m. k. 2. í röðinni, sem hvort um sig á að vera þess umkomið, ef samþ. yrði, að afla þó nokkuð margra millj. kr. til þessara og þessara nota í þarfir hins almenna eða opinbera. Samhliða þessu er nú það til umr. og úrslita, hvernig eigi að afla tekna til hinna alveg óhjákvæmilegu útgjalda ríkisins samkvæmt því, sem skuldbindingar liggja fyrir um, svo sem verðuppbóta og annars slíks, í samræmi við ákvarðanir, sem hafa verið gerðar og ekki verður undan

komizt. Þegar á þetta er litið hvað með öðru, þá verður a. m. k. mér á að spyrja: Hefðu þessi mál kannske ekki legið aðgengilegar fyrir til úrlausnar, ef séð hefði verið um það, jafnframt því sem fjárlagafrv. var til umr., að þetta mál hefði verið athugað með tilliti til afgreiðslu fjárlagafrv. þá þegar, svo sem t. d. varðandi verðuppbætur og annað slíkt? Það var auðsætt, að þær varð að greiða, en þær munu verða milljóna-gjaldaliðir fyrir ríkið. Og áttu ekki ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, ef menn á annað borð vildu samþ. þau, heima í fjárlagafrv.? Ég held því ákveðið fram, að svo hafi verið. Og úr því að fjárlagafrv. var nú sett fram af hálfu hæstv. ríkisstj. með þessum ágalla, að þetta vantaði þar inn í, hvernig stóð þá á því, að hv. fjvn. hefur ekki fellt þetta inn í fjárlagafrv. og að enn skuli Alþ. og almenningur vera neyddur til að vaða í sömu villu og svima um heildarniðurstöður um nauðsynjar ríkisins? Ég held, að þetta sé ákaflega örugg aðferð til þess að skapa glundroða og tvíveðrung um öll meiri háttar mál, sem varða fjárlaga-afgreiðslu.

Annars verð ég að segja það, eftir þeim grundvallaratriðum, sem í frv. eru, að ég get fylgt af stað þeirri hugsun, sem þar gætir, að þeir, sem hafa eignazt og auðgazt, séu þeir, sem eiga að standa undir byrðum og greiðslum til hins opinbera. Um það er ekki að villast. Hitt er svo annað mál, hve langt megi ganga í hverju tilfelli og hvenær skattabyrðar eru orðnar það miklar, að á það sé ekki bætandi. Það er allt annað mál, og það er ekki mitt meðfæri að rökræða það. En hitt vil ég taka fram, að á meðan á annað borð við búum við þjóðskipulag, sem byggist á séreign og einhverri auðsöfnun, þá verður að gæta einhvers af því fé, sem verður að standa undir byrðum þess opinbera, ekki sízt ef harðnar í ári. Hitt er svo einnig til álita, að ef komið er svo langt út á refilstigu í skattaframtölum og undanbrögðum ýmiss konar í því sambandi, að kennt verði við glæpi ekki síður en réttlátt framferði, svo að stangist við allt félagssiðferði, þá er álitamál, hvort ekki beri að taka fjárráðin af einstaklingum. Og þá er komið að allt öðru þjóðfélagsskipulagi en meiri hluti þjóðarinnar að þessu hefur óskað eftir, og vil ég svo ekki fara lengra út í þá sálma hér. Ég held þar að auki, þegar talað er um þetta frv., þá reki maður sig á mjög verulega ágalla á því, þegar á að leggja skattinn á án tillits til undanbragða manna, án tillits til allra skattsvika, þannig að slíkt framferði mundi ekki verða hindrað með þessum ákvæðum, þótt að l. yrðu, og slyppu þá þar þeir menn, sem sízt skyldi. En að þeim slepptum álít ég líka nokkuð vandfarið. Ég vil leggja áherzlu á það, að þeir, sem auðgazt hafa á þessu tímabili, sem til er tekið í frv., eru eins vel komnir að sínum fjármunum og þeir, sem auðgazt hafa fyrir þann tíma, það staðhæfi ég. Með samþ. þessa frv. væri tilviljunin látin skella á til ívilnunar einum efnuðum manni og til íþyngingar öðrum álíka efnuðum manni. Hitt má svo taka fram, að sumt af þessum stríðsgróða er til orðið sem hreinasta happdrættisfé. Og það er eðlilegt að gera ráðstafanir til þess, eftir því sem vegir væru finnanlegir til þess, að gera það fé lausara fyrir til skattinnheimtu til hins opinbera og láta það því hlíta að ýmsu leyti sérstökum, réttlátum reglum.

Ég er hræddur um, að þegar fara á að finna út réttlátan eignaaukaskatt, þá verði hann af ýmsum ástæðum ákaflega vandfundinn. Skattaframtölin eru meira og minna ótraust. Og í öðru lagi hefur aðstaða manna á þessu tímabili verið mjög misjöfn til að græða, þannig að dugnaður manna í sumum tilfellum hefur notið sín alveg í sama hlutfalli og fjáröflun þar af leiðandi verið tilsvarandi hin sama á þessu tímabili og áður var, og verðskuldar því gróði þeirra manna að því leyti ekki meiri skerðingu miðað við þetta tímabil heldur en það, sem þessum mönnum græddist áður. Í sumum tilfellum hefur þetta að sjálfsögðu verið öfugt. Og þegar flokka á slíkt, þá hygg ég, að grundvöll vanti mjög til þess að framkvæma í þessu efni réttláta og sanngjarna skerðingu á eignum manna.

Þá er það notkun fjárins, sem inn kæmi með þessum skatti, samkv. 5. gr. frv. Þetta fé á samkvæmt frv. að nota til ákveðinna aðgerða, að vísu nauðsynlegra, í þjóðfélaginu. En þó eiga þær framkvæmdir eftir þessu frv. að vera alveg aðgreindar frá þeirri heildar-, fjárhagslegu aðstoð til þjóðarinnar, eins og þau mál liggja fyrir í fjárlagafrv. Ég álít þetta fyrirkomulag ákaflega óhentugt, og það því fremur, þegar spurningin er nú um, hvernig eigi að afla nægilegs fjár, til þess að ríkið geti fullnægt skuldbindingum sínum með tilliti til ýmissa hárra liða, sem rætt hefur verið um, m. a. af mér. Þetta á allt að vera skráð á sömu bókina, það á sem mest af gjöldum til þess opinbera og útgjöldum þess opinbera einnig að vera fyrir hendi í fjárl., sem þá sýnir heildarniðurstöðuna á ríkisrekstrinum og hve mikils þarf að afla til heildargreiðsla til þessa og hins, sem óhjákvæmilegt er fyrir ríkið að hafa með höndum. En margflokkun á þessum hlutum, innan og utan fjárl., sitt á hverjum stað, getur ekki leitt til annars en verða smám saman að hreinni svikamyllu. Ég verð því að segja það um þetta frv., að svo ljóst sem mér finnst það vera, að ríkið vantar fé til þess að geta staðið straum af svo miklu sem útlit er fyrir, að það þurfi af hendi að inna, þá finnst mér allt, sem lagt er til í þessu frv., vera meira og minna óaðgengilegt vegna þess, hvers tvískinnungs gætir í meðferð mála þessara. Ég get hugsað mér, að ef frv. kæmi fram um það að taka eitthvað í þessa átt af þeim, sem eignazt hafa fjármuni fyrr eða síðar, þá gæti ég verið með slíku frv. vegna brýnnar nauðsynjar, ef fyrir hendi væri, en frv., sem sniðið væri töluvert á annan veg en þetta, sem hér liggur fyrir.

Það er talað um, að með þessum skatti mundi helzt verða tekið af eignum togarafélaganna, þar sem um háa umsetningu og væntanlegan gróða sé að ræða. Jú, það mun svo vera. En þegar talað er um milljónagróða togarafélaganna, þá verður maður að gæta þess um leið, að á öðrum tímabilum en þessu, sem um er rætt í frv., hefur verið talað um milljónatöp á þessum sömu félögum. Það sýnir, að gæfuhjólið er valt fyrir þeim og afkoman ekki örugg og fer mjög eftir árferði. Ef viðurkennt er, að togarafélög megi vera til, þá þurfa þau að græða á betri árunum og varðveita fé sitt til þess svo

að standa undir töpum erfiðari áranna. Hitt er annað mál, hvort heppilegt þykir að halda slíkum atvinnurekstri við, þ. e., hvort stórútgerð eigi að reka af slíkum félögum eða ekki. Það er atriði út af fyrir sig. Og þeirri spurningu þarf að svara. Eigi þau rétt á sér, þá þurfa þau að geta aflað fjár til þess að geta staðizt við að mæta töpum lakari ára. Eigi þau hins vegar ekki rétt á sér, þá á það réttleysi að sannast með allt annarri lagasetningu en hér er um að ræða. Það er athugandi, að meðan hér var fáskrúðugt um stóratvinnurekstur í landinu, þá þurfti lítið til gjaldþegnanna að leita um tekjur til ríkisins. Ríkið stóðst sín útgjöld, þó að framlög til ríkissjóðs væru lág. En nú hefst ríkið og félög og einstaklingar mikið að, svo að það gildir nú að velta háum upphæðum. Þess vegna þurfa ríkinu að vera vísir tekjustofnar. Og það má ekki rýra aðstöðu félaga og einstaklinga um of til þess að geta staðið undir greiðslum til ríkissjóðs. Þetta er þá aðgætandi í sambandi við togarafélögin líka, til þess að hægt sé að leita enn betur til þeirra, þegar virkilega brýna nauðsyn ber til að afla fjár af því opinbera. Það hljóta allir að vera sammála um þetta, sem eru sammála um það, að það eigi að leita fjárins hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sem á annað borð eru efnuð, og að það verði þá ekki eins og að fara í geitarhús að leita ullar að koma til þeirra til þess að fá tekjur fyrir ríkið. Þeir, sem eru á annarri skoðun, sem sé, að ríkið eigi að græða og veita svo aftur fé til ýmissa hluta, þeir mega ekki blanda þannig saman málum, að þeir geri sér það ekki ljóst, að þeir miða við allt annað þjóðskipulag en við búum við. Þeir miða þá að meira eða minna leyti við það þjóðskipulag, þar sem ríkið á að vera eigandinn að verðmætunum. Og ef miða á við það, þá á bara að taka málið þannig alveg, en vera ekki með neitt slíkt hálfkák, sem hér er á ferð.

Af þessum höfuðástæðum, sem ég hef greint, en ekki af hlíf við þá, sem hér er um að ræða og lagt er til, að greiði þennan skatt, ef þeir eiga slíkt fé til, sem sanngjarnt er að taka í þann skatt, þegar á slíku þarf að halda, — þá tel ég varhugavert að samþ. þetta frv., eins og það liggur hér fyrir. Enda mun ekkert ákvæði frv., — þegar að því kæmi, að taka þyrfti slíkan skatt af knýjandi ástæðum, — miðast við það.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 10. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 3, n. 519 og 551, 566, 584).

Bjarni Benediktsson: . . .1) En þrátt fyrir það verður engu að síður að láta málið fá þinglega meðferð og ræða þau meginatriði, sem hér liggja fyrir, vegna þess að vissulega eru þau merkileg og alger nýjung í íslenzkri löggjöf, auk þess sem einstök atriði frv. og samband þess við önnur mál er með þeim hætti, að óvenjulegt er.

Mér skilst, að meginástæðan fyrir þessu frv. sé sú, að það sé talið af sumum, að það hafi orðið slíkar breytingar á efnahagsskiptingunni hjá þjóðinni, að ekki megi við það una. Þessi skoðun virðist nokkuð algeng, m. a. hef ég tekið eftir því í bæklingi, sem hæstv. stj. lét útbýta snemma á þessu þingi. Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, því að ég hefði gjarnan viljað öðlast fróðleik hjá honum um, á hvað traustum grundvelli þetta álit er byggt. Í þessum bæklingi, sem heitir Félagslegt öryggi eftir stríðið, segir svo á blaðsíðu 11, með leyfi hæstv. forseta:

„Sennilega hefur tekjuskipting íslenzku þjóðarinnar verið jafnari, munurinn á lífskjörum manna minni en í flestum öðrum löndum, a. m. k. fram til allra síðustu ára". Með þessu er gefið í skyn, að á allra síðustu árum hafi munurinn á lífskjörum manna mjög aukizt hér á landi.

Á bls. 12 segir svo:

„Síðan styrjöldin hófst, hafa meiri auðæfi safnazt á hendur einstakra manna og félaga en dæmi eru til áður í sögu landsins. Hafa í því tilefni verið gerðar ýmsar breytingar á skattalöggjöfinni, eins og kunnugt er".

Ég er um bæði þessi atriði á talsvert annarri skoðun en kemur fram í þessum ritlingi, sem hæstv. stj. hefur látið útbýta. Ég tel og reisi það álit mitt á allmiklum kunnugleik á afkomumöguleikum manna, a. m. k. hér í Reykjavík, að því fari svo fjarri, að mismunur á lífskjörum manna hafi vaxið hér í Reykjavík á allra síðustu árum. Mér þykir sennilegt, að óhlutdræg rannsókn mundi leiða í ljós, að afkomumöguleikar manna, þegar einstöku undantekningar eru gerðar, hafi aldrei verið jafnari og almenningur hér á landi, a. m. k. í þessum bæ, hafi aldrei átt við betri kjör að búa en einmitt nú eða betri kjör hlutfallslega við þá, sem meira hafa borið úr býtum á hverjum tíma. Ég vil álíta það stórvarhugavert, svo að ekki sé sagt vítavert, af hæstv. stj. að leggja slík gögn og fullyrðingar fram fyrir Alþ. sem opinbert plagg, án þess að nokkrar skýringar fylgi. Ef það er sýnt með órækum tölum og skýrslum, þá er ekkert við því að segja. Það væru þá staðreyndir, sem maður yrði að horfast í augu við og taka afleiðingunum af. En þegar það er þvert á móti kunnugt, að atvinnuhættir hafa verið þannig, að fjárhagsleg afkoma almennings hefur bæði hlutfallslega og raunverulega stórbatnað á síðustu árum, þá er það ærið hæpið, að slíkar yfirlýsingar komi fram frá æðstu stjórn þessara mála hér á landi, án þess að nokkur sönnunargögn fylgi.

Þá er hin fullyrðingin, að meiri auðæfi hafi safnazt á hendur einstakra manna en dæmi séu til nokkru sinni áður. Nú gæti vel verið, að meiri auðæfi hefðu safnazt fyrir á hendur einstakra manna en dæmi væru til nokkru sinni fyrr, án þess að það hefði í för með sér vaxandi mun á lífskjörum manna, það er alveg víst. Þetta er að ýmsu leyti mjög villandi og hæpið. Ég efast um, að nokkur gögn liggi fyrir því, að t. d. stóratvinnurekstur hér, stórútgerð eða iðnaður sé betur stæður nú en fyrir stríð eða verði það að lokinni þessari styrjöld. Það er vitað af

1) Framan af ræðunni vantar allmikið, en handriti að því telur innanþingsskrifari sig hafa glatað.

öllum, sem muna eftir síðustu styrjöld, að þá var það svo hér í bænum, — ég var þá ungur, en fylgdist samt nokkuð með, — að það var svo mikil aðsókn að fá að flytja fiskiskip inn í landið, að miklu færri komust að en vildu, og það þótti sérstök náð, ef menn voru teknir með í félög um að kaupa skip. Er það nú helzta kvíðaefnið, að það verði svo mikil ásókn að leggja fram fé í slík skip, að það muni valda erfiðleikum og ef til vill verði ekki hægt að hleypa öllum að, sem vilja fá að kaupa skip inn í landið? Nei, því fer svo fjarri, að svo sé, því fer svo fjarri, að það lætur ekki nærri, að hægt sé að kaupa skip inn í landið fyrir nýbyggingarsjóðina, sem eru helzta eign margra, sem fengizt hafa við útgerð að undanförnu. Því fer svo fjarri, að nokkuð sé hæft í þessu, að það er ekki sýnilegt, að hægt sé að endurnýja togaraflotann nema að örlitlu leyti. Það má draga í efa, sé miðað við núverandi byggingarverð skipa, hvort togaraflotinn hefur raunverulega safnað fé til að smíða meira en 7—10 skip í mesta lagi, að því er mér skilst. Nú eru allir sammála um, að ef vel á að vera, þurfi að koma a. m. k. jafnmargir nýir togarar inn í landið og þeir gömlu og þeir þurfi að vera talsvert stærri og veigameiri. Það eru vissulega stórar upphæðir, sem menn reikna nú með í krónutölu, og ef til vill græða sumir meira nú en áður. En þá er því gleymt, hve gífurlega krónan hefur fallið í verði á þessu tímabili. Þá er einnig alveg horft fram hjá því, sem er hér höfuðatriði, að í fyrra stríðinu voru raunverulega litlir eða engir skattar því nær allan stríðstímann, en nú hafa verið þungir skattar, svo þungir, að það er tekið nær 90% af miklu af tekjunum. Ég verð því að ítreka það, af því að mér virtist hæstv. forsrh. koma hér inn, að mig furðar mjög á þeim fullyrðingum, sem hæstv. forsætisráðh. hefur látið gefa út, þar sem segir á bls. 11, að munurinn á lífskjörum manna hafi vaxið á síðustu árum, þegar allir kunnugir menn vita, að mjög hefur dregið saman um lífskjör manna, og eins, að fullyrt skuli vera í sama riti, að meiri auðæfi hafi safnazt á hendur einstakra manna en dæmi séu til áður, þegar vitað er, að auðæfin eru ekki meiri en það, að þau nægja ekki til að endurnýja atvinnutækin nema að sáralitlu leyti. Það er vissulega eitt af gleðilegum tímanna táknum, að fjármunir skuli hafa dreifzt út meðal almennings hér á landi á síðustu árum og að almenningur á nú við betri og ríflegri lífskjör að búa en áður. Ég bendi ekki á þessa staðreynd til að harma hana, heldur til að gleðjast yfir henni og að menn geri sér ljóst, að svona er það í raun og veru. Og þegar svo er gefin út opinber skýrsla á alþjóðar kostnað, eins og þessi pési mun vera, þá vil ég ekki, að það sé látið athugasemdalaust, þegar því er haldið fram, að þessum hlutum sé öðru vísi háttað en efni standa til.

Það hafa verið rækilega færð rök að því, bæði af mér við 1. umr. þessa máls og ekki sízt af hv. 1. þm. Reykv. við fyrri hl. þessarar umr., að sá svo kallaði siðferðislegi grundvöllur, sem frv. þetta er talið hvíla á, er alls ekki réttur, sem sé, að það hafi safnazt mikill auður í hendur manna, sem hafi á engan hátt til hans unnið. Staðreyndirnar eru allt aðrar, því að það fé, sem þessir menn hafa fengið í sínar hendur, er til komið að langmestu leyti fyrir þeirra eigin tilverknað, fyrir það, að þeir höfðu útvegað atvinnutækin og ráðizt í útgerð, iðnað eða verzlun, sem gerði það að verkum, að þetta fé komst í hendur þeirra. Ef útgerðarmenn hefðu ekki ráðizt í að kaupa skip og haldið þeim í rekstri þrátt fyrir misjöfn kjör og margháttaða erfiðleika, þá hefði okkur nú skort möguleika til að afla þess fjár, sem nú hefur fengizt, og þá hefðum við ekki borið annað úr býtum, meðan stríðið stóð, en setuliðsvinnuna eina, sem að vísu hefur gefið okkur mikla fjármuni, en enginn okkar hefði þó viljað, að þjóðin hefði átt allt sitt undir komið. Það er því fráleitt, þegar hv. 3. landsk. hvað eftir annað fullyrðir, að þessir menn hafi ekkert til fjárins unnið, því að þá segir hann alveg þvert ofan í það, sem rétt er, og ég veit, að jafnvitur maður og hann gerir sér ljóst, að þetta segir hann ekki í því skyni, að það sé tekið sem sannleikur, heldur til að villa mönnum sýn, því miður. Alveg það sama má segja um iðnrekendur. Þeim hefði vitanlega ekki verið hægt að græða á iðnaði sínum, ef einstakir menn og félög hefðu ekki brotizt í því fyrir styrjöldina að koma þessum tækjum upp, sem gerðu þeim fært að afla þess fjár, sem þeir hafa nú gert. Verzlunarmenn hafa lagt á sig mikið erfiði og fjöldamargir þeirra hafa dvalið fjarri heimilum sínum langan tíma til að útvega sér öflug og góð sambönd, sem hafa orðið sjálfum þeim til góðs og þjóðinni einnig, því að beinlínis fyrir dugnað og framsýni þessara manna, sem sumir hafa farið til Bandaríkjanna, áður en stríðið brauzt út, með framsýni um, hvað koma mundi, til að útvega sér sambönd, hafa þeir fengið það fé, sem þeir hafa aflað. Hv. 3. landsk. getur miklu fremur sagt, að sá stríðsgróði, sem hefur komið í hendur okkar með grunnkaupshækkun okkar, sé til okkar kominn án okkar tilverknaðar og við eigum því engan rétt á því fé, en útgerðarmenn, verzlunarmenn og iðnaðarmenn, sem hafa drifið gróðann inn í landið, hafi gert okkur mögulegt að fá okkar gróða, og getur verið, að það sé það, sem fyrir honum vakir, að honum sé órótt fyrir það, að ég og hann skuli hafa fengið meira fé en við höfðum stofnað til eða átt kröfu til.

Þá er það eitt atriði enn í þessu frv. í sambandi við álit mþn. Mig minnir, að hv. 3. landsk. héldi því fram, og hann leiðréttir það þá, ef það er ekki rétt, að þetta frv., ef að l. yrði, ætti að gefa ríkissjóði tekjur, sem næmu 15 millj. kr. (**HG**: Ég hélt það þá), en samkvæmt upplýsingum skattstofunnar, þá er ekki hægt að gera ráð fyrir, að úr Reykjavík komi meira en 5 millj. kr., og gera má ráð fyrir, að 4/5 hlutar þessa skatts komi úr Reykjavík, ekki af því, að auðsöfnun hafi ekki átt sér stað víðar á landinu en þar, heldur vegna þess, að skattaeftirlitið er hvergi eins öruggt og hér í Reykjavík og kannske í Hafnarfirði. Annars staðar fá menn nokkuð að leika lausum hala, enda hefur það verið þannig, að í stórum héruðum landsins hafa menn að heita má alveg getað komizt hjá að greiða skatta. Við getum því sagt, að samkvæmt þeirri rannsókn, sem fram hefur farið, megi gera ráð fyrir, að þessi tekjustofn muni

gefa ríkinu í mesta lagi 6—7 millj. kr., en eins og kom í ljós í áliti mþn., þá var þar gert ráð fyrir, að hann mundi gefa a. m. k. 15 millj. kr. Þetta sýnir ljóslega, hversu mönnum hefur vaxið í augum sá stríðsgróði, sem hér var um að ræða, og gildir þar um hið fornkveðna, að margur hyggur auð í annars garði. Þessir menn hafa fallið fyrir þeirri almennu freistingu að hyggja aðra menn auðugri en þeir eru. Þetta liggur sumpart í því, að þeir hafa álitið stríðsgróðann meiri en hann er, og sumpart vegna þess, að þetta frv. var illa úr garði gert. Ef á að leggja skatt á, þá er ekkert vit í öðru en hann sé þannig, að hann nái jafnt til allra. Hann verður að ná til allra þeirra, sem þennan gróða hafa fengið í sínar hendur, en því fer svo fjarri, að svo sé hér. Það er vitað og opinbert leyndarmál, að hér á landi hafa mjög stórfelld skattsvik átt sér stað, stórfelldur undandráttur undan skattaframtölum. En sá skattaundandráttur getur ekki átt sér stað hjá útgerðinni nema þá að örlitlu leyti. Tekjur hennar eru kunnar og kostnaðurinn sömuleiðis. Tekjurnar eru staðreyndar við opinbera sölu á uppboðum, sem eiga sér stað úti í Englandi, og sumpart með sölusamningum, sem gerðir eru fyrir milligöngu ríkisvaldsins, þannig að það fer ekki milli mála, hve miklar tekjurnar muni vera. Um kostnaðinn er nokkuð það sama að segja, hann er kunnur af kaupgjaldssamningum og með skrá yfir verð á kolum, veiðarfærum og öðrum útgerðarnauðsynjum, auk þess sem til er opinber útgerð, þar sem er bæjarútgerðin í Hafnarfirði, svo að það liggur beinlínis fyrir í opinberum plöggum, hver útgerðarkostnaðurinn muni vera, svo að skattayfirvöldin hafa ákveðinn mælikvarða á þessu sviði til að halda sér við, annars vegar tekjurnar og hins vegar útgjöldin, svo að þar er ekki um að villast.

Undandráttur frá skatti getur ekki komið til greina, svo að nokkru nemi. Eftir frv., eins og það liggur fyrir, og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, skilst mér, að 2/3 eða 4/5 skattsins mundu lenda á útgerðinni, þ. e. a. s. þeim aðila, sem sannað er um, að á illt með að skjóta nokkru undan skatti, og hefur orðið að telja rétt fram. En þeir aðilar, sem eiga tugi millj. í innstæðum erlendis, sleppa, því að um leið og þessi skattur er á lagður, er vanrækt að bera fram frv. um róttækar ráðstafanir til að fá fram eignir manna. En slíkt væri óhjákvæmileg nauðsyn, ef þessi l. ættu ekki að verða að hreinustu skrípamynd.

Hv. 3. landsk. talar um, að hann muni e. t. v. bera fram frv. um vaxtaskatt og hafi áður borið það fram, en það hafi aldrei náð fram að ganga. En hann verður að gera sér ljóst, að eigi málið að vera réttlætismál, verður að gera ráðstafanir til að staðreyna það, hjá hverjum stríðsgróðinn hefur lent. Í þessu frv. er ýmislegt fleira, sem er harla eftirtektarvert, eins og t. d. það, að fyrst er ráðgert, að skatturinn lendi á eignaaukningu, sem nemur 50 þús. kr. Svo er það fært upp í 75 þús., og nú er það komið upp i 100 þús. Á hverju byggist þetta? Hver er ástæðan til þess, að þessi mælikvarði er valinn? Ef skatturinn er réttmætur, því þá ekki að taka hann af allri eignaaukningu, sem hefur átt sér stað í landinu? Hví að gera þennan greinarmun, að sum eignaaukning sé eðlileg, en önnur óeðlileg? Mér er ekki ljós sá eðlismunur, sem á að vera á þessu. Það má vel segja um mig og hv. 3. landsk., að hvorugur okkar hafi unnið til að fá stríðsgróða. Aftur á móti hafa sjómenn og útgerðarmenn unnið til þess og bændur og atvinnurekendur. Ef þeir eiga að geta staðið undir atvinnurekstrinum, þá verða þeir að leggja eitthvað til hliðar á þessum árum, sem góð eru, til erfiðu áranna. Það er óhjákvæmilegt. Ef menn vilja ekki fallast á það, að menn megi leggja eitthvað til hliðar í þessu skyni, verða þeir að taka afleiðingunum og gera ráðstafanir til, að aðrir standi undir atvinnurekstrinum, þegar þar að kemur, með því að gerbreyta fjárhagsskipulaginu í landinu. Það gæti verið vit í því, en ekki í hinu að taka allt af þessum mönnum eða félögum upp í skatta og gera þeim þannig ómögulegt að rétta við atvinnu á heilbrigðum grundvelli, en ætlast svo til, að almenningur lifi af þessu. Það er ekki hægt að ætlast til þess, ef allt er tekið af þessum mönnum á góðu árunum og þeim gert ókleift að safna í varasjóði til að koma upp nýjum fyrirtækjum eða endurnýja hin gömlu, að þeir standi undir atvinnulífinu á vondu árunum. Þetta sýnir, hve illa frv. er úr garði gert. Sá, sem ætlast til, að einstaklingsframtakið haldi atvinnulífinu uppi, hlýtur að viðurkenna, að þeim, sem hafa mikinn atvinnurekstur og marga menn í þjónustu sinni, sé þörf á að hafa meiri gróða en hinir, sem engan atvinnurekstur hafa. Sá, sem mörg skip hefur, verður að græða meira en sá, sem hefur eitt skip, því að hann hefur fleiri skip að endurnýja og töp hans verða þyngri, þegar erfitt er í ári. Þetta geta allir gert sér ljóst, sem hugsa, sbr. gömlu söguna um draum Faraós. En á þetta er ekki verið að líta. Það á að taka af mönnum því meira, sem áhættan er meiri og þörfin að endurnýja iðnreksturinn eða flotann. Mér sýnist yfirleitt nokkuð koma í einn stað niður, hvort sem litið er á eðli frv. í heild eða einstök atriði þess. Þar ber allt vitni þess, að málið er harla lítið athugað, og með þessum ráðstöfunum vinnst áreiðanlega minna en svarar því þjóðhagslega tjóni, er af mundi hljótast.

Við munum, hvernig þetta frv. er til komið. Það felur í sér síðustu leifarnar af vinstri samvinnunni sælu, sem átti að koma hér á á síðasta þingi og endaði í fáleikum, að ég ekki segi í fullum fjandskap. Mér skildist á hv. 3. þm. Reykv., að hv. þm. S.-Þ. hafi verið ljóst, að hv. 5. þm. Reykv. hafi verið keyptur landráðamaður í þjónustu Rússa, löngu áður en hann fór að reyna að fá hann með sér í stjórn, svo að ekki hefur það eitt getað valdið því, hve þeir samningar tókust illa, þó að hv. 3. landsk. og flokksblað hans stimpli þá nú daglega landráðamenn. Slíkt er engin nýjung. Þetta endaði svo í ritdeilu. Hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. þm. S.-M. gáfu út sína bókina hvor um það, hverjum það væri um að kenna, hversu til tókst um þessa samninga. En hinn sýnilegi árangur alls þessa er frv. það, sem hér er á ferðinni, og virðist það vera hið eina, sem þeir gátu komið sér saman um, að setja á þennan eignaaukaskatt. Á síðari hl. þ. í fyrra var fátt haft meira uppi en brigzlyrði um svik milli þessara

heiðursmanna, en varla var búið að setja þetta þ., fyrr en frv. um þennan skatt kom fram. Nú skyldi mega ætla, að þetta frv. hefði verið meira en lítið aðkallandi, er þeir komu sér saman um það eftir öll brigzlyrðin, að stríðsgróðinn hefði staðið í stað um hríð og aukning hans væri hjá liðin, svo að hægt væri að leggja eitthvað ákveðið til grundvallar. En því fer fjarri. Það kom á daginn nú í haust, að bæta þurfti heilu ári við til að ná í viðbótargróðann. En ætli væri ekki betra að bíða eitt árið enn til að geta náð í meira með þessum sömu l. og sjá, hver gróðinn yrði í stríðslok, þegar veltitímarnir væru hjá liðnir? Liggur nokkuð á, og hlaupa þessir menn ekki á sig með því að knýja þetta fram, fyrr en þeir vita, hvaða upphæðir þeir eiga að miða við? Auk þess virðist ekki alveg óskynsamlegt að bíða með slíka tilraun, þar til er þjóðfélagið er komið á réttan kjöl aftur og séð verður, hvar gróðinn er í raun og veru, því að þá er auðveldara að átta sig á slíku en á þessum tímum, eins og kemur fram í því, að þó að málið hafi dregizt nokkra mánuði, hefur þótt ástæða til að gerbreyta frv., og dragist það enn, getur komið til greina tekjuöflun, sem var ekki gert ráð fyrir í fyrstu. Ég er hræddur um, að sá tími kunni að koma, að hér þurfi að taka til róttækrar skattaálagningar og ef til vill enn róttækari en þessarar, en ég held, að rétt sé að geyma það, þangað til að komið er betra jafnvægi á fjárhagsskipulag okkar í heild. Sjálfst.-menn hafa lýst yfir því, að verði gerð tilraun til að koma slíku skipulagi á, geti þeir vel fallizt á þess konar skatta sem þá, er hér ræðir um, en að taka þetta mál eitt út úr getur einungis leitt til aukins glundroða og gert villuna verri í stað þess að draga úr henni. Það er t. d. ljóst, að gera verður ráðstafanir til að hjálpa þeim, sem eiga við dýra húsaleigu að búa, vegna þess að þeir hafa neyðzt til að koma sér upp húsum á þessum verðhækkunartímum eða leigja í þeim húsum, sem reist hafa verið á þessu tímabili. Hv. 3. landsk. er ljóst, að það getur verið nauðsynlegt að bera fram frv. til að bæta úr þessu, og svo eru mörg verkefni, sem leysa þarf, um leið og verðbólgan minnkar. Og til að leysa þau dugar ekkert kákfrumvarp eins og það, sem hv. 3. landsk. ber fram um húsaleigu, þar sem ætlazt er til, að teknar verði tekjur, sem eru ekki til, af aðilum, sem hafa ekki aðstöðu til að vera án þeirra. Þá getur komið til greina, þegar menn snúa sér í alvöru að því að koma föstu formi á fjármálin, að grípa verði til slíkra ráðstafana sem þeirra, er hér ræðir um. Það voru aðrar ástæður, sem ollu því, að frv. ríkisstj. um verðlagsmálin á síðasta þ. náði ekki fram að ganga. Mönnum þótti ekki tímabært að taka verðlagsmálin upp og gátu ekki sameinazt um lausnina. Við lausn þessa mikla vandamáls hefði getað verið ástæða til að gera ráðstafanir svipaðar þeim, sem hér er gert ráð fyrir. En að gera slíkt án fullrar nauðsynjar og án þess að tryggja að skatturinn komi raunverulega niður á þeim, sem mest hafa grætt á stríðinu og tekizt hefur fram til þessa að skjóta tekjum sínum undan skatti, það verður ekki til að bæta neins manns vanda eða auka þjóðarheill, allra sízt þegar jafnberlega kemur fram og í þessu frv. og öðru, sem hv. 3. landsk. hefur fylgt, að það er á reiki, til hvers tekjunum á að verja. Í 5. gr. þessa frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Fé því, sem aflast samkv. 1. þessum, skal verja þannig, að ⅓ þess gangi til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, ⅓ til raforkusjóðs, byggingar nýbýla og landnáms í sveitum og ⅓ til framkvæmdasjóðs ríkisins". Hvar er nú þetta fé tekið, sem er þannig ráðstafað? Ég drap á það áðan, að ⅔ eða meira er tekið af útgerðinni, þ. e. a. s., hv. 3. landsk. og hans flokkur telja, að útgerðin sé svo rík, að hún megi missa 5—6 millj., eins og ætlazt er til í frv., til verkamannabústaða, trygginga o. s. frv. Þeir telja einnig, að ósæmilegt sé, að útgerðin hafi nokkurt fé í varasjóði til erfiðu áranna, til að standa undir endurnýjun skipa o. s. frv., og þess vegna eigi að taka það fé til nýbýla o. þ. h. Álítur hv. 3. landsk. þá, að það sé svívirðilegt af útgerðinni að leggja nokkurt fé til hliðar í þessu skyni? Hv. þm. segir kannske, að það sé svívirðilegt hjá einstökum mönnum, að þeir hafi lagt of mikið til hliðar, en ef hann álítur það, hefði hann átt að láta eitthvað af þessum tekjum renna til opinberra sjóða til að hlaupa undir bagga með útgerðinni síðar meir, þegar erfiðara verður í ári. Með þessu frv. í vor hefur hv. 3. landsk. auðsjáanlega verið sannfærður um, að útgerðin væri búin að leggja svo mikið til hliðar, að þjóðfélagsöryggi stafaði hætta af. En í haust eða fyrir svo sem viku kemur hér fram annað frv. í hv. d. um svo kallaðan verðlagsskatt, og hv. 3. landsk. kvaðst vera sammála því að leggja á slíkan skatt, enda væri það ótrúlegt, að hann væri ekki með skatti, hverju nafni sem hann nefndist. Sá skattur átti að fara til að hjálpa sjávarútveginum til að kaupa skip. Þá þurfti að hjálpa þessum aðila með 8—10 millj. kr. láni, einmitt þeim aðilanum, sem hér á að taka fé af.

Þessu frv. er samkv. glöggum skýrslum stefnt gegn útgerðinni, peningana á að taka frá útgerðinni til þess að reisa nýbýli, sem hv. 5. þm. Reykv. telur, að séu stofnuð til þess að standa undir óarðbærum atvinnurekstri, sem helzt ætti að banna með l., vegna þess að landið bíði svo mikið tjón af sköttum, sem teknir væru frá útgerðinni til þess að leggja í þessa starfrækslu. En svo kemur fram krafa frá sömu mönnum um það, að ekki skuli einungis taka 5 millj., heldur hjálpa þeim um 7 millj. og svo 4½ millj. þar að auki til þess að standa undir skyldum, sem á þessum atvinnurekstri hvíla. Þegar hv. þm. er búinn að færa rök fyrir því, hvaða samhengi geti verið á milli þessara tveggja frv., þá fyrst er tímabært að afgr. þetta frv. úr deildinni.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil fyrst spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri ástæða til að takmarka ræðutíma. Fimm sjálfstæðismenn hafa staðið hér upp við þessa umr. hver eftir annan og haldið langar ræður. Ég vil segja það eitt um þau orð, sem hv. 6. þm. Reykv. notaði í niðurlagi ræðu sinnar, að hann býr þau til. Hvað snertir ráðstöfun þess fjár, sem fæst með þessum skatti, er það að segja, að það er í fullkomnu samræmi við aðrar till., sem hafa verið bornar fram á þessu þingi. Það

er gert ráð fyrir, að ⅓ renni í framkvæmdasjóð ríkisins. Nú liggur fyrir till. um það, að meiri hl. fjármagnsins, sem tekinn er úr framkvæmdasjóði, 5 millj. kr., skuli renna til skipasmíða.

Ég er ekki svo í vafa um það, að þær upphæðir, sem teknar eru hér með sköttum, komi frá sjávarútveginum. Það er öllum kunnugt. En ég veit ekki betur en að samflokksmenn þessa hv. þm. hafi hver um annan þveran greitt atkv. með því að moka milljónum úr ríkissjóði í uppbætur á landbúnaðarafurðir. Að því er snertir það, að tekið sé fé frá útgerðinni, þá er þess að gæta, að útgerð er ekki nein ein heild. Útgerð er rekin af mörgum einstaklingum við mismunandi skilyrði og aðstöðu, svo mismunandi, að einn græðir meira en heppilegt er, en öðrum þarf að hjálpa. Og því er réttlátt, að gróði eins aðilans gangi til að hjálpa öðrum, og það er það, sem hér er gert. Og það er gert með skattálögum. Það er ekki til neins að tala um útgerðina eins og hún sé einkaeign borgarstjórans í Reykjavík. Útgerð samanstendur af einstaklingum og félögum með mismunandi aðstöðu, mismunandi möguleikum, og skattálögur eru ekkert annað en það, að þessir aðilar eru að borga fyrir þá aðstöðu, sem þeir hafa fengið. Hins vegar má ganga of langt í skattaálögum. Ég held, að hv. 6. þm. Reykv. væri mjög hollt að hugleiða þetta, áður en hann heldur næstu langlokuræðu sína hér. En þessi hv. þm. hafði það þó fram yfir flokksbræður sína hér, sem haldið hafa langar ræður, að hann reyndi í upphafi ræðu sinnar að færa nokkur rök fyrir máli sínu. Hann vildi sanna, að það væri fjarri öllu lagi. að misskipting auðsins og teknanna hefði vaxið, síðan styrjöldin hófst, og mismunur á lífskjörum manna hefði aukizt. En ég fullyrði, að misskipting auðsins hefur aukizt, síðan styrjöldin hófst, og ég vil bæta því við, til þess að hv. 6. þm. Reykv. hafi eitthvað að fóta sig á, að mismunurinn á lífskjörum fólks hefur líka aukizt, a. m. k. á einu sviði, og það ætti borgarstjóranum í Reykjavík að vera manna kunnugast um. Hins vegar er það rétt, að munurinn á lífskjörum manna hefur ekki aukizt í þeim skilningi, að fleiri eru nú en fyrir stríð, sem geta borðað sig vel sadda og fengið sæmileg klæði vegna þeirrar almennu atvinnuaukningar, sem orðið hefur í landinu. Þetta hygg ég, að sé rétt, en hitt vil ég fullyrða, að mismunur á lífskjörum manna almennt, t. d. húsnæði, hefur aukizt gífurlega. Nú byggja menn yfir sig fyrir hundruð þúsunda kr., á meðan aðrir búa í lélegri húsakynnum en nokkurn tíma hefur þekkzt áður, í óupphituðum sumarbústöðum, mönnum er hrúgað saman í þröng húsakynni, vegna þess að húsnæði er ekki til. *Ætlunin er, að ⅓ af þessu* fé gangi til byggingarsjóðs verkamanna og alþýðutryggingganna, og einmitt á þessu sviði hefur mismunurinn á lífskjörum manna aukizt svo gífurlega þessi síðustu ár, að af því stafar hætta. Ég verð því að segja það, að mig undrar, að borgarstjórinn í Reykjavík skuli telja þessa ráðstöfun svívirðilega.

Að því er snertir misskiptingu teknanna, þá er það alveg bert, að þar er ekkert um að deila. Samkvæmt upplýsingum skattstofunnar hafa fjórir gjaldendur í Reykjavík aukið eignir sínar um 11 millj. kr. á árinu 1942, eða hver um hátt á 3. millj., auk þess sem þeir hafa safnað í nýbyggingarsjóð, sem mun vera um í kringum 7—8 millj. kr. Auk þess er búið að draga frá alla skatta, sem á eru lagðir á árinu 1943. Ég verð að segja það, að ef hv. þm. heldur, að slík eignaaukning hafi átt sér stað fyrir stríð, þá er það slík fjarstæða, að ekki er svara verð. Hv. þm. veit það, að þetta er gersamlega í ósamræmi við allar aðrar tekjur í landinu. Hann veit líka, að þessara tekna er ekki aflað með ráðdeild, fyrirhyggju né sparsemi. Þetta er ekkert annað en hvalreki, sem borizt hefur upp í hendur þessara manna. Af þessum fjórum er einn verzlunarmaður, sem hefur grætt 1200 þús. kr. Svo stendur þessi hv. þm. upp og segir, að þetta sé mesti misskilningur, að misskipting teknanna hafi aukizt, það hafi aldrei verið meiri jöfnuður um lífskjör manna. Í öðrum flokki hafa 7 útgerðarmenn og félög grætt um 500 þús. kr. hvert, auk þess sem lagt er í nýbyggingarsjóð, og auk allra skatta, sem voru lagðir á þau 1943. En þetta er ekki misskipting teknanna, þetta er fé, sem sparað hefur verið saman með því að neita sér um lífsins gæði, segja þeir fimm hv. þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað. Það er furðulegt, að nokkur maður skuli láta sér detta í hug að bera annað eins fram. Stríðsþjóðirnar skortir mat, og þess vegna fæst svo hátt verð fyrir aflann, ef einhver fæst til að sigla skipunum. Á þennan hátt berst gróðinn ofan í vasa þessara manna. Ef eitthvað væri að þessu frv. að finna, þá væri það helzt það, að það gengi of skammt. Nú má segja það, að þessi eignaaukning, sem hér er um að ræða, geti orðið hverfull stríðsgróði. Ég vil ekki neita því, en það er einmitt ástæðan til þess, að ég álít rétt að taka það, áður en hægt er að koma því undan. Með því að láta slíka misskiptingu teknanna viðgangast, sem hér er sannað, að hefur átt sér stað, er verið að leggja grundvöll að meiri ójöfnuði og meiri misskiptingu teknanna í framtíðinni og þar með misskiptingu auðs og eigna í landinu, því að með röskuðum eignarhlutföllum innan lands, er skapaður grundvöllur fyrir meiri misskiptingu tekna á milli einstakra manna framvegis. Þetta fé er þá lagt í kaup á ýmsum fasteignum, húsum og jörðum, skuldabréfum og öðru slíku, og það er engin trygging fyrir því, að það fé, sem safnazt hefur umfram nýbyggingarsjóðina og skattfrjálst er samkvæmt þessu frv., sé lagt í útgerð, ef útgerðarmenn sjá meiri hættu þar en annars staðar. Þeir, sem hafa umráð yfir þessum fjármunum í landinu, geta hins vegar neytt þá til þess.

Hv. þm. gat þess, að þegar frv. var lagt fram í fyrra, þá hefði ég gert ráð fyrir því, að þess mætti vænta, að tekjurnar mundu verða um 12—15 millj., en samkvæmt því yfirliti, sem skattstofan hefur gert, virðist þessi áætlun ekki munu standast, því að samkvæmt því mætti gera ráð fyrir, að skatturinn mundi verða um 7—8 millj. kr. Ég hef engin gögn í höndunum til þess að vefengja niðurstöður skattstofunnar, en ég vil benda á það, að í frv. er gert ráð fyrir, að mjög verði hert á eftirliti með skattaframtölum við álagningu þessa skatts. Ríkisstj. er lagt á

nerðar að gera sérstakar ráðstafanir í því skyni, þar með að setja reglur um nafnskráningu verðbréfa, ef ekki fengist trygging fyrir réttum framtölum á annan hátt. Það er enginn vafi á því, að það er rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það fer mikið af tekjum undan skatti, en fyrir því er og séð í frv., ef stj. skortir ekki röggsemi í framkvæmd. Að því er snertir bankana, mætti einnig taka til athugunar bankainnstæður. En nú bregður svo við, að hv. þm. Seyðf. ber fram brtt. um að fella úr 2. gr. ákvæðið um að tryggja rétt framtöl með nafnskráningu verðbréfa og þar með torvelda eðlilegt og nauðsynlegt eftirlit með skattaframtölum. En hann vill halda því, sem hv. 6. þm. Reykv. átaldi, að gera ráðstöfun til þess að tryggja það, að framtöl þeirra manna, sem eiga verðbréf og bankainnstæður, séu rétt. Ég held, að það sé rangt að samþ. brtt. um þetta efni. Á því er enginn vafi, að bætt framtöl mundu stórauka skattstofna, sem hér kæmu til greina, og skatttekjurnar af skattinum þar af leiðandi. Þess er og að gæta í þessu sambandi, að miklum mun auðveldara er að hafa röggsamlegt eftirlit með framkvæmd þessara l. en almennum tekju- og eignarskatti. Hér er hægt að koma við fullkomnu eftirliti og athugun á bókhaldi og framtölum, og verður það að sjálfsögðu gert, enda til þess ætlazt samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Hv. 6. þm. Reykv. spyr, hvers vegna sé ekki tekinn allur eignaaukinn, heldur miðað við ákveðið mark, sem hann segir, að sé 50 þús. kr., en hafi verið 100 þús. kr. í fyrra, en er nú 80 þús. kr., en 100 þús. í fyrra, en það skiptir ekki máli. Þessu var breytt úr 100 þús. í 80 þús. vegna þess, að komið hefur fram brtt. um það, að sá tími, sem skattákvæðunum er ætlað að ná til, verði fjögur ár í stað þriggja, og er þá 20 þús. kr. eignaauki fyrir hvert ár ekki skattskyldur samkvæmt þessu. Það má deila um, hvort þetta er rétt mark, en um það þarf ekki að deila, að fjársöfnun, sem nemur 20 þús. kr. á ári, getur ekki kallazt stríðsgróði. En sé gróðinn kominn yfir sérstakt mark, getur hans ekki verið aflað með vinnu og sparnaði, og er það því stríðsgróði. En í sambandi við þessar hugleiðingar hv. þm. skal ég játa það, að ég er vel til með að athuga, hvort ekki sé ástæða til að ganga lengra í þessum efnum, eins og sums staðar er gert, að í staðinn fyrir að leggja á eignaauka væri lagður á almennur eignarskattur í eitt skipti fyrir öll. Én ég hef enga von um, að það þýði að hreyfa því, en hef það í huga upp á seinni tímann. En um þessa eignaaukningu er það að segja, að hún er til orðin án tilverknaðar mannanna sjálfra, og þess vegna er eðlilegt, að hún sé skattlögð meira en hér hefur verið gert. Eftirmæli hv. þm. eftir vissar stjórnartilraunir gefa mér ekki tilefni til aths. Það er rétt, að það var rætt um löggjöf eins og þessa í sambandi við viðræður, sem fóru fram um stjórnarmyndun. Og við, sem flytjum þetta frv., erum þeirrar skoðunar, að þetta frv. eigi að geta komið að sama gagni, jafnvel þó að slík stj. verði ekki mynduð, vegna þess að tekjurnar eru bundnar í ákveðnu augnamiði. Þeim verður ekki varið til venjulegra útgjalda ríkisstj., heldur til þess að skapa varanleg verðmæti. Sumpart ávaxtast þetta fé, og sumpart bætir það úr þörfum og léttir þar með gjöld ríkisins og þjóðarinnar í heild. Þá spáði hv. þm. því, að svo mundi fara, að þörf yrði á róttækum aðgerðum í skattamálum og þá mundi ekki standa á Sjálfstfl. að ganga langt í þeim efnum, enda hefði Sjálfstfl. talið sig geta fylgt eignaaukaskattinum með því skilyrði, að skatturinn væri notaður til ákveðinna aðgerða. Ég verð að segja það, að þetta er mikil framför frá því, sem áður var, þegar þessi hv. þm. reis úr sæti sínu og fullyrti, að samþ. slíks frv. sem þessa væri þrot á stjskr. og árás á eignarréttinn o. s. frv. Á því er enginn vafi, að það er mikil þörf róttækra aðgerða í skattamálum, en tiltrú mín til hv. 6. þm. Reykv. og flokksmanna hans til þess að standa að gagnlegum aðgerðum í því efni hefur farið mjög minnkandi við hinar löngu umr. um þetta mál. Ég hygg, að hugarfar þessara manna hafi komið svo greinilega fram í þessum efnum, að það væri barnaskapur að láta sér detta í hug, að þeir muni vera fylgjandi slíkum ráðstöfunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. En hvað sem um það er, þá breytir það, sem hér er um að ræða, í engu möguleikunum fyrir slíkum aðgerðum í skattamálum, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á. Hér er aðeins um það að ræða, að taka nokkurn hluta af þeim gróða, sem safnazt hefur, og láta hann renna til ákveðinna aðgerða, sem nauðsynlegt er að sinna, ef kjör almennings eiga ekki að versna stórkostlega frá því, sem æskilegt er. Það á að sporna við því með því að leggja fram fé í eitt skipti fyrir öll, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég hygg, að með þessum orðum mínum hafi ég svarað ekki aðeins hv. 6. þm. Reykv., heldur einnig mestu af því, sem komið hefur fram í ræðum flokksmanna hans, sem hér hafa talað. Þó vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Hann taldi, að til þess að rétt væri að samþ. slíkan skatt hér á landi, þyrfti þrennt að vera fyrir hendi: Fyrst, að auðsöfnun væri óeðlilega mikil, í öðru lagi, að skattaframtöl hefðu verið vanrækt, og í þriðja lagi, að þjóðfélagið væri í neyð. Ég tel, að það hafi komið fram í umr. og verið sannað, að fyrstu tvö skilyrðin eru fyrir hendi, að eignaaukningin hafi til orðið fyrir viðburðanna rás án tilverknaðar mannanna sjálfra og að skattaframtölin hafi verið vanrækt, en að þau hafa verið vanrækt, sést á því, að eignaaukningin hefur orðið. Þriðja atriðið, þjóðfélagsleg neyð, er ekki fyrir hendi eins og stendur, en það eru lítil búmannshyggindi að ætla sér að bíða eftir því. En með því að samþ. þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er hægt að hindra, að til slíks neyðarástands komi.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð, sem ég vildi segja út af átölum hv. 6. þm. Reykv. á félmrn. fyrir það, að það hefur gefið út dálítið rit, sem útbýtt var á fyrstu dögum þingsins. Í formála þessa rits er gerð grein fyrir, hvers vegna það er gefið út. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Allmargar nefndir og aðrir aðilar eru nú starfandi að þeim málum, sem mætti nefna einu nafni félagsleg öryggismál, og er starfsvið ýmissa þessara nefnda allnáið. Þótti félmrn. rétt, að þm.

og öðrum yrði gefið yfirlit yfir þann viðbúnað, sem stofnað hefur verið til í þessum efnum af hálfu þings og stjórnar". Svo var mál með vexti, að á síðasta þ. og einnig í sumar varð ég þess var, að menn, sem störfuðu innan ýmissa n., töldu, að svið þeirrar n. næði inn á svið annarra n., og vildu þeir gjarnan fá glöggt yfirlit yfir það, hvaða n. væru starfandi að skyldum og sömu málum. Ég tók því það ráð að gefa yfirlit yfir þessar n., og er það yfirlit tekið upp í þetta rit, og eru 14 nefndir eða aðilar starfandi að þessum málum. Ég hygg, að það sé gagnlegt fyrir þingmenn að fá nú glöggt yfirlit yfir þessar nefndir.

Einn af þeim mönnum, sem af félmrn. var settur til að safna gögnum og vinna fræðilega að þessum málum, áður en ég tók við því ráðuneyti, er Jón Blöndal hagfræðingur. Okkur kom saman um, að þarflegt væri, að hann semdi fræðilega ritgerð um þessi mál í sem stytztu máli. Þetta gerði hann, og er það ritgerðin, sem hér er.

Hv. 6. þm. Reykv. benti á tvö atriði, sem hann virtist telja, að félmrn. mundi ekki geta staðið við. Annað er þetta: „Sennilega hefur tekjuskipting íslenzku þjóðarinnar verið jafnari, munurinn á lífskjörum minni en í flestum löndum öðrum, a. m. k. fram til síðustu ára". Ég held satt að segja, að það hafi verið alveg föst skoðun flestra, að á Íslandi væri minna bil milli ríkidæmis og fátæktar en á nokkrum öðrum stað, en með „síðustu árum" er átt við tímann, síðan styrjöldin hófst og tekjur manna og eignir fóru að verða meiri en áður. Ég held, að félmrn. geti staðið sig við að standa að útgáfu rits, sem þessi ummæli standa í. Hitt atriðið, sem hann minntist á, er þetta: „Síðan styrjöldin hófst, hafa meiri auðæfi safnazt í hendur einstakra manna og félaga en dæmi eru til áður í sögu landsins". Það er skoðun okkar allra, að til séu félög og einstaklingar, sem hafa komizt yfir meiri verðmæti en þekkzt hefur áður. Einkum var það á árunum 1941 og 1942. Það hafa komið hér saman auðæfi, það sem við köllum milljónir, og vitnaði þingmaðurinn í 4 félög í því sambandi. En það getur verið, að það, sem við í ár köllum auðæfi, verði eftir ár auðn, ef dýrtíðin er látin leika lausum hala. Það getur verið, að þetta fé flói út aftur og það ástand, sem nú er, verði aðeins ævintýr.

En það gleður mig mjög, að hv. 6. þm. Reykv. hafði ekki meira né stórfelldara við rit þetta að athuga og að hann hefur lesið það gaumgæfilega. Þetta sýnir og, að Jón Blöndal og hv. 6. þm. Reykv. geta komið sér saman um fleiri atriði en margur hyggur. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég hygg, að félmrn. hafi unnið þarft verk með útgáfu þessa rits. (**BBen:** Því fer fjarri).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota mér velvilja hæstv. forseta, en ég leyfi mér að taka til máls um eitt atriði, sem mér virðist ekki hafa komið nægilega fram í umr., og þykir mér slæmt, að hv. 3. landsk. (HG) er ekki við, en hv. 5. þm. Reykv. (BrB) getur tekið það til athugunar.

Ég vil biðja hv. flm. að athuga ákvæði þessa frv. í 2. gr., að þetta eigi að vera á eignaaukningu frá 1940 til 1944 og hvort það stríðir ekki beinlínis á móti skattal. frá 1941, þar sem eru ákvæðin um tapsfrádráttinn fyrir árin 1931—1939, að hann skuli vera skattfrjáls. Það var ákveðið hér á Alþingi, að sá gróði, sem kæmi á árunum 1940—1941, mætti ganga til þess að greiða töp frá árunum 1931—1939, án þess að greiddir væru skattar af því. Nú er ætlazt til, að þessi gróði sé skattlagður, og gegnir það furðu. Vil ég nú sýna með dæmi, hve ranglátt það er. Ef fyrirtæki skuldar 12 milljónir 1939 og græðir 24 millj. og notar helminginn af því til þess að greiða skuldir sínar, þá á skatturinn ekki að reiknast af 24 millj. Ég hygg, að þetta stafi af misreikningi á hinum áætluðu tekjum, sem mþn. í skattamálum hefur fengið upp gefnar frá skattstofunni, því að það stendur á bls. 14 í nál. mþn. í skattamálum 1943, með leyfi hæstv. forseta, að samkvæmt upplýsingum, sem n. hafi borizt frá Skattstofunni í Reykjavík, nemi skattskyld eignaaukning hér í bænum kr. 28.383.300.00 og eignaskatturinn af því kr. 5.126.513.00. Það er sjáanlegt, að Skattstofan miðar aðeins við þá eignaaukningu, sem orðið hefur á skattskyldum eignum, en það er ekki miðað við töp, sem búið er að greiða og ekki á að greiða skatta af. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að nýlega gekk í gegn hér í þessari d. að afnema skattfrelsi iðnaðarfyrirtækja, sem höfðu fengið skattfrelsi til 3 ára, og var það afnumið með þessum l. Eitt iðnaðarfyrirtæki fór í mál og taldi sig ekki skyldugt til að greiða þessa skatta, og hæstiréttur leit svo á, að því bæri ekki að greiða skattinn, því að l. verkuðu ekki aftur fyrir sig. En ef þetta er rétt, að ekki megi taka eftir á skatta af fé, sem hefur verið skattfrjálst, virðist mér það gerbreyta öllu málinu, og mun ég leyfa mér að bera fram brtt. við 3. umr., að það sé alveg ótvírætt í l., að ekki sé hægt að reikna skattinn af töpum áranna 1931—1939.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira um þetta atriði, en vil leyfa mér að benda á, að hér fyrir Alþ. liggur, í Sþ., þáltill. til athugunar, og fer hún fram á, að útgerðarmönnum og þeim, sem eiga útgerðarfyrirtæki, sé leyft að reikna fyrningu eftir allt öðrum reglum en leyft er í skattal. Fjmrn. hefur látið í ljós umsögn um málið, og í því bréfi er skýrt tekið fram, að rn. sjái þess mikla þörf að leyfa, að þeir menn, sem hafa orðið að byggja á þessum dýru tímum, fái sérstaka heimild eða verði reiknaður fyrningarfrádráttur eftir sérstökum reglum, en sjái ýmsa agnúa á því, hvernig þessu verði fyrir komið. Í þessu bréfi rn. er fullkomin staðfesting á því, að taka beri tillit til þeirra erfiðleika, sem framundan eru, þegar allt verðlag lækkar í landinu. Ef þetta verður að l., mundi það í mörgum tilfellum íþyngja skattgreiðendum, því að það gæti verið, að þeir borguðu ekki svo litla upphæð samkvæmt þessum l., því að það eru margir, sem eiga eignir með stríðsverði vegna þess, að mat þeirra er eftir kostnaðarverði þeirra. Ég vildi aðeins taka þetta fram, áður en málið kemur til atkv.

Forseti (StgrA): Hv. 6. þm. Reykv. (BBen) hafði kvatt sér hljóðs, en hefur ekki getað mætt á fundi. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

ATKVGR.
Brtt. 519,1 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, IngP, KA, PHerm, BSt, BrB, StgrA.
nei: GJ, LJóh, MJ, ÞÞ.
EE greiddi ekki atkvæði.
4 þm. (HermJ, JJ, PM, BBen) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 519,2 a—c samþ. með 9:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 519,3 (ný 3. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 584,1 felld með 9:5 atkv.
4. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 584,2 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 566 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, GJ, LJóh, MJ.
nei: PHerm, BSt, BrB, GÍG, HG, HermJ, IngP, KA, StgrA.
EE greiddi ekki atkv.
3 þm. (PM, BBen, JJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkvæði sínu:

Gísli Jónsson: Enda þótt ég sé algerlega á móti því, að sá skattur, sem hér um ræðir, verði lagður á, álít ég þó rétt, ef hann nær fram að ganga, að hann gangi til þess að greiða niður dýrtíðina, og segi því já.

5.—6. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 636, 584,2, 637, 638).

Bjarni Benediktsson: Þetta mál var samþ. hér við 2. umr. síðari hlutann í gær. Nú eru komnar hér fram 2 brtt. við það, þótt ég hafi ekki séð nema aðra þeirra hér á borðinu. Á hvorugri þeirra hef ég getað áttað mig. Þá er og til athugunar, hvort ekki þurfi að bera fram enn víðtækari brtt. í sambandi við lausn skattamálanna í heild, er hafa nú fengið nokkuð aðra afgreiðslu á þinginu en von var á og búizt var við. Þar sem því þetta mál komst í gegnum 2. umr. í gær með því, að sumum þm. var varnað máls óbeint, þar sem þm. hafa enn ekki getað áttað sig á þeim brtt., er fram eru komnar, og von er á fleirum, og þar sem nauðsyn er á íhugun málsins í sambandi við afgreiðslu skattamálanna í heild, þá tel ég ekki fært að taka málið nú fyrir og mun greiða atkv. á móti afbrigðum, og það sama munu meðflokksmenn mínir væntanlega gera.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég harma það mjög, ef mál þetta verður beitt þeirri aðferð, sem nú er fyrirhuguð. Það hefur legið fyrir þinginu frá byrjun þess, hefur verið til meðferðar í mþn. og er auk þess búið að liggja hér í hv. d., svo að nægur tími hefur verið til að athuga það gaumgæfilega. Brtt. á þskj. 584 var lögð fram fyrir 2. umr., en tekin aftur til 3. umr. Brtt. á þskj. 685 er að vísu ný, en ég veit, að jafnglöggur maður og hv. 6. þm. Reykv. er búinn að átta sig á efni hennar. Enn fremur bendi ég á, að málið á eftir að fá afgreiðslu í Nd., og væri þá sem hægast að koma að nánari athugun, þótt það væri hér ekki áfram að þvælast fyrir öðrum málum.

Forseti (StgrA): Of skammt er liðið frá 2. umr. þessa máls, og vil ég því leita afbrigða til þess, að það verði tekið til 3. umr.

ATKVGR.
Afbrigða synjað með 5:9 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 636, 584,2, 637, 638, 642).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 642. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Ég vona, að það verði ekki til að vekja miklar umr., þó að ég hafi orðið til þess að kveðja mér hljóðs, en ég kunni betur við það, af því að ég flyt brtt. við frv., á þskj. 638, sem hefur ekki áður verið rædd. Að vísu er það svo, að við umr. um þetta mál hef ég í fáum orðum lýst afstöðu minni til þess. Ég tel þá vankanta á því, að ég treysti mér ekki til að fylgja því, en ef það ætti fyrir frv. að liggja að verða samþ. hér, er vitanlega betra frá sjónarmiði hvers og eins, að það skárra gangi fram en það lakara, en ég tel brtt. mína miða í þá átt, að um réttmætari ákvörðun sé að ræða, að því er snertir 5. gr., en er í frv. eins og það liggur fyrir nú. Það virðist hafa verið höfuðatriðið, þegar þetta frv. var samið, að ná þessum skatti af hinum væntanlegu greiðendum. Hitt sýnist svo vera eins konar aukaatriði, hvernig eigi að verja honum, enda er það handahófslegt í frv. og allt til eyðslu jafnóðum.

Frá mínu sjónarmiði er skattinum langsanngjarnlegast varið eins og verða mundi samkv. till. minni. Það veltur hér svo margur og stór peningur, að hætt er við, þegar stríðinu lýkur, að svo fari sem margir óttast, að sjóðirnir reynist ekki svo digrir, að við þurfum ekki á öllu okkar að halda og eiga þær máttarstoðir, sem geta staðið undir áföllum. Ef rýra á þær stoðir fyrir fram með því að leggja á þennan skatt, ætti að geyma það fé til að mæta væntanlegum örðugleikum. Það mun koma á daginn seinna, að þetta er rétt hugsað. Ég segi í till. minni, að fénu skuli varið að styrjöldinni lokinni samkv. ákvörðun Alþ. þá. Nánar er ekki hægt að segja. Það er Alþingis að ákveða, þegar þar að kemur.

Það mætti margt fleira um þetta segja, en ég vil ekki teygja úr umr. Ég vænti, að brtt. mín verði samþ., hvað sem frv. líður að öðru leyti.

ATKVGR.
Brtt. 637 felld með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, BBen, JJ.
nei: MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BrB, EE, GJ, GÍG, HG, HermJ, IngP, KA, StgrA.

1 þm. (PM) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Lárus Jóhannesson: Með þeirri skýringu, að því vitlausara, því betra, segi ég já.

Bjarni Benediktsson: Ég tel, að þetta frv. muni ekki standast fyrir dómstólum og verði talið koma í bág við stjórnarskrána. Eina ráðið til, að það gæti staðizt, er, að það næði jafnt til allra borgara, og til að reyna að bjarga því, sem bjargað verður, og stuðla að því, að þ. brjáli stjórnarskrána sem minnst, segi ég já.

Brtt. 638 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 642 felld með 9:6 atkv.
Brtt. 584,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, KA, PHerm, BSt, BrB, GÍG, HG, HermJ, StgrA.
nei: JJ, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen, EE, GJ.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jónas Jónsson: Með því að meðferð þessa máls og upptaka þess af hálfu kommúnista er skrípaleikur einn, vil ég ekki styðja frv. út úr d. og segi nei.

Bjarni Benediktsson: Ég tel að vísu, að frv. geti ekki staðizt fyrir dómstólum og því skipti ekki máli, hvernig atkvgr. falli, en ég vil láta uppi óbeit mína á því athæfi, sem hér fer fram, og með tilliti til hinna mikilsverðu upplýsinga, sem hv. þm. S.-Þ. gaf í grg. sinni um tilorðningu frv., segi ég nei.

Frv. afgr. til. Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi láta fylgja þessu máli fyrst og fremst nokkra athugasemd við rökstuðning þeirra hv. flm., sem að þessu nýstárlega máli standa. Ég man það, þegar þetta frv. kom fyrst fram hér í þ., þá fannst mér rökstuðningur þeirra hv. flm., sem að málinu standa, vera mjög ósanngjarn að verulegu leyti, hvað sem annars má nú segja um þá stefnu, sem frv. markar. Mér þykir sem sé mjög lítið vera gert, bæði í frv. sjálfu og í rökstuðningi fyrir því, upp á milli þess, hvernig þessi gróði er til kominn, sem ýmist er kallaður stórgróði eða stríðsgróði. En í rökstuðningi hv. flm. fyrir þessu frv. segir svo, að stórmikill hluti eignaaukningarinnar sé hreinn stríðsgróði, gróði, sem eigendum hafi fallið í skaut fyrir viðburðanna rás eingöngu. Þeir segja að vísu, að þetta eigi við alla meiri háttar auðsöfnun, og að mér skilst á hvaða tíma, sem er. En hér er þess að gæta, að á yfirstandandi stríðstíma er það að segja um gróðamöguleika ýmissa manna og fyrirtækja í landinu, að sumt af stórgróðanum hefur vissulega skapazt óverðskuldað fyrir viðburðanna rás eingöngu. En á hinn bóginn er það svo í sumum tilfellum, að það er alls ekki um þetta fyrirbæri að ræða, heldur hefur sá gróði, sem skapazt hefur, verið grundvallaður með margra ára starfi og oft og tíðum undir mjög erfiðum kringumstæðum. Ég held, að gleggstu aðgreininguna í þessu megi draga á milli þeirra manna, sem stundað hafa framleiðslustörf í landinu á undanförnum árum og í þessu tilfelli á undanförnum kreppuárum, og hinna, sem styrjöldin, og þá einkum hið svo kallaða „ástand" hér á landi, hersetningin og allt, sem henni hefur fylgt, hefur fleytt í þá aðstöðu að geta mokað að sér stórfé, án þess að þeir hafi nokkuð í sölurnar lagt til þess að komast í þá aðstöðu í þjóðfélaginu að geta safnað þessum fjármunum og án þess að hafa barizt við nokkra þá erfiðleika, sem svipar til þeirra aðstæðna, sem atvinnurekendur allflestir, a. m. k. framleiðendur til sjávar og sveita, hafa átt við að búa. Tökum til dæmis allan þann herskara af fólki hér, sem á núverandi stríðstímabili hefur rakað saman fé á ómerkilegum veitingakrám, sem lítið ber á og lítið fólkshald þurfa, en eru þannig í sveit settar, að hernámið hefur veitt þeim aðstöðu til að afla stórfjár. Það þarf engan undirbúning eða sérhæfi til þess að geta stundað þessa atvinnu, að heita má engin tæki, en þó býst ég við, að þeir séu bókhaldsskyldir. Og lítum líka á þá menn, sem allt í einu urðu hér milligöngumenn um verklegar framkvæmdir á vegum setuliðsins, menn, sem græddu stórfé á því að slá upp auglýsingum í dagblöðunum og auglýsa t. d. eftir 30 til 300 verkamönnum, eftir því sem þörf krafði í hvert sinn, skrifa þá upp og láta aka þeim á vinnustaði setuliðsins, og fengu svo einhvern ákveðinn hundraðshluta af vinnulaunum þeirra manna fyrir þessi viðvik. Í þessum tvenns konar tilfellum, sem ég nefndi, má vissulega tala um gróða, sem skapazt hefur fyrir viðburðanna rás eingöngu. En það á aftur alls ekki við um annan flokk manna í landinu, sem hefur stundað heilbrigðari atvinnu, þ. e. atvinnugreinar, sem eru þess eðlis, að þær eru nauðsynlegar til þess að halda þessu þjóðfélagi uppi, svo sem bæði landbúnað og sjávarútveg. En þessir menn eru í frv. af þeim mönnum, sem gangast fyrir þessu eignaráni, settir á bekk með Bretasjoppueigendum hér í Reykjavík og þessum ágætu mönnum, sem gerðu sér það að atvinnu að safna saman verkamönnum, oft frá nauðsynlegum þjóðnytjastörfum, útvega þá í Bretavinnu og taka part af kaupi þeirra í sinn hlut. Í þessu eignaránsfrv. er m. ö. o. ekki gerður neinn greinarmunur á heiðarlegum atvinnurekendum í þessu landi og hinum, sem tæplega verðskulda það nafn, hvað sem um efni frv. má segja að öðru leyti. Ég verð að segja, að þeir löggjafar þjóðfélagsins, sem svo djúpt eru sokknir að gera engan mun á því, hvort peninga er aflað með störfum, sem eru öllu landsfólkinu til uppihalds, eða með hreinu og beinu „svindilbraski" eða því, sem hliðstætt er því hugtaki, eiga sér ekki viðreisnar von, af þeim verður aldrei góðs að vænta. Hvernig er þjóðin stödd, ef sá hugsunarháttur fær að ráða?

Allan tímann frá 1930 til 1939 var sú reyndin, að útgerð varð tæplega rekin án þess að tapa. Þetta er svo kunnugt og viðurkennt af Alþ., að

því verður ekki móti mælt. Bátaútgerðarmenn söfnuðu skuldum, sem hjá mörgum skiptu hundruðum þúsunda og hjá togaraútveginum milljónum. Þolinmæði bankanna var í mörgum tilfellum mikil, enda tóku þeir oftast að veði fyrir skuldunum allar eigur þeirra, sem í útgerðinni áttu. Útgerðarmenn lögðu sig og allt sitt að veði fyrir atvinnuveg sinn, — og loks kom að því, er afurðaverðið hækkaði, að skuldirnar varð unnt að greiða. Mér finnst það harla kaldranaleg rökstuðning, að það hafi aðeins verið fyrir rás atburðanna og engan tilverknað útgerðarmanna, að úr raknaði loks fyrir þeim. Mér finnst hart að leggja þá og þeirra fortíð að jöfnu við stríðsbraskarana, sem þutu upp í skjóli setuliðsvinnu og ástandsins í landinu, án þess að atvinna þeirra stæði á nokkrum eldri merg, yrði eða hefði verið til eflingar framleiðslugreinum landsmanna. Eignaaukaskattur, sem á þessi fyrirtæki yrði lagður, mundi ekki geta greiðzt á annan veg en þann hjá fyrirtækjum, sem hafa lagt eignaaukning sína í skuldagreiðslur, að þau yrðu að taka lán til að borga skattinn og steypa sér í skuldir að nýju. Raunar kann vera, að ekki þurfi þennan skatt til þess, að skuldirnar komi. Á síðustu vertíð voru bátar á Vestfjörðum víða reknir með tapi, og það, sem skeði vestra á síðustu vertíð, getur skeð á Suðurlandi næsta ár. Svo er nú komið, að miklu meira er sótt á að selja vélbáta en afla þeirra. Það sýnir bezt straumhvörfin, sem orðin eru. Nú geta menn ekki gert ráð fyrir verulega góðri rekstrarafkomu. Menn verða að fara gætilega að því að rýja þann atvinnuveg eignum miskunnarlaust, sem stendur e. t. v. á mjög hættulegum tímamótum. Og hvað verður þá, ef honum er meira að segja hrundið strax með skattheimtu, er jafngildir eignaráni, út í gamla skuldafenið?

Það er alger misskilningur, að með eignaráni þessu sé betur tryggð afkoma og atvinna landsmanna framvegis. Undirstaða atvinnu og velgengni í þjóðskipulagi því, sem við höfum, er, að hægt sé að reka atvinnu með hagnaði. Með því *og engu öðru er tryggt, að til séu í landinu* einstaklingar, sem í eitthvað vilja ráðast og geta það. Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), sem hefur um margra ára skeið verið foringi þeirra, sem að flestum till. um aukna skatta hafa staðið, hefur orðið að viðurkenna, að við séum komnir að þeim takmörkum, sem að verði komizt í skattaálögum, lengra sé ekki fært. Brögð eru að, þegar barnið finnur og jafnvel hann.

Fyrir nokkrum árum ákvað ríkið að rétta út hönd sína til að styrkja menn til togarakaupa og það allmyndarlega. Fyrir þessu höfðu engir barizt eins og fulltrúar Alþfl. Þeim virtist það sáluhjálparatriði, að keyptir yrðu nýir togarar. En þegar féð hafði verið veitt, treystist enginn, og ekki heldur þeir, til að leggja í fyrirtækið af ótta við, að það bæri sig ekki. Það einkennir okkur Íslendinga, hvað við erum fljótir að gleyma. Flestir virðast hafa gleymt því, hvernig útgerðin var stödd fyrir stríðið.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um dálítinn þátt þeirra grundvallarhugsana, sem frv. byggist á. Ýmsar greinar frv. hafa og gefið tilefni til rökstuddrar gagnrýni, og mun það sjást betur síðar. Það er náttúrlega ekkert nýmæli í þessu frv. að koma með bakreikning að skattþegnunum, krefja þá, eins og hér er gert, um skatt eftir á eða láta skattalög gilda aftur fyrir sig, eins og sumir orða það. Þessi aðferð hefur oft verið átalin af mér og öðrum, og hún er sérstaklega ósiðleg, ef það orð á við nokkra skattheimtu, sem þekkzt hefur. Undir skattamálaforustu 2. þm. S.-M. og Framsfl. hefur Alþ. gert sér þetta að leik. Aðferðir sem þessi miða að því að leggja í auðn atvinnulífið í landinu, og um skeið hafði mikið áunnizt í þá átt. Ekki er að undra, þótt margir dragi sig í hlé frá framleiðslustörfum og kysu heldur að fylla þann stórmennahóp, sem í opinberum skattskrám er talinn eignalaus, þótt allir viti, að þeir menn sumir vaða í peningum og eiga bæði lóðir, lönd og húseignir. Það er beinlínis hlaðið undir þessar aðferðir, sem eru mjög óhollar skattþegnunum í landinu, með því að fara með atvinnurekendurna eins og gert er í skattal., þar sem þau sælast aftur á bak, eins og gert er ráð fyrir, að þessi skattur geri. Það er mjög eftirtektarvert og sýnir glöggt, hvernig ástatt er í þjóðfélaginu, að menn, sem hafa árum saman setið í hæstlaunuðum embættum þessa lands og vitað er um að eiga lóðir og lönd og húseignir, og allir vita, að eru vel efnaðir, en telja ekki fram nægilega mikið til þess, að þeir þurfi að greiða skatt af því, vegna þess að þeir hafa lag á að falsa það á bak við aðra, svo að ekki verði tekið af þeim, — þeir sýna þá furðulegu ósvífni og dirfsku að vera meðal flm. að þessu frv. Slíkir menn láta sér sæma að ráðast að stórum hluta atvinnurekendanna í landinu og krefjast af þeim skatta af fé, sem þeir hafa þegar greitt skatta af fyrir mörgum árum, enda þótt það sé vitað, að þessir atvinnurekendur hafa þurft að nota þetta fé til þess að losa sig úr skuldum og þurfa að taka ný lán, ef þeir eiga að greiða þessa skatta. Ég veit ekki, hvenær hægt er að segja, að óskammfeilni í skattamálum sé komin á hæsta stig, en ég fullyrði, er ég horfi á þetta frv. og suma flm. þess, þá sé hér komið mjög nálægt hámarki óskammfeilninnar.

Það þykir ef til vill ekki rétt að tefja tímann með því að fara út í einstakar gr. þessa frv., en það væri æskilegt að fá að heyra skýringar flm. á því, hvernig þeir hugsa sér að framkvæma álagningu þessa eignaaukaskatts. Það má vera öllum ljóst, að þótt um geti verið að ræða eignaauka með sömu tölum á pappírnum hjá tveimur mönnum, þá getur hann þó *í rauninni* verið mjög mismunandi. Hjá öðrum getur hann t. d. verið í dýrum húseignum eða öðrum fasteignum, en hjá hinum í peningum eða verðbréfum. Þeir hafa því mjög ólíkar aðstæður til þess að greiða skattinn.

Þar sem þannig er ástatt um, að jafnvel þótt eftir skýrslum og framtölum sé um sama eða svipaðan eignaauka að ræða á pappírnum, þá eru þó dæmin svo mörg um það, hve ólíkar aðstæður eru fyrir hendi og hve ólíkt horfir við, að sé um raunverulegan eignaauka að ræða, að þau munu vera eins mörg og þeir menn, sem hlut eiga að máli. Sumt það, sem sýnist vera eignaauki á pappírnum, getur verið hreint ekkert, ef því hefur verið varið til þess að kaupa fasteignir eða annað langt fyrir ofan sannvirði.

Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta meira, en ég vildi, að þessu máli yrði sýndur sá sómi í þessari hv. d., að á það væri minnzt við 1. umr. og þá sérstaklega sýnt, hvert það stefnir og að hverju það muni draga. En það stefnir að því að kippa fótum undan öllum frjálsum atvinnurekstri í landinu.

Þá finnst mér líka rétt, að hv. flm. sé sýndur sá sómi, að þeirra sé minnzt að nokkru, þegar þetta nýmæli þeirra kemur fyrst fram hér í hv. d. Það hefur dregizt um of að taka þá rækilega til athugunar, þessa herra, sem standa hér að því að leggja háa og sífellt aukna skatta á landsmenn, en láta útsvarsskrána í Reykjavík tala allt öðru máli um þá sjálfa. En þjóðin kann svo lítið að hneykslast, og þeir virðast ganga upp í því að notfæra sér það. En margt, sem fer hér fram í skattamálunum, er sannarlega hneykslunarhella fyrir þá, sem hafa augun opin og þora að nefna það, sem þeir sjá. En það eru til ýmsir í þjóðfélaginu, sem treysta á þetta getuleysi þjóðarinnar til þess að hneykslast. Ég átti eitt sinn erindi upp í skattstofu til þess að grennslast eftir álagningu og „skala" og fékk greið og góð svör við því, en ég gerði mér það til gamans að nota tækifærið um leið til þess að spyrja einn af helztu starfsmönnum skattstofunnar — rétt eins og sá, sem ekki veit, en mér datt það í hug af því að ég var kominn þarna, — að því, hvernig gæti staðið á því, að menn, jafnvel hér í bænum, sem við höfum daglega fyrir augunum og hafa aðstöðu til þess að eignast hús, lóðir og lönd, þeir standa svo í skattskránni, að þeir eiga ekki einu sinni skuldlausar þessar 5 þús. kr., sem ekki þarf að greiða skatt af. Þessi ágæti starfsmaður svaraði bara með stakri rósemi: „Þeir telja það þá líklega ekki fram". Meiri skýringu fékk ég ekki, og er ég spurði, hvort það væri látið nægja, fékk ég aðeins svarið: „Ef enginn kærir". Ef árveknin á þessum hærri stöðum er ekki meiri en þetta, þá fer ég að skilja, að menn geti átt hér hitt og annað, jafnvel hús og lönd, sem við göngum á og höfum fyrir augunum, fyrir svo utan verðbréf og þvíumlíkt, þótt skattskýrslurnar sýni, að þeir eigi því nær ekki neitt.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

35. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HG).

Á 3. fundi í Sþ., 17. apríl, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20/1942, um breyt. á l. nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og um breyt. á l. nr. 21/1942, um stríðsgróðaskatt** (þmfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

36. Alþýðutryggingar (frv. ÞÞ).

Á 12. fundi í Sþ., 9. sept., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar** (þmfrv., A. 47).

Á 16. fundi í Ed., 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að halda langa ræðu, því að þetta frv. er ekki margbrotið. Eins og hv. dm. er kunnugt, var ákveðið í tryggingal. 1937, að persónugjald manna til lífeyrissjóðs skyldi vera 1% af skattskyldum tekjum. Nú fór fram breyt. á þeim l. 1941, þannig að í stað þess, að gjaldið átti að miðast við skattskyldar tekjur einstaklingsins, átti ekki lengur að miða við þær, heldur hreinar tekjur að frádregnum persónufrádrætti. En þegar þessi breyt. var gerð, var ekki farið að praktisera umreiknun tekjuskattsins, og því hefur ekki verið athugað, að þetta gjald hlíti að því leyti sama lögmáli og tekjuskatturinn, að gjaldstofn hvors tveggja sé hinn sami, hreinar tekjur umreiknaðar og að frádregnum persónufrádrætti. Þetta munar ekki svo litlu. Ýmsir hafa óskað þess við mig, að þessu væri kippt í lag, og mér finnst sanngirnismál, að sami stofninn sé undir báðum, tekjuskatti og lífeyrissjóðsgjaldi.

Ég geri ráð fyrir, að málinu verði vísað til heilbrigðis- og félagsmálan.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er ekki á móti því, að frv. fari til n., þó að ég sé mótfallinn efni þess. Skoðun hv. flm. er á misskilningi byggð. Ef lífeyrir á að vera nokkuð í samræmi við verðlagið á hverjum tíma, verða tekjur sjóðsins að vera í samræmi við það. 1936 voru hugmyndir manna um lífeyri 750 kr. í Rvík, sem væri lítilsvirði nú. Ef lífeyrissjóður á að geta annað hlutverki sínu, verða tekjustofnar hans að vaxa í samræmi við dýrtíðina í landinu. Hins vegar mundi þetta frv. skerða tekjur sjóðsins, ef það næði fram að ganga.

Hv. þm. Dal. sagði, að sveitarfélög þættust fá lítið úr honum. Það er rétt. Þau hafa enn ekkert fengið, svo að þeim þykir það að vonum lítið. Að þessu leyti eru l. enn þá ekki komin til framkvæmda.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég stend ekki upp til að svara hv. 3. landsk. að svo komnu máli. Ég vildi aðeins upplýsa eitt. Hv. þm. sagði, að með vaxandi dýrtíð yrðu sjóðnum að aukast tekjur. Það er rétt. Hins vegar er það staðreynd, að tekjur sjóðsins hafa aukizt meira en í hlutfalli við aukningu dýrtíðarinnar undanfarið. Ég vil t. d. upplýsa, að í Dalasýslu munu tekjur sjóðsins hafa sexfaldazt síðan 1940, og ætla ég, að það vegi meira en á móti aukningu dýrtíðarinnar.

Ég vildi aðeins taka fram, að þannig er þessu varið. Tekjur manna hafa aukizt mjög almennt

og sjóðurinn í hlutfalli við það, svo að hann mun aukast meira en dýrtíðinni nemur, þótt þetta frv. verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Það er að vísu rétt, að tekjur sjóðsins hafa aukizt meira undanfarið en dýrtíðin segir til um, en það stafar af því, að vinna hefur aukizt í landinu og menn borið hærri tekjur úr býtum en áður. En það raskar því ekki, að grundvöllur lífeyrissjóðs eða tekjustofnar eiga að haldast óbreyttir.

Brynjólfur Bjarnason: Ég álít, að mþn. sú, er starfar að rannsókn á alþýðutryggingunum, þurfi að taka þetta mál til yfirvegunar. Að vísu er ekki vel hægt að bera það gjald, sem hér um ræðir, saman við tekjuskattinn, af því að hann er stighækkandi. En hins vegar hef ég alltaf verið þeirrar skoðunar, að þessi skattur væri ekki rétt á lagður og hann ætti líka að vera stighækkandi. Þetta fé er nú orðið svo mikið, að meira er farið að bera á þessu ranglæti, því að það er ósköp eðlilegt, að lágtekjumönnum þyki hart að þurfa e. t. v. að borga hærri upphæð í lífeyrissjóðsgjald en nemur tekju- og eignarskatti þeirra. Þetta atriði þarf því að taka til endurskoðunar, og að því leyti álít ég, að þetta frv. stefni í rétta átt. Hins vegar væri ófært, ef frv. þetta leiddi til þess að minnka tekjur sjóðsins. Nú þarf þvert á móti að auka tekjustofna hans.

Annað atriði er það, sem mþn. þyrfti að taka til athugunar, að gamalmenni komin yfir 65 ára aldur þurfi ekki að greiða lífeyrissjóðsgjald. Það er nokkuð hart aðgöngu, að þeir skuli nú þurfa að greiða þetta gjald, sem voru ellistyrkþegar eftir eldri l. um þessi efni.

Haraldur Guðmundsson: Út af orðum hv síðasta ræðumanns vil ég segja það, að það er til athugunar, hvort hafa skuli lífeyrissjóðsgjald stighækkandi eða ekki. Að minni hyggju stendur það nokkuð í sambandi við stighækkun á öðrum sköttum, hvað mikið þarf að leggja á af þeim samanlögðum, hve hundraðstala þeirra kemst hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Ed. nál. á þskj. 580, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

37. Dýrtíðarráðstafanir.

Á 16. fundi í Ed., 13. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir (þmfrv., A. 52).

Á 19. fundi í Ed., 16. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Við umr. á Alþ. fyrir skemmstu um uppbætur á landbúnaðarafurðir í sambandi við frv. ríkisstj. um hækkun álagningar á tóbaksvörur kom í ljós, að allmikill ágreiningur var um, hvernig skilja bæri ákvæði það, sem felst í 4. gr. l. um dýrtíðarráðstafanir frá 13. apríl s. l., þar sem svo er mælt fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða verðhækkun á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði. Ríkisstj. leit svo á, að samkv. þessu hefði hún leyfi til að verja ótakmörkuðu fé til þessa úr ríkissjóði til lækkunar á hverjum innlendum afurðum, sem vera skyldi. En af hálfu þm. kom gagnstæður skilningur fram, að ríkisstj. hefði ekki heimild til slíkra fjárveitinga án samþykkis Alþingis í hvert skipti. Meðal þm. held ég enginn ágreiningur hafi um það verið, hvað sem lögfræðingum kynni að sýnast um bókstaf laganna, að tilgangur löggjafans hafi ótvírætt verið sá, að samþykki Alþingis þyrfti til fjárveitinganna. A. m. k. voru allir sammála um, að meðan Alþ. situr, sé óumflýjanlegt, að samþykkis þess sé leitað. Þetta litla frv. er borið fram til þess að gera ákvæði l. um þetta alveg ótvírætt. Ég geri ráð fyrir, að mikill meiri hluti Alþingis sé því samþykkur, að svo verði gert. Sú skoðun hefur komið fram í bréfum, er þingflokkarnir hafa sent ríkisstj. um þessi mál. Og þar hafa a. m. k. þrír þeirra lýst sig andvíga því, að stjórnin verði að Alþ. fornspurðu fé því, er fengist með auknum arði tóbakseinkasölu, til verðlækkunar, en ríkisstj. hefur síðan lýst yfir, að sú sé þó fyrirætlun sín.

Ég vildi spyrja ríkisstj., hvort hún teldi sig hafa rétt til að verja þeim tekjuauka þannig. Mér er kunnugt um það, að ríkisstj. telur sig hafa lagaheimild til þess að verja þessu fé þannig, en hins vegar féllst ríkisstj. á það við umr. um verðhækkunina á tóbakinu að birta yfirlýsingu um það, að hún mundi ekki nota sér þessa heimild, að því er tekjurnar af tóbakinu snerti, án þess að tryggja sér áður samþykki meiri hluta Alþ. En nú hefur mér skilizt af þeim skrifum, sem síðan hafa farið á milli þingflokkanna og ríkisstjórnarinnar, að þingflokkarnir geti ekki fallizt á meðferð ríkisstj. á þessu fé. Mér skilst því og, að ríkisstjórnin hafi þarna gengið á bak orða sinna og ekki haldið það loforð, sem af þingsins hálfu var skilyrði fyrir því, að það samþ. frv. til l. um verðhækkun á tóbaki. Ég sé, að nú er enginn ráðh. hér viðstaddur, svo að ég mun ekki fá svör við þessari fyrirspurn minni nú, en ég vænti þess að fá greið svör við henni hið bráðasta.

Að lokum legg ég til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Gísli Jónsson: Það varð þegar ljóst, að um þetta mál mundu verða allmiklar deilur, og það er því bezt, að Alþ. gangi þannig frá því, að ekki þurfi að leita dómsúrskurðar á því, við hvað hér er átt í lögunum.

Ég er sammála hv. flm. um það, að þessu þurfi að breyta, en ég tel, að breytingin þurfi að vera skýrari. Mér hefur dottið í hug, að gr. yrði orðuð eitthvað á þá leið, að ríkisstj. væri veitt þessi heimild þann tíma, sem Alþ. situr ekki.

Mér sýnist og, að ríkisstj. þessi hafi gefið tilefni til þess að ákveða þetta þannig, og er þeim mun meiri ástæða til þess, þar sem þessi ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki meiri hluta þingsins að baki sér. Ég tel það eðlilegan gang málsins, að ríkisstj. hafi þessa heimild þann tíma, sem Alþ. situr ekki, en að á meðan Alþ. situr, þá þurfi hún að leita heimilda hjá Alþ. fyrir þessum fjárveitingum eins og öðrum. Ég mun ekki á þessu stigi málsins flytja brtt. við frv. um þetta, en ég vildi beina þessu til þeirrar n., sem kemur til með að fjalla um málið, og ég mun verða fylgjandi málinu á þessum grundvelli.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Það er ekkert við þessari aths. að segja annað en það, að það virðist koma fram nokkur meiningamunur hjá mér og hv. þm. Barð. Við erum sammála um það, að ákvæðin þurfi að vera skýr, en við erum ekki sammála um, hvað í þeim eigi að felast. Ég er ekki samþykkur því, að ríkisstj. hafi heimild til þess að kaupa niður verð á vörum, hvort sem Alþ. situr eða ekki. Ég álít, að ekki þurfi að taka það fram, að ríkisstj. hafi ekki þessa heimild, á meðan Alþ. situr, því að það hefur aldrei verið venja, að ríkisstj. framkvæmdi slíkar fjárveitingar án þess að spyrja Alþ., þótt núverandi ríkisstj. virðist nú að vísu ætla að brjóta þá venju. Ég er á þeirri skoðun, að samþykki Alþ. skuli alltaf þurfa til slíkra fjárveitinga, hvort sem það situr eða ekki, og er þá rétt, að frv. sé einmitt í þessu formi, sem það nú er.

Þótt einhverjir þm. telji rétt að gefa ríkisstj. þessa heimild milli þinga, þá tel ég, að ekki megi ganga lengra en svo, að réttur Alþ. sé alltaf tryggður. Hins vegar ætti Alþ. að vera heimilt að gefa ríkisstj. þessa heimild í hvert skipti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 126 og 135, 136).

Frsm. meiri hl. (Brynjólfur Bjarnason): N. hefur nú ekki öll getað orðið sammála um afgr. þessa máls, en meiri hl. n., þ. e. a. s. allir nm. nema hv. 1. þm. Eyf., leggja til, að frv. verði samþ. með ofurlítilli orðabreyt. Orðabreyt. sú, sem þarna er lagt til af meiri hl. n., er gerð til þess, að ekki gefist neitt minnsta tilefni til þess að misskilja orðalagið eins og það var upprunalega í frv. N. vill hafa orðalagið þannig, að einnig sé átt við fjárveitingu í fjárl. — Eftir að þetta frv. hafði náð samþ. Alþ., leitaði ríkisstj. eftir samþ. Alþ. fyrir ráðstöfunum til þess að greiða niður vöruverð, sem henni þótti nauðsynlegar, þannig, að það var á valdi Alþ., hvenær sem var, að taka ákvarðanir sínar um það, hvort það vildi veita nokkurt fé til þess að greiða niður verð á þessum vörum, og þá hversu mikið. Eins og allir hv. þm. vita, þá er það með öllu óvíst, hver er vilji meiri hl. Alþ. í þessum efnum. Það liggur ekki annað fyrir um það en að tveir flokkar hafa lýst sig andvíga þessum greiðslum, en þriðji flokkurinn segist ekki mundu setja sig á móti því, að fyrst um sinn verði fé úr ríkissj. veitt til þess að greiða niður þessar umræddu vörur. Hins vegar vilja þeir fá skýlaust samþ. Alþ. til slíkra ráðstafana. Hvernig þingmenn Sjálfstfl. líta á þetta mál og hversu margir þeirra vilja fara þessa leið, það er óséð, þannig að ekki er hægt að fullyrða neitt um vilja meiri hl. Alþ. í þessu máli. Annars ætti þetta frv. ekki að geta valdið neinum ágreiningi, skilst mér, og þess vegna tel ég það furðu gegna, að ekki skuli hafa orðið fullt samkomulag í n. um þetta atriði, svo að hún gæti afgr. málið einróma, því að hér er aðeins um það að ræða, að taka af öll tvímæli um það, hvernig skilja beri þetta ákvæði dýrtíðarl. Um annað er ekki að ræða. Ég held, að það sé áreiðanlega skilningur meiri hl. Alþ., að það hafi aldrei verið tilgangur löggjafans, þegar dýrtíðarl. voru sett í vor, að veita ríkisstj. ótakmarkaða heimild til fjárframlaga úr ríkissj. til þess að borga niður vöruverð. Hitt hafa menn ekki verið á einu máli um, hvort ríkisstj. gæti með réttu bent á orðalag l. til stuðnings því, að hún hefði þessa heimild, og sumir eru þeirrar skoðunar að þessi heimild, frá lögfræðilegu sjónarmiði, sé ekki til, og aðrir halda því fram, að ríkisstj. hafi þessa heimild. Í nál. minni hl. er því haldið fram, að það sé ekki rétt á þessu stigi málsins að gera neina breyt. á dýrtíðarl. Ég álít, að þetta sé misskilningur, af því að með þessu frv. er ekki farið fram á neina breyt. á dýrtíðarl. Það er aðeins verið að taka af öll tvímæli um það, hvernig skilja beri þetta ákvæði l. Að öðru leyti standa l. alveg eins og þau voru, eftir að þessi breyt. á orðalagi þeirra hefur verið samþ. Það er því ekki hægt að nota þá röksemd, að hér sé verið að breyta dýrtíðarl., en Alþ. verður að gera l. þannig úr garði, að það orki ekki tvímælis, hvernig beri að skilja þau. Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, ég get aðeins bætt því við, að það mundi kannske einhver spyrja sem svo, hvort ætlazt sé til þess, að þetta frv. gangi í gildi þegar í stað, eins og 2. gr. þess hljóðar um, hvort þessar greiðslur úr ríkissj. eigi samstundis að falla niður, þangað til Alþ. hefur tekið sínar ákvarðanir. Ég geri ráð fyrir því, að það líði nokkur tími, áður en frv. er komið í gegnum báðar d., og þá mundi verða séð, hvort fyrir því væri meiri hl. á Alþ., sem ég geri ráð fyrir, að sé. Og þá gæfist ríkisstj. frekara ráðrúm til þess að leggja till. sínar fyrir þingið, ef hún óskaði eftir að fá frekari frest, þá mætti veita hann með því, á síðasta stigi málsins, að ákveða, að l. skyldu ganga í gildi ákveðinn dag, sem samkomulag yrði um. Þetta er það, sem ég hef að segja frá sjónarmiði meiri hl. n. Þá liggur hér fyrir brtt. frá mér við l. á þskj. 136, en eins og sjá má á nál., áskilja nm. sér rétt til þess að bera fram frekari brtt. Þessi brtt. mín snertir nokkuð annað atriði þessa máls. Í brtt. er lagt til, að n. sú, sem ákvað grundvöll þeirrar landbúnaðarvísitölu, sem nú er samkomulag um, skuli halda áfram að starfa og skuli hún halda áfram að vinna að því að endurskoða þann grundvöll, sem hún hefur fundið, næsta ár og skuli hafa rétt til að halda áfram slíkri endurskoðun, þegar henni þykir ástæða til, og í raun inni er hér ekki heldur um neina efnisbreyt. að

ræða eða röskun á dýrtíðarl. Þessi till. er aðeins fram borin til þess að gera l. skýrari og fyllri. Samkv. l., eins og þau nú eru, er svo að sjá, sem hlutverki sex manna n. sé nú þegar lokið, því að í dýrtíðarl. stendur, að hún eigi að hafa lokið við að finna þessa vísitölu fyrir 15. ágúst 1943 og sé þá þessu starfi hennar lokið. Nú er það augljóst mál, að það þarf að vera einhver aðili, sem ákvæði vísitöluna næsta haust, og þá væri eðlilegt, að það væri þessi n. Mér finnst því, að það ætti ekki að geta orðið ágreiningur um það, að n. beri að starfa áfram, og tel sjálfsagt, að það sé tekið skýrt fram í l., að henni beri að halda áfram starfi sínu. Og ef hún heldur áfram að starfa, er sjálfsagt, að hún endurskoði þann grundvöll, sem hún hefur fundið, eftir því sem henni þykir ástæða til. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því, hve mikil ástæða sé til slíkrar endurskoðunar, en eins og sést á nál. vísitölunefndar, þá telur hún fulla ástæðu fyrir þessari endurskoðun, vegna þess að hún hafði ekki ráðrúm til að gera þann útreikning, sem þarf til þess að finna grundvöll vísitölunnar, þannig úr garði eins og hún hefði helzt kosið. Hér er farið fram á, að þessi grundvöllur verði því aðeins endurskoðaður, að ástæða þyki til. Nú get ég ekki skilið, að nokkur geti haldið því fram, að þessi n. sé óskeikul í þeim vísitölugrundvelli, sem hún hefur fundið, ekki sízt vegna þess, að n. sjálf telur rétt, að þessari rannsókn verði haldið áfram. Ég fæ þess vegna ekki skilið, að nokkur maður geti haft á móti því, að hún endurskoði grundvöllinn, ef henni sjálfri finnst það nauðsynlegt. Ef þeir aðilar, sem á bak við vísitölun. standa, búnaðarfélagið, alþýðusambandið, starfsmannafélag ríkis og bæja og hagstofustjóri, vilja halda áfram þessu starfi, því þá ekki að gefa þeim tækifæri til þess? Því hefur verið haldið fram, að varasamt væri að gera þessa breyt. á l., vegna þess að það gerði röskun á því samkomulagi, sem náðst hefur. En þetta er misskilningur. Ef ekki næst samkomulag um nýjan grundvöll, þá gildir gamli grundvöllurinn, þannig að röskun á samkomulaginu getur ekki komið til greina. Annars ætti ekki að vera mikil hætta á því, að ekki næðist samkomulag um þá endurskoðun, sem fram færi á grundvelli vísitölunnar. Nm. hafa þegar komið sér saman um hlutfallið á milli verðs landbúnaðarafurða og tekna launastéttanna í bæjunum, og við því samkomulagi mundi ekki verða hreyft. Það, sem gert yrði, væri aðeins að láta fara fram frekari rannsókn á þeim útreikningum, sem n. gerði, og aflað yrði frekari gagna til þess að geta reiknað þetta hlutfall betur og réttar út. Og það ætti ekki að vera minnsta hætta á því, að nm. mundu ekki hlíta þeim útreikningi og þeim niðurstöðum, sem hún sjálf kæmist að. Ég þarf svo ekki að hafa um þetta frekari orð. Ég vonast til þess, að sú breyt., sem meiri hl. n. leggur til á þskj. 135, verði samþ., og ég vonast einnig til þess, að brtt., sem ég flyt við dýrtíðarl., á þskj. 136, nái samþykki deildarinnar.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Hv. frsm. meiri hl. þótti það furðulegt, að n. skyldi ekki geta orðið sammála um þetta mál, og er því ástæða til þess, að ég geri grein fyrir því, hvers vegna ég gat ekki orðið meðnm. mínum sammála, sem leggja til, að frv. verði samþ. Að vísu get ég að nokkru leyti vísað til nál. míns á þskj. 126. Ástæður mínar til þess, að ég tel ekki rétt að samþ. þetta frv. nú, eins og það liggur fyrir, eru einkum tvær. Í fyrsta lagi, að ég tel varhugavert að breyta nú l. um dýrtíðarráðstafanir nokkuð, og þó að þetta frv. kunni að vera meinlaust, eins og hv. flm. frv., frsm. meiri hl., var nú að reyna að sýna fram á, þá er það þó óhrekjanlegt, að það opnar l., eins og stundum er komizt að orði um l., þegar þeim er breytt, og hv. frsm. meiri hl. sannar þetta sjálfur mjög áþreifanlega frá byrjun, þar sem hann flytur brtt. við sitt eigið frv. um enn víðtækari breyt. á lögunum en frv. sjálft gerir ráð fyrir. Ef þingið fer að afgreiða l. um breyt. á dýrtíðarl. frá því í vor, má búast við, að fleira komi á eftir. Og meðan sá grundvöllur helzt, sem dýrtíðarl. byggjast á, tel ég brtt. sem þessa alveg óþarfa. Ég vil benda á það, að dýrtíðarl. voru samþ. með samhlj. atkv. í báðum deildum Alþ. Og það atriði, sem þessi brtt. hv. flm. fjallar um, var sett inn í dýrtíðarl. þá með fullu samkomulagi. Og með þessari brtt. er því í raun og veru verið að rjúfa þetta samkomulag frá í vor. Hv. flm. frv. segir reyndar, að brtt. sín sé aðeins til skýringar, en þó breytir hún allmiklu, ef að er gætt. Í dýrtíðarl. segir, að ef sex manna n. yrði sammála, þá skuli verð landbúnaðarafurða ákveðið í samræmi við þá vísitölu, er n. finnur, meðan núverandi ófriðarástand haldist. Svo mikilvægt atriði hefur auðvitað verið sett inn í lögin að athuguðu máli, og var það eitt meginatriðið í samkomulaginu.

En með brtt. hv. þm. er farið fram á, að annar grundvöllur en í l. felst verði lagður fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða.

Háttv. 5. þm. Reykv., flm. þessa frv., segir, að ef n. verði ekki sammála um nýjan grundvöll, muni samkomulagið frá í sumar gilda. Það kann að vera rétt, en það yrði þó áreiðanlega ekki til þess að vekja traust á þessu samkomulagi, ef n. klofnaði og farið yrði að deila um niðurstöður hennar. Ég vil þó ekki halda því fram, að óhugsandi sé að hreyfa dýrtíðarl. fyrr en í stríðslok. Það getur verið nauðsynlegt, en grundvöllurinn fyrir því, að dýrtíðarl. sé breytt, er, að fullt samkomulag náist milli allra aðila, sem hlut eiga að máli, eða tilraun sé a. m. k. gerð til að ná samkomulagi.

Hér í hæstv. d. og víðar hafa farið fram allmiklar umr. um niðurstöður sex manna n. En ég held að þessar niðurstöður séu að ýmsu leyti ótímabærar, því að fyrst, þegar skýrslur liggja fyrir um störf og niðurstöður sex manna n., er tímabært og skynsamlegt að leggja endanlegan dóm á niðurstöður hennar. Og ef til vill kynnu nýjar upplýsingar og ýtarleg greinargerð um þessi mál að verða svo sannfærandi, að almennt samkomulag næðist um að gera víðtækar breytingar á dýrtíðarl. En þessar upplýsingar liggja ekki fyrir enn, og því tel ég það ótímabært að breyta lögunum nú, og er það önnur meginástæða mín til að vilja ekki fallast á samþ. þessa frv., eins og sakir standa, hvað sem síðar kynni að verða.

Auk þessa tel ég frv. sjálft alveg óþarft, því að ég er ekki í neinum vafa um, að skilja beri 4. gr. dýrtíðarl. þannig, að ríkisstj. hafi heimild til þess að greiða niður verð landbúnaðarafurða að svo miklu leyti sem hún hefur handbært fé til þess. Hins vegar er það alveg á valdi þingsins, hversu miklu fé skuli varið til þess.

Ég held, að engum og ekki heldur flm. þessa frv. detti í hug að hætta öllum fjárgreiðslum í því skyni að halda niðri dýrtíðinni. Því að þá mundi ný dýrtíðarbylgja falla yfir og ekki yrði ráðið við neitt.

Ég er ekki beinlínis mótfallinn þeirri hugsun, sem í frv. felst, og hef ég því ekki lagt til að fella það, heldur legg ég til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem er birt á þskj. 126, og hef ég í nál. gert grein fyrir efni hennar. Ég skal svo bæta því við, að nái það frv. fram að ganga, sem nú liggur fyrir háttv. Nd., um verðlagningu landbúnaðarafurða, en til þess eru fyllstu líkur, mun verðlagningin verða háð eftirliti viðskiptaráðs, og ætti þá nokkurn veginn að vera fyrir því séð og tilgangi flm. þann veg náð. Annars segir frsm. meiri hl., að því hlutfalli, sem fundið var, verði alls ekki haggað, nema samkomulag fáist um það. En ef nýtt samkomulag næst nú ekki, sé ég ekki, að þessi brtt. hafi nokkra minnstu þýðingu. Ef útilokað er að hagga hlutfallinu, hvað á þá yfirleitt að gera? Ég fæ ekki skilið það.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, en vonast til þess, að þótt skoðanir manna séu skiptar um það, þá sjái menn það þó, að ekki er hægt að gera annað skynsamlegra í þessu máli en samþykkja þá rökstuddu dagskrá, sem ég hef borið fram.

Frsm. meiri hl. (Brynjólfur Bjarnason): Ég er stundum alveg hissa, hvað menn geta verið naskir, þegar þeir hafa hæpinn málstað, að geta fundið fyrir honum einhverjar ástæður, og ég dáist stundum að þessu. Ef ég hefði verið í sporum hv. 1. þm. Eyf. (BSt), hefði ég staðið eins og glópur að eiga að verja svona málstað. Nei, honum tekst að halda hér langa ræðu til þess að verja mál, sem honum finnst algerlega óverjandi, og afleiðingin er sú, að það eru ótrúlegustu hlutir, sem hann getur fundið upp til þess að verja sína afstöðu með. Ég ætla ekki út í það allt hér, enda tel ég það óþarfa að vera að slíku undir þessum umr.

Það er nú fyrst, að hv. þm. heldur því fram, að í dýrtíðarl. sé heimild, sem ríkisstj. hafi til þess að greiða ótakmarkað úr ríkissjóði til þess að borga niður vöruverðið. Hann telur þetta alveg ótvírætt og að það sé ekki vafi á því, að stj. hafi heimild til þess að borga niður vörutegundir eins og kjöt og mjólk, alveg eins og henni sýnist. Hv. þm. sagði, að leiðin til þess að takmarka þetta væri að setja það í fjárl. En í fjárl. í ár er ekkert um þetta, þannig að heimild ríkisstj. er alveg ótakmörkuð. Það er ekkert í fjárl., sem takmarkar þetta, vegna þess að í fjárl. er enginn stafur um það. Þá kemur hann inn á það, að hægt sé í fjárl., sem nú er verið að ganga frá, að taka upp fjárveitingu í þessu skyni og þá sé hægt að ákveða, hvort féð verður veitt og hve mikið. En skilur hv. þm. það ekki, að ef það er rétt hjá honum, að um ótakmarkaða heimild sé að ræða, þá gagnar ekkert, að það sé í fjárl., — ekki hið minnsta. Stj. getur notað ótakmarkað fé til þessara hluta næsta ár, hún getur notað allan tekjuafgang ársins, ef hún hefur þessa heimild, og það er alveg sama, hvað fjárl. segja. Hún getur líka á miðju ári eins og á þessu ári flutt till. um aukna tekjustofna án þess að tilgreina, til hvers hún ætli að nota þá. Hann ætlaði að koma því hér inn, að það væri enginn ágreiningur um, hvernig skilja bæri l. Þykist hann vera svona snjall lögfræðingur? Hann hlýtur að vita, að það eru fjöldamargir lögfræðingar, sem álíta, að ríkisstj. hafi ekki nokkra lagalega heimild til þessa, og álíta, að ef málið færi fyrir dómstólana, þá væri engin heimild fyrir hendi. Ég fyrir mitt leyti hallast að því, að það sé rétt. Hér stendur, að verð á landbúnaðarafurðum skuli vera þetta, sem ákveðið er, og samkvæmt þeim reglum, sem l. setja, hvorki meira né minna. Það verður að selja við þessu verði, og er ekki hægt að greiða það niður nema sérstaklega sé tekið fram, að það sé heimilt. Þess vegna þarf að vera ákvæði um það, að hægt sé að selja við lægra verði. Það stendur: „Þó er stj. heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði". En það getur ekki hafa verið tilgangur löggjafans að gefa stj. óbundnar hendur um það, hversu mikið fé væri veitt í þessu skyni, enda hefur engum dottið það í hug. Vill hann halda því fram, að flokkarnir hafi gert samkomulag um, að stj. hafi heimild til að greiða eins mikið og hún vildi? Vill hann halda því fram, að þetta hafi verið gert vitandi vits? Ég álít, að þetta vald eigi eingöngu að vera í höndum Alþingis. Samt heldur hann því fram, að þetta samkomulag hafi verið gert, þó að hann viti, að meiri hl. var ósamþykkur því, að stj. hafði þessa heimild. Dettur honum í hug, að það sé þetta, sem flokkarnir hafa komið sér saman um? Það, sem um er að ræða, er það, að stj. hefur skilið l. öðruvísi en meiri hl. Alþ. vill vera láta og þingið vill verja sig með því að gera ótvírætt, hvað við er átt.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) heldur því fram, að þetta sé röskun á því samkomulagi, sem gert var í vor. En ég vil segja honum, að það að ætla sér að skilja l. rangt er röskun á samkomulaginu, og vill meiri hl. Alþ. koma í veg fyrir, að reynt verði með rangri túlkun á lögunum að rjúfa það samkomulag.

Svo var það fleira, sem hann sagði, t. d., að það væri ekki rétt að vera að krukka í lögin, vegna þess að menn mundu þá kannske frekar lokkast til að gera á þeim breyt. Það gæti orðið ákaflega hættulegt, ef farið væri að breyta einum stafkrók í þessum l., þótt ekki væri nema til þess að skýra, hvað meint er með þeim, og svo gætu einhverjir freistazt til þess að koma með frekari breyt. Ég skal viðurkenna það, að ég hef látið freistast og hef borið fram brtt. um áframhaldandi starf 6 manna n. og ég er alveg viss um, að þm., sem áhuga hafa á l., mundu hafa borið fram brtt., þótt þessi brtt. hefði ekki komið fram. Ég held, að þetta sé fyrirsláttur, sem þurfi ekki að taka alvarlega. Þá telur þm., að þessi till. sé óþörf. Hann telur hana óþarfa vegna þess, sem hann tók fram — og ég hef áður

rætt, að hægt sé að setja í fjárl. eftir nokkra daga einhver ákvæði um, hve mikið fé megi greiða. Hér er nú um meira en nokkra daga að ræða, því það er um það að ræða, hvort stj. hafi haft þessa heimild og hvort hún skuli hafa hana til áramóta. Ég geri ráð fyrir því, að þegar stj. verður ljóst, að meiri hl. þingsins vill, að hún hafi ekki þessa ótakmörkuðu greiðsluheimild, leggi hún þegar fyrir þingið sínar till. Þm. veik að því, að þetta væri ekki nema formsatriði, því að hann trúi því ekki, að nokkur þm. sé með því, að þessum greiðslum verði hætt. Hvernig getur hann sagt þetta, þegar hann veit, að tveir flokkar eru á móti þessum greiðslum og telja þær rangar? Ég vil ekki fara út í þetta núna, en hann veit ekki, hvernig meiri hl. Alþ. lítur á þetta mál. Sjálfstfl. hefur lýst yfir því, að hann muni ekki skýra opinberlega frá afstöðu sinni, fyrr en stj. hafi lagt fram till. sínar um það, hvort þessum greiðslum skuli haldið áfram. Hins vegar veit hann ekkert um það, hvort flokkurinn vill láta greiða landbúnaðarvörurnar niður framvegis og hve margir eru með því að greiða með þeim, því að ekkert hefur komið fram, sem sannar, að meiri hl. sé með því að greiða uppbætur á kjöt og mjólk til þess að lækka útsöluverðið á þessum vörum.

Um þetta þarf ég í rauninni ekki að ræða frekar. Jafnvel hv. frsm. minni hl. var þeirrar skoðunar, að það væri óeðlilegt, að stj. hefði slíka ótakmarkaða heimild sem hér um ræðir, og ég geri ráð fyrir, að það sé skoðun yfirgnæfandi meiri hl. Alþ., að þannig eigi það ekki að vera og úr því að stj. hafi skilið þetta þannig, að hún hafi þessa heimild, verði að fá ótvírætt úr því skorið, hvort hún skuli hafa hana. Þessi breyt. á dýrtíðarl. til skýringar á þeim — til þess að fá þetta ótvírætt — er svo óhjákvæmileg og svo sjálfsögð, eins og sakir standa, að það þarf ekki að fara um það fleiri orðum. Hins vegar er kannske rétt að ræða ofurlítið um brtt. mína á þskj. 136 og þær mótbárur, sem þm. bar fram á móti henni. Hv. þm. (BSt) vildi halda því fram, að þessi till. mín breytti allmiklu vegna þess, að í dýrtíðarl. er svo ákveðið, að verð það, sem 6 manna n. komi sér saman um á landbúnaðarafurðum fyrir 15. ágúst, skuli gilda til stríðsloka. Aftur er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að endurskoða grundvöllinn. Eins og ég tók fram í upphafi, er ekki um slíka gerbreytingu að ræða, heldur aðeins það, að n. haldi áfram störfum sínum og endurskoði niðurstöður sínar, ef hún geti komizt að réttari niðurstöðu en hún gat fyrir 15. ágúst s. l. Þetta er tilgangurinn og annar ekki. Ég skil satt að segja ekki, hvað hv. þm. sér á móti þessu. Vill hann, að sá grundvöllur, sem nefndin hefur fundið með útreikningi sínum, haldist, þótt rannsókn leiði í ljós, að hann hafi verið meira og minna rangur, og þótt rannsókn leiði í ljós, að hann þurfi endurskoðunar við? Vill þm. halda því fram? Þm. segist vera á móti því, að grundvöllurinn sé athugaður frekar, og er á móti því, að þessi d. samþykki till. um athugun á starfi n. Við skulum nú segja, að það komi í ljós, að þetta sé ónákvæmt og þurfi leiðréttingar við. Vill þm. samt halda því fram, að þrátt fyrir það að n. af ýmsum ástæðum gat ekki fundið réttan grundvöll, eigi að halda sér að röngum grundvelli? Heldur hann, að það mundi eyða óánægju milli þessara aðila? Dettur þm. það í hug? Hann hélt því fram, að ef þessi rannsókn væri látin fara fram, ef n. héldi áfram störfum, mundi það verða til þess að skapa óánægju. Veit hv. þm. ekki, að það er óánægja — og það megn óánægja — með það samkomulag, sem orðið er, þótt flestir fagni því, að samkomulag gat náðst, og það ekki af óeðlilegum ástæðum? Þessi óánægja er einmitt vegna þess, að n. hafði svo litla aðstöðu til þess að gera niðurstöður sínar svo úr garði, að það tæki af öll tvímæli um, að þær væru réttar. Hann viðurkenndi þetta sjálfur. Ef menn koma og segja, að það megi ekki endurskoða þennan grundvöll, enda þótt viðurkennt sé, að mjög hafi skort á, að svo ýtarleg rannsókn hafi farið fram sem þurfti, að þrátt fyrir það þurfi að halda í það gamla, halda menn, að slíkt sé til þess að eyða tortryggni? Það er aðeins ein ástæða, sem getur skýrt afstöðu þeirra manna, sem viðurkenna, að endurskoðunar sé þörf, en vilja samt ekki, að hún fari fram. Þeir gera ráð fyrir, að endurskoðun mundi verða þeim í óhag. Þess vegna vilja þeir halda í ranglætið. Ég fullyrði, að ef menn vilja ekki hafa það, sem réttara reynist, hlýtur það að verða til þess að auka óánægju. Við skulum hugsa okkur, að það gæti orðið samkomulag á milli þeirra aðila, sem bak við 6 manna n. standa, milli Búnaðarfélagsins, Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hagstofustj., að aftur yrði samkomulag um niðurstöður, sem þessir aðilar kæmust sameiginlega að, en þrátt fyrir þetta vilja þm. halda í gamla grundvöllinn og bera því við, að með því sé verið að rjúfa samkomulag flokkanna frá síðasta þingi og því megi ekki raska. Halda menn, að aðilar mundu sætta sig við það? Hins vegar segist hv. þm. þó geta hugsað sér, að það gæti orðið nýtt samkomulag í dýrtíðarmálum um frekari ráðstafanir, en hann vill ekki nýtt samkomulag nema því aðeins, að Framsfl. hér á þingi sé ánægður. Hann vill því aðeins lausn á dýrtíðarmálunum, að réttur Framsfl. til þess að segja: hingað og ekki lengra — sé ótvíræður. Hann vill ætla Framsfl. rétt til þess að segja: „Hér verður ekkert samkomulag", enda þótt fulltrúar Búnaðarfélags Íslands, Alþýðusambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hagstofustjóri séu sammála. Ég get skilið þetta út frá hans þrönga flokkssjónarmiði, en út frá almennu sjónarmiði ekki. Ég álít líka rangt, að þingflokkur Framsfl. gæti einn ráðið því, að samkomulag gæti ekki orðið um þetta mál, enda þótt framleiðslufélög bænda, samtök verkamanna og aðrir gætu orðið sammála. En það var einmitt þetta, sem mér skildist þm. vera að fitja upp á í andstöðu sinni á móti því, að yfirleitt yrði nokkur breyt. hvorki á dýrtíðarl. né þeirri niðurstöðu, sem 6 manna n. komst að. Rétt er að minna hv. þm. á, að með samkomulaginu, sem gert var í vor, afsalaði flokkur hans sér því að geta haft neitunarvald í þessum málum. Hann féllst á það, að hann mundi hlíta því samkomulagi, sem gert yrði af þeim aðilum, sem að n. stóðu. Nú er ekki farið fram á meira við flokkinn en hann hlíti áfram þeim dómi, sem þessir aðilar koma sér saman um. Ég held þess vegna

— alveg þvert á móti þeirri skoðun, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Eyf. (BSt) —, að þessi till. mundi geta orðið til þess að bæta samkomulagið í dýrtíðarmálunum og draga úr óánægju manna með þá samninga, sem þegar hafa verið gerðir. Ég held þvert á móti því að hafna þessari till., að hafna því, að rannsókn sé haldið áfram, sem allir viðurkenna, að sé ófullnægjandi, — að henni sé haldið áfram til þess að komast að réttari niðurstöðu. Að hafna því, sem sannara reynist að dómi allra, sem hlut eiga að máli, mun óhjákvæmilega verða til þess að auka óánægjuna stórkostlega.

Gísli Jónsson: Til þess að gera sér grein fyrir, hvort þm. vildu samþ. rökst. dagskrána á þskj. 126 eða sjálft frv. með brtt. á þskj. 135, er nauðsynlegt að gera sér ljóst, hvort ríkisstj. hefur heimild þá í dýrtíðarl., sem um er rætt, og verður þá að lesa meira en svolítinn kafla í 1. Þær tekjur, sem ætlazt er til, að aflað sé með dýrtíðarl., eru ekki settar í fjárl. síðasta árs og þar af leiðandi ekki heldur gjöldin. Þess vegna miðast öll heimildin aðeins við þessi einu 1. Það var skilningur minn á síðasta þ., og ég hugsa að sá skilningur sé enn fyrir hendi hjá þm. Ef skilningur ríkisstj. er réttur, áttu allar tekjur og útgjöld að koma í fjárlfrv., en hæstv. fjmrh. hefur ekki sett útgjöldin í fjárlfrv. fyrir 1944 til þess að mæta þessu, og það sannar, að hann sjálfur hefur litið svo á, þegar hann útbjó fjárlfrv. og það um tekjuöflun hér og lýsti yfir því, að það fé skyldi ekki notað nema í samráði við þ. Hér er ekki deilt um annað en hvort fjárveitingavaldið skuli færast úr höndum þ. yfir til ríkisstj. og það ríkisstj., sem hefur ekki þingmeirihluta á bak við sig, eða hvort Alþ. á að hafa það, eins og ætlazt er til í stjórnarskránni. Ef stj. telur sig hafa heimild til að greiða til dýrtíðarráðstafana samkv. 23. gr. fjárl., hlýtur líka sú heimild að falla niður í lok ársins. Því er nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að leita þessarar heimildar, áður en árið er útrunnið, þó að hún telji sig hafa heimild fyrir 1943. Ég sé ekki, af hverju ríkisstj. þrjóskast við að gera þessa skyldu sína, hvort það er af eintómum metingi um það, hvort hún eigi að beygja sig fyrir þessu lítilfjörlega Alþ., eða greiða þetta og láta síðan Alþ. banna það.

Ég vil í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Eyf. minna hann á, að þó að aldrei nema þessi l., sem hann vill ekki láta breyta, hafi verið samþ. af meiri hl. Alþ., er honum ljóst, að meðferðin var svo, að ekki var til sóma. Eftir að málið hafði verið vikum saman í Nd., og búið var að breyta því svo, að ríkisstj. þekkti ekki sitt eigið frv., er Ed. fyrirskipað að afgreiða það umhugsunarlítið. Málið var komið í þann eindaga, að það hafðist með herkjum ein nótt og tveir dagar fyrir Ed. til afgreiðslunnar, og hv. 1. þm. Eyf. er vel ljóst, að hér kom fram till., sem hann viðurkenndi þá, að mikið vit væri í að ræða, en það var ekki hægt, og tími vannst ekki til að ganga frá frv. eins og hann og fleiri álitu til meiri sóma. Það hefði kannske verið betra fyrir þjóðina, að Ed. hefði stöðvað málið og hugsað það betur.

Ég vil aðeins minnast á brtt. hv. 5. landsk. þm. og lýsa yfir því, að mér finnst hún mjög varhugaverð, ef hún verður samþ. á þessu stigi málsins. Hún kveður ekkert á um það, að n. skuli öll vera sammála, svo að það má skilja það þann veg, að það sé aðeins meiri hl. n., sem geti ákveðið, að það yrði allt annað verðlag 15. ág. en samið er um nú. Hitt er annað mál, að það þýðir ekki að stimpast á móti, ef í ljós kemur, að niðurstöður 6 manna n. eru ekki réttar. Það verður ekki stætt á því fyrir neinn þm. eða flokk. Ég skal ekki segja, á hvern mundi halla, en þegar slíkt liggur fyrir, er ekki hægt að krefjast þess, að haldið sé í niðurstöðutölur, sem eru fundnar af því, að ekki vannst tími til að finna þær réttu.

Ég mun greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir með brtt. í nál., en ekki með brtt. 136 á þessu stigi málsins.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þegar Alþfl. svaraði bréfi ríkisstj., þar sem leitað var samþykkis flokkanna til að verja auknum hagnaði af tóbakseinkasölunni til dýrtíðarráðstafana, var svarið á þá leið, að hann gæti ekki fallizt á þær dýrtíðarráðstafanir, sem ríkisstj. hafði í huga, og teldi eðlilegt að leita vilja meiri hl. Alþ. um málið. Það liggur í hlutarins eðli, að Alþfl. samþ. efni þessa frv. og mun greiða því atkv. samkv. nál. Ég skal geta þess til viðbótar, að í bréfi ríkisstj. var jafnframt gerð grein fyrir, hverjar ráðstafanir hún hefði í huga, og virtist samkv. því yfirliti mega gera ráð fyrir, að þær mundu kosta um 10 millj. kr., svo að arður af tóbakseinkasölunni út af fyrir sig mundi ekki nema nema 1/5 hluta af því, sem greiða þurfti. Hins vegar mátti ætla af bréfi ríkisstj., að hún mundi hafa talið, að með breyt. á tekjum tóbakseinkasölunnar væri einnig goldið samþykki við ráðstafanir hennar til dýrtíðarlækkunar. Alþfl. gat ekki á þetta fallizt og taldi það einu réttu leiðina að fá fram vilja meiri hl. Alþ. Tveir flokkar svöruðu á þá lund, að þeir gætu fallizt á þetta fyrst um sinn, en Sjálfstfl. lét það fylgja sínu svari, að hann ætlaðist til, að ríkisstj. leitaði samþykki þ. Við fyrirspurn um þetta mál í Nd. frá form. Sjálfstfl. gaf fjmrh. þau svör, að þar sem hann teldi sig hafa samþykki tveggja stærstu flokkanna til þess fyrst um sinn að greiða verðuppbætur, sæi ríkisstj. ekki ástæðu til að leita frekari heimildar og mundi halda áfram þeim greiðslum, þar til er þ. tæki í taumana.

Ég verð að segja, að eftir þetta svar tel ég eðlilegt, að þetta frv. verði samþ., og að það sé skýrt tekið fram, að sú heimild, sem ríkisstj. telur vera í dýrtíðarl., verði bundin samþykki Alþ. Það er tvímælalaust, að fjárveitingavaldið er hjá Alþ., en það væri ekki nema að nafninu til, ef ríkisstj. gæti haldið áfram til stríðsloka að greiða án þess að leita samþykkis Alþ. Ég tel því rétt, að frv. verði samþ., og geri ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að síðan beri ríkisstj. fram till. í einhverju formi um fjárveitingu í þessu skyni og komi þá glögglega fram, hverjir fallast á þær uppbótargreiðslur, sem ríkisstj. hefur upp tekið.

Ég skal ekki fara að ræða um dýrtíðarráðstafanirnar í heild, en vil aðeins benda á, að eftir

áætlun ríkisstj. var gert ráð fyrir, að sú vísitöluhækkun, sem mundi verða, ef ekki væru uppbótargreiðslur á kjöt og mjólk, mundi nema 15%. En um þetta leyti skeður það öllum að óvörum, að vísitalan hoppar upp um 15 stig, þó að ríkissjóður þurfi að verja stórfé, vegna kartöfluhækkunarinnar. Þetta voru slysaleg mistök hjá ríkisstj., því að ég álít rangt, að ríkisstj. hafi skort heimild til að halda í verð á kartöflum.

Ég hygg, að ekki þurfi að greina fleira til að skýra, hvað veldur afstöðu Alþfl. til frv. En það liggur líka fyrir brtt. frá hv. 3. þm. Reykv., á þskj. 136, þar sem gert er ráð fyrir, að vísitölun. verði falið að endurskoða grundvöll vísitölu þeirrar, sem hún sjálf hefur út fundið, og ákveða verð samkv. því fyrir 15. ág. ár hvert. Ég get alls ekki fallizt á þessa brtt. Mér finnst það einkennileg aðferð að fela n. sjálfri að endurskoða grundvöll, sem hún hefur sjálf orðið sammála um, og ég vil benda á í því sambandi, að það mundi þykja næsta undarleg aðferð að fela kauplagsn. að endurskoða grundvöllinn undir kauplagsvísitölunni. Sérstakir menn voru til þess nefndir. Og það er ekki nóg með þetta, heldur á n. sjálf að meta, hvort og hvenær ástæða er til að láta endurskoðun fara fram. Svo upplýsir hv. flm., að það sé ekki ætlunin, að þær breyt., sem 5 af 6 nm. telji eðlilegar, gildi, ef einn sé á móti. Þá situr allt við samkomulagið. Nú er því margyfirlýst, bæði af hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Str., að þeir séu sannfærðir um, að niðurstaða 6 manna n. sé rétt og sanngjörn. Það er alveg fullvíst, að jafnvel þó að 5 nm. kæmust að þeirri niðurstöðu, að grundvöllurinn væri rangur, þá mundi framsóknarmaðurinn í n., sem er ákveðinn flokksmaður, — það þýðir ekki að draga neina fjöður yfir það, — segja nei, og allt væri óbreytt. Ég skil því ekki, hvað hv. flm. hyggst að vinna með samþ. till. Til viðbótar hefur ríkisstj. skipað nýja samkomulagsn. til þess hvorki meira né minna en að ná samkomulagi um niðurfærslu dýrtíðarinnar. Hvort sem ástæða er til að vænta árangurs eða ekki, má gefa sér tóm til að bíða eftir till. hennar. Enn fremur hefur hv. d. fyrir fáum dögum samþ. ályktun og skorað á ríkisstj. að leggja fyrir næsta Alþ. ýtarlega grg. um grundvöll þann, er vísitölun. fann og byggði niðurstöður sínar á. En áður en þessi grg. liggur fyrir, sem þ. er búið að krefjast, ætlast flm. brtt. á þskj. 136 til þess, að d. samþ. að fela vísitölun. sjálfri án ábendingar um það, hvað athuga ber, að endurskoða grundvöllinn eftir því, sem n. sjálf telur ástæðu til. Ég vil ekki fortaka, að eftir að upplýsingar eru fengnar, sem ég vona, að hæstv. ríkisstj. sjái um, að komi sem fyrst, get ég vel hugsað, að ég kunni að óska breyt. og að óskir mínar hnígi þá í sömu átt og hv. flm. En eins og nú er, er ekki ástæða til að samþ. till.

Magnús Jónsson: Ég er einn í meiri hl. fjhn. og þarf ekki að gera grein fyrir mínu atkv. Ég vil samt stuttlega skýra afstöðu mína. Það er eitt atriði, sem mér finnst ekki hafa komið fram, nefnilega, að hér er um sjálfsvarnarátök þ. að ræða. Það hefur, — þó að undir rós sé, — verið dregið í efa, hvað Alþ. eigi að hafa ríkan rétt til að ákveða fjárframlög úr ríkissj. Þetta er stórt atriði og nauðsynlegt, að þm. geri sér það ljóst. Það kom skýrt fram hjá hæstv. fjmrh., þegar frv. um tóbakseinkasöluna var til umr., að hann taldi sig í vafa um rétt ríkisstj. samkv. 4. gr. dýrtíðarl.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel enga vanvirðu að því, þó að ég hafi ekki hugsað um þetta mál sérstaklega í þessu sambandi, en mér finnst við nánari athugun koma skýrt í ljós, hversu stórkostlegir vankantar eru á þessari 4. gr. Það eru tvö atriði, sem koma sérstaklega til greina, og þá í fyrsta lagi, hvort þessi heimild geti náð fram yfir þá tekjuöflun, sem um getur í 1. gr. í sömu l. En í 2. gr. segir fyrir um, hvernig þeim tekjum skuli varið:

„Tekjum þeim, sem aflað er samkv. 1. gr., skal varið til að standast kostnað þann, er ríkissjóður kann að hafa af framkvæmd 4. og 5. gr. laganna".

En í 4. gr. er þessi heimild, sem hér um ræðir. Og það virðist nokkurn veginn liggja í augum uppi, að sú heimild 4. gr. l. er takmörkuð við það, að Alþ. leggi hér til peninga, sem stjórnin megi verja til þess að standast þann kostnað, sem kann að verða af ráðstöfunum samkv. 4. og 5. gr. l. Ef fjárupphæð 1. gr. l. reynist vera takmörkuð, þá er hún takmörkuð við þá fjárhæð, sem ríkisstj. hefur til umráða til þess að ákveða lægra verð á landbúnaðarafurðum. Ef litið er á 1. og 2. gr., þá finnst mér það sannast að segja nægja til þess, að stjórnin eigi að fara sér hægt í það að telja sig hafa heimildina fullkomna og ótakmarkaða. En auk þess er svo við nánari athugun, að mikill vafi er á, hvað felst í ákvæðum 4. gr. l. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að við lauslega athugun geti litið svo út, að hér sé um ótakmarkaða heimild að ræða. Í 4. gr. stendur:

„Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði."

Margir kynnu kannske að álíta, að stj. hafi með þessu heimild til að leggja fram ótakmarkað fé úr ríkissjóði. En það hefur hins vegar verið margbent á það, að hér er um svo tröllaukna heimild að ræða, að slík heimild hefði aldrei verið veitt á Alþ. Því að ef um væri að ræða að veita ótakmarkað fé til þess að ákveða verð á þessum afurðum, gæti verið um tugi milljóna að ræða. Þegar maður hefur því athugað þetta eitt út af fyrir sig, er það nóg til þess, að þm. gagnrýni þetta og þeim standi stuggur af. Annars eru aðalatriði þessarar málsgr. viðvíkjandi störfum sex manna n. Ef þessi n., sem á að finna hlutfallið milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarfélaga, hefur orðið sammála, er þar með ákveðið það verð, sem vera skal á þessum einstöku landbúnaðarafurðum. En þegar búið er að ákveða þetta verð, þá er eins og þeirri hugsun skjóti upp, að það gæti orðið nauðsynlegt, að ríkisstj. tæki einhvern þátt í greiðslum þessu varðandi og því hafi þessi setning verið sett inn til viðbótar ákvæðinu. Það virðist hafa verið svo, að eftir að búið var að slá

föstu, hvaða verð á landbúnaðarafurðum skyldi vera, þá hafi verið farið að hugsa út í, að þetta verð gæti hækkað vísitöluna, svo að því hafi þetta verið eina smugan fyrir ríkisstj., þangað til Alþ. kæmi saman. En fyrir utan þetta er orðalagið ekki eins skýrt og það gæti verið í setningunni:

„Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði."

En hver ákveður framlög úr ríkissj. annar en Alþ.? Alþ. ákveður öll framlög úr ríkissj. samkvæmt stjórnarskránni. Aftur á móti má skilja þetta þannig, að Alþ. sé að fá ríkisstj. þessi völd í hendur með þessu orðalagi í umræddri grein. Nú vil ég segja það, að þegar slíkur vafi er á, þá finnst mér ekki vera hægt að gefa skýrari svör en veitt voru í svari Sjálfstfl. við fyrirspurn ríkisstj. um þetta efni. Í svari hans er dregið í efa, hver hafi heimildina, en hins vegar komi ekki til neinna mála, að stj. noti sér hana, meðan Alþ. situr. Hér er því um að ræða, hver hefur heimildina. Stj. segir ég. Alþ. segir ég. Og það er því þetta, sem Alþ. verður að athuga vel við ákvörðun um þetta frv. Mér finnst því sjálfsagt, að Alþ. samþykki þetta frv., sem aðeins fer fram á að skera úr þessu vafamáli. Hér er alls ekki einu orði á það minnst, að Alþ. ætli að taka afstöðu á móti ríkisstj. eða sé með nokkrar átölur til hennar, þó að hún hafi veitt þetta fé. Áður en ég lýk máli mínu, vil ég með nokkrum orðum minnast á brtt. 136. Mér er ekki hægt að koma auga á neitt hættulegt við þessa brtt., eins og ég skil hana. Í dýrtíðarl. sjálfum eru tímabundin ákvæði um þessa sex manna n. og störf hennar, sem segja, að ef hún komist að samkomulagi, skuli hún ljúka störfum og skila áliti til ríkisstj. fyrir 15. ág. 1943. Samkomulag hefur fengizt í n. og haggast ekki, þó að þessari gr., sem brtt. getur um, verði bætt við gr. dýrtíðarl. Ég skil því brtt. eingöngu þannig, að hún eigi að vera til þess, að n. haldi áfram störfum sínum við að fá þennan grundvallarkostnað fastan með auknum upplýsingum. Það var sagt hér áðan, að það væri einkennilegt að fela sömu n. að endurskoða þennan grundvöll og það væri betra að fela þetta starf einhverjum öðrum. Mér finnst ákjósanlegast að fela þetta starf einmitt þessari n., því að hún hefur sett sig vel inn í vandamálin, og því bezt kunnug þessum málum. Mér finnst nægilegt að benda á það, að n. kannast sjálf við, að sá grundvöllur, sem hún fann, sé engan veginn eins fullkominn og hann þarf að vera. Með leyfi forseta vil ég benda á örfá atriði úr nál. T. d. við ákvörðun á verði kjarnfóðurs er byggt á skýrslum frá aðeins fjórum kaupfélögum. Það væri æskilegt að athuga þetta nánar, því að við slíkar niðurstöður þarf miklu víðtækari rannsókn. Um kaup bóndans segir í nál.: „Framvegis verður tíminn væntanlega ekki eins naumur, og mætti þá gera þessar skýrslur víðtækari, ef ástæða þykir til". N. hafði takmarkaðan tíma til starfa. Út af búreikningunum gagnrýni ég það, að stuðzt var aðeins við 40 búreikninga á hverju ári. Þegar leitað var upplýsinga um kaupgreiðslur til bænda, var aðeins snúið sér til eins hreppstjóra í hverri sýslu. Það er alveg augljóst mál, að miklu betra væri að afla fleiri skýrslna, enda segir n., að hún telji réttara, að skýrslur um kaupgreiðslur verði framvegis fengnar úr tveim hreppum í hverri sýslu. Hins vegar var tími nm. naumur, eftir að skýrslum var skilað, og það orsakaði, að þeir gátu ekki gert eins víðtækar skýrslur og þeir hefðu á kosið. Þessi brtt., sem hér um ræðir, álítur líka, að gefa eigi n. meiri tíma til þess að endurskoða og athuga þessa útreikninga, ef ástæða þykir til. Aðrar raddir hafa komið fram um að fela öðrum þetta verk og sé þá eðlilegast að fela það Hagstofunni. En mér finnst eðlilegast að fela það þeirri n., sem hefur unnið við þessi störf, svo að hún geti unnið áfram eftir sömu reglum við að fá þennan grundvöll fastari, og að hún fái þannig betri aðstöðu til þess.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er nú nokkuð liðið á fundartímann, og mun ég því ekki verða margorður. Ég get ekki séð, að mikið hafi verið hrakið af því, sem ég sagði. Hv. frsm. meiri hl. n. hélt hér ræðu, sem fjallaði mest um að berjast við skoðun, sem hann að vísu sagði, að ég hefði haldið fram, en ég hélt alls ekki fram. T. d. sagði hann, að ég hefði haldið fram, að alls ekki mætti breyta dýrtíðarl. Þetta er ekki rétt. Ég taldi þörf á að breyta dýrtíðarl., en það var tvennt, sem ég taldi því til fyrirstöðu, í sambandi við frv. hans nú. Í fyrsta lagi álít ég, að ekkert samkomulag sé fyrir hendi, en hins vegar væri verið að undirbúa það, svo að þar af leiðandi væri breyt. ekki tímabær. En hitt sagði ég aldrei, að ekki mætti breyta dýrtíðarl. eða ekki fyrr en eftir stríð. Þessi maður sagðist dást að mér fyrir það, hversu vel mér hefði farnazt að verja rangan málstað. Ég tel mig nú ekki neinn mælskumann, en ég veit það, að auðveldara er að verja réttan málstað en rangan. Og ætli ástæðan fyrir því, að mér farnaðist vel að verja minn málstað, stafi ekki einmitt af því, að ég leitaðist við að færa rétt og skynsamleg rök fyrir mínu máli? Aftur á móti verð ég að viðurkenna það, að ég dáist ekki að frsm. meiri hl. fyrir málaflutning hans, þó að ég viti, að hann sé mælskumaður, eins og kommúnistar eru margir. Ætli ástæðan fyrir því, að honum vafðist tunga um tönn, sé ekki sú, að málstaður hans var ekki eins góður sem skyldi? Þessi þm. sagði það, út af því, sem ég hef sagt, að ákvæði fjárl. um þetta efni kæmu ekki að neinu gagni, ef stjórnin hefði ótakmarkaða heimild til þess að greiða þetta fé, sem hún hefur greitt undanfarið. Ég hef aldrei haldið því fram, að ríkisstj. hefði ótakmarkaða heimild, og einmitt af því að hún hefur ekki ótakmarkaða heimild, hljóta ákvarðanir fjárl. eða ákvarðanir þ. að nægja, án þess að l. sé breytt. Hins vegar hefur ríkisstj. skýlausa heimild, svo langt sem hún nær, í 4. gr. dýrtíðarl. Takmörkunin á heimild stj. er ekki í l., heldur í því, að stj. hefur ekki rétt til þess að leggja skatt eða önnur gjöld á landsmenn. Ráðstafanir stj. hljóta því að takmarkast af því, hvaða möguleika þ. gefur henni til þess að framkvæma þetta. Í sjálfum lögunum frá í vor var í fyrstu gr. þeirra heimild til nýrrar skattaálagningar á landsmenn einmitt í þessu skyni. Allir munu sammála um það, að stj. hafi fyrst og fremst

haft fullan rétt til að verja því fé, sem l. leyfðu henni, til dýrtíðarráðstafana. Það er örstutt síðan Alþ. samþ. l. um tekjuöflun fyrir ríkisstj., sem beinlínis voru borin fram í því skyni að standast kostnað við þessar aðgerðir fyrst um sinn, og tel ég, að sú samþykkt sé í gildi enn. Frsm. meiri hl. sagði, að lögfræðingar teldu, að ríkisstj. hefði ekki nokkra heimild til þess að greiða þetta fé. Það kann að vera, að lögfræðingar hafi sagt þetta, en hins vegar er ekki alltaf rétt, sem þeir segja, og þá greinir sjálfa á. Það er erfitt að skilja það, að menn neiti því, að ríkisstj. hafi heimild til að verja því fé, sem fyrir hendi er og beinlínis er útvegað í þeim tilgangi af Alþ., en slíkt fé er enn fyrir hendi og rennur daglega í ríkissjóð. Frsm. var að minnast á það, að þetta ákvæði hafi verið sett inn í lögin til þess að lækka verð á vörum, en það væri auðvitað því skilyrði bundið, að Alþ. samþ. það á hverjum tíma. Ég sé ekki, að þetta hefði þá haft inn í lögin að gera, því að Alþ. getur á annan hátt veitt fé í þessu skyni á fjárl. Vitanlega var þetta sett inn í lögin, til þess að stj. notaði þessa heimild, ef henni þætti þess þurfa. Frsm. meiri hl. sagði, að samkomulag um, að stj. hefði þessa heimild, hefði aldrei verið gert. Ég get ekki sagt um það, hvort allir þm. viti, hvað þeir eru að gera, þegar þeir setja ákveðin fyrirmæli inn í l. Það getur vel verið, að þannig hafi verið ástatt fyrir hv. 5. þm. Reykv., að hann hafi ekki gert þetta vitandi vits. Það er skylda allra þm. að vita, hvað þeir samþ., og ákvæðin í 4. gr. dýrtíðarl. eru alveg skýlaus. Hann hélt því fram, að það væri ekkert hættulegt að bera fram brtt. á dýrtíðarl., en þeir, sem vildu breyta þeim á annað borð, hefðu hins vegar getað það, þó að frv. hefði aldrei komið fram. Samt var það svo, að hv. 5. þm. Reykv. bar ekki fram brtt. sína fyrr en eftir, að frv. kom fram. Það sýnir, að í fyrstu hafði hann ekki hug á að gera nema eina breyt. á l. til þess að tryggja betur rétt Alþ. En úr því að hann er að bera fram breyt. á l., þá fer hann að hugsa, hvort ekki sé ástæða til þess að breyta einhverju fleira. Hvernig skýrir hann það, að hann setti þessar breyt. ekki strax í frv.? Hann segir, að tveir þingflokkar væru á móti þessum fjárgreiðslum. Þetta eru alveg nýjar upplýsingar, sem ég hef ekki heyrt fyrr. Ég hef ekki heyrt annað en það, að þessir þingfl. hafi tjáð sig móti því, að stj. notaði tekjur af Tóbakseinkasölu ríkisins og Áfengisverzluninni nema með sérstöku samþ. Alþ. Þá segir hann, að ég vilji láta Alþ. ákveða, hve miklu fé verði varið í þessu skyni. Þetta er alveg rétt. Ég vil láta Alþ. ákveða það á eðlilegan hátt, eins og ég tók fram í fyrstu ræðu minni um þetta efni. Hann hélt því fram, að brtt. sín hefði mikla þýðingu og væri til eflingar samkomulaginu frá í vor. Það má vera, ef n. verður sammála, en ég hef reiknað með því, að n. gæti orðið ósammála, og þá yrði síðari villan verri hinni fyrri. Hann spurði enn fremur, hvort rangur grundvöllur ætti að haldast. Ég tók það fram, að málið er í rannsókn hjá nýrri 6 manna n. samkv. ósk. d., og komi það í ljós, að um rangan grundvöll sé að ræða, þá er fyrst tímabært að ráða bót á því, en sem stendur er það ótímabært. Ummæli þm., að ég vilji halda við ranglætinu, tel ég ekki svara verð. (**BrB**: Ég hef aldrei fullyrt að hér væri um ranglæti að ræða). Þá þarf engar vífilengjur hér um, fyrst ekki er vitað, hvað er réttlæti og hvað ranglæti.

Ég held þá, að ég þurfi ekki að ræða meira við þennan hv. þm. sökum þess, að hann fékkst svo mikið við það, sem ég hef aldrei sagt.

Hv. þm. Barð. (GJ) talaði um þessar margumtöluðu fjárgreiðslur ríkisstj. og sagði, að þær hefðu átt að koma á fjárl., en svo stóð þá á, að þetta var ekki auðið, því að fjárl. voru samþ. löngu á undan dýrtíðarl. Hann sagði, að meðferð málsins væri þ. ekki til sóma. Þar er ég sammála, og meðferð Nd. á okkur í Ed. var óhæfileg, þar eð þeir ætluðu okkur að afgreiða á 2 dögum það, sem þeir voru búnir að vera með í margar vikur.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hér væru átök um rétt þingsins. Ég er því ekki sammála. Annars vegar er stj., sem vantar fé, og hins vegar þingið, sem getur látið stj. fara frá, hvenær sem er. Þetta er því misskilinn metnaður fyrir hönd þ. Annars sagði þm. það eina, sem sagt hefur verið af viti um þetta mál af meðhaldsm. frv. En það var, að heimild ríkisstj. væri úr gildi fallin. Þessu er hægt að halda fram, þó að ég fallist ekki á það. En hitt, að segja að þótt stj. hefði slíka heimild, þá eigi hún ekki að nota hana nema meðan á þingi stendur, — slíkt skil ég ekki, og ef stj. ætti að leita álits þ. um öll mál, sem henni er fengin heimild um, þá yrði þ. tafsamt, og virðist mér við ekki þurfa að sakast um slíkt. Ef ekkert nýtt kemur fram, sem ég hef ekki áður heyrt, geri ég ekki ráð fyrir að taka aftur til máls.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Brynjólfur Bjarnason): Það fara sennilega að verða nógu langar umr. um þetta mál, ekki stærra en það er, en ég vildi þó gera nokkrar aths. við það, sem fram hefur komið.

Mig furðar mjög á afstöðu hv. 3. landsk. til till. minnar á þskj. 136. Hann fullyrti, að niðurstaða sex manna nefndarinnar sé mjög hæpin og þurfi því endurskoðunar við. Samt vill hann ekki láta nefndina halda áfram að starfa, heldur skilst mér, að hann vilji láta aðra vinna það verk. Hann benti á í því sambandi, að ekki hefði vísitölun. framfærslukostnaðar verið falið að rannsaka sinn eigin grundvöll. Þetta er alrangur samanburður. Vísitölun. framfærslukostnaðar er ekki samningan., heldur eru þar að verki starfsmenn ríkisins, sem hafa haft nægan tíma til að viða að sér öllum gögnum til að fá sem réttasta vísitölu. Sex manna n. er aftur á móti samninganefnd, og hefur hún sjálf lýst yfir, að hún hafi ekki haft tíma til að afla fullnægjandi gagna. Hún beinlínis gerir ráð fyrir því að geta haldið áfram, og hún óskar eftir því og marglýsir yfir því í nál. sínu. Ég þarf ekki að lesa það upp, sem hv. 1. þm. Reykv. las upp úr nál. í ræðu sinni, þar sem n. tekur fram, að hún gerir beinlínis ráð fyrir því, að afla þurfi frekari gagna til að endurskoða niðurstöður, sem hún komst að. Spurningin er þá bara: Á n. að fá

það, eða á að meina henni það? Það er gagnslaust að fela öðrum mönnum að vinna þetta verk, nema það sé meiningin að rjúfa það samkomulag, sem gert var með dýrtíðarl. í vor. Sú þál., sem rætt hefur verið um í þessu sambandi, kemur ekki þessu máli við. Þar er skorað á stj. að láta reikna út, hvaða verð hefði verið á landbúnaðarafurðum 1939—1942, ef það hefði verið ákveðið samkv. grundvelli sex manna nefndarinnar. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. stj. muni snúa sér til n. um þetta, en í þessari þáltill. er ekki minnst á að rannsaka þann grundvöll, sem n. fann og byggði á það verðlag, sem hún ákvað, enda er það svo, að það getur sex manna n. ein gert, meðan fyrirmæli dýrtíðarl. eru í gildi, vegna þess að það er hún ein, sem hefur vald til að ákveða verðið, enda er hún kunnugust þessum málum og bezt fær til að vinna verkið. Ef mönnum, sem eru í n., er ekki treyst, þá geta auðvitað þau samtök, sem þeir eru fulltrúar fyrir, skipt um menn, það er annað mál.

Þá var hv. 3. landsk. að fetta fingur út í, að í till. minni á þskj. 136 stendur, að n. skuli framkvæma þessa endurskoðun, ef ástæða þyki til. Mér skilst, að hann vildi fyrirskipa, að rannsóknin færi fram. En ef n. telur enga ástæðu til að rannsaka grundvöllinn, þá er beinlínis hlægilegt að fyrirskipa henni að gera það. En nú er vitað, að n. er sammála um, að endurskoðun þurfi að fara fram. Um það liggur fyrir skýr yfirlýsing frá n. sjálfri. Ég skil þess vegna ekki vel, hvað hv. þm. er að fara. Ef hann vill fela nýjum aðilum að gera ákvarðanir um verð á landbúnaðarvörum fyrir næsta ár, en banna sex manna n. að gera það, þá er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo, að hann vilji rjúfa samkomulagið og hverfa frá, að verðið sé ákveðið með samkomulagi milli bænda og neytenda, og þar erum við þá gerólíkrar skoðunar.

Þá er hv. 1. þm. Eyf. Það fer að verða jag á milli okkar. Hann sagði, að breyta mætti dýrtíðarl., ef allir væru sammála, og á næstu stund segir hann, að hann hafi ekkert á móti því út af fyrir sig, að sú breyt. verði gerð, sem fram á er farið á þskj. 135, en það megi ekki samþ. hana, fyrst hún hrófli við dýrtíðarl. Þið takið eftir rökfærslunni. Það eru tvær fullyrðingar: Það má breyta dýrtíðarl., ef allir eru sammála, og næst: Það má ekki samþ. þessa brtt., af því að það má ekki hrófla við dýrtíðarl. Svona rökfærsla mun heita vítahringur eða blátt áfram hringavitleysa. (**BSt:** Svona málfærsla mundi nú á alþýðumáli heita ósannindi, blátt áfram). Mér var ómögulegt að skilja hann öðruvísi en svona. Hann segir, að stj. hafi ekki ótakmarkaða heimild til að greiða niður verð landbúnaðarafurða, því að hún takmarkist af því, hvað mikið fé sé til umráða í ríkissjóði. M. ö. o., ríkisstj. má tæma ríkissj., en ekki heldur meira. En má ég spyrja: Er til öllu ótakmarkaðri heimild um fjárveitingar úr ríkissjóði en þetta? Ég þekki það ekki. Þess vegna taldi ég þetta ótakmarkaða heimild.

Þá segir hann út af till. minni á þskj. 136, að ef rannsókn leiði í ljós, að grundvöllurinn, sem vísitölun. fann, sé rangur, þá sé kannske kominn tími til að breyta l. og benti hann þar á þá þál., sem nýlega hefur verið samþ. í d. Eins og ég sagði áðan, er það mesti misskilningur, að sú till. feli í sér, að neinum sé fyrirskipað að rannsaka grundvöll sex manna n., sem hún byggði verð sitt á. Hins vegar er ekki hægt að ganga úr skugga um, hvort grundvöllurinn er rangur eða réttur nema með rannsókn, og það er það, sem till. á þskj. 136 fer fram á.

Ég álít, að ekki megi fresta þessu máli. Það þolir enga bið. N. verður að fá að rannsaka þetta, og hún þarf að fá nægan tíma til starfa. N. óskar og gerir ráð fyrir, að hún fái að starfa áfram, sbr. nál. Á að neita henni um að finna réttari niðurstöðu, þó að hún sjálf telji það nauðsynlegt? Það er spurning, sem verður að svara, þegar till. mín á þskj. 136 kemur til atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í deilur þær, sem eru milli hv. 5. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Eyf., en í síðustu ræðu hv. 1. þm. Eyf. féllu nokkur ummæli, sem ég vil ekki láta ómótmælt.

Hv. þm. segir, að búið sé að samþ. hér á þingi tekjuöflun til að greiða niður dýrtíðina. Ég hélt, að ég sæti hér eins mikið og aðrir þm., en ég hef ekki orðið var við, að þetta hafi verið gert. Ef hann á við þá hækkun, sem samþ. var á tóbaki, þá vil ég benda honum á, að hann sem nm. í fjhn. undirskrifaði nál. — að vísu með fyrirvara —, þar sem þetta stendur, með leyfi hæstv. forseta:

Meiri hlutinn telur ekki óeðlilegt, að rýmkuð sé álagningarheimild á tóbaki eða ákveðnum tegundum þess, og getur af þeim ástæðum mælt með því, að frumvarpið verði samþykkt. En um ráðstöfun á því fé, sem aflað verður með frv., hefur fjármálaráðherra skýrt nefndinni frá yfirlýsingu, er hann muni gefa við 2. umr., og telur meiri hlutinn þá yfirlýsingu fullnægjandi til þess að tryggja vald þingsins til ráðstöfunar fjárins.

Það var þannig gert að skilyrði hjá n., að það þyrfti samþ. þingsins til að nota þetta fé, sem því yrði varið til að greiða niður eða eitthvað annað, en þetta samþykki hefur hæstv. stj. ekki fengið enn þá. Það hefur að vísu verið leitað til flokkanna um að mega nota þetta fé til að greiða niður dýrtíðina. Hún hefur fengið það svar frá Framsfl., að hún mætti það, en skilyrðisbundið svar frá stærsta flokknum í þinginu, Sjálfstæðisfl., og meðan þessi skilyrði eru ekki uppfyllt, hefur hún ekki leyfi til að nota féð í þessu skyni. Þess vegna er nauðsynlegt að samþ. þetta frv. til að halda fjárveitingavaldinu hjá þinginu, en hvorki hjá Framsfl. né stj. Og ef það hefði komið fram við umr. um frv. um hækkun á tóbaki, að stj. ætlaði að nota þessar tekjur til dýrtíðarráðstafana án þess að fá til þess leyfi þingsins, þá hefði frv. verið stöðvað og hæstv. stj. ekki fengið þessar tekjur.

Hv. þm. gat þess, að ekki væri von, að þetta hefði komið inn á fjárl., því að þeim hefði verið lokið þá. Það er rétt, en þrátt fyrir það hefði stj. getað sett þessa fjárveitingu inn í næsta fjárlagafrv., en í því frv. er ekki ein króna til að greiða niður dýrtíðina.

Það er enginn vafi, að þingið meinti, þegar það gekk frá dýrtíðarl. og ákvað, hvaða tekjur skyldu

koma samkvæmt þeim l., að heimild l. skyldi miðuð við þá tekjuöflun og ekkert annað.

Ég hef aðeins viljað láta þetta koma fram, því að ég tel alveg rangt, að það sé ómótmælt, að þessi heimild hafi verið samþ. hér á þingi.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær rökræður, sem hér hafa átt sér stað um það, hvort samþ. eigi þetta frv. eða ekki, en vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til málsins með örfáum orðum.

Ég vil fyrst taka fram, að Framsfl. hefur aldrei fallizt á, að þær aukatekjur, sem ríkissj. áskotnast fyrir þá verðhækkun, sem Alþ. samþ. nýlega á tóbaki, verði notaðar til að borga niður dýrtíðina nema fyrst um sinn. Leyfi Framsfl. er því tímabundið, en þó ekki skilorðsbundið eins og hjá Sjálfstfl. En viðvíkjandi þeirri heimild, sem er í 4. gr. dýrtíðarl., er það að segja, að hún virðist vera allákveðin. En eins og hún er til komin, þá kann að vera, að hún verði talin vafasöm, vegna þess að það er næstum því vitað, að þegar þessi l. voru samþ., þá bjuggust menn alls ekki við samkomulagi. En nú, þegar það er komið á daginn, að samkomulag náðist í sex manna n., vilja menn ekki sætta sig við það verðlag, sem þar varð samkomulag um. Það má því segja, að l. hafi verið samþ. með forsendum, sem hafi ekki rætzt. Meiri hl. þ. bjóst ekki við, að samkomulag næðist, en þegar svo samkomulag verður, kemur sú óánægja, sem við heyrum nú, út af þessari heimild. Það er rétt að segja þetta hér á þingi, því að svona liggur í málinu.

Það er um það deilt, hversu miklar heimildir hæstv. ríkisstj. hafi til að borga niður dýrtíðina. Því er yfir lýst af sósíalistum og jafnaðarmönnum, að þetta frv. sé borið fram og því fylgt vegna þess, að þeir vilji afnema þær heimildir, sem hæstv. stj. kann að hafa, eða a. m. k. takmarka þær verulega. Framsfl. aftur á móti vill leyfa stj. að borga dýrtíðina niður, en Sjálfstfl. vill láta hana bera fram till. hér á þ. til að afla slíkra heimilda. Það er því erfitt að átta sig á málinu í svipinn. Frá hendi Sjálfstfl. kann að vera, að þetta sé formsatriði, þeir líti svo á, að stj. hafi vafasama heimild, og þeir vilji afnema hana til að veita henni aðra nýja og vafalausa í staðinn. En áður en það liggur fyrir, er erfitt að ræða málið, því að það er erfitt að hefja hér langar umr. um efni, sem kann að vera aðeins form af hálfu þessa flokks, því að ef Sjálfstfl. samþ. nýja heimild til að borga niður dýrtíðina, þá er málið komið í sama horf og það er nú að áliti stj., því að hún telur sig hafa þessa heimild. En verði heimildin takmörkuð eða felld niður og ekkert sett í staðinn, þá er þetta orðið mál, sem hefur efnislegt innihald. Ég hef áður látið orð falla um það hér í d. og vil endurtaka það nú, að ég tel meira en lítið vafasamt, að hægt sé til lengdar að borga dýrtíðina niður. En ég sé mér ekki fært að fallast á, að þessar heimildir séu af hæstv. stj. teknar, ef hún hefur þær, eða tekið fram fyrir hendurnar á henni, meðan ekki er hægt að benda á nýjar aðferðir og meðan verið er að reyna að starfa að því að reyna að finna einhverja framtíðarlausn á dýrtíðarmálunum, því að ekki er hyggilegt, þó að maður búi í lélegu húsi, að rífa það ofan af sér, jafnvel þótt hjallur sé, áður en hægt er að útvega sér eitthvert annað húsaskjól. Ég, sem er manna mest efins í, að unnt sé að borga niður dýrtíðina til lengdar, vil samþ. till. hv. 1. þm. Eyf., vegna þess, að hún gefur aðeins frest til að borga niður dýrtíðina og halda í horfinu eins og er, meðan verið er að finna nýjar leiðir, og í dagskránni er sú takmörkun, sem þingið er að óska eftir. Ég hygg, að sú takmörkun, sem felst í dagskránni, sé nægileg í svipinn. Á þessu stigi er erfitt að ræða málið, á meðan ekki er vitað, hvort það er aðeins formsatriði hjá Sjálfstfl. Ég geri ráð fyrir, án þess að ég viti það, að Sjálfstfl. hafi, áður en hann gekk að því að afnema þessa heimild, gert það upp við sig, hvaða skref hann ætlar að stíga í þessu máli næst. Hjá þinginu klingir nú stöðugt við: Ég vil ekki heyra þetta, ég vil ekki heyra hitt, — og þetta endar með vinnubrögðum, sem eru að gera þingið smám saman óstarfhæft. Ég er ekki að segja þetta í sambandi við þetta mál, því ég þykist vita, að Sjálfstfl. sé búinn að ákveða þá leið, sem hann ætlar að fara í því máli. Ég á við þessi vinnubrögð almennt, sem hljóta að enda með fullkominni upplausn. Vinnubrögðin eiga að vera þannig, að þingið segi: Ég vil þetta, en ekki hitt. Það, sem ég sakna í þessu máli, er einmitt það, að um leið og verið er að rífa niður, skuli það ekki koma fram, hvað fyrir þeim vakir, sem breytingar vilja gera. Það er eðli parlamentarismans, að menn segi, hvað þeir vilja, og berjist fyrir því, og ef þeir fá því framgengt, sem þeir vilja, að taka þá ákvörðun og stjórna samkvæmt henni. Með hinu mótinu er hætt við þeim vinnubrögðum, sem hér hafa nú ríkt um skeið, en ef þau vinnubrögð verða yfirleitt tekin hér upp, er ég hræddur um, að ekki horfi vænlega. Meira segi ég ekki, því að málið liggur alveg ljóst fyrir, þar sem Sjálfstfl. skýrir ekki enn og ætlar sennilega ekki að gera við þessar umr., hvað fyrir honum vakir og hvort það er aðeins formsatriði að taka af heimildina til að veita hana aftur. Ég get ekki fallizt á að hverfa frá því, sem er, meðan ekki er fundið annað betra, þó að ég sé allra manna mest á móti því, að haldið sé áfram að borga niður dýrtíðina.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Hv. þm. Barð. minnti mig á, að ég hefði skrifað undir nál. fjhn. um tóbakshækkunina. Það er rétt, að ég skrifaði undir þetta nál., en ég ætla að minna hann á, að ég skrifaði undir það með fyrirvara, eins og hann tók að vísu fram, og ég gerði grein fyrir þeim fyrirvara. En fyrirvarinn var sá, að þó að ég vildi samþ. frv., teldi ég á því stigi, sem málið var á, óþarft að binda samþ. þess því skilyrði, sem hv. meðnm. mínir vildu gera, og er það í fullu samræmi við afstöðu mína í þessu máli. Eins og ég hef margsagt, er það tvímælalaust, að ríkisstj. hefur samkvæmt 4. gr. dýrtíðarl. almenna heimild til að greiða niður verð á innlendum afurðum, en eins og menn ættu að geta skilið, takmarkast þetta á hverjum tíma af því, hvert svigrúm stj. er gefið til að nota þessa heimild. Nú ætla ég, að

þrátt fyrir nál. fjhn. um daginn sé það alveg óneitanlegt, að stj. hafi verið gefið umboð með samþ. frv. og því að taka þegjandi þeirri yfirlýsingu, sem hún gaf um það, til hvers hún ætlaði að nota heimildina. Með þessu voru henni gefnir möguleikar um sinn. Bæði Framsfl. og Sjálfstfl., sem eru allverulegur meiri hl. Alþ., en ekki Framsfl. einn, eins og hv. þm. Barð. sagði, lögðu samþ. sína á það, að féð yrði notað á þennan hátt fyrst um sinn. Sjálfstfl. setti að vísu það skilyrði, að stj. leitaði heimildar þingsins síðar, en hann tiltók ekki, hvenær það skyldi verða, og ég hef ekki heyrt, að þetta hafi verið afturkallað.

Ég sé ekki ástæðu til að eltast við einstök atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann sagði, að ég héldi því fram í öðru orðinu, að ekki mætti breyta dýrtíðarl., en í hinu, að ekki ætti að breyta þeim. Ég veit ekki, hve vel mér hefur tekizt að skýra hugsanir mínar fyrir hv. þm. Maður er ef til vill ekki dómbær um það sjálfur. En ekki skil ég, að ég sé svo óskýr í máli, að hv. þm. hafi ekki skilið, hvað ég átti við, heldur mun það vera, að honum finnst þægilegra að snúa málinu svona. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hverju ég held fram, þar sem það er prentað á þskj., hver niðurstaða mín er, og það þskj. hefur fleiri rök inni að halda, sem hv. þm. getur ekki hrakið, fyrir því, að ekki sé tímabært að breyta dýrtíðarl. En úr því að ég fór að tala við þennan hv. þm., langar mig til að spyrja hann einnar spurningar: Hvaða ástand heldur hann, að skapast mundi, ef brtt. hans yrði samþ., en n. gæti ekki náð samkomulagi? Hann sagði í n. og kannske hér í hv. d., að sá grundvöllur, sem nú er, mundi haldast. En er það nú tryggt, að hann mundi þá haldast? Væri ekki réttara að gera einhverja viðbót við brtt. hans og taka þetta skýrt fram?

Ég get ekki látið vera, um leið og ég sezt niður, að láta þann grun í ljós, að það liggi fleira á bak við þessa brtt., þó að meinleysisleg sé, en uppi er látið. Það er alkunna, að áður en dýrtíðarl. voru sett, var umtal um það meðal bæjarbúa, að verð á innlendum afurðum væri of hátt. Þegar samkomulag náðist, fyrst í fjhn. og síðan á Alþ. sjálfu, um að slá málinu á frest og reyna samninga milli framleiðenda og neytenda, þá hygg ég, að margir hafi verið sannfærðir um, að afleiðingin mundi verða sú, að verðið lækkaði, ef það yrði miðað við það, að bændum yrðu ákveðin svipuð lífskjör og öðrum vinnandi mönnum. Þetta reyndist ekki svo. Eftir að safnað hafði verið algerlega óhlutdrægum skýrslum, kom í ljós, að verðið varð að hækka, til þess að bændum yrðu tryggð lífskjör, sem væru sambærileg við lífskjör verkalýðs í landinu. Hv. 3. landsk. sagði í sambandi við annað mál, að sér hefðu komið niðurstöður n. mjög á óvart. Ég býst við, að svo hafi verið um fleiri. Og ætli svo kunni ekki að verða, að eitthvað sé þar á bak við, er nú þarf að fara að hrófla við dýrtíðarl., og þess sé ekki saknað svo mjög, þó að þetta samkomulag fari forgörðum. Ég skal játa, að ég er ekki að segja þetta til hv. flm. frv., en mér þætti það líklegra, að eitthvað svipað vekti fyrir hv. 3. landsk. og fylgi hans við frv. markaðist af einhverju slíku, og marka ég það af því, hversu honum hafa farizt orð um þessi mál og önnur, sem verið hafa á dagskrá og komið hafa við dýrtíðarráðstafanir. Þótt svo kunni að fara, að hv. 5. þm. Reykv. kunni að snúa orðum mínum við og segja, að ég hafi sagt eitthvað annað en ég segi, þá ætla ég ekki að eyða tíma hv. d. í að svara því. Niðurstöður mínar og röksemdir liggja hér fyrir í nál., og ætla ég, að það sé svo skýrt, að ekki þurfi um að villast.

Magnús Jónsson: Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Eyf., var að gefa í skyn, að þetta frv. hefði þann dulda tilgang að koma fyrir kattarnef því samkomulagi, sem varð í sex manna n., eða eyðileggja þann grundvöll, sem skapaður var í þeirri n. Hv. þm. beindi þessu þó ekki til sjálfstæðismanna og sósíalista í n., enda er fylgi okkar við frv. engan veginn við það bundið, að slíkt komi fyrir, síður en svo. Ég fyrir mitt leyti vil einmitt, að þessi grundvöllur geti orðið sem öruggastur, og þess vegna samþ. ég brtt. hv. 5. þm. Reykv.

Mér skildist hv. 1. þm. Eyf. líta svo á, að Sjálfstfl. hefði samþ. það með þögninni, að stj. innti af hendi þessar greiðslur, og hann hefði ekki afturkallað þá samþykkt sína. Í bréfi Sjálfstfl. var skýrt tekið fram, að stj. bæri að leita heimildar Alþ., og það er á mati flokksins, hve lengi hann telur, að þetta megi dragast. En ég held á hinn bóginn, að það sé alveg rétt, að menn hafi almennt búizt við því, að störf sex manna n. mundu leiða til þess, að dýrtíð lækkaði, en hækkaði ekki. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég hélt það. En ég held, að það, hve þetta ákvæði er nú í mikilli óvissu, stafi af því, að menn héldu almennt, að ekki þyrfti til þess að koma, að mikið yrði greitt í þessu skyni.

Mér kom á óvart ræða hv. þm. Str. og það, sem hann sagði viðvíkjandi þessari heimild ríkisstj., því að ég man ekki betur en við umr. um tóbakið legði hann mikla áherzlu á það, að stj. fengi alls engar víðtækar heimildir í þessu efni. Mér fannst hann halda því fram í öðru orðinu, að þetta hefði aldrei verið sett inn í l. sem ótakmörkuð, almenn heimild. Að mínum dómi er það alger misskilningur á frv., að með því sé yfirleitt nokkur afstaða tekin til þess, hvort stj. hafi þessa heimild eða ekki, en átökin eru um það, hvort þ. ætlar að halda fast í rétt sinn til þessarar fjárveitingar eða ekki, enda segir í frv., eins og það er orðað eftir 2. umr. í Ed.: „. . . en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni". Ég vil segja, þó að ég vilji ekki taka ákveðna afstöðu í málinu fyrir mína hönd eða annarra, að mér finnst frekar liggja í þessu, að þ. vilji taka með lipurð í óskir hæstv. ríkisstj., því að það væri að leggja dálitla fallgryfju fyrir hana, ef þ. væri með samþ. frv. að benda henni á það, að hún yrði að leita heimildar, sem yrði svo neitað. Það er að vísu vafamál, hvort hæstv. ríkisstj. getur talizt hafa þessa heimild nú, en með frv. er skorið úr um það, að það er Alþ., sem hefur heimild til að veita slíka heimild.

Ég þarf ekki að svara hv. þm. Str. um það, hvaða till. Sjálfstfl. hefur í málinu. Það kemur

vitanlega fram á sínum tíma. En ég get tekið undir með hv. þm. um það, að leiðinlegt er, þegar vinnubrögð eru þannig, sem hann lýsti. Ég held þó, að þar þurfi enginn öðrum að bregða um neitt, og er það þessu frv. óviðkomandi.

Ég held, að það væri réttast, ef þetta frv. heldur áfram, að Alþ. gæti verið búið að taka ákvörðun sína annaðhvort með ákvæðum í frv. eða í sambandi við meðferð málsins, áður en 1. ganga í gildi. Ég vil á hinn bóginn benda á það, að nokkur ástæða var til, að hik kom í svipinn á þá menn, sem annars vildu bera fram sérstakar till., því að nú er starfandi n., sem á að skila áliti eftir stuttan tíma. Sú n. er sett til sameiginlegrar niðurfærslu á kaupgjaldi annars vegar og afurðaverði hins vegar. Vera má, að ýmsir hafi litla trú á þessu, en ég vil þá vitna í þau orð hv. þm. Str., að enginn hér á þ. hafði trú á sex manna n., en hún komst þó eigi að síður að ákveðinni niðurstöðu.

Mér fyndist eðlilegt, að dokað yrði við, þangað til séð yrði fyrir endann á því, hvort n. getur komið með lausn eða eitthvað það, sem mætti byggja á í þessu máli.

Hermann Jónasson: Það er aðeins til að leiðrétta það, sem hv. 1. þm. Reykv. virðist hafa misskilið í ræðu minni. Ég benti á það í ræðu minni, að það væri ekki gerlegt að setja á langar umr. um þetta mál, meðan ekkert lægi fyrir um það, hvort þetta væri efnisleg breyt. á dýrtíðarl. eða hvort hér væri aðeins um form að ræða. Það liggur ekkert fyrir á þessu stigi um það, hvort svo er eða ekki, en ég er alls ekki neitt að deila á Sjálfstfl. fyrir það. Þetta atriði hefur þessi hv. þm. staðfest. Enn fremur sagði þessi hv. þm., að það hefði verið almenn skoðun hér á hv. Alþ., að rannsókn sex manna n. og samningsumleitanir mundu leiða til þess að lækka dýrtíðina. En mér er kunnugt um það, að margir af flokksmönnum mínum samþ. skipun sex manna n. vegna þess, að þeir voru sannfærðir um það, að verðlag á landbúnaðarafurðum hefði verið það réttlátt, að rannsókn mundi leiða í ljós, að bændum væri hagur að þeirri rannsókn, enda hefur það komið í ljós. Þegar ég samþ. þessa rannsókn, þá gerði ég það í þeirri fullu vissu, að það væri þeim hagur, sem hefðu rétt mál að sækja. Þá er þriðja atriðið, sem ég vildi leiðrétta, að ég hafi látið þau orð falla viðvíkjandi 4. gr., að þessi heimild mundi ekki vera til staðar. Ég lét engin ummæli falla um það, hvort þessi heimild mundi vera til staðar eða ekki. Ég orðaði þetta þannig, að það væri verið að takmarka þessa heimild eða fella hana niður, ef til staðar væri. Ég gerði grein fyrir því, hvers vegna það væri vafasamt, að heimildin væri til staðar, þó að orðalagið gæfi tilefni til þess að álíta það. Þessi atriði eru það, sem ég vildi leiðrétta, sérstaklega það, að það hafi verið skoðun þm., að rannsókn á dýrtíðinni mundi lækka verðlagið. Og ég gerði alltaf ráð fyrir því, að rannsóknin mundi verða bændum í hag.

Frsm. meiri hl. (Brynjólfur Bjarnason): Það var aðeins út af fyrirspurn hv. þm. Eyf. Hann spurði að því, hvaða ástand mundi skapast, ef till. mín á þskj. 136 yrði samþ. og n. kæmist ekki að samkomulagi um grundvöll. Það mundi ekki skapast annað ástand en það að mínum dómi, að þá mundi gamli grundvöllurinn gilda. En hins vegar held ég, að það sé ekki nein ástæða til þess að ætla, að n. mundi ekki komast að samkomulagi um þetta, vegna þess að ekki mundi annað koma til greina en að hún mundi hlíta reikningslegum niðurstöðum, sem hún kæmist að. En verði ekki samkomulag, hlýtur gamli grundvöllurinn að gilda samkvæmt l., því að í 3. málsgr. 4. gr. l. stendur: „Nú verður nefndin sammála um vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og hlutfall milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds stéttarfélaga, og skal þá verð á landbúnaðarafurðum ákveðið í samræmi þar við, meðan núverandi ófriðarástand helzt. Þó er ríkisstj. heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði". Ég held, að þetta sé alveg skýlaust, en óski hv. þm., að þetta sé tekið skýrar fram, mundi ég ekki hafa neitt á móti því. En úr því að ég stóð upp, vildi ég aðeins segja honum, að það er ekki rétt hermt, sem hann sagði, að ég hefði haft eftir honum. Ég skýrði ekki þannig frá ræðu hans, að hann hefði sagt í öðru orðinu, að það mætti breyta l., en í hinu, að það ætti ekki að breyta þeim. Það, sem ég hafði eftir honum, var þetta: Í fyrsta lagi, að það mætti breyta l., ef allir væru sammála. Í öðru lagi, að út af fyrir sig hefði hann ekkert á móti þessari breyt. á þskj. 135, en það mætti ekki samþ. hana, vegna þess að hún hróflaði við dýrtíðarl., og það mætti með engu móti gera, að minnsta kosti ekki nú. Það var þessi röksemdafærsla, sem mér þótti harla bágborin. Ég gerði mér allt far um að hafa þetta rétt eftir. Ef mér hefur mistekizt, þá er það ekki vegna þess, að ég hafi viljað hafa rangt eftir. Ég gerði það eftir beztu samvizku.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Ég skal gefa hv. 5. þm. Reykv. þann vitnisburð, að hann hafði réttara eftir mér nú en í ræðu sinni áðan. En ég sé ekki, þó að hann hafi haft þá röksemdafærslu, sem hann segist hafa viðhaft, að það breyti neinu. Afstaða mín er ljós, eins og rökstudda dagskráin sýnir. Ég álít ekki tímabært að breyta dýrtíðarl., eins og ég hef þegar sýnt fram á, og ég álít það ekkert óvenjulega afstöðu til mála, meðal annars vegna þess, að málið er í rannsókn. Mér finnst það ekki eins skýlaust og hv. þdm. vildi vera láta, að verði till. hans samþ. og svo færi, að n. yrði ekki sammála um grundvöllinn, þá gildi gamli grundvöllurinn. Tilvitnun hv. þm. í dýrtíðarl. er alveg rétt. En í till. segir, að n. eigi að endurskoða grundvöll vísitölu þeirrar, er um getur í 1. málsgr., eftir því sem ástæða þykir til, og ákveða verð samkvæmt því. Nú á að ákveða nýtt verð fyrir 15. ágúst ár hvert og þar með nýjan grundvöll. Þetta lagaákvæði stendur við hliðina á hinu. Eftir hverju á þá að fara? Ég held, að það sé ekki alveg ljóst, að gamli grundvöllurinn gildi. En þar sem hv. þm. lofaði góðu um það, að vilja gjarnan koma inn ákvæði, sem gerði þetta skýlaust, ef brtt. hans verður samþ., þá tek ég hann á orðinu og mun bjóða honum að flytja með honum breyt. í þá átt, að ef ekki

næst samkomulag í n., þá gildi gamli grundvöllurinn.

ATKVGR.
Rökstudda dagskráin á þskj. 126, frá minni hl. fjhn., felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.
nei: GJ, KA, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BrB, EE, StgrA.
3 þm. (BBen, GÍG, HG) fjarstaddir.
Brtt. 135 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 136 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, MJ, PM, BrB, EE, StgrA.
nei: LJóh, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, HermJ, IngP.
4 þm. (BBen, GÍG, HG, JJ) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A 168).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 273 og 285).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það er nú nokkur ágreiningur um það, hvort í l. frá 13. apríl 1943 felist slík heimild til greiðslna úr ríkissj. samkv. þessum l., sem hæstv. ríkisstj. hefur byggt á. Í þessum l. er ákveðinn sérstakur skattur, sem ætlaður er samkvæmt beinum ákvæðum laganna til þess að nokkru leyti að standa straum af greiðslum í þessu skyni, eins og þar er tekið fram, og er þess vegna skoðun sumra hv. þm., að fjárveiting samkv. 4. gr. þeirra l. sé þar takmörkuð við þennan tekjuskatt. Nú er vitað, að þessi tekjuskattur fellur niður, ef gr. um hann verður ekki endurnýjuð, og þess vegna er auðsætt, að það verður að fá nýja heimild til þessa. En þar við bætist, að það mætti líta svo á, að í þeirri gr. l., þar sem talað er um, að ríkisstjórnin greiði niður dýrtíðina „með heimild", þá sé átt við það, að það sé „að fengnu samþykki Alþ." En þó að þetta sé svo, að um þetta sé ágreiningur, þá kemur annað til, og ég held, að það sé enginn vafi á því, að meiri hl. fjhn. telur, að meiri hl. Alþ. muni vilja taka ákvörðun um þetta með atkvgr. Þess vegna er það, að meiri hl. fjhn. vill, að þetta frv. verði samþ. eins og það kemur fyrir. Í þessu felst þó ekki það (eins og kemur fram í áliti minni hl.), að þetta sé sama og að meiri hl. sé á móti því, að þessar greiðslur séu inntar af hendi. Það er annað mál. Meiri hl. er sammála um, að það sé komið undir atkvgr. Alþ., hvort greiðslur verði gerðar.

Ég geri ráð fyrir því, að ef þetta frv. verði samþ., að þá sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að fá heimild til að halda þessum greiðslum áfram fyrst um sinn, og meiri hl. fjhn. mun taka til máls um það síðar, hvað sem líður afstöðu einstakra nm. til þessa máls.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. d. er kunnugt um afstöðu ríkisstj. til verðlækkunar innlendra afurða á íslenzkum markaði. Hún telur brýna nauðsyn bera til þess, að verðbólgan haldist í skefjum vegna atvinnuveganna í landinu, sérstaklega sjávarútvegsins. En það er ekki hægt nema með framlögum úr ríkissjóði. Stj. hefur tilkynnt öllum flokkum þ. afstöðu sína í þessu efni. Hér hefur ekki verið farið að með nokkurri leynd. Öllum er kunnugt, hvað verið er að gera. Til þess að standa straum af þessum greiðslum hefur ríkisstj. aflað tekna af tóbaki og áfengi, og verður ekki annað séð en þær tekjur muni standa undir greiðslunum. Stj. hefur gert ráð fyrir því, að þessar ráðstafanir væru teknar fyrir á þingi, en hún er ekki á þessu stigi málsins við því búin að koma fram með neinar till. og verður að láta í ljós undrun sína yfir þeim hraða, sem sumir flokkar krefjast, að hafður verði á um það, að sú eina ráðstöfun, sem gerð hefur verið gegn verðbólgunni, verði látin niður falla. Ef þetta frv. verður samþ., án þess að nýjar ráðstafanir verði gerðar eða nýjar heimildir veittar, þá skilur stj. það svo, að þ. vilji láta niður falla allar greiðslur til þess að lækka verðbólguna, og mun gera ráðstafanir samkvæmt því, undir eins og l. eru staðfest.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Eins og fram kemur í nál., sem fyrir liggur á þskj. 285, hef ég ekki getað orðið sammála meðnm. mínum í fjhn. um frv.

Ríkisstj. hefur nú samkv. heimild í dýrtíðarl. frá síðasta þ. lagt fram nokkurt fé í því skyni að koma í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar, sem hefði orðið mikill á þessu tímabili, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar. Hér er lagt til að breyta heimild stj. í þessu efni, þannig að hún geti ekki, ef frv. þetta nær samþ., lagt fram fé til þessara dýrtíðarráðstafana, nema hún hafi fengið til þess sérstaka heimild Alþ. Afleiðing þess skilst mér hljóti að verða sú, ef ekki eru gerðar nýjar ráðstafanir, að þessi fjárgreiðsla falli niður og vísitalan hækki til stórra muna. Ég tel, að þetta muni hafa slíkar afleiðingar, að ekki sé hægt að fylgja því.

Það liggur í augum uppi, að það er fyrst og fremst á valdi Alþ., hve miklu fé er varið til dýrtíðarráðstafana. Það hlýtur að fara eftir fjárl., hvað mikið fé stj. hefur hverju sinni til að ráðstafa. Þetta hlýtur því að koma til kasta þingsins, þótt ekki sé gert ráð fyrir því í dýrtíðarl.

Þá má minna á, að skipuð hefur verið samn-

ingan. um niðurfærslu dýrtíðarinnar eftir öðrum og heppilegri leiðum. Þessi n. er að störfum. Enn liggur ekkert fyrir um árangur af starfi hennar. Þess vegna get ég ekki fallizt á þá breyt. á dýrtíðarl., sem lagt er til, að gerð verði í þessu frv. Leyfi ég mér að mælast til þess, að d. afgreiði málið með rökstuddri dagskrá, sbr. þskj. 285.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það hefur verið sagt af spaugsömum manni, að hæstv. ríkisstj. brysti nokkuð á að hafa til að bera „lipurð hinna æfðu stjórnmálamanna". Þó að ég hafi ekki dáðst svo mjög að ummælum þessa hv. þm., þá finnst mér, að í þessu máli komi fram nokkur staðfesting á orðum hans, — í því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa gert þetta að deilumáli milli sín og þingsins.

Hæstv. fjmrh. sagði, að stj. hefði aflað nýrra tekna til að standa straum af greiðslum vegna dýrtíðarl. Ég vil minna hann á, að þegar hækkuð var álagning á tóbaksvörur og þá jafnframt gefið undir fótinn með hækkun áfengisverðsins, var skýrt lýst yfir því af ríkisstj., að þessum tekjum yrði ekki ráðstafað nema samkv. ákvörðun þingsins. Þess vegna skilst mér ekki rétt, sem hann segir, að þegar ríkisstj. hefur aflað sér þessara tekna, þá hafi hún rétt til að verja þeim eins og hún vill. Það má segja, að þetta eigi eingöngu við tekjurnar af hækkun tóbaksins, því að heimilda hafi ekki þurft til að hækka áfengi. En ég hygg, að meginhlutinn af þessum tekjuauka verði af tóbakinu.

Fjmrh. lýsti yfir því, að ef frv. yrði samþ., þá mundi stj. gera ráðstafanir til þess, að horfið yrði frá því að greiða niður verð á þeim afurðum, sem nú er gert.

Ég lýsti yfir því fyrir mína hönd og taldi fleiri í fjhn. því fylgjandi, að haldið yrði áfram að borga niður dýrtíðina, eins og það hefur verið nefnt. Og fjhn. er reiðubúin, ef frv. þetta er samþ., að taka upp flutning á málinu á þá leið að heimila slíkar greiðslur. Þarna finnst mér hæstv. fjmrh. skorta „þá leikni, sem æfðir stjórnmálamenn hafa til að bera". Ef á daginn skyldi koma, að meiri hl. Alþ. fylgi sömu stefnu og meiri hl. fjhn., þá sannar það bara, að Alþ. heldur fast við rétt sinn að ákveða, hvaða stefnu skuli halda.

Hv. þm. V.-Húnv. var að lýsa því, hvernig fara mundi, ef þingið veitti ekki stj. heimild til greiðslu. Það þarf enga spádómsgáfu til þess að sjá það. Mér og meiri hl. fjhn. er það jafnljóst og honum, og því síður er þörf á spádómum, þar sem hæstv. fjmrh. var sjálfur búinn að gera grein fyrir því, hvað verða mundi. Að því er hv. þm. V.-Húnv. sagði, þá hefur verið skipuð n. til að leita samkomulags um niðurfærslu dýrtíðarinnar. Ég sé ekki, að það komi þessu máli neitt við. Ef ekki er heimild í l. fyrir þessari greiðslu, þá er sama, hvort það er um langa eða skamma stund, sem greiðslan er gerð án heimilda. Og þó að þessi n. starfi, sem við vitum ekkert, hvenær lýkur störfum, — kannske aldrei, þá kemur það ekki heldur þessu máli við. Ég veit ekki betur en því hafi verið lýst yfir af formælendum allra flokka, að þeir litu þannig á, að í l. frá 14. apríl s. l. feldist ekki heimild til ótakmarkaðra greiðslna úr ríkissj. En eins og ég sagði áður, — að alveg slepptu því að taka tillit til þeirrar deilu, hvort heimild sú er í téðum l., — þá á þingið rétt á því að taka afstöðu til málsins.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hv. frsm. meiri hl. telur það ekki koma málinu við, þó að sett hafi verið n. til að reyna að komast að samkomulagi um niðurfærslu dýrtíðarinnar. Mér finnst það koma málinu við og finnst engin ástæða til að breyta dýrtíðarl. frá í vor, fyrr en séð er, hver verður árangurinn af störfum n. Mér finnst, að ríkisstj. ætti að hafa heimildina óbreytta, á meðan n. er að störfum. Þótt þetta sé ekki stærsta atriðið, veldur það því, eitt meðal annars, að ég get ekki fellt mig við frv.

Hv. þm. vildi gefa það í skyn, að meiri hl. fjhn. vildi samþ. að gefa ríkisstj. á ný heimild til að verja fé vegna dýrtíðarinnar. Þá fer ég nú að eiga örðugt með að skilja, hver sé vinningurinn við þetta allt saman. Ég get ekki skilið orð hans öðruvísi en svo, að hann — fyrir sitt leyti — vilji ekki fella niður heimildina, en vill þó, að frv. verði samþ., sem felur í sér, að heimildin falli niður. Hvað á það að þýða að taka af ríkisstj. þá heimild, sem hún hefur nú, ef þeir menn, sem að því standa, eru fúsir til að samþ. síðar, að heimildin haldist. Ég skil ekki þýðingu slíkra vinnubragða.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hv. fjhn. væri reiðubúin að bera fram heimildarendurnýjun, þá verð ég að taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að ég skil ekki þau vinnubrögð. Hv. n. hlýtur þá líka að vera þeirrar skoðunar, að ekki eigi að fella niður greiðslur til verðlækkunar á innlendum afurðum.

Ég vil ekki blanda mér inn í þessa deilu, en aðeins leiðrétta það, að stj. — eða ég fyrir hennar hönd — hafi lofað því, að þær tekjur, sem fengjust af hækkun tóbaks og áfengis, yrðu ekki notaðar nema með sérstöku leyfi Alþ. Hér er um missögn að ræða. Þegar frv. um hækkun tóbaksverðs var samþ., gaf ég yfirlýsingu um, að aðeins þær tekjur, sem af tóbakshækkuninni leiddi, skyldu ekki notaðar, nema meiri hl. þm. væri því fylgjandi. Ég skal ekki fara út í það, hvort meiri hl. þ. er því fylgjandi. En það voru aðeins þessar tekjur, sem rætt var um, því að ríkisstj. þurfti ekki heimild til að hækka vínið. Enda benti ég á þetta, þegar fyrst var farið að ræða málið. Það er því ekki rétt, að stj. hafi brotið loforð sitt, og ég vil lýsa yfir því nú, að meiri hl. tekna, sem hér ræðir um, er ekki af tóbakinu, heldur víninu.

Sveinbjörn Högnason: Þessi l. voru samþ. á síðasta þ. sem grundvöllur, er gilda skyldi, svo framarlega sem samkomulag næðist í 6 manna n., um hlutfall verðlags og kaupgjalds. Vitanlega hafa nm. miðað við, að þetta væri samningsgrundvöllur, sem skyldi standa, ef þeir kæmust að samkomulagi. Og þegar hv. 3. þm. Reykv. segir, að það sé tvímælalaus réttur Alþ. að breyta þessum l., þá er það bara réttur til að rifta því, sem gert var, þegar þessi l. voru samþ. á þ. af öllum nema ég held tveimur þm. Og ef nú er farið að breyta þessu atriði eða öðru

því, sem í þeim l. stendur, þá liggur það í augum uppi, að Alþ. er að hlaupa frá þeim loforðum, sem það gaf, að vinna að því, að samkomulag næðist um þetta mikilvæga atriði. Og ef nú er samþ. breyt., sem raskar þessu samkomulagi, gegn vilja margra þeirra þm., þá hljóta þeir sem störfuðu í 6 manna n. á grundvelli þessara l., að telja sig svikna af löggjöfum þjóðarinnar. Þess vegna hlýtur maður að telja, að hér sé verið að grafa undan og leysa upp það samkomulag, sem 6 manna n. komst að, því að ef búið er að leysa upp grundvöllinn að samkomulaginu, þá er það ljóst mál, að samkomulagsgrundvöllurinn er ekki lengur fyrir hendi og þá hlýtur yfirbyggingin að hrynja.

Ég tel það ábyrgðarhluta að skapa á ný deilu um þetta mál með því að kippa burt samkomulagsundirstöðunum, sem meiri hl. Alþ. lagði í þessu máli, sem um mörg ár er búið að vera deiluatriði. Ég tel líka varhugavert af Alþ. að breyta skilyrði, sem það var búið að segja, að gilda skyldi frá þess hendi. Ég tel það samningsrof.

Það er augljóst, að hér er farið fram á það, að það megi breyta ákveðnum atriðum, sem eru í þessum l., þrátt fyrir það að fyrirheit hafi verið gefin um það, að þetta verðlag skuli standa til stríðsloka eða á meðan ófriðarástand helzt í landinu. Með öðrum orðum, þeir þm., sem ætla að breyta verulegum atriðum í þessum l. nú, hafa riftað samkomulaginu, sem var gert á síðasta þ. og talið hefur verið nauðsynlegt, að staðið gæti. Það er sannarlega engin hvatning fyrir þá menn, sem í slíkri n. starfa sem þessari vísitölun., að sjá það, að þegar þeir hafa náð samkomulagi, gerir Alþ. breyt. á því, sem það hefur gert að forsendum fyrir þeim samkomulagsumleitunum. Þetta álít ég, að sé það alvarlegasta í þessu frv., að það stefnir að því að rifta því samkomulagi, sem áður hefur verið gert hér á Alþ., svo framarlega sem sex manna n. kæmist að sameiginlegri niðurstöðu, eins og hún gerði, þannig að það lítur út fyrir, að til þess sé ætlazt með þessu frv., að þessu samkomulagi verði öllu umturnað.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Mér fannst ræða flokksmanns þessa hv. þm. vera nógu greinileg, þó að hann færi ekki að bæta þar um. Hv. frsm. minni hl. fann ósamræmi í því, að ég gerði ráð fyrir því, að fjhn. væri reiðubúin til þess að flytja frv. fyrir ríkisstj. um heimild til þessara greiðslna. Þetta leggur svo hv. frsm. minni hl. út á þann veg, að ég hafi lýst yfir því, að fjhn. öll væri reiðubúin til þess að gefa slíka heimild. En þetta getur ekki staðizt. Hv. þm. veit vel, að fjhn. er yfirleitt reiðubúin til þess að flytja frv. fyrir stj. án tillits til afstöðu þm. En ég sagði, að ég gerði ráð fyrir, að meiri hl. fjhn. mundi svo vera fús til þess að leita slíkrar heimildar. En þetta hróflar ekkert við því, að meiri hl. n. er sammála um það, að það þurfi að fá heimild án tillits til afstöðunnar til þess, hvort þessari heimild skuli beitt eða ekki. En ég veit, að hv. þm. skilur, hver munur er á þessu. Hæstv. fjmrh. upplýsti hér, að meiri hl. af tekjuauka samkvæmt verðhækkun víns og tóbaks mundi stafa frá áfenginu. En ég veit ekki betur en þetta sé þveröfugt við það, sem gefið hefur verið í skyn áður. Þó má vel vera, að mig misminni um það, en það skiptir ekki máli, því að aðalatriðið er þetta, að meiri hl. þ. vill fá að taka afstöðu til málsins. Út af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, vil ég aðeins benda á það, að í l. frá 14. apríl 1943 er engin skuldbinding um það að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum. Það er veitt heimild handa stj. til þess, en undir venjulegum kringumstæðum notar stj. ekki slíka heimild, nema hún hafi á bak við sig meiri hl. Alþ. Og í öllu falli getur það alveg eins brugðið til beggja vona, hvort stj. vildi nota þessa heimild. Svo að í þessu felst engin skuldbinding um greiðslu úr ríkissj. í þessu skyni, og í ræðu hv. þm. vantaði grundvöllinn, það aðalatriði, að í l. felist skuldbinding um að borga niður verð á þessum vörum.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. V.-Sk. hefur í þessu sambandi talað um samningsrof. Ég var í fjhn. á síðasta þingi, og er mér því nokkuð kunnugt um þessa samninga, og ég þori að fullyrða það, að enginn fjhnm. hefur gert ráð fyrir því, að þetta samkomulag fæli í sér nokkra skuldbindingu um það, að greiða uppbætur á vörum á innanlandsmarkaði til stríðsloka. Ekkert slíkt fólst í samkomulaginu. Þetta verður ekki hvað sízt greinilegt af því, að hér í hv. d. við umr. þessa máls, þá var lögð á það höfuðáherzla af flokksmönnum þessa hv. þm., að greiðsla þessara uppbóta væri engin framtíðarráðstöfun, og sumir sögðu, að það væri varla unnt að leggja út á þá braut og alls ekki undir neinum kringumstæðum nema til stutts tíma. Þetta var hljóðið í flokksmönnum hans þá. Það virðist þess vegna liggja nokkuð í augum uppi, að hér sé tekið nokkuð stórt til orða, þegar talað er um samningsrof. Það hefur nokkuð verið deilt um það, hvaða heimild til handa ríkisstj. felist í núverandi dýrtíðarl., og flestir fjhnm. munu hafa lýst yfir því, að þeir hafi ekki ætlazt til, að þessi heimild gilti öllu lengur en til 15. sept. 1943. Ég skal játa, að þetta atriði bar lítið á góma í fjhn., það var aðallega rætt hér í hv. d. og þá einmitt á þann hátt, að uppbætur á innlenda markaðinum væru, úr því sem komið væri, ekkert bjargráð í framtíðinni. En ég minnist nú þess, að ég fyrir mitt leyti gerði ráð fyrir því, að stj. hefði slíka heimild til þess að nota hana í smáum stíl til þess að lækka dýrtíðina niður úr því, sem búizt var við, að hún gæti orðið samkvæmt l., eða 230—240 stig. Þessi l. voru upphaflega borin fram til þess að koma dýrtíðinni niður, og uppbæturnar voru samþ. í þeim tilgangi, að dýrtíðin kæmist raunverulega niður. Það var búizt við því, að dýrtíðin kæmist raunverulega niður yfir sumarmánuðina, og það mundi gera allt þetta mál auðveldara viðfangs. En svo skeður það, að þær ráðstafanir, sem gerðar höfðu verið samkvæmt l., þær ráðstafanir, sem gerðar voru um afurðaverðið, þær stórhækka dýrtíðina raunverulega, en út í það skal ég ekki fara nánar. En að svo miklu leyti sem ég sem fjhnm. í fyrra, ætlaðist til, að stj. hefði slíka heimild, þá kom mér aldrei til hugar, að heimildin yrði notuð til að verja milljónum, jafnvel tugum milljóna samkvæmt þessari heimild, heldur gæti stj. farið lengra í því að lækka dýrtíðina en dýrtíðarlögin sjálf gerðu ráð fyrir. Meira var aldrei ætlazt til af nm., að fælist í

þessari heimild.. Þegar nú þetta hefur orðið, að dýrtíðin raunverulega færist upp í stórum stíl og það þarf stórfé til að halda henni niðri, þá þá horfir málið öðruvísi við, og þegar þetta frv. er fram komið, þá gildir það einu um framkvæmdina, þó að það sé samþ., því að ef slíkt frv. hefði ekki komið fram í þinginu, hefði komið fram þáltill. um það, annaðhvort að taka skyldi heimildina af stj., eða gefa henni slíka heimild, svo að þingviljinn hefði komið fram og orðið að gilda. A. m. k. hef ég ekki heyrt stj. tala á þann veg, að hún hefði ekki tekið tillit til þess þingvilja. Hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir því, að samstundis og þetta frv. verði samþ. sem l., þá muni stj. hætta að greiða uppbætur, ef ekki sé þá komin önnur heimild til þess að greiða uppbæturnar eftir. Ég hefði nú heldur kosið, að hæstv. fjmrh. hefði haft yfirlýsingu sína á þann veg, að ef ekki kæmu mótmæli frá þ., þá mundi stj. halda áfram að greiða uppbætur, þar til er fjárl. verða afgr. Það verður kannske ekki svo langt þar á milli, og það er því eðlilegra, að þingviljinn komi fram í fjárl. í þessum efnum. Í fjárl. er óhjákvæmilegt að áætla tekjur, sem stafa af hækkun á tóbaki og áfengi, sem nú er búið að gera ráðstafanir til, og á móti því, ef áætlað er að greiða uppbætur, verða að koma þau útgjöld, sem til uppbótanna þarf. Það er eðlilegt, að þingviljinn, eins og hann er í þessu efni, komi fram í sambandi við fjárl., og ég held, að stj. mundi vera alveg óhætt að bíða eftir þeirri afgr. með sínar ráðstafanir.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er einn þeirra manna, sem standa að þessu meirihl.áliti, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá efri deild. Ég vil taka það fram, sem fram kom hjá hv. frsm. n., að í meiri hl. kom aðeins fram það sjónarmið, að þannig sé frá l. gengið, að stj. verði að sækja um heimild Alþ. í hvert skipti fyrir niðurgreiðslur á dýrtíðinni í sambandi við innlendar afurðir, og er það í samræmi við þá skoðun mikils hluta þm. í fyrra — í sambandi við dýrtíðarl. —, að með þeirri heimild væri stj. ekki gefin almenn heimild til þess, eftir að sex manna n. hefði lokið störfum. Ég vil hins vegar taka það fram, að það er ekki talað fyrir mína hönd, þegar hv. frsm. segir, að meiri hl. n. muni vera tilbúinn að flytja fyrir stj. frv. um heimild til þess að greiða niður dýrtíðina með sama hætti og nú hefur átt sér stað. Ég mundi ekki vera því fylgjandi, af því að ég tel það engar raunverulegar ráðstafanir gegn dýrtíðinni, heldur aðeins ráðstöfun til þess að lækka vísitöluna. Það hefur komið fram hjá hv. þm. V.-Sk., að þetta hafi verið skilyrði fyrir því samkomulagi, sem varð um þessi dýrtíðarl. á síðasta þingi. Þessu hefur verið svarað nokkuð rækilega og sýnt fram á, að það getur ekki staðizt, enda er þetta svo hlálegt, að í blaði Framsfl., „Tímanum", var því beinlínis haldið fram s. l. sumar, að þarna væri um neytendastyrk að ræða, og bændur hafa verið að gera samþykktir — eftir pöntun frá miðstj. Framsfl. — um það, að þeir kærðu sig ekkert um þessa neytendastyrki. Þess vegna skýtur nokkuð skökku við að halda því fram nú, að það sé brot á samkomulagi, að þingið vilji taka það í sínar hendur, hvenær vörur skuli borgaðar niður.

Sannleikurinn er sá, að þetta er hvorki neytendastyrkur né bændastyrkur, eins og nú er komið. Eftir niðurstöðu sex manna n. er ákveðið verðlag á íslenzkum afurðum á innlendum markaði til septembermánaðar næsta ár, og það skiptir bændur engu máli, hvort þeir fá þetta beint frá neytendum eða ríkisstj. Þetta skiptir ekki heldur neytendur neinu, vegna þess að lækki vísitalan, þá lækkar kaupgjaldið að sama skapi, svo að hvorugur þessara aðila græðir á þessari niðurfærslu á vísitölunni. Það eru aftur stóratvinnurekendur, sem græða á þessu, þetta er í rauninni styrkur til þeirra. Það hefur verið reynt að nota þetta til æsinga gegn bæjarfólkinu, að segja, að þetta sé sérstaklega gert fyrir neytendur. Ég álít það mjög illa farið, að verið sé að skapa slíka úlfúð á milli þessara stétta, einmitt þegar þær hafa náð samkomulagi. Það er alveg jafnóréttmætt að kalla þessa niðurborgun bændastyrki eins og að kalla þau neytendastyrki, og það er blettur á þeim samtökum bænda, sem létu hafa sig til þess að gera samþykktir í þessa átt og þannig látið hafa sig að ginningarfífli. Með samkomulagi sex manna n. var raunverulega bundinn endir á það tímabil, þegar þingið ákvað, að verð á innlendum afurðum skyldi borgað niður, og það var beinlínis tilgangur l., að þessar niðurgreiðslur væru bráðabirgðaráðstöfun, og ég man greinilega eftir því, að hjá formælanda Framsfl. í þessari d., hv. 2. þm. S.-M., var því sérstaklega haldið fram í sambandi við umr. um dýrtíðarl., að það væri mjög hæpin ráðstöfun til frambúðar að borga niður dýrtíðina, og það sama kom fram hjá öðrum flokksmönnum hans. Þegar svo ríkisstj. heldur áfram að greiða niður dýrtíðina, eftir að sex manna n. hafði komizt að samkomulagi án þess að leita heimildar Alþ., þá var komin full ástæða til þess, að fram kæmi frv. eins og það, sem hér liggur fyrir.

Það er að vísu svo, að dýrtíðarl. má skilja á þann veg, að heimild stj. nái til þess tíma, þegar samkomulag sex manna n. tekur við, og það kom greinilega í ljós, að stj. leit þannig á málið, og það staðfestist með því, að hún sendi bréf til þingflokkanna til þess að spyrja þá um afstöðu þeirra til þess, ef hún héldi áfram þessum niðurborgunum á innlendum afurðum. Hefði stj. verið þeirrar skoðunar, að hún hefði fulla heimild til þess að greiða þessar uppbætur ótakmarkað, þá hefði hún aldrei sent þetta bréf. En svo þegar flokkarnir eru búnir að svara þessu bréfi og meiri hl. svarar þessu neitandi, þá gerir stj. sér hægt um hönd og segir: Við þurfum ekki á samþ. ykkar að halda, við höfum þessa heimild í l., og með því var hún að gera sín eigin verk að fálmi, sem engin hugsun gat legið á bak við. Annars er það áberandi fyrir stj. hvað hún leggur mikið kapp á það, að færa niður vísitöluna en ekki dýrtíðina, og hún leggur mikið kapp á að færa niður verð á vörum, sem koma aðallega inn á vísitöluna, og það er sýnilega áhuginn fyrir velferð stóratvinnurekendanna, sem ræður sjónarmiðum stj., en ekki það, að lækka dýrtíðina. Ég fyrir mitt leyti álít að það eigi að selja innlendar afurðir við því verði, sem sex manna n. ákvað, og þá vitanlega átt að ákveða vísitöluna í samræmi við það verðlag, sem á þeim er raunverulega. Það er alveg rétt,

að það er hátt verð, en það sýnir okkur, hvað landbúnaðurinn er ófullkominn, að það skuli þurfa að vera svona hátt verð á þessum nauðsynjavörum. Það sýnir okkur, að þar þarf að kippa einhverju í lag og gera stórfelldar umbætur á landbúnaðinum. Ég er sannfærður um það, að það muni minna hv. d. á, hvað landbúnaðurinn er kominn langt aftur úr og hvað hann er ófær um að fullnægja þeim kröfum, sem gera þarf til hans, til þess að skapa bændum sambærileg lífskjör miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Það mundi einmitt verða til að minna þjóðina á, hverju ábótavant er. Hitt er að stinga höfðinu í sandinn, til þess að þurfa ekki að viðurkenna þá staðreynd, hve verðið er hátt á landbúnaðarafurðum og þarf að vera það, til þess að framleiðslan beri sig. Það er ekki sæmandi þinginu og til stórtjóns fyrir þjóðina. Og þeir, sem vilja fela það, hvað landbúnaðarafurðirnar þurfa að kosta, það eru þeir, sem ekkert vilja gera til úrbóta. Hinir, sem vilja láta landbúnaðinn svara kröfum tímans og framleiða fyrir þolanlegt verð og samræma kjör bænda við kjör kaupstaðarbúa, þeir eru fúsir til að styðja miklar endurbætur og verja stórfé til þess að bæta framleiðsluskipulag hans.

Við höfum heyrt, að 15,5 milljónum hafi verið varið í verðuppbætur á landbúnaðarafurðir árið 1942. Það er náttúrlega eðlilegt, að menn undrist yfir þessu og margir horfi til þess með skelfingu, að þetta muni lama atvinnuvegina. Það er rétt. Við vitum, að sjávarútvegurinn er fjárhagslega þýðingarmeiri en landbúnaðurinn, þótt hvorugan atvinnuveginn sé hægt að missa. En þjóð, sem þarf að flytja mikið inn af iðnaðarvarningi og öðru, þarf mikinn gjaldeyri, sem fæst fyrir sjávarafurðirnar. En nú væri ekki svo afleitt að borga þessar áminnztu upphæðir, ef það yrði til þess í eitt skipti fyrir öll að breyta eða gerbreyta skipulagi landbúnaðarframleiðslunnar. En þessu fé er aðeins dreift skipulagslaust út um allar sveitir, og fyrir bragðið munu margir bændur freistast til að leggja í meiri framkvæmdir en þeir koma til með að geta staðið undir í framtíðinni. Þetta verður svo sem ekki til að færa saman byggðina eða til þess að skapa meiri hagsýni í vinnuaðferðum, heldur til þess að viðhalda þúsund ára gömlu skipulagi. Þetta er harmleikurinn, sem er að gerast. Enginn mundi sjá eftir þessu fé, ef það hefði orðið til þess að brjóta blað í sögu landbúnaðarins, ef framleiðslan fengist fyrir þolanlegt verð, án þess að bændur þyrftu að skerða tekjur sínar. En eins og þetta hefur verið framkvæmt, verður það aðeins til að viðhalda dreifbýlinu og kotabúskapnum, sem gerir það aftur að verkum, að fólkið flýr úr sveitunum til sjávarins, þar sem það hyggur betri lífsskilyrði. Þetta er sú sorglega staðreynd, sem gerir menn kvíðna. Þetta er aðeins til að skapa óeðlilega bjartsýni hjá kotbóndanum í bili. Hann fer að haga sér í samræmi við þannig fengnar tekjur, og það hlýtur að enda illa. En þeir, sem verja milljónum á þennan hátt, reka þó e. t. v. óafvitandi endahnútinn á kotungsskapinn, þannig að þessar aðgerðir verði til þess, að bændur flosni upp af jörðum sínum, þó að það væri í alla staði óhagsýnna en færa byggðina saman á markvissan hátt.

Neyzluvörur landbúnaðarins eru með þessu móti óeðlilega háar. Það er t. d. gremjulegt, að smjör, flutt frá Suður-Ameríku með stríðsfarmgjöldum, skuli vera hér talsvert ódýrara en bændur þurfa að fá fyrir það, ef þeir eiga að geta lifað sæmilegu lífi af framleiðslu sinni. Þetta er ófært. Það er að vísu svo, að sjávarútvegurinn gefur ríkinu stórfé í aðra hönd og hægt er að ganga að því með samtökum tveggja stærstu þingflokkanna og dreifa því sem styrkjum milli kotbýlanna. En strax og tekjur ríkisins minnka, þá stöðvast þessar greiðslur, og þá eru dagar kotanna e. t. v. taldir.

Er ekki hyggilegra að hvetja menn til að færa sig saman, svo að þeir geti framleitt ódýrar, og verja fé í því skyni. Væru það ekki réttari aðferðir en bíða eftir því, að kreppan sjálf kæmi til skjalanna með sínum „brutölu“ aðferðum. Það er enginn vafi á því, að þetta væri rétta lausnin, og enginn bæjarmaður mundi vera á móti því.

Eitt er víst. Skipulagsbreyting í búnaðarháttum hlýtur að koma. Það er aðeins hægt að tefja hana, en ekki hindra.

Sveinbjörn Högnason: Ég get ekki látið hjá líða að undrast þessar umræður. Hv. 3. þm. Reykv. byrjaði með því að segja, að flokksmerki væru svo auðsæ í nál. hv. frsm. minni hl. n., að óþarft væri fyrir mig að bæta þar nokkru við. Ég veit ekki, við hvað hv. þm. á, nema það sé, að við hv. þm. V.-Húnv. viljum standa við það, sem við höfum gert áður, og tel ég það gott flokksmerki. Hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Ísf. lögðu áherzlu á, að hvorki hefði verið gefin nein skuldbinding í fjhn. í fyrra eða með dýrtíðarlögunum til stj. um óbundnar hendur um fjárgreiðslur. Það hefur enginn haldið því fram. En í 4. gr. stendur: „Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði“. Ef þessum grundvelli er kippt burtu, þá er samkomulaginu kippt burtu um leið. Ég hef ekki talað um skuldbindingu, heldur heimild til framkvæmda, ef 6 manna nefndin yrði endanlega sammála. Hér eru jafnt á ferðinni samningsrof, hverjum sem það kemur til góða eða öfugt. Þessu hef ég haldið fram, og ég tel það ómótmælanlegt. Ef einu er raskað, þá má eins raska öllu. Það eru samningsrof, hverjum sem það kemur í hag eða óhag, eins og ég sagði áðan. En það virtist hv. þm. Siglf. ekki skilja, og kem ég nánar að því síðar. Hv. þm. Ísaf. sagði, að dýrtíðarl. svo kölluðu væru engin framtíðarlausn á þeim málum. En til þess er fjárgreiðslnaheimildin í þeim að geta framkvæmt samkomulag 6 manna n., ef hún yrði sammála. Því verður grundvöllurinn að standa, sem starf þeirrar n. byggðist á, ef fara á eftir niðurstöðum hennar. Það er furðulegt hjá hv. þm. V.-Ísf., að um þetta gegni nú öðru máli en þegar l. voru sett á síðasta þingi. En það er annað. Samkomulag 6 manna n. leiddi í ljós, hve óréttmætan áróður flokkur þessa hv. þm. og aðrir hafa rekið gagnvart bændum á undanförnum árum. Það hefur verið stagazt á því, hvað þeir bæru mikið úr býtum fyrir afurðir sínar. Niðurstöður 6 manna n. leiddu í ljós það gagnstæða. M. ö. o., ef rannsókn leiðir í ljós, að eitthvað er óþægilegt fyrir aðila í málinu, þá á hann að hlaupa frá því.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. Siglf. Hann sagði, hvílík fjarstæða það væri, að ég álíti hér raunverulega um samningsrof að ræða, þar sem blað flokks míns hafi í sumar kallað þessar fjárgreiðslur neytendastyrki. En við teljum samningsrof, hvort sem við höfum hag af því samningsrofi eða ekki. Ef stórútgerðarfélög hafa hag af þessu, þá er það sama máli að gegna. Og ég er sammála hv. þm. um það, að það sé langt frá því, að bændur græði á þessum greiðslum. Miklu fremur eru þær þeim í óhag. En hér skiptir engu máli, hvort neytendur og stórútflytjendur græða og bændur tapa. Hér gildir að halda gerða samninga. En nú virðist sú hugsun vera farin að skjóta upp kollinum hér á þinginu, að sjálfsagt sé að rjúfa samninga, ef umbjóðendur fulltrúanna hafa hag af því.

En fyrst minnzt er á neytendastyrki, þá eru þeir augljósir, því að eins og nú er, fá bændur kr. 6.83 fyrir kjötið, en neytendur fá það á kr. 6.50. Að vísu er ódýrara fyrir bændur að framleiða fyrir sjálfa sig, en fyrir þeim hlunnindum er líka gert í niðurstöðum 6 manna n. með kr. 1.000,00 á frádrætti. En þeim er reiknað með kr. 6.83 upp í kaupgjald, en neytendur kaupa vöruna á kr. 6,50, eins og áður er sagt. Það er því augljóst, að hér er fremur um neytendastyrki að ræða en það komi framleiðslunni til góða. En það skiptir engu, hverjum það kemur í hag eða óhag, eins og áður er sagt.

Þá var hv. þm. Siglf. að tala um sorgleikinn með 15,5 milljónirnar í verðuppbætur frá 1942. Ég verð að segja, að hafi hann nokkurn tíma hitt á rétta orðið, þá var það nú. Þessar tölur benda okkur á mikinn sorgleik í stjórnmálum okkar undanfarið. Ég veit, að hv. þm. skilur, hví þessar tölur eru svo háar. Er þessar verðuppbætur voru samþ. hér á þingi, þá vissi enginn fyrir, að vísitalan mundi hækka um helming á því ári. En sú varð raunin á, að flokkur þessa hv. þm. studdi stj. á þessu tímabili, sem tvöfaldaði dýrtíðina. Uppbæturnar voru því ekki aðeins greiddar til bænda. Það fóru áreiðanlega tugir milljóna til verkamanna í kaupgreiðslur vegna hækkunar á vísitölunni. Hv. 2. þm. Reykv. sagði í fyrra, að tekjur verkamanna hér í bæ mundu hafa verið um 100 milljónir það ár. Vísitalan var þá komin upp í 260, svo að rúmur helmingur af þessum kaupgreiðslum til verkamannanna hefur legið í dýrtíðaruppbót, eða rúmar 50 milljónir. Þetta er sami sorgarleikurinn og með verðuppbæturnar, sem urðu svo miklar vegna hækkunar á vísitölunni.

Viðvíkjandi því, að þessar verðuppbætur hefði fremur átt að nota til að koma á umbótum í sveitunum, svo að kreppan léki þær ekki eins hart, þá er ég miklu öruggari um, að þessar 15.5 milljónir hafi bændur notað í því skyni að tryggja framtíðina en verkamenn hafi notað sínar liðugu 50 milljónir til að tryggja framtíð sína hér. En það er alltaf hægt að krefjast þess af einni stétt, að hún byggi upp fyrir framtíðina. En það mætti með sama rétti krefjast þess af öðrum stéttum, t. d., að verkamenn byggðu hér verkamannabústaði.

Þá taldi hv. þm. raunalegt, hve landbúnaðurinn væri hér óþroskaður og ófullkominn, og tók því til sönnunar dæmi um smjörinnflutning frá Suður-Ameríku. Ef til vill óskar hv. þm. eftir því, að vinnuaflið sé launað hér eins og þar í landi, þar sem er næstum þrælahald, eftir því sem ég veit bezt, og á ég þá einkum við „litaða" menn. Vitanlega fer verð vörunnar mikið eftir kaupgjaldinu. Eða t. d. í Japan. Ef til vill óskar hv. þm. eftir svipuðu vinnuhaldi og þar er og lækka laun verkamanna hér í samræmi við kaupgjald þar. Þá væri sennilega hægt að lækka íslenzka smjörið.

En veit hv. þm., að smjör frá Bandaríkjunum, sem sennilega notar meiri véltækni í landbúnaði en nokkurt annað land, að það smjör mun kosta jafnmikið og íslenzkt smjör frá hinum óþroskaða landbúnaði hér.

Það er annars furðulegt að hlusta á þessa menn stagast á því, að íslenzk framleiðsla sé ekki samkeppnisfær við erlendan markað, með þeim gerólíku kauptöxtum, sem hér eru, ef borið er saman við önnur lönd, eins og t. d. Japan, þar sem borgað mun vera sem svarar einni krónu á klukkustund. Þetta eru furðulegar blekkingar æ ofan í æ.

Hv. þm. hentaði nú að kalla alla íslenzka bændur kotbændur. En það er annað hljóð í strokknum, þegar verið er að tala um alla stórbændurna, sem hirði uppbæturnar. Þetta sýnir ljóslega skilning þessara manna á málefnum bænda. Ef fara á þessa leið, þá eru þm. að brjóta niður samþykkt frá síðasta þ. Með því brjóta þeir skarð í þann garð, sem búið er með ærnum kostnaði að byggja upp.

Forseti (JörB): Með því að sýnt er, að umr. getur ekki orðið lokið, ætla ég að fresta umr. um þetta mál um stund. Það eru margir á mælendaskrá, og mun ég reyna að taka fyrst mál, sem minni umr. verða að líkindum um.

Umr. frestað um stund, en málið tekið af dagskrá síðar á fundinum.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 168, n. 273 og 285, 344).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta mál var hér síðast til umr., og þráðurinn er því farinn að slitna í þeim umr., sem þá áttu sér stað. Ég skal því ekki gera mikið að því að elta ólar við það, sem þá kom fram, en það var þó sérstaklega ýmislegt, sem kom fram hjá hv. þm. Siglf., sem ég hefði ástæðu til þess að gera aths. við.

Hv. þm. V.-Sk. hafði þó þegar svarað honum allýtarlega, áður en umr. var frestað á dögunum, en ég get þó ekki stillt mig um að minnast nokkuð á það, sem kom fram í ræðu hans.

Hann fór út í það að tala almennt um landbúnað og verðlag á landbúnaðarafurðum og sagði meðal annars, að það verðlag, sem nú þyrfti að vera á landbúnaðarafurðum, sýndi það, hvað landbúnaðurinn væri mikið á eftir tímanum samanborið við aðrar atvinnugreinar. En ég vil nú biðja menn að athuga, hvernig er ástatt um aðrar atvinnugreinar hér í landinu, því að þegar verið er að gera samanburð á verðlagi, er það eina, sem kemur til greina að bera saman, það er

verðlag á ýmsum afurðum í landinu sjálfu. Það er það, sem verður fyrst og fremst að taka tillit til. Það hefur enga þýðingu að bera saman verð á landbúnaðarafurðum hér og í Suður-Ameríku eða t. d. kaupgjald hér og í Kína. Þetta skraf hv. þm. um verðlag á smjöri í S.-Ameríku er því alveg út í bláinn. Hitt, sem máli skiptir, er að bera saman, hvernig verð á landbúnaðarafurðum stendur samanburð við verðlag annars varnings, sem er framleiddur hér. Ég ætla því að halda því fram, að ef verð á landbúnaðarafurðum væri borið saman við verð á t. d. iðnaðarframleiðslu í landinu, þá mundi verða nokkuð annað upp á teningnum en sú mynd, sem virðist svífa fyrir hugskotssjónum þeirra, sem tala um þetta mál af lítilli þekkingu og enn minni velvild. Ég hygg, að það mundi verða þröngt fyrir dyrum hjá fleirum en búandkörlum hér í landinu, ef ætti að fara að gera allsherjar samanburð við aðrar þjóðir, sem hafa miklu betri framleiðsluskilyrði. Þá ræddi hv. þm. Siglf. mikið um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og fór háðulegum orðum um bændastéttina í því sambandi. Hann sagði, að það væri sama og að þessu fé væri kastað í sjóinn að vera að ausa því í kotbændur hér í landinu, án þess að nokkuð sæist eftir af því, þar sem þeir hokruðu við vonlaust verk. Hv. þm. finnst hann líklega geta gilt úr flokki talað af hálfu þeirra, sem greiða þetta fé til kotbænda. En ég hygg, að það sé hollt fyrir hann og aðra þá, sem tala í svipuðum tón um þessar útflutningsuppbætur, að gera sér grein fyrir því, hver sé hinn raunverulegi grundvöllur þessara peninga, sem sumir landsmenn draga nú til sín í svo stórum stíl. Það er annars vegar gífurlega hátt verð á fiskafurðum og hins vegar það mikla fjármagn, sem setuliðið hefur flutt inn í landið. Þetta fjármagn hefur dregizt sérstaklega til sumra manna í landinu, án þess að þeir hafi gert nokkuð til þess fram yfir aðra, en þeir hafa af tilviljun setið við þessar auðsuppsprettur. Það er því hreinasta firra að halda því fram, að þeir, sem af tilviljun hafa komizt yfir mikil auðæfi, eigi að fá að halda í allt, sem þeir hafa getað klófest, en hinir, sem hafa ekki haft aðstöðu til þess að njóta þessara gæða, eigi alls ekkert að fá. Allt þetta tal um uppbætur og styrki er því alveg út í bláinn. Það er skylda Alþ. að sjá um það, að hlutfallið milli stéttanna raskist ekki og að allir njóti þess fjármagns, sem hér berst að. Það væri þjóðfélagslegt óréttlæti, ef sumir, sem af tilviljun hafa setið við seðlauppsprettuna, eiga að fá að sitja að því öllu saman, á meðan aðrir geta ekki séð sér sæmilega farborða á þessum veltiárum, þótt þeir vinni að þjóðnytjastörfum.

En engin af þessum sérstöku auðsuppsprettum á sér neina verulega framtíð, heldur eru þær og þessar uppbætur aðeins stundarfyrirbrigði, sem hefur skapazt vegna hins óvenjulega ástands, sem er orsök stríðsins. Svo er hv. þm. Siglf. að fjargviðrast yfir því, að það sé varhugavert að færa hluta af þessu fjármagni yfir til bændanna, því að það geti vakið hjá þeim óeðlilega bjartsýni. En hvað heldur hann þá um verkamenn? Getur ekki hið háa kaupgjald vakið óeðlilega bjartsýni hjá þeim? Ég get ekki séð, að það veki neitt hættulegri bjartsýni hjá bændum, þótt þeim séu í eitt eða tvö skipti tryggðar sambærilegar tekjur við aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Þá var hv. þm. að tala um það, að það þyrfti að koma á breyttum framleiðsluháttum hjá landbúnaðinum. Þetta er nú ekki nein ný speki, enda hefur verið unnið að þessu undanfarið. Annars á þetta við allar atvinnugreinar í landinu og sumar enn þá fremur en landbúnaðinn. En er það ekki hlálegt, þegar þessi hv. þm. talar annars vegar um það, að það sé hættulegt að láta fjármagnið renna til bænda, en hins vegar talar hann um hina miklu þörf, sem bændur hafi á því að koma fyrir sig fótunum, að þeir þurfi að leggja í aukna ræktun og aðrar framkvæmdir. Heldur hv. þm., að þeim muni ganga það betur, ef þeir verða nú á stríðsárunum að vera tæplega hálfdrættingar á við aðrar stéttir þjóðfélagsins? Það er því sama, hvar er gripið í þennan lopa hjá hv. þm. Þar er allt jafnóheilt og ósamstætt og rekur sig hvað á annars horn. Ég skal svo ekki gera þennan útúrdúr lengri, þótt hann sé eðlileg afleiðing þess, hvernig hv. þm. Siglf. talaði. Ég skal því víkja að frv. sjálfu. Það fjallar um að nema úr l. þá heimild, sem ríkisstj. hefur nú, til þess að borga niður dýrtíðina. Ef þetta frv. verður samþ. og ekkert látið koma í staðinn, þá mun ríkisstj. hætta að borga niður dýrtíðina sama dag og þetta frv. verður að l., og afleiðingin af því verður sú, að dýrtíðin hlýtur að aukast verulega frá því, sem nú er. Nú er það spurningin, hvort það vakir fyrir öllum stuðningsmönnum frv., að það verði samþ. og ekkert látið koma í staðinn. Ég hef grun um það, að afstaða fylgismanna þessa frv. sé mismunandi, að því er þetta atriði snertir. Það mun vera vilji hv. þm. Siglf. og sósíalista yfirleitt, að frv. verði samþ. og ekkert látið koma í staðinn, þannig að vísitalan hækki og allt verði látið reka á reiðanum, unz það er komið í fullkomna upplausn og vandræði. Það er því eðlilegt, að sósíalistar vilji samþ. þetta frv., því að það er í samræmi við stefnu þeirra, enda er það flutt í Ed. af hv. 5. þm. Reykv. Það er engin furða, þótt þeir, sem vilja, að dýrtíðin vaxi, fylgi þessu frv. Ég skil afstöðu þeirra, en ég skil ekki, hvað vakir fyrir Alþfl. og Sjálfstfl. með því að fylgja þessu frv., vitandi það, að ef það verður samþ., þá verður hætt að borga niður dýrtíðina og hún látin vaxa skefjalaust. Ég er nú ekki viss um, að þeir vilji það, en ef svo er, að þeir vilji ekki sleppa dýrtíðinni lausri, hvernig dettur þeim þá í hug að láta fella þessa heimild niður? En ef þeir ætlast til þess, að eitthvað komi í staðinn fyrir þessa heimild, þá hefðu þeir ekki átt að beita sér fyrir því, að hún verði felld niður, heldur áttu þeir að beita sér fyrir því, að gerðar yrðu þær breyt. á dýrtíðarl., sem þeir telja nauðsynlegar. Ég skil ekkert í afstöðu þeirra hv. þm., sem vilja ekki láta hætta að borga niður dýrtíðina, en eru þó með þessu frv. óbreyttu. Þetta er eins og hver annar skollaleikur, að fella niður þessa heimild, en fara svo strax á eftir að reyna að koma einhverju í l., sem er svipað og það, sem þeir eru nýbúnir að fella niður. Ég get ekki séð, að það sé nein glóra í þessu. Hitt er ekki nema hlálegt, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að þeir gefa í skyn, að þeir væru fúsir til þess að flytja till. um nýjar heimildir fyrir rík-

isstj. Ef þeir vilja það, hvers vegna flytja þeir það þá ekki sem brtt. við þetta mál eða þá í sambandi við fjárl. og þá sem till. um það, hve miklu þeir vilja láta verja til þess að borga niður dýrtíðina? Það er óhjákvæmilegt fyrir þá annaðhvort að hætta við þetta frv. eða þá að sjá um það, að áður en það verður samþ., þá verði komnar fram till. um nýjar heimildir.

Það er sem sagt skiljanlegt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja hætta að borga niður dýrtíðina, að samþ. þetta frv., en hjá þeim, sem vilja ekki láta hætta að borga niður dýrtíðina, en eru þó með þessu frv., er þetta hreinn skollaleikur.

Eins og kom fram í ræðu hv. þm. V.-Húnv., vill Framsfl. ekki samþ. að fella niður þessa heimild. Við viljum ekki eiga það á hættu að fara út á þá braut, á meðan ekkert er komið í staðinn, til þess að halda a. m. k. í horfinu. Við höfum hins vegar alltaf haldið því fram, að það væri neyðarúrræði að borga niður dýrtíðina með framlögum úr ríkissj., bæði vegna þess glundroða, sem kann að skapast, þegar því verður hætt aftur, og svo vegna þess, að hætt er við, að ekki verði hægt að afla nægilegs fjár til þess. Þótt við séum á þeirri skoðun, að það hafi verið gengið of langt í því að borga dýrtíðina niður, þá teljum við samt ekki heppilegt að fella nú niður þessa heimild, eins og á stendur, á meðan verið er að reyna að finna þá lausn, sem við megum treysta á í framtíðinni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt mikið, enda er það ekki undarlegt. En það er undarleg kenning, sem hefur verið haldið hér fram af hæstv. ríkisstj. og hv. frsm. minni hl. En þessi kenning er um það, að þessi setning, sem nú á að falla niður úr 4. gr. dýrtíðarl., eigi að vera ævarandi og ótakmörkuð heimild fyrir ríkisstj. til þess að borga niður dýrtíðina. Mér er hins vegar kunnugt um það, að er þetta mál lá fyrir fjhn. í fyrra, — og mér hefur að nokkru verið kennt um það samkomulag, sem þar náðist, — þá held ég, að engum í fjhn. hafi dottið í hug, að þessi setning veitti ríkisstj. heimild til þess að borga meira fé til þess að borga niður dýrtíðina heldur en það fé, sem aflaðist með þeim sköttum, sem gert var ráð fyrir í þessu sama frv.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. lýst yfir því, að það fé væri búið.

Mér finnst því ærið undarlegt, að ríkisstj. skuli nú vilja hanga á þessari setningu sem ævarandi heimild til þess að borga niður dýrtíðina, að þetta sé heimild til stærri fjárútláta en gert er ráð fyrir, að þeir tekjustofnar, sem l. fela í sér, geta staðið undir.

Varðandi það, sem 2. hv. þm. S.-M. sagði, að hann ætti bágt með að skilja okkur, sem vildum fella niður þessa heimild, en vildum þó ekki láta hætta að borga niður dýrtíðina, þá verð ég að segja, að mér þykir einkennilegt, ef jafnskynsamur maður skilur ekki tilgang okkar í þessu máli. Við teljum ekki heppilegt, að þingið geti ekki ráðið öllu í þessum málum, ef því þykir ástæða og þörf til.

En það er annað atriði í þessu máli, sem vert er að taka til athugunar, og það er það, sem háttv. þm. V.-Sk. ræddi um. Hann vildi svo vera láta, að hér væri verið að svíkja eitthvert samkomulag. Ef einhverjir eru sviknir, þá eru það ekki bændur, því að engir eru óánægðari með þessa niðurborgun en einmitt bændur. Einnig álít ég, að launþegar séu ekki ánægðir með þessa leið.

Þetta er einungis gert vegna erlendra markaðsins, og ég tel það ekki svik við neinn aðila, þótt réttur þings og stjórnar sé skýrt afmarkaður. Annars verð ég að segja það, að ég er dálítið undrandi yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa komið fram með neinar till. varðandi lausn þessa máls á komandi tíma.

Það hefur komið bændum allilla, á hvern hátt kjötið hefur verið verðbætt og þó sérstaklega kartöflurnar, en út í það skal ekki farið hér, þar eð það hefur fram komið í öðru sambandi.

En ég vildi víkja nokkrum orðum að ræðu, sem hv. þm. Siglf. hélt hér um daginn, enda þótt henni hafi verið svarað að nokkru af 2. þm. S.-M. Hjá honum gætti nokkuð mótsagna, sem oft vill verða, er menn ræða hér um landbúnað. Hann sagði, að landbúnaðarafurðir væru hér allt of dýrar, en hins vegar hefur ekki komið fram hjá honum eða flokksmönnum hans að þeir álitu, að bændur fengju of hátt verð fyrir afurðir sínar samanborið við kaup launþega. Hann sagði, að hér væri nær eingöngu rekinn kotabúskapur, og því vil ég þar til svara, að auðvitað vantar hér ýmislegt til þess, að landbúnaðurinn sé fullkominn, en þó er það svo, að þar, sem hann er lengst kominn, sýna tölur, að hann getur borið sig og svarar að öllu kröfum tímans. Að öðru leyti vildi ég ráðleggja þessum þm. að athuga ástand og afkomu þeirra ríkisbúa, sem nú eru starfrækt og búa við hin beztu skilyrði. Má vera, að hann öðlaðist við það nokkra reynslu.

Þá er hér till. frá 6 manna n., sem fer fram á, að ný nefnd verði skipuð til að hafa eftirlit með verðlagi og samræma það kaupgjaldi.

Komi það fyrir, að n. finni, að grundvöllur sá, er byggt hefur verið á, sé rangur, þá mun hún að sjálfsögðu leiðrétta það. Þannig tel ég, að þessu máli sé bezt komið.

Það var af slíkum ástæðum, að tveir nm. vildu ekki flytja þetta með okkur, en út í það fer ég ekki, enda munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Háttv. þm. V.-Ísf. hefur talað nokkuð um þetta mál, og vildi ég víkja að ræðu hans með nokkrum orðum. Mér virtist koma fram í ræðu hans, að hann hefði gert ráð fyrir, að yrði samkomulag í vísitölun., þá mundi niðurborgun landbúnaðarafurða hverfa úr sögunni, vegna þess að verðið á innlendum afurðum mundi lækka.

Mér kom þetta aldrei til hugar, því að ég vissi, að verðlagið var ekki of hátt í samanburði við kaupgjald, enda kom það í ljós.

Hv. frsm. meiri hl., 3. þm. Reykv., lýsti yfir því, að meiri hl. fjhn. mundi fylgjandi áframhaldandi greiðslum til verðlækkunar innan lands. Það lítur út fyrir, að hann sé þessu fylgjandi, og hið sama kom fram hjá þm. A.-Húnv. Sé þetta svo, virðist mér, að þessir háttv. þm. hafi verið að villast, er þeir skrifuðu undir álit með sósíalistum, sem vilja ekki verja fé til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Hv. þm. A.-Húnv. segir,

að engum muni hafa komið til hugar, að ríkisstj. mundi nota annað fé til niðurborgunar en það, sem aflaðist með ákvæðum dýrtíðarl. En í 4. gr. stendur: „Þó er stjórninni heimilt . . .“ o. s. frv. **(JPálm:** En önnur gr.?) Ég veit það. En þar er ekki sagt, að ekki megi verja meira fé en því, sem ríkisstj. fær samkv. þeirri grein. **(JPálm:** Það er einmitt sagt). Nei, það er alls ekki sagt.

Þá er það brtt. meiri hl., sem JPálm segir, að minni hl. muni kannske greiða atkvæði með, þótt við vildum ekki flytja hana með þeim. Ég lýsi því yfir, að ég verð ekki með till., og ég vildi biðja þm. að athuga hana vel, áður en þeir samþykkja hana, því að þar er ákvæði, sem er þvert ofan í ákvæði dýrtíðarl. En það er ákvæðið um, að 6 manna n. skuli starfa áfram og ákveða verðið ár hvert fyrir 15. ágúst. Þetta er alveg gagnstætt ákvæði 4. gr. dýrtíðarl., og ég skil ekkert í háttv. þm. A.-Húnv., að hann skuli verða til að flytja slíka till. Hins vegar get ég vel skilið, að hv. þm. Siglf. gerist flm. slíkrar till. Þegar þessi n. var skipuð, var lagt fyrir hana að skila áliti fyrir 15. ágúst 1943, og það gerði hún. Með því var starfi hennar lokið. Þá er hér einnig rætt um breyt. á þeim grundvelli, er n. byggði á. Tel ég, að samþ. þessarar till. geti orðið til þess að eyðileggja það samkomulag um þessi mál, sem náðist með starfi vísitölun. og vil ég því vara hv. þm. við því að samþ. tillöguna.

Bjarni Ásgeirsson: Mig langar til að spyrja hv. flm. till. á þskj. 344, hvernig beri að skilja hana, því að mér virðist efni hennar þannig, að verði hún samþ., sé með henni kippt burtu grundvellinum fyrir starfi n. Í till. stendur, að n. skuli skila áliti fyrir 15. ágúst ár hvert. Niðurstöður hennar gilda því ekki nema til eins árs.

Nú er það svo, að þessi n. átti ekki að hafa úrslitavald nema því aðeins, að hún yrði öll sammála. En þá vil ég spyrja: Hvaða verðlag á að gilda á landbúnaðarafurðum, ef n. verður ekki sammála? Á þá ekkert verðlag að gilda? Ég leit svo á, að þegar 6 manna n. hafði einu sinni fundið hlutfallið milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds, þá væri það einungis skrifstofuverk, sem ríkisstj. gat alltaf látið framkvæma, að reikna út breyt. á núverandi verðlagsgrundvelli. En nú á þetta ekki að vera svo lengur, heldur á að ákveða verðið á hverju ári fyrir 15. ágúst. Og þá sé ég ekki annað en í gildi sé komið það ákvæði l. um, að ef ekki verða allir sammála, þá gildir ekki samkomulag neins meiri hl. í n. Ég vildi óska þess að fá fram skoðun allra hv. flm. brtt. á þskj. 344 um það, hvernig þeir líti á þetta atriði, hvernig fari um verðlagið, ef n. yrði ekki sammála um það, næst þegar hún á að ákveða um þetta fyrir 15. sept. n. k., ef brtt. þessi væri samþ.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Herra forseti. Ég hélt satt að segja, að ég hefði gert svo skýra grein fyrir þessu máli, að hverjum manni hefði átt að vera auðvelt að skilja afstöðu mína. En hér hefur staðið upp hver þm. á fætur öðrum til þess aðallega að lýsa yfir því, að þeir skildu bara hreint ekkert í því. En flutningur þessa máls kemur til af því, að sumir hv. þm. a. m. k. — og ég hygg meiri hluti hv. þm. — vefengja það, að í l. frá í vor um dýrtíðarráðstafanir felist ótvíræð heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða þessa upphæð, sem hér er um að ræða. Og jafnvel þó að ekki væri deilt um það, að þessi heimild væri fyrir hendi samkvæmt öðrum l., þá gæti enginn vafi leikið á því, að ríkisstj. þyrfti að vita sig örugga um það að hafa meiri hluta þingsins að baki sér, hvenær sem hún notaði þessa heimild. Og það er ekkert annað, sem farið er fram á hér, en leggja það undir atkv. Alþ., hvernig þessa heimild skuli nota. Þetta ætti hver maður að geta skilið. Það liggur líka í hlutarins eðli, þó að maður taki þessa heimild eins og hún er orðuð, sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði“, — að hér er vitanlega átt við þingræðislega heimild, en ekki einræðislega heimild, heimild, sem ríkisstj. hefur leyfi til að nota samkvæmt vilja þingsins á hverjum tíma. En undir eins og vilja þingsins vantar til fyrir því, að ríkisstj. noti þessa heimild, þá vantar heimild samkvæmt þingræðisreglum. Og það er misskilningur núverandi hæstv. ríkisstj., sem liggur á bak við það að bíta sig svo fast í þetta orðalag laganna, án þess að taka til greina þær þingræðisreglur, sem hlýtur að verða krafizt, að bak við heimildina séu. Og þess vegna er það líka, að þegar hv. þm. V.-Sk. segir, að hér séu rofnir samningar, þá er það líka misskilningur. Það er auðvitað ekki gert. Því að jafnvel þó að litið væri svo á, að þessi heimild í 4. gr. laganna væri þáttur í samningum, sem gerðir hafa verið, þá verður að nota heimildina sem þingræðislega, sem þá ekki aðeins hæstv. ríkisstj. á að ákveða, hvort notuð sé, heldur líka hæstv. Alþ. Og mér finnst ákaflega undarlegt um þing, sem þykist standa á þingræðisgrundvelli, að nokkur rödd skuli koma yfirleitt fram um það, að ekki megi fara eftir venjulegum þingræðisreglum í þessu máli.

Hv. 2. þm. S.-M. taldi, að við, sem viljum breyta l. og þó erum ekki yfirlýstir andstæðingar þess, að uppbætur séu greiddar á verð landbúnaðarafurða, hefðum heldur átt að lagfæra l., þannig að þessi heimild væri veitt í þeim ótvírætt. Já. Við viljum fyrst og fremst slá þessari reglu fastri, sem ég hef greint, og það eru alveg sérstakar ástæður til þess nú. Þegar það kemur fram, að hæstv. ríkisstj. vill ekki leita heimildar, sem mikill hluti þings gengur eftir, að leitað sé, þá er alveg sérstök ástæða til þess að slá föstu, hvað ber að gera. Og það er ekkert annað en gryla, sem hv. þm. eru að mála upp, þegar þeir eru að gera ráð fyrir, að til þess geti komið, að heimildin verði felld niður og hætt verði að greiða verð þessara vara niður, vegna þess að engin heimild sé til þess. Ég hef bent á það fyrir hönd meiri hl. fjhn., að n. mundi verða fús til þess milli umr., ef frv. yrði samþ. við þessa umr., að flytja fyrir ríkisstj. frv. um það, að henni skuli veitt þessi heimild. Og til þess getur unnizt nægur tími að fá þá heimild, ef ríkisstj. vill lúta svo lágt að leita hennar. Spurningin er ekki um neitt annað en þetta, sem ég hef tekið fram.

Ég hef áður gert svo skýra grein fyrir afstöðu meiri hl. n. í málinu, að ég tel óþarft að fara um hana fleiri orðum.

Viðvíkjandi brtt., sem hér hefur komið fram, þá skilst mér, að hún sé flutt vegna þess, að forsendur fyrir framkvæmd l. séu breyttar frá því, sem var, þegar l. voru sett. L. mæltu svo fyrir, að 6 manna n. skyldi finna vísitölu, sem hún hefur ekki fundið. Hún hefur ekki sett neina vísitölu upp. Þess vegna skilst mér, að það verði að taka málið upp á hverju ári, af því að þessi vísitala hefur ekki verið sett upp, sem þó var höfuðtilgangur þessara l., að fundin væri föst vísitala, sem gæti sagt til um, hvernig verðlagið ætti að breytast á þessum vörum á hverju ári.

Jón Pálmason: Hv. þm. V.-Húnv. vildi andmæla því, að það hefði verið til þess ætlazt með dýrtíðarl., að ekki væri notað fé til þessara dýrtíðarráðstafana samkvæmt þeim, umfram það, sem aflaðist með þeim skatti, sem í þessum l. felst. Þetta er nú beinlínis tekið fram í 2. gr. l., þar sem sagt er, að þessi skattur sé á lagður til þess að standa undir þeim kostnaði, sem stafar af 4. og 5. gr. þessara l. Og það var það, sem vakti fyrir fjhn. a. m. k. og ég held öllum hv. þm. Það er því undarlegur hugsunarháttur, ef menn vilja draga út af þessu það, að það sé einhver ótakmörkuð og ævarandi heimild, sem megi draga út af þessum orðum, sem ég vitnaði til.

En eftir aths. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Mýr. viðkomandi brtt. 344 virðast þeir miða mest að því að reyna að gera allt annað úr þessari till. en í henni felst í raun og veru. En að svo miklu leyti sem aths. þeirra byggjast á því, að viðhafa alla varfærni í þessu efni, þá er það náttúrlega allrar virðingar vert. En þeir höfðu báðir sömu aðferð, að lesa upp úr brtt. aðeins eina setningu, sem sé þá, að 6 manna n. skuli ákveða verðið fyrir 15. ágúst ár hvert. En þeir slepptu því, sem kemur strax á eftir, á hvaða grundvelli þetta skuli gert. Því að eins og ég tók fram áðan, þá er ekkert átt við með þessari till. annað en það, að starf þessarar n. skuli vera hliðstætt starfi kauplagsn. Í brtt. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Breytingar á verðlaginu skulu miðaðar við þær breytingar, sem á liðnu ári hafa orðið á kaupgjaldi í landinu og rekstrarkostnaði landbúnaðarins að öðru leyti". Brtt. á ekki að vera nein önnur, nema því aðeins, að n. verði öll sammála um það vegna nýrra upplýsinga, að hún hafi gert einhver mistök, þannig að leiðrétting á þeim leiði annaðhvort til lækkunar eða hækkunar á verðlagi þessara vara. Ég hef borið þetta undir tvo af nm., sem í þessari 6 manna n. voru, og þar á meðal samflokksmann þessara hv. þm. tveggja, sem andmælt hafa þessari brtt. Og þessir tveir nm. telja, að ekkert sé óeðlilegt við það, þó að þetta sé haft á þennan veg, sem gert er ráð fyrir með brtt., eins og ég hef nú skýrt það. Hitt er máske rétt hjá þessum hv. þm. báðum, að það væri hægt að reikna þetta út bara í stjórnarráðinu, hvaða breyt. er þörf í þessu efni. Og þá væri sjálfsagt líka hægt að reikna út verðlagsuppbótina á hverjum mánuði, án þess að hafa sérstaka n. starfandi til þess. En ætlunin var, að þetta verðlag yrði ekki reiknað út nema einu sinni á ári og það breyttist eftir breyt. á kaupgjaldi og öðrum liðum rekstrarkostnaðar við landbúnaðinn.

Þá er eitt meginatriði í sambandi við þessa brtt., sem hv. þm. Mýr. spurði um. Get ég sagt um það álit mitt, og ef meðflm. mínir hafa eitthvað við það að athuga, þá beini ég því til þeirra að segja til þess, ef þeir hafa einhverjar aths. fram að bera við álit mitt. Ég álít, að ef n. verður ekki sammála um útreikning eða breyt. á verðlaginu, þá verði við það að standa, sem í gildi er á þeim tíma um verðlagið. Þá er ætlazt til þess, að verðið sé óbreytt. Og það er líka alveg greinilega tekið fram í síðustu málsgrein brtt., að það sé alveg ófrávíkjanlegt skilyrði, að n. sé öll á einu máli.

Ég held svo, að ekki sé þörf á frekari skýringum varðandi þetta og að þessar aths., sem ég tek náttúrlega ekkert illa upp, séu þess vegna óþarfar.

Bjarni Ásgeirsson: Mér finnst nú ekki alveg samræmi í þeim svörum, sem ég hef fengið við fyrirspurn minni hjá tveimur af hv. flm. brtt. á þskj. 344. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gaf þá skýringu á nauðsyn þessarar brtt., að landbúnaðarvísitölun. hefði ekki leyst af hendi það verk, sem henni var falið, þ. e. a. s. ekki fundið verðvísitölu, eða m. ö. o., að starf n. væri hálfgerð markleysa og þess vegna væri ástæða til þess að taka málið aftur upp að nýju. Og eftir orðum brtt. get ég vel skilið þessa afstöðu. Aftur á móti vildi hv. þm. A.-Húnv. halda fram, að hér væri ekki um aðrar breyt. að ræða en þær, sem eftir eðli málsins hlytu að koma fram við breytt verðlag og þá líka við breyttar tekjur annarra stétta í þjóðfélaginu. En eins og ég sagði áðan, álít ég, að það sé starf, sem ríkisstj. geti falið ráðuneytinu að framkvæma útreikning á, án þess að sérstakri n. sé ætlað að vera starfandi til að reikna þetta út. Og hv. þm. A.-Húnv. sagði, að ef samkomulag næðist ekki í þessari n. fyrir 15. ágúst, þá stæði verðlagið óbreytt. Ég álít, að þessi skýring út af fyrir sig geti ekki staðizt. Ef það t. d. kæmi fram við athugun á þessu máli af nýju, að allt kaupgjald við landbúnaðarframleiðslu hefði lækkað um helming, þá ætti eftir þessari skýringu einn maður í n. að geta, bara með því að skerast úr leik, komið í veg fyrir, að breyt. fengjust fram á verði landbúnaðarvaranna í samræmi við kaupgjaldið, vegna þess að það þyrfti þá, eftir brtt. og skýringu hv. þm. A.-Húnv., samkomulag allra nm. til þess að taka þessa viðurkenndu reglu til greina, að afurðaverð landbúnaðarins skuli ákveðið í samræmi við framleiðslukostnað og laun annarra stétta í þjóðfélaginu en bænda. Slíkt næði ekki nokkurri átt, því að verðið á þessum vörum á að breytast eftir framleiðslukostnaðinum við þær og breyt. á kaupgjaldi í landinu. En þá gæti líka hugsazt, að fleira en þetta kæmi til greina um það, að ekki væri hægt að taka þessa nýju niðurstöðu til greina. Og ég vil algerlega neita því, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að landbúnaðarvísitölunefnd hafi algerlega látið undir höfuð leggjast að vinna það, sem fyrir hana var lagt, um að finna verðvísitölu landbúnaðarvara, því að slíka verðvísitölu hefur hún fundið, þó að hún liggi ekki fyrir í einstökum tölum. En hún hefur fundið hana með því að meta og vega, hve mikið hver kostnaðarliður í framleiðslu

landbúnaðarafurða vegur. Og með því að athuga á hverjum tíma, hvaða verð er á hverjum þessum kostnaðarlið, þá er hægt samkvæmt því að finna út nauðsynlegar breytingar á verði landbúnaðarvara. Í þessu er fólginn annar þáttur verðvísitölu landbúnaðarafurða. En hinn þáttur þessarar verðvísitölu má segja, að sé hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags, og það þarf þá að athuga, hvaða breyt. kaupgjaldið á hverjum tíma tekur, og ákveða verðlag landbúnaðarafurða í samræmi við það ásamt með tilliti til framleiðslukostnaðar. En ég held, að sá skilningur geti alls ekki staðizt, að ef n. kemur sér ekki saman um þær breyt., sem hún vill vera láta á verði landbúnaðarafurða, þá eigi það verð að haldast óbreytt, — jafnvel þó að framleiðslukostnaður hafi t. d. lækkað um helming. Og ég er hins vegar hræddur um, þó að hv. þm. A.-Húnv. hafi ekki ætlazt til þess, þá sé hann með þessari brtt. að búa málinu þá gryfju, sem það geti ekki komizt úr, þannig að ef ekki sé fullt samkomulag í n., þá séu raunverulega, ef brtt. þessi væri samþ., úr gildi fallnar allar þær ákvarðanir um verð landbúnaðarafurða, sem náðst hefur niðurstaða um með starfi 6 manna n., og mundi þá ringulreiðin byrja á ný.

En ég vildi heyra álit hv. þm. Siglf. um þetta atriði, hvernig hann lítur á það, hvaða verð er í gildi, ef brtt. þessi væri samþ., en ekki næðist samkomulag í n., þegar hún færi að ákveða verðið á þessum vörum fyrir 15. sept. n. k., hvort verðið á þá að haldast óbreytt á landbúnaðarafurðum, eins og það þá hefði verið, eða hvort allar ákvarðanir landbúnaðarvísitölun., *sem nú gilda, væru þá úr gildi fallnar.*

Áki Jakobsson: Ég skal vera mjög stuttorður. En til mín hefur verið beint fyrirspurn út af brtt. á þskj. 344.

Ég ætla ekki að fara út í það að svara því, sem sagt hefur verið um þær aths., sem fram komu í ræðu minni fyrr við þessar umr., því að mikið af því, sem ég sagði um daginn, var ekki beinlínis snertandi þessa breyt., sem með frv. er lagt til, að gerð verði í l. um dýrtíðarráðstafanir, þó að það leiddi af þeim umr., heldur voru almennar hugleiðingar um landbúnaðarmál.

En út af brtt. á þskj. 344 er það að segja, að það er rétt, að þegar maður athugar ýmsar gr. dýrtíðarl. frá í vor og þar á meðal 4. gr., þá er sýnilegt, að það eru í þeim l. mörg ákvæði næsta óljós og ógreinileg. Og þetta er eðlilegt, því að menn voru ekki búnir að vita, hvort samkomulag gæti náðst, og ekki búnir að hugsa sér í einstökum atriðum, hvernig það yrði. En sex manna n. varð, að svo miklu leyti sem ákvæði þessara l. voru ekki nægilega skýr, að taka að sér að skýra þau nánar.

Ég álít það ekki rétt, eins og þó kom fram í ræðu hv. þm. A.-Húnv., að þáverandi verðlag gildi áfram eftir 15. sept., ef samkomulag næst ekki ágreiningslaust í n. fyrir tiltekinn tíma um afurðaverðið. Og þetta er af þeirri ástæðu, að n. hefur ákveðið verðið eingöngu til 15. sept. 1944, ef brtt. á þskj. 344 verður samþ. Það er greinilega tekið fram í brtt. Það, sem gildir þá framvegis, ef ekki verður samkomulag, er sá verðgrundvöllur, sem n. hefur sett fram og ekki er hægt að breyta, nema allir nm. geti verið sammála um breyt. á sama grundvelli. Það, sem því n. þarf að gera eftir brtt., þegar að 15. ágúst n. k. kemur, er að reikna út, hver sú upphæð er, sem bóndinn þarf að fá, miðað við afurðir meðalbús, til þess að mæta rekstrarútgjöldum búsins og geta fengið hæfileg vinnulaun fyrir sig og sitt fólk. Þetta getur n. gert og jafnvel kannske eins aðrir aðilar. En það er ákaflega óeðlilegt, að einmitt þessi n., sem í náðist samkomulag um þessi mál, verði ekki látin hafa þetta með höndum. Við útreikning hennar í starfi hennar komu til greina margar tölur. Og bak við hverja tölu, sem í áliti n. er fram tekin, liggur mikil vinna og athugun á mörgum tölum. Og það gæti verið álitamál, sem hér er um að ræða, en þessi n. væri bærust að hafa þekkingu á. Og vitanlega væri æskilegast, að hver liður, sem hefur verið þáttur þess samkomulags, sem í n. varð, væri tekinn út af fyrir sig af þessari n., sem gekk frá þessari athugun í upphafi. T. d. er einn liðurinn vinnulaun bóndans, sem eiga að vera miðuð við tekjur launastétta í bæjum. Það er vitanlega ekki hægt að binda sig — við ákvörðun þeirra launa á næsta ári — við þær upplýsingar, sem n. hefur bundið sig við nú, enda gerir n. ráð fyrir, að þessi laun breytist til hækkunar eða lækkunar eftir því, sem fram kemur við athugun á þeim liðum, sem koma til greina við þann útreikning.

En þær breyt., sem eftir brtt. má ekki gera, nema öll n. sé sammála um þær, eru breyt., sem byggjast á því, að einn eða annar liður eigi að hafa meiri eða minni verkanir á verðlagsákvarðanirnar en eftir hinu upphaflega samkomulagi. En ef slíkar breyt. kæmu til greina, þá væri eðlilegast, að þá útreikninga, sem kynnu að verða þess valdandi, framkvæmdi n. sjálf. Og ég vil sérstaklega nefna t. d., að það eru engin þau orð í l. um *dýrtíðarráðstafanir, sem heimila* að skýra þau l. svo, að þessi n. eigi aðeins einu sinni að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum, en svo eigi hún ekki að skipta sér af því framar. Henni er í þessum l. falið að vera búin að finna þennan grundvöll fyrir 15. ágúst 1943, og síðan eru engin nánari ákvæði þar um. En vitanlega er eðlilegast — og til þess var ætlazt, þegar l. voru sett — að n. starfaði áfram. Og hér í brtt. þessari er miðað að því að tryggja, að sá árangur komi að áframhaldandi notum, sem náðist með samkomulagi 6 manna n. og var í því fólginn að binda enda á það eilífa stríð milli neytenda annars vegar og framleiðenda í sveit eða fulltrúa þeirra hins vegar um verðið á landbúnaðarvörum, en verði ekki að engu gerður, og að n. fái gögn til þess að vinna úr, svo sem þarf, til þess að byggja á athugun og niðurstöður um það verð, sem gilda skuli á verðlagstímabilinu frá 15. sept. 1944 og til jafnlengdar 1945. Þetta er það, sem flestir af okkur, sem fylgjum þessu frv. — og þar á meðal ég — töldum þann rétta skilning á þessu máli. Og þetta er það, sem sjálf landbúnaðarvísitölun. vill. Og það er á ýmsu sjáanlegt, að sú n. ætlaðist beinlínis til þess, að hún fengi aðstöðu til þess að starfa áfram að þessum málum, og m. a. að hún treysti sér ekki til að ákveða verðið á þessum vörum lengra fram í tímann en hún hefur gert með nál. sínu.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs hér á dögunum, þegar þetta frv. var hér síðast til umr., og ég ætla ekki að verða langorður. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér síðast. Hann var að útskýra, hvernig á því stæði, að hann og hans flokksmenn væru með þessu frv., og sagði, að þeir vildu láta Alþ. slá því föstu, að ríkisstj. hefði ekki ótakmarkaða heimild til þess að borga niður dýrtíðina, og að þeir vildu slá því föstu, hve langt skyldi ganga í því að borga hana niður. Hann hélt því líka fram, að það mætti ganga frá því milli 2. og 3. umr. þessa máls, að hve miklu leyti ríkisstj. skyldi leyft að borga niður dýrtíðina. Ég held, að ekki sé hægt að fá öllu greinilegri skollaleik en þetta. Því er haldið fram, að þetta frv. fái ekki staðizt, nema það séu komin önnur ákvæði í staðinn fyrir það, áður en það verður samþ. Þessi ákvæði eiga að vera sama efnis og hin fyrri, en þau mega bara ekki vera þau sömu. En því flytja þessir hv. þm. ekki heldur frv. til l. um breyt. á dýrtíðarl., þess efnis að ákveða, hve mikið fé þeir vilja veita til þess að borga niður dýrtíðina? Hvers vegna vilja þeir endilega fella niður heimildina til þess að setja þegar inn í staðinn nýja heimild? Ég get ekki skilið, hvað slíkur skollaleikur á að þýða. Hitt er annað mál, að það er vel skiljanlegt frá sjónarmiði þm. sósíalista, hvers vegna þeir vilja samþ. þetta frv., — vegna þess að þeir vilja fella þessa heimild niður og láta ekkert koma í staðinn. Það er hrein afstaða, en hitt er alveg óskiljanlegt.

Ef þetta frv. verður samþ. og ekkert annað kemur í staðinn, þá hættir ríkisstj. þegar að borga niður dýrtíðina.

En mér kemur ekkert á óvart, þótt þetta frv. verði nú látið liggja þangað til að búið er að ganga frá einhverju öðru í staðinn.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta nú, heldur láta hér staðar numið að sinni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., var verið að fetta fingur út í orðalag á brtt., sem við þrír fjhnm. flytjum á þskj. 344, og mig minnir, að það hafi verið hv. þm. Mýr., sem vildi halda því fram, að okkur bæri ekki alveg saman um það, hvernig skilja bæri till.

Það er alger misskilningur, en til þess að koma í veg fyrir, að mögulegt verði að efast um, hvað fyrir okkur vakir, þá hef ég nú orðað þessa brtt. um og vil leggja hana hér fram skriflega. Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. Ég geri þetta í samráði við meðflm. mína, og auk þess hef ég sýnt hv. þm. Mýr. þessa till., og hann hefur fallizt á, að hún sé skýr og augljós.

Í brtt. minni er það lagt til, að verði ágreiningur innan n. um útreikning á verðinu, þá skuli álit meiri hl. gilda. En það getur komið til mála, að n. verði ekki sammála um þetta atriði, enda þótt hún verði sammála að öðru leyti. Ég vil nú leyfa mér að bera þessa brtt. mína upp, svo að hv. þm. þurfi ekki að vera í neinum vafa um efni hennar. Hún er á þessa leið:

„Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkv. fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem kaupgjald er í landinu og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytzt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans.

Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal taka tillit til þess næst, þegar verðið er ákveðið".

Þarna er líka breytt einu orði, þ. e. ég hef sett grundvelli í stað „grunnverði". Ef mönnum þykir það eitthvað skýrara, þá er einfalt að samþykkja till. þannig.

Varðandi það atriði, sem kom fram hjá hv. 2. þm. S.-M., um að hér væri verið að leika einhvern skrípaleik, þá fer því fjarri.

Eins og ég og ýmsir aðrir hv. þm. hafa haldið fram, þá var aldrei til þess ætlazt, að samkv. þeirri heimild, sem nú á að fella niður, yrði varið meira fé til dýrtíðarráðstafana en því, sem innheimtist samkvæmt þeim sköttum, sem í lögunum felast. Ef þessi heimild er látin gilda áfram með það fyrir augum að fella inn í þetta meira fé, þá er það mjög óeðlilegt. Ég vil svo afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. mína með tilmælum um það, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (JörB): Það þarf tvenns konar afbrigði fyrir þessari till., þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 415) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 16. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 285, frá minni hl. fjhn., felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, BFB, IngJ, JS, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, JörB.

nei: FJ, GÞ, JakM, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ.

GSv greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (GG, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 415 samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JPálm, JS, LJós, PZ, SB, SK, STh, ÞG, ÁkJ, BÁ, EOl, JörB.

nei: FJ, IngJ, SigfS, SG, SEH, SÞ, StJSt, SvbH, ÁÁ, EmJ.

EystJ, GÞ, GSv, BFB, ÓTh, PÞ, PO, SkG, BG greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Jörundur Brynjólfsson: Í þeirri von, að meiri hl. verði til staðar, sem er þó ekki víst, segi ég já.

Brtt. 344, svo breytt, felld með 16:15 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, JakM, JJós.

nei: PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, EmJ, EystJ, FJ, BFB, IngJ, JörB.

BÁ, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, GTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, JakM, JJós, JPálm, LJós, ÓTh.

nei: PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GSv, BFB, IngJ, JS, PZ, JörB.

2 þm. (GG, GTh) fjarstaddir.

Jón Sigurðsson: Enda þótt ég sé samþykkur því, að Alþ. hafi á hverjum tíma fjárveitingarvaldið og ráði sem mestu um slíka hluti, tel ég mér þó ekki fært að samþ. þetta, meðan ekki er séð fyrir sérstakri fjárveitingu, og segi því nei.

2. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:12 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., utan dagskrár, mælti

Áki Jakobsson: Þar sem ég sé, að frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir hefur ekki verið tekið á dagskrá í dag og hefur ekki verið nú í fjóra daga, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta fyrir á næsta fundi deildarinnar.

Forseti (JörB): Ég heyri tilmæli hv. þm. Siglf.

Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til forseta, hvort einhver sérstök ástæða sé þess valdandi, að frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir hefur ekki verið sett á dagskrá til 3. umr., eða hvort ósk hafi komið fram um að fresta því?

Forseti (JörB): Fyrir nokkrum dögum barst mér ósk um að taka þetta mál ekki að svo komnu á dagskrá. Ég hef ekki kynnt mér það síðan, en mun athuga, hvernig ástatt er um það.

Á 60. fundi í Nd., 9. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta, hverju það sætir, að frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, sem afgr. var fyrir alllöngu, hefur ekki verið tekið á dagskrá. Ég beindi sams konar fyrirspurn til hæstv. forseta fyrir alllöngu, og kvaðst hann hafa verið beðinn að taka málið ekki á dagskrá, en gat þess ekki, hver hefði um það beðið eða hverjar væru ástæður til þess. Vil ég æskja þess, að málið verði tekið á dagskrá hið allra fyrsta.

Forseti (JörB): Ég hef óskað eftir að fá vitneskju um, hvort ekki væri hægt að taka málið á dagskrá, og mun nú ganga betur eftir því. Ég hef enga tilhneigingu til þess að vera á móti því, að það sé tekið á dagskrá, og mun gera það fljótlega.

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Eins og nú er komið málum, þar eð hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram frv. til þess að afla fjár til framkvæmda á dýrtíðarráðstöfunum, þá tel ég rétt, að þetta mál verði tekið af dagskrá, unz séð verður, hvað gerist í þessu, og óska ég eftir, að svo verði gert.

Einar Olgeirsson: Það er út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. var að segja. Ég sé ekki, að þörfin sé ekki fyrir hendi til að afgreiða þetta frv. rétt eins og áður var, þótt frv. hafi komið frá hæstv. ríkisstj., eins og hv. þm. drap á. Þingið getur eftir sem áður ákveðið um það, sem þetta frv. fjallar um, og ég skil ekki þau rök, sem hv. þm. var að reyna að færa fyrir máli sínu.

Þessu máli hefur verið frestað lengi. Það kom fram þegar í þingbyrjun, og nú er komið að þingslitum. Það nær því ekki neinni átt að fresta því lengur. Miklu eðlilegra væri að greiða fyrir því, að það fengi afgreiðslu sem allra fyrst.

Forseti (JörB): Það er rétt, að þetta mál er búið að bíða lengi. Tel ég því rétt að taka það til umræðu, ef d. óskar eftir því, og læt ég hana ákveða um það.

Einar Olgeirsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. ríkisstj. eða hv. forsrh., hvort hann vilji lofa því, ef þetta mál verður nú ekki tekið til umræðu, að þinginu skuli ekki slitið, áður en þm. fá endanlega að greiða atkv. um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það er svo algerlega á valdi hæstv. forseta eins, hvort taka á þetta mál af dagskrá eða ekki. Hann þarf ekkert að bera það undir d., ef honum þóknast að taka það af dagskrá.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ég held, að ríkisstj. vilji ekkert blanda sér í það, sem hv. d. gerir í þessu máli.

Einar Olgeirsson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans. Það tók af öll tvímæli um það, að verði málinu nú frestað, þá muni vera orðið samkomulag um það milli Framsfl. og Sjálfstfl. að afgreiða ekki þetta mál. Ég skora því á hæstv. forseta og það því fremur sem hann finnur til þess, að þetta mál hefur þegar dregizt mjög á langinn, að hann fresti nú ekki umr., og verði engar umr. um málið, þá lýsi hann umr. slitið. (**JakM:** Ég fellst á þetta).

Forseti (JörB): Mér skilst nú, að ef meiri hl. hv. d. er þeirrar skoðunar, að fram kæmu brtt., þá er eðlilegt að slíta ekki umr. En þar sem menn greinir svo mjög á um þetta mál hér í

hv. d. og búið er að bíða eftir því lengi, að málið kæmi úr n., og ég hef einnig orðið var við till. um að fresta því að taka málið fyrir til umr., þá vil ég láta hv. þd. skera úr því, hvort hún vill taka málið til umr. nú eða ekki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur hingað til haft sitt eigið vald og sín eigin ráð um þetta mál, og ég skora á hann að halda því áfram. Hann hefur ekki fundið ástæðu til að bera þetta atriði undir þessa hv. d. fram til þessa. Og hvers vegna skyldi vera meiri ástæða til þess nú? Ég vil því enn einu sinni skora á hæstv. forseta að láta engar breyttar kringumstæður hafa áhrif á forsetavald sitt.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að ég hef óskað eftir því að minnsta kosti einu sinni eða tvisvar, að hæstv. forseti héldi fram atkvgr. í þessari hv. d. um það, hvort d. vildi taka málið fyrir í þessar þrjár vikur, síðan það var hér í hv. d. Þá vildi hann það ekki. Nú telur hann rétt að láta d. ráða, hvort málið sé tekið fyrir. Hér er því ranglega haldið á forsetavaldi.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það er algerlega óverðskuldað, sem beint hefur verið nú að hæstv. forseta fyrir meðferð hans á þessu máli. Hins vegar vil ég víkja því til hæstv. forseta, hvort hann sér sér ekki fært að heita hv. d. því, að þetta mál verði tekið á dagskrá nægilega snemma, til þess að því verði lokið, áður en þingi verður slitið. Það er vitanlega eftir að afgreiða mál í þinginu, sem taka það langan tíma, að þetta ætti að vera hægt. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, hvort hann treystir sér ekki til þessa.

Forseti (JörB): Sjáanlega kemur mönnum ekki saman um það, hvort málið skuli taka fyrir nú eða fresta því að taka það fyrir. Vil ég því láta hv. þd. skera úr um það.

Ég veit, að hv. þm. Siglf. er það kunnugur þingsköpum, að honum er innan handar að vita, að ekki var neitt ranglega að farið, þótt ekki væri hlýtt óskum hans fyrr um þetta mál. En hann hefur alls ekki beðið um það, að forseti léti hv. þd. skera úr um það, hvort þetta mál skyldi tekið fyrir til umr. Hann hefði getað borið fram ósk um slíkt, og þá — (**ÁkJ:** Ég hef gert það einu sinni eða tvisvar). Ekki um að láta d. skera úr um þetta. En hann hefur óskað eftir því einu sinni eða tvisvar, að þetta mál yrði tekið fyrir og að d. væri látin skera úr um það. (**ÁkJ:** Þetta er algerleg misbeiting á forsetavaldi). Það er þvert á móti. Og þó að hv. þm. Siglf. langi til að narta í forseta, á hann ekki að láta sem hann þekki ekki þingsköp til þess að geta komið sínu fram.

Þetta verður því borið undir hv. þd. Það er langréttast, að deildin segi til um þetta, en að forsetavaldi sé ekki beitt eins og á stendur. Því að fallist deildin ekki á að taka þetta mál á dagskrá nú, þá verður málinu haldið áfram.

ATKVGR.

Samþ. að taka málið af dagskrá með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, GÞ, GSv, BFB, IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH.

nei: ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, JJós, LJós, SigfS, SG, SK, STh, StJSt.

JörB greiddi ekki atkv.

4 þm. (FJ, GG, GTh, PO) fjarstaddir.

Samkv. atkvgr. þessari tók forseti málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forseta að því, hvað því valdi, að enn er ekki tekið á dagskrá frv. til l. um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir. Þetta frv. er komið hér til 3. umr., og svo virðist sem fyrir hendi hafi verið vilji meiri hl. þings fyrir að samþ. það. En hæstv. forseti hefur hvað eftir annað dregið málið til baka, hvað eftir annað verið spurður, hvað því valdi, og oftar en einu sinni lýst því yfir, að nú mundi hann taka málið á dagskrá. Ég vildi því spyrja hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að taka þetta mál á dagskrá á þessum fundi eða setja annan fund að honum loknum og taka málið þá á dagskrá, til þess að það fái þinglega afgreiðslu. Og því fremur vil ég að þessu spyrja, þar sem ég sé, að hér á þskj. 191 er komin þáltill., sem mjög snertir efni þessa frv. Það eru ákaflega undarlegir stjórnarhættir, ef hæstv. Alþ. nú, þegar svo er komið sem komið er, léti þetta mál sofna, sem ekki er annað vitað um en þrír flokkar hafi staðið um til þessa, en samþykki í stað þess þáltill., sem gengur gersamlega í aðra átt heldur en frumvarpið.

Forseti (JörB): Eins og hv. 8. þm. Reykv. man eftir, þá var samkv. ákvörðun þessarar hv. d. það ákveðið, að þetta mál skyldi ekki halda áfram þá. (**ÁkJ:** Þá var bara samþ., að málið skyldi ekki vera tekið fyrir til meðferðar á þeim fundi). Og ég skoða það svo, meðan ekki kemur fram áskorun um, að það verði tekið fyrir, að þeirri athugun, sem átti að fara fram á frv., sé ekki lokið. Annars hef ég ekkert á móti því, að málið komi á dagskrá.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég ætla, að það hafi verið að ósk hv. 3. þm. Reykv., að gengið var til atkvgr. um, hvort málið skyldi tekið af dagskrá hér á fundi í gær eða fyrradag. Og ég man ekki betur en hann lýsti því yfir, að hann teldi sjálfsagt, að málið fengi afgreiðslu á þessu þingi, og hann mun hafa spurt forseta, hvort hann tæki málið ekki á dagskrá áður en þingi lyki. Nú skilst mér, að þinglausnir eigi að fara fram á morgun. Í dag eru því síðustu forvöð með að afgreiða málið. Það er því ekki ófyrirsynju, að hæstv. forseti er að spurður, hvort hann sjái sér ekki fært að koma málinu að í dag, á þessum fundi eða öðrum.

Forseti (JörB): Á þessum fundi verður sennilega ekki tóm til þess að hafa fleiri mál til afgreiðslu en á dagskrá eru. En það verða fleiri fundir í þessari hv. d., áður en þingi er lokið, og þá gefst tækifæri til að taka málið á dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég gat ekki verið við, er dagskrá var kynnt hér síðast. En mér er tjáð, að ekki hafi verið tekið á dagskrá mál, sem ég áður hafði farið fram á, að tekið yrði til umræðu, frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir. Vil ég nú á ný fara fram á, að það verði tekið á dagskrá.

Forseti (JörB): Eins og ég áður lét í ljós, er ég ekki mótfallinn því, að málið verði tekið fyrir. En ástæðan til þess, að ekki er hægt að taka það á dagskrá nú, er sú, að fundur verður í Sþ. í nótt og Alþingi verður slitið á morgun. Auk þess hefur deildin áður fellt till. um að taka mál þetta á dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

38. Hverasvæðið í Ölfusi.

Á 24. fundi í Ed., 24. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um skipulag og yfirstjórn jarðeigna ríkisins á hverasvæðinu í Ölfusi (þmfrv., A. 93).

Á 26. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 30. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það skýrir sig sjálft ásamt því, sem í grg. segir. Það er borið fram í því skyni að tryggja skynsamleg yfirráð ríkisvaldsins yfir eignum, sem ríkið sumpart hefur keypt, sumpart ráðgert að kaupa. Gert er ráð fyrir framhaldi og aukningu á þeim skólarekstri, sem þarna er hafinn með garðyrkjuskólanum á Reykjum og skólaseli Menntaskólans í Rvík, og stendur til stækkun á því útibúi skólans. Þarna eru ýmis gæði, sem sennilega eru vel fallin fyrir sjúkrahús og ýmsar slíkar stofnanir. Það hefur komið til orða hjá nokkuð áhrifamiklum mönnum í læknamálefnum að reisa þarna spítala. En með því að það er þeirra mál, skal ekki farið út í það. Það er nokkuð óheppilegt, ef engin stjórn er yfir vexti slíks staðar, sem þetta er, nema sískiptandi ríkisstjórnir. Jafnvel hefur það komið fyrir, að látnar hafa verið lóðir til töluverðs tjóns fyrir garðyrkjuskólann. Ríkið hefur ákveðið með l. frá 1942 að kaupa landið, sem Hveragerði stendur á. Það hefur aðeins frestast vegna hins óeðlilega verðlags, sem nú ríkir. Oddviti hreppsins var hér nýlega á ferð til að ýta því máli áfram. Þorpið þarna fer hraðvaxandi, en það er partur af stórum hrepp, sem hefur að vonum meiri áhuga á ýmsu öðru en skipulagi þess og stjórn eða framkvæmdum í þess þágu, enda margt, sem hindrar, þangað til einn landeigandi verður að öllu svæðinu og þorpsbúar geta tekið málin í sínar hendur. Ég legg til, að málinu verði vísað til menntmn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

39. Náttúrurannsóknir.

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir (þmfrv., A. 235).

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. geti farið nefndarlaust gegnum hv. deild. Frv. gerir ráð fyrir, að nú verði fjórir menn í rannsóknaráði ríkisins í stað þriggja. Þeir, sem sæti eiga í ráðinu, hafa eindregið óskað eftir því, að Emil Jónsson yrði áfram í því, en Alþfl. hefði misst fulltrúa sinn úr því, hefði það ákvæði verið áfram, að aðeins þrír stærstu þingflokkarnir hefðu þar fulltrúa.

Brynjólfur Bjarnason: Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál mikið hér við 1. umr., og ég mun greiða atkv. með því að vísa frv. til 2. umr. og n., en þó aðeins í trausti þess, að n. breyti því í það horf, sem er hæstv. deild sæmandi. Þessi l. hafa alltaf verið fáránleg, en þó er þessi till. fáránlegust af öllu.
Í þessum l. er upphaflega gert ráð fyrir, að meðlimir ráðsins verði hvorki fleiri né færri en þrír, svo að þjóðstjórnarflokkarnir þrír hefðu þar hver sinn fulltrúa, en nú eiga þeir að vera fjórir, svo að Alþfl. fái sinn fulltrúa í ráðið. Sósfl. hefur alltaf verið á móti slíkri skipan í rannsóknaráð ríkisins, enda mun það eins dæmi í öllum heimi, að slík stofnun sem þessi sé skipuð pólitískt. Enda hafa störf ráðsins verið í samræmi við skipan þess. Sumir beztu vísindamenn okkar hafa algerlega neitað að starfa undir handarjaðri þess og beinlínis sett það skilyrði, að það kæmi þar ekki nærri. Sósfl. hefur ákveðið að setja fulltrúa í ráðið eingöngu í þeim tilgangi að vita, hvort ekki væri hægt að hafa einhver áhrif á störf þess og starfsemi. Og ef það tekst ekki, býst ég fastlega við, að hann dragi fulltrúa sinn til baka.
Vísindastarfsemi er stutt á veg komin hjá okkur Íslendingum og skipulag þessara mála mjög í riðlun enn þá, og það skal játað, að það er ekki nærri vandalaust að skipuleggja þessi mál og koma þeim á fastan grundvöll. Það væri því eðlilegast að vísa þessu frv. frá með rökstuddri

dagskrá í trausti þess, að ríkisstj. léti fara fram athugun á því, hvernig þessum málum yrði bezt fyrir komið, en ég mun þó ekki bera fram tillögur í þá átt að svo stöddu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þessar deilur, en ætla aðeins að segja frá viðskiptum mínum við ráðið árið 1939. Ég fékk þá tilboð um að útvega og senda út 1000 sýnishorn af jarðefnum, eftir að ég hafði sent nokkur sýnishorn áður. Er ég sneri mér til ráðsins til þess að fá leyfi til þessa, fékk ég það svar, að ríkisstj. hefði veitt þrem mönnum sérleyfi í allt að hálfa öld á öllu Suðurlandsundirlendi í þessu skyni. Ég sneri mér þá til ráðherra, og kvað hann ekki hægt að sinna þessu tilboði nema með samþykki viðkomandi aðila og bauðst til að vera þar milligöngumaður. Það varð ekki öllu meira úr framkvæmdum í þessu máli, en ég vil í þessu sambandi beina þeirri spurningu til fyrrv. ráðherra, með hvaða rökum hann seldi þennan rétt ákveðnum mönnum í hendur og hver var vilji rannsóknaráðsins til þessa máls. Ég vil svo upplýsa, að hér var um mikið fé að ræða, 1000 kr. tonnið eða alls 200 þús. kr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég er hissa á form. Kommúnistaflokksins, að hann skuli vera óánægður yfir því að fá fulltrúa í ráðið, því að ef það hefur verið slæmt til þessa, ætti hann að geta bætt það.

Kommúnistafl. hefur nú stækkað svo, að sanngjarnt er, að hann fái að taka þátt í starfi mannfélagsmálanna. En ef þeir vilja það ekki, mun enginn sjá eftir því, og rannsóknaráðið mun engu að síður starfa, þó að þeir dragi mann sinn úr því.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Mér finnst eðlilegast, að n. fái þetta mál til meðferðar, og vil ég leggja til, að því verði vísað til allshn. eða menntmn. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt, að allir flokkar fái fulltrúa í rannsóknaráðið, og furðar mig á afstöðu hv. 5. þm. Reykv. og að hann skuli ekki geta unnt Alþfl. sama réttar og öðrum flokkum.

En ég er alveg sammála 5. þm. Reykv., að athuga beri, hvort ekki sé heppilegra, að ýmsar vísindastofnanir hafi meiri áhrif á störf rannsóknaráðsins en verið hefur, og ætti n. sú, er fjallar um þetta mál, að taka þetta til athugunar.

(Eyða í handriti) . . . svo að ég mun vera — eins og svo oft áður — ósammála báðum, þar sem mér virðist skoðanir þeirra vera nokkuð langt til beggja handa, og ég vona, að þeir taki báðir í þá útréttu friðarhendi, sem ég rétti, til þess að unnt verði að ná heppilegustu lausninni í þessu litla máli, sem hér liggur fyrir.

Hermann Jónasson: Ég heyrði áðan útundan mér, að hv. þm. Barð. var að tala um, að ég hefði veitt einhverjum sérleyfi til þess að vinna jarðefni, og taldi það mundu vera um aldur og ævi. Þetta var leyfi til þess að vinna brennistein, ef ég man rétt, en það mun hafa átt að falla niður, ef vinnsla yrði ekki hafin innan tiltekins tíma, og ég hygg, að sá tími sé liðinn fyrir löngu, þannig að sérleyfið sé fallið úr gildi. Sú stjórn, sem ég veitti forstöðu, sat í átta ár, en þó mun það vera þannig, að þaðan fóru menn ekki með nein sérleyfi, og þessi heimild til þess að vinna brennistein í Krýsuvík átti að falla niður eftir tiltekinn tíma. Ástæðan til þess, að ekki var ráðizt í þetta, var sú, að það borgaði sig ekki að vinna brennisteininn til móts við það, sem hann er annars staðar.

Ég ætla þá aðeins að minnast á rannsóknaráðið án þess að lengja umr. mikið. Ég álít alls ekki rétt, sem komið hefur fram, að ástæðan til þess, að rannsóknaráðið hefur ekki unnið stórvægileg störf í þjóðfélagi okkar, sé sú, að það sé skipað af pólitískum flokkum. Ég get vel skilið, að hv. 5. þm. Reykv. færust orð eins og honum fórust þau, af því að honum fannst óeðlilegt, að flokkur hans var settur hjá á sínum tíma, og skal ég ekki fara inn á það. Um það má alltaf deila, vegna þess, hvað hans flokkur var lítill, með aðeins þrjá menn á þingi, hvort svo lítill flokkur ætti að skipa einn af fjórum mönnum, en öðru máli gegnir, þegar fjórir flokkar eru í þinginu og tveir hinir minni eru viðlíka stórir og það munar ekki mjög miklu, hvort þrír eða fjórir menn eru í ráðinu. Annars ætla ég ekki inn á þetta atriði, því að það má þrotlaust um það deila, hvar línan eigi að vera í þessu efni. En ég hygg, að það sé erfitt að færa sönnur á það, að ráðinu hafi ekki áunnizt meira en orðið hefur vegna þess, að það er skipað pólitískt, því að ástæðan er allt önnur. Ástæðan er sú, að íslenzka þjóðin á enn ekki nógu mikið af mönnum, sem geta fullkomlega unnið það starf, sem rannsóknaráðið á að vinna, og þetta sér maður bezt á því, að rannsóknastofa háskólans, — án þess að ég vilji nokkuð lasta þá menn, er þar starfa, — sem sett var á laggirnar í þágu atvinnuveganna, hefur ekki unnið það starf, sem við gerðum okkur vonir um, þegar l. voru sett, og eru þeir menn þó ekki skipaðir af pólitískum flokkum. En það er af þeirri einföldu ástæðu, að við eigum ekki enn þá þá menn, sem færir eru um að vinna það starf, sem rannsóknarstofa atvinnuveganna þarfnast. Þetta er ekki sagt af því, að ég vilji vekja deilur, en ég vil vekja athygli á því, að það er alveg rétt, að Sósfl. hefur tilnefnt í þetta starf mann, sem er einn af þeim fyrstu, sem líklegur er til að geta unnið þetta verk. Hann hefur verið í fjögur ár á rannsóknastofnunum erlendis, fyrst í Danmörku og síðan í Bandaríkjunum, og það er ekki hægt að neita því, að maðurinn hefur fengið mjög góða menntun og er líklegur til þess, að koma með miklar nýjungar inn í þetta starf. Ég vil bæta því við, að ég þekki þá menn, sem eru að búa sig undir þessi störf, af því að ég hef lagt fram nokkra vinnu í að útvega þeim fé, og ég get sagt það, að þegar einn af þessum mönnum, Björn Jóhannsson, kom inn á jarðefnarannsóknastofu, sagðist hann ekki geta þetta, hann hefði ekki nóga menntun. Hann er nú búinn að vera tvö ár, ætlar að vera það þriðja og er nú að taka doktorsnafnbót. Það tekur 10 ár og óskaplegt fé að afla sér þeirrar menntunar, sem þessir menn þurfa, til þess að geta tekið að sér störf hér heima, Og það er búið að taka Björn Sigurðsson, sem Sósfl. tilnefnir, 10 ár að undirbúa sig, þannig að þetta

er ekki fljótgert. Björn Sigurðsson hefur alls ekki neitað að vinna undir stjórn rannsóknaráðsins. Maðurinn er mér persónulega kunnugur. Hann hefur rætt við mig, og ég hef talað við stj. hans vegna. Hann hefur ekki neitað að vinna undir stjórn rannsóknaráðsins, — ég hef stungið upp á því, — en hann hefur neitað að vinna undir stjórn rannsóknastofu háskólans. Ég tel ekki rétt að blanda málum svo mjög um þetta sem gert er. Það er ekki af því, að ráðið sé skipað pólitískt, sem misbrestur hefur verið á starfi þess, heldur af því, að beztu menn, sem við eigum, eru ekki starfinu vaxnir og það tekur langan tíma að ala menn upp í það. Og rannsóknastofa atvinnuveganna, sem er ekki skipuð með þessum hætti, hefur síður en svo unnið meira starf.

Þetta vildi ég taka fram, af því að ég álít rétt, að það komi fram, og af því að sjálfsagt er að vanda val þeirra manna, sem teknir eru, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að sá maður, sem Sósfl. tilnefnir, er mjög góður maður. En mér þætti fróðlegt, ef hv. 5. þm. Reykv. vildi benda á nokkuð marga menn í þessu landi, sem geta unnið þessi vísindastörf. Þeir eru ekki ýkjamargir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir þeim upplýsingum frá hv. þm. Str., að þetta sérleyfi hafi fallið úr gildi. Þetta leyfi var gefið til 25 ára með því skilyrði, að það yrði að hefja vinnslu innan viss árabils, og það voru önnur jarðefni, sem fylgdu með. Og leyfið var veitt ekki aðeins fyrir Krýsuvík og einn eða tvo aðra staði, heldur einnig í Henglinum, undir Hofsjökli, inni á Hveravöllum og um allt hálendið, þannig að engar skorður voru við þessu settar, og ef ekki hefðu komið hér önnur öfl til, þá hefði af þessu orðið eitt af þeim allra stærstu pólitísku hneykslum, sem nokkur stjórn hefur framið. Það voru aðrir, sem gripu í taumana, og m. a. var stöðvaður útflutningur á jarðefnum, sem voru máske ekki mjög mikils virði, en þó um 200 þús. kr. Þm. kannast við það, því að hann ræddi um það við mig, en þetta voru jarðefni, sem ég sendi út sem sýnishorn. Hann sagði við mig, að hann gæti ekki gefið leyfi til þess, að ég flytti þetta út, því að sérleyfið hefði verið veitt til ákveðinna manna. Nú ætla ég að hlífa honum við því að nefna nöfn þessara manna, sem fengu þetta leyfi, því að það er útrunnið fyrir rás viðburðanna, en ég vil benda honum á, að þetta er í bréfi í stjórnarráðinu, sem er dagsett, að mig minnir, 8. marz 1939. Þetta er bréf, sem hann — bara af blygðun — bannaði, að ég fengi að sjá, en ég náði því eftir öðrum leiðum, eins og ég náði í eintakið af Tímanum, sem gerði hann brunahæfan og geymt er í fórum einstakra manna.

Brynjólfur Bjarnason: Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að ræða mikið um það, en ætla að endurtaka það, sem ég sagði áður, að skipun rannsóknaráðsins er þannig, að ekki er sæmandi neinni þjóð, ekki einu sinni Íslendingum.

1. flm. ræddi lítið um málið sjálft, eins og hans er vandi. Hann sagði, að þegar rannsóknaráðið var stofnað, hafi Sósfl. ekki haft fulltrúa, vegna þess að það hefði verið eins og að bjóða fermingartelpu á ball og það væri ekki sæmandi. Ég er alveg sammála hv. flm. um þetta, og þó að Sósfl. sé ekki lengur nein fermingartelpa, er hann þó svo vandur að virðingu sinni, að hann vill alls ekki taka þátt í þessu balli, sem rannsóknaráðið er, og vill láta hina flokkana sitja eina að skömminni.

Hv. þm. S.-Þ. lætur sér vel líka, að flokkarnir þrír hafi sinn bitling. Látum þetta vera í samræmi við upphafið, og í samræmi við þá hentistefnu, sem gilti, þegar l. voru sett, þar sem miðað var við stærstu flokkana svo og þann, sem nú er minnstur. Þá var tilganginum náð með því, að þrír stærstu þingflokkarnir ættu fulltrúa í ráðinu. Nú næðist sami tilgangur með því að kveða svo á, að tveir stærstu þingflokkarnir og sá minnsti skuli eiga þar fulltrúa. Eðlilegast hefði verið, að brtt. hefði verið á þá leið.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um þetta frá öðru sjónarmiði. Virðist hann mér alveg sammála um það, að skipun rannsóknaráðsins sé ekki með þeim hætti, sem æskilegt væri, og ég skal taka það fram, að sá þm. átti ekki neinn þátt í þeim skrípaleik, sem þá var leikinn. Þm. vill sýna Alþfl. þá sanngirni, að hann fái að skipa mann í ráðið. Ég er ekkert á móti því að sýna fulla sanngirni, en vildu þá ekki þingflokkarnir sýna Sósfl. þá sanngirni að láta hann hafa mann í bankaráð Landsbankans, Útvegsbankans, í framfærzlumálanefnd o. s. frv. Ég ætla ekki að telja það allt upp, en dálítið er það einkennilegt, að þessi hugsunarsemi kemur eingöngu fram gagnvart Alþfl. Flokkurinn virðist líka vera ákaflega hrifinn af þeirri sanngirni að fá styrk til þess að halda þessum bitling, en óneitanlega er það hjákátlegt fyrir þá, sem hafa fylgzt með sögu þessa máls. Um það leyti, sem þessi l. voru sett, voru sett l. um fjölda annarra n., sem öll voru sett með þessari sömu formúlu, að þrír stóru flokkarnir áttu að eiga þar menn, en Sósfl. var útilokaður, ekki vegna þess, að flokkurinn átti aðeins þrjá menn á þingi, heldur til þess að útiloka skoðanir hans. Það voru þessir menn, sem úrskurðuðu, að flokkurinn væri alls ekki flokkur, til þess að hann gæti ekki tekið þátt í opinberum umræðum, og enn fremur kom fram till. um, að menn úr flokknum mættu ekki gegna neinni trúnaðarstöðu, og samtímis voru skipulagðar á þennan flokk þær mestu pólitísku ofsóknir, sem þekkzt hafa hér á landi. — Og svo koma þessir menn og segja, að það sé ósanngjarnt, að Alþfl. fái ekki að halda sínum bitling. Við skulum ekki tala um sanngirni. Við skulum tala um málið sjálft og hvort Alþingi á að slá því föstu, að rannsóknaráðið verði skipað með sömu tilhögun og verið hefur og verði þessi till. samþykkt, er það yfirlýsing um það, að Alþingi telji þessa tilhögun eðlilega. Spurningin er ekki um það, hvort Alþfl. eigi að hafa fulltrúa, heldur um stefnuna.

Það er misskilningur hjá hv. 6. þm. Reykv., að minn flokkur muni banna fulltrúa flokksins að starfa í rannsóknaráðinu. Ég geri ráð fyrir, að hann muni ekki taka það í mál að starfa í rannsóknaráðinu nú, ef þessi stefna er tekin. Hv. þm. Str. var að tala um það, að ákaflega fáir Íslendingar gætu unnið þau rannsóknastörf,

sem við fyrst og fremst þurfum á að halda. Þetta er hverju orði sannara, en þá er líka fjarstæða, að visst skipulag geri það að verkum, að hinir fáu vísindamenn, sem við höfum á að skipa, geti ekki starfað, svo að það verði ekki not af kröftum þeirra. En þannig hefur það verið um rannsóknaráð ríkisins. Ég hef bréf í höndunum frá einum þessara vísindamanna, þar sem stendur m. a.: „Nánari ákvæði eru þau, að ég fái að ráða mér sjálfur og verði ekki settur undir stjórn manna, sem ekki bera vit á mín störf. Sem sagt: Rannsóknaráðið má ekki hafa yfirstjórn mína, heldur á ég að heyra beint undir ráðuneytið og háskólann". Hinn maðurinn, sem þm. talaði um áðan, Björn Sigurðsson, sem er fulltrúi sósíalista í ráðinu og þm. viðurkenndi, að væri mjög vel að sér í þessum greinum, neitar algerlega að starfa undir atvinnudeild háskólans og mundi ekki heldur undir neinum kringumstæðum sætta sig við að starfa á vegum rannsóknaráðs. Hann hefur tjáð mér þetta sjálfur, og ég get fullyrt, að þetta er rétt. Þriðji vísindamaðurinn hefur beinlínis sagt upp starfi sínu vegna þess, að hann gat ekki þolað að starfa undir stjórn þessa ráðs. Hér er um alvarlegt mál að ræða, og þegar þannig er búið að vísindamönnum vorum, er ekki furða þótt manni renni til rifja að sjá till. eins og þessa, sem hér er komin fram. Það virðist sannarlega annað viðfangsefni liggja fyrir Alþingi en að sjá um, að Alþfl. haldi sínum bitling.

Ég mun ekki fara nánar út í þetta, en vonast til, að n. taki þetta mál alvarlega, en ekki í neinu skopi, og að það verði yfirleitt á þann hátt afgreitt, að sæmandi sé fyrir þingið.

Hermann Jónasson: Hv. þm. Barð. sýndi mér þá miskunn að segja ekki frá því, hvaða menn það voru, sem var veitt þetta sérleyfi. Þetta fór svo mikið fram hjá mér, að ég held, að hvað sem ég ætti til að vinna að geta vitnað í málinu, mundi ég ekki muna nema eitt nafn. Leyfið, sem um er að ræða, er nú fallið niður, af því að það borgaði sig ekki að vinna það. Og ég verð að segja það, að ég hef ekki búizt við, að þau hneyksli, sem kunna að hafa orðið í starfi mínu, séu látin liggja í þagnargildi. En því miður er land okkar svo fátækt af jarðefnum, að þótt leyfið hafi fengizt til þess að vinna námur, hefur reynslan sýnt, að þessar námur eru ekki til, að það borgar sig ekki að leita þessara efna nema með svo miklu fjárafli, að það leggur enginn í það. Það borgar sig ekki að vinna brennisteininn, vegna þess að brennisteinsnámur, sem til eru annars staðar, eru svo ríkar, en með þeim skáldlegu tilhneigingum, sem eru þessum þm. í blóðið bornar, er hann vel á vegi staddur með að gera þetta mjög dramatískt.

Ég skal ekki deila við hv. 5. þm. Reykv., en ég vil spyrja hann, hvort líklegra sé, að n. vinni betur starf sitt, ef í henni eru þrír menn af pólitískum flokkum, en þó að þeir verði fjórir og Emil Jónsson fimmti maður? Er líklegt, að það breyti störfunum til hins verra, að Emil Jónsson verði þar áfram, og að ástæða sé til fyrir þennan ágæta vísindamann, sem er Björn Sigurðsson, að neita að fara í ráðið þess vegna? Það verður að skeika að sköpuðu með þetta. Björn hefur sagt mér, að hann vilji ekki vinna undir stjórn rannsóknastofu háskólans, en öðru máli gegnir, ef hann á að vinna undir stjórn rannsóknaráðsins. (**BrB:** Þveröfugt hefur hann sagt mér). Það er einkennilegt, því að ég veit ekki til að rannsóknaráð hafi það vald, að það geti staðið í vegi fyrir starfi nokkurs vísindamanns. Rannsóknastofa atvinnuveganna gæti það, en rannsóknaráð ekki.

Bjarni Benediktsson: Umr. hafa nokkuð farið á víð og dreif. M. a. fullyrti hv. þm. Str., að Sjálfstfl. hefði látið sér mjög annt um að veita „koncessionir" einhverjum mönnum, en sjálfur játaði hann, að það hefði verið svo daglegt brauð í sinni stjórnartíð, að hann gæti ekki munað eftir nöfnunum á þeim, sem hefði verið veitt einkaleyfi, svo að hann hefði ekki þurft að fara yfir í hóp sjálfstæðismanna til að finna slíkt.

Um efni málsins að öðru leyti skal það tekið fram, að mig furðar á, með hverjum ofsa hv. 5. þm. Reykv. sækir þetta mál. Hann beindi því að mér, að ég væri í hópi eins konar vesalmenna, sem færu fram á, að Alþfl. væri sýnd sanngirni, því að kommúnistum hefði á sínum tíma ekki verið sýndur sá háttur. Ég hef nú ekki látið mér sérlega annt um Alþfl., þó að það sé góð regla að láta sér annt um þá fátæku og smáu, en hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki svo lítið talað um utangarðsmenn, að hann ætti sízt að bregða mér um vesalmennsku fyrir þetta. Ef hv. þm. telur, að þetta rannsóknaráð sé slíkt, að þm. saurgi sig á að fjalla um, hverjir eigi þar sæti, ætti það sama að gilda um hans eigin hvíthreina flokk. Hann hefur tekið ábyrgð á starfsemi ráðsins með því að skipa mann í það.

Við höfum í öðru sambandi orðið sammála um að láta Alþfl. halda sínum hlut, þar sem hann skorti atkvæðamagn til, í kosningu í útvarpsráð í fyrra.

Ég vil ítreka till. mína um, að málið fari til n. og að sú n. taki til alvarlegrar athugunar alla skipun rannsóknaráðs og flytji helzt á þessu þ. frv. um nýskipun þessa máls, þar sem vísindastofnunum vorum sé fengin meiri íhlutun um skipun þess, ef þær komast að þeirri niðurstöðu, að það sé æskilegt. Hitt liggur alveg ljóst fyrir, þó að hv. þm. Str. furðaði sig á því, að þótt atvinnudeild skili ekki neinum óhemju afköstum fyrstu árin, er það ekki nein sönnun um vanmátt hennar. Vísindastarfsemi er ekki þannig, að hægt sé að skipa nokkrum mönnum að setjast í rannsóknastól og skila miklum vísindalegum afrekum innan fárra mánaða, eins og ýmsum fannst eiga að ske, þegar atvinnudeildin var sett á stofn. Slíkt er barnaskapur, sem hlýtur að enda með vonbrigðum.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er hissa á, að hv. 6. þm. Reykv. skuli vilja ljá lið sitt til að halda þessu káki áfram, sem er orðið landinu til skammar. Það er skrítið, að hann tók til sín það, sem ég sagði um vesalmennsku þjóðstjórnarflokkanna og einkum Alþfl. Það er misskilningur, að ég sé með einhverja utangarðsstefnu gagnvart Alþfl. Ég hef aldrei staðið á móti því, að Alþfl. skipaði menn í n. á Alþ. Ég vil bara

ekki, að sú stefna verði ofan á, að skipun í rannsóknaráðið verði bitlingaúthlutun milli flokka. Sósfl. vill a. m. k. ekki taka við slíkum bitlingum. Fulltrúi þeirra var tregur að fara í þetta ráð, en rétt þótti að freista þess, hvort ekki fengist breytt hinni gömlu stefnu.

Hv. þm. Str. vill vefengja að ráðið geti staðið í vegi fyrir, að notaðir séu starfskraftar vísindamanna okkar. Ég hef nefnt einn mann, Björn Sigurðsson. Mér er vel kunnugt um, að hann vill ekki veita forstöðu stofnun, sem er undir atvinnudeildina gefin, né rannsóknaráðinu. Áðan voru lesin ummæli úr bréfi frá öðrum vísindamanni, Áskeli Löve, sem ekki vill heldur vinna undir yfirstjórn rannsóknaráðs. Þriðji vísindamaðurinn, sem hefur fengizt við að rannsaka sauðfjársjúkdóma, hætti störfum, því að hann vildi ekki una afskiptum rannsóknaráðs ríkisins. Það er Guðmundur Gíslason.

Bjarni Benediktsson: Ef ekki vakti annað fyrir sósíalistum en að knýja þingið til að taka skipun þessara mála fyrir frá grunni, þá er aðferð þeirra einkennileg, því að ef sósíalistar hefðu neitað að skipa mann í ráðið, væri ekki hægt að framkvæma l. eins og þau liggja fyrir, og hefði þ. þá verið neytt til að finna nýja skipun.

Brynjólfur Bjarnason: Mér þykir leitt, ef það, að sósíalistar nefndu mann í ráðið, hefur valdið misskilningi, en það var vegna þess, eins og ég hef áður sagt, að við gerðum okkur vonir um, að samkomulag mundi fást um gagngerðar breyt. En hefðum við neitað að skipa mann í ráðið, hefði það ekki borið árangur, eins og sjá má af því, sem fram hefur komið í umr. Sú aðferð hefði ekki dugað til að knýja Alþ. til breyt.

Bjarni Benediktsson: Þó að hv. þm. S.-Þ. hafi glaðzt yfir fyrirheiti hv. 5. þm. Reykv., að fulltrúi sósíalista skyldi hverfa úr ráðinu, er ekki víst, að það gleðji alla þm. Sjálfstfl. hefur ekki enn tilnefnt mann, af því að hann hélt, að það ætti annaðhvort að leggja ráðið niður eða gerbreyta skipun þess. Það eru líkur fyrir þingmeirihluta fyrir breyt.

Eiríkur Einarsson: Verkefni ráðsins er að nokkru leyti þannig, að það er ekki talið heyra frekar en verkast vill undir menntmn., og þess vegna kemur allshn. alveg eins til greina, og það, sem tekur af skarið, er, að það, sem einkennir meðferð málsins mest, er fyrirkomulagsatriðið sjálft um starf n. og hið pólitíska reiptog. Sé ég því ekki, að málið eigi erindi til menntmn., og legg til, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Hermann Jónasson: Hv. 5. þm. Reykv. upplýsti nú um Áskel Löve, að hann vildi ekki vinna undir rannsóknaráði. Það er sennilega rétt með farið hjá honum, en hvað snertir Guðmund Gíslason, var ágreiningur um fjárhagsmál, framkvæmdir, þar sem sitt sýndist hverjum, en ekki sjálft vísindastarfið.

Um Björn Sigurðsson þýðir ekki að karpa, þar stendur orð á móti orði.

Haraldur Guðmundsson: Það vantar aðeins eitt í þessar umr. Það er skylt að þakka hv. f. þm. Reykv. hans miklu umhyggju fyrir hinum fátæku og smáu, og er óskandi, að framhald verði á þeirri umhyggju, ekki aðeins að því er tekur til Alþfl., heldur almennt.

Hv. 5. þm. Reykv. hóf mál sitt með óvenjulegum hætti. Geðvonzkan var svo óskapleg, að ég hef ekki heyrt neitt svipað því lengi. Hann ruddi úr sér ókvæðisorðum og útdeildi flm. hverjum sinn skerf. En því ber að fagna, að hv. þm. segist ekki meina neitt af þessu til hv. 6. þm. Reykv. Það er gleðilegt tímanna tákn, ekki sízt á þessum tímum.

Ég veit að vísu, að ýmsir líta allmiklum öfundaraugum til bitlinga Alþfl., enda þótt þeir séu sjálfir miklu meiri bitlingum hlaðnir, en það er víst ekki annað en mannlegur breyzkleiki. Ég vil minna á það, að fulltrúi Alþfl. í ráðinu hefur ekki helmings bitlinga á við marga aðra.

Hv. 6. þm. Reykv. heldur því fram, að þessi l. séu í rauninni þjóðinni til skammar og að þau eigi alls ekki að gilda. En hvers vegna hefur hann þá ekki borið fram frv. um að nema þau úr gildi? (**BrB:** Það verður gert). Nú, jæja, það var mikils vert að fá þessar upplýsingar. Flokkur þessa hv. þm. er nú nýbúinn að tilnefna mann í ráðið. Hvers vegna ekki að bíða með það eftir till. þessa hv. þm. um að leggja ráðið niður? Hann sagði, að tilnefning manns þeirra í ráðið ætti að vera einhvers konar mótmæli gegn ráðinu. Ég verð að segja, svo að ég noti hans eigin orð, að þetta er fáránleg kenning.

Þá fann hann ráðinu það til foráttu, að það yrði meira pólitískt með því að skipa það eins og frv. leggur til. Ég get ekki séð, að það verði neitt meira pólitískt þótt bætt verði í það fjórða manni og hann verði tilnefndur á sama hátt og hinir. Ég held, að það sé því ástæðulaust að vera þess vegna að vonzkast yfir fjölgun í ráðinu. Það væri nær fyrir þá, sem eru að skeyta skapi sínu á þessu ráði, að bera þá fram till. um að afnema það eða gerbreyta því.

Þessi hv. þm. fullyrti, að það væru engin vinnubrögð hjá ráðinu og það hefði lamandi áhrif á alla vísindastarfsemi í landinu. (**BrB:** Ég hef sannað það). Ég fyrir mitt leyti efast mjög um það, en ég skal játa, að á þessu eru margir byrjunarörðugleikar eins og svo mörgu öðru hjá okkur. Ég skal engan dóm leggja á það, hvað þessi hv. þm. hefur í huga, fyrr en hann leggur fram till. sínar, en ég tel, að það sé nógur tími til þess að gagnrýna ráðið, þegar það er búið að yfirstíga byrjunarörðugleikana og getur sýnt, hver árangur verður af starfi þess.

Ég hef aldrei gert ráð fyrir því, að ráðið framkvæmdi sjálft rannsóknir sínar, heldur að það fengi aðra menn til þess að taka upp þær rannsóknir, sem mest þörf er á, að gerðar verði, hver á sínu sviði. Þessi hv. þm. sagði, að slíkt ráð mundi hvergi vera annars staðar til í heiminum. Ég hygg þó, að það sé til, en ég vil þó ekki fullyrða það, þar sem mér er það atriði ekki nægilega kunnugt. En ég held, að þau orð hans hafi verið alveg úr lausu lofti gripin.

Hann verður að gera sér glögga grein fyrir

því, að það er sitt hvað, að ráðið framkvæmi sjálft rannsóknirnar eða það hafi aðeins yfirstjórn þeirra í sínum höndum.

Að óbreyttri þeirri hugsun, sem nú liggur bak við þessi l., þá virðist það ekki annað en sjálfsögð sanngirniskrafa að samþ. þetta frv., þó að mér finnist það að vísu ekki skipta mjög miklu máli fyrir Alþfl., hvort hann fær að hafa þarna fulltrúa áfram eða ekki.

Kristinn Andrésson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., en ég vil þó nú segja nokkur orð.

Ég held, að hv. þm. þurfi ekki að tala af of miklum fjálgleik um stofnun og starfsemi þessa ráðs. Það er eitt af hreiðrunum frá tímum þjóðstjórnarinnar, þar sem spillingin hefur búið um sig. Þess vegna fagna ég því, að þetta mál skuli vera komið á dagskrá, en ég tel, að nauðsynlegra hefði verið að kjósa rannsóknarnefnd til þess að rannsaka störf ráðsins en að auka við það.

Ég ætla annars ekki að ræða þetta mál almennt nú við þessa umr., en ég mun gera það við 2. umr., en það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Str., sem ég vildi gera aths. við. Hann sagði það um Björn Sigurðsson, lækni, að hann hefði ekki viljað starfa undir rannsóknastofu háskólans, en að hann hefði viljað starfa undir stjórn rannsóknaráðsins. Þessum hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að Björn vildi ekki veita tilraunastofu í sjúkdómafræði forstöðu, nema því aðeins, að hún starfaði algerlega sjálfstætt. Á fundi, sem haldinn var fyrir um mánuði til þess að ræða um þessa stofnun, hélt Björn því fram, að það þyrfti að breyta l. um rannsóknaráð ríkisins. Hann var meira að segja það vel búinn undir þennan fund, að hann lagði þar fram uppkast að frv. til l. um tilraunastofu í sjúkdómafræði, sem hann gerði sér vonir um, að landbn. mundi taka við til flutnings, og í 3. gr. frv. þessa, sem samið var af honum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Atvmrh. hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar. Ráðh. ræður forstöðumann og annað starfsfólk í samráði við hann". — Í stuttu máli sagt, að Björn Sigurðsson hefur áður farið fram á það, að þessum l. yrði breytt og það yrðu samin sérstök l. um tilraunastofu í sjúkdómafræði undir yfirstjórn atvmrh. Það er sem sagt, að Björn óskaði eftir því að vera hvorki háður rannsóknaráði né rannsóknastofu háskólans, heldur fá að starfa algerlega sjálfstætt.

Brynjólfur Bjarnason: Það er aðeins út af því, sem hv. 3. landsk. sagði, að það mundi vera reiðilaust af Alþfl., þótt þessi till. yrði ekki samþ., og hann vildi lítið úr þessu gera, Alþfl. mundi víst standa jafnréttur eftir sem áður, enda væri þetta svo lítill bitlingur, að það munaði ekkert um hann. Fyrst svo er, þá virðist vera óþarfi að samþ. þessa till. Það ættu allir að geta verið sammála um það.

Hann sagðist hafa búizt við, að það kæmi fram till. frá sósíalistum um að leggja þetta ráð niður. Hann virðist ekki hafa heyrt, hvað ég sagði áðan. Ég sagði, að við hefðum skipað fulltrúa okkar í ráðið með það fyrir augum, að hann reyndi þar að ná samkomulagi við hina fulltrúana um það, hvernig ætti að breyta starfsemi ráðsins eða hvort ætti að leggja það niður.

Þá vildi hann halda því fram, að ráðið yrði ekkert meira pólitískt, þótt Alþfl. fengi þar einnig fulltrúa. Ég vil nú halda því gagnstæða fram, því að tilgangurinn með þessari till. er einungis pólitískur. En annars hefur það ekki mikla þýðingu. Aðalatriðið er það, að ef till. verður samþ., þá er það yfirlýsing frá Alþ. um, að það vilji, að ráðið starfi áfram með sama hætti.

Haraldur Guðmundsson: Ég á bágt með að skilja þennan hv. þm. Hann hefur fellt stórkostlegan áfellisdóm yfir ráðinu, en þó hefur flokkur hans skipað fulltrúa í ráðið — og að því er hann segir, til þess að reyna að ná þar samkomulagi um breytingar á starfsemi ráðsins eða til þess að leggja það niður. Þ. e. a. s., hann viðurkennir þar með, að það sé ekki búið að komast að niðurstöðu um það enn þá, hvort leggja eigi ráðið niður eða breyta því, að málið sé enn þá á rannsóknarstigi. Þeir hafa þannig sett manninn inn til þess að kynna sér störf ráðsins. (**BrB:** Þess þurfti ekki). Þá er óskiljanlegt, hvers vegna þeir bera ekki strax fram till. um að leggja ráðið niður, fyrst búið er að rannsaka störf þess. Annars hélt ég, að það hefði átt að rannsaka störf ráðsins innan þess, en ekki utan, og það var ekki hægt, fyrr en maðurinn var kominn inn í ráðið. En eftir að búið er að setja manninn inn í ráðið, geta þeir ekki dregið hann til baka. En það er auðséð, að þessi hv. þm. hefur enga skoðun um ráðið, þar sem hann segir, að maðurinn hafi verið settur inn í ráðið til þess að athuga hvort leggja ætti það niður eða breyta því, og þó þurfi ekki að rannsaka störf þess. Ég get ekki séð, að það sé tímabært að leggja ráðið niður, — en hverju á þá að breyta? Ég get ekki séð, að ráðið verði neitt meira pólitískt, þótt Alþfl. fái þar einnig fulltrúa, svo að fulltrúarnir verði fjórir í stað þriggja. Það er kunnugt, að maður Alþfl. er mjög vel starfhæfur, og störf ráðsins verða áreiðanlega eins vel eða betur unnin, ef hann er í ráðinu, en ef hann er þar ekki.

Hermann Jónasson. Herra forseti. Ég ætla ekki að halda áfram að karpa um þetta mál, en viðvíkjandi því, sem haldið er fram um Björn Sigurðsson, að hann hafi ekki viljað starfa undir yfirstjórn rannsóknaráðs, þá er óviðkunnanlegt að halda hér áfram deilu um þetta, þar sem hægt er að tala við manninn sjálfan í síma 3233, þar sem hann er við vinnu sína, og ég talaði sjálfur við hann nú rétt áðan.

Forseti (StgrA): Hv. 5. þm. Reykv. hefur nú þegar talað oftar en þingsköp leyfa, en ég mun þó enn leyfa honum að gera aðeins örstutta aths.

Brynjólfur Bjarnason: Þetta var prýðileg aths. hjá hv. þm. Str. — Út af því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði um það, hvort leggja ætti ráðið niður eða ekki, þá er það ákaflega einfalt og þarf ekki rannsóknar við, því að ráðið hefur þegar orðið sér til skammar, og það er til skammar. En það,

sem rannsaka þarf, er, hvaða skipun eigi að taka upp á þessum málum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BrB, IngP, KA, ÞÞ, StgrA.
nei: EE, GJ, HG, HermJ, PHerm.
6 þm. (BSt, GÍG, JJ, LJóh, MJ, PM) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

40. Miðlunarsjóður húsaleigu.

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um miðlunarsjóð húsaleigu** (þmfrv., A. 265).

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er fram komið í því skyni að reyna að bæta úr einum þætti þeirra vandræða, sem öngþveitið í húsnæðismálum bæjarins hefur skapað. Það er alkunnugt, að mikill skortur hefur verið á húsnæði nú um ára bil. Á því er ekki nema ein varanleg lausn til, þ. e. aukin bygging íbúðarhúsa og skömmtun húsnæðis. Og samfara þessu verður fólk, sem býr í nýjum húsum, að sætta sig við að borga gífurlega háa húsaleigu. Þetta er afar erfitt viðfangsefni, því að því verður ekki neitað, að húseigendur þurfa að leigja dýrt, því að húsbyggingar eru gífurlega dýrar. En vér þurfum ekki annað en líta á auglýsingar í blöðum til þess að sjá, að hér er komið út í öfgar og menn eru farnir að nota sér húsnæðisvandræðin.
Í þessu frv. er lagt til, að stofnaður verði miðlunarsjóður húsaleigu og að úr honum sé greiddur sá hluti af húsaleigu í húsum byggðum eftir 1. jan. 1940, sem er umfram það, er greitt var fyrir sambærilegt húsnæði á þeim tíma. Í sjóð þennan renni þær auknu tekjur bæjarsjóðs Reykjavíkur og ríkissjóðs, sem leiðir af þeirri hækkun fasteignamats í Rvík, er gekk í gildi 1. jan. 1943. Það er erfitt að segja um útgjöld sjóðsins, en ætlazt er til, að ríkissjóður borgi, ef útgjöld verða umfram tekjur.
Sá mismunur, sem verið hefur á aðstöðu þeirra, sem búa í nýjum húsum og gömlum, verður að hverfa, og er ætlazt til, að þetta frv. bæti úr því að verulegu leyti.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta að sinni, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

41. Lögreglumenn

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um lögreglumenn** (þmfrv., A. 255).

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég get verið stuttorður. — Málefni það, sem hér er fram borið, er sjálfsagt sanngirnis- og hagkvæmnismál fyrir kaupstaði landsins miðað við önnur sveitarfélög, og ég efast ekki um það, að hv. Alþ. muni fúslega verða við því að láta kaupstaðina í þessu njóta jafnréttis á við aðra, enda má svo segja, eins og vikið er að í grg. frv., þar sem drepið er á landsréttardóma, að sjálfur hæstiréttur hafi kveðið upp úr um það, að löggæzlan sé málefni, sem ríkisvaldinu, en ekki einstökum sveitarfélögum beri að standa fjárhagslegan straum af, og Alþ. ætti ekki að láta undir höfuð leggjast að fylgja þeim leiðarvísi og þeim ábendingum hæstaréttar, sem með þessu hefur komið fram. Um þetta meginatriði frv. held ég, að allir sanngjarnir menn hljóti að vera sammála, og ég efast ekki um, að þetta frv. muni fá góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Hitt er svo annað mál, að það má ef til vill deila um einstök atriði frv., eins og t. d. um það, hvernig skipun lögregluþjóna skuli komið fyrir, og ef til vill um það, hvort það sé rétt að setja einn lögreglustjóra yfir allt landið, eins og sagt var, að einn setudómari hefði viljað stíla sjálfan sig. Það gæti verið athugandi, hvort taka ætti upp slíka skipun, en það er aukaatriði, sem skiptir ekki miklu máli, en gæti verið til athugunar í n. Meginkjarni frv. er alveg ljós og sanngirnin svo bersýnileg, að ótrúlegt er, að um það verði deilt. Ég legg því málið óhikað á vald hv. d. án þess að fjölyrða um það frekar, ég get þar vísað til grg. Ég vil svo mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

42. Skólasetur og tilraunastöð á Reykhólum.

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum (þmfrv., A. 359).

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umræðu.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Saga þessa máls er í stuttu máli sú, að á síðasta þingi bar ég fram frv. til l. um að reisa skóla á Reykhólum, sbr. þskj. 90. Þetta frv. lá lengi hjá landbn., og afgreiddi hún það með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Í trausti þess, að fram verði látin fara hið bráðasta ýtarlegur undirbúningur að lagasetningu um framtíðar menningarstarfsemi á Reykhólum og á þann hátt fáist öruggur grundvöllur undir þá starfsemi, þá leiðir deildin hjá sér frekari afgreiðslu málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Nokkru síðar fluttu menn úr landbn. þáltill. í Sþ. um það, að Alþ. skyldi skipa fimm manna n. til þess að rannsaka þessi mál og gera till. um, hvernig ráðstafa skuli Reykhólum í framtíðinni sem skólasetri og sem tilraunastöð. Þetta var samþ. einróma í Sþ. og n. síðan skipuð eins og ákveðið var af þinginu. Henni var sett að skilyrði að skila störfum fyrir 1. okt., og byggðist það eingöngu á því, að unnt væri að koma málinu inn á þetta þing svo snemma, að það gæti orðið afgreitt á þinginu. N. skilaði áliti sínu 19. september til ráðuneytisins. Ráðuneytið mun hafa haldið þessu máli hjá sér sem næst mánuð og síðan sent það til landbn. Nd. og óskað eftir, að n. færi með málið eins og henni þætti bezt við eiga hér á Alþingi.

Ég átti tal um þetta mál við form. landbn. Nd., *sem er jafnframt formaður Búnaðarfélags Íslands, Bjarna Ásgeirsson*, en Búnaðarfélagið var á sínum tíma fylgjandi þessu máli. Bjarni tjáði mér, að hann væri málinu samþykkur, en hann óskaði eftir, að landbn. Ed. tæki málið að sér, vegna þess að landbn. Nd. hefði svo mikið að gera, að það væri ekki öruggt, að hún kæmi málinu frá. Nú hefur hv. landbn. Ed. haft þetta mál til athugunar í fjórar til sex vikur og hefur nú sagt, að hún vilji ekki flytja frv. í því formi, sem það er í nú, og hefur mér skilizt á formanni n., að það væri nauðsynlegt að senda a. m. k. nokkurn hluta frv. til mþn. í skólamálum. En því er til að svara, að þetta er ekki skólamál, heldur landbúnaðarmál. Það hefur gengið gegnum búnaðarþing og verið til athugunar í Búnaðarfélaginu, og ef landbn. hefði í byrjun haft þá skoðun, að þetta ætti að fara til mþn. í skólamálum, var tilgangslaust að skipa n. eins og gert var á sínum tíma. Mér finnst alveg óhæfileg afgreiðsla hjá landbn., þegar málið er flutt fram eins og á síðasta þingi og búið er að leggja í kostnað og fyrirhöfn við þennan undirbúning og n. hefur verið sammála, þá sé málið tafið með því að láta það liggja aðgerðarlaust vikum saman, svo að það geti ekki fengið afgreiðslu. Vonast ég til, að þetta sé ekki gert vegna andúðar á málinu, en tel, að ekki sé sá skilningur á því, sem þyrfti að vera, til þess að það fengi þá afgreiðslu, sem æskileg er.

Form. landbn. hefur minnzt á það, að komið gæti til mála að afgreiða málið með því að kljúfa það og annar þáttur þess sé um tilraunastöðina, en hinn um skólann. Þetta get ég ekki fallizt á og legg mjög mikla áherzlu á, að það verði ekki gert, þar sem ég tel, að það mundi tefja framkvæmd skólamálsins, ef farið yrði að hluta það í sundur.

Ástæðurnar til þess, að ég legg áherzlu á að þetta mál nái þegar fram að ganga á þinginu, eru þessar:

Tilraunaráð mun hafa nægilegt fé til að hefja framkvæmdir á Reykhólum, strax og l. ná fram að ganga, og mun ætla sér að gera það og aðeins bíða eftir, að l. verði samþ. hér á þingi.

2. Það er ákaflega nauðsynlegt að vinda að því bráðan bug að skipuleggja byggingar á staðnum, svo að ekki þurfi að rífa niður það, sem byggt er upp. Það hefur þegar verið byggt íbúðarhús af öðrum ábúanda jarðarinnar, og það er því miður sett á stað, þar sem það veldur truflun. Það er nauðsynlegt að byggja yfir hinn ábúandann, ef hann á að vera þar, því að húsnæði það, sem hann hefur, er ekki boðlegt mönnum.

3. Það er beðið eftir því, að þetta mál skipist, til þess að koma upp sundlaug, sem er aðkallandi, vegna þess að ekki er hægt að uppfylla skyldur samkvæmt íþróttal., fyrr en sú sundlaug er komin upp. Það var ætlunin, að hún yrði byggð í haust, en þessu var frestað í því fulla trausti, að Alþ. gengi frá málinu eins og til var ætlazt og n. leggur til.

Svo er enn eitt atriði, sem er knýjandi í þessu máli, og það er að ákveða vegarstæðið frá Reykhólum og út á Reykjanes. Það hefur verið ákveðið á allt öðrum stað en ætlazt er til að það komi, ef till. n. verða samþ.

Landbn. hefur haft málið í langan tíma, og það ætti ekki að taka nema örstutta stund að ganga svo leiðis frá því, að það geti komið til 2. umr.

Í sambandi við, að það hefur komið til tals að *senda málið til mþn. í fræðslumálum*, skal ég geta þess, að ég talaði við fræðslumálastjóra í dag, og hann fullyrti, að hann legði ekki á það neina áherzlu, því að það mætti laga agnúana, en það yrði að hraða málinu svo sem unnt væri, enda var það hugmynd þingsins í fyrra, að þessu skyldi hraðað.

Ég vænti, að það sé til athugunar, hvort d. sér sér ekki fært að vísa málinu til 2. umr., án þess að það fari til n., en ef það fæst ekki, þá, að n. taki liðlega á málinu og hraði því.

Jónas Jónsson: Ég er ekki viss um, hvort óskir hv. flm. um óvenjulegan hraða á þessu máli eru réttmætar. Þó að í frv. séu merkilegar till., er ekki ástæða til annars en athuga það á venjulegan hátt í n.

Sú hugmynd, sem liggur til grundvallar, að gera þetta að vinnuskóla með sérstöku fyrirkomulagi geymir í sér svo merkilega tilraun,

að ástæða gæti verið til að breyta eldri stofnunum í þessa átt. Ég hef talfært það við áhugamenn í sambandi við búnaðarskóla Suðurlands, hvort ekki mætti hugsa sér að hafa þann skóla ekki sem stórbýli, heldur samsafn af mismunandi stórum sveitasetrum, þannig að nemendur geti kynnzt mismunandi tegundum búskapar.

Frv., sem hér liggur fyrir, er merkileg tilraun í skólamálum, og er ástæða til að sýna því velvild. Það er sennilegt, að málið komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir stríð, en engu að síður er málið gott.

Páll Hermannsson. Hv. flm. hefur rakið hér sögu málsins. Það, sem hann sagði um meðferð málsins á síðasta þ., var alveg rétt og einnig það, að þetta mál á eiginlega sérstaka kröfu á hendur landbn. þessarar d. um fyrirgreiðslu, því að sú n. lagði drög að því, að málið yrði athugað í mþn., og það starf hefur verið unnið.

Hv. flm. gat þess, að málið hefði verið til athugunar í landbn. í fjórar til sex vikur, og það lætur kannske nærri, að svo sé. Bréfið til n. með málinu er dags. 13. okt., svo að það nálgast, að fjórar vikur séu síðan. Þar sendir ráðuneytið landbn. þetta frv. með skýringum. Landbn. tók það til athugunar í því augnamiði einu að gera sér grein fyrir, hvort hún ætti að flytja frv. hér eða ekki, en komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að flytja frv. ekki, einkum með tilliti til þess, að hér er á ferðinni nýtt skólafyrirkomulag, og þar sem nú er starfandi mþn. í skólamálum, fannst n. gætilegra, að það væri athugað þar. Þetta var aðalástæðan til þess, að landbn. taldi rétt að draga málið enn, og með þessum drætti vakir ekki fyrir n. að tefja málið eða spilla því á nokkurn hátt, heldur aðeins að vanda til þess sem bezt má verða. Auk þess get ég sagt, að þetta frv. — og einkum skólakaflinn — er ekki eins vandlega samið og n. hafði vonað. Eins og menn sjá, er frv. í tveimur aðalköflum, sem sé um tilraunastarfsemi, sem þegar styðst við l. og aðeins er um að ræða að velja stað fyrir á Vesturlandi, og ég efast ekki um, að Reykhólar séu vel til þess fallnir, en hins vegar skólakaflinn. Í honum eru atriði, sem þurfa athugunar við. Þar er um að ræða tvær til þrjár nýjar teg. skóla, sem margir gera sér vonir um, að verði gagnlegir. Það er gert ráð fyrir því í frv., að ríkið kosti þessa starfsemi alla. Ég hef ekkert um það að segja á þessu stigi, en vil samt benda á, að að vísu kostar ríkið bændaskólana alveg, en aftur á móti eru húsmæðraskólarnir kostaðir af héruðunum, ýmist ½ stofnkostnaðar eða ¼, en alltaf að töluverðu leyti. En í þessu frv. er ekki gengið frá yfirstjórn þessara skólamála eins og annarra ríkisstofnana, heldur skipar 5 manna n. yfirstjórnina, og ríkisvaldið hefur þá einu íhlutun, að það skipar einn manninn. Það má vera, að þetta mætti vel standast, en það þarf nákvæmrar athugunar við. Ríkisstofnanir heyra a. m. k. undir einhvern ráðh.

Annað atriði mætti nefna. Skólinn á að starfa í tveim deildum aðskildum, vera eins konar bændaskóli og húsmæðraskóli. En báðar þessar deildir virðast mér hljóta að lúta einni yfirstjórn í skólanum. Nokkuð þarf að velta því fyrir sér, áður en slegið er föstu, að engir erfiðleikar séu við, að einn maður stjórni þessum tveimur aðskildu deildum. Það má vera, að karlmaður geti haft á hendi yfirstjórn kvennaskóla, en hitt er siður, að kona geri það. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir, að kona mundi ráðast í að stjórna jafnumfangsmiklum vinnuskóla fyrir karlmenn. Ég drep aðeins á þetta til umhugsunar á fyrsta stigi málsins.

Hv. flm. fór að vísu ekki fram á það beinlínis, að málið gengi áfram án þess að fara í n., en hann lét skína í, að sér mundi vera það kært, að mér skilst, til þess að flýta málinu. En gætilegra mun að vísa því til n., og býst ég þá við, að það komi til landbn. Ég skal lofa, að því leyti, sem það kemur mér við, að ekkert skal verða gert að óþörfu til að tefja málið, en n. hlýtur að leita upplýsinga og ráðlegginga hjá fræðslumálastjóra, Búnaðarfélagi Íslands og máske hjá ráðuneytinu, sem hefur sent n. málið. Ég mun verða því fylgjandi, að málinu verði vísað til n.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég vil þakka hv. formanni landbn. yfirlýsingu hans að svo miklu leyti sem ég felli mig við hana. Ég skil ekki nauðsynina á því að vísa málinu til þeirra aðila, sem hann nefndi. Ég hef rætt við formann Búnaðarfélags Íslands, sem hefur lýst yfir því, að engin ástæða sé til að vísa málinu þangað, þar sé búið að ræða málið og sé enginn ágreiningur um það. Um fræðslumálastjóra vil ég benda á það, að Aðalsteinn Eiríksson, sem var sérstaklega valinn til að gæta hagsmuna þessa máls, hafði samband við fræðslumálastjóra um það, og hann fylgdist með því. Hitt er annað mál, hvort n. telur nauðsynlegt að senda frv. til mþn. í fræðslumálum, en ég veit, að það er þyngra á vogarskálunum hjá öllum mönnum, sem vilja málinu vel, að framkvæmdir geti hafizt á næsta ári. Það þarf að byggja það upp smám saman. Ég vænti þess því, að landbn. fari ekki nú að senda frv. til þessara aðila, en hitt er ekki nema eðlilegt, að hún sjálf fái málið til frekari athugunar. Aðeins bjóst ég hálft í hvoru við, að landbn. hefði þegar kynnt sér málið svo vel, að hún sæi sér fært að mæla með því að það færi til 2. umr. án þess að fara í n.

Form. n. minntist á fáein atriði í skólakafla frv. Það er eðlilegt, að hann vilji ræða það mál, þar sem frv. fer inn á nýjar brautir. T. d. það, hvort vera skuli einn eða tveir skólastjórar, er atriði, sem leysist af sjálfu sér, þegar skólinn fer að starfa. Yfirleitt mun reynslan þvinga fram fyrirkomulagsbreyt. á frv., þegar farið verður að starfa eftir því, og það alveg jafnt, hvort sem málið er nú sent til umsagnar fræðslumálastjóra og Búnaðarfélags Íslands eða ekki. Hér er um framtíðarmál að ræða, sem vex áfram stig af stigi. Það getur orðið langt, þangað til þessar skóladeildir taka til starfa.

Rætt hefur verið við landbrn. og Búnaðarfélag Íslands um, að skólinn yrði algerlega kostaður af ríkinu, enda er hann hugsaður í því formi, að það væri ekki eðlilegt, að héraðið þarna bæri neinn kostnað af þessum skóla. Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta, en vil ítreka það að biðja landbn. að meta þetta tvennt, sem

mælir með og móti, að frv. verði samþ. nú þegar. Ég vil svo að endingu bæta því við, að það er mjög nauðsynlegt, eins og form. landbn. er kunnugt, að frv. nái fram að ganga nú, til þess að unnt sé að segja ábúendum jarðarinnar nægilega snemma upp, svo að hún verði laus árið 1945. Verði ábúendum hins vegar ekki sagt upp fyrir fardag 1944, verður jörðin ekki laus til starfrækslu fyrr en árið 1946, og um það eru allir sammála, að það sé ekki hyggilegt að láta þetta mál bíða svo lengi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

43. Fjárskipti.

Á 49. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti (þmfrv., A. 417).

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er mjög einfalt, og ég ætla ekki að hafa um það mörg orð. — Þannig stendur á, að Suður-Þingeyjarsýsla er nú einna verst sett af öllum héruðum landsins viðvíkjandi mæðiveikinni — og því verr sett, þar sem hvorki er þetta mjólkurframleiðsluhérað né þar hrossauppeldi. Nú hefur það legið við borð að hafa þar sauðfjárskipti þannig að flytja þar inn heilbrigðan stofn og útrýma þeim veika. En ýmsir annmarkar eru á því og m. a. þeir, að l. eru þannig, að það er mjög erfitt að koma fram eðlilegum vilja fólksins í því efni. M. a. er það í l., að maður, sem hefur átt töluvert bú og er búinn að missa allar skepnur, hefur ekki atkvæðisrétt um það, hvað gera skuli. Þetta er eitt af því, sem menn hafa ekki áttað sig á, þegar l. voru sett. Og það er hér í frv. farið fram á mjög eðlilegar breyt. á þessari löggjöf.
Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í efni frv. að þessu sinni, en vonast til þess, að málinu verði vel tekið, og óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

44. Skipulag Reykjavíkurbæjar.

Á 56. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skipulag Reykjavíkurbæjar (þmfrv., A. 508).

Á 57. og 58. fundi í Ed., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að flytja frv. þetta, og er það gert eftir áskorun frá meiri hl. bæjarráðs Reykjavíkur. Frv. þetta og ýtarleg grg., sem því fylgir, sýna fram á nauðsyn nýrra lagaákvæða um það, sem hér um ræðir, og einnig, hversu eðlilegt það er, að sérákvæði gildi um skipulag Reykjavíkur. Mér er ljóst, þar sem svo mjög er liðið á þingtíma, að vafasamt er, að frv. nái fram að ganga, en ég taldi þó rétt að leggja það fram, til þess að hv. dm. gætu haft það til athugunar. Ég geri ekki ráð fyrir, að reynt verði á, hvort menn eru með því eða móti fyrr en á næsta þingi, en vil leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég flutti hér í hv. d. fyrir nokkru till. til þál. um skylt efni því, sem hér um ræðir, en með henni er afstaða skipulagsn. gerð sterkari frá því, sem nú er. Þessi till. til þál. hefur hins vegar ekki komið aftur hér til umr. Ég hef hugsað mér í sambandi við þetta frv. að gefa skýringu á mínu máli, sem væntanlega verður tekið fyrir á næsta þingi að öðru sinni.
Ég hef hér handa á milli skýrslu frá form. skipulagsn., Geir Zoega, þar sem er yfirlit yfir störf skipulagsn. frá byrjun. Það er því fróðlegt að segja það, um leið og þetta frv. er borið fram, að breyting sú, er prof. Guðmundur Hannesson beitti sér fyrir um skipulagsmál kaupstaða og kauptúna, hefur haft mikla þýðingu, og af þessari skýrslu sést það, að allir kaupstaðir og kauptún að undanteknum Reykjavíkurbæ hafa notið góðs af störfum skipulagsn., og þykir þeim þeir hafa notið frekar of lítils en of mikils af leiðbeiningum hennar. Aftur á móti hefur höfuðstaðurinn af einhverjum ástæðum ekki litið þannig á þetta. Hann hefur ekki notfært sér þetta skipulag, enda sést það nú á höfuðstaðnum, að hann er mjög illa undir það búinn að taka þeim öra vexti, sem hann er nú í, vegna þess að svo mikil mistök hafa átt sér stað í þessum sökum. Það lítur út fyrir, að forráðamenn bæjarins hafi ekki skilið eða kunnað að meta þýðingu þessa skipulags, svo að niðurstaðan hefur orðið sú, að til eru staðir hér í bænum eins og t. d. Uppsalahornið og Zoegahornið hér við Vesturgötu, sem eru glögg dæmi þess, hversu bærinn er illa undir það búinn að mæta umferðinni, eins og hún er nú orðin.
Ég ætla svo að upplýsa það, að eftir að skipulagsn. hafði starfað í 6 ár, eða frá árinu 1921—1927, lagði hún fram uppdrátt fyrir Reykjavíkur-

bæ, sem fékk þær undirtektir hjá bæjarráði Reykjavíkur, að það hvorki breytti eða samþ. uppdráttinn, heldur lagði hann til hliðar. Eftir árið 1930 bar hv. 6. þm. Reykv. fram frv. um það, að ef einhver bær hefði ekki samþ. skipulagsuppdrátt sinn fyrir vissan tíma, mundi uppdrátturinn alveg falla niður. Þetta náði fram að ganga og varð til þess, að Reykjavík slapp við þetta. Eftir árið 1932 var því ekkert skipulag í Reykjavík, vegna þess að hún hafði losað sig undan því, og á þeim tímum gerðist stórkostlegt hneyksli, sem ég mun víkja nánar að. Það, sem gerðist, var það, að tekin var fúamýri og byggð þar mörg hús, en klettarnir látnir standa óhreyfðir. Ýmsir merkir menn sáu, að þetta dugði ekki, og fyrir fáum árum var því gerð lagabreyt. um þetta efni, sem gaf skipulagsn. stórum bætta aðstöðu. S. l. sumar sendi skipulagsn. því bæjarstjórn Reykjavíkur aftur uppdrátt yfir miðbæinn, en bæjarstjórn leit ekki við þessu né gerði nokkrar breyt., þótt um svo merkilegt mál sé að ræða. N. sér sér því ómögulegt að gera till. um það, hvernig ríkið eigi að nota sér lóðir við Lækjargötu. Það stendur því á Reykjavíkurbæ að svara þessu, annaðhvort samþ. þennan uppdrátt eða breyta honum. Þegar svo allt er þannig í pottinn búið, kemur meiri hl. bæjarstjórnar og segir: „Viljið þið ekki vera svo elskulegir að undanþiggja okkur frá þessum l.? Það, sem farið er hér fram á, er því tóm vitleysa, sem á sér ekkert fordæmi. Það er ákaflega leiðinlegt fyrir Reykjavík að láta nokkurn mann heyra eða sjá, að hún vilji vera undanþegin landslögum. Það getur þá verið, að landið segi við Reykjavík: Ef þið viljið vera ríki út af fyrir ykkur í þessu, þá er bezt, að þið séuð það í öllu. — Ég skal ekki segja, hvort hv. borgarstjórinn, 6. þm. Reykv., er í þeim meiri hl. bæjarráðs, sem stendur fyrir því, að þetta frv. er flutt hér. En ef þetta frv. verður samþ. hér, sem er ólíklegt, þá er óhugsanlegt, að nokkur maður fáist til að vera í skipulagsn. landsins, — eins og enginn dómari mundi vilja vera í hæstarétti, ef Reykjavík væri tekin undan og sagt, að einhver sérstakur Reykjavíkurdómstóll ætti að dæma í málum manna hér í bænum. Aðrir staðir á landinu mega vita það, ef þetta gengur fram, að þá þýðir það ekki aðeins stjórnleysi fyrir Reykjavík sjálfa í þessu efni, heldur líka upplausn á skipulagi allra annarra staða á landinu, vegna þess að það verður ekki hægt að fá neina menn með frambærilega þekkingu til þess að vinna í þessum efnum fyrir aðra staði, ef búið er að lýsa því yfir, að þeir „fínu" í Reykjavík vilji ekki nota þá, en þeir megi aðstoða „dónana" í hinum kaupstöðunum. — Ef það eru einhverjir „fínir" menn á þessu sviði, þá á að láta þá vera undir skipulagslöggjöf, sem gildir í þessu efni fyrir allt landið, en ekki neinn eilífan hæstarétt í þessum bæ í skipulagsmálum bæjarins.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það þarf í raun og veru ekki að svara ummælum hv. þm. S.-Þ. ákaflega miklu. Mönnum dylst nú ekki sá skyldleiki, sem er með honum og hv. 5. þm. Reykv. (BrB), því að það var hér frv. á ferðinni á dögunum um nefnd, og þá hótaði hv. 5. þm. Reykv., að nefndin mundi segja af sér, ef Alþ. yrði svo djarft að samþ. það frv. En nú segir hv. þm. S.-Þ., að skipulagsn. muni segja af sér, ef þetta frv. verði samþ. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að þessi rök hv. þm. S.-Þ. hafi ákaflega mikla þýðingu og verki ekki til styrktar fyrir þann málstað, sem þau eru flutt fram fyrir. Hitt skal ég játa, að það má deila um mörg atriði í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir. Það var þó rangt, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að með þessu móti væri ætlunin að undanþiggja Reykjavík landslögum, vegna þess að samþykkt þessa frv. væri að setja sérstök lagaákvæði um Reykjavík, sem sagt að breyta landsl. um ákveðið efni, en Reykjavík mundi fara eftir landslögum eftir sem áður.

Aðalástæðan fyrir því, að frv. þetta er fram borið, er, að þeir ágætu menn í skipulagsn. ríkisins hafa mjög stórum og veigamiklum embættum að gegna, og engin af þeim embættum eru þess eðlis, að þeir menn, sem eru í skipulagsn. ríkisins, hafi neina sérstaka aðstöðu til að hafa þekkingu á þörfum Reykjavíkur í skipulagsmálefnum, nema þá helzt húsameistari ríkisins, því að hvorki vegamálastjóri né vitamálastjóri hafa neina slíka sérþekkingu. Þeirra embættisstörf fjalla um allt önnur og þessu óskyld málefni. Og þar sem t. d. vegamálastjórastarfið er með allra stærstu embættum landsins, þá er ljóst, að mönnum eins og honum er vorkunn, þó að þeir hafi ekki getað gefið sig að þessum skipulagsmálum Reykjavíkur svo sem þörf hefði verið. Og ég vil fræða hv. þm. S.-Þ. um það, að skipulagsn. ríkisins hefur ekki enn þá treyst sér til þess að leggja fram uppdrátt um skipulag Reykjavíkur í heild. Aðferð hennar hefur verið að koma með uppdrætti af litlum svæðum, sem svo stangast oft á tíðum hver við annan. Og oft og tíðum er það þannig, að einhver megintill., sem borin er fram í dag, er alveg kastað fyrir borð nokkrum dögum síðar. Og vinnubrögðin hafa verið þannig í þessu efni, að tekin hafa verið smá stykki og stykki og þau skipulögð, í stað þess að gera skipulagsuppdrátt fyrir allan bæinn. Og það er til þess að koma þessum málum betur áleiðis, sem við leggjum til, að sérstök stofnun verði sett á stofn til þess að starfa að skipulagningu Reykjavíkurbæjar. Hitt er annað mál, hvort hægt er að tengja þetta við núverandi skipulag. Ég skal ekki um það segja á þessu stigi málsins.

Ég er sammála um það, að málið eigi að ganga til n. og verði tekið til athugunar á næsta þingi. En ég mun ekki fara fram á, að frv. verði afgr. úr þessari hv. d. á þessu þingi.

Jónas Jónsson: Það er kannske ekki undarlegt, þó að maður, sem hefur ekki verið nema tiltölulega stuttan tíma borgarstjóri, viti ekki algerlega um allar syndir, sem fyrirrennarar hans hafa drýgt. En af því að hann taldi, að það stæði upp á skipulagsnefnd ríkisins um uppdrátt af Reykjavík, þá verð ég að minna á, að árið 1927 kom skipulagsn. ríkisins með heildaruppdrátt af Reykjavík og lagði fyrir bæjarstjórn, sem þessi borgarstjóri, hv. 6. þm. Reykv., var ekki í. Svo liðu 4 ár, og bæjarstjórnin sinnti þessu ekki, heldur var komið í gegn á Alþ. l. um, að sá skipulagsuppdráttur, sem gerður

væri á hverjum tíma, væri úr gildi fallinn, ef hann væri ekki samþ. innan tveggja ára. Það kom svo í ljós, að þetta var gildra til þess að losna við þennan uppdrátt og þurfa að fara eftir honum. Svo kom þetta blessað tímabil, þegar Norðurmýrin var byggð. Það er ekki hægt að saka skipulagsn. fyrir það, að uppdrátturinn var ekki notaður, heldur féll úr gildi á þennan hátt. Svo hefur bara skipulagsn. ekkert haft með Reykjavík að gera síðan. Og hún gat vitanlega ekki farið að gera heildaruppdrátt af Reykjavík aftur, meðan viðbúnaðurinn var svona. En allir aðrir kaupstaðir og kauptún fagna því að fá sem mestan stuðning af skipulagsn., þó að Reykjavík hafi ekki gert það. Og ég ætla að segja það til örvunar fyrir núverandi borgarstjóra, ef hann gæti bætt úr syndum okkar allra, að inni í þessum ágæta bæ, sem hann stýrir, er aðeins einn lítill blettur, þar sem börn þessa bæjar geta enn verið, og það er ekki blettur, sem bærinn á, heldur ríkið, þ. e. Arnarhólstúnið. Ég er ekki að beina því að þessum borgarstjóra. Hann ber ekki ábyrgð á því. En ég vil aðeins nefna þetta sem dæmi um það, að þessi sundrung bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákaflega örlagarík fyrir bæinn og fyrirstaða þeirra manna, sem staðið hafa gegn skipulagningu bæjarins. En aðrir bæir og kauptún hafa farið allt öðruvísi að. Og niðurstaðan hefur svo verið samkvæmt því.

En þar sem hv. 6. þm. Reykv. taldi það vera eins konar hótun að gera ráð fyrir, að skipulagsn. ríkisins segði af sér, þá hef ég ekkert umboð fyrir þessa menn, sem í n. eru. En eins og ég þykist viss um, að hvaða hæstiréttur, sem væri, — og ekki sízt, ef hv. 6. þm. Reykv. væri í honum, — þá kenni ég illa skap hv. 6. þm. Reykv., ef hann vildi í þeim hæstarétti sitja hér, ef t. d. Norðlendingafjórðungur væri undanskilinn frá að þurfa að hlíta lögum landsins.

Á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að tala meira um þetta. En málið er óneitanlega einkennilegt. En ég hef hugsað mér að láta prenta sem viðbótarfylgiskjal með þáltill. þessa skýrslu frá formanni skipulagsn. um þessi mál. Og ef ég verð á þingi framvegis, skal ég reyna að koma með mjög ýtarleg gögn um þetta efni með tilliti til framkomu bæjarstjórnar Reykjavíkur í þessu skipulagsmáli bæjarins og hvernig þessi bær hefur gert tilraun til að vera í þessu efni eins og ríki í ríkinu með sérstökum l. fyrir sig.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég hef nú hugsað mér að senda þetta frv. til umsagnar skipulagsn. ríkisins eða að allshn. sendi það til hennar, og getur hún þá látið uppi álit sitt um það og komið að þessari skýrslu, sem hv. þm. S.-Þ. talaði um. Ég hef ekkert á móti því að láta prenta hana. En ef hún hefur ekki sézt í blöðum, þá hefur ekki þótt ómaksins vert að prenta hana. En nú liggja fyrir uppdrættir frá öðrum en skipulagsn. ríkisins um fyrirkomulag bæjarins. En ekki hefur verið ráðizt í að gera heildaruppdrátt af bænum. En ef rætt er um uppdrátt inn frá 1927, þá er hann náttúrlega miðaður við miklu minni bæ en Reykjavík er nú, og hann mundi því vera úreltur nú. Hann var með þeim hætti á sínum tíma, að hann öðlaðist ekki staðfestingu, af því að mönnum líkaði hann ekki. En bæði hjá þeim, sem gerðu þann uppdrátt, og einnig þeim, sem gert hafa uppdrátt síðar af bænum, hafa verið þeir sömu gallar, að ekki hefur verið gerður uppdráttur af bænum í heild, heldur aðeins smáhlutum í senn. En það er búið að gera svo mikið í þessu, og það liggja svo mikil frumgögn í þessu efni fyrir, að það verður verulegur hagur að því fyrir bæjaryfirvöldin og væntanlega skipulagsn. Reykjavíkur til leiðbeiningar um það, hvernig þessu skuli koma fyrir. En það er kannske umdeilanlegt, hvorir hafa réttara fyrir sér, sem um þetta hafa fjallað, og sýnist sitt hvorum. Ég veit, að ekki eru allir á einu máli um þetta í bæjarstjórn. Þó hygg ég, að því verði ekki neitað, að það er miklu meiri stórhugur og sýnist liggja djúptækari undirbúningur bak við till. þær, sem frá sérfræðingum bæjarins hafa komið, en í till. skipulagsn. ríkisins varðandi skipulag Reykjavíkurbæjar. — Ég tek þetta fram aðeins af því, að hv. þm. S.-Þ. fór óvirðulegum orðum um starfsmenn bæjarins, sem að þessu hafa unnið. (**JJ:** Ég benti á Norðurmýrina). Gallinn á þeim er þá kannske sá, að þeir eru of stórhuga, þannig að kostnaður við að koma till. þeirra fram sé svo mikill, að seint verði hægt að gera þær ráðstafanir, og þess vegna sé rétt, eins og skipulagsn. vill, að bæta úr göllunum nokkuð, en láta skipulag bæjarins verða kúðalegra, en þá um leið ódýrara í framkvæmd.

Jónas Jónsson: Í sambandi við mismunandi stórhug vil ég benda á, að það, sem á milli ber, er, að samkv. réttum l. á þetta að vera þannig, að Reykjavík geri sínar till. eins og aðrir bæir og skipulagsn. geri sínar till. og landsstjórnin skeri úr að síðustu. En þetta hefur ekki verið gert, heldur hefur staðið á bænum með að beygja sig undir sömu landslög og aðrir bæir í landinu. Ég vil benda á, að eitt af því ágæta, sem skipulagsn. bæjarins hefur hugsað sér, er að gera á vesturbakka tjarnarinnar og svo áfram að Stúdentagarðinum og við Háskólann eina aðalumferðagötu bæjarins. Hún hefur stundum verið kölluð Grútarvegur, þessi fyrirhugaða gata, því að slíkar verksmiðjur væru suður við Skerjafjörð. En að menn hugsa sér að gera aðalumferðagötu meðfram því, sem á að vera aðalprýði bæjarins, Tjörninni, það er furðulegt. Og til þess að geta gert þessa götu eftir uppástungu skipulagsn. bæjarins þyrfti að breyta og taka burt stórar byggingar, þannig að það er meir en rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að það yrði kostnaðarsamt að fara eftir þeim till. Það yrði ákaflega dýrt fyrir bæinn. Og meðan bærinn lagar ekki Uppsalahornið og hornið við Vesturgötu, þá veit ég ekki, hvar hann ætlar að fá peninga til þessara byltinga, sem fylgja mundu framkvæmd till. skipulagsn. Reykjavíkur. En það, sem bendir ekki á stórhug, heldur hug, sem ég vil ekki nefna, er, — og það má leita víða í borgum að fordæmi fyrir því án þess að finna það, — að alrólegasti partur borgarinnar og fegursti sé tekinn og gerður að aðalgötu, sem hér í Reykjavík er við Tjörnina, þessa aðalprýði bæjarins.

Þetta ætla ég að láta nægja við þessa umr., en aðeins segja það, að stórhugur af þessu tagi, ef framkvæmdur væri, mundi draga bæinn niður frá skipulags sjónarmiði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

—o—

45. Sparifjáreigendur.

Á 58. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um uppbætur úr ríkissjóði til handa sparifjáreigendum (þmfrv., A. 536).

Á 59., 60., 61., 62. og 63. fundi í Ed., 2., 3., 6., 9. og 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af mér og hv. 1. þm. Reykv., og er tilgangurinn með því, að gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta þeim sparifjáreigendum, sem safnað hafa fé og lagt það á vöxtu í þeim tilgangi að eiga þar framfærslueyri á elliárunum, að nokkru tjón það, sem þeir hafa beðið af verðrýrnun þeirri á peningum, sem stafar af vaxandi dýrtíð.

Eins og hv. þm. munu sjá á 3. gr. frv., þá eru þessar bætur bundnar þeim skilyrðum, að sparifjáreigendur séu 50 ára eða eldri, ef um konur er að ræða, en 60 ára eða eldri karlar, og einnig, að spariféð hafi verið talið réttilega fram til skatts undanfarin ár.

Þá er gert ráð fyrir, að þeir, sem svo er ástatt um, að þeir hafa orðið fyrir vaxtarýrnun vegna vaxtalækkunar bankanna, skuli fá greidda verðlagsuppbót miðað við 4% vaxtatekjur eftir skattaframtali 1940 að frádregnum vöxtum af skuldum. Þetta frv. er aðeins miðað við árin 1941—1943 og bindur ríkissjóði því engar framtíðarbyrðar á herðar.

Okkur flm. er það ljóst, að Alþ. hlýtur að renna blint í sjóinn með það, hve stór baggi þetta muni verða fyrir ríkissjóð, þar sem engar nákvæmar skýrslur liggja fyrir um þetta. En þeir, sem hafa haft með undirbúning þessa máls að gera, hafa gizkað á, að þetta mundi nema 450—600 þús. kr. Þetta er aðeins ágizkun, sem gerð er til þess að gefa nokkra hugmynd um, hve miklu þetta muni nema.

Sparifjáreigendur hafa undanfarið beðið tvöfalt tjón. Það er ekki einungis, að verðgildi peninganna hafi rýrnað, heldur hafa vextir einnig lækkað stórkostlega. Það verður því að játa, að öll sanngirni mælir með þessum uppbótum, enda er til hliðstætt dæmi, þar sem uppbætur eru greiddar úr ríkissjóði á lífeyrissjóðsgjald og eftirlaun og styrktarfé.

Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.